Skrifarar, fyrsta flokks (3)	— 11996	
Skrifarar, annars flokks (2)	— 6514	
Bókari	— 5018	
Innheimtumaður í Hafnarf.	— 2100	
Aðstoðarmaður við innheimtu	— 3257	
Aukamaður	— 4400	
Pússari	— 2460	
Nemi	— 2400	— 210087
Áhaldahúsið:		
Efnisvörður	kr. 5030	
Aðstoðarmenn (2)	— 8660	
Bílstjóri	— 4400	— 18090
Akureyri:		
Umdæmisstjóri (+ húsnæði, ljós og hiti)	kr. 5417	
Varðstjórar (2)	— 9726	
Talsímakonur (14)	— 37661	
Næturvörður	— 3120	
Línumaður, þriðja flokks	— 3890	
Sendlar (2)	— 1440	— 61254
Seyðisfjörður:		
Umdæmisstjóri (+ húsn., ljós og hiti, + 1650 frá póstsj.)	kr. 3725	
Varðstjórar (3)	— 14634	
Símritarar (5)	— 20683	
Kvensímritari	— 3343	
Talsímakonur (5)	— 13369	
Sendlar (2)	— 1800	— 57554
Ísafjörður:		
Umdæmisstjóri (+ húsn., ljós og hiti)	kr. 5115	
Símritarar (3)	— 12174	

			Laun alls
Kvensímritari	kr.	3257	
Talsímakonur (2)	—	6600	
Sendlar (2)	—	2160	kr. 29306
Borðeyri:			
Umdæmisstjóri (+ húsn., ljós og hiti)	kr.	5115	
Talsímakonur (4)	—	9671	— 14786
Vestmannaeyjar:			
Stöðvarstjóri (+ húsn., ljós og hiti)	kr.	5387	
Símritarar (2)	—	9052	
Talsímakonur (3)	—	7792	
Sendlar (2)	—	1680	— 23911
Siglufjörður:			
Umdæmisstjóri (+ húsn., ljós og hiti)	kr.	5085	
Símritari	—	4418	
Kvensímritari	—	3257	
Talsímakonur (6)	—	17008	
Sendlar (2)	—	1680	— 31448
Viðhald símanna:			
Verkstjórar (2)	kr.	9154	— 9154
Viðbót og viðhald stöðvanna:			
Eftirlitsmaður	kr.	5260	— 5260
		Samtals	kr. 803920

3. Áfengisverzlun ríkisins.

Forstjóri	kr.	9000
Skrifstofustjóri	—	6000
Gjaldkeri	—	6000
Aðalverkstjóri	—	6000
Fulltrúi lyfjadeildar	—	7600
Erl. bréfritari	—	5500
Sölumenn (2)	—	9600
Aðalbókari	—	4800
Skrifstofustúlka	—	3000
Aðstoðarverkstjórar (2)	—	9600
Aftappari	—	4200
Bílstjórar (2)	—	7800
Afgreiðslumenn (2)	—	8000
Aðrir starfsmenn, karlar og konur	—	55900
Samtals	kr.	143000

4. Tóbakseinkasala ríkisins.

Forstjóri	kr.	10000
Skrifstofustjóri	—	7000
Birgðavörður	—	5400
Gjaldkeri	—	5400
Sölumaður	—	5000
Bókari	—	5000

		Laun alls
Afgreiðslumaður á lager	kr.	4500
— á skrifstofu	—	4400
— á skrifstofu	—	4080
Bifreiðarstjóri	—	3900
Birgðabókari	—	3600
Innheimtumaður	—	3600
Aðst. afgrm. á lager	—	2760
— bókari (stúlka)	—	2760
Vélritari (stúlka)	—	2760
Aðst. birgðabókari (stúlka)	—	2460
Símastúlka	—	2400
Sendisveinn	—	1500
Sendisveinn	—	1200
Samtals	kr.	77720

5. Ríkisútvarpið.

Yfirstjórn:			
Útvarpsráð (5)	kr. 6000		
Útvarpsstjóri	— 9000	kr.	15000
Aðalskrifstofa:			
Skrifstofustjóri og gjaldkeri	kr. 7200		
Bókarar (2)	— 8500		
Ritari	— 3600		
Vélritari	— 2400		
Sendill	— 1200	—	22900
Fulltrúi útvarpsráðs		—	5400
Hljómplötusafn:			
Gæzlumaður	kr. 3600		
Aðstoðarmaður	— 2700	—	6300
Fréttastofan:			
Fréttastjóri innlendra frétta	kr. 4500		
Fréttaritari	— 3000		
Aðstoðarmaður	— 2700		
— að hálfu	— 1200		
Fréttastjóri erlendra frétta	— 4500		
Fréttaritari	— 4200		
Aðstoðarmenn við fréttaritun og vélritun	— 3000	—	23100
Útvarpssalur:			
Þulur	kr. 3900		
Aðstoðarþulur	— 1800	—	5700
Magnarasalur:			
Magnaraverðir (2)	kr. 9000	—	9000
Verkfræðingadeild:			
Til verkfræðideildar landssímans		—	3000
Útvarpsstöðin:			
Stöðvarstjóri, auk húsn. ljóss og hita	kr. 4500		
Aðstoðarmaður, auk húsn. ljóss og hita	— 3300		
Varðstjóri að Eiðum, auk ljóss og hita	— 4000	—	11800
Til aðstoðarmanna vegna sumarleyfa, veikinda o. fl.		—	8000
Samtals		kr.	110200

	Laun alls
Viðgerðarstofan:	
Forstöðumaður	kr. 6600
Viðtækjaverzlunin:	
Forstjóri	kr. 9000
Bókari og gjaldkeri	— 6000
Sölumaður	— 5000
Skrifstofumenn (2)	— 7740
Viðgerðarmaður	— 4800
— nemi	— 2100
Hleðslumaður rafgeyma	— 3000
Afgreiðslumaður	— 3720
Samtals	kr. 41360

6. Ríkisprentsmiðjan.

Forstjóri	kr. 9000
Gjaldkeri og fulltrúi	— 6300
Bókari	— 5400
Afgreiðslumenn (2)	— 7300
Skrifstofustúlka	— 2700
Sendimaður	— 1500
Aðstoð	— 2800
Samtals	kr. 35000

7. Landssmiðjan.

Forstjóri	kr. 8400
Skrifstofustjóri	— 6000
Verkfræðingur	— 5400
Gjaldkeri	— 4800
Bókari	— 3600
Aðstoð	— 1800
Samtals	kr. 30000

8. Bifreiðaeinkasalan.

Fulltrúi	kr. 5700
Afgreiðslumaður	— 4200
Viðgerðarmenn (2)	— 9000
Samtals	kr. 18900

9. Raftækjaeinkasalan.

Forstjóri	kr. 9000
Verkfræðingur	— 6000
Aðalsölumaður	— 6600
Aðstoðarsölumaður	— 2700
Aðalbókari og gjaldkeri	— 6000
Aðstoðarbókari og bréfritari	— 5700
Ritarar (2)	— 9000
Aðalbirgðabókari	— 5800
Aðstoðarbirgðabókari	— 2700
Skrifstofustúlkur (2)	— 3300
Sendisveinn og innheimtumaður	— 1800

		Laun alls
Birgðavörður	kr.	4800
Afgreiðslumenn í vörugeymslu (4)	—	16800
Sendisveinn fyrir vörugeymslu	—	1800
Samtals	kr.	82000

9. gr. fjárlaga.

Alþingi.

Fastir starfsmenn:

Skrifstofustjóri (þar af húsaleigustyrkur 1800 kr.)	kr.	6800
Fulltrúi	—	6300
Aðstoðarmaður	—	6000
Húsvörður	—	3000
Samtals	kr.	22100

Starfsmenn um þingtímann:

Skjalavörður (1)	dagkaup kr.	13.00	
Ritari (1)	— —	9.50	
Prófarkalesarar (2)	— —	9.50	og 12.00
Innanþingsskrifarar (17)	— —	9.50	
Dyra- og pallaverðir (5)	— —	7.50	
Símaverðir (2)	— —	5.00	
Fataverðir (3)	— —	4.00	
Þingsveinar (7)	— —	3.00	

10. gr. fjárlaga.

I. 3. Stjórnarráðið.

Atvinnumálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (þar af 1200 fyrir vörzlu sjóða)	kr.	7200
Fulltrúar (3)	—	17900
Aðstoðarmaður	—	4100
Ritarar (2)	—	7800
Samtals	kr.	37000

Dómsmálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (þar af 1200 fyrir vörzlu sjóða)	kr.	7200
Fulltrúar (2)	—	12200
Aðstoðarmenn (2)	—	9300
Ritari	—	3000
Samtals	kr.	31700

Fjármálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (þar af fyrir umsjá landsverzl. 1200)	kr.	7200
Fulltrúar (3)	—	16750
Aðstoðarmenn (4)	—	16000
Ritari	—	2750
Aðalendurskoðandi	—	6800
Samtals	kr.	49500

Skrifstofa utanríkismála:

Skrifstofustjóri (þar af fyrir störf hjá forsætisráðherra 1200)	kr.	7200
Fulltrúi	—	5400
Aðstoðarmaður	—	4200
Ritari	—	3000
Samtals	kr.	19800

Aðrir starfsmenn:

	Laun alls
Aðstoðarmaður ráðherra	kr. 5150
Símastúlka	— 2100
Dyravörður (auk húsn., ljóss og hita)	— 2715
Aðstoðardyravörður	— 3000
Samtals	kr. 12965

I. 4. Ríkisféhirzla og bókhald.

Ríkisbókari	kr. 6000
Fulltrúi ríkisbókara	— 5000
Ríkisféhirðir (þar af mistalningarfé 2000)	— 7950
Fulltrúar (2)	— 8900
Ritarar (2)	— 5500
Samtals	kr. 33350

II. Hagstofan.

Hagstofustjóri	kr. 6000
Fulltrúi	— 4950
Aðstoðarmenn (3)	— 13700
Ritarar I. fl. (2)	— 6700
Ritarar II. fl. (3)	— 7520
Aðstoð	— 2000
Samtals	kr. 40870

III. Utanríkismál.

1. **Sendiráð í Khöfn:**

Sendiherra	kr. 10000
Sendisveitarritari	— 3600
Fulltrúi	— 6000
Ritari	— 2700
Samtals	kr. 22300
2. Fulltrúi í Osló (laun og kostnaður)	— 13000
Samtals	kr. 35300

11. gr. fjárlaga:

A.

1. Hæstiréttur:

Dómstjóri	kr. 10000
Dómarar (2)	— 16000
Ritari	— 6000
Samtals	kr. 32000

2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna o. fl.

Lögmaður, lögreglustjóri og tollstjóri í Reykjavík (3)	kr. 27000
Bæjarfógeti	— 5600
Sýslumenn og bæjarfógetar (8)	— 41600
Sýslumenn og bæjarfógetar (5)	— 25000
Sýslumenn (3)	— 14850
Sýslumaður	— 4746
Bæjarfógeti	— 4152
Lögreglustjórar (4)	— 10000
Samtals	kr. 132948

	Laun alls
4. Skrifstofa lögmanns:	
Fulltrúar (4)	kr. 22000
Gjaldkeri	— 2400
Ritarar (2)	— 5400
Aukaaðstoð	— 5800
Samtals	kr. 35600
5. Skrifstofa tollstjóra:	
Fulltrúi	kr. 6000
Gjaldkeri	— 6000
Tollritarar (9)	— 44300
Ritarar (3)	— 9600
Innheimtumenn (7)	— 30910
Lögtaksfulltrúi	— 5400
Aukaaðstoð (tímakaup kr. 1.50)	— 13000
Samtals	kr. 115210
6. Skrifstofa lögreglustjóra:	
Fulltrúar (2)	kr. 13200
Gjaldkeri	— 6000
Aðstoðarmenn (2)	— 9000
Ritarar (4)	— 10800
Samtals	kr. 39000
7. Starfsmenn toll- og löggæzlu:	
a. **Reykjavík:**	
Yfirtollvörður	kr. 5400
Varðstjórar (2)	— 8400
Tollþjónar (14)	— 58800
Aðstoð	— 6000
Samtals	kr. 78600
b. **Utan Reykjavíkur:**	
Tollgæzlumenn (14)	kr. 51000
Löggæzlumenn á vegum	— 5400
Samtals	kr. 56400
8. Bifreiðaeftirlitið:	
Bifreiðaskoðunarmenn (2)	kr. 10000
Aðstoð	— 6000
Samtals	kr. 16000
12. Hegningarhúsið í Reykjavík:	
Fangavörður (þar af húsaleigustyrkur 2400)	kr. 5400
Aðstoðarmaður (auk fæðis og húsnæðis)	— 2400
Samtals	kr. 7800

Laun alls

13. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:

Forstöðumaður (auk húsnæðis)	kr.	5100
Verkstjóri og gæzlumaður (auk fæðis)	—	3000
Matreiðslumaður (auk fæðis)	—	3000
Samtals	kr.	11100

17. Löggildingarstofan:

Forstöðumaður	kr.	6000
Aðstoðarmaður	—	4200
Verkstæðismaður	—	3900
Eftirlitsmaður	—	3900
Samtals	kr.	18000

B.

4. Skattstofa Reykjavíkur:

Skattstjóri (hluti ríkissjóðs)	kr.	5650
Fulltrúi	—	6000
Endurskoðandi	—	5000
Önnur starfslaun	—	27500
Samtals	kr.	44150

12. gr. fjárlaga.

1. Laun lækna:

Landlæknir	kr.	6600
Héraðslæknir á Akureyri	—	6000
Héraðslæknir í Reykjavík	—	5250
Héraðslæknar (14)	—	69300
Héraðslæknir	—	4746
Héraðslæknar (12)	—	55200
Héraðslæknar (4)	—	17069
Héraðslæknar (6)	—	24220
Héraðslæknar (4)	—	15685
Héraðslæknar (5)	—	17500
Héraðslæknir	—	3125
Samtals	kr.	224695

Skrifstofa ríkisspítalanna:

Formaður stjórnarnefndar (landlæknir)	kr.	2550
Stjórnarnefndarmenn (4)	—	1000
Framkvæmdarstjóri	—	7500
Bókari og gjaldkeri (2)	—	9200
Skrifstofustúlkur (2)	—	4200
Samtals	kr.	24450

9. Landsspítalinn:

Yfirlæknar (3)	kr.	22800
Aðstoðarlæknar (3)	—	13800
Kandidatar (3)	—	6900
Aðrir læknar (2)	—	5000
Yfirhjúkrunarkona	—	2700

		Laun alls
Deildarhjúkrunarkonur (3)	kr.	5760
Aðstoðarhjúkrunarkonur (9)	—	12600
Hjúkrunarnemar (26)	—	13080
Nuddkona	—	2400
Rannsóknakona	—	2400
Kennslukona	—	1250
Röntgenkonur (6)	—	11940
Ráðskona	—	2400
Aðstoðarráðskona	—	1200
Yfirljósmóðir	—	2400
Aðstoðarljósmæður (3)	—	3360
Vélamaður	—	3300
Umsjónarmaður	—	4320
Vinnustúlkur (23)	—	17250
Til rannsóknarstofu háskólans	—	1200
Vorhreingerningar	—	3000
Laun vegna sumarleyfa og veikindaforfalla	—	8900
Húsaleiga starfsmanna	—	10500
Samtals	kr.	158460

Ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólinn:

Kennari	kr.	1500
Ljósmæður (3)	—	900
Samtals	kr.	2400

Þvottahús landsspítalans:

Þvottaráðskona	kr.	2400
Aðstoðarráðskona	—	1200
Saumakonur (4)	—	4710
Þvottastúlkur (12)	—	13320
Þvottamaður	—	3000
Kyndari	—	3000
Daglauna- og helgidagavinna	—	1000
Laun vegna sumarleyfa og veikindaforfalla	—	2500
Húsaleiga starfsmanna	—	1080
Samtals	kr.	32210

10. Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi:

Yfirlæknir	kr.	3600
Yfirhjúkrunarkona	—	2400
Ráðskona	—	1500
Kyndari	—	2520
Þvottakona	—	900
Vökukona	—	960
Vinnustúlkur (5)	—	3375
Prestur	—	700
Laun vegna sumarleyfa og veikindaforfalla	—	1200
Samtals	kr.	17155

11. I. Kleppsspítalinn (gamli):

Yfirlæknir	kr.	5000
Kandidat	—	1800
Yfirhjúkrunarkona	—	2100

	Laun alls	
Aðstoðarhjúkrunarkona	kr.	1500
Hjúkrunarmaður	—	1740
Vökukona	—	960
Ráðskona (að hálfu)	—	900
Þvottaráðskona	—	1080
Véla- og viðgerðarmaður	—	3000
Bifreiðarstjóri (að hálfu)	—	1260
Vinnustúlkur (7)	—	5250
Laun vegna sumarleyfa og veikindaforfalla	—	2100
Vorhreingerningar	—	500
Samtals	kr.	27190

11. II. Kleppsspítalinn (nýi):

Yfirlæknir	kr.	5000
Kandidat	—	3000
Læknanemar (2)	—	1800
Yfirhjúkrunarkona	—	2400
Deildarhjúkrunarkonur (4)	—	6600
Aðstoðarhjúkrunarkonur (6)	—	8340
Hjúkrunarmenn (4)	—	6420
Vökukonur (4)	—	3840
Ráðskona (að hálfu)	—	900
Þvottaráðskona	—	1080
Saumakona (verkstýra)	—	1080
Vélamaður	—	3300
Bifreiðarstjóri (að hálfu)	—	1260
Vinnustúlkur (15)	—	11250
Laun vegna sumarleyfa og veikindaforfalla	—	6000
Vorhreingerningar	—	500
Húsaleiga starfsmanna	—	900
Samtals	kr.	63670

12. Vífilsstaðahælið:

Yfirlæknir	kr.	5000
Aðstoðarlæknir	—	5000
II. aðstoðarlæknir	—	3600
Háls-, nef- og eyrnalæknir	—	800
Yfirhjúkrunarkona	—	2400
Deildarhjúkrunarkonur (4)	—	7320
Aðstoðarhjúkrunarkonur (4)	—	5820
Hjúkrunarnemar (5)	—	2160
Ráðskona	—	2400
Aðstoðarráðskona	—	1200
Sauma- og þvottakonur (2)	—	2040
Vinnustúlkur (22)	—	16500
Vinnumenn (3)	—	4860
Bifreiðarstjóri	—	2560
Smiður	—	2400
Kyndari	—	2820
Laun vegna sumarleyfa og veikindaforfalla	—	6600
Vorhreingerningar	—	2000
Samtals	kr.	75480

13. gr. fjárlaga. Laun alls

A. Vegamál:

Vegamálastjóri	kr.	7200
Skrifstofustjóri	—	6750
Aðstoðarverkfræðingur	—	5910
Verkfræðingar (3)	—	16480
Mælingamaður	—	5900
Landmælingamaður	—	4200
Gjaldkeri	—	3300
Ritarar (2)	—	4000
Samtals	kr.	53740

B. I. a. Skipaútgerð ríkisins:

Framkvæmdarstjóri	kr.	11160
Skrifstofustjóri	—	7200
Bókari	—	5160
Gjaldkeri	—	5160
Innkaupamaður	—	5000
Ritarar (2)	—	6120
Verkstjórar (2)	—	9600
Samtals	kr.	49400

C. I.—II. Vitamál:

Vitamálastjóri	kr.	7200
Vitaverkfræðingur	—	5900
Hafnarverkfræðingur	—	5900
Aðstoðarverkfræðingar (3)	—	16130
Gjaldkeri og bókari	—	3600
Efnisvörður	—	4560
Kafari	—	3825
Ritari	—	3000
Vélritari	—	2100
Vitaverðir (54)	—	32000
Samtals	kr.	84215

14. gr. fjárlaga.

A.
Þjóðkirkjan:

Biskup	kr.	7000
Prestur (laun og embættiskostnaður)	—	7000
Prestar (2) — — —	—	11900
Prestur — — —	—	5813
Prestar (4) — — —	—	23000
Prestur — — —	—	5700
Prestar (2) — — —	—	10150
Prestar (2) — — —	—	9950
Prestur — — —	—	4875
Prestar (34) — — —	—	142800
Prestar (57) — — —	—	228000
Samtals	kr.	456188

B.	Laun alls
I. Háskólinn.	
Prófessorar (9)	kr. 60000
Prófessorar (3)	— 16500
Prófessor	— 5000
Dósent	— 4950
Aukakennarar (4)	— 8400
Ritari (auk húsn., ljóss og hita)	— 4000
Samtals	kr. 98850
IV. Fræðslumálaskrifstofan.	
Fræðslumálastjóri	kr. 7000
Fulltrúi	— 5400
Ritarar (2)	— 6000
Samtals	kr. 18400
V. Menntaskólinn í Reykjavík.	
Rektor (auk þess risnufé 2000 og húsaleigustyrk 3000)	kr. 5000
Yfirkennarar (3)	— 17250
Kennarar (3)	— 17250
Kennarar (2)	— 10990
Kennarar (3)	— 14015
Kennarar (að ⅔)	— 3420
Dyravörður (auk húsnæðis, ljóss og hita)	— 1875
Samtals	kr. 69800
VI. Menntaskólinn á Akureyri.	
Skólameistari (auk þess risnufé 2000 kr., húsn., ljós og hiti)	kr. 5000
Kennarar (2)	— 11500
Kennarar (3)	— 16490
Kennarar (3)	— 15400
Kennari	— 4670
Samtals	kr. 53060
VII. Kennaraskólinn.	
Skólastjóri (auk húsnæðis, ljóss og hita)	kr. 4746
Kennarar (2)	— 10416
Kennari	— 5346
Aukakennari	— 4100
Aukakennari (að ⅓)	— 1584
Samtals	kr. 26192
VIII. Stýrimannaskólinn.	
Skólastjóri (húsaleigustyrkur 3000)	kr. 4600
Kennarar (2)	— 10500
Dyravörður (að ⅓)	— 600
Samtals	kr. 15700

Laun alls

IX. Vélstjóraskólinn:

Skólastjóri (húsaleigustyrkur 3000)	kr.	4600
Kennarar (2) 5100 og 4290	—	9390
Dyravörður (að ⅔)	—	1200
Samtals	kr.	15190

X. Bændakennsla:

1. Hólaskóli:

Skólastjóri (bústjórnarlaun 2500, húsnæði, ljós og hiti)	kr.	3000
Kennarar (2)	—	8200
Samtals	kr.	11200

2. Hvanneyrarskóli:

Skólastjóri (bústjórnarlaun 2500, húsnæði, ljós og hiti)	kr.	3000
Kennarar (2)	—	7500
Samtals	kr.	10500

3. Garðyrkjuskólinn:

Skólastjóri (húsnæði, ljós og hiti)	kr.	4000
Kennarar (2)	—	6300
Samtals	kr.	10300

XIV. Barnakennarar.

Í Reykjavík (99)	kr.	192424
Í öðrum kaupstöðum (70)	—	148457
Í föstum skólum utan kaupstaða (130)	—	231449
Í heimavistarskólum (18)	—	36520
Í farskólum	—	78200
Samtals	kr.	687050

XV. Eiðaskóli:

Skólastjóri (húsnæði, ljós og hiti)	kr.	4200
Kennarar (2) 2500 og 2750	—	5250
Samtals	kr.	9450

XVII. Málleysingjaskólinn:

Skólastjóri (húsnæði, ljós og hiti)	kr.	3500
Kennslukonur (3)	—	8437
Samtals	kr.	11937

15. gr. fjárlaga.

1. Landsbókasafnið.

Landsbókavörður	kr.	6000
Bókavörður	—	4600
Bókavörður	—	4500
Aðstoðarbókaverðir (2)	—	8800
Dyravörður í safnahúsi	—	1875
Samtals	kr.	25775

		Laun alls
2. Þjóðskjalasafnið.		
Þjóðskjalavörður	kr.	5500
Aðstoðarskjalavörður	—	4036
Samtals	kr.	9536
3. Þjóðminjasafnið.		
Þjóðminjavörður	kr.	5500
Samtals	kr.	5500
45. Friðun Þingvalla.		
Umsjónarmaður (auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita)	kr.	4200
Samtals	kr.	4200
16. gr. fjárlaga.		
2. Búnaðarfélag Íslands.		
Stjórnarnefnd (3)	kr.	1500
Búnaðarmálastjóri	—	6000
Ráðunautar (6)	—	29250
Aðstoðarmaður	—	4620
Ritari	—	4600
Samtals	kr.	45970
5. Sandgræðslan.		
Sandgræðslumaður	kr.	3600
Samtals	kr.	3600
15. Skógræktin.		
Skógræktarstjóri	kr.	5240
Skógarverðir (2)	—	3000
Skógarvörður (þar af húsaleigustyrkur 600)	—	2100
Samtals	kr.	10340
18. Dýralæknar.		
Dýralæknar (3)	kr.	12110
Dýralæknir	—	3500
Dýralæknir	—	3125
Samtals	kr.	18735
21. Rannsóknarstofnun atvinnuveganna:		
Iðnaðardeild:		
Forstjóri (+ fyrir forstöðu stofnunarinnar 1000)	kr.	7200
Matvælasérfræðingur	—	6000
Efnafræðingur	—	6000
Gerlafræðingur	—	5400
Starfsstúlkur (4)	—	7200
	kr.	31800

			Laun alls
Landbúnaðardeild:			
Deildarstjóri (sérfr. í fóðurfræði)	kr.	7200	
Sérfræðingur í jarðvegsrannsóknum	—	4800	
Sérfræðingur í jurtasjúkdómum	—	4800	
Aðstoð	—	1800	
			kr. 18600
Fiskideild:			
Deildarstjóri (fiskifræðingur)	kr.	7200	
Aðstoðarmaður (fiskifræðingur)	—	5400	
Hjálparmaður	—	4200	
Aðstoð við vatnarannsóknir	—	1500	
Starfsstúlkur (2)	—	3600	
			— 21900
Matvælaeftirlit:			
Sérfræðingur (læknir)	—	5000	
Mjólkurfræðingur	—	4200	
Skrifstofustúlka	—	2400	
			— 11600
Sameiginlegir starfsmenn:			
Umsjónarmaður	kr.	3600	
Skrifstofustúlka	—	3000	
			— 6600
		Samtals	kr. 90500

22. Rannsóknarstofa háskólans:

Forstöðumaður	kr.	7700
Aðstoðarlæknir	—	7200
Annað starfsfólk (10)	—	32100
Samtals	kr.	47000

23. Veðurstofan.

Forstöðumaður (þar af húsaleigustyrkur 900)	kr.	6900
Fulltrúi	—	7000
Veðurfræðingar (2)	—	10200
Loftskeytamenn (2)	—	7000
Vélritari	—	1800
Aukavinna	—	3000
Samtals	kr.	35900

24. Rafmagnseftirlit.

Forstöðumaður	kr.	5830
Skoðunarmaður	—	4200
Skrifstofumaður	—	3000
Aðstoð	—	3970
Samtals	kr.	17000

27. Fiskifélagið.

Forseti	kr.	7200
Stjórnarnefnd (2)	—	1000
Skrifstofustjóri	—	6400
Vélfræðingur	—	6000
Fiskiðnfræðingur	—	6000

Aðstoðarmaður fiskiðnfræðings	kr.	1200
Skrifstofustúlka	—	2700
Erindrekar (4)	—	8000
Samtals	kr.	38500

32. Laun yfirmatsmanna.

Fiskimatsstjóri	kr.	8000
Fiskimatsmaður í Reykjavík	—	5000
Fiskimatsmenn (3)	—	13800
Fiskimatsmaður	—	3800
Ullarmatsformaður	—	1000
Ullarmatsmenn (4)	—	2300
Kjötmatsmenn (4)	—	2875
Lýsismatsmaður	—	2400
Samtals	kr.	39175

33. Skipaskoðun.

Skipaskoðunarstjóri	kr.	6000
Fulltrúi	—	4800
Skrifstofumaður	—	3000
Skipaskráningarmaður	—	1800
Samtals	kr.	15600

63. Húsameistari ríkisins.

Húsameistari (þar af persónuleg uppbót 2400)	kr.	8400
Fulltrúi	—	5900
Aðstoðarmenn (2)	—	10400
Samtals	kr.	24700

72. Ferðaskrifstofa ríkisins.

Forstjóri	kr.	8000
Skrifstofustjóri og gjaldkeri	—	6000
Bréfritari	—	3600
Leiðsögumaður	—	4400
Samtals	kr.	22000

17. gr. fjárlaga.

1. Berklavarnir:

Berklayfirlæknir	kr.	10000
Skrifstofustúlka	—	2400
Samtals	kr.	12400

5. Tryggingarstofnun ríkisins.

Tryggingaráð (3)	kr.	18400
Forstjóri	—	10000
Yfirlæknir (½ laun)	—	6000
Endurskoðandi	—	2700
Deildarstjórar (2)	—	12000

	Laun alls
Gjaldkeri	kr. 5400
Fulltrúi	— 5400
Bókarar (2)	— 9000
Starfsstúlkur (5)	— 10800
Innheimtumaður	— 2700
Sendisveinn	— 1200
Samtals	kr. 83600

Stofnanir, sem ekki eru í fjárlögum:

Gjaldeyrisnefnd:

Formaður	kr. 10000
Nefndarmenn (4)	— 19200
Skrifstofustjóri	— 7600
Bókari	— 5100
Skrifstofumenn (8)	— 35100
Vélritarar (4)	— 9000
Símastúlka	— 2100
Samtals	kr. 88100

Kjötverðlagsnefnd:

Formaður	kr. 4800
Nefndarmenn (4)	— 3000
Skrifstofumaður	— 2400
Samtals	kr. 10200

Fiskimálanefnd:

Formaður	kr. 3600
Nefndarmenn (6)	— 14400
Skrifstofustjóri	— 10800
Bókari	— 6000
Gjaldkeri	— 5400
Skrifstofustúlka	— 2700
Verkstjóri í hraðfrystihúsi	— 5100
Vélamaður	— 4500
Samtals	kr. 52500

Síldarútvegsnefnd:

Formaður	kr. 3500
Nefndarmenn (4)	— 10500
Skrifstofustjóri	— 6000
Bókari	— 3600
Starfsmenn ½ árið (3)	— 7800
Samtals	kr. 31400

Síldarverksmiðjur ríkisins:

Stjórnarnefnd (5)	kr. 21500
Framkvæmdastjóri	— 12000

a. Á Siglufirði:

Skrifstofustjóri	kr. 8000
Vélstjóri (húsnæði, ljós og hiti)	— 4500
Yfirvélstjóri	— 6500
Vélstjóri	— 6000

			Laun alls
Vélsmiður	kr.	4500	
Rafvirki	—	4000	
Lýsismaður	—	3600	
Skrifstofumaður	—	4200	
Skrifstofustúlkur (2)	—	5400	kr. 46700
b. Á Sólbakka:			
Verkstjóri (húsnæði, ljós og hiti)	kr.	4800	
Vélstjóri (húsnæði, ljós og hiti)	—	4800	— 9600
c. Á Raufarhöfn:			
Vélstjóri (húsnæði, ljós og hiti)			— 3000
		Samtals	kr. 92800

Brunabótafélag Íslands:

Forstjóri	kr.	7200
Skrifstofustjóri	—	6000
Gjaldkeri	—	5400
Bókari	—	4800
Ritari	—	3300
Vélritarar (2)	—	6300
Samtals	kr.	33000

Laun eru í starfsmannaskrá þessari talin eins og þau eru greidd 1. janúar 1939, að viðbættum aldurshækkunum hjá þeim starfsmönnum, sem laun taka samkvæmt launalögum, og nokkrum smábreytingum til samræmis.

Ed. 2. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Úr fyrri málsgrein 1. greinar laganna falli niður orðin: „enda hafi hann verið heimilisfastur hér a. m. k. 6 mánuði af skattárinu“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Samkvæmt heimild í 2. gr., 4. mgr., laga nr. 6 9. jan. 1935, hefir verið gerður samningur milli Íslands og Danmerkur til að komast hjá tvísköttun af tekjum og eignum. Samningur þessi var undirskrifaður í Kaupmannahöfn 24. janúar 1939. Ákvæðið í lok fyrri málsgreinar 1. gr. fyrgreindra laga stendur við ákvæði samnings þessa, en ákvæðið mun vera úrelt og hafa verið fellt burtu úr nýrri skattaöggjöf nágrannaþjóðanna. Þykir því rétt, að ákvæðið sé einnig fellt burtu hér.

Ed. 3. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Til þess að standast útgjöld ríkisins 1940 og til þess að greiða tillag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1940 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000— 2000	kr.	skattsk.	tekjum	greiðast	10	kr.	af	1000	kr.	og	2	%	af	afg.
—	2000— 3000	—	—	—	—	30	—	—	2000	—	—	5	—	—	—
—	3000— 4000	—	—	—	—	80	—	—	3000	—	—	7,5	—	—	—
—	4000— 5000	—	—	—	—	155	—	—	4000	—	—	10	—	—	—
—	5000— 6000	—	—	—	—	255	—	—	5000	—	—	15	—	—	—
—	6000— 7000	—	—	—	—	405	—	—	6000	—	—	20	—	—	—
—	7000— 8000	—	—	—	—	605	—	—	7000	—	—	30	—	—	—
—	8000— 9000	—	—	—	—	905	—	—	8000	—	—	31	—	—	—
—	9000—10000	—	—	—	—	1215	—	—	9000	—	—	31,5	—	—	—
—	10000—11000	—	—	—	—	1530	—	—	10000	—	—	32	—	—	—
—	11000—12000	—	—	—	—	1850	—	—	11000	—	—	33	—	—	—
—	12000—13000	—	—	—	—	2180	—	—	12000	—	—	34	—	—	—
—	13000—14000	—	—	—	—	2520	—	—	13000	—	—	35	—	—	—
—	14000—15000	—	—	—	—	2870	—	—	14000	—	—	36	—	—	—
—	15000—16000	—	—	—	—	3230	—	—	15000	—	—	37	—	—	—
—	16000—18000	—	—	—	—	3600	—	—	16000	—	—	38	—	—	—
—	18000—20000	—	—	—	—	4360	—	—	18000	—	—	39	—	—	—
—	20000—22000	—	—	—	—	5140	—	—	20000	—	—	40	—	—	—
—	22000—24000	—	—	—	—	5940	—	—	22000	—	—	41	—	—	—
—	24000—26000	—	—	—	—	6760	—	—	24000	—	—	42	—	—	—
—	26000—28000	—	—	—	—	7600	—	—	26000	—	—	43	—	—	—
—	28000 og þar yfir	—	—	—	—	8460	—	—	28000	—	—	44	—	—	—

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. sömu laga og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. jan. 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til fiskimálasjóðs, og skal honum varið til þess að lána sjómönnum og verkamönnum, sem gerast þátttakendur í félagi til togarakaupa samkvæmt 14. gr. laga nr. 75 frá 31. des. 1937, ⅓—½ af tilskildu framlagi þeirra, gegn tryggingum, er fiskimálanefnd tekur gildar, og gangi sjómenn og verkamenn í Reykjavík fyrir um fyrsta skip, sem þannig verður keypt. Verði þessi hluti skattaukans ekki notaður að fullu samkvæmt framanrituðu, rennur afgangurinn til byggingarsjóðs samkvæmt lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamanna-

bústaði, í hlutfalli við skattauka þann, er innheimtur hefir verið í hverju bæjar- eða sveitarfélagi.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1940 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkv. 1. mgr. þessarar greinar.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzíni frá því, sem það var eftir nefndum lögum frá 1932, skal varið til að greiða kostnað við lagning akvega og malbikun þjóðvega eftir því, sem ákveðið er í fjárlögum.

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr þeirri upphæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1941.

4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1940 með 11% viðauka alla skatta og önnur gjöld, sem greiða ber í ríkissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. laga þessara.

Undanþegin viðaukagjaldi samkv. 1. mgr. þessarar greinar eru útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63 23. jan. 1935, gjöld samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935 og tollar samkvæmt lögum um tollskrá.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu viðaukagjaldsins samkvæmt þessari grein, svo og um skil á því í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með þessu frumvarpi er ráðgert að framlengja fyrir árið 1940 þau ákvæði til tekjuöflunar, sem lögfest voru á síðasta Alþingi með lögum um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Þó er í frumvarpi þessu sleppt ákvæðunum í téðum lögum um aukaverðtoll á innfluttum vörum, vegna þess að tillit er tekið til aukaverðtolls þessa í frumvarpi því til laga um tollskrá, sem lagt verður fyrir Alþingi.

Eru fyrir hendi sömu ástæður fyrir tekjuþörf ríkissjóðs og bæjar- og sveitarsjóða sem lágu fyrir er téð lög voru samþykkt á Alþingi.

Í frumvarpi þessu eru ekki sérstök ákvæði um það í hvaða vegi skuli verja benzínskattinum en ráðgert að um það verði ákveðið í fjárlögum. Er það eðlilegast og hefir einnig komið fram að ákvæðin um skiptingu vegafjárins, sem verið hafa í lögum þessum áður, hafa valdið örðugleikum við afgreiðslu fjárlaganna.

Í þessu frumvarpi eru ekki ákvæði um heimild handa ríkisstjórninni til þess að falla frá innheimtu salttolls eða endurgreiða kolatoll af kolum þeim, sem notuð eru við saltfiskveiðar. Heimildir um þetta gilda hinsvegar fyrir árið 1939. Voru þær hugsaðar sem bráðabirgðahjálp til handa útgerðinni. Nú er hinsvegar ráðgert að hlaupa verulega undir bagga með útgerðinni á sérstakan hátt og eru því þessi bráðabirgðahlunnindi niður felld þar sem telja verður mjög óheppilegt að hafa stuðning til útgrðarinnar til frambúðar í því formi að endurgreiddir séu tollar. Ef greiða á fyrir útgerðinni eftir þeim leiðum er heppilegra að lækka beinlínis tolla á útgerðarvörum og er þá eðlilegast að taka þau atriði til meðferðar í sambandi við frumvarp það um aðflutningsgjöld, sem milliþinganefndin í skatta- og tollamálum er að ljúka við og lagt verður fyrir þetta Alþingi.

Nd. 4. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1940.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1940.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1940.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10 nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1940.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1940.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1940.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1940 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1940.
8. Á árinu 1940 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1940 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði. Þó skulu 2000 kr. renna til prestakallasjóðs á árinu.
10. Á árinu 1940 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1940 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, samanber lög nr. 32 1931, en 62000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
12. Á árinu 1940 má ekkja verja úr ríkissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
13. Á árinu 1940 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
14. Á árinu 1940 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 4½‰ úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1940 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólanum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.
16. Á árinu 1940 leggur ríkissjóður fram 60000 kr. til verkfærakaupasjóðs.
17. Heimild sú til að greiða vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánum til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., sem veitt er samkv. 4. gr. l. nr. 79 frá 19. júní 1933, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 91 frá 3. maí 1935, skal úr gildi felld fyrir árið 1940.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með þessu lagafrumvarpi er farið fram á, að frestað verði framkvæmd á eða breytt til bráðabirgða árið 1940 þeim lögum og einstökum lagaákvæðum, sem frestað er framkvæmd á eða breytt til bráðabirgða árið 1939.

Ekki er annað sýnilegt en að full þörf sé fyrir sparnað þann árið 1940, sem af frumvarpi þessu leiðir, ef það verður að lögum.

Nd. 5. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1940 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta eignarskatt, álagðan 1940 samkvæmt lögum nr. 6 9. janúar 1935, með 10% viðauka. Þó skal ekki innheimta álag, sem nemur minna en 3 kr. hjá gjaldanda.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1940 að innheimta með 25% viðauka vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, þær sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921.

3. gr.

Viðaukinn sé reiknaður þannig, að hver gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir og ½% eða hærra sem heill eyrir eða heilt prósent, en minna broti skal sleppt.

Gengisviðauki sá á aukatekjum ríkissjóðs og stimpilgjaldi, er um ræðir í þessari grein, tekur þó ekki til greiðslna fyrir embættisverk, sem framkvæmd eru, eða fyrir skjöl, sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum nr. 78 19. júní 1933, um kreppulánasjóð.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjaldið með 25% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

4. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1940 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í þessu frumvarpi er lagt til að framlengja til ársloka 1940 gildandi lagaákvæði um að innheimta eignarskatt með 10% viðauka og ennfremur vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, þær sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 með 25% viðauka. Loks er lagt til að framlengja til ársloka 1940 gildandi lagaákvæði um að innheimta skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 með 80% álagi á skattinn af kvikmyndasýningum og með 20% álagi á skattinn af öðrum skemmtunum, eins og nú er gert samkvæmt ákvæðum fjárlaga nr. 89 11. júní 1938, 22. gr. XI.

Ekki verður séð, að hjá þessum framlengingum verði komizt.

Þess skal getið, að ákvæðunum í lögum nr. 48 11. júní 1938, um 25% viðauka á ýms aðflutningsgjöld og á verðtoll, er sleppt í lagafrumvarpi þessu vegna þess, að tekið er tillit til téðra viðauka í frumvarpi til laga um tollskrá, sem lagt verður fyrir Alþingi.

Ed. 6. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 68. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Enn fremur er ráðherra heimilt, eftir tillögu veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, fyrir eitt ár í senn, að veita veiðifélagi undanþágu, að nokkru eða öllu leyti, frá vikufriðun þeirri fyrir lax og göngusilung, er um ræðir í 1. málslið 17. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að landbúnaðarráðherra Vor hefir þegnlega borið það upp fyrir Oss, að þar sem sú breyting hefir verið gerð á fyrirkomulagi við lax- og silungsveiði í Ölfusá og vatnahverfi því, er að henni liggur, að Fiskiræktar- og veiðifélag Árnesinga stundar nú eitt laxveiði með netum aðeins fyrir landi tveggja jarða við Selfoss í Ölfusá, en að aðstaða þar til veiðiskapar er þannig, að ekki er unnt að hafa nema mjög stuttar fyrirstöður út frá landi þar sem veiði verður við komið, en hins vegar að öðru leyti aðstaða öll til laxveiði á þessum stað miklu betri og kostnaðarminni en á nokkrum öðrum stað í vatnahverfinu, en þar sem búast má við, að vikufriðun sú, er laxveiðilögin ákveða, valdi því, að með þessari tilhögun veiðinnar verði þeir, er veiðiteknanna eiga að njóta, fyrir tilfinnanlegu tjóni, en hins vegar engin hætta á, að of nærri verði gengið fiskistofninum í ánni, þó að vikufriðun laxveiðilaganna verði stytt, eða jafnvel niðurfelld, teljum Vér það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 68. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Enn fremur er ráðherra heimilt, eftir tillögu veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar, fyrir eitt ár í senn, að veita veiðifélagi undanþágu, að nokkru eða öllu leyti, frá vikufriðun þeirri fyrir lax og göngusilung, er um ræðir í 1. málslið 17. gr. laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Marselisborgarhöll, 26. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

Nd. 7. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að skipa þriggja manna skuldaskilanefnd, til að annast fullnaðarsamninga um greiðslur og eftirgjafir á fjárkröfum á félagsmenn fiskveiðasamvinnufélaga, sem fengið hafa lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda, þar á meðal á ábyrgðarkröfum þeirra vegna félaganna frá því áður en þau voru gerð upp af skuldaskilasjóði. Skal nefnd þessi skipuð einum manni tilnefndum af Landsbankanum og Útvegsbankanum, en hina tvo skipar ráðherra án tilnefningar. Tilnefni bankarnir ekki mann í nefndina, skipar ráðherra alla nefndarmennina án tilnefningar.

Til að ná þessum samningum má skuldaskilanefnd verja til útlána allt að 90 þús. kr. af ónotuðu fé og ónotaðri lántökuheimild skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda samkvæmt heimild í 22. gr. XXVIII. lið fjárlaga fyrir árið 1939. Skuldaskilum og lánveitingum samkvæmt lögum þessum skal lokið fyrir 1. júlí 1939.

2. gr.

Hver sá, sem verið hefir félagsmaður í fiskveiðasamvinnufélagi, sem fengið hefir lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda fyrir þann tíma, er félagið fékk lánið, og sem ber enn ábyrgð á þáverandi skuldum félagsins, getur innan 4 vikna frá gildistöku laga þessara sótt um aðstoð skuldaskilanefndar og lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda samkvæmt 1. gr. Umsókninni skal fylgja staðfest eftirrit af seinustu skattskýrslu lánbeiðanda og sundurliðuð skrá yfir eignir hans, skuldir og ábyrgðir, ásamt drengskaparyfirlýsingu um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir beztu vitund. Ennfremur er skuldaskilanefnd heimilt að krefja lánbeiðendur um allar þær upplýsingar, sem hún telur við þurfa.

3. gr.

Þegar skuldaskilanefnd hefir borizt lánbeiðni samkvæmt 2. gr., skal hún, ef hún eftir bráðabirgðaathugun á lánbeiðninni telur geta komið til greina að veita lánbeiðanda lán, láta birta þrisvar í röð í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, er telja

sig hafa fjárkröfur á hendur honum, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni innan 6 vikna frá síðustu birtingu auglýsingarinnar. Skal taka fram í auglýsingunni, að allar ótryggðar kröfur, sem ekki er lýst innan hins tiltekna frests, falli niður ógildar gagnvart lánbeiðanda. Þó er nefndinni heimilt að taka kröfulýsingu, er síðar kemur fram, gilda, þegar svo stendur á, sem segir í 14. gr. 4. málsl. skuldaskilasjóðslaga 3. maí 1935.

4. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal skuldaskilanefnd, svo fljótt sem unnt er, taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr skuldaskilasjóði samkvæmt lögum þessum. Telji hún, að lánbeiðandi geti komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

5. gr.

Nú telur skuldaskilanefnd, að lánbeiðandi uppfylli þau skilyrði, sem lög þessi setja fyrir lánveitingu, og skal hún þá, svo fljótt sem auðið er, semja tillögur til skuldaskila fyrir hann, ef hún telur, að hann þurfi að fá eftirgjöf á skuldum eða samninga við kröfuhafa, þar með við þá, sem hann telst standa í ábyrgðarskuldum við. Í tillögunum skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningum er eigi ætlað að ná til, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta lántakanda er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

Skuldaskilanefnd skal semja tillögur sínar með tilliti til þess, að lánbeiðendum verði skuldaskilin að liði, og leitast við að ná samkomulagi við kröfuhafa um nægilegan afslátt á kröfum þeirra til þess.

Við samning tillagna sinna ber skuldaskilanefnd, áður en hún gengur endanlega frá þeim, að gera sér grein fyrir því, með tilliti til allra framkominna lánbeiðna, hversu mikinn hluta af þeim 90000 krónum, sem til umráða eru til lánveitinga samkvæmt lögum þessum, skuli verja til lánveitinga handa félagsmönnum hvers fiskveiðasamvinnufélags, sem hlut á að máli, út af fyrir sig, og miða síðan lánveitingar til hinna einstöku lánbeiðenda úr hverju félagi við það, að þær fari eigi samtals fram úr því, sem nefndin þannig hefir talið hæfilegan hluta handa félagsmönnum þess félags.

Við lánveitingar skal skuldaskilanefnd taka tillit til efnahags lánbeiðenda og greiðslugetu og skulu lán þau, sem veitt kunna að verða samkvæmt lögum þessum, að jafnaði ekki vera hærri en svo, að eftirstöðvar skulda lánbeiðanda, að láninu viðbættu, fari ekki fram úr verðmæti eigna hans, samkvæmt því, sem fyrir liggur um það.

6. gr.

Skuldaskilabeiðandi skal setja þá tryggingu fyrir láni því, sem honum verður veitt samkvæmt lögum þessum, sem skuldaskilanefnd tekur gilda. Ákvæði 8. og 9. gr. skuldaskilasjóðslaganna gilda einnig um lán samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Eftir að skuldaskilanefnd hefir samið tillögur þær, sem um ræðir í 5. gr., skal hún með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum, sem lýst hafa kröfum á lánbeiðanda. Skal jafnframt boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara.

Samtímis skal nefndin skýra lánbeiðendum frá tillögunum, og skulu þeir innan tíu daga frá því er tilkynning um tillögurnar barst þeim í hendur segja til um það, hvort þeir treystist til að greiða svo sem þar er tilskilið. Verði svörin þannig, að skuldaskilanefnd telji gagnslaust að reyna samninga við skuldheimtumenn, afboðar hún í tæka tíð fund þann, er hún hafði boðað þá á. Tillögur nefndarinnar skulu liggja til sýnis á skrifstofu hennar, þangað til fundur hefir verið haldinn eða afboðaður.

8. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er um getur í 7. gr., skal skuldaskilanefnd leggja fram tillögur sínar. Skuldheimtumenn eiga heimtingu á að fá sérhverjar upplýsingar um hag lánbeiðenda, er nefndin getur látið í té. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við tillögurnar og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar hefir skuldaskilanefnd heimild til að taka tillögur sínar aftur, ef hún telur breytingartillögurnar verulegu máli skipta. Að öðrum kosti ber skuldaskilanefnd tillögur sínar undir atkvæði skuldheimtumanna, þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

9. gr.

Hljóti tillögur skuldaskilanefndar atkvæði svo margra skuldheimtumanna eða umboðsmanna þeirra, að þeir ráði yfir meira en helmingi samanlagðra kröfuupphæða mættra skuldheimtumanna, þeirra er samningum er ætlað að ná til, hefir nefndin heimild til að staðfesta þær sem samning milli aðilja, og eru þær þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði á móti þeim, eða eigi hafa mætt á fundi. Leysa þær þá skuldunauta undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart skuldheimtumönnum sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur þeim fyrir greiðslu skuldarinnar.

10. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur, skal skuldaskilanefnd ganga frá lánsskjölum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um. Skal hún síðan greiða kröfuhöfum umsaminn hluta af kröfum þeirra.

Samningurinn haggar ekki heimild kröfuhafa lánbeiðanda til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á lánbeiðanda.

11. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á kröfur þær, sem um ræðir í 22. gr. skuldaskilasjóðslaganna.

12. gr.

Frá því að lánbeiðandi hefir sent lánbeiðni til skuldaskilanefndar og þangað til samningsumleitunum er lokið, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu, og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Komi í ljós eftir að samningur hefir verið staðfestur, að lánbeiðandi hafi brotið ákvæði greinar þessarar, er nefndinni heimilt að ógilda samninginn gagnvart honum og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefir verið. Það fé, er skuldheimtumenn hafa þegar tekið á móti, verður eigi endurheimt.

13. gr.

Jafnskjótt sem skuldaskilanefnd hefir tekið við lánbeiðni skal það tilkynnt skiptaráðanda og er þá hverskonar aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er lokið. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldþrotaskipta frá sama tíma. Nú takast eigi samningar og bú lánbeiðanda er tekið til gjaldþrotaskipta, áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er samningaumleitunum lauk, og við skiptin kemur í ljós, að hann hefir brotið gegn ákvæðum 11. gr. og má þá með málssókn rifta þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram samkvæmt reglum gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málssókn hafin innan sex vikna frá því er búskipti byrja. Tímabilið frá því er skuldaskilanefnd hefir tekið við lánbeiðni og þangað til samningaumleitunum er lokið, telst ekki með fyrningartíma ábyrgðarskuldarinnar né

neinna réttargerða út af henni, sem fram kunna að hafa farið, áður en lánbeiðnin barst nefndinni í hendur.

14. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur atvinnumálaráðuneytið, ef þörf þykir, sett með reglugerð.

15. gr.

Um lán samkvæmt lögum þessum gilda ákvæði 27. gr. skuldaskilasjóðslaganna sem um önnur útlán sjóðsins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilsjóð vélbátaeigenda.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Við framkvæmd laga nr. 99, 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda var fylgt þeirri aðalreglu, að vélbátaeigendur, sem lán fengu úr sjóðnum náðu jafnframt samningum um allar fjárkröfur, sem á þeim hvíldu, þegar skuldaskilin fóru fram. Frá þessu var þó sú undantekning, þegar um fiskveiðasamvinnufélög var að ræða, að þá var aðeins samið um greiðslu á skuldum sjálfra félaganna, sem skuldaskil fengu, án þess að skuldir félagsmannanna væru teknar með. Þar sem vélbátaeigendur í fiskveiðasamvinnufélögum bera sameiginlega ábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á skuldbindingum félaganna, hefir nú komið í ljós, að hægt er að krefja þá um þann hluta af skuldum fiskveiðasamvinnufélaganna, sem skuldareigendur fengu ekki greiddan við skuldaskil félaganna.

Síðasta Alþingi veitti heimild til að verja allt að 90 þús. kr. af ónotuðu fé og ónotaðri lántökuheimild skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, til að ná fullnaðarsamningum um greiðslu á fjárkröfum á hendur félagsmönnum fiskveiðasamvinnufélaga samkvæmt framansögðu.

Nú hefir atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor þegnlega tjáð Oss, að ekki hafi tekizt að ná samningum við kröfuhafa um greiðslu á ábyrgðarkröfum þessum, og hætta sé á, að skuldaskil þau, sem vélbátaeigendur í fiskveiðasamvinnufélögum hafa fengið, verði þeim gagnslaus af þeim ástæðum, að þeir verði krafðir um greiðslu á eftirstöðvum af skuldum félaganna, vegna hinnar sameiginlegu ábyrgðar og þyki því óhjákvæmilegt að sett verði lög um viðauka við skuldaskilasjóðslögin, þar sem ákveðið verði, að félagsmenn í fiskveiðasamvinnufélögum fái lán úr sjóðnum til greiðslu á skuldbindingum sínum á sama hátt og aðrir vélbátaeigendur fengu á sínum tíma. En þar sem þessi lagasetning mundi geta orðið um seinan, ef beðið væri næsta Alþingis með hana, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög um framangreint efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að skipa þriggja manna skuldaskilanefnd, til að annast fullnaðarsamninga um greiðslur og eftirgjafir á fjárkröfum á félagsmenn fiskveiðasamvinnufélaga, sem fengið hafa lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda, þar á meðal á ábyrgðarkröfum þeirra vegna félaganna frá því áður en þau voru gerð upp af skuldaskilasjóði. Skal nefnd þessi skipuð einum manni tilnefndum af Landsbankanum og Útvegsbankanum, en hina tvo skipar ráðherra án tilnefningar. Tilnefni bankarnir ekki mann í nefndina, skipar ráðherra alla nefndarmennina án tilnefningar.

Til að ná þessum samningum má skuldaskilanefnd verja til útlána allt að 90 þús. kr. af ónotuðu fé og ónotaðri lántökuheimild skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda samkvæmt heimild í 22. gr. XXVIII. lið fjárlaga fyrir árið 1939. Skuldaskilum og lánveitingum samkvæmt lögum þessum skal lokið fyrir 1. júlí 1939.

2. gr.

Hver sá, sem verið hefir félagsmaður í fiskveiðasamvinnufélagi, sem fengið hefir lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda fyrir þann tíma, er félagið fékk lánið, og sem ber enn ábyrgð á þáverandi skuldum félagsins, getur innan 4 vikna frá gildistöku laga þessara sótt um aðstoð skuldaskilanefndar og lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda samkvæmt 1. gr. Umsókninni skal fylgja staðfest eftirrit af seinustu skattskýrslu lánbeiðanda og sundurliðuð skrá yfir eignir hans, skuldir og ábyrgðir, ásamt drengskaparyfirlýsingu um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir bezta vitund. Ennfremur er skuldaskilanefnd heimilt að krefja lánbeiðendur um allar þær upplýsingar, sem hún telur við þurfa.

3. gr.

Þegar skuldaskilanefnd hefir borizt lánbeiðni samkvæmt 2. gr., skal hún, ef hún eftir bráðabirgðaathugun á lánbeiðninni telur geta komið til greina að veita lánbeiðanda lán, láta birta þrisvar í röð í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, er telja sig hafa fjárkröfur á hendur honum, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni innan 6 vikna frá síðustu birtingu auglýsingarinnar. Skal taka fram í auglýsingunni, að allar ótryggðar kröfur, sem ekki er lýst innan hins tiltekna frests, falli niður ógildar gagnvart lánbeiðanda. Þó er nefndinni heimilt að taka kröfulýsingu, er síðar kemur fram, gilda, þegar svo stendur á, sem segir í 14. gr. 4. málsl. skuldaskilasjóðslaga 3. maí 1935.

4. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal skuldaskilanefnd, svo fljótt sem unnt er, taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr skuldaskilasjóði samkvæmt lögum þessum. Telji hún, að lánbeiðandi geti komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

5. gr.

Nú telur skuldaskilanefnd, að lánbeiðandi uppfylli þau skilyrði, sem lög þessi setja fyrir lánveitingu, og skal hún þá, svo fljótt sem auðið er, semja tillögur til skuldaskila fyrir hann, ef hún telur, að hann þurfi að fá eftirgjöf á skuldum eða samninga við kröfuhafa, þar með við þá, sem hann telst standa í ábyrgðarskuldum við. Í tillögunum skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningum er eigi ætlað að ná til, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta lántakanda er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

Skuldaskilanefnd skal semja tillögur sínar með tilliti til þess, að lánbeiðendum verði skuldaskilin að liði, og leitast við að ná samkomulagi við kröfuhafa um nægilegan afslátt á kröfum þeirra til þess.

Við samning tillagna sinna ber skuldaskilanefnd, áður en hún gengur endanlega frá þeim, að gera sér grein fyrir því, með tilliti til allra framkominna lánbeiðna, hversu mikinn hluta af þeim 90000 krónum, sem til umráða eru til lánveitinga samkvæmt lögum þessum, skuli verja til lánveitinga handa félagsmönnum hvers fiskveiðasamvinnufélags, sem hlut á að máli, út af fyrir sig, og miða síðan lánveitingar til hinna einstöku lánbeiðenda úr hverju félagi við það, að þær fari eigi samtals fram úr því, sem nefndin þannig hefir talið hæfilegan hluta handa félagsmönnum þess félags.

Við lánveitingar skal skuldaskilanefnd taka tillit til efnahags lánbeiðenda og greiðslugetu og skulu lán þau, sem veitt kunna að verða samkvæmt lögum þessum, að jafnaði ekki vera hærri en svo, að eftirstöðvar skulda lánbeiðanda, að láninu viðbættu, fari ekki fram úr verðmæti eigna hans, samkvæmt því, sem fyrir liggur um það.

6. gr.

Skuldaskilabeiðandi skal setja þá tryggingu fyrir láni því, sem honum verður veitt samkvæmt lögum þessum, sem skuldaskilanefnd tekur gilda. Ákvæði 8. og 9. gr. skuldaskilasjóðslaganna gilda einnig um lán samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Eftir að skuldaskilanefnd hefir samið tillögur þær, sem um ræðir í 5. gr., skal hún með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum, sem lýst hafa kröfum á lánbeiðanda. Skal jafnframt boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara.

Samtímis skal nefndin skýra lánbeiðendum frá tillögunum, og skulu þeir innan tíu daga frá því er tilkynning um tillögurnar barst þeim í hendur segja til um það, hvort þeir treystist til að greiða svo sem þar er tilskilið. Verði svörin þannig, að skuldaskilanefnd telji gagnslaust að reyna samninga við skuldheimtumenn, afboðar hún í tæka tíð fund þann, er hún hafði boðað þá á. Tillögur nefndarinnar skulu liggja til sýnis á skrifstofu hennar, þangað til fundur hefir verið haldinn eða afboðaður.

8. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er um getur í 7. gr., skal skuldaskilanefnd leggja fram tillögur sínar. Skuldheimtumenn eiga heimtingu á að fá sérhverjar upplýsingar um hag lánbeiðenda, er nefndin getur látið í té. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við tillögurnar og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar hefir skuldaskilanefnd heimild til að taka tillögur sínar aftur, ef hún telur breytingartillögurnar verulegu máli skipta. Að öðrum kosti ber skuldaskilanefnd tillögur sínar undir atkvæði skuldheimtumanna, þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

9. gr.

Hljóti tillögur skuldaskilanefndar atkvæði svo margra skuldheimtumanna eða umboðsmanna þeirra, að þeir ráði yfir meira en helmingi samanlagðra kröfuupphæða mættra skuldheimtumanna, þeirra er samningum er ætlað að ná til, hefir nefndin heimild til að staðfesta þær sem samning milli aðilja, og eru þær þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði á móti þeim, eða eigi hafa mætt á fundi. Leysa þær þá skuldunauta undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart skuldheimtumönnum sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur þeim fyrir greiðslu skuldarinnar.

10. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur, skal skuldaskilanefnd ganga frá lánsskjölum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um. Skal hún síðan greiða kröfuhöfum umsaminn hluta af kröfum þeirra.

Samningurinn haggar ekki heimild kröfuhafa lánbeiðanda til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á lánbeiðanda.

11. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á kröfur þær, sem um ræðir í 22. gr. skuldaskilasjóðslaganna.

12. gr.

Frá því að lánbeiðandi hefir sent lánbeiðni til skuldaskilanefndar og þangað til samningsumleitunum er lokið, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu, og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Komi í ljós eftir að samningur hefir verið staðfestur, að lánbeiðandi hafi brotið ákvæði greinar þessarar, er nefndinni heimilt að ógilda samninginn gagnvart honum og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefir verið. Það fé, er skuldheimtumenn hafa þegar tekið á móti, verður eigi endurheimt.

13. gr.

Jafnskjótt sem skuldaskilanefnd hefir tekið við lánbeiðni skal það tilkynnt skiptaráðanda og er þá hverskonar aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er lokið. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldþrotaskipta frá sama tíma. Nú takast eigi samningar og bú lánbeiðanda er tekið til gjaldþrotaskipta, áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er samningaumleitunum lauk, og við skiptin kemur í ljós, að hann hefir brotið gegn ákvæðum 11. gr. og má þá með málssókn rifta þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram samkvæmt reglum gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málssókn hafin innan sex vikna frá því er búskipti byrja. Tímabilið frá því er skuldaskilanefnd hefir tekið við lánbeiðni og þangað til samningaumleitunum er lokið, telst ekki með fyrningartíma ábyrgðarskuldarinnar né neinna réttargerða út af henni, sem fram kunna að hafa farið, áður en lánbeiðnin barst nefndinni í hendur.

14. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur atvinnumálaráðuneytið, ef þörf þykir, sett með reglugerð.

15. gr.

Um lán samkvæmt lögum þessum gilda ákvæði 27. gr. skuldaskilasjóðslaganna sem um önnur útlán sjóðsins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Fredensborgarhöll, 14. nóvember 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

Nd. 8. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Aftan við 7. gr. námulaganna bætist: enda sé til þess fengið málmgraftarbréf hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra, staðfest af atvinnumálaráðuneytinu.

2. gr.

Aftan við 4. mgr. 8. gr. bætist:

Bréfið skal því næst sent atvinnumálaráðuneytinu, er endursendir það lögreglustjóra með áritaðri staðfestingu, ef það telur rétt að veita málmgraftarleyfi. Ráðuneytið getur bundið leyfið þeim skilyrðum, sem það telur þurfa.

3. gr.

Á eftir orðunum „Eigi má“ í upphafi 5. mgr. 8. gr. komi: lögreglustjóri.

4. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 8. gr. bætist: þegar ráðuneytið hefir staðfest það.

5. gr.

Eigi má selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða né opinberra stofnana, nema til þess sé fengið samþykki atvinnumálaráðuneytisins. Eru allar ráðstafanir í þessu efni ógildar gagnvart eigendum námuréttindanna, þangað til samþykki ráðuneytisins er fengið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að atvinnumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að ákvæði námulaga nr. 50 30. júlí 1909, séu að ýmsu leyti orðin úrelt og ófullnægjandi, einkum að því er snertir málmgraftarleyfi og ráðstafanir á námuréttindum, sem eru í eign sveitarfélaga eða opinberra stofnana, en hins vegar hætta á að einstaklingar eða félög geti náð haldi á slíkum réttindum eigendum til tjóns, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög til umbóta á því, sem mest kallar að í þessu efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Aftan við 7. gr. námulaganna bætist: enda sé til þess fengið málmgraftarbréf hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra, staðfest af atvinnumálaráðuneytinu.

2. gr.

Aftan við 4. mgr. 8. gr. bætist:

Bréfið skal því næst sent atvinnumálaráðuneytinu, er endursendir það lögreglustjóra með áritaðri staðfestingu, ef það telur rétt að veita málmgraftarleyfi. Ráðuneytið getur bundið leyfið þeim skilyrðum, sem það telur þurfa.

3. gr.

Á eftir orðunum „Eigi má“ í upphafi 5. mgr. 8. gr. komi: lögreglustjóri.

4. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 8. gr. bætist: þegar ráðuneytið hefir staðfest það.

5. gr.

Eigi má selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða né opinberra stofnana, nema til þess sé fengið samþykki atvinnumálaráðuneytisins. Eru allar ráðstafanir í þessu efni ógildar gagnvart eigendum námuréttindanna, þangað til samþykki ráðuneytisins er fengið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 2. september 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

Nd. 9. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til, ef almenningsheill krefur, að setja fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum, sem til eru í landinu eða fluttar verða inn, meðan mikil hætta telst á, að styrjöld brjótist út í Norðurálfu, og meðan hún stendur yfir, ef hún brýzt út. Fyrirmæli þessi má einnig setja fyrir einstök byggðarlög eða kaupstaði, ef eigi telst þörf á, að þau taki til alls landsins. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur þess brýna nauðsyn, að taka eignarnámi matvæli, eldsneyti eða aðrar einstakar nauðsynjavörur hjá kaupmönnum, kaupfélögum, framleiðendum eða öðrum. Ofangreind fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum taka jafnt til úthlutunar á vörum í heildsölu til kaupmanna og kaupfélaga sem til úthlutunar í smásölu til einstaklinga.

Ríkisstjórnin ákveður, hverjar vörur skuli teljast nauðsynjavörur samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður með reglugerð eða reglugerðum hvort, hvenær og hvernig gera skuli framangreindar ráðstafanir. Getur hún sett í þær þau ákvæði um sektir og málsmeðferð út af brotum á þeim, sem þurfa þykir.

Til þess að standast kostnað við ráðstafanir þær, sem um ræðir í þessari grein, má verja fé úr ríkissjóði.

3. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur, að viðlögðum allt að 100 króna dagsektum, krafizt þess, að einstakir menn eða félög gefi því þær skýrslur um vörubirgðir sínar og vöruþörf, sem því þykir þurfa til framkvæmdar ráðstöfunum þeim, sem heimilaðar eru í lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að vegna ótta manna við yfirvofandi styrjöld í Norðurálfu, verði óhjákvæmilegt, að ríkisstjórnin geti haft hönd í bagga með úthlutun á vörubirgðum í landinu, ef til kemur, þannig, að einstakir menn geti ekki birgt sig upp, en aðrir lendi í vöruskorti. Verðum Vér að telja, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti ríkisstjórninni nauðsynlegt vald í þessu efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til, ef almenningsheill krefur, að setja fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum, sem til eru í landinu eða fluttar verða inn, meðan mikil hætta telst á, að styrjöld brjótist út í Norðurálfu, og meðan hún stendur yfir, ef hún brýzt út. Fyrirmæli þessi má einnig setja fyrir einstök byggðarlög eða kaupstaði, ef eigi telst þörf á, að þau taki til alls landsins. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur þess brýna nauðsyn, að taka eignarnámi matvæli, eldsneyti eða aðrar einstakar nauðsynjavörur hjá kaupmönnum, kaupfélögum, framleiðendum eða öðrum. Ofangreind fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum taka jafnt til úthlutunar á vörum í heildsölu til kaupmanna og kaupfélaga sem til úthlutunar í smásölu til einstaklinga.

Ríkisstjórnin ákveður, hverjar vörur skuli teljast nauðsynjavörur samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður með reglugerð eða reglugerðum hvort, hvenær og hvernig gera skuli framangreindar ráðstafanir. Getur hún sett í þær þau ákvæði um sektir og málsmeðferð út af brotum á þeim, sem þurfa þykir.

Til þess að standast kostnað við ráðstafanir þær, sem um ræðir í þessari grein, má verja fé úr ríkissjóði.

3. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur, að viðlögðum allt að 100 króna dagsektum, krafizt þess, að einstakir menn eða félög gefi því þær skýrslur um vörubirgðir sínar og vöruþörf, sem því þykir þurfa til framkvæmdar ráðstöfunum þeim, sem heimilaðar eru í lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 28. september 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

Nd. 10. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 3. nóv. 1915, um dýralækna.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr. í lögum nr. 61 3. nóv. 1915, um dýralækna, orðist svo:

Dýralæknar skulu sex, tveir í Sunnlendingafjórðungi, tveir í Vestfirðingafjórðungi, þar af annar búsettur á Ísafirði, einn í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi. Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður að öðru leyti á um bústaði þeirra.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Samkv. frv. þessu yrði skipuðum dýralæknum landsins fjölgað um einn, er gegndi Vestfjörðum og sæti á Ísafirði. Vestfirðingar eiga þess nú engan kost að ná til lærðs dýralæknis og meta sér mikinn baga, enda frv. þetta flutt samkv. mjög eindregnum óskum bænda í Ísafjarðarsýslum og annarsstaðar á Vestfjörðum.

Nd. 11. Frumvarp til laga

um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það

sé talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum. Óheimilt er hvera- eða landeiganda með sama hætti að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, er hverinn þeytir frá sér, eða afrennsli laugar, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hveri og laugar eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó 4. gr.

Hann hefir rétt til að stífla frárennsli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan án þess hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sérstök hætta stafar af.

4. gr.

Nú liggja landamerki um hverasvæði, þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugavatns liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá með mati skorið úr því, hvern hlutfallslegan rétt hver jörð hefir til jarðhitaorkunnar.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir að öðru leyti um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill annar eða einhver jarðeigandi hagnýta hvera- eða laugaorkuna, sem er sameiginleg, en hinn eða hinir ekki, og getur þá sá, er hagnýta vill, að fengnu leyfi ráðherra, notað alla orkuna kauplaust, en mannvirkjum skal hann haga þannig, ef við verður komið, að sá eða þeir, sem ekki taka þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sér þann hluta orkunnar, sem hann eða þeir eiga tilkall til, án þess að breyta þurfi mannvirkjum að mun, og kostnað, sem leiðir af slíkri tilhögun, skal sá eða þeir, er síðar koma til, greiða. Nú hagnýtir sá eða þeir, er ekki tóku þátt í mannvirkjagerð, sér síðar orkuna og nota mannvirkin, og skal hann eða þeir þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldi. Framanskráð ákvæði gilda með afbrigðum eftir atvikum, ef nokkrir landeigendur, þegar um fleiri en tvo er að ræða, vilja hagnýta sér orkuna, en hinn eða hinir ekki. Ef ágreiningur rís um atriði þau, er að framan greinir, sker mat úr.

5. gr.

Nú vill jarðareigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu fyrr en það hefir verið álitið af matsmönnum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðareigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför landseta að innleysa þau mannvirki, er ábúandi hefir gert til hagnýtingar hveraorku.

6. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um kaup á slíkum réttindum fer sem um landkaup.

Þeim, er jarðhitasvæði eiga eða jörð, þar sem hverir eða laugar eru, skal skylt við sölu slíkra eigna að bjóða ríkissjóði þær til kaups áður en þær eru seldar öðrum.

Landbúnaðarráðuneytið skal innan fjögra vikna frá því, er því barst kauptilboðið, segja til, hvort ríkissjóður vill nota forkaupsrétt sinn. Að öðru leyti fer um sölu slíkra eigna og forkaupsrétt eins og fyrir er mælt í lögum nr. 55 15. júní 1926.

7. gr.

Ríkissjóður á rétt á að taka hveraorku jarðar eignarnámi til almenningsafnota.

Ef héraðsstjórn (kaupstaður, sýsla eða hreppur) telur rétt að taka hveraorku einhverrar jarðar til almennra afnota í héraðinu, og fær til þess samþykki ráð-

herra, þá hefir hún rétt til að taka orkuna eignarnámi, þó þannig, að jarðareigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega hveraorku til nauðsynja sinna, til eigin heimilis- og búsþarfa, nema hann óski heldur endurgjalds í peningum einnig að því leyti. Um eignarnámið fer að öðru leyti eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

8. gr.

Nú er hveraorka talin meiri en svo, að hún nægi jarðareiganda einum og héraðsbúum, eftir að fram hefir farið rannsókn sú, sem rætt er um í 10. gr., og hefir ríkið þá rétt til að taka hverina eignarnámi á sama hátt sem segir í 7. gr.

9. gr.

Þegar búið er að taka hverina eignarnámi, sbr. 7. og 8. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

10. gr.

Ríkið hefir rétt til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í té við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

11. gr.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er, eða jarðhitasvæði eiga, er heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans. Skal ríkið veita mönnum slíka aðstoð ókeypis, eftir því sem ástæður leyfa og fé er veitt til þess í fjárlögum. Á sama hátt skal ríkið veita mönnum aðstoð um samning kostnaðaráætlunar um notkun jarðhitans.

12. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem nytja jarðhita, fer að öðru leyti, að því er við getur átt, eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, um notkun vatnsorku, og eftir ákvæðum laga nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vélum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

13. gr.

Um matsgerðir þær, er getur í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923.

14. gr.

Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðastliðnu þingi og er nú flutt óbreytt.

Um ástæðurnar fyrir frumv. vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi því 1938, á þskj. 63, og á þskj. 17 á síðara þinginu 1937.

Nd. 12. Frumvarp til laga

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Helgi Jónasson, Jörundur Brynjólfsson, Þorbergur Þorleifsson.

1. gr.

Stafliður d. í 7. gr. laganna orðist þannig:

d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innanlands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra eða efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki frá eftirlitsmanni ríkisins með raforkuvirkjum. Skal viðurkenningarmerkið vera staðfest af ráðherra og birtast í Stjórnartíðindum. Er engum heimilt að nota merkið, nema með leyfi eftirlitsmannsins og eftir þeim reglum, er hann setur um það.

2. gr.

10. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforkuveitufyrirtækja skuli árlega greiða til eftirlitsins gjald, sem miðast við heildartekjur fyrirtækjanna af rakorkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, og má nema allt að einum hundraðasta hluta af þeim, og að þeir, sem flytja inn til landsins raforkuvirki og hluta þeirra eða gera þau innanlands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð virkjanna, en söluverð þeirra, ef þau eru gerð hér, og má nema allt að 1% af því. Undanþegin því gjaldi skulu þó vera þau raforkuvirki, sem ekki falla undir rafmagnseftirlit ríkisins.

Heimila má eiganda raforkuvers eða raforkuveitufyrirtækis að leggja helming gjaldsins á rafmagnskaupendur í hlutfalli við orkukaup þeirra.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar, og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, þá má miða gjaldið við stærð rafala í orkuveri, og má það nema allt að 2 krónum á hvert kílówatt í málraun þeirra.

Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjaldanna. Hann getur heimilað stöðvun á rekstri virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.

Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim. Veitist fé til þess árlega í fjárlögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðastliðnu þingi og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Er lög um raforkuvirki voru í upphafi samin, 1926, voru þau að mjög miklu leyti samin eftir dönsku raforkulögunum, „Stærkströmsloven“, og ákvæðin í d-lið 7. gr. um eftirlit með raforkuvirkjum voru beinlínis tekin upp eftir þeim lögum. Þar er ekki gert ráð fyrir, að hin opinbera eftirlitsstofnun hafi beint eftirlit með öðrum raforkuvirkjum en þeim, sem eru: 1. á rökum stöðum, 2. þar, sem sprengihætta er, eða þar, sem farið er með sérstaklega eldfim efni, 3. í samkomuhúsum og fleiri álíka stöðum. Eftirlitsmanni ríkisins því ekki ætlað að hafa beint eftirlit með almennum raflögnum í íbúðar- og verzlunarhúsum o. þ. h.

Það hefir nú sýnt sig, að þetta fyrirkomulag á ekki við hér á landi. Það hefir reynzt svo, að utan Reykjavíkur er eftirlit af hálfu rafveitnanna svo lélegt og frágangur á raflögnum almennt svo ófullkominn, að það hefir reynzt jafnmikil nauðsyn að skoða almennar lagnir eins og þær, sem áður eru nefndar sérstaklega. Hafa til skamms tíma ekki gilt utan Reykjavíkur neinar raflagningareglur og ekki verið neitt opinbert eftirlit með frágangi á raflögnum, né á því, hverjir tækju að sér raflagningar þar.

Síðan rafmagnseftirlit ríkisins setti ákveðnar reglur og hóf skoðun og eftirlit hefir færzt allmikið í betra horf, en eins og getið var um áður, er það fyrirkomulag eftirlitsins, sem ákveðið var með lögum um raforkuvirki, ekki sem ákjósanlegast. Eftirlitið getur að vísu skoðað hvaða raflögn sem er og fyrirskipað nauðsynlegar viðgerðir, en vegna þeirrar skiptingar í eftirlitsskyldar og óeftirlitsskyldar raflagnir, sem gerð er í lögunum, eru ekki nema sumar gjaldskyldar til eftirlitsins. Eftirlitið yrði að skoða hinar óeftirlitsskyldu lagnir endurgjaldslaust, en til þess skortir það fjárveitingu.

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið fram færðar, er nauðsynlegt að breyta lögum um raforkuvirki þannig, að rafmagnseftirliti ríkisins sé ætlað að hafa beint eftirlit með hverskonar raforkuvirkjum hér á landi, skoða þau öll eins oft eins og því þykir við þurfa og fyrirskipa þær endurbætur, er því þykir nauðsyn bera til. Jafnframt séu þau öll gerð gjaldskyld til rafmagnseftirlits ríkisins fyrir eftirlit með þeim.

Hingað til hefir, eins og áður er fram tekið, eftirlitið aðeins fengið gjald fyrir skoðun á hinum eftirlitsskyldu raflögnum og raforkuvirkjum. Á hverja raflögn er þetta gjald venjulega 8—10 krónur, og hefir eftirlitið sjálft orðið að innheimta það. Hafi nú eftirlitið ekki náð gjaldinu um leið og skoðun fór fram, hefir jafnan reynzt erfitt og jafnvel ókleift að ná því inn síðar. Á eftirlitið nú útistandandi gjöld hjá um 100 mönnum víðsvegar um landið. Mest eru þetta smáupphæðir, eins og að ofan er getið. Það svarar alls ekki kostnaði að gera út mann til að innheimta þetta, og helzt von til að ná því smátt og smátt á þann hátt, að eftirlitsmennirnir, þegar þeir koma á staðinn í annað sinn, loki fyrir strauminn, ef gjaldið er ekki greitt. Alltaf veldur þetta töfum, aukakostnaði og leiðindum.

Með þeim breytingum á lögunum, sem gerðar eru með þessu frumvarpi, gæti þessu orðið fyrir komið á þann hátt, er nú skal greint:

Öllum rafveitum, er selja raforku til almenningsþarfa, sé gert að greiða á ári hverju til eftirlitsins vissa hundraðstölu, t. d. 1%, af tekjum sínum af raforkusölu og mælaleigu. Af þessari upphæð sé þeim heimilað að taka helminginn, ½%, hjá rafmagnsnotendum, þannig að það sé lagt ofan á viðskiptareikninga þeirra. Skoðast hinn helmingurinn þá sem gjald rafveitnanna sjálfra fyrir skoðun á þeirra virkjum. Á þennan hátt jafnast kostnaður af eftirliti og skoðunum niður á rafstöðvar og rafmagnsnotendur (þ. e. notendur raflagna) í hlutfalli við orkusölu og orkunotkun, og þá um leið að nokkru leyti í hlutfalli við stærð virkjanna. Gjöld þeirra raforkuvirkja, sem ekki falla undir raforkuveitur til almenningsþarfa, og mundu því ekki heyra undir þessi gjaldaákvæði, yrði að ákveða sérstaklega, en þau raforkuvirki eru bæði fá og lítil og skipta því venjulega ekki miklu máli.

Eins og stendur eru samanlagðar árstekjur þeirra rafveitna til almenningsþarfa, sem skráðar eru hjá eftirlitinu, um kr. 2000000.00. Árleg gjöld þeirra til eftirlitsins myndu því verða um kr. 20000.00. Til samanburðar má geta þess, að tekjur rafmagnseftirlitsins af ársgjöldum og skoðunargjöldum á árinu 1938 með þeim ákvæðum, sem nú gilda, eru áætlaðar kr. 16400.00. Af því nema árgjöld rafveitna kr. 9400.00, en skoðunargjöld kr. 7000.00. Hér er því gert ráð fyrir, að tekjur eftirlitsins hækki nokkuð, en þó ekki verulega. Rafveitunum er ekki iþyngt tilfinnanlega með þessu, allra sízt ef þær nota sér þá heimild, að innheimta hálft gjaldið hjá notendunum. Á rafmagnsnotendur kemur þetta dálítið öðruvísi niður heldur en gamla gjaldið, sem aðeins var krafið þegar skoðun fór fram. Það var þá í hvert skipti margfalt meira en

þetta gjald verður á hverju ári nú, en hinsvegar fór skoðun ekki fram nema á nokkurra ára fresti. Tilfinnanlegt getur þetta gjald ekki talizt. Þannig mun ársnotkun rafmagns á heimilum hér í Reykjavík nema frá ca. 50 upp í ca. 400 kr. og að meðaltali vera ca. 150—200 kr. Gjaldið til eftirlitsins mundi því nema frá 0.25 upp í 2 kr. á fjölskyldu og vera að meðaltali 0.75 til 1.00 kr. á ári á hverja fjölskyldu í Reykjavík. Jafnvel mætti og búast við, að sumar rafveiturnar mundu ekki telja ástæðu til að nota sér heimildina til að leggja þennan ½% á reikningana.

Rafmagnseftirlitið hefir fyrir nokkru látið koma til framkvæmda að nokkru leyti ákvæði reglugerðar nr. 61 14. júní 1933, 132.—133. gr., um innflutning, sölu og afhendingu raforkuvirkja og hluta þeirra. Hefir síðan ekki mátt flytja inn til landsins neinskonar efni til raflagningar, nema áður væri sent sýnishorn af því til eftirlitsins og það hefði viðurkennt það og leyft innflutning. Hafa rafmagnseftirlitið og rafmagnsveita Reykjavíkur í sameiningu dæmt um sýnishornin, veitt viðurkenningar og gefið út skrár um viðurkennd efni. Hefir og verið um þetta hin bezta samvinna við aðalinnflytjandann, raftækjaeinkasölu ríkisins.

Núgildandi ákvæði um þessi atriði eru þó að ýmsu leyti ófullnægjandi, einkum að því er snertir smíði raforkuvirkja innanlands, og þykir því nauðsynlegt að setja skýrari ákvæði.

Til þess að efnisviðurkenningin nái tilgangi sínum til fulls, er nauðsynlegt, að fram fari raunveruleg prófun á efninu, en til þess að það væri hægt, hefir hingað til skort bæði húsnæði og þau áhöld, sem til slíkrar prófunar þarf. Er nú orðin brýn nauðsyn á að koma upp slíkri prófunarstöð. Hlýtur það að hafa nokkurn kostnað í för með sér, og er í frumvarpi þessu farið fram á heimild fyrir ráðherra að leggja gjald á raforkuvirkin til að standa straum af þeim kostnaði.

Andvirði innfluttra raforkuvirkja að meðtöldum viðtækjum og varahlutum til þeirra mun á ári hverju nema um 800—900 þús. krónum. Tekjur af gjaldi þessu gætu því orðið 8—9 þús. krónur á ári.

Loks er í frumvarp þetta sett ákvæði um heimild að krefjast þess, að raforkuvirki skuli merkt viðurkenningarmerki frá eftirlitsmanni ríkisins með raforkuvirkjum. Er þetta gert eftir fyrirmynd í dönskum lögum og í samræmi við fastar venjur í flestum löndum Evrópu.

Nd. 13. Frumvarp til laga

um Raufarhafnarlæknishérað.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Stofna skal, þegar landlæknir mælir með, sérstakt læknishérað, er nefnist Raufarhafnarlæknishérað, og skipa sérstakan héraðslækni til að þjóna því. Skal hann hafa búsetu á Raufarhöfn.

2. gr.

Raufarhafnarlæknishérað nær yfir Austur-Sléttu frá Rifi og vesturhluta Þistilfjarðar að Kollavík, og minnka núverandi Öxarfjarðar- og Þistilfjarðarlæknishéruð sem því svarar.

3. gr.

Laun héraðslæknis skulu ákveðin af heilbrigðisstjórninni, unz þau verða ákveðin í launalögum.

4. gr.

Á meðan skilyrði 1. gr. eru ekki fyrir hendi skal ár hvert settur læknir á Raufarhöfn mánuðina júní—september, að báðum meðtöldum, og nái starfssvið hans yfir

Raufarhafnarlæknishérað eins og það er ákveðið í 2. gr. Þóknun læknisins skal ákveðin af heilbrigðisstjórninni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þessa efnis hefir verið flutt á Alþingi 1936, 1937 og 1938, en eigi náð fram að ganga. Alþingi hefir hinsvegar tekið upp í fjárlög 1000 kr. fjárveitingu til að launa lækni á Raufarhöfn um síldveiðitímann. En sú lausn getur ekki talizt fullnægjandi, enda þótt í henni felist mikil viðurkenning frá Alþingi á nauðsyn málsins.

Íbúar Raufarhafnar og nágrennis þurfa nú að sækja lækni til Kópaskers, sem er mjög erfitt og kostnaðarsamt. Sömuleiðis eiga vesturbæir Þistilfjarðar mjög erfiða læknissókn til Þórshafnar. Er frv. flutt samkvæmt áskorun almenns borgarafundar á Raufarhöfn, 13. febr. 1936, og áskorunum, er síðar hafa borizt.

Áherzla skal á það lögð, að heilbrigðisástand á Raufarhöfn hefir undanfarið verið allalvarlegt, og að slysahætta er þar jafnan nokkur í sambandi við iðnrekstur um sumartímann. Um síldveiðitímann kemur þangað fjöldi skipa, sem geta þurft á læknisaðstoð að halda. Við þetta er bráðabirgðaákvæði 4. gr. miðað.

Að öðru leyti vísast til þeirra ástæðna, sem fram eru færðar í erindi til Alþingis, sem samið er af nefnd, er nefndur borgarafundur kaus til að rita Alþingi um málið. Rétt er að taka það fram, að íbúum Raufarhafnar hefir fjölgað talsvert síðan erindið var samið.

Fylgiskjal.

Erindi til Alþingis.

Hinn 13. febrúar þ. á. var almennur borgarafundur haldinn hér á Raufarhöfn, þar sem m. a. var rætt um þá nauðsyn, að hér verði hið bráðasta stofnað nýtt læknishérað. Fundurinn kaus okkur undirritaða til að skrifa hinu háa Alþingi um málið.

Við viljum því hér með draga fram nokkur rök fyrir nauðsyn þessa máls, sem jafnframt geta verið til skýringar fyrir þá háttvirtu þingmenn, sem ekki eru kunnugir staðháttum.

Þess skal og getið, að héraðslæknir okkar, hr. Jón Árnason á Kópaskeri, er því mjög meðmæltur, að hér verði settur læknir, og er það því í fullu samráði við hann, að fram á þetta er farið, og nokkur af eftirfarandi atriðum eftir honum höfð.

1. Öxarfjarðarhérað nær, sem kunnugt er, frá Ormarsá, austan við Raufarhöfn, að Tunguheiði og upp á Hólsfjöll. Mun vegarlengdin enda á milli, héðan og upp á Hólsfjöll, eigi skemmri en ca. 200 km., en frá bústað læknisins til Raufarhafnar eigi skemmri en 60 km., og auk þess heiðarvegir allsnjóþungir og óvarðaðir á milli. Getur því að vetrarlagi verið næstum ókleift að ná í lækni um fleiri daga, jafnvel þótt hann sé heima, og sjúklingar því hjálparlausir þann tíma.
2. Kostnaður við læknisvitjanir hingað til Raufarhafnar og grennd verður svo mikill, að öllum þorra manna er nær ókleifur.

   Héraðslæknirinn hefir gefið okkur þær upplýsingar, að meðaltalskostnaður við hverja ferð sína hingað verði ca. kr. 70.00 auk læknishjálpar, og kostnaður við að sækja lækni til Þórshafnar, sem stundum hefir verið gert, verður oftast meiri, enda hefir sá læknir einnig víðáttumikið hérað og því ekki ætíð að hann geti við slíku snúizt.
3. Hér í þorpinu eru liðlega 200 manns heimilisfastir, og í grenndinni, sveitinni, sem hugað er að tilheyri þessu læknishéraði, annað eins, svo það mundu verða ca. 400 manns, sem læknis yrðu njótandi með hægara móti við þessa breytingu. Auk þess kemur hér á sumrin fjöldi skipa, einkum veiðiskipa, innlendra sem

útlendra, sem stundum þurfa til læknis að leita, og svo er rekin hér síldarbræðsluverksmiðja, sem af getur stafað slysahætta, sem af annari vélaiðju.

4. Samkv. millirikjasamningnum síðasta milli Íslands og Noregs, „norsku samningunum", er Raufarhöfn ein af þeim höfnum, sem Norðmenn hafa leyfi til að notfæra sér, svo langt sem það nær, enda koma þeir oft hér við, er þeir koma hér upp á sumrin til síldveiða við Norðurland, til að taka vatn o. fl., áður þeir leggja út til veiða. Af þessum skipum, ásamt öðrum útlendum skipum, er hingað koma beint frá útlöndum, getur alltaf stafað farsóttarhætta, og því nauðsyn, að læknir sé ekki búsettur fjarri slíkum stöðum.
5. Héraðslæknirinn skýrir svo frá, að fyrir nokkrum árum hafi berklaveiki verið nálega óþekkt hér á Raufarhöfn og Austur-Sléttu, en sé nú á seinustu árum mjög að breiðast út, og að ekkert viðlit sé fyrir sig í slíkri fjarlægð, er hann sitji, með víðáttumikið læknishérað, að hafa það eftirlit, sem nauðsynlegt sé í því efni.

Vér viljum því skora á hið háa Alþingi að athuga þau rök, er hér eru færð fram fyrir nauðsyn þess, að hér verði stofnað nýtt læknishérað.

Oss er það ljóst, hver útgjöld slíkt hefir í för með sér fyrir ríkið, en þegar betur er að gáð, gæti það ef til vill orðið sparnaður, að hér væri læknir, bæði fyrir ríkið og einstaklinga.

Óskum vér svo, að málaleitun vorri verði vel tekið af hinu háa Alþingi.

Með mikilli virðingu.

Raufarhöfn, 15. febrúar 1936.

Hólmsteinn Helgason. Einar B. Jónsson. Friðmundur Jóhannesson.

Til Alþingis Íslands, Reykjavík.

Nd. 14. Frumvarp til laga

um breyting á 14. gr. laga nr. 1 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Fyrir „25%" í 14. gr. laganna komi: 50%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í núgildandi lögum um síldarverksmiðjur ríkisins er svo ákveðið, að „verksmiðjurnar skulu greiða ½% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar, þó ekki yfir 25% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár."

Það ákvæði, að gjald það, er verksmiðjurnar greiða, megi ekki fara yfir 25% af útsvörum í viðkomandi hreppi eða kaupstað, kemur óeðlilega niður. Lítil verksmiðja í stórum bæ getur eftir þessu þurft að greiða mun hærra gjald en stór verksmiðja í fátækum bæ eða hreppi. Með ákvæðinu er framið ranglæti gegn sérstökum hreppsfélögum, án þess þó að það muni verksmiðjureksturinn í heild neinu, sem heitið getur.

Þar sem gera má ráð fyrir, að einhverjum þyki rétt að girða fyrir þann hugs-

anlega möguleika, að eitthvert hreppsfélag geti greitt öll gjöld sín á þennan hátt, er ekki lagt til, að ákvæðið sé fellt niður. En þess er að vænta, að Alþingi geti fallizt á þá málamiðlunarleið, sem farið er fram á í frv.

Nd. 15. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal greiða hreppsvegagjald fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20 til 60 ára að aldri, í hverri stöðu sem hann er (sbr. þó 19. gr.). Gjald þetta sé jafnhátt dagkaupi því, sem viðkomandi sýslunefnd ákveður í sýsluvegavinnu ár hvert. Heimilt er þó hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn að tvöfalda framlag til hreppsvega, og fer um greiðslu gjaldsins samkv. ákvæðum 19. gr.

2. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Hver sá maður, sem talinn er á verkfærraskrá, skal greiða hreppsvegagjaldið í peningum í sveitarsjóð, eða vinna eitt dagsverk í hreppsvegum samkv. ákvörðun hreppsnefndar.

Húsráðandi hver innir gjaldið af hendi eða annast vinnuna fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldsins, ef viðkomandi hefir ekki unnið það af sér það ár, er 31. desember.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkv. núgildandi lögum er hreppsvegasjóðsgjald ákveðið 2 kr., en má með sérstakri samþykkt sveitarstjórna hækka það upp í 5 kr. Hinsvegar mun kaupgjald í sýsluvegavinnu víðast vera um 7 kr. á dag og í ríkisvegavinnu 9 kr. Þessi mjög misjafni kauptaxti hefir víða valdið óánægju, og er frv. þetta fram borið til að jafna nokkuð aðstöðuna milli þeirra manna innan hreppanna, sem vinna gjaldið af sér, og hinna, sem greiða það í peningum, sem víða eru hinar tilskildu 2 kr. Ennfremur felst í breytingunni ákvæði um að heimila hreppsnefndum nokkra hækkun á hreppsvegagjöldum, þar sem brýn þörf er til slíkra ráðstafana.

Nánar í framsögu.

Nd. 16. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Pétur Ottesen.

I. Á eftir B. 2. í 2. gr. laganna koma nýir liðir:

a. *Lundarreykjadalsvegur:* Frá Götuási í Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.

b. *Grímsárbraut:* Af Vesturlandsvegi hjá Hesti um Varmalæk og Stóra-Kropp á Reykholtsdals- og Hálsasveitarveg.

II. Á eftir B. 3. í sömu lagagrein bætist nýr liður:
Akrafjallsvegur: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl fyrir Akrafjall um Klafastaði og Kúludalsá á þjóðveginn ofan við Skipaskaga.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:
„Breyting sú á vegalögunum, sem lagt er til að gerð verði með þessu frv., er í fullu samræmi við þá stefnu, sem við afgreiðslu og samþykkt vegalaga á Alþingi á undanförnum árum hefir verið lögð til grundvallar því, hversu háttað skuli vera umferð og legu þeirra vega, er taka beri upp í tölu þjóðvega.

Nú um allmörg ár hefir verið unnið að vegalagningu fram Lundarreykjadal, með hliðsjón af brýnni þörf þessa byggðarlags á því að komast í akvegasamband við kauptún héraðsins, og þá einnig og ekki síður með það fyrir augum, að vegurinn úr Lundarreykjadalnum um Uxahryggi á Kaldadalsveginn yrði gerður akfær. Samkvæmt rannsókn, sem á því hefir verið gerð að tilhlutun vegamálastjórnarinnar, hefir það komið í ljós, að með tiltölulega litlum kostnaði er hægt að gera akfært yfir Uxahryggi á Kaldadalsveginn. Með því að gera þessa leið akfæra er í verulegum mæli greitt fyrir samgöngum milli Norður- og Vesturlands og Reykjavíkur, því um Uxahryggi er skemmst leið úr Borgarfirðinum suður á bóginn.

Um Grímsárbraut er það að segja, að unnið hefir verið að byggingu þess vegar á undanförnum árum, og með smíði Grímsárbrúarinnar hjá Fossatúni, sem lokið var við á síðastl. sumri, og væntanlegu framhaldi á vegagerð á þessari leið og byggingu brúar á Reykjadalsá á næsta ári, eins og ég hefi lagt fram tillögur um, er leiðin frá Vesturlandsvegi hjá Hesti og á þjóðveginn í Reykholtsdal orðin bílfær. Þegar svo er komið, verður þess að sjálfsögðu skammt að bíða, að vegurinn um Grjóthála á Norðurlandsbraut verði gerður akfær, því með því móti styttist bílleiðin milli Vestur- og Norðurlands og Reykjavíkur til stórra muna, en mestu munar þó, ef áður eða jafnframt yrði vegurinn úr Lundarreykjadalnum, sem fyrr getur, um Uxahryggi á Kaldadalsveginn, gerður akfær.

Það er því hin mesta nauðsyn, bæði með tilliti til samgangnanna innanhéraðs og þá ekki síður langferðanna, að því sé hraðað sem allra mest að kostur er á að gera þessar leiðir akfærar.

Eins og kunnugt er, hefir bústofn bænda hrunið niður á þessum svæðum af völdum fjárpestarinnar. Væri það því einkar hagkvæmt að leggja nú kapp á að gera þessar leiðir akfærar og sameina þar brýna atvinnuþörf fólksins, sem misst hefir bústofninn, og þann stórfellda ávinning, sem í því felst að stytta hina fjölförnu landleið milli Vestur- og Norðurlands og Reykjavíkur um tugi kílómetra.

Unnið hefir verið að Akrafjallsvegi nú um mörg undanfarin ár, og hefir vegamálastjóri látið framkvæma mjög gaumgæfilega athugun á allri tilhögun á vegalagningu á þessu svæði, og er sú útfærsla á þjóðvegakerfinu, sem þar um ræðir, í alla staði eðlileg."

Nd. 17. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Gísla Sveinssyni og Emil Jónssyni.

Framan við frvgr. kemur nýr rómv. liður.
Á eftir A. 11. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætist nýr liður:
Dyrhólaeyjarvegur: Frá Litla-Hvammi í Mýrdal (af Suðurlandsvegi) um Loftsali að Dyrhólaeyjarvita.

Nd. **18. Frumvarp til laga**

um verðjöfnunar- og styrktarsjóð rjómabúa.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist verðjöfnunar- og styrktarsjóður rjómabúa, er sé undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

a. Að verðuppbæta smjör, sem unnið er í löggiltum rjómabúum.
b. Að verðuppbæta smjör, sem unnið er í löggiltum mjólkurbúum, úr rjóma frá framleiðendum, sem hafa erfiða aðstöðu til að senda mjólk sína óunna til búanna.
c. Að styrkja byggingu nýrra rjómabúa á þeim framleiðslusvæðum, sem mjólkurbúin ná ekki til, allt að helmingi stofnkostnaðar.
d. Að styrkja þá þætti mjólkurskipulagsins, sem landbúnaðarráðherra telur sérstaka ástæðu til, en ekki verður gert eftir ákvæðum núgildandi mjólkurlaga.

3. gr.

Til að afla sjóðnum tekna, skal leggja 10 au. gjald á hvert kg. smjörlíkis, sem framleitt er og selt í landinu, og 4 au. á hvert kg. erlends fóðurbætis, sem til landsins flyzt. Gjöld þessi innheimtast með öðrum skatta- og tollatekjum ríkissjóðs.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmdarstjórn og önnur fyrirkomulagsatriði sjóðsins.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo látandi greinargerð:

Eins og nú er komið, verður að líta svo á, að mjólkurskipulaginu stafi mest hætta af of mikilli framleiðsluaukningu hjá mjólkurbúunum og þar af leiðandi markaðsörðugleikum. Það má telja alveg víst, að ásókn aukist mjög að því að komast í þau mjólkurbú, sem fyrir eru, og um stofnun nýrra, þar sem möguleikar eru fyrir hendi. Er þar tvennt, sem veldur mestu um, að bændur una sæmilega því verði, sem mjólkurbúin skila þeim nú, svo og hitt, að mæðiveikin svo kallaða gerist stöðugt meiri vágestur í sauðfjárrækt landsmanna og knýr þá inn á nýjar leiðir sér til bjargar.

Hinsvegar má telja, að sölumöguleikar fyrir mjólk og mjólkurafurðir séu ekki miklir fyrir hendi umfram það magn, sem nú er framleitt til sölu, nema þá erlendis, sem mjög er valt að byggja á, eða þá með því að blanda meira af smjöri í smjörlíkið, þannig að smjörið komi smátt og smátt í þess stað, og þar eru möguleikarnir miklir, a. m. k. langa stund ennþá.

Að fara þá leið virðist því alveg sjálfsagt, en til þess að hún sé fær, þarf að styrkja framleiðsluna meira en nú er, eða svo mikið, að bændur almennt telji sér eins vel henta að hugsa um hana, víða á landinu, eins og sölu mjólkurinnar allrar.

Með þeim tekjumöguleikum, sem hér er gert ráð fyrir, sem mundu nema nær 200 þús. kr. á ári, verður að telja, að mikið ætti að vera hægt að gera í þessa átt, enda fullkomlega réttmætt að nota þá tekjustofna, sem hér er gert ráð fyrir, til þessa.

Nánar í framsögu.

Nd. 19. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. frv. kemur ný grein, sem verður 1. gr., svolátandi:
   Á eftir 6. gr. laganna bætist:

2. kafli.

Um sölu og leigu námuréttinda í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða og opinberra stofnana.

7. gr.

Eigi má selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða né opinberra stofnana, nema til þess sé fengið samþykki atvinnumálaráðuneytisins. Eru allar ráðstafanir í þessu efni ógildar gagnvart eigendum námuréttindanna, þangað til samþykki ráðuneytisins er fengið.

Greinatala og kaflaskipti laganna breytist samkvæmt þessu.

2. 1.—4. gr. frv. verða 2.—5. gr.
3. 5. gr. frv. fellur niður.

Alþingi, 23. febr. 1939.

Jörundur Brynjólfsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr., Sveinbjörn Högnason, frsm.
Garðar Þorsteinsson. Thor Thors.

Ed. 20. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Flm.: Jónas Jónsson.

Á eftir „Amtsbókasafn Færeyja" í 1. gr. laganna bætist: og háskólabókasafnið í Winnipeg.

Greinargerð.

Winnipeg er höfuðstaður Íslendinga í Vesturheimi. Þar eru 5—6 þúsund Íslendingar, og í nánd við borgina eru hinar stærstu og söguríkustu íslenzku byggðir vestanhafs. Háskólinn í Winnipeg er nú og hlýtur jafnan að verða merkilegt íslenzkt menntasetur. Eru þar íslenzkir kennarar og Íslendingar í stjórn háskólans. Er nú unnið að því með stórgjöfum og rausn af hálfu Íslendinga vestanhafs að safna í sjóð hálfri milljón króna til að standa um allar ókomnar aldir straum af vísindalegri kennslu í íslenzku við þennan háskóla.

Aldurhniginn maður í Winnipeg, Arnljótur Olson, hefir gefið Winnipeg-safninu aleigu sína, en það eru 2500 íslenzkar bækur í prýðilegu bandi. Arnljótur sá er náskyldur Arnljóti Ólafssyni og sr. Rögnvaldi Péturssyni og kippir í kyn um þjóðrækni. Rektor Winnipeg-háskóla sagði við mig í sumar, að hann legði hina mestu áherzlu á, að kennsla í íslenzku gæti byrjað þar sem fyrst, og væri hann í nánu

sambandi við áhugamenn úr báðum íslenzku kirkjufélögunum, sem standa að fjársöfnun í hinn mikla móðurmálssjóð Íslendinga í Vesturheimi. Taldi rektor það ómetanlegan stuðning við málið, ef Alþingi vildi lögfesta, að allar nýjar bækur frá Íslandi kæmu í þetta safn, eigi síður en til Kaupmannahafnar. Væri þá réttilega haldið áfram góðu verki Arnljóts Olsons, sem gaf allt, sem hann átti, til viðhalds og verndar íslenzkri menningu í Ameríku.

Þess er vænzt, að frv. þetta verði samþykkt án þess að óskir um slík hlunnindi til safna á Íslandi verði látnar fylgja að þessu sinni.

Ed. 21. Frumvarp til laga

um sparisjóði.

Flm.: Árni Jónsson, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Sparisjóðir hafa það markmið að taka við innlánsfé og geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, án þess stofnendur eða aðrir eigendur og ábyrgðarmenn hafi rétt til ágóða af rekstrarafgangi starfseminnar.

Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara, og mega engar aðrar stofnanir reka nein sparisjóðsstörf án sérstakrar lagaheimildar.

2. gr.

Ekki má stofna sparisjóði nema með leyfi fjármálaráðuneytisins, enda hafi umsagnar bankaeftirlitsmanns áður verið leitað. Stofnendur geta verið félag einstakra manna, bæjarfélag, sýslufélag og hreppsfélag, að fengnu leyfi sýslunefndar.

3. gr.

Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda fjármálaráðuneytinu samþykktir sjóðsins til staðfestingar, og má sjóðurinn ekki taka til starfa fyrr en staðfesting er fengin.

Í samþykktum sparisjóðs skulu meðal annars jafnan vera ákvæði:

a. Um stofnfé, tryggingarfé og ábyrgðir.
b. Um stjórn sjóðsins og starfrækslu.
c. Um móttöku sparifjár, þar á meðal hámark innstæðu einstakra viðskiptamanna, hámark útborgana á sparifé og hvaða fresti sjóðurinn áskilur sér um uppsögn og greiðslu á því.
d. Um vaxtagreiðslu af sparifé.
e. Um lán úr sjóðnum.
f. Um ágóða sjóðsins og varasjóð.
g. Um endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins.
h. Um hvernig samþykktum sjóðsins geti orðið breytt svo að löglegt sé.

4. gr.

Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er lagt hafa fram fé til starfrækslu sparisjóðs, hvort heldur er stofnfé eða greitt ábyrgðarfé, mega ekki fá hærri arð eða vexti af slíku fé en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

5. gr.

Í stjórn hvers sparisjóðs mega ekki vera færri en 3 menn. Stjórnin kýs sér formann.

Sé sparisjóður eign sýslu eða bæjarfélags, skal stjórnin kosin af hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

Stjórn sparisjóðs, sem er eign félags einstakra manna og hefir á hverjum tíma minnst ábyrgð 20 manna í kaupstöðum eða 12 manna utan kaupstaða, enda sé lágmark ábyrgðarfjár 5 þús. kr. í kaupstöðum og 3 þús. kr. utan þeirra, skal kosin þannig, að meiri hlutinn, t. d. 2 af 3 eða 3 af 5, skulu kosnir af ábyrgðarmönnum á aðalfundi sparisjóðsins, sem haldinn skal eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, hinir stjórnarmennirnir skulu kosnir á sama tíma af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd. Hlutfallskosning skal viðhöfð, ef óskað er, þegar tvo eða fleiri skal kjósa.

Nú hefir sparisjóður, sem er eign félags einstakra manna, ekki ábyrgð svo margra manna eða svo mikið ábyrgðarfé sem í þriðju málsgrein segir, og skal stjórn hans þá kosin af sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

Um kosningu í stjórn sparisjóðs, sem er eign hreppsfélags, fer sem fyrir er mælt í samþykktum sjóðsins.

Engan má kjósa í stjórn sparisjóðs til lengri tíma en 4 ára í senn. Stjórn sparisjóðs ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Tilkynna skal bankaeftirlitsmanni tafarlaust, hverjir eru kosnir í stjórn sparisjóðs og ráðnir starfsmenn hans.

Birta skal í lögbirtingablaði, hverjir séu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn og hverjir þeirra hafi umboð til að undirrita skuldbindingar og kvittanir fyrir sjóðinn.

Stjórnendur bera ábyrgð allir fyrir einn og einn fyrir alla á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

Tapist eitthvað af fé sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða starfsmanna eða annara, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

6. gr.

Stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra, né reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Sé stjórnandi eða starfsmaður sparisjóðs í stjórn annars fyrirtækis eða framkvæmdarstjóri þess, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum, nema sparisjóðsstjórn samþykki það einróma og bankaeftirlitsmaður leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, ekki fram úr $^{3}/_{5}$ matsverðs fasteignarinnar.

7. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina fjárhæð úr sparisjóði eða í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann sömuleiðis tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þótt aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er, að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

8. gr.

Hafi féhirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum fyrir starf sitt, er nemi 600 kr. eða meira, skal hann setja trygging fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Bankaeftirlitsmaður ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

9. gr.

Við hvern sparisjóð skulu vera tveir endurskoðunarmenn, kosnir til eins árs af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd með hlutfallskosningu. Þeir skulu rannsaka allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefa gætur að því, svo oft sem þörf er á, að ekkert vanti á eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sé í fullu samræmi við samþykktir hans.

Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sparisjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Taki stjórn sparisjóðs athugasemdir endurskoðunarmanna ekki til greina, eða tregðist við að bæta úr ágöllum, sem þeir telja vera á starfrækslu sjóðsins, skulu endurskoðunarmenn tafarlaust tilkynna bankaeftirlitsmanni það.

Fjármálaráðuneytið setur, eftir tillögum bankaeftirlitsmanns, nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóða.

10. gr.

Eftirlit með sparisjóðum annast bankaeftirlitsmaður ríkisins, og fer um það sem segir í lögum þessum og í lögum um eftirlit með bönkum og sparisjóðum.

11. gr.

Í öllum viðskiptabókum sparisjóðs skal vera prentað ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvæðum fjármálaráðuneytisins, svo og samþykktir sparisjóðsins.

Taki sparisjóður við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að taka út peninga af innstæðunni gegn ávísun og án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Innstæðueigandi getur áskilið, að á áberandi stað á viðskiptabók sinni sé letrað, að hann einn, eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið peninga úr henni.

12. gr.

Ef viðskiptabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæður, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sé þrisvar í röð í lögbirtingablaði, með 6 mánaða fyrirvara frá því að fyrsta auglýsingin er birt, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefir sagt til sín áður en téður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiptabókina hefir fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiptabókin kann að hafa verið afsöluð, geti gert kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, skal ekki reikna vexti af innstæðunni framar. Ber þá að skora á eiganda að segja til sín, og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og ef bók glatast. Ef hann gefur sig ekki fram áður en tilskilinn frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild og féð ásamt vöxtum eign sparisjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða féð, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan fimm ára.

13. gr.

Af sparisjóðsinnstæðu má ekki greiða nema því aðeins, að viðskiptabókin sé sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í hana. Þó má greiða innstæðufé gegn ávísun, ef eigandi hefir samið svo um og það er letrað á viðskiptabók hans.

Innlögum má veita móttöku, þótt viðskiptabók sé eigi sýnd. Skal þá gefin út sérstök kvittun og þess getið í kvittuninni, að hún sé ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum.

14. gr.

Aldrei má sparisjóður taka á móti meira innlánsfé en svo, að það að frádregnu því, er hann á í sjóði, innistandandi í innlendum bönkum, í tryggum verðbréfum

eða lánum gegn veði í fasteign, nemi 25 sinnum eigin fé sjóðsins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá samkvæmt þessari málsgrein önnur fasteignalán en þau, þar sem lánið, ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meiru en ⅗ fasteignamatsverðs hennar.

Til útlána gegn sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð héraðs eða sveitar og til fasteignaveðslána umfram 60% matsverðs má sparisjóður aldrei verja meiru en sem svarar 12½ sinnum eigin fé sjóðsins. Þar af mega sjálfskuldarábyrgðarlán aldrei nema meiru en tvisvar sinnum eigin fé sjóðsins.

Undanþegnir ákvæðum þessarar greinar eru þó sparisjóðsdeildir þeirra banka, þar sem ríkissjóður ábyrgist skil á innlánsfé.

15. gr.

Eigi má veita lán úr sparisjóði nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og ákveði hámark lánsupphæðar.

Sjálfskuldarábyrgðarlán til einstakra manna má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að borgað sé af þeim árlega, og ekki til lengri tíma en 10 ára.

16. gr.

Aldrei má sparisjóður lána einum viðskiptamanni, eða fleiri viðskiptamönnum, sem eru fjárhagslega tengdir, meira en sem svarar 35% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu. Þó getur bankaeftirlitsmaður leyft, ef sparisjóðsstjórn óskar þess einróma, að þessi upphæð megi vera allt að 50% af eigin fé og ábyrgðarfé sparisjóðsins.

Í ofangreindri lánsupphæð skal þó ekki telja:

1. Lán veitt gegn veði í fasteign, ef það er ekki hærra en ⅗ fasteignamatsverðs.
2. Lán veitt gegn veði í skipum allt að 50% af matsverði.
3. Lán, sem eru tryggð með innieign í sparisjóðnum sjálfum, tryggum verðbréfum eða öðru handveði.

17. gr.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum minnst ⅒ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 70% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna bankaeftirlitsmanni það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

Bankaeftirlitsmaður skal á hverjum tíma ákveða, hvaða verðbréf megi kaupa samkv. 14. og 15. gr.

18. gr.

Hver sparisjóður greiðir árlega 2% af nettóágóða sínum í sameiginlegan sjóð, er nefnist tryggingarsjóður sparisjóða. Framlög hvers sparisjóðs, að viðbættum árlegum vöxtum, er séreign hans í sjóðnum, og fellur gjaldskylda hans niður, þegar eign sparisjóðs í tryggingarsjóði er orðin 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins.

Tryggingarsjóður skal geymdur í banka með ríkisábyrgð eða auðseljanlegum verðbréfum.

Stjórn tryggingarsjóðs skipa bankaeftirlitsmaður, sem er formaður hennar, skrifstofustjórinn í fjármálaráðuneytinu og hagstofustjóri.

Tilgangur sjóðsins er að tryggja innstæður í sparisjóðum og greiðslur á þeim. Má hann veita sparisjóði bráðabirgðalán, gegn tryggingum, er stjórn tryggingarsjóðs metur gildar, til að fullnægja skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé.

Hætti sparisjóður störfum, hefir hann rétt til að fá innieign sína í tryggingarsjóði greidda, og skal hún þá ganga til greiðslu á kröfum innstæðueigenda.

Reikningsár tryggingarsjóðs er almanaksárið. Reikningar tryggingarsjóðs skulu endurskoðaðir af yfirskoðunarmanni landsreikninga og birtir í stjórnartíðindum.

Fjármálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins.

19. gr.

Innstæðueigandi skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins, og skal þar tilgreind sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufénu.

Sérstaka bók skal jafnan halda um lán úr sjóðnum, og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, og skal þar tilgreint um lántakanda, tryggingu, upphæð lánsins, afborganir og vaxtagreiðslur.

Halda skal skrá um eignir sparisjóðs, svo sem verðbréf o. fl. Einnig skal halda skrá um skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers og eins gagnvart sjóðnum.

Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sérstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

Ennfremur skal hver sparisjóður hafa gerðabók, er í séu skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánsynjanir, lántökur og annað slíkt.

Fjármálaráðuneytið setur reglur um bókfærslu sparisjóða og ákveður fyrirmynd allra skjala.

20. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóður ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú lætur sparisjóður skuldabréf eða verðbréf að handveði til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðsins einnig bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

21. gr.

Sparisjóður má ekki eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans. Í hlutabréfum má hann ekki eiga meira en 15% af eigin fé sínu. Þó má hann yfirtaka eign, sem honum hefir verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda.

22. gr.

Ekki má sparisjóður gefa út handhafaávísanir á sjálfan sig.

23. gr.

Árstekjur sparisjóðs, að frádregnum kostnaði, vöxtum og því fé, sem lagt er til hliðar til að mæta fyrirsjáanlegum töpum, skal leggja í varasjóð.

Heimilt er að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á stofnfé og greiddu ábyrgðarfé, ef varasjóður nemur meiru en 10% af sparisjóðsinnstæðum.

Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða annað þaðan, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðum samanlögðum. Þegar hagur varasjóðs leyfir, getur sparisjóðsstjórn ákveðið, að fengnu samþykki bankaeftirlitsmanns, að verja fé úr sjóðnum til almenningsþarfa.

24. gr.

Reikningsár sparisjóða er almanaksárið. Ársreikningur sparisjóðs skal tilbúinn fyrir marzmánaðarlok.

Bankaeftirlitsmaður semur fyrirmynd að reikningum sparisjóða.

25. gr.

Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hrökkvi ekki til, og stjórn sparisjóðs og ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fé það, er á vantar að varasjóður geti borið tjónið, skal stjórn sparisjóðsins tafarlaust skýra bankaeftirlitsmanni frá því. Komi það í ljós eða sé ástæða til að ætla, að tapið, þar með talið væntanlegt tap á útistandandi lánum, nemi öllum varasjóði, og þar að auki 25% af stofnfé eða ábyrgðarfé, skal bankaeftirlitsmaður tafarlaust halda fund með sparisjóðsstjórninni og gera þær ráðstafanir, er hann telur nauðsynlegar.

Verði eigi bætt úr þessu innan hæfilegs tíma, á þann hátt, að rekstur sjóðsins verði tryggur að dómi bankaeftirlitsmanns, skal hann stöðva rekstur sjóðsins.

Verði ákveðið, að sjóðurinn hætti störfum sínum, skal sú ráðstöfun auglýst í lögbirtingablaði.

Skuldheimtumenn sparisjóðs geta þá tekið ákvörðun um það, hvort þess skuli krafizt, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar eða eigi.

26. gr.

Heimilt er að geyma fé ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

27. gr.

Fé það, sem lagt hefir verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi meðan það stendur þar.

28. gr.

Sparisjóðir eru undanþegnir tekjuskatti og útsvari.

29. gr.

Ef sparisjóður leggst niður og engin ákvæði eru í samþykktum sjóðsins um það, hvernig fara skuli um eigur hans, getur hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn sjóðsins, að eigunum skuli varið til almenningsþarfa.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 500 kr., nema þyngri hegning liggi við. Sektir allar renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

31. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú hafa rétt til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sérstökum lögum.

32. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði, lög nr. 13 26. apríl 1935, um viðauka við og breyting á lögum nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði, og önnur lög og lagaákvæði, sem kunna að fara í bága við lög þessi.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1940.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fullnægi einhverjir þeir sparisjóðir, sem nú eru starfandi, ekki öllum ákvæðum laga þessara, skal þeim, ef það telst nauðsynlegt, veittur frestur, sem bankaeftirlitsmaður ákveður í samráði við sparisjóðsstjórn, til þess að koma skipulagi sínu og starfsemi í það horf, að ákvæðum laganna sé fullnægt. Að öðru leyti gilda

öll ákvæði laganna einnig um þá sparisjóði, sem frest hafa fengið, meðan þeir eru að samræma skipulag sitt og starfsemi samkvæmt fyrirmælum laganna.

Fjármálaráðuneytið fer með þau störf, sem bankaeftirlitsmanni eru ætluð eftir lögum þessum, þar til hann verður skipaður.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd í bankamálum, en flutningsmenn áskilja sér óbundnar hendur um einstök atriði málsins. Frumvarpinu fylgdi frá nefndinni eftirfarandi greinargerð:

Milliþinganefnd í bankamálum hefir samið frv. til laga um sparisjóði, það er hér fylgir. Aðalefnið er núgildandi sparisjóðalög, en þó gerðar nokkrar breytingar á þeim, og allmiklu aukið við. Til hliðsjónar hefir nefndin haft löggjöf nágrannaþjóðanna um sparisjóði, en alls ekki fylgt henni nema að sumu leyti. Hefir hún fellt niður, aukið við og breytt eftir staðháttum hér, eftir því sem henni hefir þótt við eiga. T. d. er stjórn sparisjóðanna allmjög á annan veg fyrir komið hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum en hér er gert ráð fyrir sumstaðar. Þar færist valdið um val stjórna yfir til sparifjáreigenda, að miklu eða öllu leyti, stuttu eftir stofnun þeirra, en stofnendur eða ábyrgðarmenn hafa lítið eða ekkert um það að segja.

Ekki sá nefndin sér fært að leggja til, að það skipulag yrði tekið upp hér, þó það hafi ýmsa kosti. Þóttist hún varla geta vænzt þess, að þátttaka sparifjáreigenda í stjórn sjóðanna yrði almenn sem þarf að vera, eigi það skipulag að ná tilgangi sínum. En það er víst, að almennari áhugi og meiri skilningur á gagnsemi sparifjárstarfsemi er til stórmikils gagns og þyrfti að komast á hér á landi, því það er þjóðareinkenni og þjóðarlöstur á Íslendingum að vera hirðulausir um slíkt og eyða öllu því, sem þeir afla, og frekar meira en því heldur en minna.

Það telur nefndin og rétt, að stjórn sparisjóðanna eigi ekki að vera nema að sumu leyti í höndum stofnenda þeirra. Sparisjóðina á að reka með hag sparifjáreigenda og almennings fyrir augum, en ekki til arðs fyrir stofnendur þeirra, enda eru ákvæði í lögum, sem eiga að sjá um, að arður þeirra geti ekki orðið nema hverfandi. Því hefir nefndin lagt til, að vald opinberra aðilja, bæjarstjórna, sýslunefnda og umboðsmanna ríkisins, verði frekar aukið en minnkað. Á það að geta komið í stað þess valds og eftirlits, sem sparifjáreigendum er tryggt í löggjöf nágrannaþjóðanna.

Nefndin lítur svo á, að það eigi að vera aðalhlutverk sparisjóðanna að geyma sparifé manna og ávaxta það á sem tryggastan hátt. Hitt sé afleiðing þar af, að innlánsfé verði að lána út, og um þau útlán verði að búa sem tryggilegast, svo þau verði ekki til þess að sparifé tapist. Að því lúta og þau ákvæði, sem nefndin vill telja aðalatriðin í breytingartillögum sínum.

Í fyrsta lagi það, að takmarka og miða við eigið fé hvers sparisjóðs þá fjárhæð, sem verja megi til útlána. Í öðru lagi að takmarka, hvað lána megi einum viðskiptamanni eða fleirum, sem eru fjárhagslega tengdir. Og í þriðja lagi að stofna tryggingarsjóð sparisjóðanna, sem hlaupi í svipinn undir bagga með sparisjóðum um greiðslur á innstæðufé, ef óvæntar kröfur eru gerðar til þeirra um það, en fé þeirra fast í útlánum.

Um fyrsta atriðið er það að segja, að hvergi hefir verið talið fært að gera kröfur til sparisjóðanna um mikið stofnfé. Leiðir það meðal annars af því, að alstaðar er talið rétt að útiloka þá möguleika, að stofnun sparisjóða geti verið gróðabragð fyrir stofnendur þeirra. Svíar, með sitt mikla fjármagn, krefjast ekki meira en 10 þús. kr. stofnfjár, og má þó veita undanþágu frá því, allt niður að þrem þús. króna. Það er því augljóst, að það getur aldrei orðið mikil trygging í stofnfénu, ef um mikið innstæðufé er að gera og því öllu varið til útlána. Varasjóðir sparisjóðanna geta ekki heldur vaxið mjög fljótt, þótt öll varúð sé höfð á um útlán og skuldatöp komi ekki fyrir. Hinsvegar telur nefndin ekki fært að takmarka rétt sjóðanna til að veita

innlánsfé móttöku við eigið fé þeirra, því það gæti orðið þeim mjög bagalegt, og jafnvel hættulegt fyrir álit þeirra, ef þeir yrðu að neita að taka við því. Nefndin leggur því til, í 14. gr. frv., að takmarka rétt sparisjóðanna til áhættuútlána svo, að eigið fé þeirra nemi minnst 4% af þeim. Það, sem sparisjóði kann að berast af innlánsfé umfram það, verður hann að geyma í sjóði, í innstæðu í banka, í tryggum verðbréfum eða lánum gegn góðu fasteignaveði. Það getur auðvitað alltaf verið álitamál, hvort þetta takmark, 4%, sé rétt ákveðið. Nefndin lítur svo á, að minni trygging megi ekki vera í eignum sparisjóðs bak við áhættulán hans, og að frekar ætti að hækka hana en lækka.

Þá hefir nefndin talið rétt að takmarka enn meir rétt sparisjóðanna til þeirra útlána, sem hún telur áhættusömust. Eru það sjálfskuldarábyrgðarlán (þar er þó ekki átt við víxla), sem öllum ber saman um, að verst greiðist, og er því lagt til í frv., að til þeirra lána megi ekki verja meira en tvisvar sinnum eigin fé hlutaðeigandi sjóðs. Er það enginn bagi fyrir sjóðina, þó að sú lánastarfsemi minnki, og gott fyrir stjórnendur þeirra að geta bent á skýr lagafyrirmæli, sem taka af um, að hægt sé að reka hana nema mjög takmarkaða.

Ekki verður um það sagt með neinni vissu, hvernig ástatt er hjá sparisjóðunum nú í þessu efni. Skýrslur þeirra eru ekki svo sundurliðaðar, að af þeim verði dregnar ábyggilegar ályktanir. Þó virðist útlit fyrir, að þeir fullnægi allflestir því að hafa eigið fé, sem nemur 4% af áhættulánum þeirra, hafi þeir ekki gert því meira að því að lána út á fasteignir umfram 60% matsverðs. Nokkrir sjóðir hafa gengið lengra í sjálfskuldarábyrgðarlánum en gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar að leyft verði, og hlýtur þeim að verða gefinn hæfilegur frestur til að lagfæra það, verði þessar tillögur samþykktar. En hvað sem því líður, hvernig þetta kemur við einstaka sparisjóði í svipinn, verður að samþykkja það, sem skynsamlegast þykir, bezt tryggir aðalhlutverk sjóðanna, og að þeir fái notið sín við það.

Nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa allar hliðstæð ákvæði þeim, sem hér er lagt til að taka upp í sparisjóðalöggjöf okkar, og mælir það, ásamt öðru, með því að þau verði samþykkt. Og þó ekki sé hægt að benda á mörg dæmi þess, að óvarleg útlánastarfsemi hafi komið sparisjóðum á kné, þrátt fyrir fá lagafyrirmæli þar um, er engin ástæða til að láta vera að búa eins tryggilega um þá starfsemi í sparisjóðalögunum og unnt er og sanngjarnt þykir.

Í frv. til laga um eftirlit með bönkum og sparisjóðum, er bankanefndin hefir samið, leggur hún til, að ákveðið verði hámark þess, sem lánsstofnanir megi lána einstökum viðskiptamönnum og fleiri, sem eru fjárhagslega tengdir. Í samræmi við það eru ákvæði 16. gr. frv. til laga um sparisjóði. Nefndin leggur mikla áherzlu á, að slík ákvæði verði lögfest hér. Er hvorttveggja, að öll reynsla hér á landi mælir með, að þess sé full þörf, og að aðrar þjóðir hafa talið ástæðu til þess að ákveða svipað í sínum banka- og sparisjóðalögum. Einnig hefir nefndin orð bæði danskra og sænskra bankafræðinga fyrir því, að mjög sé nauðsynlegt að fylgja því vel eftir, að lánsstofnanir bindi ekki fé sitt um of hjá einum eða fáum viðskiptamönnum. Telja þeir, að flest, ef ekki öll, bankahrun á Norðurlöndum hafi stafað af því, að ekki hafi verið gætt nægrar varfærni í því efni.

Það er líka augljóst, að ekki er heppilegt fyrir lánsstofnun að binda fé sitt svo hjá einum eða fáum mönnum, að hrun þeirra geti leitt af sér hrun lánsstofnunarinnar. Er mjög hætt við, að þá verði freistazt til að halda lánveitingum áfram lengur en nokkurt vit er í, til þess að fresta hættulegu uppgjöri, og að jafnvel geti farið svo, að það sé fremur lánþegi, sem hafi lánsstofnunina í hendi sér, en hún hann.

Þegar til þess kemur að ákveða hámark útlána til einstakra viðskiptamanna, virðist nefndinni ekki um aðra leið að gera en þá, sem hún leggur til að verði farin, að miða þar við eigið fé lánsstofnunarinnar, enda er það í samræmi við það, sem aðrar þjóðir hafa gert í því efni. Að miða þar við ákveðna fjárhæð telur nefndin ekki koma til mála, og þar sem þessi ráðstöfun er til þess að tryggja lánsstofnun-

ina, og þar með eigendur innlánsfjárins, gegn tapi, verður að miða við eigið fé, en ekki starfsfé stofnunarinnar.

Allar þjóðir, sem hafa ákvæði lík þessum, munu undanskilja hámarki viss lán, og er lagt til, að svo verði einnig gert hér. Hlýtur þá hámarkið að fara nokkuð eftir því, hvernig sú flokkun er. Hér er lagt til að veita fáar slíkar undanþágur, en hafa hlutfallið milli eigin fjár lánsstofnunarinnar og þess, sem hún má lána hverjum einstaklingi, öllu hærra en tíðkast annarsstaðar. Telur nefndin það réttara en að gefa lánsstofnunum frjálsar hendur um lán gegn vöruvíxlum og öðrum hliðstæðum tryggingum, sem hér munu oft hafa reynzt lítils virði.

Þriðja meginbreytingin, sem nefndin leggur til með frv. sínu að gerð verði, er að stofna skuli tryggingarsjóð sparisjóðanna. Slíka sjóði hafa nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum, og er tilgangur þeirra svipaður og nefndin gerir tillögur um, en form og fyrirkomulag nokkuð öðruvísi. Að áliti nefndarinnar verður, að minnsta kosti í fyrstu, að binda hlutverk sjóðsins við það, að veita sparisjóðum lán til þess að standa skil á innlánsfé, og að sjálfsögðu alltaf að binda sig við það, að lána þeim sjóðum einum, sem eru fjárhagslega tryggir. Á það er lögð áherzla í lögum þeirra þjóða, sem nefndin hefir haft til hliðsjónar við samningu þessa frv. Norðmenn — en þeirra löggjöf er einna fyllst í þessu atriði — leyfa víðtækari lánveitingar til sparisjóðanna úr tryggingarsjóði en nefndin hefir séð sér fært að leggja til að svo stöddu, en hinsvegar er henni ljóst, að verksvið sjóðsins getur orðið og á að verða víðtækara þegar tímar líða og honum vex fiskur um hrygg. Þá er ekki útilokað, að hann geti tekið upp beina styrktarstarfsemi í einu eða öðru formi, en nefndin lítur svo á, að meðan svona sjóðstarfsemi er óþekkt hér, beri að fara varlega og takmarka sem mest verksviðið við það, sem búast má við, að sé í einu nauðsynlegast og vinsælast.

Norðmenn hafa það fyrirkomulag á stjórn síns sjóðs, að hver sparisjóður kýs einn mann til þess að mæta á aðalfundi, en þar er kosin stjórn tryggingarsjóðs og endurskoðendur og úrskurðaðir reikningar hans. Þar eru líka settar nánari reglur um starfsemi sjóðsins og yfirleitt allt það gert, sem aðalfundir félaga starfa að.

Nefndin sá sér ekki fært að leggja til að taka hér upp þetta fyrirkomulag. Er það hvorttveggja, að það er svo kostnaðarsamt, að þó nokkur hluti af tekjum sjóðsins mundi fara í kostnað þess vegna, því naumast er hægt að gera ráð fyrir, að menn störfuðu að þessu fyrir ekkert, og hitt þó verra, að naumast er hægt að gera ráð fyrir því, að sá áhugi yrði fyrst í stað um starfsemi sjóðsins, að þátttaka í aðalfundi yrði nokkuð jöfn frá öllum sjóðunum. Því virtist nefndinni sjálfsagt að velja í fyrstu einfalt og óbrotið stjórnarform, og sá þá ekki annað heppilegra en það, sem lagt er til í frv. Allir þeir menn, sem þar er lagt til, að verði lögskipaðir í stjórn tryggingarsjóðs, eru opinberir sýslunarmenn og hafa með málefni sparisjóðanna að gera og eiga að vera þeim kunnugir. Starf það, sem verður lagt á þá með þessu, verður hinsvegar naumast það mikið, að það íþyngi þeim verulega. Þetta stjórnarform er því einfalt, ætti að vera ódýrt og tryggir jafnframt, að þeir, sem tryggingarsjóði stjórna, verða þeir menn, sem ættu að hafa einna mesta þekkingu á starfsemi og hag allra sparisjóða í landinu.

Eftir norskum lögum er tryggingarsjóður sameign sparisjóðanna og getur því aldrei komið til útborgunar til einstakra sjóða. Nefndin leit svo á, að heppilegra og vinsælla yrði að hafa það fyrirkomulag hér, að hver sparisjóður ætti sín framlög og vexti af þeim, og sú eign kæmi til útborgunar, ef sparisjóður hættir störfum. Er það líka í meira samræmi við tilgang sjóðsins, þar sem honum er ætlað að veita lán, en ekki styrki, að hluti hvers sparisjóðs sé séreign hans, og sjóðurinn því hliðstæður stofnsjóðum félaga í samvinnufélagi.

Nefndin væntir þess, að öll þessi atriði og önnur þau, sem hún leggur til, að aukið verði við og breytt í sparisjóðalögunum, megi verða til að auka vöxt þeirra og viðgang, og þó sérstaklega að tryggja þá og treysta í því aðalhlutverki þeirra að geyma og ávaxta sparifé manna.

Um einstakar greinar frv. vill nefndin taka fram eftirfarandi:

Um 1. gr.

Þar eru teknar saman 1. og 4. gr. sparisjóðalaganna. Virðist fara betur á því að hafa þær í einni grein og byrja lögin með því að taka fram, að engar stofnanir, aðrar en þær, sem fullnægja ákvæðum þessara laga, megi reka sparisjóðsstörf án sérstakrar lagaheimildar. Einnig virðist rétt að taka fram þar, að stofnendur skuli ekki njóta neins ágóða af rekstrarafgangi sparisjóðs, annars en þess, sem ákveðið er samkv. 4. gr. Þá er og fellt niður það ákvæði úr 1. gr. sparisjóðalaganna, að sparisjóðir skuli taka við fé „einstakra manna" til að geyma það og ávaxta, því samkvæmt því getur leikið vafi á, hvort sparisjóðir hafi mátt geyma fé sjóða og stofnana. Það hafa þeir þó gert, enda ekkert við það að athuga, og virðist því ástæðulaust að halda ákvæðum, sem gætu talizt hamla því.

Um 2. gr.

Efni þeirrar greinar er nýtt. Telur nefndin sjálfsagt, að fjármálaráðuneytið geti bannað stofnun sparisjóðs, ef hann virðist óþarfur eða jafnvel til skaða. Má t. d. benda á, að vafasamt er, hvort rétt sé að leyfa að stofna sparisjóð þar, sem annar sparisjóður, banki eða bankaútibú er fyrir á staðnum, nema alveg sérstakar ástæður mæli með því. Getur slík stofnun leitt af sér óheilbrigða samkeppni um að draga að sér sparifé, og einnig skapað óreiðumönnum aðstöðu til að ganga á milli lánsstofnana og slá þær um lán. Samkvæmt sparisjóðalögunum skal stjórnarráðið að vísu staðfesta lög og reglugerð nýrra sparisjóða, en það virðist þrátt fyrir það ekki geta tálmað stofnun þeirra, fari þær samþykktir eftir sparisjóðalögunum og fullnægi ákvæðum þeirra. Einsætt virðist, að fjármálaráðuneytið, sem gengið er út frá, að fari með framkvæmd þessara mála, leiti umsagnar stofnunar þeirrar, sem fer með eftirlit með sparisjóðum, um það, hvort rétt sé að leyfa stofnun nýs sparisjóðs, og taki fullt tillit til umsagnar hennar.

Um 3. gr.

Það er fyrri hluti 2. gr. sparisjóðalaganna. Breytingar eru að mestu orðabreytingar. Þó er þar ákveðið, að í samþykktum sparisjóðs skuli vera ákvæði um, hve háar innstæður einstakra viðskiptamanna megi vera. Telur nefndin nauðsyn á að slík ákvæði séu til, því það geti verið sparisjóði stórhættulegt að starfa að miklu eða jafnvel mestu leyti með fé frá einum eða fáum innleggjendum. Hinsvegar virðist ókleift að setja í lög sanngjörn ákvæði um þetta atriði, því hve háar slíkar innstæður mega vera, sjóðnum að skaðlausu, fer eftir ýmsum ástæðum, svo sem stærð sjóðsins, hvaða fresti hann áskilur sér um greiðslu á innlánsfé, fjárráðstöfun sjóðsins o. fl.

Um 4. gr.

Réttara virðist að miða vexti af stofnfé og greiddu ábyrgðarfé við það, að þeir séu ákveðið hærri en vextir af innlánsfé. Leggur nefndin því til, að þeir megi aldrei vera meira en 1% hærri en innlánsvextir. Getur það ekki talizt of hátt, miðað við það, hve féð er bundið, og áhættu, sem framlaginu fylgir, og er því varla hægt að telja, að það fari í bága við þau ákvæði 1. gr., að stofnendur eða ábyrgðarmenn skuli engan ágóða hafa af rekstri sjóðsins. Að öðru leyti er greinin 3. gr. sparisjóðslaganna óbreytt.

Um 5. gr.

Nefndin hefir gert nokkrar breytingartillögur við skipun sparisjóðsstjórna, en ákvæði þau, sem um það gilda, eru í 6. gr. sparisjóðalaganna og lögum nr. 83 26. apríl 1935.

Í fyrsta lagi sér nefndin ekki ástæðu til að ákveða annað um tölu stjórnenda en að þeir skuli fæst 3. Það er alveg óvíst, að nokkur brýn þörf sé á að fjölga þeim, þó sjóðurinn reki innheimtu og hlaupareikningsstarfsemi. Hinsvegar er fjár-

málaráðuneytinu og bankaeftirlitsmanni innan handar að sjá um, að í samþykktir sjóðanna komist ákvæði um fjölmennari stjórn, ef það telst tryggilegra.

Þá getur nefndin ekki séð, hver er munur á þeim sparisjóðum, sem lögin nefna sjálfseignarstofnanir, og eign félags einstakra manna. Yfirleitt mun hægt að telja alla þá sparisjóði, sem ekki eru eign sýslu, bæjar- eða hreppsfélags, eign félags einstakra manna, og hingað til munu sparisjóðir hafa verið sjálfráðir um, hvort þeir hafa nefnt sig. Því leggur nefndin til, að stjórnarkosningu sé eins hagað í þeim öllum. Eina skilgreiningin, sem hægt væri að gera, er að flokka sparisjóðina eftir því, hvort þeir eru eign félags, sem rekur aðra starfsemi, svo sem verzlun, eða félags, sem eingöngu er stofnað til að reka þá. En sú flokkun virðist ekki gefa neitt tilefni til þess, að annar sá flokkur hafi meiri rétt um kosningu stjórnar. Að minnsta kosti er sízt ástæða til að gefa félagi, sem samhliða rekstri sparisjóðs hefir aðra starfsemi, meira sjálfræði um það. Þar er einmitt mun meiri hætta á, að önnur sjónarmið en hagsmunir sparifjáreigenda geti ráðið um fjármeðferð. En íhlutun opinberra stofnana, eins og sýslu eða bæjarfélags, um kosningu stjórna sparisjóðanna réttlætist einmitt af því, að þeir aðiljar eiga að gæta hagsmuna sparifjáreigenda og tryggja gætilega lánastarfsemi. Annars væri sú íhlutun ástæðulaus.

Þá leggur nefndin til, að auk þess að þurfa vissa tölu ábyrgðarmanna til þess að þeir megi kjósa hluta af stjórn sjóðsins, verði einnig að vera ákveðið lágmark ábyrgðarfjár. Ábyrgð, sem aðeins er nafnið, á ekki að veita nein slík réttindi, og því virðist réttmætt að setja ákvæði, sem tryggi, að um einhverja raunverulega ábyrgð sé að ræða.

Ennfremur telur nefndin ekki rétt að festa það í lögum, að stjórnir sparisjóða skuli aldrei kosnar til lengri tíma en eins árs. Virðist nægilegt að ákveða þar, að kjörtími skuli í lengsta lagi vera fjögur ár, og láta nánari ákvæði um slíkt vera í samþykktum hvers sjóðs. Ætti það að vera næg trygging fyrir því, að ekki yrði of mikil fastheldni í þeim efnum, þar sem opinberir aðiljar (fjármálaráðuneytið og bankaeftirlitsmaður) geta líka ráðið um, hvernig frá þeim ákvæðum er gengið í samþykktum sjóðanna.

Að öðru leyti eru breytingar á þessum ákvæðum orðabreytingar.

Um 6. gr.

Í þeirri grein er það nýtt, að ef stjórnandi eða starfsmaður sparisjóðs er jafnframt í stjórn eða framkvæmdarstjóri annars fyrirtækis, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum, nema gegn tryggu fasteignaveði, eða einróma samþykki stjórnar og leyfi bankaeftirlitsmanns komi til. Telur nefndin þetta ákvæði nauðsynlegt, þar sem búast má við, að af því geti stafað hætta fyrir sparisjóðina, ef forstjórar þeirra verða á þann hátt bundnir fjármálafyrirtækjum, og geti því freistazt til að veita þeim frekari lán en hollt er fyrir sparisjóðina. Einnig er það vörn fyrir stjórnendur sparisjóðanna gegn því, að fyrirtæki, sem þeir stjórna jafnframt sparisjóði, geri sífelldar kröfur til þeirra um útvegun lánsfjár hjá þeim sjóði, sem þeir stjórna, geti þeir bent á slík ákvæði sem þarna er lagt til að verði sett.

Hinsvegar virðist ekki fært að banna það, að starfsmenn eða stjórnendur sparisjóða hafi jafnframt stjórn annara fjármálafyrirtækja á hendi. Er það hvorttveggja, að fáir eða engir sparisjóðir munu geta borgað þau laun, að hægt sé að lifa á þeim einum, og einnig hitt, að sem stjórnendur og starfsmenn þeirra munu veljast þeir menn, sem bezt eru hæfir til að veita öðrum fjármálafyrirtækjum forstöðu.

Að öðru leyti er greinin 7. gr. sparisjóðalaganna óbreytt.

Um 7. gr.

9. gr. sparisjóðalaganna, aðeins með orðabreytingum.

Um 8. gr.

10. gr. sparisjóðalaganna, að því einu breyttu, að lagt er til, að bankaeftirlitsmaður í stað stjórnarráðs ákveði tryggingarfjárhæð gjaldkera.

Um 9. gr.

19. gr. sparisjóðalaganna, að því viðbættu, að endurskoðendum er falið að gera bankaeftirlitsmanni aðvart, telji þeir einhverja ágalla á rekstri sjóðsins og sparisjóðsstjórn lætur dragast að bæta úr því.

Virðist sú viðbót sjálfsögð, þar sem endurskoðendur hafa enga aðstöðu til að knýja fram umbætur og leiðréttingar, en bankaeftirlitsmaður hefir þá aðstöðu og ber að nota hana, sé þess þörf. Hinsvegar verður það að teljast vítaverð vanræksla af endurskoðendum, geri þeir ekki bankaeftirlitsmanni aðvart um það, sem athugavert er, og bera þeir þá ábyrgð samkvæmt því. Að öðru leyti gefur greinin ekki tilefni til skýringa.

Um 10. gr.

Nefndin flytur frumvarp um eftirlit með bönkum og sparisjóðum og leggur til, að það verði sameiginlegt fyrir báðar þær stofnanir. Ætti það að geta orðið bæði öruggara og ódýrara, ef það er haft þannig. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að fjármálaráðuneytið fari með þau störf, sem bankaeftirlitsmanni eru ætluð samkvæmt þessum lögum, þar til hann verður skipaður.

Um 11. gr.

Í þeirri grein eru tvö ný atriði; að öðru leyti er það 5. gr. sparisjóðalaganna, með lítilsháttar orðabreytingum.

Fyrra atriðið, það, að heimilt sé að taka við innlögum á ávísanabækur, getur þó tæplega talizt nýmæli, því ýmsir sparisjóðir munu hafa gert það, þótt það sé hvergi leyft í sparisjóðalögunum, og raunverulega bannað í 11. gr. þeirra. En bæði sjóðunum og innleggjendum mun þykja það þægilegt, og því ástæðulaust annað en leyfa það og hafa ákvæði um það í sparisjóðalögunum.

Síðara ákvæðið, að geta tilskilið, að eigandi sparisjóðsbókar einn, eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti tekið út peninga úr henni, á að vera til þess að hindra það, að hver og einn, sem einhvernveginn kemst óheimilt yfir sparisjóðsbók, geti tekið út peninga án þess réttur eigandi fái aðgert. Þess munu vera dæmi, að svona úttektir í heimildarleysi hafi átt sér stað og peningunum verið eytt, svo eiganda hefir verið ókleift að fá þá aftur. Er honum lítil fjárhagsleg bót í því, þó þetta sé glæpsamlegt athæfi. Vill nefndin því leggja til, að eigendum sparifjár sé gefið tækifæri til að tryggja sig gegn þessu, eftir því sem þarna er gert ráð fyrir.

Um 12. gr.

Það er síðasti hluti 3. gr. sparisjóðalaganna, með viðbót, sem nánast er löggilding á reglugerðarákvæðum bankanna um það, hvernig fara skuli um innstæður, sem eigandi hirðir ekki um. Slík ákvæði eru sjálfsögð fyrir hvern sparisjóð, og virðist því rétt að hafa þau í hinum almennu sparisjóðalögum.

Um 13. gr.

11. gr. sparisjóðalaganna, að því viðbættu, að leyft er að greiða innstæðufé gegn ávísun. Er þess getið í umsögn um 11. gr., og vísast til þess hér. Að öðru leyti gefur þessi grein ekki ástæðu til umsagnar.

Um 14. gr.

Um ákvæði þessarar greinar, sem er ný, er farið nokkrum orðum í inngangi að greinargerð þessari, og vísast til þess. Aðeins skal það tekið fram, að nefndin hefir ekki talið annað rétt, þar sem hún í þeirri grein flokkar lán með tilliti til þess, hve áhættusöm þau eru, en að telja með þeim áhættusamari þau lán, sem veitt eru út á meira en 60% matsverðs fasteigna, og lán, sem héruð eða sveitir ábyrgjast. Lítur nefndin svo á, að slík lán séu það varasöm, að 8% eigið fé sé ekki of mikið bak-

hjarl fyrir sjóðina til þess að standast áhættu þá, sem af þeim lánum er. Mun reynsla sú, er lánsstofnanir hafa af slíkum lánveitingum, ekki afsanna þá skoðun nefndarinnar.

Um 15. gr.

1. og 2. málsgr. 3. gr. sparisjóðalaganna, óbreyttar nema að orðalagi.

Um 16. gr.

Í inngangi greinargerðarinnar er lítillega drepið á aðalefni þessarar greinar, og vísast til þess. Hér skal það aðeins tekið fram, að flokkun sú, sem nefndin leggur til, að gerð verði á þeim lánum, sem telja ber upp í hámarksupphæðinni, og þeim, sem draga má þar frá, á að byggjast á því, að þau lán, sem frá má draga, séu áhættulaus eða áhættulítil fyrir lánsstofnunina. Ef til vill má deila um, hvort það hefir tekizt, og eru þá fyrst og fremst lánin gegn veði í skipum vafasöm. Var nefndinni það ljóst, að vegna sjóveða og ýmsra forgangskrafna getur farið svo, að skipsveð sé engu betri trygging en mörg önnur, sem þarna eru ekki talin. Þó sá hún sér ekki fært að leggja til, að lán gegn því yrðu talin með í hámarksupphæðinni, sem lána má hverjum lántaka, en telur hinsvegar, að þar sé gengið eins langt og framast er fært um frádrátt, nema að lækkað sé verulega það, sem önnur lán mega nema.

Ef til vill verður talinn leika vafi á, hvað meint sé með þeim orðum greinar þessarar: „fleiri viðskiptamenn, sem eru fjárhagslega tengdir“. Nefndin lítur svo á, að naumast sé hægt að koma þar við upptalningu, og valdi því þetta orðalag. En fyrst og fremst koma auðvitað til greina sem fjárhagslega tengdir viðskiptamenn fyrirtæki og eigendur þeirra. Eðlilegt er og, að ábyrgðarskuldbindingar lánþega séu taldar með lánum hans, og ef um hlutafélög er að ræða, verður að telja hlutabréf, sem lánsstofnunin kann að eiga í félaginu, sem lán veitt því.

Um 17. gr.

Ákvæði þeirrar greinar koma í stað seinni hluta 13. gr. sparisjóðalaganna. Eiga þau að miða að því, að tryggt sé, að sparisjóðir geti, hvenær sem er, fullnægt því að greiða innlánsfé, þegar þess er krafizt. Til þess að það sé tryggt, virðist ekki mega gera minni kröfur til sjóðanna en gert er í tillögum nefndarinnar. Nefndin fær eigi séð, að rétt sé að miða þessar kröfur við stærð sjóðanna á annan hátt en gert er í tillögum hennar, eða leggja meiri skyldur á þá sjóði, sem stærri varasjóði eiga, eins og gert er í sparisjóðalögunum.

Vegna þess, hve hér er erfitt að selja verðbréf, þó þau séu trygg, telur nefndin ekki fært að leggja til, að það, sem teljast mega peningar (sjóður og bankainnstæða), megi nema minna en 7% af innlánsfénu samanlögðu. Einnig virðist rétt, að bankaeftirlitsmaður, en ekki sparisjóðsstjórnir, ákveði, hvaða verðbréf geti talizt svo „auðseljanleg“, að sparisjóðir megi eiga þau til þess að fullnægja ákvæðum þessarar greinar. Hann verður og að geta fylgzt með því, að sparisjóðir hafi ávallt þetta fé handbært, eftir því sem þeim er unnt, og því er stjórnum sjóðanna gert að skyldu að tilkynna bankaeftirlitsmanni, hafi þær þurft að grípa til þess og ekki getað lagfært það strax.

Það er annað höfuðatriðið við rekstur sparisjóðanna, að innstæðueigendur megi alltaf treysta því, að hægt sé að greiða þeim innstæður þeirra, þegar þeir þurfa á að halda, og því verður að ganga vel frá þeim ákvæðum, sem að því lúta. Er of illa gengið frá því í núgildandi sparisjóðalögum, og meira að þakka gætilegum rekstri sparisjóðanna en ákvæðum laga og reglugerða, að ekki hefir oftar borið út af en orðið hefir. Eru lagaákvæði nágrannaþjóðanna í því efni ólíkt fyllri, og hefir nefndin lagt þau til grundvallar fyrir tillögum sínum.

Um 18. gr.

Aðalmarkmið ákvæða þessarar greinar er það sama og þeirrar næstu á undan, að tryggja greiðslu innstæðufjár, en þar sem nokkur grein hefir verið gerð fyrir

hlutverki sjóðs þess, sem samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að stofna, hér að framan, verður ekki farið nánar út í það hér. Það skal aðeins tekið fram, að þótt nefndin sæi sér ekki fært að bera fram tillögur um hærra gjald til tryggingarsjóðs frá sparisjóðunum, er henni ljóst, að sjóðurinn vex hægt með því og orkar ekki miklu á næstu árum. Samkvæmt reikningum sparisjóðanna undanfarin ár er naumast hægt að búast við, að framlög þeirra verði meira en 6—7 þús. kr. á ári, og verður því starfsfé sjóðsins lítið fyrstu árin, en með áframhaldandi greiðslum frá sjóðunum og vaxtaaukningu ætti hann að geta látið nokkuð til sín taka áður langt líður.

Nefndin hefir lagt til, að gjaldskylda sparisjóðs til tryggingarsjóðs falli niður, þegar innieign hans í honum er orðin 3% af innstæðufé hlutaðeigandi sjóðs; eftir það vex tryggingarsjóður aðeins af vöxtum. Eftir núverandi sparisjóðsinnstæðum ætti tryggingarsjóður þá að vera orðinn rúm 300 þús., og geta auðvitað orðið skiptar skoðanir um, hvort það sé hæfileg stærð á tryggingarsjóði, en eftir því hlutverki, sem nefndin ætlar honum samkvæmt tillögum sínum, verður það að teljast viðunandi. Verði starfsvið hans aukið síðar meir, má búast við, að einnig verði að auka fjárráð hans.

Samkvæmt hlutverki sínu verður tryggingarsjóður að vera þannig geymdur, að hægt sé að grípa til hans hvenær sem sparisjóði liggur á. Því virðist önnur geymsla varla koma til mála en að geyma hann í banka, og taldi nefndin þá óþarft að taka annað fram en það, að það væri banki með ríkisábyrgð. Þrátt fyrir þessa skoðun vildi nefndin þó ekki útiloka það, að geyma mætti tryggingarsjóð í verðbréfum, en áherzlu verður að leggja á, að þau séu það auðseljanleg og trygg, að breyta megi þeim í peninga hvenær sem er, án tilfinnanlegra affalla. En nánari ákvæði um þetta og fleira, sem tryggingarsjóði viðkemur, verða að sjálfsögðu í reglugerð þeirri, sem á að setja um starfsemi hans.

Um 19. gr.

Það er 13. gr. sparisjóðalaganna, með nokkrum orðabreytingum, en óbreytt að efni.

Um 20. gr.

14. gr. sparisjóðalaganna óbreytt.

Um 21. gr.

Þar er lagt til, að ákveðið sé í lögum, að sparisjóður megi ekki eiga aðrar fasteignir en hann þarf vegna rekstrar síns. Á það að tryggja það, að sjóðirnir lendi ekki út á þá braut að eiga fasteignir í gróðabrallsskyni. Þó verða þeir að geta tekið við eignum, sem þeim hafa verið veðsettar, til þess að ná inn skuldum. En nefndin telur rétt að skylda sparisjóðina til að losa sig sem fyrst við slíkar eignir aftur, til þess að fyrirbyggja, að þeir fari að eiga þær vegna vonar um verðhækkun og þar af leiðandi gróða síðar.

Einnig virðist rétt að takmarka það, hvað sparisjóðir mega eiga af hlutabréfum. Er töluverð ásókn á sparisjóði um að kaupa hluti í hinum og öðrum fyrirtækjum. Er það vafalaust stundum gert í því skyni, að þá verði greiðara um að fá lán til fyrirtækjanna, og ekki hættulaust, ef langt er farið í því efni. Stundum eru hlutakaupin raunverulega beinn styrkur til fyrirtækjanna, og þó að þá sé oftast um að ræða þarfafyrirtæki, má ekki ganga of langt inn á þá braut heldur. Verður því að setja einhver takmörk fyrir þessu, og virðist þá réttast, eins og gert er í tillögum nefndarinnar, að miða við eigið fé sjóðanna, hvað festa megi í hlutabréfakaupum.

Um 22. gr.

15. gr. sparisjóðalaganna óbreytt.

Um 23. gr.

16. gr. sparisjóðalaganna, óbreytt að efni, en lítið eitt breytt að orðalagi.

Um 24. gr.

18. gr. sparisjóðalaganna, með smábreytingum, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 25. gr.

Þar er nokkuð hert á ákvæðum 20. gr. sparisjóðalaganna, og er aðalbreytingin sú, að samkvæmt tillögum nefndarinnar verður að taka til athugunar hag sjóðsins, **áður en** allt eigið fé sjóðsins er tapað.

Er miklu meiri trygging í því fólgin, sérstaklega vegna þess, að þá er léttara að gera ráðstafanir, sem að gagni mega verða, heldur en þegar allt er komið í þrot. Þá er og bankaeftirlitsmanni gefið vald til að stöðva rekstur sjóðsins, ef hann er ekki tryggður. Er það vald fyrst og fremst til þess, að hann geti knúið fram þær aðgerðir, sem hann telur nauðsynlegar, sjóðnum til viðreisnar, og jafnframt til þess, að sjóðurinn sé látinn hætta, áður en sparifé er tapað, ef ekki virðist hægt eða engir fást til að rétta sjóðinn við.

Þar sem lögin yfirleitt gera ráð fyrir, að sparisjóðir verði að eiga eitthvert eigið fé, bæði þar sem þeir fást ekki stofnaðir án þess og samkvæmt þeim tillögum nefndarinnar, að eigið fé þeirra þurfi að vera viss hluti af innlánsfé því, sem þeir taka við, er sú krafa eðlileg, að það fé verði alltaf að vera til, eigi sparisjóðirnir að fá að starfa. Á þeirri skoðun byggjast tillögur nefndarinnar í þessari grein. Að öðru leyti gefur greinin ekki tilefni til skýringa.

Um 26., 27. og 28. gr.

Þessar greinar eru að efni til samhljóða 22., 23. og 24. gr. sparisjóðalaganna. Orðabreytingar, sem nefndin hefir gert á þeim, gefa ekki tilefni til umsagnar.

Um 29. gr.

Nefndin lítur svo á, að rétt sé, að sýslunefnd eða bæjarstjórn í því héraði, sem sparisjóður hefir starfað, hafi ráðstöfunarrétt á eigum hans, leggist hann niður og engin ákvæði eru í samþykktum hans um, hvað með þær skuli gert. Er það í fullu samræmi við það, að lögin ákveða, að slíkar héraðsstjórnir ráði yfir sjóðunum að miklu eða öllu leyti meðan þeir starfa aðeins með eftirliti frá ríkisvaldinu. Hinsvegar telur nefndin órétt að binda hendur héraðsstjórnanna svo, að þær megi alls ekki verja eigunum til almenningsþarfa, annarsstaðar en í því héraði, sem sjóðurinn hefir starfað í. Enda er þess ákvæðis varla þörf, þegar hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir ráðstöfunarréttinn, því þeim ætti að vera treystandi til að gæta hagsmuna síns héraðs og verja fénu þangað, nema einhver alveg sérstök ástæða mæli með öðru.

Um 30. og 31. gr.

Samhljóða 25. og 26. gr. sparisjóðalaganna.

Um 32. og 33. gr.

Gefa ekki tilefni til umsagnar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Telja má víst, að einhverjir sparisjóðir fullnægi ekki öllum ákvæðum þessara laga fyrst um sinn. Er þá sjálfsagt að veita þeim undanþágu fyrst í stað frá því, að slík ákvæði nái til þeirra, sé þeim mjög til baga að koma fyrirkomulagi sínu og rekstri í það form, sem lögin ákveða. En vitanlega verður sá frestur að vera sem stytztur, og þar sem ókleift er að segja fyrir um, hve langur hann þarf að vera fyrir suma sjóðina, og aðrir þurfa hann engan, taldi nefndin bezt að fela bankaeftirlitsmanni að ákveða hann í hverju tilfelli, í samráði við hlutaðeigandi sparisjóðsstjórn. Verði frv. um eftirlit með bönkum og sparisjóðum ekki að lögum, eða bankaeftirlitsmaður ekki skipaður strax, verður fjármálaráðuneytið að hafa eftirlit sparisjóða með höndum, eins og nú er, og þá að sjálfsögðu einnig þetta hlutverk bankaeftirlitsmanns.

Ed. **22. Frumvarp til laga**

um eftirlit með bönkum og sparisjóðum.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Árni Jónsson.

1. gr.

Bankar og sparisjóðir eru háðir eftirliti bankaeftirlitsmanns ríkisins, svo sem ákveðið er í lögum þessum og kann að verða ákveðið í öðrum lögum.

Bankaeftirlitsmaður er skipaður af konungi og hefir að árslaunum 10 þús. kr., þar til öðruvísi kann að verða ákveðið í launalögum. Skrifstofukostnað hans ákveður fjármálaráðuneytið. Fjármálaráðuneytið setur bankaeftirlitsmanni erindisbréf.

2. gr.

Bankaeftirlitsmaður skal, áður en hann tekur við því starfi, hafa að minnsta kosti í þrjú ár gegnt föstu trúnaðarstarfi í þágu ríkisins, bankanna eða stærri verzlunar- eða atvinnufyrirtækis. Hann má ekki hafa annað launað starf á hendi og ekki vera í stjórn neins atvinnu- eða fjármálafyrirtækis eða á annan hátt í þjónustu þess.

3. gr.

Bankaeftirlitsmaður má ekki taka lán í neinni þeirri lánsstofnun, sem hann hefir eftirlit með. Þó má hann taka lán gegn veði í fasteign, ef lánsupphæðin nemur ekki meiru en $^3/_5$ matsverðs fasteignarinnar, og gegn veði í tryggum verðbréfum eða öðru handveði. Ekki má hann heldur ganga í ábyrgð eða taka á sig aðrar fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart þeim stofnunum, sem hann hefir eftirlit með. Öll ákvæði þessarar greinar gilda einnig um aðstoðarmenn bankaeftirlitsmanns, ef einhverjir eru. Þó getur fjármálaráðuneytið, eftir tillögu bankaeftirlitsmanns, veitt þeim leyfi til lántöku í þessum stofnunum, ef það telst ekki koma í bága við starf þeirra.

4. gr.

Bankaeftirlitsmaður er opinber sýslunarmaður og hefir skyldur og nýtur réttinda samkvæmt því.

5. gr.

Bankaeftirlitsmaður er ráðunautur ríkisstjórnarinnar um öll bankamál og málefni þeirra lánsstofnana, er undir hann heyra. Hann skal árlega gefa fjármálaráðuneytinu skýrslu um starf sitt og sömuleiðis skýrslur um einstök atriði viðvíkjandi því, hvenær sem ráðuneytið óskar þess.

6. gr.

Bankaeftirlitsmaður skal gæta þess, að bankar og sparisjóðir fylgi þeim lögum, samþykktum og reglugerðum, sem um þá gilda.

Skal hann láta þeim í té, hvenær sem óskað er, upplýsingar um þetta og hvernig beri að skilja einstök ákvæði.

7. gr.

Bankaeftirlitsmanni ber skylda til að fylgjast með um hag og rekstur banka og sparisjóða, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum eða öðrum lögum. Hann hefir aðgang að öllum bókum og skjölum banka og sparisjóða og getur krafizt af þeim hverra þeirra upplýsinga, sem hann telur þörf á og starf hans varða.

Sama gildir um aðstoðarmenn bankaeftirlitsmanns, ef þeir starfa í umboði hans.

Bankaeftirlitsmaður og aðstoðarmenn hans hafa þagnarskyldu gagnvart óviðkomandi mönnum um allt það, er þeir verða vísari í starfi sínu.

8. gr.

Bankaeftirlitsmaður hefir heimild til:

1. Að fyrirskipa bönkum og sparisjóðum að haga bókfærslu sinni, mánaðaruppgjöri og ársreikningum á þann hátt, er hann mælir fyrir um.
2. Að ákveða, að ársreikningar banka og þeirra sparisjóða, er hann telur þörf á, skuli birtir opinberlega með athugasemdum endurskoðenda.
3. Að mæta sjálfur, eða láta umboðsmann sinn mæta, á fundum bankaráðs, bankastjórnar eða sparisjóðsstjórnar, er hann telur þess þörf. Hefir hann þar, eða umboðsmaður hans, málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Krafizt getur hann, að slíkir fundir séu haldnir, og boðað til þeirra sjálfur, ef sá, sem kalla á fundinn saman, gerir það ekki eða lætur það dragast úr hófi fram.

9. gr.

Bankar og sparisjóðir skulu senda bankaeftirlitsmanni:

1. Samþykktir sínar og reglugerðir og tilkynna honum allar breytingar, sem á þeim kunna að verða gerðar.
2. Tilkynningu um, hverjir séu stjórnendur, framkvæmdarstjórar og endurskoðendur þegar eftir að kosning eða tilnefning hefir farið fram.
3. Ársreikning þegar eftir undirskrift og aðrar skýrslur um rekstur og hag stofnunarinnar, eins oft og í því formi, sem bankaeftirlitsmaður ákveður.
4. Sundurliðaða skýrslu um eftirgjafir skulda, ef einhverjar eru, hvað hverjum einstökum hafi verið gefið eftir og tilgreina ástæður fyrir því.
5. Skrá um stærri skuldunauta, eftir því sem ákveðið er í erindisbréfi.

10. gr.

Bankaeftirlitsmaður skal líta eftir því, að bankar og sparisjóðir hagi útlánum sínum á sem tryggastan hátt.

Skal hann sérstaklega gæta þess, að þeir bindi ekki fé sitt um of hjá einstökum viðskiptamönnum, eða fleiri viðskiptamönnum, sem eru fjárhagslega tengdir. Í erindisbréfi skal skilgreint, hvað teljist fjárhagslega tengdir viðskiptamenn. Banki eða sparisjóður má aldrei lána einum viðskiptamanni, eða fleiri viðskiptamönnum, sem eru fjárhagslega tengdir, meira en sem svarar 35% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu. Þó getur bankaeftirlitsmaður leyft, ef banka- eða sparisjóðsstjórn óskar þess einróma, að þessi upphæð megi vera allt að 50% af eigin fé og ábyrgðarfé stofnunarinnar.

Með ofannefndri lánsupphæð má þó ekki telja:

1. Lán veitt gegn veði í fasteign, ef það er ekki hærra en $^3/_5$ fasteignamatsverðs.
2. Lán veitt gegn veði í skipum, allt að 50% af matsverði þeirra.
3. Lán, sem eru tryggð með innieign í lánsstofnuninni sjálfri, tryggum verðbréfum eða öðru handveði.

Undanþegin ákvæðum þessarar greinar eru lán ríkisins og lán, sem tryggð eru með ábyrgð þess.

11. gr.

Komi það í ljós, eða hafi bankaeftirlitsmaður ástæður til að ætla, að banki, sem rekinn er á ábyrgð ríkisins að nokkru eða öllu leyti, hafi tapað (þar með talið fyrirsjáanlegt tap á útistandandi lánum) varasjóði sínum og öðrum hliðstæðum sjóðum, og þar að auki 25% af stofnfé sínu eða ábyrgðarfé, skal hann tafarlaust skýra fjármálaráðherra frá því og senda honum tillögur um, hvaða ráðstafanir skuli gera. Ef um er að ræða banka, sem ekki er rekinn á ábyrgð ríkisins, eða sparisjóði, skal bankaeftirlitsmaður tafarlaust kalla stjórn hlutaðeigandi stofnunar saman á fund og leggja þar fram tillögur um, hvernig þetta skuli leiðrétt. Verði eigi bætt úr þessu innan hæfilegs tíma, á þann hátt, að rekstur stofnunarinnar verði gerður tryggur, að dómi bankaeftirlitsmanns, er honum heimilt að loka stofnuninni

eða gera aðrar þær ráðstafanir, er hann telur nauðsynlegar. Úrskurði bankaeftirlitsmanns um þetta getur stofnunin skotið til fjármálaráðuneytisins.

12. gr.

Ef banki eða sparisjóður verður í bili að taka af því fé, sem hann samkvæmt lögum eða samþykktum má minnst hafa handbært, skal hann tafarlaust skýra bankaeftirlitsmanni frá því, og tiltekur hann þá hæfilegan frest til að koma þessu í lag.

13. gr.

Ágreiningi, sem rísa kann milli banka- eða sparisjóðsstjórnar annarsvegar og bankaeftirlitsmanns hinsvegar, getur hvor aðili sem er skotið til fjármálaráðuneytisins. Heimilt er ráðuneytinu, ef annarhvor aðili krefst þess, að skipa þriggja manna gerðardóm óvilhallra manna til að gera út um ágreininginn. Kostnaðinn, sem af þeim dómi leiðir, greiði hlutaðeigandi banki eða sparisjóður, ef dómurinn gengur móti stjórn hans, annars greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

14. gr.

Láti banka- eða sparisjóðsstjórn bankaeftirlitsmanni ekki í té þau gögn, sem henni ber skylda til samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum, eða gefi vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar, varðar það sektum, allt að 10 þús. kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt með reglugerð að ákveða dagsektir við því að halda upplýsingum, sem bankaeftirlitsmaður hefir krafizt samkvæmt lögum þessum, og við því að tregðast við að gera ráðstafanir, sem bankaeftirlitsmaður hefir krafizt að gerðar væru samkvæmt heimildum þessara laga. Allar sektir samkvæmt þessari grein renna í ríkissjóð.

15. gr.

Kostnaður við eftirlitið greiðist af bönkum og sparisjóðum í hlutfalli við viðskiptaveltu þeirra. Samkvæmt því semur bankaeftirlitsmaður árlega skýrslu um, hversu mikið hver stofnun eigi að greiða. Fjármálaráðuneytið setur reglur um innheimtu gjaldsins, og má þar ákveða, að heimilt sé að taka gjaldið lögtaki, og að tvöfalda megi upphæðina, ef vanskil verða.

16. gr.

Lög þessi gilda fyrir þá banka og sparisjóði, sem nú eru starfandi og síðar kunna að verða stofnaðir, þó um þá gildi sérstök lög, og falla þá úr gildi þau ákvæði sérlaga, sem kunna að fara í bága við þessi lög.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1940.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir bankar og sparisjóðir, sem starfandi eru þegar lög þessi ganga í gildi og ekki fullnægja einstökum ákvæðum þeirra, skulu fá frest, sem bankaeftirlitsmaður ákveður í samráði við banka- eða sparisjóðsstjórn, til að koma skipulagi sínu og starfsemi í það horf, að þeim ákvæðum laganna sé einnig fullnægt. Að ákveðnum fresti liðnum gilda öll ákvæði þessara laga einnig um þær stofnanir, sem veittur hefir verið frestur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd í bankamálum, en flutningsmenn áskilja sér óbundnar hendur um einstök atriði frumvarpsins.

Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

I.

Í nútíma þjóðfélagi hafa peningastofnanirnar hin víðtækustu áhrif á hag alls almennings og þjóðfélagsins í heild sinni.

Bankar og sparisjóðir taka við fé manna til ávöxtunar, og getur því fjöldi manna tapað eignum sínum, ef banki eða sparisjóður fer á höfuðið. Bankarnir styðja atvinnuvegina með lánveitingum og flytja fé á margvíslegan hátt á milli manna.

Bankahrun hefir því jafnan hinar víðtækustu og alvarlegustu afleiðingar fyrir atvinnuvegi þjóðanna og afkomu þeirra.

Af þessum ástæðum þykir sjálfsagt meðal flestra þjóða, að ríkisvaldið hafi margskonar afskipti af bankarekstrinum og eftirlit með honum. Hér á landi hafa menn einnig fyrir löngu skilið nauðsyn þess, að þjóðfélagið gerði ýmsar varúðarráðstafanir í þessu efni, og nokkur ár var hér sérstakt eftirlit með bönkum og sparisjóðum, þó það sé nú afnumið aftur að því er bankana snertir.

Með lögum nr. 48 frá 20. júní 1923 var svo ákveðið, að skipa skyldi eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum. Í lögum þessum, sem aðeins voru 2 greinar, voru laun og kjör bankaeftirlitsmannsins tiltekin, en um starf hans var ekkert ákveðið annað en það, að stjórnarráðið ákveði með reglugerð starfssvið eftirlitsmannsins og annað, er þurfa þykir. Þá var og kveðið svo á, að eftirlitsmaður mætti ekki hafa önnur embættisstörf á hendi né reka aðra atvinnu og að hann mætti ekki vera í stjórn atvinnu- eða verzlunarfyrirtækja.

Snemma á árinu 1924 var svo skipaður bankaeftirlitsmaður samkv. lögunum, en reglugerð sú, er 2. gr. þeirra gerði ráð fyrir að sett yrði, var aldrei sett. Það var því aldrei ákveðið neitt nánar um það, í hverju starf eftirlitsmannsins ætti að vera fólgið. Meira að segja verður að líta svo á, að réttur hans, t. d. til að krefja banka um upplýsingar og til að hafa aðgang að bókum og skjölum bankanna, hafi verið nokkuð óviss og vafasamur. Þegar svo var í pottinn búið, er engin furða, þótt lítið gagn þætti verða að starfi eftirlitsmannsins, enda komu fljótt fram tillögur um að leggja embætti þetta niður, sem og að lokum var gert. Þarf ekki að rekja þá sögu hér, því svo skammt er liðið frá, að hún mun flestum í fersku minni. En þess má þó geta, að í ádeilum út af þessu starfi gætti þess jafnan mest, að bankaeftirlitsmaðurinn ***þótti ekki rækja starf sitt*** og þess vegna kæmi það ekki að notum. Hitt var lítt haft á orði, að starfið væri ekki nauðsynlegt í sjálfu sér, og þótt slíkar raddir kæmu fram, voru af öðrum færð rök að því, að þjóðfélagið þyrfti að láta hafa eftirlit með bönkum og sparisjóðum.

Það skal hér fyllilega játað, að lítið gagn muni hafa orðið að starfi bankaeftirlitsmannsins, enda mun hann ekki hafa lagt mikla vinnu í það. Hér skal þó enginn áfellisdómur kveðinn upp yfir þeim manni, sem starfinu gegndi. Sú ástæða, að lögin kváðu eiginlega ekkert á um það, hvernig starfi hans skyldi háttað, og að reglugerð var aldrei sett um það né honum sett erindisbréf, er nægileg til að afsaka hann, að minnsta kosti að miklu leyti. Hitt er aftur á móti augljóst af þeim atburðum, sem urðu á meðan embætti þetta hélzt, að full þörf hefði þá verið á því, að bankaeftirlitsmaðurinn hefði fylgzt meira með starfsemi bankanna heldur en hann virðist hafa gert, og að hann hefði haft aðstöðu og vald til öryggisráðstafana. Verður nánar vikið að þessu atriði síðar. En fyrst mun gerð nokkur athugun á því, hvernig þessum málum er fyrir komið annarsstaðar.

II.

Hjá þeim þjóðum, sem oss eru skyldastar, Norðurlandaþjóðunum, hefir ríkið alstaðar eftirlit með rekstri banka og sparisjóða. Í bankalögunum dönsku frá 15. apríl 1930 er svo ákveðið í 3. gr. þeirra, að ríkið hafi eftirlit með bönkum, og skipar konungur bankaeftirlitsmann (Bankinspektör). Í Danmörku er sérstakt eftirlit með sparisjóðum, óháð bankaeftirlitinu. Í almennri bankalöggjöf Svía frá 22. júní 1911, og með viðbótum og breytingum, sem síðan hafa verið gerðar, er svo ákveðið, að allir bankar og opinberir sjóðir skuli lúta eftirliti sérstakrar bankaeftirlitsstofnun-

ar (Bankinspektion), sem sé fyrir allt ríkið og standi undir stjórn þess. Nánari ákvæði um skipulag stofnunarinnar eru í konunglegri tilskipun (og í lögum frá 2. júní 1933). Í Noregi er svipuð eftirlitsstofnun, sem hefir eftirlit bæði með bönkum og sparisjóðum.

Hlutverk bankaeftirlitsins er líkt meðal allra Norðurlandaþjóðanna.

Bankaeftirlitsmaður (bankaeftirlitið) á fyrst og fremst að hafa eftirlit með því, að hin almennu bankalög séu haldin, og einnig lög eða samþykktir hinna einstöku banka.

Bankaeftirlitið á að rannsaka hag og rekstur bankanna eins oft og þörf er á eða það telur ástæðu til, og er ordalag um þetta nokkuð mismunandi í lögum hverrar þjóðar, en alstaðar hvílir sú skylda á bankaeftirlitinu að fylgjast sem bezt með bankarekstrinum. Til þess að bankaeftirlitið (bankaeftirlitsmaður) geti á hverjum tíma verið kunnugt hag bankanna, eru þeir skyldaðir til að senda eftirlitinu allar upplýsingar um starfsemi sína, sem það óskar eftir. Mánaðaruppgjör sín skulu bankarnir senda eftirlitinu jafnharðan, svo og auðvitað ársreikninga sína, einnig ýmsar aðrar skýrslur (hagskýrslur), og í Svíþjóð skýrslur um lánveitingar, vexti m. m.

Í Danmörku gilda eftirfarandi ákvæði um bankaeftirlitsmanninn sérstaklega:

Hann og undirmenn hans hafa þagnarskyldu um viðskipti manna í bönkum.

Hann má ekki reka neitt fjármálafyrirtæki né vera þátttakandi í því (hluthafi), ekki heldur vera í stjórn slíks fyrirtækis né á annan hátt í þjónustu þess. Sama gildir um undirmenn hans.

Bankaeftirlitsmaður má ekki taka lán í peningastofnun né ganga þar í ábyrgð, nema með leyfi verzlunarmálaráðherra, en hann getur veitt undirmönnum sínum leyfi til lántöku og ábyrgða.

Bankaeftirlitinu er alstaðar veitt allmikið vald, bæði til að gera sjálft ýmsar ráðstafanir, er það telur nauðsynlegar, og einnig verða bankarnir að fá leyfi þess til ýmsra aðgerða.

Í Svíþjóð á bankaeftirlitið að láta gera upp reikninga þess banka (upprätta bankslut), sem það telur ástæðu til að ætla, að tapað hafi 10% af stofnfé sínu, og skulu endurskoðendur þá gera nákvæmar athuganir á fjárhag hans. Bankaeftirlitið getur og kallað stjórnir banka saman á fund, þegar það telur ástæðu til, og sömuleiðis kallað saman aukafund hluthafa eða annara eigenda, hafi það óskað eftir, að bankastjórnin gerði það, en hún látið það ógert. Á þeim fundum má eftirlitið hafa umboðsmann.

Í dönsku bankalögunum er svo ákveðið, að ef banki verður að taka í bili af fé því, er hann má minnst hafa í sjóði, ber að tilkynna bankaeftirlitsmanni það innan 8 daga, og tiltekur hann þá frest til að koma sjóðnum í samt lag. Svipuð ákvæði gilda annarsstaðar.

Í bankalögum allra Norðurlandaþjóðanna eru ákvæði, sem eiga að tryggja það, að bankar láni ekki einum viðskiptamanni eða einu fyrirtæki, né fleiri viðskiptamönnum og fyrirtækjum, sem eru fjárhagslega hvert öðru bundin, óhæfilega mikið fé, og ber bankaeftirlitinu að hafa sérstakt eftirlit með þessu.

Í sænsku lögunum eru ekki beinlínis sett nein föst takmörk um það, hvað banki megi lána mikið fé í einn stað, en tekið er fram, að hann megi ekki veita svo hátt lán, að það geti orðið hættulegt fyrir öryggi bankans.

Eftir dönsku bankalögunum má banki ekki lána einum viðskiptamanni meira en nemur 35% af eigin fé bankans. Með samhljóða atkvæðum bankastjóra (framkvæmdarstjórnar) og minnst ¾ atkvæða bankaráðs má þó hækka þetta í 50%, en þá skal þegar tilkynna bankaeftirlitsmanni það. Undanþágu frá þessum ákvæðum getur þó bankaeftirlitsmaður veitt undir sérstökum kringumstæðum, sem nánar er tiltekið í 12. gr. áðurnefndra laga, t. d. þegar um er að ræða samvinnufélög með sameiginlegri ábyrgð o. fl.

Eftir norsku lögunum má banki ekki veita í einn stað hærra lán en svari til 25% af eigin fé bankans, nema um sé að ræða norska ríkið eða lán, sem það ábyrgist. Af

knýjandi ástæðum má þó bankastjórn einróma samþykkja að fara fram úr þessari upphæð, en þá skal það tilkynnt bankaeftirlitinu og lagfært hið bráðasta. Ef þetta er ekki lagfært innan árs, skal það aftur tilkynnt bankaeftirlitinu, sem þá setur endanlegan frest til að koma þessu í lag.

Ábyrgðarskuldbindingar til banka teljast í þessu efni til veittra lána. Hinsvegar skal ekki telja með lán veitt gegn veði í fasteign, ef það fer ekki fram úr ákveðnum hluta fasteignamats, og fleiri lán, sérstaklega tryggð, og gilda um það nokkuð mismunandi ákvæði hjá hverri þjóð, sem ekki er ástæða til að rekja hér nánar.

Allar breytingar á stjórn banka (bankaráði og bankastjórum) skal tilkynna bankaeftirlitinu (í Danmörku innan mánaðar). Ýmislegt fleira viðvíkjandi starfi og rekstri banka skal og jafnan tilkynna bankaeftirlitinu, og leyfi þess þarf til sumra ráðstafana, er banki telur sig þurfa að gera; þannig er t. d. ákveðið í dönsku bankalögunum, að ef bankastjórn eða endurskoðendur álíta, að banki hafi tapað meira en 35% af hlutafé sínu, skuli tafarlaust tilkynna bankaeftirlitsmanni það. Sé tapið yfir 50%, skal þegar í stað kalla saman aðalfund. Með samþykki eftirlitsmanns má þó fresta því. Þar er einnig svo ákveðið, að verðbréf í eigu banka megi ekki, ef þau eru ekki opinberlega gengisskráð, skrá hærra verði en bankinn hefir eignazt þau fyrir, nema með leyfi bankaeftirlitsmanns.

Í sænsku lögunum er kveðið svo á, að hafi bankastjórn eða hluthafafundur gert ákvörðun, sem bankaeftirlitið telur fara í bága við almenn lög eða samþykktir bankans, getur það bannað framkvæmd þeirra ákvarðana. Sé um alvarlegt brot að ræða, varðar það og missi réttinda til bankarekstrar. Kært getur banki til konungs (ríkisstjórnarinnar) út af slíkum ákvörðunum eftirlitsins, en þó eru þær engu síður í gildi þar til öðruvísi verður ákveðið.

Verði banki gjaldþrota, skal eftirlitið hafa umboðsmann til að fylgjast með skiptunum.

Í Svíþjóð tilnefnir bankaeftirlitið einn endurskoðanda, af minnst þremur, við hvern banka.

Um kostnað af bankaeftirlitinu gildir yfirleitt sú regla, að bankarnir bera það sjálfir. Í Danmörku er kostnaðurinn færður á fjárlögum, en bankarnir endurgreiða hann í hlutfalli við innstæðufé þeirra, enginn banki þó minna en 10 kr. Eftirlitsmaður jafnar gjaldinu niður eftir síðustu ársreikningum.

Í Svíþjóð jafnast kostnaðurinn við eftirlitið niður á bankana í hlutfalli við eigin eignir þeirra. Skal upphæð þessi ákveðin í reglugerð. Sérkostnað, sem leiðir af endurskoðun og öðrum rannsóknum á hag bankans, greiðir hver banki.

Það, sem hér hefir verið sagt um bankaeftirlit á Norðurlöndum, gildir einnig í öllum verulegum atriðum um eftirlit með sparisjóðum, og þykir því ekki ástæða til að skýra sérstaklega frá því.

Þjóðbankarnir og nokkrir aðrir bankar eru undanþegnir ákvæðum hinna almennu bankalaga, og þá einnig ákvæðum þeirra viðvíkjandi eftirlitinu. En auðvitað getur ríkisstjórnin hvenær sem er falið eftirlitinu athugun þessara banka, ef sérstök ástæða er til þess.

III.

Eins og getið hefir verið hér að framan, sá Alþingi 1923 ástæðu til að taka upp opinbert eftirlit með bönkum og sparisjóðum. Það eftirlit þótti að vísu ekki ná tilgangi sínum og var því afnumið eftir nokkur ár að því er bankana snertir, en sparisjóðaeftirlitið þótti þó ekki fært að afnema, og helzt það enn. Það má því ætla, að ýmsir kunni að líta svo á, að innlend reynsla mæli á móti því að taka hér aftur upp sérstakt eftirlit með bönkum. Milliþinganefndin lítur hinsvegar svo á, að þessi innlenda reynsla sanni alls ekkert í þessu efni, og sízt af öllu það, að hér sé ekki þörf á bankaeftirliti. Öllu fremur mundi mega líta svo á, að eftirlitið hafi verið of lítið og veikt og því ekki náð þeim tilgangi, er því var ætlað.

Lögin frá 1923 tóku mjög lítið fram um skyldur og réttindi bankaeftirlitsmannsins og landsstjórnin setti honum aldrei neitt erindisbréf. Má því búast við,

að hann hafi oft verið í vafa um, hvað honum bæri skylda til að gera, og jafnvel hvað hann hefði rétt til að gera, og því orðið minna úr framkvæmdum en orðið hefði, ef ljós og ákveðin fyrirmæli hefðu verið til að fara eftir. Auk þessa var bankaeftirlitsmanninum aldrei veitt aðstaða til að geta fylgzt nægilega með hag og rekstri banka og sparisjóða, þar sem hann hafði enga skrifstofu og enga aðstoð. Þó segja megi, að bankaeftirlitið hafi komið að litlum notum, er alls ekki þar með sagt, að þess hafi ekki verið full þörf. Þvert á móti virðist ýmislegt, sem fyrir kom á þessum árum, t. d. gjaldþrot Íslandsbanka, benda til þess, að full þörf hefði verið á öruggu og sterku bankaeftirliti.

Þá er reynsla annara þjóða. Hér að framan hefir verið gefið yfirlit um bankaeftirlit á Norðurlöndum, og sést af því, að allar frændþjóðir okkar þar hafa talið nauðsynlegt, að ríkisvaldið hefði eftirlit með öllum lánsstofnunum, bæði bönkum og sparisjóðum.

Nú er fyrirkomulag bankamála hér á landi að vísu töluvert ólíkt því, sem annarsstaðar gerist, og gæti því verið hugsanlegt, að sérstakt bankaeftirlit væri óþarft hér, þótt það sé nauðsynlegt annarsstaðar. Skal nú nánar að þessu atriði vikið.

Annarsstaðar eru flestir bankar reknir sem einkafyrirtæki, og ríkið ber enga ábyrgð á þeim. Almenningur leggur fé sitt í bankana og hefir enga aðra tryggingu fyrir því að fá það aftur heldur en eigið fé bankans og þá tiltrú, er hann nýtur. Er hlutverk bankaeftirlits annara þjóða því fyrst og fremst það, að gæta hagsmuna almennings í þessu efni, hliðstætt því, að hér á landi hefir þótt nauðsynlegt að halda sparisjóðaeftirlitinu, einmitt til að gæta hagsmuna almennings, sem trúir sjóðunum fyrir fé sínu.

Hér á landi eru tveir af þremur bönkum landsins algerlega reknir af ríkinu og það ábyrgist innstæðufé þeirra allra. Íslenzka ríkið hefir því ekki ástæðu til að halda uppi bankaeftirliti vegna innstæðueigenda sérstaklega, eins og aðrar þjóðir gera, en því miklu brýnni þörf er því að hafa eftirlit með bönkunum sjálfs sín vegna og þjóðarheildarinnar, því íslenzka þjóðin sem heild á líklega enn meira á hættu heldur en nokkur önnur þjóð um það, hvernig til tekst í bankamálum hennar.

Tap banka hér á landi er tap allrar þjóðarinnar í enn ríkari mæli heldur en bankatöp eru meðal annara þjóða. Vegna þess líka hvað okkar þjóð er fámenn og bankar hér fáir, mundi það hafa enn voðalegri afleiðingar fyrir fjárhag og afkomu þjóðarinnar, ef einhver af bönkum okkar færi á höfuðið, heldur en það hefði fyrir aðra stærri þjóð, að einhver af hennar bönkum yrði gjaldþrota.

Með tilliti til þess, hvað íslenzka ríkið og þjóðin í heild sinni á geysilega mikið í hættu um bankarekstur sinn, virðist sízt minni þörf á bankaeftirliti hér á landi heldur en annarsstaðar.

Nú má að vísu segja, að íslenzka ríkið hafi nokkurt eftirlit með bönkunum, þar sem það ýmist skipar alveg yfirstjórnir þeirra og endurskoðendur, eða hefir a. m. k. mikil áhrif á skipun þeirra (Útvegsbankinn), auk þess valds, sem hlutaðeigandi ráðherra hefir yfir málum bankanna. Fullyrða má þó, að eftirlit þessara aðilja sé ekki og geti ekki verið hliðstætt bankaeftirliti Norðurlandaþjóðanna né komið að sömu notum. Hvert bankaráð er yfirstjórn síns banka. Það hefir því að vísu aðstöðu til að fylgjast með rekstri hans og hafa eftirlit með honum, en það hefir ekki aðstöðu til að hafa eftirlit með öðrum bönkum.

Það er því ekki hægt að krefjast þess af bankaráðunum, að þau hafi þá yfirsýn um allan bankarekstur þjóðarinnar, sem nauðsynlegt er, að til sé á einum stað. Auk þessa ber hvert bankaráð nokkurn hluta ábyrgðarinnar á rekstri síns banka, og getur því eftirlit þess með honum **ekki talizt óvilhallt né óháð bankanum**, en það er annarsstaðar talið eitt af höfuðskilyrðunum fyrir öruggu bankaeftirliti.

Svipað er að segja um endurskoðendur, að þeir vinna hver við sinn banka og geta ekki á neinn hátt komið í stað almenns bankaeftirlits, nema þá að fyrirkomulagi endurskoðunar væri gerbreytt, sem sennilega hefði meiri kostnað í för með sér heldur en leiðir af þessu frumvarpi, ef að lögum verður.

Einum af ráðherrunum (fjármálaráðherra) er falið að fara með bankamál þjóðarinnar (um Búnaðarbankann gilda þó sérákvæði í því efni).

Vegna þess að okkar bankar eru að mestu leyti reknir af ríkinu og á ábyrgð þess, hlýtur fjármálaráðherra að hafa meiri afskipti af bönkunum og meira vald yfir þeim heldur en þeir ráðherrar annara þjóða, sem þar fara með bankamálin. Það má því gera ráð fyrir, að sumir kunni að líta svo á, að fjármálaráðherra beri að framkvæma eða láta framkvæma það bankaeftirlit, sem hér er þörf á, auk eftirlits bankaráða og endurskoðenda, og því þurfi ekki sérstakt bankaeftirlit hér á landi, þótt það sé talið nauðsynlegt annarsstaðar.

Varla þarf þó að færa nein rök fyrir því, að fjármálaráðherrann getur ekki sjálfur haft eftirlit með bönkunum, sem sé á nokkurn hátt sambærilegt bankaeftirliti annara þjóða. Nægir í því efni að benda á það, að ráðherra, sem er hlaðinn margskonar störfum, hefir auðvitað engan tíma til slíks. Að vísu gæti ráðherrann falið starfsmanni í ráðuneyti sínu þetta starf, en þá þyrfti auðvitað að auka þar starfskrafta, svo að óvíst er, að það yrði ódýrara heldur en að taka upp sérstakt bankaeftirlit, eins og gert er ráð fyrir í frv. Auk þess verður það að teljast mjög óheppilegt og óviðeigandi, að bankaeftirlitið sé svo háð æðsta yfirmanni bankanna, fjármálaráðherranum, eins og undirmenn hans í sjálfu ráðuneytinu hljóta að vera. Af greindum ástæðum verður því hiklaust að halda því fram, að fjármálaráðherra getur ekki verið neinn bankaeftirlitsmaður né komið í hans stað.

Hér að framan hafa verið færð rök að því tvennu, að okkur Íslendingum er ekki einasta eins nauðsynlegt að hafa öruggt eftirlit með bönkum eins og öðrum þjóðum með sínum bönkum, heldur miklu nauðsynlegra, og í öðru lagi, að þeir aðiljar, sem segja má, að nú eigi að hafa eftirlitið með bönkunum, bankaráðin, endurskoðendur, fjármálaráðherra o. s. frv., geta ekki framkvæmt það svo fullnægjandi sé né sambærilegt við bankaeftirlit frændþjóða okkar. Það virðist því af þessum ástæðum einsætt, að rétt sé af okkur að taka upp sérstakt eftirlit með bönkum og sparisjóðum, í líkingu við það, sem á sér stað annarsstaðar á Norðurlöndum.

En auk þessa, sem nú var talið, kemur einnig fleira til greina, sem styður þá skoðun, að nauðsynlegt sé að taka upp sérstakt bankaeftirlit hér á landi og fela það vel hæfum manni, sem ekki hafi önnur störf með höndum. Hér að framan hefir verið vikið að því sérkenni íslenzkra banka, að þeir eru allir að mestu reknir af ríkinu og á ábyrgð þess. Einnig hefir verið bent á, að einmitt af þessum ástæðum þurfi sá ráðherra, sem með bankamál þjóðarinnar fer, að hafa meiri afskipti af starfsemi bankanna heldur en títt er meðal annara þjóða. En hvernig stendur þá fjármálaráðherra að vígi í þessu efni?

Eins og allir vita, eru ráðherrastöðurnar pólitískar stöður og menn eru valdir í þær af pólitískum ástæðum, en ekki eftir prófum eða öðrum sönnunum fyrir sérþekkingu, þó að hliðsjón sé sennilega oft höfð af þessu við ráðherraval. Það er því alls engin trygging fyrir því, að fjármálaráðherra sé neinn sérfræðingur í bankamálum, þó hann auðvitað geti verið það. Auk þess eru bankamálin ekki neitt aðalstarf hans, og getur hann því alls ekki varið þeim tíma til þeirra, sem nauðsynlegur væri, ef hann ætti að fá góða þekkingu á hverju því atriði, sem til greina getur komið í þessu efni.

Að vísu er þetta ekkert sérstakt hvað fjármálaráðherrann snertir. Ráðherrar eru svo fáir hér á landi, að enginn þeirra getur haft sérþekkingu á öllum þeim málum, sem undir hann heyra. Enginn einn maður getur t. d. haft sérþekkingu á dómsmálum, kirkjumálum, skólamálum og utanríkismálum, en þó hefir einn maður oftast haft öll þessi störf í fyrrverandi ríkisstjórnum. Til þess að gera starf ríkisstjórnarinnar kleift og tryggja það, að um málin sé fjallað af þekkingu, hefir stjórnin, svo sem öllum er kunnugt, sér við hlið sérfræðinga til ráðuneytis og aðstoðar í hinum einstöku málaflokkum, t. d. biskup, landlækni, fræðslumálastjóra, búnaðarmálastjóra o. s. frv. Nú hefir fjármálaráðherra æðsta valdið í bankamálum þjóðarinnar og á að mörgu leyti að vera aðalforustumaðurinn á því sviði, en við hlið hans

stendur enginn sérfræðingur í bankamálum, sem hefir þá sérstöku skyldu að vera honum til aðstoðar og ráðuneytis í því efni, eins og t. d. vegamálastjóri er þeim ráðherra, er fer með vegamál. Hér skal því þó hiklaust haldið fram, að bankamál þjóðarinnar séu alveg eins þýðingarmikil og vandasöm eins og t. d. vegamálin og að full þörf sé á því, að bankafróður maður sé skipaður fjármálaráðherra til ráðuneytis í þessum málum. Er þá auðvitað sjálfsagt að fela þeim manni um leið eftirlit með bönkum og sparisjóðum, enda yrði sú þekking, er hann aflaði sér með eftirlitinu, undirstaða undir starfi hans.

Eins og færð hafa verið rök að hér að framan, verður að álíta sérstakt eftirlit með bönkum og sparisjóðum bráðnauðsynlegt hér á landi, vegna fjármálaöryggis þjóðarinnar. En hitt er þó ef til vill engu þýðingarminna, að tryggja fullkomna sérþekkingu við æðstu stjórn bankamálanna. En þetta tvennt ætti að mega sameina með því, eins og hér er lagt til, að skipa sérstakan bankaeftirlitsmann, sem jafnframt sé ráðunautur ríkisstjórnarinnar í öllum bankamálum.

IV.

Eins og frv. þetta ber með sér, hafa þau ákvæði bankalöggjafar Norðurlandaþjóðanna, er snerta bankaeftirlitið, verið lögð til grundvallar við samningu þess. Gerir frv. ráð fyrir, að bankar og sparisjóðir hér á landi verði háðir eftirliti trúnaðarmanns ríkisvaldins, er nefnist bankaeftirlitsmaður, og setur svipaðar reglur um starf hans eins og gilda annarsstaðar á Norðurlöndum og hér að framan hefir verið gerð nokkur grein fyrir. Auk þess er bankaeftirlitsmanninum ætlað að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar um öll bankamál og málefni annara lánsstofnana, og hefir verið sérstaklega vikið að því atriði hér að framan.

Um einstakar greinar frv. þykir rétt að taka fram eftirfarandi.

Um 1. gr.

Rétt þykir, að bankaeftirlitsmaður sé konunglegur embættismaður. Gefur það starfinu meiri festu og virðuleik. Starf þetta verður vandasamt og ábyrgðarmikið, og sú krafa er gerð í frv. til bankaeftirlitsmanns, að hann sé fjárhagslega óháður. Þykir því sjálfsagt, að honum sé launað eins vel og ríkið launar nokkrum öðrum starfsmanni sínum, eða með 10 þús. kr. Hinsvegar þykir ekki fært að ákveða launin hærri, jafnvel þó ýmsar stofnanir aðrar en ríkið greiði hærri laun fyrir störf, sem mætti kalla hliðstæð þessu, og þó sízt þýðingarmeiri.

Um 2. gr.

Þess verður að krefjast, að bankaeftirlitsmaðurinn verji öllum starfskröftum sínum í þágu embættis síns. Til þess að tryggja óháð og óhlutdrægt eftirlit verður einnig að krefjast þess, að bankaeftirlitsmaður hafi ekki persónulegra hagsmuna að gæta í sambandi við fyrirtæki, sem hafa viðskipti við bankana.

Um 3. gr.

Þess verður að krefjast, að bankaeftirlitsmaður sé fjárhagslega algerlega óháður þeim stofnunum, sem hann á að hafa eftirlit með. Er því lagt til að banna honum að taka lán í þeim nema gegn fullgildu fasteignaveði, og einnig að taka á sig ábyrgð gagnvart þeim. Eðlilegt er, að sömu ákvæði gildi yfirleitt um aðstoðarmenn bankaeftirlitsmanns, ef einhverjir eru. Þó virðist rétt að gera nokkra undantekningu að því er þá snertir.

Um 4. gr.

Gefur ekki tilefni til skýringa.

Um 5. gr.

Áður hefir verið vikið að nauðsyn þess, að ríkisstjórnin hefði ráðunaut um bankamál, svo sem er um ýms önnur málefni, sem ekki eru vandasamari né þýðing-

armeiri. Sjálfsagt er, að bankaeftirlitsmaður gefi ríkisstjórninni allar þær skýrslur viðvíkjandi starfi sínu, er hún óskar eða þörf er á. Þá er og sjálfsagt, að hann sé að öðru leyti bundinn þagnarskyldu um það, er hann verður vísari í starfi sínu.

Um 6. gr.

Mjög er undir því komið, að lánsstofnanir haldi þau lög og reglugerðir, er um þær gilda, en á því hefir oft orðið misbrestur. Er bankaeftirlitsmanni að sjálfsögðu ætlað að líta eftir þessu.

Oft eru menn í vafa um, hvernig skilja beri ýms lagaákvæði, og er sjálfsagt, að bankaeftirlitsmaður leiðbeini lánsstofnunum í þeim efnum, um þau lagaákvæði, er viðkoma starfsemi þeirra.

Um 7. gr.

Það liggur í hlutarins eðli, að bankaeftirlitsmaður verður að fylgjast sem bezt með hag og rekstri þeirra stofnana, er hann á að hafa eftirlit með. Er það beinlínis undirstaða starfs hans. Til þess verður hann að hafa aðgang að öllum bókum og skjölum lánsstofnananna og geta krafið þær um hverskonar upplýsingar viðvíkjandi starfi þeirra.

Um 8. gr.

Bankaeftirlitsmaður verður að hafa heimild til ýmsra ráðstafana, þar á meðal til að samræma bókhald og reikningsfærslu banka og sparisjóða. Þá virðist og nauðsynlegt, að hann geti kvatt stjórnir stofnananna saman á fund, ef hann telur þörf á því, og komið þar fram með tillögur sínar.

Um 9. gr.

Til þess að bankaeftirlitsmaður geti rækt starf sitt verður að krefjast þess, að bankar og sparisjóðir sendi honum skýrslur um það, er miklu máli skiptir í rekstri þeirra og starfi.

Um 10. gr.

Grein þessi inniheldur samskonar ákvæði og gilda hjá nágrannaþjóðunum um það, að lánsstofnanir megi ekki binda fé sitt um of á einum stað. Er aðallega farið eftir ákvæðum dönsku bankalaganna. Hefir áður, í II. kafla greinargerðarinnar, verið vikið að þessu atriði.

Um 11. gr.

Verði bankaeftirlitsmaður var við, að lánsstofnun hafi tapað verulega af tryggingarfé sínu, verður hann auðvitað að gangast fyrir því, að bót sé á ráðin, eftir því sem hægt er. Er þá eðlilegt, að hann snúi sér um það til þess aðilja, sem fer með æðstu stjórn stofnunarinnar eða ber ábyrgð á henni. Gefa verður bankaeftirlitsmanni vald til að stöðva rekstur þeirrar stofnunar, sem ekki getur komið honum á tryggan grundvöll. Þó virðist rétt, að úrskurði eftirlitsmanns um þetta megi skjóta til fjármálaráðuneytisins.

Um 12. gr.

Ef banki eða sparisjóður verður í bili að taka af því fé, sem hann má minnst hafa handbært, er sjálfsagt, að bankaeftirlitsmanni sé þegar skýrt frá því og að hann tiltaki frest til að koma þessu í lag.

Um 13. gr.

Með greininni er reynt að tryggja það, að bankar og sparisjóðir geti náð rétti sínum, ef ágreiningur rís á milli þeirra og bankaeftirlitsmanns.

Um 14. gr.

Óhjákvæmilegt er að beita nokkrum refsiaðgerðum, ef banki eða sparisjóður tregðast við að gefa bankaeftirlitsmanni nauðsynlegar upplýsingar, eða gera þær ráðstafanir, sem skylt er.

Um 15. gr.

Ekki virðist rétt að íþyngja ríkissjóði með kostnaði af eftirlitinu. Er sanngjarnt, að lánsstofnanirnar beri það sjálfar, enda í samræmi við það, sem viðgengst annarsstaðar á Norðurlöndum. Sanngjarnast virðist að jafna kostnaðinum niður á stofnanirnar í hlutfalli við viðskiptaveltu þeirra.

Um 16., 17. og 18. gr.

Gefa ekki tilefni til skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Óhjákvæmilegt er að gefa þeim bönkum og sparisjóðum, sem nú eru starfandi, nokkurn frest til að koma starfsemi sinni í það horf, sem fyrir er mælt í frumvarpi þessu, ef að lögum verður.

Nd. 23. Frumvarp til laga

um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Jón Pálmason.

1. gr.

Rannsókna- og tilraunastarfsemi landbúnaðarins, sem nýtur styrks úr ríkissjóði, skal vera framkvæmd á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum.

2. gr.

Tilgangurinn með rannsóknum þeim og tilraunum, sem lög þessi fjalla um, er að afla vísindalegrar, hagnýtrar reynslu í undirstöðuatriðum jarðræktar og búfjárræktar, svo að þeir, sem landbúnað stunda, geti byggt starf sitt á traustari grundvelli en nú.

I. KAFLI
Um stjórn tilraunamála.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefir yfirstjórn þeirra rannsókna og tilrauna, er lög þessi ákveða.

4. gr.

Til þess að ákveða á ári hverju, hve víðtækar rannsóknir og tilraunir skuli gera og hvernig þeim sé hagað, skal ráðherra skipa, til 5 ára í senn, tvö tilraunaráð: fyrir jarðrækt og búfjárrækt, og séu fimm menn í hvoru. Tilraunaráðin velja sér formann og ritara.

Í tilraunaráði vegna búfjárræktar séu forstjórar búfjárræktartilrauna, forstöðumaður jarðvegsrannsókna við landbúnaðardeild rannsóknarstofnunar atvinnuveganna við Háskóla Íslands og tveir tilnefndir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, enda séu þeir báðir sérfræðingar í jarðrækt.

Í tilraunaráði vegna jarðræktar séu tveir tilraunastjórar aðaltilraunastöðva, forstöðumaður fóðrunartilrauna við landbúnaðardeild rannsóknarstofnunar í þágu atvinnuveganna, tveir skipaðir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, enda séu þeir báðir sérfræðingar í búfjárrækt.

Nú verða stofnsettar fleiri en tvær aðaltilraunastöðvar í jarðrækt, og skulu þá forstjórar þeirra velja tvo menn úr sínum hópi í tilraunaráðin. Sama gildir ef fleiri en tvö tilraunabú vegna búfjárræktar verða stofnuð.

Tilraunaráðin eru ólaunuð, en ferðakostnaður greiðist samkvæmt reikningi.

5. gr.

Hvort tilraunaráð skal koma saman einu sinni á ári, en aukafundi getur formaður kvatt saman, ef sérstakar ástæður eru til eða meiri hluti ráðsins krefst þess.

6. gr.

Verksvið tilraunaráðs jarðræktar er:

1. Að gera tillögur um, hver verkefni landbúnaðardeildin tekur til meðferðar á hverjum tíma í þágu jarðræktarinnar.
2. Að kerfisbinda og samræma tilraunastarfsemi jarðræktarinnar, ákveða hver verkefni eru tekin til meðferðar á tilraunastöðvunum og hvernig þeim skuli skipt milli þeirra á hverjum tíma.
3. Að gera tillögur um framkvæmd og ákveða fyrirkomulag dreifðra tilrauna.

7. gr.

Verksvið tilraunaráðs búfjárræktar er:

1. Að gera tillögur um, hver verkefni landbúnaðardeildin tekur til meðferðar á sviði búfjárræktarinnar.
2. Að ákveða árlega, hverjar tilraunir verði gerðar á búfjárræktartilraunabúum um fóðrun og kynbætur búpenings.
3. Að gera tillögur um fyrirkomulag og framkvæmd búfjárræktartilrauna, sem kunna að verða gerðar utan tilraunabúanna.

8. gr.

Tilraunaráðin sjái um það, að niðurstöður tilraunanna séu birtar almenningi þannig, að árlega séu gefnar út stuttar lýsingar bændum til leiðbeiningar um þann árangur tilrauna, sem líklegt er að komi samtímis að hagnýtu gagni. Á nokkurra ára fresti skulu svo gefnar út glöggar skýrslur um öll þýðingarmestu atriði tilrauna þeirra, sem gerðar hafa verið á tilraunastöðvunum, tilraunabúunum og landbúnaðardeild rannsóknarstofnunar háskólans.

II. KAFLI

Um starfsemi landbúnaðardeildar rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands.

9. gr.

Til þess að annast rannsóknir fyrir landbúnaðinn skal starfa sérstök deild (landbúnaðardeild) í rannsóknarstofnun Háskóla Íslands. Sbr. lög nr. 97 3. maí 1935.

10. gr.

Landbúnaðardeildin skal hafa með höndum þessi verkefni:

1. Jarðvegsrannsóknir.
2. Jurtakynbætur og frærannsóknir.
3. Rannsókn jurtasjúkdóma.
4. Fóðurrannsóknir og fóðrunartilraunir.
5. Búfjárkynbætur.
6. Rannsókn búfjársjúkdóma.

Við stofnunina skal framvegis starfa sérfræðingur í hverri þessara fræðigreina, og skipar ráðherra í stöðurnar eftir því sem fé er veitt til þess.

11. gr.

Landbúnaðardeildin skal gera hverskonar athuganir og rannsóknir fyrir tilraunastöðvarnar, tilraunabú bændaskólanna og bændur. Aðalverkefnin skal ákveða af tilraunaráðum í samráði við starfsmenn stofnunarinnar, en verði einhver ágreiningur milli tilraunaráðanna og forstöðumanns deildarinnar, sker landbúnaðarráðherra úr.

12. gr.

Landbúnaðardeildin skal fá jarðnæði til afnota á hentugum stað nærri Reykjavík, þar sem hægt er að rannsaka nauðsynlegustu þætti varðandi: Fóðrun, búfjárkynbætur, búfjársjúkdóma, jurtakynbætur og jurtasjúkdóma.

III. KAFLI

Um jarðræktartilraunir.

13. gr.

Tilraunastöðvarnar á Akureyri og Sámsstöðum skulu vera starfræktar sem aðaltilraunastöðvar til þess að framkvæma tilraunir í jarðrækt. Þegar fært þykir af fjárhagslegum ástæðum, skulu til viðbótar stofnsettar tvær aðrar tilraunastöðvar, önnur á Vesturlandi, hin á Austurlandi.

14. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, ef ástæða þykir til, að dómi tilraunaráðs, að setja upp útibú frá aðaltilraunastöðvunum, er taki til meðferðar sérstök verkefni, sem einhverra hluta vegna er ekki unnt að taka upp á aðalstöðvunum.

15. gr.

Þyki tilraunaráði ástæða til, skulu niðurstöður tilrauna þeirra, sem framkvæmdar eru á tilraunastöðvunum, reyndar við mismunandi skilyrði hjá einstökum bændum. Búnaðarsamböndin skulu sjá um þá framkvæmd. Tilraunir þessar skulu aðeins gerðar á svæðum þeirra búnaðarsambanda, sem hafa héraðsráðunauta, og er þeim skylt að annast umsjón með slíkum tilraunum, undir stjórn tilraunastöðvanna.

16. gr.

Tilraunir í garðrækt skulu framkvæmdar á garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi, eftir tillögum tilraunaráðs.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra skal eftir tillögum tilraunaráðs löggilda nokkur afbrigði af kartöflum, og sé bannað að selja til útsæðis kartöflur af öðrum afbrigðum. Heimilt er, samkvæmt tillögum tilraunaráðs, að setja hliðstæð ákvæði um sölu á fræi annara nytjajurta.

Að svo miklu leyti, sem tilraunastöðvarnar ekki geta fullnægt þörfinni fyrir útsæði af kartöflum og fræi annara nytjajurta, sem löggilt er, skal samið við einstaka bændur um ræktun útsæðis, þannig að alltaf sé nægilegt af því.

Búnaðarfélag Íslands skal semja um slíka ræktun og tryggja eftir ýtrustu föngum, að aldrei sé skortur á útsæði.

18. gr.

Tilraunastöðina á Akureyri, eign Ræktunarfélags Norðurlands, og tilraunastöðina á Sámsstöðum, eign Búnaðarfélags Íslands, sem ákveðið er að reka áfram, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra og tilraunaráðs, sbr. 13. gr., mega viðkomandi félög ekki selja og ekki leggja á þær neinar kvaðir, er séu til hömlunar því,

að tilraunastarfið nái þeim tilgangi, sem til er ætlazt, nema samþykki Alþingis komi til.

19. gr.

Til þess að reyna ný verkfæri, eða breytingar á eldri verkfærum, hvort heldur eru jarðyrkjuverkfæri, heyvinnuáhöld eða önnur heimilisáhöld, skal skipa þriggja manna verkfæranefnd. Sé einn tilnefndur af búnaðarþingi, einn af Sambandi ísl. samvinnufélaga og sá þriðji af kennurum bændaskólans á Hvanneyri, og sé hann formaður. Verkfæratilraunir skulu fara fram við búnaðarskólann á Hvanneyri, nema hentara þyki að reyna sérstök verkfæri annarsstaðar.

20. gr.

Safni af landbúnaðarverkfærum skal komið upp við bændaskólann á Hvanneyri, undir umsjón verkfæranefndar. Reynt sé að fá sem flestar verkfæraverzlanir og verksmiðjur til þess að leggja fram sýnishorn í safnið, en ella skulu keypt til reynslu verkfæri, sem ekki fást á annan hátt.

21. gr.

Tilraunir í skógrækt séu gerðar af skógræktarstjóra í samráði við Skógræktarfélag Íslands, og sé einkum stefnt að því að rannsaka hagnýta þýðingu skógargróðurs til landverndunar gegn uppblæstri.

IV. KAFLI
Um búfjárræktartilraunir.

22. gr.

Tilraunir í búfjárrækt skulu gerðar á skólabúum bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri. Kennarar skólans í búfjárrækt skulu annast stjórn tilraunanna.

23. gr.

Á tilraunabúunum séu gerðar tilraunir með fóðrun og kynbætur búpenings. Einnig séu, eftir því sem við verður komið, gerðar tilraunir með heyverkunaraðferðir. Á hverjum tíma séu þau verkefni tekin til athugunar, sem mesta hagnýta þýðingu hafa, og sé tilraunaverkefnunum skipt milli búanna, eftir því sem hentugast er vegna staðhátta.

Áherzla skal lögð á að miða tilraunirnar við það, að auka notagildi og markaðshæfi hverrar búpeningstegundar.

24. gr.

Starfsmenn landbúnaðardeildarinnar við rannsóknarstofnun háskólans í búfjárræktarrannsóknum og stjórnendur tilraunabúanna skulu sameiginlega ákveða, eftir hvaða reglum þær tilraunir séu framkvæmdar, sem tilraunaráð ákveður á hverjum tíma að gerðar séu.

25. gr.

Þyki tilraunaráði búfjárræktar ástæða til, skulu niðurstöður tilrauna þeirra, sem fást á tilraunabúunum, reyndar við mismunandi skilyrði hjá einstökum bændum, svo og ef ástæða þykir til að gera sérstakar tilraunir, sem ekki er unnt á tilraunabúunum. Yfirumsjón með slíkum tilraunum hafa sérfræðingar rannsóknarstofnunar háskólans í búfjárrækt.

26. gr.

Sérfræðingur í búfjárrækt við landbúnaðardeild rannsóknarstofnunar háskólans skal kynna sér þær tilraunir, sem gerðar eru með að flytja sæði úr völdum

kynbótadýrum til frjóvgunar kvendýra annarsstaðar, og ef fært þykir að nota þær aðferðir við kynbætur á búfé hér á landi.

Skulu þá gerðar tilraunir með að flytja sæði erlendis frá til kynblöndunar innanlands.

V. KAFLI
Fjárframlög og reikningsskil.

27. gr.

Ríkissjóður kostar þær rannsóknir og tilraunir, sem lög þessi ákveða. Fjárframlög skulu ákveðin í fjárlögum í tvennu lagi, til landbúnaðardeildar rannsóknarstofnunar háskólans annarsvegar, en annarar tilraunastarfsemi, sem ríkissjóður kostar, hinsvegar.

28. gr.

Í lok hvers árs skulu tilraunaráðin gefa Búnaðarfélagi Íslands bráðabirgðaskýrslu um tilraunastarfsemi hins liðna árs, ásamt rökstuddum tillögum um, hvað unnið skuli næsta ár og hve mikils fjár sé þörf til framkvæmdanna.

Skýrslur tilraunaráðanna skulu lagðar fyrir búnaðarþing til athugunar, og fylgi umsögn þess eða stjórnar Búnaðarfélags Íslands tillögunum til landbúnaðarráðherra.

29. gr.

Til þess að skipta fé því, sem árlega er varið til hinnar almennu tilraunastarfsemi, skal landbúnaðarráðherra skipa þriggja manna nefnd.

Tilnefnir hvort tilraunaráð einn mann í nefndina. Þriðji maður sé búnaðarmálastjóri, og skal hann vera formaður hennar.

30. gr.

Fjárgreiðslur til tilrauna í jarðrækt og búfjárrækt skulu afgreiddar af Búnaðarfélagi Íslands. Þær stofnanir, sem tilraunirnar hafa með höndum, geri reikningsskil til félagsins, og séu reikningarnir frá síðasta ári komnir fyrir 15. febrúar ár hvert. Þeir skulu síðan endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélagsins og úrskurðaðir af búnaðarþingi.

VI. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

31. gr.

Um framkvæmd laga þessara, að svo miklu leyti sem hún er ekki ákveðin í lögunum, setur landbúnaðarráðherra reglugerðir, eftir tillögum tilraunaráðanna.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Um 1. og 2. gr.

Til þess að afla nýrrar þekkingar á sviði landbúnaðarins, þeim til leiðbeiningar, sem hann stunda, eru notaðar mismunandi aðferðir, sem skilgreindar eru með orðunum rannsóknir og tilraunir:

Rannsókn er í því fólgin, að skilgreina ýmsa eiginleika náttúrunnar með vísindalegum starfsaðferðum.

Tilraun er sú starfsemi, þar sem ákveðnar spurningar eru lagðar fyrir náttúruna, þannig, að öll önnur áhrifaatriði en það, sem um er spurt, eru látin verka eins, að svo miklu leyti sem mögulegt er.

Hvorug þessi aðferð út af fyrir sig er fullnægjandi, nema hin fylgi með, og taldi nefndin því nauðsynlegt, að löggjöfin fjallaði bæði um rannsókna- og tilraunastarfsemina.

Um 3. gr.

Greinin þarf ekki skýringar.

Um 4. gr.

Skipun tilraunaráðanna er þannig, að ætlazt er til, að í þeim sitji á hverjum tíma hinir sérfróðustu menn, sem völ er á, og af þeirri ástæðu er gert ráð fyrir, að menn, sem gegna sérstökum störfum, er landbúnaðinn varða, eigi sæti í ráðunum.

Tilraunaráðin eru tvö, hvort fyrir hina tvo höfuðþætti landbúnaðarins, jarðræktina og búfjárræktina. Þeim er ætlað, hvoru á sínu sviði, að ákveða tilraunaverkefnin og hvernig þau beri að leysa. Með því að ráðin séu skipuð til 5 ára er ætlazt til þess, að meiri festa fáist í starfsemina en ef þau væru skipuð til skemmri tíma.

Þar sem aðaltilraunastarfsemin hefir að þessu verið rekin af Búnaðarfélagi Íslands, þótti sjálfsagt, að það hefði sterkust áhrif í tilraunaráðunum, enda gerir nefndin ráð fyrir, að í þjónustu þess verði hér eftir sem hingað til starfandi fróðustu menn á þessu sviði.

Þar sem gengið er út frá því, að landbúnaðardeildin hafi með höndum alla rannsóknastarfsemina í þágu landbúnaðarins, þá þótti sjálfsagt, að hún hefði fulltrúa í báðum tilraunaráðunum.

Ætlazt er til, að tilraunaráðin séu ólaunuð, og byggist það á því, að þeir, sem þau skipa, eru menn í föstum stöðum, við verkefni, sem tilraunaráðunum ber að fjalla um. Hinsvegar telur nefndin, að eigi verði hjá því komizt að greiða ferðakostnað þeirra, sem þurfa að sækja fundi tilraunaráðanna lengra að.

Tilraunaráðin eiga að kveðja til funda sinna þá fræðimenn, er framkvæmdir hafa, þegar þau mál eru rædd, sem starf þeirra varðar.

Um 5. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 6. og 7. gr.

Hér er aðeins bent á höfuðverkefni tilraunaráðanna, en vitanlega er ekki vert með lögum að einskorða þau, því að áframhaldandi þróun skapar ný viðhorf og verkefni, og þykir því eigi rétt að binda hendur þeirra í þessu efni frekar en þarna er gert.

Um 8. gr.

Til þess að árangur tilraunanna geti sem fljótast komið að gagni í starfi bænda, er nauðsynlegt að gefa opinberlega út stuttar lýsingar á því, hvað rannsóknirnar og tilraunirnar hafa leitt í ljós, á hverju ári.

Hinsvegar er margt í þessari starfsemi þannig vaxið, að af því er ekki árangurs að vænta fyrr en eftir lengri tíma; er því ekki nauðsyn, að almennar skýrslur um tilraunir og rannsóknir séu gefnar út nema á nokkurra ára fresti.

Um 9. gr.

Með lögum nr. 97 frá 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun Háskóla Íslands í þarfir atvinnuveganna, er gert ráð fyrir, að í þeirri stofnun starfi landbúnaðardeild, er hafi með höndum margvíslegar rannsóknir fyrir landbúnaðinn. Þessi deild er enn ekki tekin til starfa, að fráteknum rannsóknum búfjársjúkdóma og nokkrum byrjunarathugunum um jurtasjúkdóma.

Því er það, að nefndin taldi sjálfsagt, að upp í þetta frumvarp væru tekin ákvæði um þessa fyrirhuguðu landbúnaðardeild, meðal annars vegna þess, að þær rannsóknir, sem þar ber að gera, verða svo nátengdar hinni almennu tilraunastarfsemi, að óhjákvæmilegt má telja, að um þetta hvorttveggja sé eitt lagakerfi og sameiginleg stjórn.

Aðkallandi verkefni liggja fyrir á öllum sviðum landbúnaðarins, og er því brýn nauðsyn, að landbúnaðardeildin taki til starfa svo fljótt sem verða má. Landbúnaðurinn er að ýmsu leyti í niðurlægingu, og er ein orsökin sú, að hagnýta, innlenda vísindalega þekkingu vantar honum til styrktar. Meðal annara menningarþjóða hefir stórfé verið lagt í að efla slíka þekkingu, en þótt sumt af henni hafi alþjóðlegt gildi, þá er flest þó að mestu bundið við staðhætti. Að vel takist um starfsmannaval og starfsemi landbúnaðardeildarinnar að öðru leyti, hefir því ákaflega mikla þýðingu fyrir framtíð landbúnaðarins.

Um 10. og 11. gr.

Hér er ætlazt til, að sérfræðigreinar landbúnaðardeildarinnar séu 6, og má telja, að tvær þeirra séu nú þegar starfræktar, deildin fyrir jurtasjúkdóma og deildin fyrir búfjársjúkdóma. Nefndin telur nauðsynlegt, að hinar deildirnar taki sem fyrst til starfa, og leggur einkum áherzlu á, að fóðurrannsóknir og fóðrunartilraunir, svo og jarðvegsrannsóknirnar verði framkvæmdar, og fengnir til þess vel lærðir og vel hæfir sérfræðingar. Hin verkefnin yrðu svo tekin til framkvæmda svo fljótt sem unnt er vegna fjárhagsaðstöðu.

Nefndin leggur áherzlu á, að sem nánust samvinna verði milli landbúnaðardeildarinnar og annarar þeirrar tilraunastarfsemi, er frumvarpið gerir ráð fyrir, og ætlast til þess, að tilraunaráðin beiti kröftum sínum í þá átt, að það samstarf takist sem bezt.

Um 12. gr.

Rannsóknir þær, sem ætlazt er til, að landbúnaðardeildin hafi með höndum, gera það nauðsynlegt, að stofnunin ráði yfir jarðnæði, þar sem sá þáttur rannsóknanna fer fram, er eigi verður gerður í rannsóknarstofnuninni sjálfri. Það er nauðsynlegt, að þessi jörð liggi nærri Reykjavík, svo að sérfræðingar stofnunarinnar geti haft daglegt eftirlit með þeim þáttum rannsóknanna, er þar eru gerðir.

Í fyrstu leit nefndin þannig á, að unnt væri að sameina þetta á einum stað, en eftir nákvæma athugun og viðræður við forstöðumann búfjársjúkdómadeildarinnar, komst hún að þeirri niðurstöðu, að ýmislegt mælti á móti því, að rannsókn búfjársjúkdóma og jafnvel jurtasjúkdóma færu fram á sama stað og þar, sem fengizt er við búfjárfóðrunartilraunir og kynbætur jurta og dýra.

Það, sem einkum mælir gegn því, að allt þetta sé framkvæmt á sama stað, er:

1. Sýktar skepnur, sem sjúkdómarannsóknirnar gera nauðsynlegt að hafa á þessum stað, verður að einangra svo tryggilega, að útilokað sé, að af þeim geti stafað hætta fyrir kynbótagripi og önnur heilbrigð tilraunadýr. Sama gildir um sýktar jurtir og heilbrigðar.
2. Sjúkdómarannsóknirnar þurfa jarðnæði, svo nærri Reykjavík, að þægilegt sé fyrir þá menn, sem fyrir þeim standa, að fara þangað jafnvel oft á dag. Hinsvegar er ekki brýn þörf, að jarðnæði fyrir kynbótatilraunir jurta og dýra, fóðurrannsóknir o. s. frv. sé eins nærri, og mætti því ætla, að unnt væri að fá til þess ódýrara land. Til sjúkdómarannsóknanna mundi vera nægilegt að hafa 10—12 ha. land, en miklu meira landrými þarf til annara þeirra rannsókna, sem hér koma til greina. Annmarkar eru því miklir af þessum ástæðum við það, að fá jörð, sem hentug væri til hvorstveggja.
3. Ekki mun unnt að nota sama fólk við sjúkdómarannsóknir og fóðurrannsóknir, bæði vegna sýkingarhættu og mismunandi kunnáttuþarfar.
4. Þar sem nú er orðið svo mikið um sjúkdóma í dýrum og jurtum, sem raun

ber vitni, og mikill ótti við útbreiðslu þeirra, þá mundi það vekja tortryggni gagnvart dýrum og jurtum, sem alin væru upp til kynbóta, ef sú starfsemi fer fram á sömu jörð, þar sem sjúkar skepnur og jurtir eru hafðar til athugunar, jafnvel þó einangrun væri framkvæmanleg, á þann hátt að öruggt væri.

Nefndin hefir nokkuð athugað tækifæri til jarðnæðisútvegana í þessu skyni og komizt að því, að unnt muni að fá hentugt land innan takmarka bæjarlandsins til sjúkdómarannsóknanna, með ekki óaðgengilegum kjörum.

Til hinnar starfseminnar telur nefndin ekki óhugsandi að taka einhverja jörð, sem ríkið á hér í grenndinni, en ákveðnar tillögur í því efni er nefndin ekki viðbúin að leggja fram.

Um 13. gr.

Tilraunastöð Búnaðarfélags Íslands á Sámsstöðum og Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri framkvæma nú meginhluta þeirra jarðræktartilrauna, sem gerðar eru í landinu. Þessar stöðvar hafa nægilegt landrými og eru að öðru leyti svo búnar að húsakynnum, vélum og verkfærum, að litlu þarf við að bæta, svo að þær geti að öllu fullnægt þeim kröfum. er gerðar verða til slíkra stöðva. Ber því að leggja áherzlu á, að þeim með auknu rekstrarfé og nokkrum umbótum sé veitt sú starfsaðstaða, að sem fyllstur árangur fáist af starfi þeirra.

Samkvæmt upplýsingum, er nefndin hefir fengið frá tilraunaráði Búnaðarfélags Íslands, er fjárþörfin til viðbótar stofnkostnaðar þessara stöðva áætluð þessi:

Sámsstaðir:

1.	Hesthús fyrir 10 hross, heyhlaða f. 150 hkg.	kr. 1500.00
2.	Kartöflugeymsla fyrir 300 tunnur garðávaxta	— 2000.00
3.	Korn- og frægeymsla með þurrktækjum	— 3500.00
4.	Verkfæraskýli og smiðja	— 1500.00
	Samtals	kr. 8500.00

Gróðrarstöðin, Akureyri:

1.	Til innréttingar byggingu á Galtalæk	kr. 1500.00
2.	Til þess að fullgera geymsluhús stöðvarinnar	— 1000.00
3.	Viðbót við íbúðarhús	— 5000.00
4.	Verkfærakaup	— 1000.00
	Samtals	kr. 8500.00

Til stofnkostnaðar tveggja nýrra tilraunastöðva er fjárþörfin áætluð þessi:

1.	Íbúðarhús fyrir forstjóra, aðstoðarmann og verkafólk	— 25000.00
2.	Byggingar fyrir áhöfn og hey	— 15000.00
3.	Geymslur fyrir verkfæri, korn og kartöflur	— 10000.00
4.	Verkfæri og áhöld	— 6000.00
5.	Áhöfn: 10 kýr, 8 hross, 100 ær, 30 hænsn	— 6000.00
	Samtals	kr. 62000.00

Auk jarðnæðis myndi stofnkostnaður tveggja aðalstöðva verða 124 þús. krónur.

Nefndin leggur áherzlu á, að lagt verði fram fé til stofnkostnaðar þeirra stöðva, sem fyrir eru, en telur, að um stofnun nýrra stöðva verði að fara eftir því, sem fjárhagsaðstæður leyfa.

Rekstrarkostnað hvorrar aðalstöðvar, að frádregnum tekjum þeirra, má áætla 15 þús. krónur árlega, og er þá gert ráð fyrir, að hvor stöð bæti starfskröftum við þannig, að tilraunastjórarnir hafi sér til hjálpar aðstoðarmenn, sem kunni svo mikið til tilraunastarfa, að þeir geti að nokkru leyti séð um framkvæmd tilraunanna. Það er með öllu óviðunandi, að öll tilraunastarfsemin hvíli á einum manni, eins og nú er á tilraunastöðvunum. Má á það benda, að ef tilraunastjórarnir féllu snögglega frá störfum, mundi koma algert brot í allar framkvæmdir, nema þar væri maður,

sem kunnugur væri tilraununum og starfsaðferðum stöðvanna. Enda má fullyrða, að það þekkist hvergi erlendis við slíkar stöðvar, að ekki sé að minnsta kosti einn aðstoðarmaður (Assistent) til hjálpar.

Tilraunastöðvarnar á Akureyri og Sámsstöðum hafa að undanförnu notið um 12 þúsund króna framlags til starfsemi sinnar, svo að mjög hóflega er farið í tillögum nefndarinnar um aukið rekstrarfé til þeirra.

Um 14. gr.

Ef tilraunaráð telur nauðsynlegt að gera tilraunir um einhver atriði jarðræktarinnar, sem erfitt er fyrir tilraunastöðvarnar að sinna, vegna staðhátta eða annars, þá þykir rétt, að löggjöfin heimili að setja upp útibú frá tilraunastöðvunum, og séu þau undir stjórn tilraunastjóranna. Þetta var gert á fyrstu starfsárum Ræktunarfélags Norðurlands og gaf góða raun, en lagðist niður vegna fjárskorts.

Um 15. gr.

Þau verkefni, sem tekin eru fyrir á tilraunastöðvunum, eru sum þannig, að langan tíma þarf til þess að fá fulltryggar úrlausnir, og flest í okkar jarðrækt hefir ekki sama gildi, hvar sem er á landinu. Nú má búast við, að tilraunastöðvarnar séu fyrst um sinn aðeins tvær. Ber því nauðsyn til að reyna sem víðast á tilraunavísu, hvernig það gefst við ólík skilyrði, sem á tilraunastöðvunum hefir vel reynzt. Slík athugun gefur tryggingu fyrir, að úrlausnirnar séu réttar og gefi góða raun í framkvæmdinni almennt. Réttast virðist, að búnaðarsamböndin hafi umsjón með slíkum smátilraunum, sem hér um ræðir. Þó verður að telja nauðsynlegt, að þau sambönd, sem hafa slíkar tilraunir með höndum, hafi héraðsráðunaut. Hafi þeir á hendi stjórn á því, hvernig slíkar tilraunir eru framkvæmdar, og verður á þann hátt nokkur trygging fyrir því, að tilraunirnar séu rétt og samvizkusamlega gerðar.

Til þessara tilrauna má ætla, að fyrst um sinn mundu nægja 8—10 þús. kr. á ári.

Um 16. gr.

Að undanförnu hafa ýmsar tilraunir í garðrækt farið fram á tilraunastöðvunum, og síðustu árin einnig á Laugarvatni. Þessar tilraunir hafa þó ekki verið svo ýtarlegar sem skyldi, og liggja til þess eðlilegar ástæður, svo sem sú, að til þessa hefir frekar litlu fé verið varið. Að svo miklu leyti, sem unnt er að halda þessum tilraunum áfram án aukinna fjárframlaga, er sjálfsagt að það sé gert. En nú er ákveðið að setja á stofn garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi. Sá skóli verður að reka fjölbreytta garðrækt, kennslunnar vegna. Hann mun hafa forstöðumann, sem er sérfræðingur í garðrækt, og þar eru fyrir hendi þau sérstæðu skilyrði, að ræktunin getur farið fram við nægan jarðhita. Allt þetta styður að því, að garðræktartilraunirnar eiga að vera gerðar á þessum stað, fremur en nokkrum öðrum. Sérstaklega ber þar að athuga allt, sem við kemur gróðurhúsrækt.

Sú tilraunastarfsemi, sem ætlazt er til, að þarna fari fram, verður svo samofin starfsemi skólans sem kennslustofnunar, að aukinn kostnaður vegna tilrauna ætti ekki að þurfa að verða mikill, en nokkur verður hann, enda sjálfsögð krafa, að tilraunirnar verði gerðar eftir tillögum tilraunaráðs.

Um 17. gr.

Hér á landi er ástandið með kartöfluræktina mjög iskyggilegt. Fjöldi afbrigða er ræktaður og alltaf öðru hverju eru ný afbrigði flutt til landsins eftirlitslaust og án þess að næg reynsla sé fyrir hendi um ræktunarhæfi þeirra hér. En nú er svo ástatt með kartöflurnar, að til er aragrúi ólíkra afbrigða, sem eru misjafnlega fallin til ræktunar eftir loftslagi, jarðvegi o. fl., og eru þau mjög misnæm fyrir sjúkdómum. Sum afbrigðin eru beinlínis hættuleg, vegna þess að þau viðhalda næmum kartöflusjúkdómum. Er því brýn nauðsyn að fyrirbyggja, að lélegustu og

hættulegustu afbrigðin verði ræktuð, og sér nefndin ekki önnur fær ráð til þess en að banna sölu á útsæði af þeim afbrigðum.

Nefndin telur heppilegast, að jarðræktartilraunaráðið ákveði á hverjum tíma, hvaða afbrigði séu bezt fallin til ræktunar hér á landi, og verði ekki leyfð sala á útsæði af öðrum afbrigðum. Hún telur ennfremur nauðsynlegt, að allt kartöfluútsæði, sem nota þurfi hér á landi, sé ræktað hérlendis, og telur því rétt að fela Búnaðarfélagi Íslands að semja um ræktun þess við einstöku bændur, að svo miklu leyti, sem tilraunastöðvarnar fullnægja ekki þörfinni.

Nefndin taldi rétt, að heimild þessi væri í lögunum, til þess að beita sömu aðferð við ræktun og sölu útsæðis annara nytjajurta, þótt hún sæi ekki ástæðu til þess að setja þessi ákvæði um einstöku tegundir, aðrar en kartöflurnar.

Nefndin telur rétt og sjálfsagt, að bændum, sem fengnir eru til þess að rækta útsæði, verði tryggt ákveðið lágmarksverð fyrir það.

Um 18. gr.

Þar sem tilraunastöðin á Sámsstöðum og tilraunastöðin á Akureyri eru eignir félaga, en ekki ríkisins, er óhjákvæmilegt að tryggja það, að viðkomandi félög geri ekki neinar þær ráðstafanir, án vitundar og samþykkis Alþingis, viðvíkjandi stöðvunum, er skaði þann tilgang, sem þeim er ætlað að hafa samkvæmt lögunum.

Um 19. gr.

Hin síðari ár hefir véla- og verkfæranotkun mjög aukizt í landinu, og liggur þar mikið fé bundið. Þar sem notagildi slíkra verkfæra við okkar staðhætti eru mismunandi, svo og af því að alltaf koma fram ný verkfæri, er hvorki erlend eða innlend reynsla er fyrir, hvaða notagildi hafi, þá er ætlazt til með þessu ákvæði, að tryggt verði, að hlutlaus dómur fáist um gæði verkfæranna. Skipan verkfæranefndarinnar þykir eðlilegast að sé á þann hátt, sem greinin gerir ráð fyrir. Með því að Samband ísl. samvinnufélaga hefir aðalverzlunina með landbúnaðarverkfæri og í sinni þjónustu sérfróðan mann í þessari grein, er eðlilegt, að það tilnefni mann í nefndina, svo lengi sem slíkur maður er í þjónustu þess. Á bændaskólunum fer fram kennsla í verkfærafræði, og myndi það verða styrkur við kennsluna, að tilraunirnar fari þar fram, og því eðlilegt, að einn kennaranna sé í nefndinni.

Það þykir hentara, að tilraunir þessar fari fram á Hvanneyri en Hólum, með því að þar eru góð skilyrði til verkfæranotkunar og aðstaða hæg til að koma verkfærunum þangað.

Um 20. gr.

Breytingar á þeim vélum og áhöldum, sem bændur þurfa að nota í starfi sínu, eru á síðari tímum nokkuð örar og margvíslegar. Nýjar hugmyndir koma oft fram á því sviði, ný verkfæri eru flutt inn og smíðuð innanlands o. s. frv. Að fylgjast með öllu þessu er fróðlegt og nauðsynlegt, einkum fyrir alla þá, sem leiðbeiningastörf hafa með höndum. Er því mjög æskilegt að koma upp verkfærasafni, þar sem unnt er að fylgjast með öllum nýungum og breytingum í verkfæragerð. Telur nefndin heppilegt, að slíkt safn sé á þeim bændaskólanum, sem nær er höfuðstaðnum. Líklegt telur nefndin, að unnt sé að fá sýnishorn í safnið frá ýmsum þeim verksmiðjum og verzlunum, sem smíða eða selja verkfæri, og má ætlast til þess, að verkfæranefnd geri sitt til að svo verði, en annars þarf nokkra fjárupphæð til þess að kaupa í safnið þau áhöld, sem ekki fást á annan hátt.

Um 21. gr.

Skógræktin er svo frábrugðin annari jarðrækt og garðyrkju, að nefndin taldi eigi ástæðu til þess að setja inn í frumvarpið ákvæði um tilraunir á því sviði, er heyri undir stjórn tilraunaráðs. Hinsvegar telur nefndin sjálfsagt, að sú starfsemi, sem hefir með höndum að efla skógræktina og hefir til þess opinberan styrk: skóg-

rækt ríkisins og Skógræktarfélag Íslands, hafi sem gleggstar athuganir á því, hvað bezt gefst á skógræktarsviðinu og hvernig er tryggast að verjast uppblæstri landsins.

Um 22. gr.

Þar sem svo er komið, að skólabúin á Hólum og Hvanneyri eru rekin sem ríkisbú og starfrækt sem kennslubú, þá telur nefndin eðlilegast, að þar séu tilraunirnar í búfjárrækt gerðar, ella mundi þurfa að stofna ný bú á kostnað ríkisins og fá þar til forstöðu nýja fræðimenn. Á skólajörðunum er nægilegt landrými og landbúnaðarskilyrði í bezta lagi, þó nokkuð sé sitt með hverjum hætti á hvorum stað. Til þess að kenna búfjárfræði á bændaskólunum, má líka ætla að jafnan verði þeir einir teknir, sem skarað hafa fram úr í námi á því sviði, og ber að sjálfsögðu að gera ráð fyrir, að þeim sé til þess treystandi að stjórna búfjárræktartilraununum. Allt þetta miðar að því, að tilraunirnar hljóta að verða ódýrari með því að gera þær á skólabúunum heldur en að stofnsetja ný tilraunabú.

Um 23. gr.

Þær búfjárræktartilraunir, sem gera ber á skólabúunum, eru fyrst og fremst fóðrunar- og kynbótatilraunir, og taka þær til allra helztu búpeningstegunda vorra. Kynbótatilraunirnar séu gerðar bæði með hreinræktun og kynblöndun og miði að því að leiða í ljós, hvað gefi bezta raun til þess að auka hreysti og afurðagæði hverrar tegundar. Fóðrunartilraunirnar taki til mismunandi fóðrunaraðferða með heyi, kraftfóðri ýmiskonar og beit. Telur nefndin einnig rétt, að þessi bú geri tilraunir með mismunandi heyverkunaraðferðir, og ættu nóg tækifæri að gefast til þess, án mikið aukins kostnaðar.

Allar þessar tilraunir er að sjálfsögðu ekki unnt að gera á hverju búi samtímis. Er því hvorttveggja, að tilraunaverkefnin verður að taka fyrir smátt og smátt, eftir því sem fjárhagur og starfsaðstaða gerir mögulegt, og í annan stað er sjálfsagt að skipta verkefnunum milli búanna eftir staðháttum. T. d. mundi eðlilegt, að tilraunir með kynbætur og fóðrun nautgripa fari aðallega fram á Hvanneyri, en sauðfjárræktartilraunirnar aðallega fram á Hólum.

Hvernig öllu þessu er niður raðað, verður tilraunaráð búfjárræktarinnar að ákveða á hverjum tíma.

Um 24. gr.

Eins og gert er ráð fyrir í næstu grein á undan, er til þess ætlazt, að tilraunaráð búfjárræktar ákveði á hverjum tíma, hver verkefni séu tekin fyrir og gerðar tilraunir um. Einnig hvernig verkum er skipt milli búanna. Hinsvegar verða forstöðumenn búanna og sérfræðingar landbúnaðardeildarinnar í búfjárrækt að ákveða, eftir hvaða reglum tilraunirnar séu gerðar.

Um 25. gr.

Þarf ekki skýringa.

Um 26. gr.

Á síðari árum hefir ný aðferð við kynbætur búfjár rutt sér til rúms í ýmsum löndum.

Aðferðin er í því fólgin, að sæði úr úrvals karldýrum er safnað og notað til frjóvgunar kvendýra, sem geta verið í fjarlægð, jafnvel í öðrum löndum.

Aðferð þessi hefir eftirfarandi kosti:

1. Að unnt er að hagnýta sér mun betur en ella beztu úrvalskarldýrin, með því að eitt sáðfall nægir til frjóvgunar nokkurra kvendýra (mismunandi, eftir því hvaða búfjártegund er).
2. Að hægt er að geyma sæðið á öruggan hátt nokkra daga (mismunandi fyrir hverja búfjártegund), og það gerir kleift að flytja sæðið til fjarlægra héraða og til annara landa. En það getur verið mikill fjárhagslegur sparnaður fyrir bændur

þeirra landa, þar sem kvikfjárrækt stendur á frumstigi (t. d. í Rússlandi fyrir byltinguna, á Íslandi nú), að þurfa ekki að leggja eins mikið fé af mörkum til kaupa á kynbótadýrum, enda hafa Rússar o. fl. hagnýtt sér þessa aðferð með góðum árangri.

3. Hægt er með þessari aðferð að fyrirbyggja, að sjúkdómar berist með kynbótadýrum milli héraða og landa, þar eð annaðhvort nægir að flytja aðeins sjálft sæðið, eða örfá kynbótadýr, sem hægt er algerlega að einangra frá öðrum fénaði.
4. Með þessari aðferð fæst meira öryggi um að kvendýrin frjóvgist en ella.
5. Ennfremur er hægt að rannsaka erfðaeðli karldýranna, t. d. nauta, mun fyrr með þessari aðferð, þar eð hægt er að taka sæði úr karldýrum strax og þau verða kynþroska og frjóvga mun fleiri kvendýr en ella og fá strax fleiri afkvæmi, til reynslu.

Nefndin telur því sjálfsagt að leggja áherzlu á, að þessi kynbótaaðferð verði reynd sem allra fyrst hér á landi.

Um 27. gr.

Ríkissjóður hefir að nokkru leyti lagt fram það fé, sem hingað til hefir verið varið til rannsókna og tilrauna, og að sjálfsögðu verður að gera þá kröfu, að hann kosti framvegis þessa starfsemi.

Fjárframlög til stofnunarinnar áætlar nefndin þannig:

1.	Tilraunabú landbúnaðardeildarinnar. Lausafé	kr.	24000.00
2.	Viðbótarstofnkostnaður tveggja tilraunastöðva. Sámsstöðum og Akureyri	—	17000.00
3.	Stofnkostnaður útibúa	—	5000.00
4.	Stofnkostnaður búfjárræktartilrauna	—	16000.00
	Samtals	kr.	62000.00

Til stofnkostnaðar vegna landbúnaðardeildarinnar kemur ennfremur kaupverð jarðar og byggingarkostnaður. Jarðnæðið verður samkvæmt því, sem fyrr hefir verið gerð grein fyrir, tvískipt, þar sem ekki er heppilegt, að sjúkdómsrannsóknirnar séu á sama stað og hinar almennu rannsóknir í búfjárrækt.

Það myndi mjög lækka þann kostnað, er leiðir af stofnun búanna, ef í nágrenni Reykjavíkur fyndist opinber jarðeign, er álitist hæf til þess að framkvæma rannsóknirnar á. Nefndin hefir ekki lokið rannsókn á því, hvort hægt væri að fá hentugt jarðnæði, en mun að sjálfsögðu gera þá athugun svo fljótt sem unnt er.

Nefndin telur, að í framanritaðri áætlun sé talinn með aðeins sá hluti stofnkostnaðar, sem óhjákvæmilegt er, og telur, að stofnun nýrra jarðræktartilraunastöðva komi fyrst til greina, þegar lokið hefir verið að koma í horf tilraunabúunum vegna búfjárræktar, endurbætur gerðar á jarðræktartilraunastöðvunum og stofnsett hefir verið tilraunabú landbúnaðardeildarinnar.

Eins og þessum málum er nú fyrir komið, er varið til rannsókna og tilraunastarfsemi landbúnaðarins þessum fjárhæðum:

Landbúnaðardeild rannsóknarstofu Háskóla Ísl. (samkv. fjárl. 1939)		kr.	21200.00
Til sjúkdómadeildar (vegna mæðiveikinnar)		—	50000.00
Bf. Ísl. til jarðræktartilrauna á Sámsstöðum og Akureyri og Laugarvatni, árið 1938		—	29800.00
	Samtals	kr.	101000.00

Rekstrarkostnað rannsókna- og tilraunastarfseminnar áætlar nefndin þannig:

I.	Landbúnaðardeildin:		
1.	Almennar rannsóknir í búfjárrækt, jarðrækt og jurtasjúkd.	kr.	55000.00
2.	Búfjársjúkdómarannsóknir, þar með talið tilraunabú, vegna sjúkdómanna	—	30000.00
3.	Tilraunabú landbúnaðardeildar	—	15000.00

II.	Jarðræktartilraunir:		
	1. Tilraunastöðvarnar á Akureyri og Sámsstöðum	kr.	30000.00
	2. Dreifðar tilraunir og aukastöðvar	—	8000.00
	3. Verkfæratilraunir	—	4000.00
III.	Búfjárræktartilraunir	—	16000.00
		Samtals kr.	158000.00

Samkvæmt þessari áætlun myndi kostnaðurinn verða 57 þúsund krónum hærri en hann er nú, samkvæmt fjárlögum 1939 og fjárhagsáætlun Búnaðarfélags Íslands 1938.

Um 28. gr.

Tilraunaráðin eru þeir aðiljar, sem jafnan eiga að hafa gleggst yfirlit um árangur þann, er verður af tilraunum hvers ár, og hverju sé mest þörf að sinna á hverju komandi ári. Er því eðlilegt og sjálfsagt, að þau geri sínar tillögur um fjárþörfina. Búnaðarþing, sem hefir æðsta vald í félagsmálum landbúnaðarins, og stjórn Búnaðarfélags Íslands eiga að hafa bezta vitneskju um, hver rannsóknarefni bændur hafa mesta þörf fyrir að tekin séu til meðferðar. Þykir því eðlilegt, að umsögn þessara aðilja fylgi tillögum tilraunaráðanna til landbúnaðarráðherra.

Um 29. gr.

Þegar Alþingi hefir ákvarðað fjárframlög til hinnar almennu tilraunastarfsemi, er nauðsynlegt, að fastákveðið sé, hverjir skuli annast skipting þess fjár milli jarðræktartilraunanna annarsvegar og búfjárræktartilrauna hinsvegar, svo og hve mikið fé þurfi til rekstrar þeirra tilrauna, sem hverri tilraunastöð eða tilraunabúi er ætlað að hafa með höndum.

Þótti því sjálfsagt, að þau, hvert fyrir sig, tilnefndu mann í nefndina, en að formaður væri búnaðarmálastjóri, þar sem telja má, að hann sé fulltrúi fyrir bæði ríkisstjórn og félagsskap landbúnaðarins.

Um 30. gr.

Með því að Búnaðarfélag Íslands er tengiliður milli ríkisvaldsins og hinnar verklegu starfsemi landbúnaðarins, þá þykir sjálfsagt, að það hafi á hendi fjárgreiðslur og fullnaðarreikningsskil til hins opinbera fyrir tilraunastarfsemina, enda er það hliðstætt því, sem nú á sér stað um fjárgreiðslur vegna jarðræktar, búfjárræktar, sandgræðslu o. fl.

Um 31. og 32. gr.

Þurfa ekki skýringar.

1939 — 22. mál.

Ed. **24. Frumvarp til laga**

um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

I. KAPITULI

Tollskráin.

1. gr.

Af öllum vörum, sem fluttar eru til landsins, skal greiða aðflutningsgjöld eftir fyrirmælum eftirfarandi tollskrár, enda séu þær ekki undanþegnar þeim gjöldum í tollskránni sjálfri, 2. gr. þessara laga eða öðrum sérstökum lögum.

Meðan viðskiptasamkomulag það, sem um ræðir í 18. gr., er í gildi, skal þó greiða aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem taldar eru í þeirri grein, eftir því, sem þar segir.

Tollskrár nr.	I. FLOKKUR **Lifandi dýr og afurðir úr dýraríkinu.**	Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	1. kafli. **Lifandi dýr, nema fiskar, krabbar og skeldýr.**			
1	Fuglar	1 kg	7	30
2	Geitfé	—	7	30
3	Hestar	—	7	30
4	Kanínur	—	7	30
5	Kýr og aðrir nautgripir	—	7	30
6	Sauðfé	—	7	30
7	Svín	—	7	30
	Refir:			
8	— silfurrefir	—	7	30
9	— aðrir	—	7	30
10	Minkar	—	7	30
11	Önnur lifandi dýr, ótalin annarsstaðar (ót. a.)	—	7	30
	2. kafli. **Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.**			
	Kjöt, nýtt, kælt eða fryst, ót. a.:			
1	— af fuglum	1 kg	7	30
2	— af nautgripum	—	7	30
3	— af sauðfé	—	7	30
4	— af svínum	—	7	30
5	— hvalkjöt	—	7	
6	— hvalrengi	—	7	30
7	— annað	—	7	30
	Kjöt, saltað, reykt eða þurrkað, ót. a.:			
8	— af fuglum	—	7	30
9	— af nautgripum	—	7	30
10	— af sauðfé	—	7	30
11	— af svínum	—	7	30
12	— hvalkjöt	—	7	
13	— hvalrengi	—	7	30
14	— annað	—	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	Nautgripatungur, ót. a.:			
15	— nýjar, kældar eða frystar	—	7	30
16	— reyktar, saltaðar eða þurrkaðar	—	7	30
	Flesk, ót. a.:			
17	— nýtt, kælt eða fryst	—	7	30
18	— reykt, saltað eða þurrkað	—	7	30
	3. kafli. **Fiskur, krabbar, skeldýr og ætir hlutar af þeim, ót. a.**			
1	Síld, ný, ísvarin eða fryst	1 kg	7	30
2	Fiskur og hlutar af fiski, ót. a., nýr, ísvarinn eða frystur	—	7	30
3	Fiskur og hlutar af fiski, ót. a., saltaður, þurrkaður eða reyktur	—	7	30
	Krabbar og skeldýr, ót. a.:			
4	— humar	—	7	30
5	— ostrur	—	7	30
6	— rækjur	—	7	30
7	— önnur	—	7	30
	4. kafli. **Mjólkurafurðir, egg og hunang.**			
	Mjólk og rjómi:			
1	— niðursoðið	1 kg	7	30
2	— þurrkað	—	7	30
3	— annað	—	7	30
4	Smjör	—	7	30
5	Ostur	—	7	30
	Egg:			
6	— ný	—	7	30
7	— eggjarauður, eggjahvítur og eggjahlaup (emulsion)	—	7	30
8	— eggjaduft	—	7	40
9	Hunang og hunangslíki	—	20	15
	5. kafli. **Hráefni úr dýraríkinu, ót. a.**			
1	Ambra, ömbrulíki og tinktúrur úr þeim efnum	1 kg	7	40
	Bein og horn, óunnin:			
2	— fílabein og rostungstennur	—	7	30
3	— önnur	—	7	30
4	Svínshár	—	7	8
5	Dúnn og fiður	—	7	30
6	Dýrablóð, fljótandi eða þurrt	—	7	30
	Fjaðrir, óunnar, til skrauts:			
7	— strútsfjaðrir	—	120	80
8	— aðrar	—	120	80
9	Fuglshamir og hlutar af þeim með fjöðrum, sem óunnir eru eða hafa sætt þeirri meðferð, sem nauðsynleg er, til að varðveita þá frá skemmdum meðan á flutningi			

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	stendur, þó svo framarlega sem þeir ekki verða taldir til loðskinna	1 kg	7	30
10	Mannshár, óunnið	—	7	30
11	Kórallar, skjaldbökuskeljar, skelplata og aðrar skeljar, óunnar	—	7	30
12	Langar og þarmar, einnig tilbúnir, svo og sundmagar	—	7	30
13	Moskus og moskuslíki og tinktúrur úr þeim efnum	—	7	40
14	Svampar (porifera)	—	7	30
15	Önnur hráefni og úrgangsefni úr dýraríkinu, ót. a., svo og dauð dýr, óhæf til neyzlu	—	7	30

II. FLOKKUR
Afurðir úr jurtaríkinu.

6. kafli.
Lifandi jurtir, blóm, blöð og aðrir afskornir jurtahlutar, nýir, þurrkaðir eða líkt meðfarnir.

	Jurtir lifandi:			
1	— trjáplöntur og trjárunnar til gróðursetningar	1 kg	7	10
2	— rabarbari	—	7	10
3	— aðrar	—	7	30
4	Þurrkaðar jurtir	—	7	70
	Blóm, blöð og aðrir afskornir jurtahlutar, ót. a.:			
5	— lifandi	—	7	70
6	— þurrkað, litað eða líkt meðfarið	—	7	70
7	Kransar og vendir úr lifandi eða þurrkuðum blómum	—	7	70
8	Blómlaukar	—	7	30

7. kafli.
Grænmeti, belgávextir, rótarávextir og ætisveppir.

	Grænmeti, belgávextir og rótarávextir, ót. a.:			
	— n ý t t :			
1	— — kartöflur	1 kg	7	
2	— — gulrætur, rauðrófur og aðrar rófur	—	7	30
3	— — laukur	—	7	30
4	— — hvítkál, rauðkál og blómkál	—	7	30
5	— — annað kál	—	7	30
6	— — baunir, ertur og linsur			8
7	— — aðrir belgávextir	—	7	30
8	— — arrowrót	—	7	30
9	— — kerfill	—	7	30
10	— — annað	—	7	30
	— þ u r r k a ð :			
11	— — baunir, ertur og linsur			8
12	— — annað	—	7	50
13	Ætisveppir	—	7	50

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	8. kafli.			
	Ávextir til neyzlu, nýir og þurrkaðir.			
	Ávextir nýir:			
1	— ananas	1 kg	7	30
2	— appelsínur	—	7	30
3	— bananar	—	7	30
4	— bláber	—	7	30
5	— einiber	—	7	30
6	— epli	—	7	30
7	— ferskjur	—	7	30
8	— grapefruit	—	7	30
9	— hindber	—	7	30
10	— jarðarber	—	7	30
11	— kirsiber	—	7	30
12	— mandarínur	—	7	30
13	— melónur	—	7	30
14	— múltuber	—	7	30
15	— perur	—	7	30
16	— plómur	—	7	30
17	— ribsber	—	7	30
18	— sítrónur	—	7	30
19	— sólber og stikilsber	—	7	30
20	— títuber	—	7	30
21	— vínber	—	7	30
22	— aðrir	—	7	30
	Ávextir þurrkaðir:			
23	— apríkósur	—	7	50
24	— blandaðir ávextir	—	7	50
25	— bláber	—	7	50
26	— döðlur	—	7	50
27	— epli	—	7	50
28	— ferskjur	—	7	50
29	— fíkjur	—	7	50
30	— kirsiber	—	7	50
31	— kúrennur	—	7	50
32	— perur	—	7	50
33	— rúsínur	—	7	50
34	— sveskjur	—	7	50
35	— aðrir	—	7	50
	Hnetur, heilar eða muldar:			
36	— kókoshnetur og mjöl úr þeim	—	7	30
37	— aðrar	—	7	30
38	Möndlur	—	7	30
39	Hnetukjarnar og aðrir ávaxtakjarnar, ót. a.	—	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	9. kafli. **Kaffi, te og krydd.**			
	Kaffi:			
1	— óbrennt ..... N	1 kg	80	10
2	— brennt og malað ..... N	—	100	10
3	Te ..... N	—	210	20
4	Pipar	—	7	40
5	Negull	—	7	40
6	Allrahanda	—	7	40
7	Kardemómur	—	7	40
8	Kúmen	—	7	40
9	Lárviðarlauf	—	7	40
10	Múskathnetur og múskatblóm	—	7	40
11	Kanill og kanilblóm	—	7	40
12	Sinnep	—	7	40
13	Anís og stjörnuanís	—	7	40
14	Vaniljustengur	—	7	40
15	Karrí	—	7	40
16	Kapar	—	7	40
17	Annað krydd, ót. a.	—	7	40
	10. kafli. **Korn, ómalað.**			
1	Hveiti	1 kg	2	8
2	Rúgur			2
3	Ris með hýði eða án ytra hýðis			2
4	Bygg			8
5	Hafrar			2
6	Maís			8
7	Annað ómalað korn			8
	11. kafli. **Kornvörur til manneldis, malt, maltextrakt, sterkja og glútín.**			
	Mjöl:			
1	— úr hveiti	1 kg	2	8
2	— úr rúgi			2
3	— úr ris			8
4	— úr byggi			8
5	— úr höfrum			2
6	— úr maís			8
7	— annað, ót. a.			8
	Grjón:			
8	— úr hveiti	1 kg	2	8
9	— úr byggi			8
10	— úr höfrum			2

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
11	— úr rís			2
12	— önnur, ót. a.			8
	Mjöl úr baunum, ertum og öðrum belgávöxtum:			
13	— úr baunum og ertum			8
14	— annað			8
15	Kartöflumjöl			8
16	Malt			8
17	Maltín (ölbruggunarefni)	1 kg	50	40
18	Maltextrakt	—	7	30
19	Sterkja, ót. a.	—	7	30
20	Sagógrjón, þar með tapióka, einnig tilbúin			15
21	Sagómjöl, mjöl úr arrowrót og tapiókarót			15
22	Klíð			8
23	Glútín			8
	12. kafli. **Fræ, plöntugró, hálmur, hey, humall, jóhannesarbrauð, kopra, maté og síkoríurætur.**			
	Fræ og plöntugró:			
1	— blómfræ			2
2	— grasfræ			2
3	— annað			2
4	Hálmur			8
5	Hey			8
6	Humall	1 kg	7	8
7	Jóhannesarbrauð	—	7	30
8	Kókoskjarnar (kopra)	—	7	30
9	Maté	—	210	20
	Síkoríurætur:			
10	— óbrenndar	—	7	8
11	— brenndar, en ómalaðar	—	7	50
	13. kafli. **Hráefni til framleiðslu á litunar- og sútunarefnum, gúmmí, harpix og kamfóra.**			
1	Jurtir og jurtahlutar, svo sem börkur, til litunar eða sútunar	1 kg	7	8
	Gúmmí, gúmmíharpix, annað harpix og náttúrlegt balsam, ót. a.:			
2	— gúmmí arabikum	—	7	30
3	— skellakk	—	7	15
4	— kólófónium	—	7	8
5	— benzoëharpix	—	7	8
6	— myrra	—	7	8
7	— annað	—	7	30
8	Kamfóra, einnig tilbúin	—	7	8

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	14. kafli. **Efni til körfu- og burstagerðar, húsgagnatróð og önnur hráefni úr jurtaríkinu, ót. a.**			
	Efni úr jurtaríkinu til bursta- og körfugerðar o. þ. h. iðnaðar, ót. a.:			
1	— bast	1 kg	7	8
2	— greinar, kókostægjur og aðrar jurtatrefjar, ót. a.	—	7	8
3	— spanskreyr og annar reyr, svo og bambus, ót. a.	—	7	8
4	— strá og sef	—	7	8
5	— annað	—	7	8
	Húsgagnatróð og annað tróð úr jurtaríkinu, ót. a.:			
6	— kapok	—	7	8
7	— viðarhár	—	7	8
8	— þang	—	7	8
9	— annað	—	7	8
10	Hráefni og úrgangsefni úr jurtaríkinu, ót. a.	—	7	8
	III. FLOKKUR **Feiti, feitar olíur, smjörlíki og vax úr jurta- og dýraríkinu.**			
	15. kafli. **Feiti og feitar olíur, ót. a., smjörlíki og vax úr jurta- og dýraríkinu.**			
	Feiti og feitar olíur úr dýraríkinu, ót. a.:			
1	— svínafeiti (lard) og gæsafeiti	1 kg	7	30
2	— tólg	—	7	30
3	— oleomargarine	—	7	30
4	— hvalfeiti, hert	—	2	8
5	— spik og lifur úr fiski og öðrum sjávardýrum	—	7	30
6	— önnur dýrafeiti, ót. a.	—	7	30
7	— hvalolía, svínaolía (lardoil) og aðrar olíur úr dýraríkinu, ót. a.	—	7	30
8	— olíur og lýsi úr fiski og öðrum sjávardýrum, ót. a.	—	7	30
	Feiti og feitar olíur úr jurtaríkinu, ót. a.:			
9	— kókosfeiti, óhreinsuð (kókosolía)	—	2	8
10	— kókosfeiti, hreinsuð og hert	—	2	8
11	— ólívuolía (viðsmjör)	—	7	30
12	— pálmakjarnaolía	—	2	8
13	— línolía	—	2	8
14	— baðmullarfræsolía	—	2	8
15	— jarðhnetuolía	—	2	8
16	— sesamolía	—	2	8
17	— soyuolía	—	2	8
18	— risinusolía (laxerolía)	—	7	8
19	— önnur jurtafeiti, ót. a.	—	7	8

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
20	Olíur og feiti, sem taldar eru í nr. 4, 9, 10, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18 og 19, sem með innstu umbúðum vega ekki yfir 15 kg.	1 kg	7	30
21	Degras, einnig tilbúið	—	2	8
	Olein og aðrar feitisýrur:			
22	— sterín	—	7	8
23	— aðrar	—	2	8
24	Glyserin	—	7	30
25	Smjörlíki	—	7	30
26	Vax úr jurta- og dýraríkinu, einnig tilbúið	—	7	30
	IV. FLOKKUR			
	Matvælaframleiðsla, drykkjarvörur og tóbak.			
	16. kafli.			
	Framleiðsla úr kjöti, fiski, kröbbum og skeldýrum.			
1	Pylsur allskonar	1 kg	7	30
2	Kjötextrakt, fastur eða fljótandi	—	7	30
	Önnur framleiðsla, að nokkru eða öllu úr kjöti, ót. a.:			
3	— niðursoðin	—	7	30
4	— önnur	—	7	30
	Fiskhrogn:			
5	— styrjuhrogn (kaviar), einnig stæld	—	7	50
6	— önnur	—	7	30
	Framleiðsla úr fiski, kröbbum og skeldýrum, ót. a.:			
7	— niðursoðin	—	7	30
8	— önnur	—	7	30
	17. kafli.			
	Sykur, sykurvörur og lakkrís.			
	Sykur:			
1	— strásykur N	1 kg	20	10
2	— höggvinn sykur (molasykur) N	—	20	10
3	— sallasykur (flórsykur) N	—	20	10
4	— púðursykur N	—	20	10
5	— steinsykur (kandís) N	—	20	10
6	— toppasykur N	—	20	10
7	— síróp, ót. a. N	—	20	15
8	— þrúgusykur (glykose) fastur og fljótandi N	—	20	15
9	— melasse	—	2	8
10	— vaniljusykur	—	7	40

Tollskrár nr.			Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	Sykurvörur:				
11	— marzipan, ósykrað		1 kg	20	30
12	— marzipan, sykrað	N	—	420	35
13	— brjóstsykur	N	—	420	35
14	— munngúmmí (tyggigúmmí)	N	—	420	35
15	— töggur (karamellur)	N	—	420	35
16	— aðrar	N	—	420	35
17	Lakkrís, ósykraður	N	—	20	30
18	Lakkrísvörur og sykraður lakkrís	N	—	140	35
	18. kafli. **Kakó og framleiðsla úr því.**				
	Kakóbaunir:				
1	— óbrenndar	N	1 kg	50	8
2	— brenndar	N	—	70	8
3	Kakódeig	N	—	140	8
4	Kakóduft	N	—	70	15
5	Kakósmjör	N	—	70	8
6	Kakómalt	N	—	70	20
7	Suðusúkkulaði	N	—	210	35
8	Átsúkkulaði allskonar, svo sem súkkulaðihúðað munngæti (kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marzipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði og möndlusúkkulaði	N	—	420	35
9	Súkkulaðihúð	N	—	210	35
10	Aðrar vörur úr kakó, ót. a.	N	—	420	35
	19. kafli. **Framleiðsla úr mjöli eða sterkju.**				
	Mjöl eða sterkja, tilreitt sem fæða fyrir börn og sjúka eða til notkunar við matargerð, einnig þótt í vörurnar sé blandað kakó eða súkkulaði:				
1	— barnamjöl		1 kg	7	30
2	— bökunarduft (lyftiduft)		—	7	30
3	— búðingsduft		—	7	30
4	— annað		—	7	30
5	Rís og aðrar korntegundir og rótarávextir, steikt, gufusoðið eða tilreitt á annan svipaðan hátt		—	7	30
6	Makkarónur, makkarónudeig, núðlur og svipaðar deigvörur		—	7	30
7	Altarisbrauð (oblátur), allskonar		—	7	30
	Allskonar brauðvörur:				
8	— ef þær eru sætar, kryddaðar, eða í þeim er kakó, súkkulaði, ávextir eða hunang		—	7	30
9	— kringlur, tvíbökur og skonrok		—	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
10	— aðrar	1 kg	7	30
11	Fóðurkex	—	7	8
	Aths. Brauðvörur, sem í er meira en 50% af súkkulaði eða kakó, skulu taldar vörur úr þeim efnum, svo skulu og brauðvörur, sem í er meira en 50% sykur, taldar sykurvörur.			
	20. kafli.			
	Framleiðsla úr ávöxtum, grænmeti, belgávöxtum og rótarávöxtum, ót. a., svo og úr sveppum.			
	Ávextir:			
1	— lagðir í edik eða annan súr, saltaðir eða kryddaðir á annan hátt, ót. a.	1 kg	7	50
	— s y k r a ð i r :			
2	— — súkkat	—	7	50
3	— — aðrir N	—	420	35
4	— niðursoðnir	—	7	50
5	Aldinsulta og aldinhlaup (gelé)	—	7	50
6	Aldinmauk (marmelade)	—	7	50
7	Pulp og safi úr ávöxtum, ósykraður	—	7	30
8	Pectin (sultuhleypir)	—	7	30
9	Saft úr ávöxtum og jurtahlutum	—	7	50
10	Önnur framleiðsla úr ávöxtum, ót. a.	—	7	50
	Grænmeti, belgávextir og rótarávextir, ót. a.:			
11	— lagt í edik eða annan súr, saltað eða kryddað á annan hátt	—	7	50
12	— niðursoðið	—	7	50
13	Önnur framleiðsla úr grænmeti, belgávöxtum og rótarávöxtum, ót. a.	—	7	50
14	Sveppir, niðursoðnir eða tilreiddir á annan hátt	—	7	50
	21. kafli.			
	Ýmsar fæðutegundir.			
1	Kaffibætir og kaffiliki allskonar N	1 kg	180	10
2	Kaffiextrakt N	—	100	30
3	Soya	—	7	30
4	Tómatsósa	—	7	30
5	Kryddsósur allskonar, súpuefni í pökkum og súputeningar	—	7	30
	Allskonar ger, nema lyftiduft:			
6	— pressuger	—	7	8
7	— þurrger	—	7	8
8	— annað	—	7	8
9	Litað sykurvatn með kjörnum	1 l	210	10
10	Aðrar fæðutegundir, ót. a.	1 kg	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	22. kafli. **Drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.**			
	Gosdrykkir:			
1	— límonaði og sítrónuvatn	1 l	45	10
2	— sódavatn	—	45	10
3	— aðrir	—	45	10
	Öl allskonar:			
4	— maltöl	—	90	10
5	— annað	—	90	10
	Þrúguvín, ót. a.:			
6	— hvítvín	—	140	10
7	— rínarvín	—	140	10
8	— rauðvín	—	140	10
9	— freyðivín	—	140	10
10	— kínavín	—	280	10
11	— madeira	—	280	10
12	— malaga	—	280	10
13	— portvín	—	280	10
14	— sherry	—	280	10
15	— tokajer	—	280	10
16	— vermouth	—	280	10
17	— muscatell	—	280	10
18	— önnur	—	280	10
	Brennd vín og önnur vín með áfengismagni frá 21% til 47% að rúmmáli:			
19	— whisky	—	420	10
20	— koniak	—	420	10
21	— romm	—	420	10
22	— genéver	—	420	10
23	— brennivín (aqua vitæ)	—	420	10
24	— punch	—	420	10
25	— anisvín	—	420	10
26	— cocktails	—	420	10
27	— líkjörar	—	420	10
28	— bitterar	—	420	10
29	— önnur	—	420	10
	Brennd vín og önnur vín með áfengismagni frá 47% til 71% að rúmmáli:			
30	— romm	—	560	10
31	— cocktails	—	560	10
32	— líkjörar	—	560	10
33	— bitterar	—	560	10
34	— önnur	—	560	10
	Brennd vín og aðrir vökvar, ót. a., með áfengismagni frá 71% að rúmmáli:			
35	— hreinn vínandi (spiritus)	—	700	10
36	— mengaður vínandi	—	280	10

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
37	— önnur	1 l	700	10
38	Ávaxtavín, ót. a., og óáfeng vín	—	210	10
	Aths. Ef framangreindar drykkjarvörur og vökvar eru flutt inn í ílátum, sem rúma minna en 1 lítra, skal greiða gjald af hverjum ¾ lítra sem af lítra í stærri ílátum.			
	23. kafli. **Skepnufóður og úrgangsefni frá matvælaframleiðslu, ót. a.**			
1	Fóðurmjöl úr kjöti, einnig þótt í því séu jurtaefni	1 kg	2	8
2	Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni	—	2	8
	Olíukökur og mjöl úr þeim:			
3	— úr hörfræi			8
4	— úr baðmullarfræi			8
5	— úr jarðhnetum			8
6	— úr kókoshnetum			8
7	— úr pálmakjörnum			8
8	— úr rapsfræjum			8
9	— úr soyabaunum			8
10	— annað			8
11	Melassefóður	1 kg	2	8
12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður			8
13	Úrgangsefni frá matvælaframleiðslu sem skepnufóður, ót. a.	—	2	8
	24. kafli. **Tóbak.**			
	Tóbak:			
	— ó u n n i ð :			
1	— — blöð N	1 kg	560	10
2	— — annað N	—	560	10
	— u n n i ð :			
3	— — tóbaksextrakt (tóbakssósa)	—	7	30
4	— — neftóbak N	—	900	10
5	— — munntóbak N	—	900	10
6	— — reyktóbak N	—	900	10
7	— — vindlar N	—	2200	10
8	— — vindlingar N	—	3000	10
9	— — annað N	—	900	10

Tollskrár nr.		Tollcining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	V. FLOKKUR **Jarðefni (minerölsk efni).**			
	25. kafli. **Mold, steintegundir, kalk og sement.**			
1	Kvarts, einnig mulið	1 kg	2	8
2	Sandur, ót. a.			8
3	Steinmulningur (terrazzo)	—	2	8
	Mold og leir, einnig þvegið eða mulið:			
4	— kaólín	—	1	8
5	— eldfastur leir og mörtel	—	1	8
6	— annað	—	1	8
7	Krít, óunnin	—	1	8
8	Grafít, óunnið, malað eða þvegið, svo og grafít tilbúið	—	7	30
	Salt (klórnatríum):			
9	— borðsalt	—	2	
10	— annað	1000 kg	100	
11	Þungspat, óunnið, svo og whiterit, óunnið	1 kg	2	8
	Steinefni til fágunar eða slípunar, svo sem smergill, vikur (pimpsteinn), trípel o. þ. h., óunnin, mulin eða þvegin:			
12	— smergilduft	—	7	8
13	— annað	—	2	8
14	Magnesít, einnig brennt eða mulið	—	2	8
15	Marmari, óunninn, í söguðum eða tilhöggnum stykkjum	—	2	8
16	Gips, óunnið, brennt, mulið eða þvegið	—	2	8
17	Sement	100 kg	70	8
18	Kalksteinn, óunninn	1 kg	1	8
	Kalk:			
19	— óleskjað	—	1	8
20	— leskjað	—	1	8
21	Asbest, einnig mulið eða þvegið	—	2	8
22	Kísilgúr, einnig mulið	—	2	8
23	Flússpat og kryólít, einnig mulið	—	2	8
24	Granít, óunnið	—	2	8
25	Hráefni úr steinaríkinu, ót. a., einnig þótt þau séu brennd, möluð, þvegin eða hreinsuð á annan sviparðan hátt	—	2	8
	26. kafli. **Málmgrýti, gjall, aska og steinull (Mineralwolle).**			
1	Málmgrýti, einnig þvegið	1 kg	1	8
2	Gjall, nema tomasfosfat, svo og aska	—	1	8
3	Rauði til gashreinsunar	—	1	8
4	Steinull (Mineralwolle)	—	1	8

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	27. kafli. **Eldsneyti úr steinaríkinu, jarðolíur, tjöruefni og efni unnin úr þeim.**			
1	Steinkol og brúnkol	1000 kg	200	
2	Sindurkol (koks)	—	200	
3	Steinkola- og brúnkolatöflur (bríkettur)	—	200	
4	Viðarkol	—	200	
5	Mór og mótöflur	1 kg	2	8
6	Mómylsna	—	2	8
7	Asfalt og asfaltlíki, svo og asfaltkítti	—	1	8
8	Koltjara og önnur tjara, ót. a.	—	1	8
9	Karbólíneum og fenólat	—	1	8
10	Benzól	—	7	30
11	Naftalín	—	7	30
12	Karbólsýra og kresól	—	7	30
13	Tólúól, xylól, solventnafta, karbólolía, kreólín, kreósótolía, antracen og þesshättar efni eimd úr tjöru og steingerðum (fossilum) efnum, svo og tetrahydronaftalín og önnur hydrerings framleiðsla úr naftalíni, fenól og kreósól	1 kg	7	30
	Olíur úr steinaríkinu:			
14	— steinolía, óhreinsuð (hráolía), einnig tilbúin	100 kg	35	
15	— benzín	1 kg	1	8
16	— steinolía, hreinsuð	100 kg	35	
17	— aðrar brennsluolíur til véla, ót. a.	—	35	
18	— smurningsolíur allskonar	1 kg	2	2
19	— parafínolía	—	2	8
20	— aðrar olíur úr steinaríkinu, ót. a.	—	2	8
21	Benzín og aðrar olíur í þessum kafla, sem með innstu umbúðum vega allt að 15 kg.	—	7	30
22	Vaselín og vaselínlíki	—	7	8
23	Parafín (parafínvax), ceresín (jarðvax), montanvax, ósókerít, einnig þótt þessar vörur séu blandaðar með steríni eða vaxi	—	7	8
24	Bik, ót. a.	—	1	8

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	VI. FLOKKUR			
	Kemisk framleiðsla, lyf, sútunarefni, litir, fernis, ilmvörur, sápa, fægivörur, kerti, lím, sprengiefni og áburður.			
	28. kafli.			
	Kemisk frumefni og sambönd þeirra, svo og önnur kemisk framleiðsla, ót. a., lyf.			
1	Bróm, joð, fosfór, brennisteinn og brennisteinsmjólk og sambönd þessara efna innbyrðis, svo og með klór, svo framarlega sem þau falla ekki undir annað tollskrárnúmer	1 kg	7	30
2	Önnur frumefni, ót. a.	—	7	30
	Gastegundir, samanþjappaðar, fljótandi eða fastar:			
3	— kolsýra	—	7	8
4	— ammoníak	—	7	8
5	— aðrar	—	7	8
	Sýrur:			
6	— saltpéturssýra	—	7	30
7	— brennisteinssýra	—	7	30
8	— saltsýra	—	7	30
9	— fosfórsýra	—	7	30
10	— bórsýra	—	7	30
11	— ediksýra	—	7	30
12	— maurasýra, oxalsýra og vínsýra	—	7	30
13	— aðrar	—	7	30
	Lút og oxyd:			
14	— natríumhydroxyd (vítissódi)	—	7	8
15	— kalíumhydroxyd	—	7	8
16	— ammoniakupplausn	—	7	30
17	— magnesíumoxyd og hydroxyd	—	7	30
18	— bariumoxyd og hydroxyd	—	7	30
19	— aluminiumoxyd og hydroxyd	—	7	30
20	— manganoxyd og hydroxyd	—	7	30
21	— blýoxyd, nema menja og blýhvíta	—	7	30
22	— annað	—	7	30
	Sölt:			
23	— álún allskonar og aluminíumsúlfat	—	7	30
24	— bórax	—	7	30
25	— glábersalt (natríumsúlfat)	—	7	30
26	— pottaska (kalíumkarbónat)	—	7	8
27	— saltpétur (kalíumnitrat) í öðrum umb. en sekkjum	—	7	30
28	— sódi (natríumkarbónat)	—	2	8
29	— sjúkrasölt og þvílíkar saltblöndur, ætlaðar til sjúkrafæðu, svo og blönduð sölt í gosdrykki	—	7	30
30	— vítríól allskonar, þar á meðal blásteinn	—	2	8
31	— salmíak (ammóníumklórid)	—	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
32	— hjartarsalt (ammóníumkarbónat)	1 kg	7	30
33	— vatnsglas (kalíum- og natríumsílíkat)	—	7	30
34	— klórkalsíum	—	2	
35	— klórkalk (bleikiduft)	—	7	30
36	— önnur ólífræn sölt, ót. a.	—	7	30
37	— sölt, maurasýru, ediksýru, vínsýru, sítrónsýru, oxalsýru, mjólkursýru, benzóësýru og salisylsýru	—	7	30
38	— önnur lífræn sölt, ót. a.	—	7	30
	Önnur kemisk framleiðsla:			
39	— kalsíumkarbid og aðrir karbidar, nema karbórundum, ót. a.	—	2	8
40	— brennisteinskolefni, tetraklórkolefni, tríklórethylen o. þ. h. fljótandi klórsambönd	—	7	30
41	— sakkarín og dúlsín	—	7	50
42	— harpixsápa (harpixlím)	—	7	30
43	— hrátjara (trétjara), hrátjörubik og önnur framleiðsla eimd úr tré, ót. a.	—	1	8
44	— terpentínuolía (terpentína)	—	7	8
45	— harpixolía, ót. a.	—	7	30
46	— aceton	—	7	30
47	— formalín	—	7	30
48	— tréspíritus (metylalkóhól)	—	7	30
49	— ísóprópylalkóhól	—	7	30
50	— ethyleter	—	7	30
51	— alkóhól, ót. a.	—	7	30
52	— beinkol	—	7	15
53	— ostahleypir	—	7	8
54	— eldsneyti, tilbúið á kemiskan hátt, ót. a.	—	7	30
55	Lyf	—	7	8
56	Sótthreinsunarefni, ót. a., efni til útrýmingar skordýrum, illgresi og sveppum, ratín og önnur efni til útrýmingar músum og rottum, svo og efni til að hreinsa burtu eða koma í veg fyrir ketilstein	—	7	8
57	Baðlyf	—	2	2
58	Kemisk framleiðsla, ót. a.	—	7	30
	29. kafli. **Efnivörur (kemikalíur) og aðrar vörur til ljósmyndunar.**			
1	Röntgenfilmur	—	7	8
	Ljósmyndafilmur, ót. a.:			
2	— framkallaðar	—	7	35
3	— aðrar	—	7	35
	Kvikmyndafilmur:			
4	— framkallaðar	—	7	30
5	— aðrar	—	7	8
	Ljósmyndaplötur:			
6	— framkallaðar	—	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
7	— aðrar	1 kg	7	30
8	Ljósmyndapappír	—	7	30
9	Ljósprentunarpappír			8
10	Efnivörur til ljósmyndunar, sem vega með söluumbúðum ekki meira en 2 kg	—	7	35
	30. kafli. **Sútunar- og litunarextrakt, litir, litarvörur, fernis, kítti, lakk, blek, blýantar o. þ. h. vörur.**			
1	Sútunarextrakt og önnur efni til sútunar, ót. a., einnig þótt þau séu tilbúin	1 kg	7	8
2	Litarextrakt úr jurtaríkinu	—	7	8
3	Indígó, einnig tilbúið	—	7	8
	Anilín og alizarín og aðrir tjörulitir, ót. a., einnig í deigi eða leystir upp í vatni:			
4	— í pökkum, dósum eða öskjum til heimalitunar (pakkalitir)	—	7	15
5	— aðrir	—	7	8
6	Beinsverta	—	7	15
7	Kinrok (sót) og aðrir þvílíkir svartir litir, ót. a.	—	7	15
8	Krít, möluð eða þvegin	—	1	15
9	Þungspat, malað eða þvegið	—	7	15
10	Baryumsúlfat (blanc fix) tilbúið	—	7	15
11	Jarðlitir, malaðir eða þvegnir, svo sem okkur, umbra o. þ. h.	—	7	15
12	Bronslitir	—	7	15
	Þurrir málningarlitir, ót. a.:			
13	— blýhvíta	—	7	15
14	— zinkhvíta	—	7	15
15	— títanhvíta	—	7	15
16	— últramarín	—	7	15
17	— kóboltlitir	—	7	15
18	— menja	—	7	15
19	— aðrir	—	7	15
	Prentlitir:			
20	— svartir	—	2	8
21	— aðrir	—	7	8
22	Ritvéla- og reiknivélabönd	—	7	30
	Málning, tilreidd með olíu, ót. a.:			
23	— skipagrunnmálning	—	7	15
24	— lakkmálning	—	7	20
25	— önnur	—	7	20
	Votir litir, ót. a.:			
26	— smjör- og ostalitur	—	7	30
27	— öl- og gosdrykkjalitur	—	7	30
28	— matarlitir allskonar, ót. a.	—	7	30
29	— distemper og aðrir slíkir vatnslitir	—	7	15
30	— þvottablámi, einnig þurr	—	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
31	— aðrir	1 kg	7	30
32	Litaskrín með tilheyrandi, litir í slík skrín, svo og litir í skálpum, bitum, glerskálum o. þ. h. umbúðum	—	7	8
	Fernis og lökk:			
33	— olíufernis	—	2	8
34	— sprittfernis og sprittlökk	—	7	20
35	— þurrkefni, fast eða fljótandi	—	7	15
36	— asfaltlakk, þar með talinn blakkfernis	—	1	8
37	— annað	—	7	20
38	Kítti	—	7	20
39	Bréfalakk og flöskulakk	—	7	30
40	Blek allskonar, fljótandi	—	7	30
41	Blekduft og blektöflur	—	7	30
42	Blýantar, nema skrúfblýantar, blý og krít í blýanta, skólakrít, klæðskerakrít, allskonar litkrít og pastelkrít	—	7	30
	31. kafli. **Ilmolíur (eteriskar olíur), tilbúin ilmefni, ilmvörur og reykelsi.**			
	Ilmolíur (eteriskar olíur) úr jurtaríkinu, ót. a., svo og kjarnar (essensar) og ilmefni til framleiðslu á ilmvörum, sykurvörum, brauðvörum o. þ. h., einnig þótt þau séu tilbúin:			
1	— möndluolía	1 kg	7	40
2	— anísolía	—	7	40
3	— kúmenolía	—	7	40
4	— piparmyntuolía	—	7	40
5	— sítrónuolía	—	7	40
6	— eugenól	—	7	40
7	— mentól	—	7	40
8	— vanillín	—	7	40
9	— benzaldehyd	—	7	40
	— bökunardropar:			
10	— — sítrónudropar	—	7	40
11	— — möndludropar	—	7	40
12	— — vaniljudropar	—	7	40
13	— — aðrir	—	7	40
14	— annað	—	7	40
	Ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, hárolía, andlitsduft, andlitsfarði, ilmsmyrsl, tannpasta, tannduft og aðrar þvílíkar snyrti- og hreinlætisvörur:			
15	— ilmvötn	—	120	90
16	— hárvötn, andlitsvötn og hárolía	—	120	90
17	— andlitsfarði (smink) og andlitsduft	—	120	90
18	— ilmsmyrsl	—	120	90
19	— tannduft, tannpasta og munnskolvatn	—	7	30
20	— naglalakk	—	120	90

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
21	— varalitur, augnabrúnalitur og þvílíkir litir	1 kg	120	90
22	— baðsalt	—	7	90
23	— ilmpappír	—	120	90
24	— annað	—	120	90
25	Reykelsi og reykelsispappír	—	120	90
	32. kafli.			
	Sápa, kerti og önnur framleiðsla úr feiti og feitum sýrum.			
	Sápa og sápulíki:			
1	— grænsápa og önnur blaut sápa	1 kg	7	30
2	— sápuduft og sápuspænir, án ilmefna	—	7	30
3	— sápa, sápuduft og sápuspænir með ilmefnum og sótthreinsandi efnum, svo sem karból	—	7	30
4	— annað	—	7	30
5	Þvottaduft og ræstiduft, einnig án sápu	—	7	30
6	Véla- og vagnáburður og annar þvílíkur áburður úr feiti eða feitum sýrum, einnig þótt í honum séu önnur efni	—	2	8
	Fægiefni, gljááburður, slípunar- og hreinsunarefni fyrir málma, leður, skófatnað, húsgögn, gólf o. þ. h., ót. a.:			
7	— skóáburður og annar leðuráburður	—	7	30
8	— gljávax (bón) og húsgagnagljái	—	7	30
9	— fægismyrsl og fægisápa	—	7	30
10	— fægiduft	—	7	30
11	— fægilögur	—	7	30
12	— ofnsverta	—	7	30
13	— annað	—	7	30
14	Skíðaáburður	—	7	30
15	Kerti	—	7	30
	33. kafli.			
	Ostaefni (kasein), albúmín, gelatín, lím og steiningarefni (appretúrefni).			
1	Ostaefni (kasein)	1 kg	7	8
2	Albúmín	—	7	8
3	Gelatín (matarlím)	—	7	30
	Lím úr efnum úr dýraríkinu, ót. a.:			
4	— fiskilím	—	7	30
5	— annað	—	7	30
6	Trélím í plötum, perlum og dufti	—	7	10
7	Valsa-, autograf- og hektografmassi	—	7	10
8	Dextrín og brennd sterkja	—	7	8
	Lím og steiningarefni, framleidd úr efnum úr jurtaríkinu:			
9	— gúmmílím	—	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
10	— gólfdúkalím	1 kg	7	30
11	— veggfóðurslím og klístur	—	7	30
12	— annað	—	7	30
13	Lím allskonar, sem með söluumbúðum vegur 1 kg eða minna	—	7	40
	34. kafli. **Sprengiefni, flugeldar og eldspýtur.**			
1	Skotbómull og kollodíumull	1 kg	7	8
2	Púður allskonar	—	7	8
3	Dynamit og önnur sprengiefni, ót. a.	—	7	8
4	Kveikiþráður	—	7	8
5	Hvellhettur og annað til íkveikju við sprengingar, ót. a.	—	7	8
6	Flugeldar, flugeldaefni og púðurkerlingar allskonar	—	120	90
7	Eldspýtur	—	7	30
8	Kveikipappír í mótora	—	7	8
	35. kafli. **Áburður.**			
1	Chilesaltpétur (natríum nítrat) tollfrjáls			
2	Kalksaltpétur (kalsíum nítrat) tollfrjáls			
3	Kalkammonsaltpétur tollfrjáls			
4	Kalíáburður tollfrjáls			
5	Superfosfat tollfrjálst			
6	Nítróphoska tollfrjálst			
7	Tröllamjöl (cyanamit) tollfrjálst			
8	Tomasfosfat tollfrjálst			
9	Áburður, sem vegur minna en 5 kg. með söluumbúðum	1 kg	7	30
10	Annar áburður, ót. a. tollfrjáls			
	VII. FLOKKUR **Skinn, húðir, loðskinn og vörur úr þeim.**			
	36. kafli. **Húðir og skinn, ót. a.**			
	Húðir og skinn, óunnið, ót. a.:			
1	— saltað eða blásteinslitað	1 kg	2	2
2	— annað	—	7	8
	Húðir og skinn, sútað, litað eða unnið á annan svipaðan hátt, ót. a.:			
3	— sólaleður og bindsólaleður	—	7	15
4	— vatnsleður	—	7	15

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
5	— annað	1 kg	7	15
6	Lakkleður og lakkleðurlíki	—	7	20
	Skinn af slöngum, krókódílum og strútum, óunnið og unnið, svo og líki þeirra efna:			
7	— slönguskinn	—	7	30
8	— krókódílaskinn og strútaskinn	—	7	30
9	— annað	—	7	30
	Fiskroð, skrápur og líki þeirra efna:			
10	— óunnin	—	7	8
11	— annars	—	7	15
12	Leðurúrgangur, svo og úrgangur af roðum og skráp	—	7	8
13	Leðurlíki, sem í eru leðurþræðir	—	7	30
	37. kafli. **Vörur úr skinni og leðri, ót. a.**			
1	Leðurstykki, tilsniðin, en ekki frekar unnin, ót. a., svo sem sólar, hælkappar og aðrar þvílíkar vörur	1 kg	7	15
2	Fatnaður úr leðri eða skinni, ót. a.	—	20	50
	Aths. Af fatnaði, sem á öðru borðinu er úr leðri eða skinni, en hinu úr öðrum efnum, og hægt er að nota báðum megin, skal greiða toll eftir því efni, sem hæstur tollur er á.			
3	Hanzkar og vettlingar	—	20	50
4	Belti	—	20	50
5	Skóreimar	—	20	50
6	Aktygi og reiðtygi allskonar, ót. a.	—	7	30
7	Ferðatöskur	—	7	40
8	Allskonar töskur, veski, buddur og hylki, ót. a.	—	7	70
9	Skrifmöppur og bókabindi, ót. a.	—	7	70
10	Bakpokar og fatapokar	—	7	40
11	Vélareimar	—	7	8
12	Véla- og pípuþéttingar	—	7	8
	Ólar og bönd, ót. a.:			
13	— slípólar, einnig þótt þær séu úr öðru efni	—	7	40
14	— annað	—	7	40
15	Skraut- og glysvarningur úr leðri og skinni	—	120	80
16	Aðrar vörur úr leðri og skinni, ót. a.	—	7	40
17	Vörur úr þörmum og sinum, nema hljóðfærastrengir	—	7	40
	Aths. Undir þennan kafla falla einnig vörur úr leðurlíki.			
	38. kafli. **Loðskinn og vörur úr þeim.**			
1	Loðskinn, óunnin	1 kg	7	60
2	Vörur úr loðskinnum	—	20	70

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	VIII. FLOKKUR			
	Kátsjúk og kátsjúkvörur.			
	39. kafli.			
	Kátsjúk og kátsjúkvörur.			
	Hljóðfæri og hljóðfærahlutar.			
1	Flygel og píanó	1 kg	7	50
2	Hlutar til flygela og píanóa	—	7	30
3	Orgel og harmonium	—	7	50
4	Hlutar til orgela og harmonía	—	7	30
5	Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a.	—	7	50
	Blásturshljóðfæri:			
6	— munnhörpur	—	120	50
7	— önnur og hlutar til þeirra	—	7	50
8	Harmonikur og hlutar til þeirra	—	7	50
	Grammófónar, spiladósir, lýrukassar og hlutar til þeirra:			
9	— grammófónar og hlutar til þeirra	—	7	80
10	— spiladósir, lýrukassar og hlutar til þeirra	—	120	80
11	— grammófónplötur, ót. a.	—	7	80
12	— grammófónplötur til tungumálakennslu	—	7	10
13	— grammófónnálar	—	7	80
14	Hljóðritar (fónógrafar) og hlutar til þeirra	—	7	30
15	Trumbur	—	7	50
16	Önnur hljóðfæri og hljóðfærahlutar, ót. a.	–	7	50
	XIX. FLOKKUR			
	Vopn og skotfæri.			
	80. kafli.			
	Vopn.			
	Byssur:			
1	— haglabyssur og hlutar til þeirra	1 kg	7	30
2	— kúlubyssur, ót. a., og hlutar til þeirra	—	7	30
3	— fallbyssur og hlutar til þeirra	—	7	30
4	— hvalveiðabyssur og hlutar til þeirra	—	7	30
5	— línubyssur (björgunarbyssur) og hlutar til þeirra	—	2	2
6	— aðrar byssur og hlutar til þeirra, ót. a.	—	7	30
7	Önnur vopn	—	7	30
	81. kafli.			
	Skotfæri.			
	Skothylki:			
	— tóm:			
1	— — úr pappa	1 kg	7	8
2	— — önnur	—	7	8
	— hlaðin:			
3	— — úr pappa	—	7	8
4	— — önnur	—	7	8
5	Högl og byssukúlur	—	7	8
6	Skutlar allskonar	—	7	30
7	Önnur skotfæri, ót. a.	—	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	XX. FLOKKUR			
	Ýmsar vörur og framleiðsla, ót. a.			
	82. kafli.			
	Náttúrleg eða tilbúin „mótanleg“ efni og vörur úr þeim, ót. a.			
1	Tilbúnar perlur, perlufestar og annar varningur úr tilbúnum perlum	1 kg	120	80
2	Vörur úr kóralli, ót. a.	—	120	80
3	Vörur úr skjaldbökuskel, ót. a.	—	7	50
4	Vörur úr skelplötu, sniglaskeljum o. þ. h., ót. a.	—	7	50
5	Vörur úr beini og horni, ót. a.	—	7	50
6	Vörur úr raf, ambroid, jet (gagat) og merskúm, ót. a.	—	7	50
7	Vörur úr vaxi, ót. a.	—	7	50
	Celluloid, galalít, bakelít og önnur tilbúin efni úr celluloseefnum, kaseíni, gelatíni, phenoleum, aldehydum o. þ. h., svo og ebonít:			
8	— í plötum og stöngum	—	7	30
9	— aðrar vörur, ót. a.	—	7	50
10	Skraut- og glysvarningur úr efnum þeim, sem talin eru í þessum kafla	—	120	80
	83. kafli.			
	Burstagerðarvörur, ót. a., sigti og sáld.			
	Burstagerðarvörur, ót. a.:			
1	— gólfsópar, gluggasópar og aðrir þess háttar grófir sópar, ót. a.	1 kg	7	30
2	— burstar til að hreinsa vélar	—	7	30
3	— málningarpenslar, tjörukústar og kalkburstar	—	7	30
4	— pottahreinsarar og aðrir burstar til að hreinsa matarílát og önnur búsáhöld	—	7	30
5	— fataburstar, hárburstar, naglaburstar, tannburstar og rakburstar	—	7	30
6	— aðrir burstar og burstavörur, ót. a.	—	7	30
7	Sigti og sáld	—	7	30
	84. kafli.			
	Tennistæki og önnur þvílík tæki, leikföng, samkvæmisspil o. fl.			
1	Tennis-, hockey- og golfknettir og önnur tæki til þeirra leikja, ót. a., fótknettir og „krokket“ og önnur þesskonar tæki með tilheyrandi kúlum, spöðum og sleggjum	1 kg	7	40
2	Leikföng allskonar	—	120	50
	Samkvæmisspil, gestaþrautir og töfl:			
3	— taflborð og taflmenn	—	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
4	— annað	1 kg	120	50
5	Ballskákir (billard) og hliðstæðar skákir og hlutar til þeirra	—	7	50
6	Jólatrésskraut allskonar	—	120	80
7	Grímur, grímubúningar, pappírshvellpokar og aðrar þess háttar vörur	—	120	80
	Fiskiönglar:			
8	— önglar með flugu eða öðru tilbúnu agni til lax- og silungsveiða	—	7	30
9	— aðrir	—	2	2
10	Öngultaumar, línur, girni og línuhjól til lax- og silungsveiða, svo og laxveiðihárar og ífærur	—	7	30
11	Fiskistengur og lausir liðir í þær	—	7	30
	85. kafli. **Hnappar, sjálfblekungar, skrúfblýantar, reykjarpípur o. fl.**			
1	Hnappar til fata, ót. a., þar með taldir ermahnappar og flibbahnappar, aðrir en úr góðmálmum	1 kg	20	40
2	Sjálfblekungar, skrúfblýantar og pennastengur úr öðru en góðmálmum	—	7	30
	Aths. Til góðmálma teljast þessar vörur ekki, þótt penninn sé úr góðmálmi.			
3	Reykjarpípur, pípuhausar, pípuhreinsarar allskonar, munnstykki og aðrir pípuhlutar, vindla- og vindlingamunnstykki og kveikjarar nema úr góðmálmum	—	7	50
4	Öskjur undir andlitsduft (púðurdósir), nema úr góðmálmum, svo og púðurkvastar	—	7	50
5	Hárgreiður og höfuðkambar allskonar	—	7	35
6	Brjóst- og mannlíkön til útstillinga	—	7	50
	86. kafli. **Vörur, sem ekki falla undir önnur tollskrárnúmer.**			
1	Vörur, sem ekki falla undir önnur tollskrárnúmer	1 kg	7	30
	XXI. FLOKKUR **Munir til listasafna og opinberra safna.**			
	87. kafli. **Munir til listasafna og opinberra safna.**			
1	Munir til listasafna og opinberra safna ... tollfrjálsir			

2. gr.

Auk þeirra vara, sem eftir tollskránni eru tollfrjálsar, eru eftirtaldar vörur undanþegnar aðflutningsgjöldum:

a. Áhöld og innstæðumunir í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda séu áhöld þessi og innstæðumunir tilheyrandi farartækjunum sjálfum og ekki umfram það, sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar farartækjanna, hvaða ferðum þau eru í og um hvaða áhöld og muni er að ræða, og áhöld þessi og innstæðumunir verði ekki fluttir hér úr farartækjunum.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar, sem eru í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda verði vistir þessar og nauðsynjar áfram í farartækjunum þeim til notkunar, áhöfn og farþegum til neyzlu og notkunar í þeim, og vistir þessar og nauðsynjar geti talizt hæfilegar og leyfilegar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um þau efni. Einungis farartæki, sem eru í utanlandsferðum, geta þó notið þessarar undanþágu, en fjármálaráðuneytið segir fyrir um það í reglugerð, hvað teljast skuli utanlandsferðir í þessu sambandi.
c. Aðrar vörur, sem ekki eiga að affermast hér úr farartækjunum, en eiga að fylgja þeim aftur til útlanda. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um meðferð þessara vara og hvaða skilyrðum skuli fullnægt, svo að þær verði tollfrjálsar.
d. Vanalegur farangur starfsmanna á farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráðuneytið getur gert undantekning frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með vanalegum farangri nefndra starfsmanna er átt við fatnað og aðrar nauðsynjar, sem tilheyra skipverjum á skipum og starfsmönnum á öðrum farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin nota skipverjanna sjálfra eða starfsmannanna í skipinu eða farartækinu.
e. Vanalegur farangur ferðamanna, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráðuneytið getur gert undantekning frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með orðunum vanalegur farangur ferðamanna er átt við fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem farþegar á farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, hafa meðferðis, að svo miklu leyti sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin nota farþeganna á ferðalaginu.
f. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna, sem látizt hafa erlendis, enda beri vörur þessar þess merki, að þær séu notaðar.
g. Heimilismunir, sem eru innfluttir af þeim, sem hafa verið búsettir erlendis minnst eitt ár áður en þeir fluttu hingað til lands, munirnir séu notaðir heimilismunir þessara manna frá því þeir voru búsettir erlendis það ár og hafi verið í eigu þeirra og notaðir af þeim allt það ár, þessir menn flytji raunverulega hingað til lands og munirnir beri þess merki, að þeir séu notaðir.
h. Vörur til sendiherra, sendiráða og sendiræðismanna erlendra ríkja, enda afhendi þeir tollyfirvaldi við afhending eða samþykki til afhendingar varanna yfirlýsing um það, að vörurnar verði notaðar við starfsemi þeirra hér eða séu til þeirra eigin afnota eða skylduliðs þeirra.
i. Skjaldarmerki, flögg, innsigli, stimplar og áprentuð eyðublöð, sem umbjóðendur ræðismanna erlendra ríkja senda þeim, enda beri vörur þessar það með sér, að þær séu ætlaðar til afnota í sambandi við ræðismannsstörfin.
j. Íslenzkar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum og þær voru sendar í héðan, og þeim fylgir vottorð erlendrar tollstjórnar um það, að varan sé komin í erlent tollumdæmi héðan og send þaðan í sömu umbúðum og hún kom í þangað.
k. Endursendar tómar umbúðir, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem toll-

yfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða endursendar umbúðir utan af útfluttum vörum.

l. Kistur utan um lík og ker með ösku brenndra líka.

m. Til ársloka 1940 skal undanþegið hverskonar aðflutningsgjöldum efni í tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, svo og óunninn hampur og hampgarn til veiðarfæragerðar. Fjármálaráðuneytið getur með reglugerðarákvæðum skilgreint það nánar, hvaða vörur falli undir þessa undanþágu, svo og sett fyrirmæli til þess að tryggja það, að vörur þessar séu raunverulega notaðar í nefndu skyni.

n. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfé.

3. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að endurgreiða:

a. Vörumagnstoll af sykri og kryddi, sem notað er við verkun síldar til útflutnings, svo og sama toll af sykri, sem notaður er við verkun þorskhrogna til útflutnings.

b. Aðflutningsgjöld af síld og skelfiski, sem inn er flutt til beitu.

4. gr.

Nú eru munir sendir til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, gyllingar, silfrunar eða annarar aðvinnslu, og þeir breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning munanna er fullnægt þeim skilyrðum, sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgreinar, og skal þá greiða af aðvinnslukostnaðinum, að viðbættum sendingarkostnaðinum báðar leiðir, þann hundraðshluta í verðtoll, sem samskonar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni, þó ekki lægri verðtoll en 15%. Ef samskonar erlendar aðfluttar vörur bera aðeins vörumagnstoll, skal greiða af munanum 15% af fyrnefndum kostnaði, að viðbættum sendingarkostnaði báðar leiðir. Undanþága sú, sem felst í þessum ákvæðum, er þó þeim skilyrðum bundin, að munanum sé framvísað fyrir tollstarfsmanni áður en þeir eru fluttir til útlanda, tollstarfsmaður þessi gefi vottorð um það, að munum þessum hafi verið framvísað fyrir honum og hann hafi skráð á vottorðið lýsingu á munanum og að vottorð þetta sé lagt fram fyrir þann tollstarfsmann, sem annast tollmeðferð munanna við innflutning.

Ef hinsvegar munir þeir, sem sendir eru til útlanda til aðvinnslu, breyta svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, skal greiða af þeim aðflutningsgjöld eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

Fyrirmæli þessarar greinar taka ekki til íslenzkra skipa eða báta, sem viðgerð fer fram á erlendis.

II. KAPITULI

Reglur um notkun tollskrárinnar.

A.

Samblandaðar og samsettar vörur.

5. gr.

Þegar vara er úr efnum, sem hvert út af fyrir sig gætu valdið því, að vara yrði tolluð með fleirum en einum hætti, skal tollun hennar, nema sérstaklega sé mælt fyrir á annan veg, fara eftir því, hvaða efni tollyfirvaldið telur að einkenni mest eðli hennar og notkun. Ef tollyfirvaldið telur, að úr þessu verði ekki fyllilega skorið, skal varan tolluð á þann hátt, sem tollur verður hæstur.

6. gr.

Af ósamsettum hlutum samsettra vara skal greiða sömu aðflutningsgjöld og af vörunni samsettri, nema sérstaklega sé mælt fyrir á annan veg.

B.
Vörumagnstollun.

7. gr.

Vörumagnstoll skal ákveða eftir þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal sleppt.

Nú eru saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, þó ekki hærri en kr. 0,20 af tolleiningu, og skal þá greiða af öllum vörunum þann vörumagnstoll, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan vörumagnstoll.

Af póstbögglum, sem til landsins flytjast, skal aldrei greiða minna en 1 kr. í vörumagnstoll af hverjum böggli.

8. gr.

Af vörum þeim, sem yzt til hægri í öðrum dálki tollskrárinnar eru merktar með stóru enni (N), skal greiða vörumagnstoll eftir magni varanna án umbúða. Af vörum þessum skal reikna ¾ úr tolleiningu og þar yfir sem heila, ¼ allt að ¾ hálfa, en minna broti skal sleppt.

9. gr.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um það, hvernig reikna skuli vörumagnstoll af vörum, sem tollast eftir rúmmáli.

C.
Verðtollun.

10. gr.

Verðmæti vöru til verðtollsákvörðunar er yfirleitt verð hennar í útflutningslandinu, að viðbættu, ef það er þá ekki innifalið í verðinu:

a. Útflutningsgjaldi, ef það hvílir á vöru,
b. verðmæti innri og ytri umbúða,
c. flutningsgjaldi og öðrum sendingarkostnaði s. s. vátryggingu, flutningsmiðlunargjöldum o. þ. h., sem fellur á vöru þar til hún er affermd á ákvörðunarstað.

Verð vörunnar í útflutningslandinu og kostnaður sá, sem talinn er undir a., b. og c, kallast einu nafni tollverð vöru.

Sérreglur gilda um greiðslu verðtolls af vörum þeim, sem um ræðir í 18. gr., þó ekki lengur en samningur sá, sem þar um ræðir, er í gildi.

Nú er vara seld undir almennu heildsöluverði á samskonar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sala fór fram, og skal þá greiða verðtoll af hinu almenna útflutningsverði. Þó að greitt sé flutningsgjald, sem er undir almennu flutningsgjaldi, eða þó að greiddur sé annar sendingarkostnaður, sem er undir almennum sendingarkostnaði, skal allt að einu hið almenna flutningsgjald eða annar almennur sendingarkostnaður talinn í því tollverði, sem greiða skal af.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er hægt hefði verið að afferma hana, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefir valdið, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

Greiða skal verðtoll af afslætti og öðrum frádrætti, sem kaupanda aðfluttrar vöru er veittur. Fjármálaráðuneytið getur þó með reglugerðarákvæðum eða fyrir-

mælum í svipuðu formi gert undantekning frá þessu ákvæði, ef um er að ræða afslátt eða annan frádrátt, sem almennt er veittur í verzlunarviðskiptum af vissu tagi.

Nú er vara seld til síðari afhendingar á tilteknum tíma, og skal þá greiða verðtollinn af því verði, sem á þeim tíma, sem kaup eru gerð, er hið almenna verð til afhendingar á hinum tiltekna tíma. Ef vara er ekki endanlega seld hingað til lands, skal greiða verðtollinn af verðinu á þeim stað og tíma, sem varan er send, en verð þetta má þó ekki vera lægra en almennt heildsöluverð á samskonar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á hinum tiltekna stað og tíma. Síðastnefnd regla gildir um vörur, sem innfluttar eru til útibúa eða umboðsaðila fyrir útlend fyrirtæki og aðra aðila í útlöndum, og skiptir ekki máli, hvort umboðsaðilarnir koma fram í nafni umbjóðanda síns eða í eigin nafni. Ef í verðum þeim, sem um ræðir í þessari málsgrein, er ekki innifalinn kostnaður sá, sem talinn er undir a, b og c í 1. málsgr. þessarar greinar, sbr. reglurnar í síðari hluta 4. málsgr., skal hann jafnan talinn með í þeim tollverðum, sem greiða skal af.

Ef ekki fást fullnægjandi gögn um verð vöru, skal verðtollur greiddur af verði, sem svarar til söluverðs samskonar vöru eða vöru af svipuðu tagi, með umbúðum, en án tolls, frá heildsala til smásala hér á landi á þeim tíma, sem vara fer til tollmeðferðar. Verði slíkt verð ekki ákveðið, eða ef vara er að mun skemmd, skal verð vöru til verðtollsákvörðunar ákveðið með matsgerð á kostnað viðtakanda, en að öðru leyti fari um matsgerð þessa eftir ákvæðum 1. mgr. 14. gr. að því leyti, sem við á. Þetta, sem hér er sagt, gildir þó ekki um vörur, sem ekki verða að dómi tollyfirvalds taldar venjulegar verzlunarvörur, en slíkar vörur skulu metnar af tollstarfsmönnum.

11. gr.

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess í erlendri mynt, og skal þá því eða þeim hluta þess við verðtollsákvörðun breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi, sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi á komudegi farartækisins, sem vöruna flytur, til þeirrar tollhafnar, þar sem tollurinn á að greiðast. Bönkum og útibúum þeirra er skylt að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar um gengi, er þeir æskja. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á téðri mynt eða ekki næst vitneskja um það, og skal þá farið eftir gengi póstávísana, útfarinna héðan. Póststarfsmenn skulu skyldir til að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar um póstávísanagengi, er þeir æskja. Ef ekkert slíkt póstávísanagengi er skráð, skal breyta tollverði eftir því gengi, sem fjármálaráðuneytið ákveður.

12. gr.

Ef verð vara, sem greiða ber af mismunandi háan verðtoll, er tilgreint í einni fjárhæð, skal greiða af öllum vörunum þann verðtollshundraðshluta, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan verðtoll.

13. gr.

Í aðflutningsskýrslum þeim, sem viðtakendur skulu afhenda tollstarfsmönnum áður en vörur eru teknar til tollmeðferðar, skal tilgreindur sá dagur, sem sala hinna aðfluttu vara fór fram.

Þá skulu viðtakendur skyldir til að afhenda til tollmeðferðar samrit af sölureikningi yfir hina aðfluttu vöru. Reikningseintak þetta, sem tollstofnunin heldur eftir, skal vera dagsett og undirritað af seljanda eða þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefir rétt til að rita firma hans. Reikningur þessi skal skýrt og greinilega tilgreina nöfn þeirra vörutegunda, sem hann ræðir um, verð og nettóþunga hverrar vörutegundar, hvernig vara er seld, hvenær sala fór fram, greiðsluskilmála og önnur söluskilyrði.

Viðtakendur aðfluttra vara, sem ekki eru endanlega seldar hingað til lands eða sendar til útibúa eða umboðsaðila fyrir útlend fyrirtæki eða aðra aðila í útlöndum,

skulu afhenda til tollmeðferðar samrit af vörureikningi yfir vörurnar og skal reikningseintak þetta, sem tollstofnunin heldur eftir, tilgreina eftir því, sem við á, sömu atriði og sölureikningur yfir aðrar aðfluttar vörur. Á reikningseintak þetta skal auk þess vera skráð undirrituð yfirlýsing þess, sem sendir vöruna til útibús síns, umboðsaðila eða annars erindreka ,um það, að verð það, sem tilgreint sé á vörureikningnum, sé ekki lægra en almennt heildsöluverð á samskonar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem vara er send.

Viðtakendur eru skyldir til að leggja fyrir tollstarfsmenn farmskírteini, fylgibréf, flutningsskírteini, vátryggingarskírteini, reikning yfir kostnað af umbúðum, flutningsmiðlunarreikning o. fl. þess háttar skjöl um vöruna til staðfestingar því, að tollverð sé rétt tilgreint, enda séu gjöld þau og kostnaður, sem skjöl þessi tilgreina, ekki innifalinn í upphæð sölu- eða vörureikninganna eða þeirra sérstaklega getið á þeim.

Í skýrslum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, skal vera yfirlýsing viðtakanda um það, að þeir sölu- eða vörureikningar, sem hann hefir afhent með skýrslunni, eigi við vöru þá, sem skýrslan ræðir um, að reikningarnir og önnur framlögð skjöl séu rétt og tilgreini, hvað varan kostar hingað komin í tilgreindri mynt, að frá upphæðum þessum sé ekki dreginn afsláttur fyrir borgun út í hönd eða annar sérstakur afsláttur eða annar frádráttur, sem ekki sé tilgreindur á skjölunum, og að honum sé ekki kunnugt um það, að verð það, sem tilgreint sé á sölu- eða vörureikningunum, sé lægra en almennt heildsöluverð á tilsvarandi magni af samskonar vörum eða vörum af svipuðu tagi á þeim stað og tíma, sem sala fór fram eða ef vara er ekki endanlega seld hingað, á þeim stað og tíma, sem vara var send. Ef hið almenna heildsöluverð er hærra en hið tilgreinda verð, skal viðtakandi gefa yfirlýsingu um hið hærra verð eftir bestu vitund. Sama gildir, ef hann brestur upplýsingar um verðið. Hafi verið gefinn afsláttur fyrir borgun út í hönd eða annar sérstakur afsláttur eða annar frádráttur, sem framlögð skjöl bera ekki með sér, skal geta þess í aðflutningsskýrslunni og tilgreina upphæð hans.

Tollstarfsmönnum er heimilt, hvort sem er við tollun vöru eða síðar, að ganga úr skugga um það, hvort þeir, sem fá verðtollsskyldar vörur frá útlöndum, leggja fram rétt gögn um tollverð þeirra vara, með því að athuga verzlunarbækur hlutaðeigenda, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að dómi tollstarfsmannanna geta veitt upplýsingar um þau atriði, sem nefnd voru.

14. gr.

Nú telja tollstarfsmenn við tollmeðferð vöru, að verð það, sem tilgreint er í aðflutningsskýrslu og staðfest er með framlögðum skjölum, sé ekki í samræmi við það verð, sem eftir fyrirmælum 10. gr. á að greiða verðtoll af, og skulu þeir þá leiðrétta verðið samkvæmt þeim ákvæðum eða, ef ósamræmið stafar ekki af misskilningi á reglum 10. gr., hækka verðið að því skapi, sem þeir telja rétt. Ef viðtakandi telur sig ekki geta sætt sig við hið hækkaða verð, eða ef viðtakandi vöru, sem tollyfirvald hefir ekki talið venjulega verzlunarvöru og metið samkvæmt fyrirmælum síðustu málsgr. 10. gr., er óánægður með það verð, sem tollstarfsmaður hefir sett á þessar vörur, geta viðtakendur gert kröfu um mat á vörunni, en gera skal skriflega kröfu um slíkt mat til tollyfirvalds áður en það afhendir eða samþykkir að afhenda megi viðtakanda vöruna. Eftir að fram er komin krafa um mat skal tollyfirvald gera ráðstafanir til að mat verði framkvæmt, en það skal gera einn eða fleiri sérfróðir, ef við verður komið, og óvilhallir dómkvaddir menn og skal hann eða þeir tilkynna viðtakanda og tollyfirvaldi, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Matsmenn skulu ákveða verðið eftir fyrirmælum 10. gr., eftir því, sem við verður komið, og skal greiða verðtollinn af matsverðinu. Viðtakandi skal greiða matskostnað, ef matsverð verður hærra en verð það, sem hann gaf upp, en ella ríkissjóður. Ákvæði 29. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit skulu gilda eftir því, sem við á, um matskostnað.

Ef það kemur í ljós við tollun eða síðar, að aðflutningsskýrsla eða þau skjöl, sem viðtakandi hefir lagt fram til staðfestingar því verði, sem tilgreint er í aðflutningsskýrslunni, eru röng, skal tollstarfsmönnum heimilt, ef þeir telja sér ekki fært að ákveða verð vöru til verðtollsákvörðunar, að fá það ákveðið með matsgerð á kostnað viðtakanda og skulu ákvæði 1. mgr. gilda um mat þetta og matskostnað eftir því, sem við á.

15. gr.

Nú gerir viðtakandi það sennilegt, að hann hafi ekki fengið þau gögn, sem um ræðir í 13. gr., eða ef þau teljast ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því, að hann setji þá tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjaldanna, sem tollyfirvaldið heimtar, og að viðtakandi afhendi þau gögn, sem vanta, eða þau gögn, sem misfellur voru á, leiðrétt, innan hæfilegs tíma, sem tollyfirvaldið til tekur, en ef vanefndir verða á því, varðar það viðtakanda sektum, enda ákveður tollyfirvaldið þá hve mikil aðflutningsgjöld skuli greiða af vörunni.

16. gr.

Ef viðtakandi vöru leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn þau, sem um ræðir í 13. gr., eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki þau atriði, sem fyrirskipuð eru í nefndri grein, skal greiða verðtoll af því tollverði, sem ákveðið hefir verið, með 25% viðauka við það.

Ákvæðum 1. mgr. skal þó ekki beita, ef tollyfirvald telur, að ekki sé um venjulega verzlunarvöru að ræða, eða ef vörur eru að mun skemmdar. Ennfremur er tollyfirvaldi heimilt, ef alveg sérstaklega stendur á, að sleppa framangreindum 25% viðauka.

17. gr.

Ef gefin er röng aðflutningsskýrsla um verð vöru, varðar það allt að fimmtánfaldri þeirri fjárhæð, sem höfð hefir verið eða hafa hefði mátt af ríkissjóði vegna hinnar röngu skýrslu.

Leggi viðtakandi hinsvegar fram röng gögn til staðfestingar því verði, sem upp er gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða hlaut að vita að voru röng, skal hann auk viðurlaga 1. mgr. sæta sektum, allt að 20000 kr., eða fangelsi, ef sakir eru miklar, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í 1. og 2. málsgr., má svifta þann, sem verður sekur um þar nefnd brot, leyfi til verzlunar um tiltekinn tíma eða æfilangt, ef brot er margítrekað.

III. KAPITULI

Sérákvæði um nokkrar vörur.

18. gr.

Í stað þeirra aðflutningsgjalda, sem greiða skal af eftirtöldum vörum eftir 1. gr., skal, meðan samningur sá, sem birtur er með auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, er í gildi, greiða af vörum þessum aðflutningsgjöld, eins og hér segir:

Nr.	Vara	Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
1	Steinkol	100 kg	20	
2	Silkivefnaður úr gervisilki	1 kg	18	10
3	Karlmannafataefni úr ull	—	18	15
4	Kjólaefni kvenna úr baðmull	—	18	10
5	Segldúkur	—	2	
6	Tvisttau og rifti úr baðmull	—	18	10
7	Fóðurefni o. fl. úr baðmull	—	18	10
8	Gluggatjaldaefni úr baðmull	—	18	10
9	Léreft úr hör og hampi	—	18	10
10	Umbúðastrigi (Hessian)	—	2	
11	Gólfdúkur (Linoleum)	—	2	
12	Sokkar úr gervisilki	—	18	10
13	Sokkar aðrir en úr silki eða gervisilki	—	18	15
14	Nærföt önnur en úr silki eða gervisilki	—	18	15
15	Regnkápur	—	18	15
16	Línfatnaður	—	18	15
17	Tómir pokar	—	2	
18	Enskar húfur	—	18	15
19	Galvanhúðaðar járnplötur	—	2	
20	Vírstrengir	—	2	

Verðmæti ofannefndra vara til verðtollsákvörðunar er verð þeirra kominna um borð í farartæki, sem flytur þær hingað til lands.

Um vörur þessar gilda að öðru leyti ákvæði laga þessara eftir því, sem við á. Það skal þó sérstaklega tekið fram, að við ákvörðun verðtolls af vörum þessum, þegar eins stendur á og um ræðir í fyrri hluta síðustu málsgreinar 10. gr., skal draga frá almenna verðinu frá heildsala til smásala auk tolls, almennt flutningsgjald og almennt vátryggingargjald.

IV. KAPITULI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Aðflutningsgjöld þau, sem greiða ber samkvæmt tollskránni, skal einnig greiða af vörum, sem innfluttar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, en aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af er lög þessi öðlast gildi.

20. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvernig tolla skuli vöru, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi og er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

Þegar leitað er úrskurðar þess, sem um ræðir í 1. mgr., skulu fylgja erindinu til ráðuneytisins öll þau skjöl, sem skipta máli um tollun vöru s. s. sölureikningur eða annar vörureikningur og önnur þau skjöl, sem um ræðir í 4. mgr. 13. gr. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni, en verði því ekki viðkomið, skal senda nákvæma teikning eða lýsing á vöru þeirri, sem ágreiningur er um.

21. gr.

Nú kemur upp deila um það, hvað skuli telja almennt verð vöru, almennt flutningsgjald eða annan almennan kostnað, sem fellur á vörur, og skal þá fjármálaráðherra eiga fullnaðarúrskurð um það mál.

22. gr.

Ákvæði laga nr. 53 16. nóv. 1907, um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest, skulu aðeins taka til vara þeirra, sem greiða ber af vörumagnstoll eftir magni án umbúða.

23. gr.

Á fyrstu höfn, sem aðkomuskip eða annað aðkomufarartæki tekur hér á landi, skal rannsaka skipsforðann eða slíkan forða í öðrum farartækjum og ákveða síðan hvað teljast skuli leyfilegur og hæfilegur forði. Fyrir rannsókn þessa skulu skipstjórar greiða tollyfirvaldinu eða umboðsmanni þess 10 kr.

24. gr.

Við tollskoðun er tolleftirlitinu heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörunum án endurgjalds.

25. gr.

Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verzlunarhagi einstakra manna eða fyrirtækja, þar með talin hverskonar vitneskja, sem ráða má af samritum af sölu- eða vörureikningum, sem tollstofnanir halda eftir.

26. gr.

Þau tollyfirvöld, sem hingað til hafa fengið 2% innheimtulaun af verðtolli, haldi þeim sem áður. Póstmönnum bera 4% af aðflutningsgjöldum, sem þeir innheimta.

27. gr.

Innflutningsgjöld þau, sem um ræðir í lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl. og lögum um breyting á þeim lögum, skulu halda gildi sínu. Þá halda gildi sínu gjöld samkvæmt reglugerðarákvæðum, settum með heimild í niðurlagi 7. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Tolllög fyrir Ísland nr. 54 11. júlí 1911.

Lög nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. laga nr. 54 11 júlí 1911.

Lög nr. 37 13. júní 1937, um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga nr. 54 11. júní 1911.

Lög nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

Lög nr. 4 3. apríl 1928, um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

Lög nr. 130 31. desember 1935, um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

Lög nr. 83 19. júní 1933, um sérákvæði um verðtoll.

Lög nr. 40 8. september 1931, um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

2. gr. laga nr. 70 28. desember 1934, um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

1. málsgr. 3. gr. laga nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

2. gr. laga nr. 52 8. september 1931, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Lög nr. 125 31. desember 1935, um breyting á lögum nr. 52 8. september 1931 um útflutningsgjald af síld o. fl.

Lög nr. 5 9. jan. 1935, um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp, og lög um breyting á þeim lögum nr. 62 31. desember 1937.

2. mgr. 26. gr. laga nr. 63 31. desember 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Loks eru úr gildi numin öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd Ed. flytur frumvarp þetta eftir beiðni fjármálaráðherra, en nefndarmenn eru óbundnir um efni þess og einstök atriði.

Að öðru leyti vísast bæði um málið almennt og einstakar greinar, til nefndarálits milliþinganefndar í tolla- og skattamálum, sem útbýtt er til þingmanna.

Nd. 25. Frumvarp til laga

um fóðurmjölsbirgðir, greiðslu flutningskostnaðar fóðurmjöls o. fl.

Flm.: Þorsteinn Briem, Stefán Stefánsson.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið — landbúnaðarráðherra — skal gæta þess, að jafnan séu til í landinu nægar birgðir innlends fóðurmjöls samkvæmt því, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra leggur ár hvert fyrir stjórn síldarverksmiðja ríkisins að selja ekki úr landi það fóðurmjöl, sem Búnaðarfélag Íslands telur þörf á innanlands, og annast verksmiðjurnar geymslu þess.

Skal mjölið vera 1. flokks vara til búpeningsfóðurs að dómi umboðsmanns Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Verði síldarverksmiðjur ríkisins að geyma fóðurmjöl fram yfir áramót vegna laga þessara, endurgreiðir ríkissjóður verksmiðjunum vaxtatap, tryggingargjald og útborguð vinnulaun vegna geymslunnar, þannig að verksmiðjurnar séu skaðlausar af.

4. gr.

Síldarverksmiðjum ríkisins skal skylt að selja fóðurmjöl það, er í 2. gr. getur, komið í skip á verksmiðjuhöfn við kostnaðarverði, eftir því sem það verður nákvæmast áætlað á hverjum tíma. Aldrei má þó verð þess vera hærra en sem svarar hliðstæðu markaðsverði erlendis.

Er Búnaðarfélagi Íslands, eða umboðsmanni þess, heimill aðgangur að þeim gögnum verksmiðjanna, sem þurfa þykir til að komast að raun um, að kostnaðarverð sé svo nákvæmlega áætlað sem kostur er.

Verði verðbreytingar á fóðurmjöli, sem verksmiðjurnar verða að hafa í sínum vörzlum til næsta árs vegna laga þessara, skal þess gætt við verðlagningu mjöls á því ári, að þær hafi hvorki ábata né skaða af.

Rísi ágreiningur milli stjórnar verksmiðjanna og Búnaðarfélags Íslands um verð fóðurmjöls, leggur landbúnaðarráðherra þar á fullnaðarúrskurð.

Mjölið skal jafnan greitt við móttöku.

5. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að síldarverksmiðjum ríkisins sé eigi skylt að selja fóðurmjöl við kostnaðarverði öðrum en fóðurbirgðafélögum, búnaðarfélögum, sveitar- og bæjarfélögum og samvinnufélögum bænda.

Enginn, sem fengið hefir fóðurmjöl samkvæmt lögum þessum, má láta það af hendi nema til notkunar innanlands.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir að flytja fóðurmjölið frá verksmiðjuhöfn til þeirra hafna, er skip Eimskipafélags Íslands, strandferðaskip ríkisins og fjarða- og flóabátar, er styrks njóta úr ríkissjóði, koma á.

7. gr.

Nú telur Búnaðarfélag Íslands hættu á, að eigi komist nægar birgðir af innlendu fóðurmjöli til einstakra héraða áður en samgöngur teppist af hafís, og er ráðherra þá heimilt, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfélög, að láta flytja mjölið á þær hafnir, sem henta þykir.

Skulu þá sýslu- og bæjarfélög þau, er í hlut eiga, útvega trygga geymslustaði fyrir mjölið og annast varðveizlu þess, ef þörf krefur.

Aukakostnað, er af þessu leiðir, greiði ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóður að hálfu hvor, að svo miklu leyti, sem eigi þykir fært að leggja hann á fóðurmjölið við sölu þess.

8. gr.

Nú vill fóðurbirgðafélag, hreppur eða sýsla tryggja sér kornforða eða annað kjarnfóður með samningi við verzlun um að hún hafi tilteknar kjarnfóðurbirgðir til ráðstöfunar fyrir samningsaðilja á tímabilinu frá 1. desember, eða áramótum, til maímánaðarloka, og greiðir ríkissjóður þá hálfan vaxta- og geymslukostnað þess hluta forðans, sem ekki þarf til að taka á greindum tíma, þó eigi meira en sem svarar 1 kr. fyrir hver 100 kg. korns í hinum ónotaða hluta forðans.

Samning og reikningsskil fyrir kostnaði og notkun forðans skal senda ráðuneytinu.

9. gr.

Ráðherra setur, í reglugerð ef þurfa þykir, nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru lög nr. 44 11. júlí 1911, um samþykktir um heyforðabúr, og lög nr. 73 14. nóv. 1917, um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs, úr gildi numin.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrætt. Fylgdi því þá þessi greinargerð:

Með lögum um fóðurtryggingarsjóði var svo ákveðið, að ríkissjóður skyldi leggja fram allt að 75 þús. kr. árlega til fóðurtryggingarsjóða.

Ekki er vitað, að neitt sýslu- eða bæjarfélag hafi gert samþykktir samkvæmt þeim lögum, og virðast því ekki líkur til, að þau lög komi til framkvæmda, og ná þau þá ekki tilgangi sínum, þó góður sé.

Með greindum lögum er ekki heldur séð fyrir því, sem telja verður höfuðatriði þessa máls, að tryggja það, að jafnan séu til í landinu þær kjarnfóðurtegundir, sem fyrst og fremst koma til álita og þjóðinni verða af viðskiptalegum ástæðum hagfelldastar, en það eru þær fóðurmjölstegundir, sem hægt er að afla innanlands. Það hefir oftsinnis komið fyrir, að skortur hefir orðið á innlendu fóðurmjöli, vegna sölu úr landi áður en til þurfti að taka, og hafa bændur þá orðið að kaupa í þess stað erlent fóður, meira en heppilegt var fyrir þá sjálfa og viðskiptajöfnuð landsins.

Er þess og skemmst að minnast, að setja varð skyndilög þegar á haustnóttum um að banna sölu fóðurmjöls úr landi og kaupa óhentugt fóðurmjöl af einkaverksmiðjum, vegna þess að síldarverksmiðjur ríkisins höfðu þegar selt sitt mjöl, sbr. bráðabirgðalög 26. sept. 1934.

Frv. þetta miðar í fyrsta lagi að því að tryggja, að jafnan séu til í landinu nægar birgðir af því fóðurmjöli, sem sjálfsagt er að nota svo sem kostur er.

Í öðru lagi miðar frv. að því að tryggja, að mjöl það, sem síldarverksmiðjur ríkisins selja til notkunar innanlands, sé 1. flokks vara til búpeningsfóðurs, en það fer sem kunnugt er ekki að öllu saman við 1. flokks gæði vörunnar til útflutnings.

Í þriðja lagi miðar frv. að því að tryggja bændum sem hagkvæmust fóðurkaup, með ákvæði um eftirlit af hálfu Búnaðarfélags Íslands um verðlag frá hendi verksmiðjanna, með ákvæðum um, að ríkissjóður greiði, verksmiðjunum að skaðlausu, vaxtatap og annan útborgaðan kostnað af geymslu mjölsins, og með heimild þeirri, sem veitt er ríkisstjórninni til að greiða úr ríkissjóði flutningsgjald á mjölinu frá verksmiðjuhöfn til viðkomustaða skipa Eimskipafélagsins, strandferðaskipa ríkisins og þeirra fjarða- og flóabáta, sem styrks njóta úr ríkissjóði til útgerðarinnar.

Að því er tekur til strandferðaskipa ríkisins ætti ekki að vera um teljandi kostnaðarauka að ræða, þó heimildin væri notuð. Oft mundi og mega haga svo ferðum varðbáta, að þeir gætu flutt nokkurt mjöl án sérstakra útgjalda. Og væntanlega gætu samningar tekizt við útgerð skipa og báta, er styrks njóta úr ríkissjóði, um mjög lágt flutningsgjald, ef ekki þætti fært að gera það að skilyrði fyrir styrk, að slík útgerð tæki að sér flutninginn aðeins gegn því að fá greiddan framlagðan aukakostnað. Að minnsta kosti mundi löggjafarvaldið eigi á annan kostnaðarminni hátt geta stutt bændur til að afla sér kjarnfóðurbirgða.

Kvöð sú, sem lögð er á síldarverksmiðjur ríkisins, að selja fóðurmjöl til notkunar innanlands með kostnaðarverði, getur á engan hátt talizt ósanngjörn, þegar litið er á þá aðstöðu, sem verksmiðjunum er veitt af hálfu hins opinbera, enda hefir þetta ákvæði verið áður í lögum. Hinsvegar þykir nauðsyn til tryggingar réttu verðlagi og til að koma í veg fyrir tortryggni, að veita Búnaðarfél. Íslands rétt til eftirlits svo sem segir í 4. gr. frv.

Þá eru í frv. ákvæði um heimild fyrir ríkisstjórnina til sérstakra ráðstafana, ef hætta þykir á, að fóðurmjölsbirgðir teppist inni á verksmiðjuhöfn af hafís, og þykir það eigi þurfa skýringa.

Loks eru tekin upp í frumvarp þetta ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu vaxta- og geymslukostnaðar þess korn- eða kjarnfóðurforða, er fóðurbirgðafélög, hreppar eða sýslur vilja tryggja sér. Er það hliðstætt við þau einu ákvæði gildandi laga um samþykktir um kornforðabúr, sem enn eru notuð svo kunnugt sé. En í greindum lögum, sem nú eru orðin 20 ára gömul, eru ýmis þau skilyrði, er krefjast óþarfa umstangs, og hefir torveldað það gagn, sem orðið hefði af ella. Þykir því rétt að breyta þessu til einfaldara fyrirkomulags, en hámarksákvæði um framlag ríkissjóðs eru hin sömu sem nú gilda.

Rétt þykir að nema jafnframt úr gildi lög um samþykktir um heyforðabúr, frá 1911, þar sem eigi er kunnugt um, að þau hafi verið notuð og eigi líkur til, að svo verði í framtíðinni. Hinsvegar er hér eigi lagt til, að numin verði úr gildi lög nr. 56 28. jan. 1935, um útflutning á síldarmjöli, með því að svo getur staðið á, að til þeirra þurfi að taka, þegar um mjög mikla fóðurmjölsþörf er að ræða.

Um kostnað af þeim ráðstöfunum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, þykir nægja

að vísa til þess, sem áður segir, um að eigi muni nema að litlu leyti þurfa til þeirra 75 þúsunda að taka, sem lög um fóðurtryggingarsjóði gera ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram árlega. Og þykir því rétt að nota þá upphæð, sem við það sparast, til þeirrar fóðurtryggingar, sem frv. gerir ráð fyrir. Þykir því ekki ástæða til sérstakrar fjáröflunar fyrir ríkissjóð, þótt frv. þetta verði að lögum.

Nd. 26. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 6. gr. námulaganna bætist:

2. kafli.

Um sölu og leigu námuréttinda í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða og opinberra stofnana.

7. gr.

Eigi má selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða né opinberra stofnana, nema til þess sé fengið samþykki atvinnumálaráðuneytisins. Eru allar ráðstafanir í þessu efni ógildar gagnvart eigendum námuréttindanna, þangað til samþykki ráðuneytisins er fengið.

Greinatala og kaflaskipti laganna breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist: enda sé til þess fengið málmgraftarbréf hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra, staðfest af atvinnumálaráðuneytinu.

3. gr.

Aftan við 4. mgr. 8. gr. laganna bætist:

Bréfið skal því næst sent atvinnumálaráðuneytinu, er endursendir það lögreglustjóra með áritaðri staðfestingu, ef það telur rétt að veita málmgraftarleyfi. Ráðuneytið getur bundið leyfið þeim skilyrðum, sem það telur þurfa.

4. gr.

Á eftir orðunum „Eigi má“ í upphafi 5. mgr. 8. gr. laganna komi: lögreglustjóri.

5. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 8. gr. laganna bætist: þegar ráðuneytið hefir staðfest það.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 27. Frumvarp til laga

um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

I. KAFLI

Um það, til hvaða mála lög þessi taka.

1. gr.

Þau mál öll, er handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóls, er lög þessi taka ekki til.

2. gr.

Ennfremur skulu eftirfarandi mál, þótt ekki sé gerð í þeim refsikrafa, sæta rannsókn samkvæmt lögum þessum:

1. Mál, sem höfðuð eru af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita samkvæmt ákvæðum stjórnarskipunarlaga um félög.
2. Rannsókn út af brotum barna og unglinga.
3. Mál til þess að sanna dauða horfins manns.
4. Mál til sviptingar lögræðis og til brottnáms lögræðissviptingar.
5. Mál til sviptingar erfðarétti sakir brota erfingja gagnvart arfleifanda eða samerfingja.
6. Mál til upptöku eigna vegna brota á landslögum.
7. Mál til staðfestingar lögbanni við útbreiðslu rita, mynda eða annars slíks, er ríkisvaldið hefir látið banna.
8. Mál vegna heitinga.

3. gr.

Kröfur borgararéttar eðlis, er af refsiverðum verknaði rísa, má hafa uppi, rannsaka og dæma í opinberu refsimáli samkvæmt XI. kafla laga þessara.

II. KAFLI

Um dómstóla, þinghöld, þingbækur o. fl.

4. gr.

Sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur og lögreglustjóri í Reykjavík rannsaka opinber mál fyrir dómi, stýra dómsmeðferð og kveða upp dóma í opinberum málum almennt samkvæmt þeim fyrirmælum, er í lögum þessum greinir. Í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri kann að vera skipaður, fer hann á sama hátt með dómsvald í opinberum málum í kauptúninu.

5. gr.

Með refsimál samkvæmt 1. og 2. tölulið 200. gr. laga um meðferð einkamála í héraði fer sjó- og verzlunardómur. Um meðferð þessara refsimála fer að öðru leyti eftir lögum þessum og ákvæðum 205. og 206. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Nú verður það uppvíst í sjó- eða verzlunardómsmáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðrar refsiverðar athafnir, og skal þá einnig rannsaka og dæma um þær í þeim dómi og í sama máli sem sjó- eða verzlunarbrotin.

Nú verður það uppvíst í rannsókn eða dómsmeðferð almenns opinbers máls eða ástæða verður þar til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert brot, er sjó- eða verzlunardómi lýtur, og skal rannsókn og dómsmeðferð þess þá sameina

rannsókn og meðferð sakar vegna almenna brotsins eða almennu brotanna, en rétt er dómara þá að kveðja með sér til dómstarfa í því máli, ef hann telur þess þörf eða ef sökunautur óskar þess, tvo meðdómendur samkvæmt 201. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

6. gr.

Kirkjudómur fer með refsimál út af embættisbrotum biskups og presta þjóðkirkjunnar og út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda sé ekki um almenn refsiverð brot að tefla. Forsæti í kirkjudómi skipar viðkomandi héraðsdómari samkvæmt 4. gr., en til rannsóknar fyrir dómi og annara dómstarfa kveður hann til með sér tvo þjónandi þjóðkirkjupresta í sama prófastsdæmi eða hinum næstu prófastsdæmum, og er þeim skylt að hlíta slíkri kvaðningu.

Ákvæði 2. og 3. málsgr. 5. gr. eiga með samsvarandi hætti við mál þau, er í þessari grein segir.

7. gr.

Meðdómendur taka samkvæmt kvaðningu héraðsdómara þátt í meðferð opinbers máls:

1. Ef refsing fyrir brot það eða brot þau, sem sökunaut er gefin sök á, getur að lögum numið 4 ára fangelsi eða meira.
2. Ef brot telst til pólitískra afbrota.
3. Ef brot telst fólgið í fóstureyðingu, eða lífláti barns meðan á fæðingu stendur, eða hlutdeild þar í.
4. Ef brot getur varðað réttindamissi 5 ár eða lengur.

Nú eru fleiri menn en einn sakaðir í sama máli um þátttöku í sama broti eða brotum, og skal þá meðdómendur um málið hafa í heild sinni, ef refsing eins þeirra eða fleiri getur að lögum numið því, er í 1. tölul. 1. málsgr. segir.

8. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir og hreppsnefndir í kauptúnum, sbr. 2. mgr. 4. gr., tilnefna meðdómendur samkvæmt 7. gr., í Reykjavík 24, en annarstaðar (í sýslu, kaupstað eða kauptúni) 12, og til vara 12 menn í Reykjavík og annarstaðar 6. Ef aðalmanns missir við, kemur sá varamaður í stað hans, er flest hefir fengið atkvæði, ef hans er kostur, en ella sá, er næstflest fékk atkvæði, og svo koll af kolli, meðan til vinnst. Ef hlutfallskosning hefir verið höfð, koma varamenn í stað aðalmanna í þeirri röð, sem þeir stóðu í á lista þeim, er aðalmaður var kosinn á. Skal með þessum hætti jafnan vera full tala meðdómenda, meðan til vinnst.

Á fyrsta fundi sýslunefnda og bæjarstjórna eða hreppsnefnda, sbr. 2. mgr. 4. gr., eftir að lög þessi koma til framkvæmda, skal kjör meðdómsmanna í fyrsta sinni fara fram. Þar sem héraðsdómari er ekki jafnframt formaður bæjarstjórnar eða sýslunefndar, skal bæjarstjóri (borgarstjóri) eða sýslunefndaroddviti jafnharðan senda honum skrá yfir hina kjörnu meðdómendur og varamenn, ásamt atkvæðatölu þeirra eða sæti á lista, ef hlutfallskosning hefir verið höfð.

Kosning gildir til 4 ára í senn, en endurkjör er heimilt.

9. gr.

Það er borgaraskylda hverjum manni, karli sem konu, er fullnægir lögmæltum skilyrðum, að taka við kjöri eða endurkjöri og kvaðningu héraðsdómara til meðdómendastarfans.

Undanskildir kjöri eru:

1. Ráðherrar og skrifstofustjórar í stjórnarráðinu.
2. Biskup og prestar þjóðkirkjunnar.
3. Dómarar og ritari hæstaréttar, aðrir embættisdómarar og fulltrúar þeirra.
4. Löggiltir málflutningsmenn og aðrir menn með embættisprófi í lögfræði, er

hafa málflutningsstörf að atvinnu, annaðhvort sjálfstætt eða sem fulltrúar löggiltra málflutningsmanna.
5. Embættislæknar og ljósmæður.

10. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfans eru þessi:
1. Nauðsynlegur andlegur þroski og andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—65 ára.
5. Búseta í lögsagnarumdæminu eða kauptúninu samkv. 2. málsgr. 4. gr.

11. gr.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer svo sem um dómara er mælt í lögum um meðferð einkamála í héraði.

12. gr.

Úrlausn þess máls, hvort meðdómandi hafi hin almennu eða sérstöku skilyrði, má bera undir héraðsdómara. Sama er, ef vafi leikur á um það, hvort maður sé undanskilinn starfanum samkvæmt 2. málsgr. 9. gr., en skjóta má úrskurði héraðsdómara þar um til dómsmálaráðherra, sem leysir úr málinu til fullnaðar.

Forföll meðdómanda til þátttöku í meðferð einstaks máls metur héraðsdómari.

13. gr.

Áður en meðdómandi tekur fyrsta sinni til starfa skal hann undirrita í þingbók heit að viðlögðum heiðri sínum og drengskap um það, að hann skuli leysa starfann af hendi svo sem hann hyggur sannast og réttast og helzt að lögum.

Um borgun til meðdómenda fyrir starf þeirra fer með sama hætti sem um meðdómendur í sjó- og verzlunarmálum segir í lögum um meðferð einkamála í héraði.

14. gr.

Eftir frumpróf þeirra mála, er í 7. gr. segir, og eftir að ákveðið hefir verið að halda rannsókn máls áfram, sbr. 21. gr., kveður héraðsdómari til einhverja tvo þeirra, er á meðdómendaskrá standa, þá er hann allra hluta vegna telur mega taka þátt í meðferð þess máls, til að taka sæti í dómi. Skulu þeir meðdómendur sitja dóm með héraðsdómara í því máli og taka þátt í rannsókn og meðferð þess fyrir dómi. Þó kveður hann einn upp úrskurði, er rannsókn máls gefur efni til, skipar sækjanda og verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur í málinu, dómkveður matsmenn og skoðunar, spyr sökunaut og vitni og tekur við staðfestingu vitnaskýrslu og matsmanna fyrir dómi. Héraðsdómari stýrir málsmeðferð, sér um samningu dóms og málskot til æðri réttar og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir dómsins hönd.

15. gr.

Nú missir meðdómanda við meðan á málsmeðferð samkvæmt 14. gr. stendur, og kveður héraðsdómari þá til annan meðdómanda, er taki við máli, þar sem hinn hætti, nema héraðsdómara þyki sérstök ástæða til að endurtaka það, er áður hefir fram farið í málinu. Að öðru leyti fer sem í 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði segir.

16. gr.

Dómari getur látið fulltrúa sinn framkvæma rannsókn opinberra mála fyrir dómi og kveða upp úrskurði, sem nauðsynlegir eru hennar vegna, stýra málsmeð-

ferð og kveða upp dóma, enda fullnægi hann skilyrðum 1. málsgr. 33. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Í opinberum málum, sem eru sérstaklega vandasöm eða umfangsmikil, getur dómsmálaráðherra skipað sérstakan dómara, er haldið geti dómþing hvar á landinu sem vera skal, ef málið þykir ofvaxið hinum reglulega dómara vegna embættisanna eða af öðrum ástæðum.

Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga um meðferð einkamála í héraði um dómara í opinberum málum og fulltrúa þeirra eftir því, sem við getur átt.

17. gr.

Rannsókn opinberra mála og dómsmeðferð að öðru leyti fer fram fyrir sakadómi og á þeim stað og tíma, sem dómari eða dómsformaður ákveður hverju sinni. Dómsmálaráðherra getur þó, að fengnum tillögum viðkomandi dómara, ákveðið, að sakadóm í kaupstöðum eða kauptúnum, sbr. 2. málsgr. 4. gr., til meðferðar opinberra mála skuli halda ákveðna vikudaga og á ákveðinni klukkustund, ef mál eru fyrir hendi.

18. gr.

Rannsókn opinberra mála fyrir dómi, sókn og vörn og dómsuppsaga fer fram fyrir opnum dyrum, nema dómari eða dómsformaður telji hættu á því, að slík meðferð muni torvelda rannsókn málsins eða að velsæmisástæður eða aðrir hagsmunir ríkis eða almennings standi henni í vegi. Dómari getur bannað að skýra opinberlega frá atriðum í opinberri rannsókn, svo og að gera uppdrætti eða myndir af mönnum í þinghaldi eða öðru, sem þar er eða fram fer. Kveður hann þá upp úrskurð um þau atriði.

19. gr.

Hverju héraðsdómaraembætti og embætti lögreglustjórans í Reykjavík og kauptúna eftir 2. málsgr. 4. gr. skulu fylgja sakdómsbók, ein eða fleiri, þar sem skrá skal að efni til það, sem fram fer í opinberum málum, nema ræður málflytjenda, og sérstök dómabók, þar sem skrá skal dóma í opinberum málum.

Ritlaun greiðast ekki fyrir eftirrit úr bókum þessum eða fyrir eftirrit af skjölum, er til opinbers máls heyra, ef eftirritið er nauðsynlegt til sóknar þess eða varnar eða í sambandi við rannsókn þess eða málskot, eða það er veitt til þess að koma fram skaðabótakröfu í opinberu máli eða í þágu handhafa ríkisvaldsins. Eftirrit þessi skal í té láta svo fljótt sem framast er unnt.

Að öðru leyti gilda ákvæði III. kafla laga um meðferð einkamála í héraði um opinber mál, eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Um ákæruvaldið.

20. gr.

Konungur skipar opinberan ákæranda, er nefnist saksóknari ríkisins. Hann skal fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum til þess að fá skipun í dómaraembætti í hæstarétti, og hafa sömu laun og lögkjör að öðru leyti, eftir því sem við verður komið, sem dómarar þar. Hann skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Laun saksóknara og skrifstofukostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Saksóknari fer með þau málefni, sem honum eru falin í lögum þessum.

Nú telur saksóknari sig standa í því sambandi við sökunaut eða mál, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, og skýrir hann þá dómsmálaráðherra frá því. Ef ráðherra fellst á skoðun saksóknara, skipar ráðherra annan löghæfan mann til að fara með starf saksóknara í málinu:

Sökunaut er heimilt að benda á það, ef hann telur saksóknara ólöghæfan til að fjalla um mál hans, og skal þá dómsmálaráðherra skera úr því, að fenginni umsögn saksóknara, og skipar annan til að fara með það mál, ef á þarf að halda.

21. gr.

Dómsmálaráðherra kveður á um það, hvort rannsókn opinbers máls skuli hefja eða hvort höfða skuli opinbert mál eða áfrýja því, þar sem svo er sérstaklega mælt í lögum.

Þegar héraðsdómari verður þess áskynja, að refsiverður verknaður hafi verið framinn í umdæmi hans, eða að þar sé maður, er framið hefir slíkan verknað annarstaðar, skal hann að jafnaði hefja rannsókn af sjálfsdáðum. Þó er honum rétt, ef hann er í vafa, að senda saksóknara skýrslu um málavöxtu, og sker hann þá úr því, hvort rannsókn skuli hefja eða eigi. Sama er, ef héraðsdómari hefir þegar byrjað rannsókn, en er í vafa um það, hvort henni skuli fram haldið eða ekki.

Þá er héraðsdómari telur rannsókn lokið, getur hann höfðað opinbert mál af sjálfsdáðum, enda skýri hann saksóknara þegar frá þeirri ráðstöfun. Annars kostar sendir héraðsdómari saksóknara eftirrit af rannsókn málsins, og ákveður saksóknari þá, hvort frekari aðgerðir skuli hafa eða ekki.

Saksóknari getur ákveðið, að mál, sem héraðsdómari hefir höfðað, skuli niður falla. Héraðsdómari eða sækjandi geta þó skotið þeirri ákvörðun til dómsmálaráðherra, er sker úr því atriði til fullnustu, að fenginni umsögn saksóknara. Saksóknari getur og kveðið svo á, að mál, er hann hefir skipað að höfða, skuli niður falla, ef nýjar upplýsingar hafa síðar komið fram, er telja má, að valda muni sýknu sökunauts, enda skýri héraðsdómari honum frá slíkum upplýsingum og fresti frekari málarekstri, þar til úrlausn saksóknara er fengin.

22. gr.

Dómara er heimilt, enda sé það ekki bannað sérstaklega í lögum, að afgreiða opinbert mál án málshöfðunar:

1. Ef sökunautur játar á sig brot og ekki er ástæða til að telja þá játningu ranga, og telja má, að refsing mundi ekki fara fram úr sektum, ef dómur gengi um málið, enda undirgangist sökunautur að greiða þá sekt, er dómari telur hæfilega, innan tiltekins tíma, og má sektin fara niður fyrir lágmark þeirrar sektar, sem í lögum er við brotinu lögð.
2. Ef brot er smávægilegt, getur dómari lokið máli með aðvörun, er hann skráir í þingbók, enda krefjist sökunautur ekki dóms á máli.
3. Mál gegn börnum og unglingum frá 15—18 ára aldri getur dómari, auk þess, er í 1. og 2. tölul. segir, lokið án málshöfðunar, svo framarlega sem refsing mundi ekki fara fram úr 8 mánaða fangelsi, ef mál yrði dæmt, með því skilyrði, að sökunaut verði komið fyrir á góðu heimili eða uppeldisstofnun, eða hann verði annars falinn umsjá ákveðins manns ákveðinn skemmstan tíma. Dómari og lögregla skulu, eftir því sem við verður komið, gera formanni eða umboðsmanni barnaverndarnefndar (skólanefndar) viðvart um mál barna á þeim aldri, er barnaverndarnefnd varðar.

Nú skal mál aðeins höfða eftir kröfu einstaks manns eða ákveðins handhafa stjórnvalds, og má þá því aðeins lúka máli samkvæmt 1. og 2. tölul. 1. málsgr. greinar þessarar, að samþykki slíkra aðilja komi til.

Senda skal saksóknara þegar eftirrit af málsmeðferð samkvæmt 1.—3. tölul.

Nú verður saksóknari þess var, að saklaus maður hefir verið látinn undirgangast greiðslu sektar eftir 1. tölul. eða aðvörun eftir 2. tölul. 1. málsgr. greinar þessarar, og leggur hann þá fyrir héraðsdómara að fella þegar úr gildi ákvörðun sína þar um með nýrri bókun í þingbók og að tilkvöddum sökunaut, ef kostur er að ná til hans.

Nú telur saksóknari, að mál, sem lokið er samkvæmt 1.—3. tölul. 1. málsgr.

greinar þessarar, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá lagt fyrir héraðsdómara að fella úr gildi ákvörðun sína með þeim hætti, sem í næstu málsgr. hér að framan segir, og höfða mál út af broti með venjulegum hætti.

23. gr.

Nú skal mál því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við, og skal þá ákæruvald og dómari rannsaka það af sjálfsdáðum, hvort sá, er málshöfðunar krefst, er réttur aðili. Ef svo þykir ekki vera, skal málshöfðunar synja, eða ef mál hefir farið til dóms, sýkna sökunaut af ákæru ríkisvaldsins.

24. gr.

Nú er verknaður að vísu refsiverður að landslögum, en það þykir mega telja, að málshöfðun og refsidómur sé andstæður almenningshagsmunum eða almenningsáliti, og getur þá saksóknari skotið málinu til dómsmálaráðherra, er svo afgreiðir málið samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar eða öðrum réttarákvæðum, er til þess kynnu að taka.

IV. KAFLI
Um varnarþing.

25. gr.

Aðalrannsókn opinbers máls fyrir dómi skal þar fara fram, sem varnarþing þess er samkvæmt ákvæðum þessa kafla, að svo miklu leyti sem því verður við komið. En auk þess skal rannsaka mál þessi fyrir dómi eða utan dóms eftir þörfum, þar sem hentugt og nauðsynlegt þykir.

Dómara opinbers máls er rétt að sækja eða láta sækja sökunaut í annað lögsagnarumdæmi og láta birta þar stefnur og aðrar tilkynningar án atbeina héraðsdómara þar.

Nú leikur vafi á því, hvaða héraðsdómari eigi að rannsaka opinbert mál eða hvar hagfelldast sé, að rannsókn þessi fari fram, og má þá bera þessi atriði undir saksóknara, sem sker úr því til fullnaðar. Með sama hætti getur saksóknari af sjálfsdáðum kveðið á um það, fyrir hvaða dómi rannsókn skuli fram fara.

26. gr.

Nú er einn maður fyrir sök hafður, og má mál þá höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem brot var framið (afbrotavarnarþing). Nú er vafasamt, í hvaða lögsagnarumdæmi telja skal brot framið, eða eitt eða fleiri brot eru framin í fleirum en einu lögsagnarumdæmi, og má þá höfða mál í hvoru eða hverju þeirra, sem hagfelldast þykir.

Nú verður því ekki við komið, eða óhagfellt þykir að höfða mál á afbrotavarnarþingi, og má þá mál höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem sökunautur kann að hafa verið handtekinn, eða þar sem brotið kemst upp eða á heimilis- eða dvalarvarnarþingi hans hér á landi, eftir því sem við verður komið eða hagfelldast þykir.

27. gr.

Nú er brot framið hér á landi utan allra lögsagnarumdæma og ákvæðum næstu greinar hér að ofan verður ekki við komið, og ákveður þá héraðsdómari, hvar mál skuli höfða, en bera má hann það mál undir saksóknara, enda þoli málið þá bið, er þar af verður.

Ef brot er framið á íslenzku skipi utan íslenzkrar hafnar, má höfða mál út af því í lögsagnarumdæmi, þar sem skipið tekur fyrst höfn þar eftir hér á landi, nema

saksóknara þyki hagfelldara að reka það annarstaðar. Ef ekki hefir þá verið ger reki að málinu, skal fara eftir fyrirmælum 1. málsgr.

Nú er brot framið erlendis og sótt verður hér á landi sök út af því, og má þá sækja hana þar, sem sökunautur stígur hér fyrst þar eftir á land, nema saksóknara þyki hentugra að reka það annarstaðar. Nú hefir þá ekki verið ger reki að málinu, og fer þá eftir 1. málsgr.

28. gr.

Nú eru fleiri menn en einn á refsiverðan hátt riðnir við brot, eitt eða fleiri, og skal þá að jafnaði sök sækja í einu lagi á hendur þeim báðum eða öllum, enda þótt þeir eigi ekki sama varnarþing samkvæmt ákvæðum undanfarandi greina, þar sem sækja má einn þeirra eða fleiri samkvæmt ákvæðunum hér að framan. Ef mál hefir verið höfðað gegn einum eða fleirum sér í lagi eða sitt í hvoru eða hverju lögsagnarumdæmi, getur saksóknari ákveðið, að það eða þau skuli niður falla og sökunautar sóttir í einu máli á sama varnarþingi. Með sama hætti getur hann kveðið svo á, að aðgreina skuli mál, er höfðuð hafa verið saman á hendur fleiri en einum manni, ef hann telur málin ekki saman eiga, eða óhentugra að sækja þau í einu lagi.

Nú hafa fleiri menn en einn framið brot saman, en sumir þeirra eða allir hafa einnig framið önnur brot, og skal þá að jafnaði höfða mál út af öllum brotunum í einu lagi.

29. gr.

Nú er héraðsdómari í vafa um, á hvaða varnarþingi mál skuli höfða, eða hvort höfða skuli mál gegn fleiri mönnum en einum saman, og getur hann þá borið það atriði undir saksóknara, sem sker úr því til fullnaðar.

Saksóknari getur, eftir því sem honum virðist henta, valið á milli afbrotavarnarþings, handtökuvarnarþings og heimilis- eða dvalarvarnarþings eða annars varnarþings, ef það þykir hentugra til þess að afla upplýsinga, til að hraða máli eða vegna ráðstafana, sem gera þarf gagnvart sökunaut. Ákvörðunum saksóknara um þessi efni verður ekki haggað í dómi, enda verður málsmeðferð í héraði ekki ómerkt af því einu, að mál hafi verið sótt á röngu varnarþingi.

30. gr.

Mál samkvæmt 2. gr. laga þessara skal höfða á varnarþingi, sem hér segir:

Mál samkvæmt 1. tölul. á varnarþingi félags, ef það er kunnugt, en ella á varnarþingi einhvers stjórnanda eða félaga félagsins.

Mál samkvæmt 3. tölul. á síðasta heimilis- eða dvalarvarnarþingi horfins manns, ef því verður við komið, en ella þar sem saksóknari ákveður.

Mál samkvæmt 4. og 5. tölulið á heimilis- eða dvalarvarnarþingi varnaraðilja.

Mál samkvæmt 6. tölul. á því varnarþingi, sem eignin er í.

Mál samkvæmt 7. tölul. þar, sem lögbannið hefir verið lagt.

Mál samkvæmt 8. tölul. fara eftir 26. gr.

Ef það þykir hentugra vegna upplýsinga í málum þessum, getur saksóknari ákveðið þeim annað varnarþing en það, sem hér að ofan greinir.

31. gr.

Ákvæði þessa kafla taka og til þeirra mála, er því aðeins skal höfða, að sá krefjist þess, er misgert var við, eftir því sem við getur átt.

V. KAFLI
Rannsókn opinberra mála utan réttar.

32. gr.

Lögreglustjórar eru sýslumenn utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Í Reykjavík, og í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, fer lögreglustjóri með lögregluvald. Þar sem sérstakir lögregluþjónar eru skipaðir, eru þeir lögreglustjórum til aðstoðar. Annarstaðar aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.

Ef og að því leyti sem ríkislögregla er skipuð, starfar hún undir lögreglustjóra Reykjavíkur og þeim lögreglustjórum öðrum, er dómsmálaráðherra ákveður, nema öðruvísi verði mælt í lögum.

Handhafar lögregluvaldsins eru hér á eftir nefndir einu nafni lögreglumenn.

33. gr.

Þegar svo er mælt í lögum, að annaðhvort ráðherra eða einstakur maður eigi ákæruvald eða skuli taka þátt í því, er lögreglumönnum óskylt að hefjast handa um rannsókn máls fyrr en komin er fram skipun eða krafa þar um frá réttum aðilja, nema að því leyti, sem nauðsynlegt kann að vera til þess að vernda ástand það, sem er, eða að öðru leyti til þess, að síðari rannsókn megi fara sem heppilegast fram. Annars ber lögreglumönnum venjulega að hefjast handa af sjálfsdáðum, er þeir verða þess áskynja, hvort sem það er fyrir kæru eða skýrslu annara eða með öðrum hætti, að refsiverður verknaður muni hafa verið framinn í umdæmi þeirra, og yfir höfuð gera þær ráðstafanir, sem löglegar og nauðsynlegar eða heppilegar má telja til að vernda það ástand, sem er, til þess að tryggja návist sakaðra manna og til upplýsinga í málinu að öðru leyti, svo sem með því að rannsaka það brot, sem framið hefir verið eða framið kann að hafa verið, reyna að finna þann eða þá, er valdir kunna að hafa verið að brotinu, að finna og varðveita þá muni, er brot kann að hafa verið framið með eða framið á, eða brot er framið vegna þeirra, að rannsaka afbrotastaðinn eða staði, er standa í sambandi við brot, o. s. frv.

34. gr.

Nú telur lögreglustjóri ekki ástæðu til þess að sinna framkominni kæru eða til að halda áfram rannsókn út af henni, og er honum þá skylt að láta kæranda í té skriflega ályktun sína þar um, ásamt skjölum eða eftirriti af skjölum þeim, er málið varða. Og getur kærandi þá borið málið undir saksóknara, sem tekur fullnaðarákvörðun um það, hvort kæru skuli sinnt eða rannsókn haldið áfram.

35. gr.

Lögreglustjóri getur, áður en rannsókn hefst og á hvaða stigi rannsóknar sem er, borið það undir saksóknara, hvort rannsókn skuli hefja eða fram halda, og tekur þá saksóknari fullnaðarákvörðun um þau atriði. Saksóknari getur og af sjálfsdáðum lagt fyrir lögreglustjóra að taka mál til rannsóknar eða fram halda þegar byrjaðri rannsókn.

36. gr.

Lögreglumönnum er rétt að taka menn fasta án dómsúrskurðar:

1. Ef þeir standa þá að refsiverðum verknaði.
2. Ef þeir hafa ekki forfallalaust gegnt kvaðningu lögreglumanns til að gefa skýrslu í opinberu máli.
3. Ef þeir eru grunaðir um brot og gefa ekki lögreglumanni skýrslu um nafn sitt og heimilisfang eða reika um heimilislausir.
4. Ef það þykir nauðsynlegt grunuðum manni eða öðrum til varnar eða til þess

að aftra honum frá því að spilla sönnunargögnum, að fara úr lögsagnarumdæminu eða torvelda rannsókn máls að öðru leyti.

5. Ef maður hefir leyfislaust farið úr gæzlu eða firrt sig eftirliti, er honum hefir verið löglega sett.

Lögreglumönnum er og rétt að taka grunaða menn undir gæzlu án handtöku, þar á meðal að banna þeim för úr ákveðnu takmarki um stund eða fela öðrum eftirlit með þeim.

Þess ber lögreglumönnum að gæta eftir föngum, þar á meðal með leit á manni án dómsúrskurðar, að maður, sem tekinn hefir verið fastur, geti ekki unnið tjón á sjálfum sér, og að hann hafi þá aðbúð, að ekki verði heilsu hans eða lífi hætta búin, meðan hann er í gæzlu. Sjúka menn, þungaðar konur eða konu, sem barn hefir á brjósti, skal ekki láta í venjulega fangaklefa, heldur veita þeim þá aðbúð, er þeim hæfir. Sömu meðferð skal að jafnaði hafa á börnum undir 16 ára aldri.

Alþingismenn má ekki taka fasta, meðan þing stendur, nema þeir séu staðnir að glæp.

Mann, sem tekinn hefir verið fastur, skal leiða fyrir dómara án undandráttar.

37. gr.

Eigi mega lögreglumenn gera leit í húsum manna, hirzlum eða skipi án dómsúrskurðar, nema leyfi rétts aðilja komi til eða heimilað sé sérstaklega í lögum. Sama er um leit á manni sjálfum eða í því, sem hann hefir meðferðis.

Eigi má heldur kyrrsetja bréf frá manni eða til hans né rannsaka bréf og skjöl, hlusta á símtöl eða taka símskeyti eða loftskeyti eða annað því um líkt án leyfis rétts aðilja, dómsúrskurðar eða sérstakrar lagaheimildar.

Aðgerðir samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar má framkvæma á hvaða degi sem vera skal og á öllum tímum sólarhrings, ef ráðstöfunin þolir ekki bið. Tveir menn hið fæsta skulu framkvæma leit eða kyrrsetning eftir 1. og 2. málsgr., ef því verður með nokkru móti við komið.

Um rannsókn bréfa eða skjala fer annars eftir 77. gr.

Rétt er lögreglumönnum annars að taka af mönnum muni, er þeir hafa í vörzlum sínum, án dómsúrskurðar, ef ekki þarf þeirra aðgerða við til þess, er í 1. mgr. segir, enda virðist það nauðsynlegt vegna rannsóknar í opinberu máli.

38. gr.

Lögreglumenn skulu eftir föngum taka skýrslur af grunuðum mönnum eða öðrum til upplýsinga í opinberu máli. En benda skulu þeir grunuðum mönnum á það, að óskylt sé þeim að svara spurningum, er beinlínis varða brot það, sem þeir eru grunaðir um.

Nú skal yfirheyra barn yngra en 16 ára, og skal lögreglumönnum skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd (skólanefnd), ef þess er kostur, og getur nefndin þá sent fulltrúa sinn til þess að vera við yfirheyrslurnar.

39. gr.

Skylt er mönnum, að viðlögðum sektum, ef þeir eru til þess kvaddir og ef þeir mega án hættu fyrir líf eða heilsu sína eða vandamanna eða annara, sem þeir eiga að annast, eða án tilfinnanlegs atvinnutjóns, að veita lögreglumönnum lið í þarfir opinberrar rannsóknar. Svo er manni og, undir sama skilorði, skylt að láta lögreglumönnum í té muni, er hann ræður yfir, í þarfir opinberrar rannsóknar, svo sem hús og flutningatæki, en hafa skal hann endurgjald fyrir verk og annað, er hann lætur lögreglumönnum í té samkvæmt þessari grein, og fer um það sem um annan sakarkostnað.

Undanþegnir skyldunni eru nánustu vandamenn sökunauts, þeir er í viðeigandi greinum hegningarlaganna getur.

40. gr.

Lögreglumenn skulu gera skriflega og nákvæma skýrslu um aðgerðir sínar eftir 36.—39. gr. og staðfesta hana fyrir dómi samkvæmt ákvörðun dómara.

41. gr.

Ef þörf gerist, mega lögreglumenn beita valdi til framkvæmdar aðgerðum þeim, er í 36., 37. og 39. gr. segir, en jafnan skulu þeir gæta þess, að beita ekki meiri harðræðum en nauðsyn krefur, og að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er, eftir því sem á stendur.

VI. KAFLI

Almennar reglur um rannsókn opinberra mála fyrir dómi.

42. gr.

Héraðsdómari getur að lokinni rannsókn lögreglumanna eða samhliða henni, hvenær sem honum þykir nauðsynlegt eða heppilegt, hafið réttarrannsókn í opinberu máli. Ef grunaður maður hefir verið tekinn fastur, ber héraðsdómara að setja rétt svo fljótt sem unnt er eftir að hann hefir fengið vitneskju um handtökuna. Í hinu fyrsta þinghaldi (frumprófi) skal dómari reyna eftir föngum að ganga úr skugga um sekt eða sýknu sökunauts. Ef hann telur það koma fram, að sökunautur muni sýkn vera, hvort sem það er af því, að opinbera ákæruvaldið á ekki sök, refsikrafan er fyrnd, sýnt er, að sökunautur hefir ekki framið refsivert brot o. s. frv., lýkur héraðsdómari þegar rannsókn. Annars kostar heldur hann rannsókn áfram, þar til honum þykir það, sem máli skiptir, rannsakað til fullrar hlítar, eða örvænt þykir, að frekari rannsókn muni bera árangur.

43. gr.

Um rannsókn dómara eiga ákvæði 34. og 35. gr. við, að breyttu breytanda. Saksóknari getur þó ekki fellt úr gildi formlega uppkveðinn úrskurð né skipað dómara fyrir um aðgerðir, er hafa skuli við sökunaut, vitni, matsmenn eða aðra menn, er við rannsókn eða meðferð málsins eða sökunauts kunna að öðru leyti að koma.

44. gr.

Þeir menn, sem spurðir eru fyrir dómi í rannsókn opinbers máls, eiga rétt á að fá vitneskju um það hjá dómara, hvort þeir eru spurðir sem grunaðir um brot eða sem vitni. Ef dómari kveður mann yfirheyrðan vegna grunar á honum um framinn refsiverðan verknað, þá er honum óskylt að svara spurningum dómarans, er þann verknað varða, enda ber dómara að benda sökunaut á þetta áður en yfirheyrsla hefst.

Nú kýs sökunautur að svara spurningum dómara samkvæmt 1. málsgr., og skal þá bóka svörin nákvæmlega að efni til, bera bókanir síðan undir sökunaut, skrá síðan þær athugasemdir eða breytingar, sem sökunautur vill gera við bókun á svörum sínum, lesa þær bókanir upp fyrir honum og geta þess að lokum, hvort hann hefir viðurkennt rétt bókað eða ekki.

Ákvæði 2. málsgr. 38. gr. gilda um rannsókn samkvæmt þessari grein.

45. gr.

Spurningar dómara eiga að vera skýrar og stuttar eftir föngum, hvorki tvíræðar né um bersýnilega þýðingarlaus atriði. Dómari má hvorki hafa í frammi heitanir né hótanir við sökunaut um nokkur þau harðræði, sem ólöglegt er að beita hann eða aðra, né gefa honum fyrirheit um ívilnanir eða friðindi, ef hann meðgangi, sem ólöglegt er eða ekki stendur í valdi hans að veita, né heldur má

dómari með nokkrum hætti reyna að rugla sökunaut né koma inn ótta hjá honum, né með nokkrum hætti beita við hann hörku í orði eða verki, er verða kynni til þess, að hann vissi miður en ella, hverju hann svaraði, eða til þess, að hann svaraði röngu.

46. gr.

Dómara ber að rannsaka af sjálfsdáðum öll atriði, er varða sekt sökunauts eða sýknu eða honum kynnu að verða til málsbóta eða refsiauka, svo sem:

1. Verknaðinn sjálfan, er framinn hefir verið eða ætla má, að framinn hafi verið, stað og stund og öll nánari atvik, er ætla má, að máli skipti, svo sem það, á hverjum eða hverju brot hefir niður komið, með hvaða hætti það hefir verið framið, hvort um fullframið brot eða tilraun sé að tefla, hversu langt tilraun hafi verið komin, o. s. frv.
2. Það allt, er sökunaut sjálfan varðar, svo sem:
   a. Hugarfar hans (ásetning, gáleysi), er hann framdi brotið, hvatir hans og tilgang, ef þau atriði skipta máli, o. s. frv.
   b. Aldur hans. Og skal hann venjulega sanna með fæðingarvottorði sökunauts, ef þess er kostur málinu án verulegrar tafar. Annars kostar má láta skýrslu sökunauts nægja, enda lýsi þá dómendur og þingvottar áliti sínu á því, hvort sú skýrsla samrímist útliti hans og öðrum kunnum staðreyndum, ef dómara þykir þess þörf.
   c. Hegðun undanfarið. Og skal það atriði sanna með hegningarvottorðum úr þeim lögsagnarumdæmum hér á landi, sem sökunautur hefir dvalizt í, skýrslum kunnugra manna og öðrum gögnum, sem fyrir hendi kunna að vera.
   d. Þroski, andlegur og líkamlegur, heilbrigðisástand hans, andlegt og líkamlegt, fyrr og síðar, menntun, uppeldi, efnahagur og aðrar ástæður o. s. frv. eftir því, sem þörf virðist krefja. Ef ástæða þykir til, skal leggja sökunaut undir viðeigandi læknisrannsókn í þessu skyni.
   e. Hegðun og hugarfar sökunauts eftir að hann framdi brotið eða brotin, svo sem það, hvort hann hefir séð eftir því, boðið fram bætur eða á annan hátt leitazt við að gera yfirbót, eða hvort hann hefir reynt að dylja brotið, neytt hagnaðar af því, reynt að torvelda rannsókn þess o. s. frv.
   f. Ef um tilraun er að tefla, hvort hann hafi horfið sjálfkrafa frá henni, eða hvort brot hefir ekki orðið fullframið af öðrum ástæðum.
   g. Ef fleiri menn en einn eru við brot riðnir, þá ber eftir föngum að rannsaka, hvern þátt hver (hvor) um sig hafi átt í því, svo sem það, hver (hvor) hafi átt upptökin og hvaða ráðum hafi verið beitt í því efni.

47. gr.

Sækjanda og verjanda sökunauts skal veittur kostur á að vera við, þegar hann er yfirheyrður fyrir dómi, og svo þegar vitni eða matsmenn gefa skýrslu fyrir dómi, hvort sem þinghald fer fram fyrir opnum dyrum eða ekki. Dómari getur þó meinað sökunaut, sækjanda eða verjanda, öðrum, einum eða báðum, návist:

1. Ef þeir torvelda rannsókn, ráðast með orðum eða öðrum hætti á dómendur eða aðra eða koma að öðru leyti ósæmilega fram.
2. Sökunaut og verjanda hans, öðrum eða báðum, ef ástæða er til að ætla, að þeir kunni að hafa þau áhrif á vitni eða matsmann, að það eða hann segi ekki afdráttarlaust sannleikann, eða návist þeirra virðist að öðru leyti kunna að torvelda rannsókn málsins.
3. Ef fleiri menn en einn eru hafðir fyrir sökum, getur dómari meinað þeim að vera við yfirheyrslu hvers (hvors) annars.

Þegar vitni eða matsmenn staðfesta skýrslu sína fyrir dómi, þá skal jafnan veita sökunaut og verjanda hans kost á að vera viðstaddur til þess að gæta hags-

muna sökunauts, enda hafi þeir fengið eftirrit af skýrslunum eða fengið fulla vitneskju um efni þeirra með öðrum hætti. Nú mætir hvorugur, og skal þá skipa sökunaut talsmann við staðfestinguna.

Þegar vitnaleiðsla eða aðrar sakadómsathafnir fara fram í öðru lögsagnarumdæmi en aðalrannsókn málsins, skal skipa sökunaut talsmann til að gæta hagsmuna hans, nema sjálfur hann eða verjandi hans sé þar viðstaddur.

48. gr.

Um efni skjala, er verða gögn í opinberu máli, og um niðurstöðu rannsókna samkvæmt 46. gr. veitir dómari sökunaut og verjanda hans jafnharðan vitneskju í rannsókn málsins, ef þeim hefir ekki orðið það kunnugt samkvæmt 47. gr. Þó getur dómari brugðið út af þessu, ef honum þykir ástæða til að ætla, að slík vitneskja kunni að verða notuð til þess að torvelda eða seinka rannsókn málsins, en jafnan skal þó veita þeim hana áður en rannsókn er að fullu lokið.

49. gr.

Dómari getur af sjálfsdáðum látið framkvæma þær ráðstafanir gagnvart mönnum og hafa þær aðgerðir, sem í 36., 37., 39. og 41. gr. segir. Og ber lögreglumönnum að veita honum aðstoð í því efni eftir föngum.

50. gr.

Ef sökunautur er í varðhaldi eða annarskonar gæzlu, skal honum gert kleift að koma fyrir dóm samkvæmt 47. gr. Ef hann hefir ekki verið þannig sviptur frelsi sínu, þá skal skýra honum, svo og sækjanda og verjanda, frá þinghöldum með hæfilegum fyrirvara. Er nægilegt að tilkynna þeim í þinghaldi um næsta þinghald, en annarskostar er nóg, að einn stefnuvottur eða lögreglumaður tilkynni þinghald. Ekki frestar það þinghaldi, þótt þessir menn mæti ekki, nema að því leyti sem sökunaut sjálfan varðar, ef hann skyldi yfirheyra.

Þar sem mál er svo vaxið, að ætla má, að sökunautur hafi ekki bakað sér þyngri refsingu en 1000 króna sekt eða 2 mánaða varðhald, enda séu ekki fleiri en hann kærðir fyrir sama brot, nema svo sé farið um refsingu þeirra allra (beggja) sem sagt var, má, ef gögn eru fram komin um sekt sökunauts, skoða forfallalausa fjarvist hans frá dómi, enda þótt hann hafi verið þangað löglega kvaddur, viðurkenningu á broti og höfða síðan mál á hendur honum á þeim grundvelli.

VII. KAFLI

Um gæzluvarðhald og aðra gæzlu á sökunaut.

51. gr.

Þá er handtekinn maður hefir verið leiddur fyrir dómara, skal hann, nema sökunautur hafi þegar verið látinn laus, innan sólarhrings leggja rökstuddan úrskurð á það, hvort sökunautur skuli settur í varðhald eða ekki. Nú hefir sökunautur ekki verið tekinn fastur, og getur dómari þegar í frumprófi ákveðið, að hann skuli setja í varðhald. Svo getur dómari, á hvaða stigi rannsóknar sem er, ákveðið, að varðhaldi skuli beita, og sömuleiðis látið sökunaut lausan úr varðhaldi, jafnskjótt sem honum þykir ástæðulaust að beita því lengur. Gæzluvarðhaldi skal jafnan markaður ákveðinn tími, sem dómari getur þó stytt eða lengt með úrskurði annan ákveðinn tíma, ef ekki þykir fært að láta sökunaut lausan.

52. gr.

Gæzluvarðhaldi má aðeins beita, ef ástæða þykir til þess að ætla, að sökunautur hafi gerzt sekur um refsiverðan verknað, enda sé svo ástatt sem nú skal greina:

1. Ef ætla má, að sökunautur muni torvelda rannsókn málsins, ef hann hefir óskert frelsi sitt, svo sem með því að afmá merki eftir brotið eða merki, er í

sambandi við það standa, skjóta undan munum eða öðrum gögnum, er brotið varða, hafa áhrif á vitni eða samseka.
2. Ef sökunautur hefir strokið, falið sig eða farið út úr ákveðnu marki eða gert tilraun í þá átt, eða líklegt þykir, að hann muni gera það, eða hann hefir ekki sinnt kvaðningu dómara um að koma fyrir dóm.
3. Ef sökunautur reikar um án þess að hafa fast heimili eða dvalarstað, svo að vitað sé, ef telja má, að hann hafi ekki möguleika til þess að hafa löglega ofan af fyrir sér, eða ef hann er útlendingur og sennilegar upplýsingar vantar um hann sjálfan eða heimilisfang hans.
4. Ef ætla má, að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.
5. Ef ætla má, að hann haldi áfram afbrotum, ef hann er látinn vera laus, meðan mál hans er ekki lokið.
6. Ef varðhald má telja nauðsynlegt til þess að verja aðra fyrir árásum sökunauts eða hann fyrir árásum eða áhrifum annara manna.

Ennfremur má setja þann í gæzluvarðhald, er heitazt hefir við annan mann, ef það telst nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum þess, er fyrir þeim sökum er hafður.

53. gr.

Ef sökunautur er fyrir dómi, þegar úrskurður um gæzluvarðhald er kveðinn upp, þá skal honum þegar birtur þar úrskurðurinn. Annars kostar skal láta lögreglumann þegar birta honum úrskurðinn og, ef því er að skipta, taka hann fastan og setja hann í varðhald. Eftirrit af úrskurði skal, þegar þess er krafizt, láta í té svo fljótt sem unnt er, og ekki síðar en sólarhring þar frá.

54. gr.

Gæzluvarðhaldi má ekki beita:
1. Ef brot það, sem um er að tefla, getur ekki að lögum varðað þyngri refsingu en sektum eða varðhaldi.
2. Ef sökunautur er alþingismaður, meðan Alþingi er háð eða meðan fundafrestun stendur, enda hafi hún ekki verið ákveðin í senn lengur en 14 daga. Þetta gildir þó ekki, ef þingdeild hans leyfir gæzluvarðhald eða alþingismaður hefir verið staðinn að glæp.
3. Ef sökunautur er innan 16 ára aldurs. Í stað varðhalds skal hann með úrskurði falinn forsjá barnaverndarnefndar (skólanefndar), er komi honum fyrir á góðu heimili, eða fái honum aðra viðunandi gæzlu eftir þörfum.
4. Sjúklinga og vanfærar konur eða konur með barn á brjósti skal úrskurða til geymslu eftir læknisráði á spítala eða öðrum viðeigandi stað með þeim hætti, að heilsu þeirra sé borgið.

55. gr.

Gæzlufanga má engri hörku eða harðýðgi beita, enda hafi þeir eigi lakara viðurværi en refsifangar við venjulegt fangaviðurværi.

Rétt er dómara að meina gæzlufanga að hafa samband við aðra menn. Bréf, skeyti og önnur skjöl frá honum eða til hans getur dómari kyrrsett og rannsakað án úrskurðar eftir þörfum.

Um aðbúð gæzlufanga skal að öðru leyti fara eftir 3. málsgr. 36. gr.

56. gr.

Nú hefir dómari ákveðið að setja sökunaut í gæzluvarðhald, og getur sökunautur þá, ef dómari telur það nægilega tryggt, fengið að halda frelsi sínu að einhverju leyti eða öllu gegn tryggingu, er hann eða aðrir setja eða gegn ábyrgð annars manns eða annara manna, venjulega búsettra á landi hér, er dómari tekur gilda. Yfirlýsingu um tryggingu eða ábyrgð bókar dómari í þingbók og lætur viðkomendur undirrita þá bókun eða hann lætur þá gefa út sérstakar skriflegar yfirlýsingar.

Ef trygging er sett, þá ber dómara að gera nauðsynlegar ráðstafanir lögum samkvæmt til verndar hennar gagnvart sökunaut og öðrum mönnum. Ef munir eru settir að handveði, ber dómara að geyma þá á tryggum stað.

Trygging eða ábyrgð skal miða við ákveðna fjárhæð, og skal vera tilskilið, að þeirri upphæð skuli vera fyrirgert til ríkissjóðs, ef sökunautur fer úr marki því, er dómari setur honum, án leyfis dómarans.

Nú brýtur sökunautur boð dómara um dvöl í ákveðnu takmarki, og skal þá af tryggingarfé eða ábyrgðarfé greiddur skaði sá, er sökunautur hefir verið dæmdur til að greiða, ef með þarf. Ef sökunautur kemur af sjálfs sín vilja fyrir dómara innan mánaðar frá því, er hann braut boð dómarans, getur dómari ákveðið, að tryggingu eða ábyrgð sé þó ekki fyrirgert, nema að því leyti sem það brot hans hefir valdið sérstökum kostnaði.

Sökunautur skal fá tryggingu leysta, ef hann kýs heldur að fara í gæzluvarðhald. Trygging eða ábyrgð, er annar maður setur, skal leyst, ef hann krefst þess og sökunautur hefir enn ekki brotið boð dómara um vistarmark hans. Svo fellur trygging eða ábyrgð niður, ef dómari ákveður allt að einu að setja sökunaut í varðhald, eða sökunautur andast, rannsókn lýkur án málshöfðunar og þegar úrslitadómur er um málið genginn.

Ágreining vegna tryggingar eða ábyrgðar úrskurðar dómari, og má skjóta þeim úrskurði með kæru til æðra dóms eða með áfrýjun opinbera málsins sjálfs.

57. gr.

Hvort sem trygging eða ábyrgð er sett eða ekki, getur dómari lagt fyrir sökunaut að halda sér í ákveðnu takmarki (kirkjusókn, hreppi, kaupstað, lögsagnarumdæmi o. s. frv.), eða komið honum til dvalar og gæzlu á ákveðnu heimili með meiri eða minni takmörkunum á frelsi hans. Þar sem fangahúss er ekki kostur, er hverjum, sem er þess megnugur að áliti dómara, skylt að takast á hendur vist og gæzlu fanga, nema hann megi teljast hættulegur lífi manna eða heilbrigði. Ef því er að skipta, ber dómara að gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til geymslu fangans, svo sem geymslu á honum í aðgreindum, nægilega traustum klefa, ef ekki er fangahús til ráðstöfunar, o. s. frv.

Ákvörðun sinni um gæzlu sökunauts samkvæmt þessari grein getur dómari breytt, hvenær sem honum þykir ástæða til.

58. gr.

Sá, er settur hefir verið í gæzluvarðhald gegn fyrirmælum 54. gr., á rétt til fébóta fyrir sönnuð eða sennileg atvinnuspjöll, álitshnekki og miska, hver sem úrslit málsins verða.

Sá, er sætt hefir varðhaldi samkvæmt 1.—6. tölul. 52. gr. eða gæzlu samkv. 4. tölulið. 54. gr., á heimtingu á bótum slíkum sem í 1. málsgr. segir, ef rannsókn málsins hefir lokið án höfðunar refsimáls á hendur honum eða ef hann hefir verið sýknaður með úrslitadómi í því máli, enda megi fremur ætla hann sýknan en sekan, og hafi hann ekki orðið varðhaldsvistarinnar valdur með vísvitandi eða stórkostlega gáleysislegu ólögmætu framferði í sambandi við rannsókn málsins.

Með þeim skilyrðum, sem í 2. málsgr. greinar þessarar segir, á sá kröfu til bóta, er sætt hefir gæzlu samkvæmt 57. gr., ef gæzlan hefir falið í sér verulega frelsisskerðingu, enda ber að taka til greina til lækkunar bótum, ef telja má frelsisskerðinguna verulega vægari en venjulegt gæzluvarðhald.

59. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta, en endurgjaldskröfu á hann á hendur dómara, ef varðhaldsvistin verður talin honum til embættisbrots af ásetningi eða gáleysi, enda má stefna dómara til greiðslu bóta in solidum með ríkissjóði.

60. gr.

Sóknaraðild máls til bóta samkvæmt 58. gr. á sá, er varðhaldi eða gæzlu hefir sætt, eða löglegur fyrirsvarsmaður hans. Nú lætzt sá, er gæzlu eða varðhaldi sætti, áður en mál er höfðað eða til lykta leitt, og getur þá þrotabú hans eða skuldafrágöngudánarbú haldið málinu að því leyti sem það varðar fjárhagstjón hans áfram eða höfðað það. Þar næst á maki hans, og, að maka frátöldum, niðjar og kjörbörn hans, sókn þess máls með sama hætti og hann sjálfur. Nú sækir eitt barna hans málið, og eru þá aðgerðir þess bindandi fyrir hin börnin, en rétt er þeim að ganga inn í málið.

Varnaraðild á dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, svo og dómari samkvæmt 59. gr.

Mál til bóta samkvæmt 58. gr. er undanþegið sáttatilraun, og skal höfða það fyrir hæstarétti. Veita skal sóknaraðilja gjafsókn án tillits til efnahags hans, ef málstaður hans þykir líklegur, og skipa honum talsmann, en dæma má hann til greiðslu málskostnaðar, ef hann tapar málinu að öllu eða verulegu leyti.

Skaðabótakröfu getur aðili og borið fyrir æðra dóm í sambandi við áfrýjun refsimáls, og fer þar um sem skaðabótakröfur eftir 97. gr., svo sem við á.

61. gr.

Ef sá, er gæzlu eða varðhaldi sætti, höfðar mál til bóta samkvæmt 58. gr., skal hæstaréttarstefna tekin út innan árs frá uppkvaðningu úrslitadóms í refsimáli á hendur honum, eða ef slíkt mál hefir ekki verið höfðað eða til lykta leitt, innan árs frá því er rannsókn lauk eða mál féll niður. Ef lögráðamaður sökunauts hefir ekki getað höfðað málið innan tilskilins tíma eða sökunautur hefir andazt án þess að hafa höfðað mál áður en frestur var liðinn, má hæstaréttarstefnu taka út innan 3 mánaða frá því er ársfrestinum lauk.

VIII. KAFLI

Um sækjanda og verjanda.

62. gr.

Eftir frumpróf, enda játi sökunautur þá eigi afdráttarlaust sök sína og brot er einfalt, skal, ef ákveðið er að rannsókn skuli halda áfram, skipa verjanda:

a. Ef sökunautur eða lögráðamaður hans, ef hann er ólögráður, óskar þess:
   1. Ef brot er svo vaxið, að refsidómur fyrir það mundi baka sökunaut missi þjóðfélagsréttinda, svo sem missi kjörgengis eða kosningarréttar, atvinnuréttinda o. s. frv.
   2. Ef brot getur varðað hærri sektum en 1000 krónum, tveggja mánaða fangelsi, eða það hefir í för með sér upptöku eigna, er verulegum verðmætum nema, miðað við efnahag og ástæður sökunauts.

b. Án óskar sökunauts eða lögráðamanns hans:
   1. Hvarvetna þess er vitnaleiðsla, matsgerð eða skoðunargerð skal fara fram eða staðfesta að sökunaut fjarstöddum. Þó má víkja frá þessu, ef dómari telur hættu á því, að sönnunargögn þessi mundu glatast, ef beðið væri eftir skipun verjanda.
   2. Ef dómari ákveður, að rannsókn skuli fara fram fyrir lokuðum dyrum.
   3. Ef sökunautur er að áliti dómara sérstaklega sljór eða skilningslítill eða haldinn einhverjum þeim annmarka, er torveldi verulega skynjanir hans og það telst skipta máli um rannsókn málsins, svo sem málleysi, sjónleysi eða heyrnarleysi o. s. frv. Í málum samkv. 2. gr. getur dómari og skipað verjanda.

Dómari skal jafnan, þegar lögskylt er eða að hans áliti ástæða til að skipa sökunaut verjanda, vekja athygli hans á rétti hans í því efni, og veita honum þá kost á því að benda á einhvern þann mann, er lögum samkvæmt hefir rétt til að fara með það starf almennt og í því máli sérstaklega fyrir þeim dómi.

Nú vill sökunautur ekki, að honum verði verjandi skipaður, og skal það þá ekki gert, nema dómara þyki allt að einu sérstök ástæða til þess.

Nú eru fleiri menn en einn fyrir sökum hafðir, og skal þá sami vera verjandi þeirra allra (beggja), ef víst eða líklegt þykir, að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

63. gr.

Þar sem verjandi er skipaður, skal og sækjanda skipa. Skal hann vera einhver slíkur maður, er heimilt sé að fara með það starf lögum þessum samkvæmt.

64. gr.

Í Reykjavík og annarstaðar, þar sem kostur er löggiltra málflutningsmanna, skal sækjandi og verjandi tekinn úr hópi þeirra. Þó getur dómari eftir ósk sökunauts skipað honum einhvern annan mann, er mæta má í málum annara manna, þar sem eigi eru löggiltir málflutningsmenn, ef hann telur hag sökunauts borgið í höndum slíks manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn.

65. gr.

Dómari sá, er með aðalrannsókn máls fer, skipar sækjanda og verjanda í því máli. Nú skal vitnaleiðsla eða staðfesting mats- eða skoðunargerðar fara fram í öðru lögsagnarumdæmi, og skipar þá dómari þar sækjanda og verjanda til þess að vera við þær dómsathafnir, nema sækjandi og verjandi við aðalrannsóknina séu þar viðstaddir.

66. gr.

Ekki má skipa þann mann verjanda, sem hefir borið vitni eða verið mats- eða skoðunarmaður í því máli, eða þann, er vera mundi óhæfur dómari í því sökunaut í óhag, eða þann, er riðinn kann að vera við málið eða hefir að öðru leyti hag eða óhag af úrslitum þess, né heldur þann, er skipun hans gerði dómara óhæfan til að fara með málið. Sækjanda skal og skipa þann einn, er öll skilyrði hefir til þess að rækja starfa sinn með samvizkusemi og helzt að lögum, og ekki má það heldur vera sá, er skipun hans gerði dómara óhæfan til að fara með málið.

67. gr.

Skylt er bæði sækjanda og verjanda að vinna að því eftir föngum, að hið sanna komi fram, en sækjanda einkum, að það komi fram, hver valdur er að broti, og að nánari atvik í sambandi þar við komi í ljós, og verjanda að verja sökunaut við misskilningi og fáti og fá það í ljós leitt, er bendir til sýknu hans eða málsbóta. Sækjanda og verjanda er, tilkvöddum með hæfilegum fyrirvara eftir ákvörðun dómara, skylt og rétt að vera við þinghöld málsins, sbr. þó 47. gr. Verjanda er, nema dómari sjái því eitthvað sérstakt til fyrirstöðu, rétt að tala við sökunaut undir fjögur augu, þótt hann sé í gæzlu eða varðhaldi, og ekki verður verjandi krafinn vitnisburðar fyrir dómi um það, er sökunautur kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots þess eða brota þeirra, sem um er að tefla. Verjanda ber að hafa vakandi auga á því, að ekki sé á nokkurn hátt misfarið við sökunaut um varðhaldsvist hans eða gæzlu eða í rannsókn málsins.

Á sækjanda og verjanda hvílir þagnarskylda um þau atriði, er þeir hafa komizt að í starfi sínu og ekki eru almenningi þegar kunn.

68. gr.

Það er borgaraskylda hverjum heilum manni, eldri en 23 ára og yngri en 65 ára, að taka að sér starfa sækjanda og verjanda í opinberu máli. Þann, er dómari telur rækja starfann óviðunandi, getur hann leyst frá honum og skipað annan í staðinn. Sama er, ef sækjanda eða verjanda verða forföll, er að áliti dómarans hindra þá frá því að inna starfið af hendi.

69. gr.

Dómara er skylt að láta sækjanda og verjanda í té skjöl þau, er málið varða, eða eftirrit þeirra, að svo miklu leyti sem þau eru nauðsynleg til sóknar eða varnar þess, en skylt er þeim að skila þeim aftur til dómarans, þegar starfi þeirra er lokið, ef þess er krafizt.

Þóknun sækjanda og verjanda skal ákveða í dómi í málinu, ef það lýkst með þeim hætti, nema viðkomandi hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi, getur sækjandi og verjandi látið rannsóknardómara ákveða þóknun, og hver hana greiði, með úrskurði, er bóka skal í þingbók, og er sú ákvörðun bindandi og aðfararhæf sem dómur væri. Nú mætir maður sem sækjandi eða verjandi samkvæmt 65. gr. við einstakt þinghald, og getur hann þá fengið ákvörðun dómara þess í lok þinghaldsins um þóknun sína, og hefir sú ákvörðun sömu þýðingu sem samsvarandi ákvörðun dómara aðalrannsóknar.

Þóknun sækjanda og verjanda greiðist sem annar sakarkostnaður.

70. gr.

Ef sækjandi eða verjandi torveldar rannsókn eða misbeitir stöðu sinni með öðrum hætti, eða rýfur þagnarskyldu sína samkvæmt 67. gr., varðar það refsingu eftir ákvæðum hegningarlaganna um afbrot í embætti og sýslan.

IX. KAFLI

Um sönnun og sönnunargögn.

71. gr.

Sönnunarbyrðin fyrir sekt sökunauts hvílir á ákæruvaldinu. Sbr. 46. og 2. málsgr. 50. gr. Dómari metur það eftir atvikum, hvaða þýðingu þær staðreyndir hafi, er eigi varða beinlínis þá staðreynd, er sanna skal, en leiða kann að mega af ályktun um þá staðreynd eða þær staðreyndir, svo sem návist sökunauts á vettvangi, merki á mönnum eða munum, verkfæri eða aðrir munir í vörzlum hans eða annara, efnahagur hans fyrir og eftir brotið, hegðun hans fyrr og síðar, uppeldi, menntunarástand, framkoma hans í rannsókn málsins o. s. frv.

72. gr.

Dómari metur það eftir því, sem atvik liggja til, hvert mark skuli á skýrslum sökunauts tekið.

73. gr.

Um vitnaskyldu fer samkvæmt 124. og 125. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, með þeim afbrigðum, er hér segir:

1. Ef brýna nauðsyn ber til sökum samprófunar sökunauts og vitnis, getur dómari skyldað það til þess að mæta fyrir dómi í aðalrannsókn málsins, enda þótt það eigi lengri leið að fara til þingstaðar en í 1. málsgr. 124. gr. áðurnefndra laga segir, enda sé samgöngum milli heimilis vitnis og þingstaðar svo háttað sem þar segir, og verði eigi talið, að vitni bíði vegna þingsóknar sinnar tilfinnanlegt tjón á atvinnu sinni, og að heilsufar og heimilishagir þess séu þingsókn þess ekki til fyrirstöðu. Skal dómari kynna sér þessi atriði, áður en hann ákveður að kalla vitnið fyrir dóm sinn, ef honum eru þau ekki áður kunn.
2. Undanþágurréttur samkvæmt 1. tölul. og upphafi 2. tölul. 125. gr. áðurnefndra laga tekur ekki til opinberra mála. Þó er hjónum, er saman búa, er þau eru krafin vitnisburðar, óskylt að skýra frá því fyrir dómi, sem þau hafa sagt hvort öðru í trúnaði. Ekki er vitni heldur skylt að svara spurningu, ef svarið kynni að fela í sér játningu eða bendingu um það, að það hefði framið refsiverðan verknað.

3. Stefnufrest vitna má stytta allt að helmingi frá því, sem ákveðið er í einkamálum. Vitni má flytja með valdi fyrir dóm.

74. gr.

Ákvæði 3. og 4. tölul. 126. gr. um meðferð einkamála í héraði gilda ekki í opinberum málum, né heldur ákvæði 5. tölul. sömu greinar, enda verður vitneskja um þar greind atriði ekki notuð sem sönnunargagn til þess að koma fram ábyrgð á hendur ónafngreindum manni fyrir ritsmíð hans.

75. gr.

Ákvæði 127—135. gr. laga um meðferð einkamála í héraði skulu og taka til opinberra mála. Dómari leyfir sækjanda og verjanda að spyrja vitni með sama hætti sem aðiljum eða umboðsmönnum þeirra í einkamálum. Vitni skal eigi látið vera við yfirheyrslu sökunauts, nema dómari telji sérstaka ástæðu til, fyrr en báðir hafa gefið skýrslu og samprófun þeirra fer fram. Dómari lætur vitni staðfesta skýrslu sína, ef ósamræmi er í verulegu atriði milli skýrslu sökunauts og vitnis eða milli vitnaskýrslna sín á milli.

76. gr.

Ákvæði 136.—144. gr. laga um meðferð einkamála í héraði gilda og um opinber mál, að því breyttu, að dómari lætur mat eða skoðun fara fram af sjálfsdáðum, að hann gerir sökunaut, sækjanda og verjanda viðvart um dómkvaðningu mats- eða skoðunarmanna, að dómkvaðning fer fram, þótt enginn þeirra mæti, að dómara og sækjanda og verjanda ber að veita matsmönnum leiðbeiningar eftir föngum, að mat og skoðun getur farið fram, þótt sökunautur, sækjandi eða verjandi mæti ekki, að mats- eða skoðunargerð skal fá dómara í hendur, og að dómari ákveður um staðfestingu mats- og skoðunargerðar samkvæmt niðurlagsákvæði 75. gr.

Um líkskoðun og krufning líka fer eftir gildandi reglum.

Dómari getur ákveðið með dómsúrskurði skoðun á sökunaut, þar á meðal læknisrannsókn um sakhæfi hans, og öðrum mönnum til upplýsinga í opinberu máli, enda má beita valdi, ef nauðsyn krefur, til framkvæmdar slíkum úrskurði. En framkvæma skal skoðun svo, að þeim, er hlut á að máli, verði sem minnst mein, miski eða tjón af. Konur eða læknir skulu konur skoða, ef við verður komið. Nú þarf leitar í húsi til framkvæmdar mati eða skoðun, og skal þar um fara eftir 49. gr.

Skoðunargerðir dómara fara fram fyrir dómi, og má flytja dómþing eftir þörfum í því skyni.

77. gr.

Um skjöl í vörzlum sökunauts eða þriðjamanns fer eftir 49. gr.

Ákvæði 149., 150. og 151. gr., sbr. 152.—159. gr. laga um meðferð einkamála í héraði gilda og í opinberum málum svo sem við á. Rannsókn skjala fer fram fyrir dómi, eftir því sem við verður komið.

78. gr.

Eið aðilja má ekki leyfa í opinberum málum.

X. KAFLI

Um málshöfðun, stefnu og málsmeðferð.

79. gr.

Nú ákveður saksóknari málshöfðun, og skal hann þá senda dómara skriflega fyrirskipun þar um. Í henni skal, auk nafns og nægilegrar greiningar á sökunaut, taka fram, fyrir hvaða brot mál skuli höfða, og nefna brotið eða brotin því heiti, er þau hafa í lögum, eða skilgreina þau á annan hátt, svo að ekki verði um villzt.

Ef um hlutdeild eða tilraun er að tefla, skal það og tekið fram. Svo skal og nefna þær lagagreinir, sem brotin varða eða kunna að varða við. Þá skal og greina þær kröfur, er gera beri, svo sem refsikröfu, skaðabótakröfu, kröfu um réttindamissi, eignaupptöku, kröfu um greiðslu sakarkostnaðar af hendi sökunauts eða sökunauta. Í málshöfðunarboði má ekki skírskota til framkominna sannana eða setja þar lögfræðilegar athugasemdir framar en sagt hefir verið.

Ekki má dæma sökunaut fyrir aðrar athafnir en þær, sem í málshöfðunarboði greinir, né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Sbr. þó 81. gr.

Dómari getur ritað ákvörðun sína um stað og stund til þingfestingar málsins á málshöfðunarskipun og lætur síðan birta fyrir sökunaut, sækjanda og verjanda með venjulegum hætti eða fyrir dómi, ef því er að skipta.

80. gr.

Nú ákveður dómari málshöfðun af sjálfsdáðum, og getur hann þá, ef því er að skipta, bókað í þingbók þá ákvörðun, enda svari efni þeirrar bókunar að öllu til efnis málshöfðunarboðs samkvæmt 79. gr. Auk þess bókar dómari stað og stund til þingfestingar málsins. Bókunina les dómari því næst upp fyrir sökunaut og sækjanda og verjanda, ef þeir eru skipaðir og viðstaddir, en annars kostar birtir hann þeim hana. Skylt er dómara að veita sökunaut, sækjanda og verjanda þegar eftirrit af bókun.

Nú er sú meðferð ekki höfð, sem í 1. málsgr. segir, og gefur dómari þá út stefnu til sökunauts eða sökunauta, með því efni, sem í 79. gr. segir, og lætur birta hana með venjulegum hætti fyrir þeim, er í 1. málsgr. segir. Stefna má eigi heldur hafa að geyma skírskotun til framkominna sannana né lögfræðilegar athugasemdir framar en áður er mælt.

Bókun og stefna samkvæmt 1. og 2. málsgr. markar heimild til dómsálagningar með sama hætti sem málshöfðunarskipun samkvæmt 79. gr.

81. gr.

Nú virðist saksóknara eða dómara, að brot, lagagreinir eða kröfur sé ekki nægilega glöggt tiltekið í málshöfðunarskipun, bókun eða stefnu, og getur þá hvor þeirra sem vill aukið við eða leiðrétt með framhaldsskipun um málshöfðun, framhaldsbókun eða framhaldsstefnu, er svo skal birta með þeim hætti, sem áður segir, svo tímanlega að vörn verði við komið að því leyti. Dómsmálaráðherra getur með sama hætti leiðrétt og aukið málshöfðunarskipun, er hann hefir ákveðið málshöfðun.

Stefnufrest má stytta í opinberum málum um allt að helmingi frá því, sem ákveðið er í einkamálum. Stefnu má birta sökunaut í varðhaldi eða á gæzlustað hans, og miðast frestur þar við.

82. gr.

Þá er málshöfðun hefir verið ákveðin, nefnist sökunautur ákærði, og mál á hendur honum nefnist þá: Ákæruvaldið gegn N. N.

Ef skipun sækjanda eða verjanda hefir eigi þegar verið ákveðin í lok rannsóknar, skal venjulega ganga frá þeim atriðum, þegar er mál er þingfest.

83. gr.

Verjanda skal skipa:

1. Ef sökunautur eða lögráðamaður hans óskar þess. Ef sökunautar eru tveir eða fleiri, skal sami verjandi skipaður báðum eða öllum, nema hagsmunir þeirra megi ekki saman fara eða einhver þeirra kjósi sér ákveðinn mann skipaðan, er fullnægir skilyrðum til starfsins. Nú óska sumir sér skipaðan verjanda, en aðrir ekki, og verður þeim þá ekki skipaður verjandi, sbr. þó 2. tölul. hér á eftir. Þegar skýlaus játning liggur fyrir af hálfu sökunauts, eða aðrar ótvíræðar sannanir fyrir broti hans, málið er einfalt og refsing hans virðist eftir

því sem fyrir liggur, ekki munu fara fram úr 1000 króna sekt eða tveggja mánaða varðhaldi, þarf dómari þó ekki að skipa sökunaut verjanda.

2. Ef dómari telur annars sérstaka ástæðu til þess, svo sem ef eigi liggja fyrir glöggar sannanir um sekt sökunauts eða mál er margbrotið eða vafasamt að öðru leyti, eða ef um stórbrot er að tefla o. s. frv.
3. Ef ekki er mætt af hendi sökunauts forfallalaust, þegar mál er þingfest eða síðar, og eigi stendur svo á sem í 2. tölul. 84. gr. segir.

Ef ekki er skipaður verjandi samkvæmt framanskráðu, getur sökunautur jafnan falið ákveðnum manni, er skilyrði hefir til að gegna starfi verjanda, að bera fram vörn, en eigi verður þóknun slíks verjanda talin til sakarkostnaðar.

Sækjanda skal eigi skipa:

1. Ef verjandi er ekki skipaður.
2. Ef sökunautur hefir skýlaust játað á sig brot, eða ef sökunautar eru tveir eða fleiri, ef þeir hafa báðir eða allir kannazt skýlaust við brot sitt eða brot sín. Ef mál er margbrotið eða einhver önnur sérstök ástæða er fyrir hendi, getur dómari þó skipað sækjanda.
3. Ef refsing sökunauts, og ef þeir eru tveir eða fleiri, þá beggja eða allra, virðist ekki munu fara fram úr sektum eða varðhaldi. Niðurlagsákvæði 2. tölul. skal þó einnig eiga hér við.

Sækjanda og verjanda skal venjulega skipa þá, er það starf hafa haft í aðalrannsókn málsins. Ef aðrir menn verða skipaðir, fer um kjör þeirra og skilyrði til starfans samkvæmt 66., sbr. síðustu málsgr. 62. gr., 63. og 64. gr.

84. gr.

Dómari getur þegar tekið mál til dóms í því þinghaldi, er í 1. málsgr. 80. gr. segir, ef sökunautur eða enginn sökunauta, ef þeir eru tveir eða fleiri, óskar sér skipaðan verjanda eða óskar frests til varnar sér.

Nú hefir málshöfðunarskipun verið birt samkvæmt niðurlagi 79. gr. eða stefna gefin út og birt samkvæmt 2. málsgr. 80. gr., og getur dómari þá þegar eftir þingfestingu máls og framlagningu skjala tekið mál til dóms:

1. Ef verjandi og sökunautur eða sökunautar óska ekki frests til að færa fram vörn.
2. Ef hvorki sökunautur né verjandi mæta, og dómari telur refsingu, eins og málið liggur fyrir, ekki geta farið fram úr 1000 kr. sekt eða 2 mán. varðhaldi.
3. Ef sókn, ef sækjandi hefir verið skipaður, og vörn er þá fram komin, og viðkomendur óska eigi að færa fram frekari sókn og vörn eða dómari sér þess enga þörf.

85. gr

Nú verður ekki svo með farið sem í 84. gr. segir, og skal þá, eftir að dómari hefir þingfest mál og lagt fram eftirrit af rannsókn málsins og önnur skjöl, svo með fara sem hér segir:

1. Ef skipaður hefir verið sækjandi og verjandi og þeir mæta, þá skal dómari fyrst ákveða, hvort mál skuli munnlega flutt eða skriflega. Mál skulu munnlega flutt, nema þau séu sérstaklega margbrotin og sé skriflegs málflutnings óskað eða dómari telji hann verulega hentugri. Nú skal mál munnlega flytja, og fær dómari þá sækjanda og verjanda sitt eintakið hvorum af skjölum málsins og ákveður stað og stund til málflutnings. Skal sækjandi og verjandi koma fyrir dóm á tilteknum stað og stundu. Sækjandi og verjandi mega tvisvar tala, ef þeir vilja, enda er sökunaut rétt að taka til máls einu sinni að þeirra ræðum loknum. Er málflutningi þá lokið, og skal taka mál til dóms. Um munnlegan málflutning fer annars eftir 112. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

   Nú er mál skriflega flutt, og afhendir dómari þá sækjanda skjöl málsins og veitir honum hæfilegan frest til sóknar og ákveður stað og stund til næsta

þinghalds. Þá leggur sækjandi fram sókn sína, en verjandi fær málsskjölin léð og hæfilegan frest til varnar. Í næsta þinghaldi leggur verjandi fram vörn sína, og getur dómari veitt þeim enn hvorum um sig frest til framhaldssóknar og framhaldsvarnar einu sinni, en að því loknu verður mál tekið til dóms.

2. Ef sækjandi er ekki skipaður, skal mál jafnan skriflega flutt. Eftir þingfestingu máls og framlagning skjala fær verjandi eða sökunautur frest til varnar, er hann leggur fram í næsta þinghaldi, en að því loknu verður mál tekið til dóms. Skipuðum verjanda skal lána málsskjölin, en sökunaut sjálfum eða kjörnum verjanda því aðeins, að dómari telji það hættulaust, enda eigi þeir, ef og að því leyti sem málsskjölin verða ekki fengin þeim í hendur, kost á að nota þau með umsjá dómarans.

86. gr.

Ef sækjanda eða verjanda eða sökunaut, ef hann ver sig sjálfur, verða forföll, skal máli fresta hæfilegan tíma, og gerir dómari þeim viðvart um næsta þinghald.

Ef sækjandi mætir ekki forfallalaust að fresti samkvæmt 1. málsgr. liðnum, en verjandi eða sökunautur mætir, verður mál jafnan skriflega varið samkvæmt 85. gr. Ef verjandi eða sökunautur, er ver sig sjálfur, mæta ekki forfallalaust að fresti liðnum, verður mál þegar tekið til dóms, nema dómara þyki sérstök ástæða til að fresta máli, svo að vörn megi koma fram.

Ef forföll eru sönnuð áður en mál er dæmt, getur dómari þó tekið það upp af nýju og leyft vörn í málinu.

87. gr.

Dómari getur bæði af sjálfsdáðum og að tilhlutun sækjanda, verjanda eða sökunauts, og bæði fyrir og eftir að mál hefir verið tekið til dóms, tekið af nýju upp rannsókn um einstök atriði, og fer um hana eftir VI. kafla laga þessara. En jafnan skal viðkomendum veittur kostur á að kynna sér árangur slíkrar rannsóknar. Ef rannsókn hefir fram farið að málflutningi loknum, ákveður dómari, hvort málflutningur skuli tekinn upp aftur vegna þess, er fram hefir komið í rannsókninni.

88. gr.

Opinber mál skulu rekin með þeim hraða, sem unnt er. Sækjandi, verjandi eða sökunautur hafa ekki forræði um gang málsins, né heldur er dómari bundinn við málflutningsyfirlýsingar þeirra eða kröfur, nema þær séu borgararéttar eðlis. Ekki skiptir það máli, hvenær málflutningsyfirlýsingar eða kröfur koma fram í flutningi opinbers máls.

XI. KAFLI

Um sakarkostnað.

89. gr.

Til sakarkostnaðar í opinberum málum telst:

1. Ferðakostnaður dómara og sækjanda og skipaðs verjanda, ef því er að skipta, enda skal greiða þeim óhjákvæmilegan kostnað af ferðalagi vegna rannsóknar og meðferðar málsins.
2. Þóknun sækjanda og skipaðs verjanda.
3. Þóknun fyrir aðstoð vegna málsins, svo sem skjalþýðingar, dómtúlkun, afnot muna annara manna o. s. frv.
4. Gæzlu-, varðhalds- og flutningskostnaður sökunauts, þar til framkvæmd refsingar hefst samkvæmt ákvæðum dómsins.
5. Þóknun til vitna, mats- og skoðunarmanna.
6. Þingvotta- og birtingargjöld.
7. Kostnaður af kyrrsetningu samkvæmt 94. gr. og fullnustu dóms með aðför.

8. Annar óhjákvæmilegur kostnaður.

Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit beinlínis í þágu málsins, stimplun dómsgerða eða staðfestingu skal eigi greiða.

90. gr.

Nú er sökunautur sýkn dæmdur af refsikröfum, af hvaða ástæðu sem er, eða refsimál gegn honum fellur niður án þess að svo sé ástatt sem í 22. gr. segir, og skal þá einnig sýkna hann af málskostnaðarkröfu. Þó skal dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur sökunaut að einhverju leyti eða öllu, ef hann hefir orðið kostnaðar valdur með vísvitandi eða stórkostlegu ólögmætu framferði í rannsókn máls eða í sambandi við hana.

Nú eru tveir menn eða fleiri hafðir fyrir sökum, og eru sumir sýknaðir og sumir sakfelldir, og skal þá frá draga þann hluta kostnaðar, er telja má aðeins koma hinum sýknaða eða sýknuðu við, nema telja megi hinn dómfellda, eða hina dómfelldu, einnig beinlínis valdan að honum. Ef slíkur frádráttur verður ekki gerður nákvæmlega, metur dómari það, í hvaða hlutföllum hinn sakfelldi skuli bera sakarkostnað á móti ríkissjóði.

91. gr.

Nú er sökunautur sakfelldur fyrir það brot eða þau brot, sem honum er sök á gefin, og skal þá dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur honum.

Nú er sökunautur sakfelldur fyrir sum þau brot, er honum er sök á gefin, en sýkn dæmdur af öðrum, og getur dómari þá ákveðið, að hann skuli greiða nokkurn hluta kostnaðar, en að hinn hlutinn skuli greiddur úr ríkissjóði, með þeim hætti, er í 90. gr. segir.

Kostnað, sem sækjandi eða verjandi eða lögreglumenn eru valdir að vegna vanrækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu, skal ekki dæma sökunaut til að greiða. Getur dómari ákveðið í dómi refsimálsins eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skyldu þeirra til að greiða slíkan kostnað, en veita skal hann þeim áður kost á að láta uppi álit sitt.

92. gr.

Nú eru tveir menn eða fleiri sóttir til refsingar í sama máli og sekir dæmdir, og skal þá hvorum (hverjum) þeirra gert að greiða gæzlu- eða varðhaldskostnað sinn og þóknun til skipaðs verjanda síns einum sér, ef hann hefir fengið sér skipaðan annan verjanda en hinn eða hinir. Ef sumir hinna sakfelldu eru saman um verjanda, en þó ekki allir, þá skal dæma þá in solidum til að greiða þóknun verjanda síns.

Nú hafa sökunautar allir eða báðir tekið þátt í broti með vitund og vilja hvor (hver) annars og eru dæmdir til refsingar fyrir það í sama máli, og skal þá venjulega dæma þá til að greiða sakarkostnað in solidum (sbr. þó 1. málsgr.). Ef samband þeirra einhverra eða allra um brot hefir ekki verið slíkt, skiptir dómari sakarkostnaði milli þeirra í þeim hlutföllum, er honum þykir sanngjarnt vera.

93. gr.

Í dómi og úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu sökunauts til að greiða sakarkostnað, án ákvörðunar upphæðar.

Dómari gerir heildarreikning yfir sakarkostnað og sendir hann, ásamt fylgiskjölum, til dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninginn og greiðir dómara það, sem hann kann að hafa lagt út eða greiða á síðar. Refsidómur, ásamt úrskurðuðum reikningi, verður þá lögleg heimild til aðfarar í fé sökunauts eða sökunauta.

94. gr.

Til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eða til undirbúnings eignartöku, ef því er að skipta, skal dómari, ef hann hefir jafnframt fógetavald, kyrrsetja eða láta fógeta annars kyrrsetja eignir sökunauts eða sökunauta, ef hættu má

telja á því, að þeim verði ella undan skotið eða að þær glatist eða rýrni að mun, svo að ekki verði nægilegt til greiðslu sakarkostnaðar eða bóta á sínum tíma, og fer það eftir álitum dómara, hversu mikið skuli kyrrsetja. Um framkvæmd og þýðingu kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, en þó með þeim afbrigðum, er hér segir:

1. Tryggingu þarf enga að setja.
2. Ábyrgð á kyrrsetningu þessari fer eftir almennum skaðabótareglum.
3. Mál til réttlætingar kyrrsetningu þarf ekki að höfða.

Dómari kveður á um varðveizlu kyrrsettra muna og sér um, að þær ráðstafanir verði gerðar, er með þarf að lögum til verndar kyrrsetningu. Eigi skal stimpilgjald eða þinglýsingar greiða fyrir þessar ráðstafanir.

Kyrrsetning fellur niður jafnskjótt sem sökunautur hefir verið sýknaður með úrslitadómi eða úrskurði af greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta, eða málsókn hefir verið undan felld eða látin niður falla og eigi koma ákvæði 22. gr. til greina, og á hann þá heimtingu á því, að honum verði, honum að kostnaðarlausu, fengin umráð yfir hinum kyrrsettu verðmætum og úr gildi felldar þær ráðstafanir aðrar, sem gerðar kunna að hafa verið til verndar kyrrsetningunni. Ef sökunautur hefir greitt sakarkostnað eða dæmdar skaðabætur, á hann og heimtingu til hins sama, en greiða verður hann þá kostnað þar af.

XII. KAFLI
Um skaðabætur.

95. gr.

Nú kemur það í ljós í rannsókn opinbers máls, að einhver hefir beðið fjártjón eða annað tjón, er bæta skal að lögum, vegna brots eða brota, og skal dómari þá, ef þess er kostur án verulegra tafa á málinu, veita aðilja kost á að koma kröfu sinni um bætur fyrir dóm. Skal aðili gera kröfu fyrir dómi eða umboðsmaður hans. Sökunaut skal og veita kost á að láta uppi álit sitt um skaðabótakröfu. Ef hann samþykkir kröfu, þá skal kveða á um hana í refsidómi í málinu. Ef sökunautur samþykkir ekki kröfu, en þó má telja, að hann skuli bætur greiða, getur dómari eftir kröfu aðilja látið dómkvadda menn meta bætur áður en mál er tekið til dóms, en annars kostar metur hann bætur sjálfur.

96. gr.

Nú er sökunautur sýkn dæmdur af refsikröfu eða ekki eru fram komnar nægilegar upplýsingar um skaðabótakröfu, og verður þá ekki lagður dómur á hana í því máli. Æðri dómur getur þó, ef bætur hafa verið dæmdar í héraði, dæmt skaðabótakröfu, þótt hann sýkni af refsikröfu.

97. gr.

Ef dómi í opinberu máli, þar sem skaðabótakrafa hefir verið dæmd að efni til, er skotið til æðra dóms, skal þar og taka skaðabótakröfu til meðferðar, ef annaðhvort sökunautur eða sá, er tjón beið, æskja þess af dómara eða saksóknara áður en máli er áfrýjað, enda er þá bæði sækjanda og verjanda skylt að sækja og verja það atriði fyrir æðra dómi sem önnur sakaratriði.

98. gr.

Ákvæði dóms í refsimáli um skaðabótakröfu að efni til getur bæði sökunautur og sá, er tjón telst hafa beðið, áfrýjað sérstaklega til æðra dóms eftir ákvæðum laga um áfrýjun einkamála, ef það ákvæði dómsins hefir ekki verið borið undir æðra dóm ásamt öðrum atriðum hans, eða aðiljar hafa fallið frá kröfu sinni þar um.

99. gr.

Rannsókn og ákvörðun um skaðabætur má aldrei verða til þess að tefja að nokkru verulegu leyti rannsókn eða meðferð opinbers máls fyrir dómi. Ef svo reynist, skal skaðabótakröfu ekki sinnt í opinberu máli.

Nú hrökkva eignir sökunauts eigi til greiðslu málskostnaðar og skaðabóta, og skal þá skerða hvora kröfu að réttri tiltölu.

XIII. KAFLI
Um sektir.

100. gr.

Ef sækjandi eða verjandi, hvort sem hann er skipaður eða ekki, gerir sig sekan í vanrækslu eða skeytingarleysi í starfa sínum, getur dómari dæmt honum sekt á hendur, frá 20—200 krónur, í dómi eða úrskurði, eftir því sem á stendur.

101. gr.

Sömu sektum, er ákveða má samkvæmt 100. gr., skal sá sæta, er viðhefir ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra, eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi.

102. gr.

Sá skal sæta sektum eða varðhaldi, sem brýtur bann dómara samkvæmt 2. mgr. 18. gr., eða í ræðu eða riti gefur vísvitandi eða gálauslega ranga eða villandi skýrslu í verulegum atriðum eða óþarflega særandi um opinbert mál eða rannsókn þess, meðan því máli er ekki að fullu lokið, eða tálmar eða reynir að tálma á ólögmætan hátt rannsókn slíks máls.

Ef sækjandi eða verjandi brýtur ákvæði 1. málsgr. og brot þeirra þykja eigi varða nema sektum, enda liggi fullar upplýsingar fyrir um það, má svo með fara, sem í 100. gr. segir.

Mál út af þessum brotum fara annars sem opinber mál almennt.

103. gr.

Ef brot þau, er í 100., 101. og 2. málsgr. 102. gr. segir, varða þyngri refsingu að lögum en þar segir, skal sækja þá sök í almennu opinberu máli.

104. gr.

Sektir samkvæmt 100.—102. gr. renna í ríkissjóð.

Kæra má sérstaklega refsiákvæði samkvæmt 100., 101. og 2. málsgr. 102. gr., en ella fer um áfrýjun eftir 97. gr.

XIV. KAFLI
Um dóma og úrskurði.

105. gr.

Úrskurði, er kveða þarf upp í sambandi við rannsókn eða flutning opinbers máls, skal kveða upp svo fljótt sem unnt er eftir að atriði er tekið til úrskurðar. Úrskurðir skulu vera byggðir á forsendum og nægilega skýrir og glöggir.

106. gr.

Ákvæði 191. og 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði skulu og taka til opinberra mála.

107. gr.

Dómar í opinberum málum skulu vera glöggir og skýrir svo sem kostur er á. Ekki má skírskota til sannana eða atvika, er síðar kunna að koma fram.

Í dómi skal greina nafn, stöðu og heimili sökunauts, svo að ekki verði um villzt, númer málsins, þing, stað og stund, er dómur er upp kveðinn, hvenær mál var tekið til dóms, nafn dómanda eða nöfn, ef fleiri eru en einn, málsatvik og málsástæður þær, er máli þykja skipta, hugleiðingar dómara um niðurstöðu, skilorð, ef skilorðsbundið er dæmt, réttarfarssektir, ef því er að skipta, um skaðabótakröfu, sakarkostnað og annað, er máli kann að skipta. Niðurstöðu dóms skal síðan saman draga í niðurlag hans, eins og tízka hefir verið, að því leyti sem honum á að fullnægja með aðför, og svo ef sökunautur er alsýknaður.

Dómi eða úrskurði má fullnægja með aðför eftir efni sínu, enda þótt eigi sé sett í þá aðfararákvæði sérstaklega.

Ef sektir eru dæmdar eða úrskurðaðar, skal ákveða í dómi eða úrskurði vararefsingu lögum samkvæmt tiltekinn tíma, er sökunautur skuli þola, ef sektin greiðist ekki innan ákveðins tíma frá birtingu eða uppsögn dóms eða úrskurðar, sbr. 3. málsgr. 108. gr.

Ákvæði um aðfararfrest skal annars ekki setja í dóma eða úrskurði í opinberum málum, hvorki um refsingu né annað.

108. gr.

Dómari tilkynnir sökunaut eða verjanda hans, ef þess er kostur, hvar og hvenær dómur eða úrskurður, ef með þarf og það á við, verði kveðinn upp, og með þeim fyrirvara, er honum þykir hlýða.

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp í dómi í heyranda hljóði. Eftirrit af dómi eða úrskurði skal veita sækjanda og verjanda eða sökunaut svo fljótt sem unnt er, ef þess er krafizt.

Ef sökunautur er viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar, þarf ekki að birta honum dóm eða úrskurð. Ella skal birting dóms fram fara með venjulegum hætti, og úrskurðar, er það á við.

Ef sökunautur er við dómsuppsögn eða úrskurðar staddur, telst frestur samkvæmt 4. málsgr. 107. gr. frá uppsögudegi, en ella frá birtingardegi.

Dómari gerir nauðsynlegar ráðstafanir til birtingar dóma og úrskurða.

Geta skal þess í þingbók, hvort sökunautur hafi verið viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar. Í eftirriti af dómsathöfnum þessum skal þess og geta.

109. gr.

Dómur er bindandi um úrslit sakarefnis fyrir sökunaut og handhafa ríkisvaldsins, svo og um réttarfarssektir og skaðabótaákvæði hans milli sökunauts og skaðabótakrefjanda.

Ákvæði 2. málsgr. 195. og 196. gr. laga um meðferð einkamála í héraði gilda og um opinber mál.

110. gr.

Refsiákvæðum, ákvæði um eignatöku, málskostnað eða skaðabætur í dómi í opinberu máli eða úrskurði má ekki fullnægja með aðför fyrr en afráðið er, að því verði ekki skotið til æðra dóms, en þá má því þegar fullnægja, nema sekt skuli greiða og greiðslufrestur hennar sé ekki liðinn.

XV. KAFLI
Um málskot.

111. gr.

Ekki verður skotið til æðra dóms:

1. Úrskurði dómara um, að hann skuli víkja sæti.
2. Ákvörðun um, að meðdómendur skuli til kvaddir (sbr. 7. gr.).
3. Úrskurði um það, að meðdómanda skorti dómaraskilyrði (sbr. 12. gr.).
4. Ákvörðun um, að rannsókn eða meðferð máls skuli fara fram fyrir luktum dyrum (sbr. 18. gr.).
5. Úrskurði um handtöku (sbr. upphaf 36. gr.).
6. Úrskurði um leit, kyrrsetningu og rannsókn skjala og bréfa sökunauts (sbr. 37. gr.).
7. Ákvörðun um skyldu manna til aðstoðar og um að láta í té muni í þarfir opinbers máls (sbr. 39. gr.).
8. Ákvörðun um útilokun frá þinghaldi samkvæmt 47. gr.
9. Ákvörðun um útilokun frá skoðun skjala samkvæmt 48. gr.
10. Ákvörðun um, að sækjanda og verjanda skuli skipa (sbr. 62., 64., 65. og 83. gr.).
11. Ákvörðun um að synja eða leyfa verjanda viðtal við sökunaut (67. gr.).
12. Ákvörðun um að veita frest.
13. Ákvörðun um skriflegan eða munnlegan málflutning (85. gr.).
14. Ákvörðun um endurupptöku rannsóknar eða málsmeðferðar (87. sbr. niðurlag 2. málsgr. 86. gr.).

112. gr.

Þessum ákvörðunum dómara verður einungis skotið til æðra dóms með kæru:

1. Úrskurði, þar sem dómari neitar að víkja sæti.
2. Synjun á kvaðningu meðdómenda (sbr. 7. gr.).
3. Úrskurði, þar sem synjað er kröfu um, að meðdómendur víki vegna skorts á dómaraskilyrðum (sbr. 12. gr.).
4. Úrskurði um varðhald og aðra gæzlu á sökunaut og tryggingu samkvæmt 56. gr.
5. Synjun um að skipa sækjanda eða verjanda (sbr. 62., 64., 65. og 83. gr.) og ákvörðun um það, hvern skuli skipa.
6. Ákvörðun um þóknun samkvæmt 65. gr. 2. málslið.
7. Úrskurði um vitnaskyldu, vitnaheimild, þóknun vitnis, viðurlög við brotum á vitnaskyldu og önnur atriði, er vitni varða.
8. Úrskurði um samskonar efni um mats- og skoðunarmenn.
9. Ákvörðun dómara samkvæmt 3. málsgr. 76. gr.
10. Úrskurði samkvæmt 2. málsgr. 77. gr.
11. Úrskurði, þar sem synjað er um frest eða rannsókn um einstök atriði eða endurupptöku málflutnings eftir 87. gr.
12. Ákvörðun um dómtöku máls eftir 2. málsgr. 2. tölul. 84. gr. og 2. málsgr. 86. gr.
13. Ákvörðun um önnur efni, er varða rannsókn máls eða meðferð fyrir dómtöku þess og líkt stendur á um.

Kæra samkvæmt 4. og 6. tölul. greinar þessarar frestar ekki framkvæmdum í máli. Kæra samkvæmt 7. og 8. tölul. frestar eigi heldur framkvæmdum, ef hún varðar þóknun vitna eða mats- og skoðunarmanna. Sama er um kæru samkvæmt 9. tölul., ef hún varðar rannsókn á sökunaut sjálfum eða ef telja má, að rannsókn komi eigi að nægilegu gagni, nema hún sé þegar framkvæmd.

Þegar öðruvísi stendur á, frestar kæra samkvæmt þessari grein þeim framkvæmdum í rannsókn opinbers máls og meðferð, er fara mundu í bága við niðurstöðu æðra dóms, ef hún yrði andstæð hinni kærðu dómsathöfn, nema slík framkvæmd verði talin brýnt nauðsynleg til þess að rannsókn málsins nái tilgangi sín-

um, enda verður ákvörðun dómara um það efni eigi haggað. Þetta gildir þó ekki um vitnaheimild eða vitnaskyldu, né um samsvarandi skyldu matsmanna eða skoðunarmanna.

113. gr.

Aðild kæru á hver sá, er ákvörðun dómara varðar hagsmuni hans beinlínis, og þar að auki saksóknari, ef ákvörðun varðar rannsókn málsins.

114. gr.

Þar sem kæra frestar framkvæmdum, skal dómari, eftir því sem unnt er, ganga þegar úr skugga um það, hvort kært verði.

Kærandi skal lýsa kæru sinni innan sólarhrings frá því, er honum var birt ákvörðun sú, er hann vill kæra, bréflega til dómara eða með bókun í þingbók, og gera kröfur sínar, ásamt þeim athugasemdum, er honum þykir hlýða, enda mega ný gögn og ný málsatvik koma fyrir æðra dóm. Jafnskjótt sem kæru hefir verið lýst, skal dómari gera eftirrit af því, er kærumálið varðar. Sendir hann þegar æðra dómi eitt eintak þar af með athugasemdum sínum, ef hann vill, en sökunaut eða verjanda hans eitt eintak, svo og þeim öðrum, er kæran varðar (sækjanda, vitni o. s. frv.). Innan 3 sólarhringa eftir móttöku skjalanna getur æðri dómur lagt dóm á kærumálið, enda getur hver aðilja sent honum athugasemdir sínar á þeim fresti.

Athugasemdir, er síðar koma, skal þó taka til greina, ef þær koma áður en dómur er upp kveðinn.

Ef kæra frestar framkvæmdum rannsóknar eða málsmeðferðar, skal æðri dómur hafa lokið dómsorði á kærumál innan 10 daga frá móttöku skjalanna, nema mál sé sérstaklega margbrotið eða dómurinn telji óhjákvæmilegt, að nýrra gagna sé aflað. Leggur hann þá með úrskurði fyrir héraðsdómara að afla þeirra. Að þeim fengnum, fer um dómsuppsögu sem áður segir.

Aldrei má dómsuppsaga dragast lengur en 2 vikur eftir að skjöl öll, þar á meðal nýjar upplýsingar, hafa til æðra dóms komið, hvort sem kæra frestar framkvæmdum eða ekki.

Sekta skal kæranda um 40—400 kr. til ríkissjóðs fyrir algerlega tilefnislausa kæru.

115. gr.

Án kröfu sökunauts er skylt að áfrýja dómi, ef refsing sú, sem honum er dæmd og eigi er um refsingu fyrir ítrekað brot að ræða, nemur 2 ára refsivist eða meira.

Eftir kröfu sökunauts er skylt að áfrýja dómi, ef refsing sú, sem honum er dæmd, nemur yfir 500 króna sekt, eins mánaðar refsivist eða ef dómurinn sviptir hann réttindum eða réttindamissi leiðir af sakfellingu hans, eða eignarupptaka er ákveðin hjá honum, er nemur 500 króna virði eða meira.

Skylt er ríkisvaldinu og að áfrýja dómi í opinberu máli, þótt ekki sé svo ástatt sem í 1. eða 2. málsgr. segir, ef sérstök ástæða er til, svo sem ef það telur mann ranglega sýknaðan eða ranglega sakfelldan, verulega of háa eða of lága refsingu, ef það hefir almenna þýðingu að fá skorið úr máli með dómi æðri réttar eða vafaatriði þykja annars vera í máli, hvort sem þau varða staðreyndir eða notkun réttarákvæða.

Ákvæði dóms um skaðabótakröfu að efni til má og áfrýja sérstaklega eftir einkamálareglum. Málskostnaðarákvæði má kæra innan viku og að öðru samkv. 114. gr. sérstaklega, ef refsi- eða sýknuákvæði dóms er ekki áfrýjað.

116. gr.

Ef áfrýja skal samkvæmt 115. gr. 1. málsgr., skal dómari gefa út dómsgerðir svo fljótt sem unnt er og rita á þær fyrirkall til sökunauts þess efnis, að málinu sé samkvæmt áðurnefndri lagagrein stefnt til hæstaréttar, að það verði þar tekið fyrir meðal hinna fyrstu mála, og að sökunautur megi ekki vænta frekara fyrirkalls.

Síðan lætur dómari stefnuvotta birta fyrirkallið og að því loknu sendir hann dómsgerðir þegar til saksóknara.

Ef áfrýja skal samkvæmt 2. málsgr. 115. greinar, þá skal dómari krefja sökunaut yfirlýsingar um áfrýjun við dómsuppsögu, ef hann er við hana staddur, en ella skulu stefnuvottar gera það eftir fyrirlagi dómara, þegar þeir birta sökunaut dóminn. Nú kveðst sökunautur una við dóminn, svo og ef sýknudómur er, og afgreiðir dómari þá dómsgerðir til saksóknara svo fljótt sem unnt er.

Ef sökunautur óskar áfrýjunar innan 2 vikna frá því, er hann var krafinn yfirlýsingar þar um, þá skal svo með fara sem í 1. málsgr. segir.

Nú gefur sökunautur enga yfirlýsingu innan áðurnefnds tíma, og afgreiðir dómari þá þegar dómsgerðir til saksóknara.

Nú er skylt að áfrýja án kröfu eða eftir kröfu sumra sökunauta, er sakfelldir hafa verið í sama dómi, en ekki sumra, og skal dómari þá afgreiða dómsgerðir samkvæmt 1. sbr. 2. og 4. málsgr.

117. gr.

Þegar saksóknari hefir fengið dómsgerðir og dómari hefir gert ráðstafanir til áfrýjunar fyrir sökunaut eða alla sökunauta, sendir saksóknari þær til hæstaréttar. Skipar þá forseti dómsins verjanda eða verjendur með áritun á dómsgerðirnar og sendir þær síðan aftur saksóknara.

Nú hefir dómari ekki gert framannefndar ráðstafanir um sökunaut eða alla sökunauta, og kveður saksóknari þá á um áfrýjun. Ritar hann þá fyrirkall á dómsgerðirnar til sökunauts eða sökunauta, er ekki hefir verið áfrýjað fyrir, um það, að málinu sé skotið til hæstaréttar samkv. 3. málsgr. 115. gr., enda skal fyrirkallið vera að öðru leyti sama efnis sem fyrirkall dómara. Sendir saksóknari síðan fyrirkallið til dómara, er svo lætur stefnuvotta birta það. Að því loknu sendir dómari dómsgerðirnar aftur til saksóknara, sem síðan fer með málið eins og í 1. málsgr. segir.

Nú hefir sökunautur, sem krafizt gat áfrýjunar, en hefir ekki gert þá kröfu samkvæmt 3. málsgr. 116. gr., snúið sér til saksóknara með ósk um áfrýjun áður en fullnustugerð dóms er byrjuð, og skal þá saksóknari, ef hann hefir ekki þegar gert ráðstafanir til áfrýjunar, gera það, sem nauðsynlegt er í því efni samkvæmt 2. málsgr. greinar þessarar. Slík beiðni frestar fullnustugerð dóms, ef vottorð saksóknara þar um er lagt fyrir þá, er fullnustugerð annast.

Nú kemur sökunautur með beiðni samkvæmt næstu málsgrein hér á undan til saksóknara eftir að fullnustugerð dóms er byrjuð, og getur dómsmálaráðherra þá einn, að fengnum tillögum saksóknara, veitt leyfi til áfrýjunar og stöðvað fullnustugerð, ef þess er kostur.

118. gr.

Ákvörðun um áfrýjun samkvæmt 116. gr., sbr. 117. gr., frestar fullnustu refsingar, eignartökuákvæðis og málskostnaðar, svo og skaðabótaákvæðis, ef skaðabótaskylda og upphæð bóta hefir ekki verið skilyrðislaust samþykkt, enda sé skaðabótaákvæði eigi berum orðum áfrýjað í sambandi við áfrýjun annara ákvæða dómsins eða sérstaklega. Framkvæmd ákvæða dóms um missi réttinda eða verkunum refsidóms í þá átt frestar áfrýjun, nema réttindasviptingin verði talin ákveðin beinlínis til verndar lífi, heilsu eða eignum einstakra manna eða almennings. Setur dómari þá ákvæði þar um í dóm sinn.

119. gr.

Saksóknari sækir öll opinber mál án sérstaks endurgjalds fyrir hæstarétti, og hvíla að því leyti sömu skyldur á honum sem á sækjanda fyrir þeim dómi hafa hvílt eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt.

Nú verður að skipa saksóknara samkvæmt 3. málsgr. 20. gr., og ákveður þá hæstiréttur honum þóknun fyrir sókn málsins.

120. gr.

Opinberum málum skal hraða fyrir hæstarétti eftir föngum. Forseti ákveður þingfestingu þeirra, og skal saksóknara og verjanda tilkynnt hún með viku fyrirvara.

Ný gögn, málsástæður og kröfur má leggja leyfislaust fyrir hæstarétt.

121. gr.

Saksóknara og verjanda fyrir hæstarétti er skylt að benda á galla, er vera kunna á rannsókn og meðferð opinbers máls. Þeim er og skylt að hraða máli eftir föngum. Um málflutning fyrir hæstarétti fer annars eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt.

122. gr.

Nú koma fram tilmæli frá saksóknara eða verjanda fyrir hæstarétti um frestun málflutnings og úrskurð, þar sem lagt verði fyrir héraðsdómara að afla upplýsinga um tiltekið atriði, og getur dómurinn þá stöðvað málflutninginn og kveðið upp úrskurð um það, hvort tilmælin skuli taka til greina eða ekki.

Annars getur hæstiréttur frestað málflutningi af sjálfsdáðum og skyldað héraðsdómara til að afla nýrra upplýsinga, bæði áður en málflutningur hefst og eftir að hann er byrjaður.

Úrskurð samkvæmt 1. og 2. málsgr. sendir forseti hæstaréttar saksóknara og verjanda. Saksóknara ber að senda hann þegar til viðkomandi héraðsdómara, er afla skal upplýsinganna svo fljótt sem unnt er og senda eftirrit af því, er fram hefir komið, tafarlaust til saksóknara.

Einnig er bæði saksóknara og verjanda rétt að hlutast til um það, að héraðsdómari leiti nýrra upplýsinga um tiltekin atriði, og sendir þá héraðsdómari eftirrit af því, er fram hefir komið til saksóknara og verjanda, ef hann hefir krafizt upplýsinga.

123. gr.

Nú eru þeir gallar á málatilbúnaði fyrir hæstarétti, svo sem vöntun á birtingu fyrirkalls, að ekki þykir fært að leggja dóm á málið að efni til, og verður því þá vísað frá dómi. Ef kenna má héraðsdómara um galla, getur hæstiréttur dæmt hann í frávísunardómi eða fullnaðardómi í málinu til að greiða kostnað af árangurslausri áfrýjun, enda þótt honum hafi ekki verið stefnt í því skyni.

124. gr.

Nú eru þeir gallar á rannsókn eða meðferð opinbers máls fyrir dómi í héraði, að þeir kunni að hafa haft veruleg áhrif á málsúrslit þar, svo sem ef sökunaut hefir ekki verið veittur kostur á að gefa skýrslu um sakaratriðin eða að verja sig fyrir dómi, eða rannsókn vantar um þau atriði, er sekt eða sýkna veltur á, og getur hæstiréttur þá ómerkt dóm og málsmeðferð og vísað máli heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar af nýju. Þá má og skylda héraðsdómara til að greiða kostnað af árangurslausri áfrýjun samkvæmt 123. gr.

125. gr.

Í dómi opinbers máls getur hæstiréttur dæmt héraðsdómara sekt á hendur, 40—400 krónur, til ríkissjóðs fyrir drátt á opinberum málum og önnur glöp í rannsókn þeirra og meðferð, enda þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans virðist ljós. Einnig er sökunaut rétt að krefjast þess, að dómara verði stefnt til ábyrgðar fyrir rannsókn opinbers máls og meðferð, og ber þá bæði dómara, ef hann annast áfrýjun, og saksóknara, ef hann gerir það, að setja í fyrirkallið samkvæmt 116. og 117. gr. kröfu hans í því efni. Svo getur saksóknari af sjálfsdáðum gert slíka kröfu í fyrirkalli. Sérstök birting fyrir héraðsdómara á fyrirkallinu er ónauðsynleg.

Saksóknara ber að gæta hagsmuna ríkisvaldsins gagnvart dómara, ef hann er krafinn ábyrgðar, en verjanda hagsmuna sökunauts að því leyti. Nú mætir héraðsdómari vegna ábyrgðarkröfu fyrir hæstarétti og er sýkn dæmdur, og getur dómurinn þá dæmt sökunaut, ef hann hefir gert kröfuna, eða ríkissjóð, ef saksóknari hefir gert hana, til þess að greiða dómara málskostnað.

126. gr.

Nú þykir saksóknari eða verjandi hafa gerzt sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir hæstarétti, og getur hann þá gert þeim, öðrum eða báðum, 40—400 króna sekt á hendur í dómi málsins til ríkissjóðs.

127. gr.

Nú þykir hæstarétti að vísu vera gallar á verki héraðsdómara eða saksóknara eða verjanda, en ekki slíkir sem sektum eigi að varða, og getur dómurinn þá talið gallana og vítt viðkomendur fyrir þá eftir því, sem honum þykir ástæða til.

128. gr.

Dómar hæstaréttar skulu afgreiddir til dómsmálaráðuneytis með þeim hætti, sem nú tíðkast.

XVI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

129. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda .....

Öll mál, sem lögreglurannsókn, eða dómsrannsókn, ef lögreglurannsókn hefir engin verið, er ekki hafin í, þegar lögin öðlast gildi, skulu fara eftir þeim.

130. gr.

Nú stendur lögreglurannsókn eða rannsókn fyrir dómi yfir eða málshöfðunarskipun, stefna eða tilkynning, er í stað stefnu kann að koma, hefir verið gefin út, þegar lög þessi koma til framkvæmda, og skal þá rannsókn fyrir lögreglu eða fyrir dómi og málsmeðferð fara eftir eldri lögum.

Rannsókn fyrir dómi, er hefst eftir að lög þessi öðluðust gildi, skal fara eftir þeim.

Ef engin þeirra ráðstafana til málshöfðunar, sem í 1. málsgr. segir, hafa verið gerðar áður en lög þessi koma til framkvæmdar, þá skal um þær og um málsmeðferð síðan fara eftir þessum lögum.

131. gr.

Nú er dómur eða úrskurður kveðinn upp í opinberu máli áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og fer þá um áfrýjun þeirra eftir eldri lögum. Þó kveður saksóknari á um áfrýjun í stað dómsmálaráðuneytisins, ef það hefir ekki þegar lokið ákvörðun þar um, enda sækir hann slík mál fyrir hæstarétti, nema sækjandi hafi þegar verið skipaður.

Um málskot dóma og úrskurða, sem kveðnir verða upp í opinberu máli eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fara eftir þeim.

Ákvæði 58.—61. gr. taka ekki til mála, sem að fullu er lokið, þegar þau koma til framkvæmdar.

132. gr.

Frá þeim degi, er lög þessi koma til framkvæmdar, eru eftirfarandi lagafyrirmæli úr gildi numin:

Dönsku Lög Kristjáns fimmta, sbr. 1. gr. tilsk. 24. jan. 1838:
1—2—4, 13, 16, 19, 24 til 26.
1—5—12 og 13.
1—6—18.
1—8—1 til 3.
1—10—1.
1—12—1 til 3.
1—13—1 til 8, 12 til 20.
1—15.
1—17
1—19.
1—20.
6—17—10.

Tilsk. 21. maí 1751, um óbótamála meðhöndlun í Danmörku og Noregi.

Konungsbr. 16. febr. 1783, um varnarþing í sakamálum.

Kgbr. 23. okt. 1795, um þvingun við menn, sem eru undir rannsókn og vilja eigi svara spurningum, sem fyrir þá eru lagðar.

Tilsk. 3. júní 1796, um tilhlýðilega og greiða dómgæzlu, IX. kap.

Tilsk. 8. marz 1799, að því leyti sem hún varðar almenn lögreglumál.

Tilsk. 31. maí 1799, um eignareið í þjófnaðarmálum.

Opið bréf 28. marz 1800, um reglur fyrir eignareiði í þjófnaðarmálum.

Kancellíbréf 3. maí 1800, um að beita megi valdi til að láta menn mæta við próf í sakamálum.

Tilsk. 11. júlí 1800, með hverri á Íslandi stiftast landsyfirréttur, 9. gr.

Tilsk. 31. maí 1805, um áfrýjun sakamála til lands- og stiftsyfirréttanna í Danmörku og Noregi og á Íslandi.

Tilsk. 24. okt. 1806, um málflutningslaun við undirdóma, að því er opinber mál varðar

Tilsk. 27. nóv. 1816, um skipti eftir andlegrar stéttar menn o. fl., 4.—6. gr.

Opið bréf 23. júlí 1819, er ákveður nánar forgangsrétt þann, er sumar kröfur eiga.

Tilsk. 13. okt. 1819, um breyting á réttarfarinu í opinberum málum.

Kancellíbréf 27. maí 1828, um innheimtu skaðabóta og málskostnaðar hjá dæmdum mönnum.

Tilsk. 24. jan. 1838, viðvíkjandi misgjörningamálum á Íslandi, sbr. tilsk. nr. 12 23. ág. 1904 I. 11.

Tilsk. 8. sept. 1841, innihaldandi nánari reglur um bevísning í misgjörningsmálum.

Lög nr. 20 2. okt. 1891, um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál.

Lög nr. 28 26. okt. 1893, um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl., 1.—4. gr., sbr. 6. og 7. gr., og 8. gr.

Lög nr. 62 14. nóv. 1917, um stefnufrest til íslenzkra dómstóla, 12. og 13. gr.

Lög nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt, 22. og 23. gr.

Svo eru öll önnur fyrirmæli í lögum, er fara í bága við lög þessi, úr gildi numin.

Sérstök meðferð almennra lögreglumála er úr lögum numin.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Meðan hin fornu lýðveldislög, sem handritin Konungsbók og Staðarhólsbók hafa aðallega að geyma og kölluð hafa verið „Grágásarlög", giltu, fór meðferð dómsmála yfirleitt ekki eftir því, hvort dómkrafan var refsikrafa eða annars efnis, enda var þá ekkert stjórnvald í landinu, er hafði með höndum saksóknir á hendur mönnum vegna refsiverðra athafna. Einstaklingurinn varð sjálfur að reka réttar síns, ef á hluta hans var gert á refsiverðan hátt. Hann varð að stefna andstæðingi

sínum fyrir dóm og fara með málið eða fela öðrum meðferð þess með sama hætti sem menn fara nú með einkamál sín fyrir dómi. En eftir að dómur var fenginn og sökunautur hans hafði verið dæmdur sekur fjárbaugsmaður eða skógarmaður, þá gat sækjandi fengið atbeina goða til þess að gera upptækar eignir hins seka *(féránsdómur)*.

Eftir að landið hafði gengið Noregskonungi á hönd og eftir að kirkjuvaldið hafði náð undir sig allmörgum málaflokkum, varð brátt gagnger breyting á því ástandi, sem ríkt hafði á lýðríkistímanum og lýst var í fáum orðum. Með Kristinrétti Árna biskups Þorlákssonar (Staða-Árna), er lögtekinn var í Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og líklega hefir, að minnsta kosti um dómsmeðferð kirkjumála, verið fylgt frá sama tíma í Hólabiskupsdæmi, fekk kirkjuvaldlið forræði á fjölda refsimála. Biskupar og umboðsmenn þeirra sóttu eða létu sækja þau mál, enda fekk kirkjan og kirkjuhöfðingjarnir sektir fyrir þau brot, er kirkjuvaldið átti sök á. Katólska kirkjan hafði komið á sérstakri meðferð á þeim málum, er henni lutu. Aðalregla í dómsmálameðferð kirkjunnar var sú, að *málin skyldi rannsaka og að játning sökunauts um brot hans skyldi fengin*. Rannsóknardómari skyldi því af sjálfsdáðum stefna fyrir sig vitnum og spyrja þau og eiðfesta. Biskuparnir höfðu *ákæruvald* í kirkjumálum og þeir tóku sér einnig nokkurskonar *lögregluvald* gagnvart sökuðum mönnum, er birtist með þeim hætti, að þeir fönguðu þá einatt og höfðu þá í varðhaldi á stólunum, eins og t. d. Ólafur biskup Rögnvaldsson Hvassafells-Bjarna. Höfuðákvæði um meðferð kirkjumála hér á landi eru í 41. kap. Kristinréttar Árna biskups, en vitanlega hefir almennur kanóniskur réttur fyrst og fremst verið hafður að mælisnúru um meðferð þessara mála hér (sbr. Codex jur. canonici, Ratisbonæ 1918, Can. 1939 o. s. frv.). Sakamálameðferð katólsku kirkjunnar hefir orðið fyrirmynd að meðferð þeirri, sem margar aldir hefir verið höfð á refsimálum hér á landi og annarstaðar *(inquisitio)*. Með siðaskiptum (um miðja 16. öld) verður að vísu gerbreyting á valdi kirkjunnar hér á landi, eins og í öðrum lúterskum löndum. Aðeins nokkur mál („andleg mál") lúta áfram dómsvaldi biskupa, en öll hin, þar á meðal refsimál, eru lögð undir rannsókn og dóm veraldarmanna, sýslumanna með meðdómendum og lögmanni, síðar einnig yfirréttar (24 manna dómsins) og loks hæstaréttar í Danmörku, sem varð æðsti dómstóllinn á síðari hluta 17. aldar. En þótt refsimál kirkjunnar hyrfi almennt undir leikmannavaldið eftir siðaskiptin, þá hafa dómskapareglur kirkjunnar engu að síður orðið til fyrirmyndar um meðferð bæði þeirra mála, er kirkjuvaldinu lutu, og þeirra mála, er frá öndverðu sættu meðferð leikmanna.

Þegar landið var komið undir konung og lögbækurnar (Járnsíða 1271—1273 og Jónsbók 1281) höfðu verið lögteknar, varð í raun og veru afarmikil breyting á meðferð refsimáli. Konungur fékk nú sektir, er dæmdar voru á hendur brotamönnum, eða stundum aleigu þeirra, eða sýslumenn. Af því leiddi, að sýslumenn hlutu, bæði sem umboðsmenn konungsvaldsins og vegna hagsmuna sinna, að gera reka að refsimálum, enda var þeim beinlínis lögskylt að taka í sínar hendur rannsókn og saksókn ýmsra stórmæla og fullnægjugerð dóma í þeim málum, svo sem manndráps og meiðingarsakir, þjófnaður, rán (sbr. Jónsbók Mannhelgi 16. kap. og Þjófab. 2. og 3. kap.). Og yfirleitt mun svo hafa verið um stórsakir allar. Að vísu var sá, er fyrir broti varð, eða eftirmálsmaður hans eða fyrirsvarsmaður, ákærandi, en hann var venjulega svo háður konungsvaldinu, að hann mátti ekki sátt gera um mál sín, þar er refsing lá við, nema borgið væri jafnframt rétti konungsvaldsins. Af þessum sökum verður það víst alsiða, að sýslumenn taka brotamenn fasta og geyma þá í varðhaldi þar til yfir lýkur um málin, og hafa sýslumenn því samskonar lögregluvald sem biskupar höfðu í refsimálum kirkjunnar. Þessum lögum og venjum sæta landsmenn meðan ákvæði Jónsbókar um meðferð dómsmála giltu. Á fyrstu tugum 18. aldar hefst viðleitni konungsvaldsins til þess að koma hér á dómsköpum Norsku laga Kristjáns 5. frá 15. apríl 1687, og telja má, að það hafi tekizt að fullu eftir að konungsbréf 2. maí 1732 kom út. Var þar boðið, að „Processernes Maade og Formali-

tet“ skyldi framvegis fara eftir ákvæðum Norsku laga. En eftir þeim lögum var þó eigi gerður stórum meiri munur á meðferð refsimála og annara mála en verið hafði eftir Jónsbók. Ákæruvaldið var enn, í orði kveðnu að minnsta kosti, í höndum þess, er misgert var við. En þar sem konungsvaldið átti einnig sektir eftir N.L. og eignir sakamanna, þar sem upptaka eigna lá við, hlutu sýslumenn einnig að hafa svipað hönd í bagga með gangi refsimála og verið hafði eftir Jónsbók, enda hlaut gömul venja og aldarandinn að heimta það, að sýslumenn hlutuðust beinlínis í embættisnafni um það, að meiri háttar brotamenn væru teknir fastir og að þeim væru sakir gefnar á verkum sínum, enda var dómara skylt að taka við stórbrotamönnum og geyma þá, og að prófa öll mál, og þá eigi síður refsimál en önnur mál, sbr. t. d. N.L. 1—15—1 og 2, 1—17—1 og 5 og 2—18. Á 18. öld verður smámsaman alger greining milli opinberra mála og einkamála. Meðferð refsimála almennt hverfur úr höndum einstaklinga í hendur sýslumanna í héraði. Þeir fá ákæruvaldið og þeirra skylda er að rannsaka og dæma refsimálin, án þess að þeir, er fyrir refsiverðum brotum verða, hafi þar hönd með í bagga. Meðferð refsimála að öðru leyti gerbreyttist og. Synjunareiðar sökunauta, sem bæði tíðkuðust eftir Jónsbók og N.L., hverfa úr sögunni, en reglan „in dubio pro reo“ verður nú viðurkennd, svo að sökunautur verður sýknaður, ef ákæruvaldinu tekst ekki að sanna sekt á hendur honum. Tilsk. 21. maí 1751 sýnir greinilega þau straumhvörf, er verða um meðferð opinberra mála fyrir miðbik 18. aldar, enda má segja, að fyrir aldamót 1800 sé í öllum meginatriðum komin á sú meðferð á málum þessum, sem síðan hefir tíðkazt, sbr. tilsk. 3. júní 1796 IX. kap.

Með tilsk. 24. jan. 1838 var loks boðið, að fara skyldi hér á landi með brotamál eftir D. L. Kristjáns fimmta frá 15. apríl 1683 og þeim tilskipunum, er síðan hafi verið gefnar út.

Höfuðeinkenni þessarar meðferðar opinberra mála eru þessi: *Lögreglumenn, þar á meðal dómari sjálfur, sem jafnframt er lögreglustjóri, hefja oft rannsókn brotamála. Dómari rannsakar þau jafnframt eða síðan fyrir dómi. Sökunaut má þvinga með ógnun um fangelsi við vatn og brauð til þess að svara spurningum dómarans. Sökunaut er enginn verjandi settur, meðan á rannsókn stendur, og rannsókn málsins fer fram fyrir lokuðum dyrum. Dómari (eða dómsmálaráðherra) ákveður málshöfðun og dómari er sækjandi sakar* (síðan 1838). *Sökunautur fær sér þá skipaðan verjanda, ef hann æskir þess. Sönnunarbyrði um sekt sökunauts hvílir á ákæruvaldinu, svo að hann er sýknaður, ef sök þykir eigi sönnuð („in dubio pro reo“). Dómara ber í embættisnafni að afla gagna og hraða máli eftir föngum. Hann skal og áfrýja máli, ef sökunautur krefst áfrýjunar og refsing varðar svo miklu, að áfrýjun sé heimil.*

Þesskonar meðferð brotamála, sem nú hefir lýst verið, hefir nú í flestum menningarlöndum verið kastað fyrir róða. Á rannsóknaraðferð þessi (inquisitio), sem hér tíðkast og annarstaðar tíðkaðist eftir fyrirmynd kanónisks réttar, hefir verið slakað að verulegu leyti. Þvingunarráð þau, sem höfð voru til þess að knýja fram skýrslur af munni sökunauts, eru úr lögum felld. Hann getur oft fengið sér skipaðan verjanda eða ráðamann í rannsókn máls, og rannsókn fyrir *dómi* getur oft farið fram í heyranda hljóði. Þar á móti rannsakar lögreglan mál til bráðabirgða fyrir lokuðum dyrum, eins og áður, og getur sökunautur að því leyti orðið varnarlaus eða varnarlítill fyrir harðræðum lögreglumanna. Sækjandi sakar er skipaður, og hefir dómari því eigi lengur hlutverk sækjandans. Svo þykir víða betur fara á því, að annar dómari fari með og dæmi málið sjálft en sá, er rannsakað hefir það, með því að ætlandi kann að vera, að rannsóknardómari líti hlutdrægt á málið, þar sem hann kann að hafa, með réttu eða röngu, fengið ákveðna skoðun eða hugboð um sekt eða sýknu sökunauts framar en framkomin gögn, hlutlaust metin, kynnu að leiða til. Loks er sönnunaratriði sakar og ýms atriði önnur, er varða atvik máls, svo sem sakhæfi sökunauts, málsbætur eða atriði, er varða refsiþyngingu, í ýmsum málum fengin kjörnum leikmönnum (kviðdómum, jury) til úr-

lausnar; eða þá að leikmenn (meðdómendur) 2 eða fleiri, taka þátt í málsmeðferð og dómsuppsögn með hinum löglærða dómara eða löglærðu dómurum, ef dómstóll er fjölskipaður.

Fyrir nokkrum árum var mönnum hér orðið það ljóst, að dómsköp vor, bæði um einkamál og opinber mál, voru orðin að mörgu leyti óhentug og úrelt. Á fjárlögum ársins 1933 11. gr. 16. voru veittar 3000 kr. „Til endurskoðunar réttarfarslöggjafarinnar". Með bréfi 5. ág. 1933 fól þáverandi dómsmálaráðherra meðundirrituðum Einari Arnórssyni hæstaréttardómara að hefja þessa endurskoðun, og samdi hann þá veturinn 1933—1934 uppkast að frumvarpi um meðferð einkamála í héraði og afhenti dómsmálaráðuneytinu það í marz 1934. Alþingi það, er starfaði síðari hluta ársins 1934, samþykkti því næst ályktun um skipun þriggja lögfræðinga í nefnd, er hefja skyldi „þegar í stað undirbúning um gagngerðar breytingar og endurbætur á réttarfarslöggjöf landsins í einkamálum og opinberum málum eftir fullkomnustu erlendum fyrirmyndum". Með bréfi dómsmálaráðherra 12. des. 1934 voru þeir Bergur Jónsson bæjarfógeti, sem formaður, Einar Arnórsson hæstaréttardómari og Stefán Jóhann Stefánsson hæstaréttarmálflutningsmaður skipaðir í nefnd þessa.

Nefndin fór fyrst í uppkast Einars Arnórssonar að frumvarpi til meðferðar einkamála í héraði. Var það, eins og nefndin lauk við það, lagt fyrir Alþingi 1935, en dagaði þá uppi. Síðan var það lagt fyrir Alþingi 1936 og var þá samþykkt og síðan staðfest sem lög nr. 85 1936. Veturinn 1935—1936 fól nefndin Einari Arnórssyni ennfremur að semja uppkast að frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála, og lauk hann því verki fyrir aprílok 1936. Hefir nefndin öll nú athugað þetta uppkast, og gengið svo frá því, sem sjá má á frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

Um höfuðstefnu þessa frumvarps skal þetta sagt: Sakir hins nána sambands, er margar aldir hefir verið milli Íslands og Danmerkur, þar á meðal laganáms íslenzkra manna á háskóla Kaupmannahafnar, hafa íslenzk lög almennt og réttarskipun öll hér á landi og réttarvitund þjóðar vorrar farið að hætti Dana og verið mjög með sama hætti og lög, réttarskipun og réttarvitund dönsku þjóðarinnar. Því virðist rétt að leita fyrirmyndar um margt í lögum Danmerkur, er hér skal ný lög setja. Og hefir því ákvæði danskra laga um meðferð opinberra mála að mörgu verið til fyrirmyndar um samningu frumvarps þessa. Þar næst koma lög Norðmanna um sama efni, sem einnig hafa verið höfð til hliðsjónar. Svo eru og lög Þjóðverja frá 1924. En mjög er það margt í lögum þessara þjóða um meðferð opinberra mála, sem alls eigi getur hér átt við, og verður því að nota bæði þau og allar aðrar erlendar fyrirmyndir með fullri varúð. Hvarvetna verður að reisa lagasetningu á þeim grundvelli, sem réttarvitund þjóðarinnar hefir skapað, að svo miklu leyti sem eigi er full nauðsyn að víkja þar frá. Eldra ástandi verður því að halda, þar sem það má samríma hinum nýju grundvallarreglum, sem ákvæði nýrrar löggjafar byggjast á, eða lögfesta það með öðrum hætti. Í frumvarpi þessu er því enn ýmislegt tekið úr lögum þeim eða venjum, sem nú gilda. Loks er þess að geta, að mjög víða hefir verið látið nægja að vísa til ákvæða hinna nýju laga vorra um meðferð einkamála í héraði. Frumvarp að nýjum hegningarlögum er í vændum. Þykir mega gera ráð fyrir, að það frumvarp og þetta verði afgreidd samtímis. Hafa í þessu frumvarpi, þar sem eitthvað er látið velta á tiltekinni refsingu, ákvæði hins nýja hegningarlagafrumvarps um refsitegundir, sem eru sektir, varðhald og fangelsi, verið teknar til greina.

Um einstaka kafla frumvarpsins og greinar verður rætt hér á ettir.

UM I. KAFLA

Um 1. gr.

Í lögum um meðferð einkamála í héraði (hér eftir skammstafað emlh.) er gert ráð fyrir hugtakinu „einkamál" sem alþekktu, sbr. t. d. fyrirsögn emlh. og 1. mgr. 5. gr. Einkamál eru þau mál öll, er höfðuð eru til úrlausnar um annað en *refsikröfu*, og einnig mál um *slíka kröfu*, ef einstaklingur á aðild þess, t. d. meiðyrðamál eftir

gildandi lögum. Þar á móti eru þau ein mál nefnd „opinber“, *sem höfðuð eru af hálfu ríkisvaldsins til refsingar*. Um dómara, rannsókn og meðferð *þessara mála* er frumvarp það, sem hér liggur fyrir (1. gr. frv.). Undan eru þó tekin slík mál, ef þau sæta meðferð *sérdómstóls*, sem frumvarpið tekur eigi til. Ákvæði frumvarpsins taka bæði til *sjó- og verzlunardóms* að því leyti sem hann fer með refsimál (5. gr. frv.), og til *kirkjudóms*, er koma á í stað prófastadóms samkv. tilsk. 27. nóv. 1816 (6. gr. frv.). Sá sérdómur, er ákvæði frumvarpsins ná ekki til, er *landsdómur*, er dæma skal mál á hendur ráðherrum fyrir embættisbrot þeirra, og sérdómar, er síðar kynnu að verða settir um tiltekin mál, eru undanteknir ákvæðum frumvarpsins.

Um 2. gr.

Það er vafalaust hentugt, að *rannsókn* nokkurra mála fari beint fram að hætti opinberra mála, þótt ekki geti komið til *refsidóms* í þeim. Þau geta verið svo vaxin, að sannleikurinn komi varla fram með öðrum hætti og að hagsmunir ríkis eða almennings heimti það, að svo ríkt sé eftir því gengið sem í opinberum málum.

Um hvern einstakan lið þessarar greinar athugast:

1. Ákvæði 1. tölul. er nýmæli. Eftir 68. gr. stjórnarskrárinnar getur þótt nauðsyn til þess bera, að félagi verði slitið með dómi, ef tilgangur þess þykir ekki vera löglegur. En rannsókn á því atriði kann að vera vandasöm og erfitt að sannreyna það í einkamáli, hver raunverulegur tilgangur félagsskaparins er eða hverjir séu forsprakkar hans. Og virðist því einsætt, að rannsóknaraðferð opinberra mála muni vera heppilegri en einkamálsmeðferð. Að rannsókn lokinni getur ríkisvaldið svo höfðað einkamál á hendur aðilja til félagsslita.
2. Rannsókn vegna brota barna og unglinga, sem þó ekki verður refsað eða ekki þykir henta að dæma refsingu fyrir, fer nú að hætti opinberra mála, sbr. lög nr. 39/1907 5. gr. Sbr. hér við 3. tölul. 22. gr. frv.
3. Er í samræmi við 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 23/1922.
4. Í lög nr. 60/1917, um lögræði, vantar fyrirmæli um meðferð dómsmála *í héraði* til sviptingar lögræðis eða til þess að fella lögræðissviptingu aftur úr gildi, en í 9. gr. laganna er ákveðið, að rannsókn samkvæmt úrskurði landsyfirdóms (nú hæstaréttar) um nýjar upplýsingar skuli fara að hætti opinberra mála. Bæði í samræmi við þetta ákvæði og svo vegna þess, hversu lögræðissvipting er afdrifarík þeim, er fyrir henni verður, þykir einsætt að láta alla rannsókn slíkra mála í héraði fara að hætti opinberra mála.
5. Er nýmæli. Ef missi erfðaréttar samkvæmt 306. gr. almennra hegningarlaga skal úrskurða í sambandi við opinbert mál eftir 1. málsgr. þeirrar greinar, þá kemur það atriði væntanlega fram í því máli, og verður þá rannsakað ásamt öðrum atriðum þessa máls. En ef réttarmissirinn stafar af brotum eftir 217. og 218. gr. hegningarlaganna, þá er mál vegna þeirra einkamál samkvæmt gildandi lögum, og mundi þá ákvæði þessa tölul. geta komið til greina.
6. Ef eignaupptaka fer fram í sambandi við refsimál, yrði skilyrði hennar rannsökuð í sambandi við það. En annars kostar kæmi ákvæði þessa tölul. til greina.
7. Samsvarandi er um þennan lið að segja, að í refsimáli, t. d. eftir 185. gr. alm. hegningarlaga, yrði lögmæti lögbanns úrskurðað, en ef lögbann stæði ekki í sambandi þar við, þá yrði farið eftir ákvæðum þessa töluliðs.
8. Mun vera í samræmi við ákvæði 301. gr. almennra hegningarlaga.

Um 3. gr.

Það er gömul venja, að bætur eru dæmdar í refsimáli fyrir tjón, er refsiverði verknaðurinn hefir valdið, sbr. 301.—305. gr. alm. hegningarlaga, ef nægar upplýsingar hafa komið fram um tjónið áður en mál er tekið til dóms. Og eru nánari ákvæði um það efni í XI. kafla frv. En auk bóta getur verið um ýmsar kröfur borgararéttar eðlis vegna refsiverðra brota að tefla, svo sem brigðakröfu, kröfu um brottfall samnings, er sökunautur hefir fengið mann til að gera við sig með glæp-

samlegu atferli. Tekur þetta fyrst og fremst til fjárkrafna. En ekki virðist heldur fyrir það girt, að hafa megi upp kröfur annars eðlis og dæma, ef nægar upplýsingar eru fengnar um öll atriði, er þar skipta máli, t. d. krafa annars hjóna um hjónaskilnað, ef hitt skal dæma sekt til refsingar um atferli, sem er hjónaskilnaðarsök. En ef til dóms um slíkt kæmi, þá yrði vitanlega að vera fengin vissa um það, að það hjóna, sem skilnaðarkröfu gerir, eigi ekki sök á verknaðinum sjálft og hafi ekki firrt sig rétti til hjónaskilnaðar með öðrum hætti.

Um *sakarkostnað*, sem að vísu er borgararéttarkrafa, eru fyrirmæli í 69. gr. og X. kafla frv. Er alkunnugt, að kveðið er á um það í hverjum dómi í opinberu máli, hvernig fara skuli um sakarkostnað.

UM II. KAFLA

Þessi kafli svarar til II. og III. kafla í lögum um meðferð einkamála í héraði. Ákvæði þeirra eiga mörg við um opinber mál, og er þá vísað til þeirra með sama hætti sem annarstaðar í frv. þessu, athugasemdalaust, ef þau þykja geta átt við óbreytt og í heild sinni, en ella með athugasemd um takmörkun.

Um 4. gr.

Dómaskipun er látin haldast óbreytt, nema um meðdómendur, eins og í lögum um meðferð einkamála í héraði, að öðru en því, að til þess er ætlazt, að í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri hefir verið eða verður skipaður, svo sem Akranes, Keflavík, Bolungavík og Ólafsfjörður, þá skuli hann fara með *öll* opinber mál á þeim stöðum, en ekki aðeins *smámálin* (almenn lögreglumál), eins og nú er. Í stöður þessar skal skipa lögfræðinga eina, og virðist því engin ástæða til að takmarka vald þeirra við meðferð lögreglumála einna. Hinsvegar virðist það munu verða nokkur sparnaður og mikið hagræði, að þessir menn fari með öll opinber mál, er í kauptúnum þessum rísa, enda létta að nokkru störfum af héraðsdómurum í lögsagnarumdæmum þeim, er kauptúnin liggja nú í, en þeir eru nú flestir mjög störfum hlaðnir, eins og kunnugt er.

Um 5. gr.

Sjó- og verzlunardómur á að fara með refsimál út af brotum þeim, er getur í siglingalögum og sjómanna, að undanteknum málum um skip samkvæmt II. kap. siglingalaganna. Vald þessa dóms er bundið við brot *sjómanna (skipshafna) í starfi sínu eða í beinu sambandi við það*, t. d. strok af skipi. Þar á móti nær vald þessa dóms ekki til opinberra mála, sem að vísu standa í einhverju sambandi við siglingar, en þó er ekki um refsiverðan verknað að tefla eftir siglingalögunum, t. d. ef útgerðarmaður svíkur skipverja á refsiverðan hátt, því að refsiheimildin er þar ekki í siglingalögum eða sjómanna, heldur í almennum hegningarlögum. Vald sjó- og verzlunardóms er með öðrum orðum bundið við það, að brots sé getið í siglinga- eða sjómannalögum og lögð þar refsing við því beinlínis eða vísað til refsingar fyrir það í öðrum lögum, eins og gert er um strok skipverja, er tekið hefir við kaupi, sem hann hefir þá ekki unnið fyrir. Brot í sambandi við sjóvátryggingu eru ekki sjó- og verzlunardómsmál, né heldur refsimál, sem af verzlunarskiptum eða einhverjum tekniskum efnum eða sérfræðilegum eru risin, t. d. húsbyggingu, vatnsveitu, einkaleyfi o. s. frv. Annað mál er það, að ástæða getur verið til að nefna meðdómendur, sem vit hafa á slíkum efnum, eftir 8. gr., svo að héraðsdómara sé þess kostur að kveðja til slíka menn, þegar þesskonar mál ber að hendi. Annars er auðsætt, að meðferð refsimála eftir 5. gr. frv. getur að öllu farið eftir ákvæðum frv. með sama hætti sem annars, er meðdómendur fara með mál samkvæmt frv., og eftir 205. og 206. gr. emlh.

Vera má, að í sjódómsrefsimáli verði sökunautur uppvís að broti, er sæta skal meðferð almenns dóms, t. d. óhlýðni við skipstjóra og þjófnaði, eða í almennu

refsimáli að sjódómsbroti. Nú eru engin fyrirmæli um það, hvernig þá skuli með fara. Væri þá ástæðulítið að rannsaka og dæma hvort brot í sínu lagi. Ef málið er í öndverðu sjódómsmál, þá virðist ekki varhugavert að láta meðdómendur sjódómsins fara með málið að því leyti sem það varðar almenna brotið, því að þeir eru ekki lakari kostum búnir en meðdómendur samkvæmt 10. gr. frv. Alveg samsvarandi er um það að segja, ef sjódómsbrot verður uppvíst í rannsókn almenns brots. Ef meðdómendur hefðu þegar verið kvaddir til í rannsókn almenns brots eða máli vegna þess, gæti héraðsdómari þá væntanlega leyst þá frá starfanum og kvatt til sjódómsmenn, ef nauðsyn þætti til vera.

Um 6. gr.

Ákvæði hennar koma í stað tilsk. 27. nóv. 1816, að því leyti sem hún geymir fyrirmæli um dóm í nokkrum málum gegn embættismönnum íslenzku kirkjunnar. En auk þess tekur greinin til biskups landsins, sem nú á að svara til sakar fyrir synodalrétti, sbr. 3. gr. laga nr. 112/1935. Kirkjudómur er nýtt nafn. Skipun hans er í samræmi við þá reglu, sem höfð er í frv. um skipun meðdómenda. Þeir eru hafðir tveir, sem annarstaðar, en auk þess er ætlazt til, að þeir hafi sérþekkingu, sem nauðsynleg kann að vera. Vald dómsins er bæði bundið við *menn* og *málefni*. Sökunautur er annaðhvort *biskup* eða *þjónandi þjóðkirkjuprestur* (aðstoðarprestur). Uppgjafaprestar, kennarar guðfræðideildar háskólans, sem ekki þjóna jafnframt preststöðu í þjóðkirkjunni, og prestar eða kennimenn safnaða utan þjóðkirkju sæta ekki dómsvaldi kirkjudóms. Brot þau, sem undir dóminn heyra, eru aðeins *„hneykslanlegar athafnir í embættisathöfnum eða einkalífi“*. „Trúvilla“, ef hún telst hneykslanleg, og embættisafbrot að áliti ákæruvaldsins mundu teljast til brota þessara.

Í 2. málsgr. eru samsvarandi ákvæði og í 2. og 3. málsgr. 5. gr. Þá athugasemd má hér gera, að þjóðkirkjuprestar ættu ekki að vera almennum meðdómendum óhæfari til að dæma um almenn brot, enda þótt þeir séu undanþegnir almennt störfum meðdómsmanna eftir 2. tölul. 9. gr. frv. En sú undanþága takmarkast þá af fyrirmælum 2. málsgr. 6. gr.

Um 7. gr.

Í sambandi við ákvæði greinar þessarar rísa ýms vandamál og ágreinings. Fyrsta atriðið er það, hvort hafa skuli *almennt* í héraðsdómi fleiri dómendur en hinn reglulega héraðsdómara samkvæmt 4. gr. frv. Meðan farið var eftir ákvæðum Jónsbókar nefndi sýslumaður (eða lögmaður) venjulega 6 menn í dóm, eða 12 í stærstu málum. Þessir menn gengu dóm í málunum og sýslumaður (lögmaður) samþykkti svo dóminn. Þessi háttur var af lagður, þegar dómsköp N. L. komust hér á, nema í sökum, er varðað gátu dauðarefsingu eða ærumissi. Þá kveður héraðsdómari til 4 meðdómendur samkv. 36. gr. tilsk. 3. júní 1796. Það, sem móti mælir meðdómsmönnum, er 1) aukinn kostnaður, 2) að tveir ólögfróðir menn kunni að bera lögfróðan dómara ofurliði um dómsniðurstöðu og kveða þar með ef til vill upp löglausan dóm, 3) að málsmeðferð og rannsókn kunni að verða eitthvað seinfærari og þunglamalegri með meðdómsmönnum, og loks 4) að þeir kunni að láta stjórnast af almenningsáliti, samúð sinni og andúð gagnvart sökunaut framar en æfður og löglærður dómari.

Um 1. og 3. atriðið er það að segja, að þau verða ekki þung á metunum, ef verulega aukin trygging fyrir réttri dómsniðurstöðu væri fengin með þátttöku leikmanna í meðferð sakar og dómsuppsögu. Um 2. atriðið má segja, að þarnefndur möguleiki er fyrir hendi. En áfrýjunarreglurnar geta venjulega þá komið til greina og æðri dómur leiðrétt lögleysuna. Um 4. mótbáruna má segja það, að hún verður ekki með öllu vefengd. En löglærði dómarinn verður vitanlega að útlista málsatvik og réttarreglur fyrir leikmönnum, svo sem föng eru á, og beina þeim þar með á réttan veg. Sú útlistun nær þó oft skammt, því að dómstólar verða að gera um margt eftir álitum, því að bein réttarákvæði eru ófullkomin og verða því fjölmörg atriði

háð álitum dómaranna, t. d. hvort full sönnun sé fram komin, hvað sé málsbætur eða málsþynging, hversu mikla refsingu skuli dæma o. s. frv. Á móti þessum ástæðum koma þær höfuðástæður, sem fluttar eru fram til stuðnings þátttöku leikmanna í dómgæzlu. Menn halda því fram, að betri trygging verði þá fyrir því, að dómur verði í samræmi við réttarvitund þjóðarinnar, að minnsta kosti þar sem ákveðnar réttarreglur bindi ekki alveg hendur dómaranna, og að þátttaka leikmanna í dómgæzlu horfi til þroska þjóðarinnar almennt. Þessum atriðum verður ekki heldur móti mælt. Hitt er vitanlega álitamál, hvort ástæður með eða móti vegi þyngra. Nágrannaþjóðirnar, Danir og Norðmenn, hafa tekið upp þátttöku leikmanna í dómgæzlu, og hefir það orðið að samkomulagi í nefndinni að fara þann veg einnig hér.

En svo er annað atriði, sem einnig má um deila. Á að fela leikmönnum úrskurðarvald um það, hvort sökunautur skuli talinn sannur að refsiverðum verknaði og annað, er þar að lýtur, svo sem sakhæfi, málsbætur, heimfærslu brots undir lagaboð, refsiauka, fyrningu sakar o. s. frv., þannig að eigi verði þeim úrskurði haggað, að minnsta kosti ekki, ef og að því leyti sem hann gengur sökunaut í vil (Jury, kviður), eða á að láta leikmenn taka þátt í úrskurði bæði um sönnunaratriði sakar og annað, svo sem refsingu sökunauts, í hverju máli (meðdómendur)? Í fámennu landi sem Íslandi, þar sem svo að segja hver þekkir annan og persónuleg samúð eða andúð kann að mega sín meira í hverju máli en í hinum mannfleiri löndum, virðist það ekki vera hættulaust að fá leikmönnum í hendur úrslitavald um sekt eða sýknu manna. Auk þess er hætta á því, að svipuð mál verði leyst á mismunandi hátt á ýmsum stöðum og að lítil festa verði í framkvæmd laga, þar sem kviðdómur lýkur máli. Hinsvegar starfa meðdómendur með löglærðum dómara að máli í heild sinni og bera ábyrð á úrlausn þess allri. Og öllum gerðum þeirra, einnig úrlausn um sönnunaratriðin, má óskorað skjóta undir æðra dóm. En svo er ekki farið um úrlausn kviðdóma, eftir þeim reglum, sem annarstaðar eru þar um settar. Það hefir því ekki þótt rétt að leggja það til, að kviðdómar yrðu hér í lög leiddir, heldur hefir, eins og fyrr segir, verið horfið að því ráði að ákveða meðdómendur í meiri háttar málum.

Það er auðvitað algert álitamál, í hvaða málum hafa skuli meðdómendur, og má lengi um slíkt deila. En ekki virðist ástæða til, að það sé gert, nema sakarefni sé nokkuð mikilvægt.

Eftir 1. tölul. greinarinnar verða þau mál, þar sem brot *getur* varðað að minnsta kosti 4 ára fangelsi, fyrsta sinni dæmt. Og fer þetta þá eftir því, hvort brot það, sem um er að tefla, getur eftir viðeigandi lagaboði varðað slíkri refsingu, án tillits til þess, hvort refsingin fyrir það brot, sem hverju sinni skal um dæma, verði að lokum hærri eða lægri. Fjögra ára fangelsi er tekið með í greinina, þótt nú sé óheimilt að dæma fangelsi svo langan tíma, að ríkisfangelsi undanteknu, af því að búast má við nýjum hegningarlögum, þar sem fangelsi svo langan tíma kann að verða lögmælt.

Ákvæði 2. og 3. tölul. eru miðuð við það, að í þeim málum, er þar greinir, sé sérstök ástæða til þess að hafa leikmenn í dómi vegna þess, að almenningsálitið virðist sérstaklega láta sig slík mál varða, enda þykir ekki ástæða til að setja refsimörk eins og í 1. tölul. Mikil vandhæfi eru á afmörkun svokallaðra pólitískra brota, en segja mun mega, að allmörg þeirra brota, er í 9.—12. kap. hegningarlaganna greinir, megi telja þar til.

Brot þau, er varða missi réttinda, tákna brot þau, er réttindamissir er við lagður beinlínis í lögum, annaðhvort ófrávíkjanlega eða hann er heimilaður eftir mati dómara, svo sem missir réttar til skipstjórnar, til bifreiðarstjórnar, til að reka eða standa fyrir atvinnufyrirtæki o. s. frv. Þar á móti er það ekki nægilegt til notkunar ákvæða þessa tölul., að réttindi glatist vegna brots af öðrum ástæðum, t. d. af því að það sé „svívirðilegt“ að almenningsáliti, t. d. þjófnaður almennt. Ef meðdómendur skyldi hafa í öllum slíkum málum, þá yrði fjöldi tiltölulega einfaldra smábrota þeirri reglu háður. En lítil ástæða virðist vera til þess. Regluna verður að

takmarka við réttindamissi um nokkuð langan tíma. Annars kæmu t. d. undir hana öll bifreiðalagabrot vegna áfengisneyzlu bifreiðastjóra.

Þegar um brot tveggja eða fleiri manna er sótt í sama máli og hafa skal meðdómendur um sök einhvers brotamanna, þá virðist hagfelldast, að sama sé að þessu leyti látið yfir alla ganga. Hitt mundi vera óhagfellt, að taka mál t. d. eins þeirra út úr undir dóm meðdómenda, en héraðsdómari einn dæmdi mál hinna.

Um 8. gr.

Tilnefning meðdómenda fer samkvæmt þessari grein með sama hætti sem tilnefning sjó- og verzlunardómsmanna eftir 201. gr. emlh. Þó virðist nægja, að héraðsdómari kveðji þá til hvers máls úr hópi hinna tilnefndu manna, er honum þykir bezt færir í hverju máli, án þess að ráðherraskipun þurfi áður að koma til. Ætti jafnan að vera úr nógu mörgum að velja, enda ætti bæjarstjórnum, sýslunefndum og hreppsnefndum í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, að vera trúandi til að velja hæfa meðdómendur. Kjörtímabilið er hið sama sem eftir 201. gr. emhl. Má vænta þess, að aldrei verði skortur tilnefndra meðdómenda (í Reykjavík 24 + 12, en annarstaðar 12 + 6) á því tímabili.

Um 9. gr.

Það virðist einsætt, að hverjum hæfum og óforfölluðum manni sé skylt að taka við kjöri meðdómanda. Og svo virðist líka rétt, að maður, sem einu sinni hefir verið kjörinn, skuli taka við endurkjöri, úr því bæjarstjórn o. s. frv. vill trúa honum áfram fyrir starfanum.

Rétt hefir þótt að undanþiggja ýmsa menn, er hafa á hendi áríðandi störf í þarfir ríkis eða ætla má, að skyldustörf þeirra geti rekizt óþægilega á meðdómandastarf þeirra. Annars er bæjarstjórnum o. s. frv. ætlandi að sneiða hjá þeim mönnum, er vegna atvinnu sinnar eða annara sérstakra ástæðna geta ekki verið að staðaldri á staðnum, þar sem dómarastarfið þarf að fara fram, t. d. sjómönnum og öðrum, er yrðu fyrir verulegu atvinnutjóni, ef þeir skyldu gegna starfanum. Auk þess má vænta þess, að héraðsdómari tilkveðji þá eina hverju sinni, er afarkostalaust mega þá gegna starfanum.

Um 10. gr.

Þykir ekki þurfa að skýra.

Um 11. gr.

Vísast til 37. gr. emlh.

Um 12. gr.

Stjórnvald það, er tilnefnir meðdómendur, gerir sér vitanlega grein fyrir því, að þeir fullnægi skilyrðum 10. gr. og séu ekki undanþegnir starfanum samkvæmt 9. gr. En tilnefnanda getur hafa missýnzt, og svo getur meðdómandi glatað almennum dómaraskilyrðum á kjörtímabilinu, og ber héraðsdómara að leysa úr þeim atriðum. Sama er lagt til um sérstöku dómaraskilyrðin, því að hagfelldast mun að láta hinn lögfróða héraðsdómara úrskurða þau einan. Um forföll úrskurðar hann og, en þar er lagt til, að dómsmálaráðherra veiti fullnaðarúrskurð.

Um 13. gr.

Þarf ekki að skýra.

Um 14. gr.

Meðdómendur þurfa að fylgjast með rannsókn máls til þess, að þeir geti fengið sem gleggsta hugmynd um málavöxtu alla, og er því lagt til, að héraðsdómari kveðji þá til að frumprófi loknu, svo framarlega sem rannsókn skal halda áfram. Þetta getur þó ekki tekið til rannsókna í öðrum lögsagnarumdæmum, enda þykir ekki ástæða til, að meðdómendur taki þátt í einstökum dómaraathöfnum, sem taldar eru í greininni, og þarf héraðsdómari því ekki að kveðja þá til þinghalds þeirra einna

vegna, ef þær eru ekki beinn þáttur í rannsókn máls. Til kvaðningar matsmanna þarf því ekki návist meðdómenda. Þar á móti ættu þeir að vera við staðfestingu matsgerðar og við vitnaleiðslur, því að þar getur margt komið fram um sakarefni, sem máli skiptir um sönnun sakaratriða.

Um 15. gr.

Til þess að forðast drátt á málum er lagt til, að ekki þurfi að endurtaka rannsókn, þótt meðdómendaskipti verði áður en máli er lokið, nema alveg sérstaklega standi á.

Um 16. gr.

Það virðist engin ástæða til þess að löggilda ólöglærða menn til þess að starfa að opinberum málum, þótt heimild sé til þess að löggilda ólöglærða menn til að gegna þeim störfum, sem sérstaklega eru nefnd í 1.—3. tölul. 33. gr. emlh. Meðferð opinberra mála verður yfirleitt að telja svo vandasamt verk, að öðrum en löglærðum mönnum verði ekki falin forstaða þeirra mála.

Þegar mjög umfangsmikil eða sérstaklega vandasöm mál að öðru leyti rísa upp, þá getur það verið hinum reglulega héraðsdómara ofvaxið að fara með þau. Enda þótt þá sé skipaður sérstakur maður til þess að fara með þau, sem haldið getur dómþing hvar á landi hér sem vera skal, þá er hann auðvitað bundinn við reglur um varnarþing og málasamsteypu, og á því ekki að steypa saman málum, nema þau séu að efni til samrætt að einhverju leyti. Og taka skal hann meðdómendur, þar er hann fer með dómsmálið sjálft, en við rannsókn þess virðist ekki vera hægt að hafa meðdómendur frekar en í aths. við 14. gr. segir.

Í sambandi við 3. málsgr. athugast:

Um dómara í opinberum málum virðast geta gilt ákvæði 3. og 4. málsgr. 29. gr., 1. og 3. málsgr. 30. gr., 31. og 32. gr., 4. málsgr. 33. gr., 34. og 35. gr. — síðastnefnd grein þó varla um meðdómendur — 36. og 37. gr. emlh., að meðdómendum undanteknum, sbr. 12. gr. frv.

Um 17. gr.

Nú er kallað, að rannsókn opinberra mála fari fram fyrir lögregluréttí og dómsmeðferð eftir málshöfðun ýmist fyrir lögregluréttí (almenn lögreglumál) eða aukaréttí (sakamál). Þessi greining er óþörf með öllu, og má því hverfa. Eftir frv. fer öll dómsmeðferð fram fyrir aukaréttí, er sakadómur nefnist.

Um 18. gr.

Það er aðalregla eftir frv., að rannsókn opinberra mála fyrir dómi og meðferð eftir að hið eiginlega dómsmál hefst fari fram fyrir opnum dyrum. En þó má vera, að dómari telji þess ekki kost vegna ástæðna þeirra, sem í greininni getur, og er honum þá rétt og oftast einnig skylt að hafa rannsókn og málsmeðferð fyrir lokuðum dyrum. Og jafnvel þótt dómari leyfi almenningi að sjá og heyra, hvað fram fer fyrir dómi, þá virðist rétt, að hann banni mönnum að skýra opinberlega frá því, hvað gerzt hafi fyrir dómi, svo og að gera uppdrátt af mönnum eða öðru, er þar er eða fer fram, ef hann telur það geta torveldað rannsókn eða verið mönnum til miska eða álitsspjalla.

Þrjár munu vera helztu ástæður, er geri það æskilegt, að rannsókn og meðferð opinberra mála fyrir dómi fari fram í heyranda hljóði:

1. Að hlutur sökunauts sé betur með því tryggður. Rannsókn innan dyra með þingvottum einum, sem oft mundu verða á bandi dómarans, ef óvissa eða ágreiningur risi um það, hvað fram hefði farið, er ekki talin fullnægjandi til að tryggja rétt sökunauts. Dómari kynni jafnvel að leyfa sér harkalegri meðferð á sökunaut í orði eða verki en sæmandi væri, þar sem enginn er þegar til að veita gerðum hans eða orðum eftirtekt. Nú á dögum koma reyndar sjaldan fram kvartanir þessa efnis hér á landi, nema helzt, að ekki sé nákvæmlega eða rétt

fært í letur það, er sökunautur telur sig hafa sagt fyrir dómi, eða skýrslur vitna. En hvernig sem þessu er varið, þá verður það ekki vefengt, að dómara er það mikið aðhald um allan grandvarleik í starfi sínu, að fleiri menn en sökunautur og þingvottar megi sjá og heyra það, sem fram fer. Þegar svo er komið lögum, að sökunautur getur fengið verjanda þegar í rannsókn máls, verður hérgreind ástæða þó léttari á metunum en áður var hún.

En þrátt fyrir þennan góða tilgang hefir návist almennings hinsvegar alvarlega skuggahlið. Augu margra óviðriðinna, forvitinna manna stara ef til vill á sökunaut, sem til rannsóknar kemur fyrir dóm. Sakir þær, sem hann er með réttu eða röngu borinn, eru skjótt komnar á almennings orð. Blöðin flytja fregnir af þinghaldinu, ef til vill með skop- eða hrópmyndum af sökunaut og affæra orð hans og aðra framkomu í sambandi við sakaráburðinn. Fregnirnar af þinghöldum þykja mikill fengur, og oft því meiri sem þær seðja betur forvitni og meinfýsi fólks og baka sökunaut og aðstandendum hans andlegar þjáningar. Úr ágöllum þessum má þó eflaust nokkuð draga með skynsamlegri takmörkun reglunnar um návist almennings við þinghöld í opinberum málum, og við það er heimild dómarans til takmörkunar hennar miðuð.

2. Að návist almennings veiti dómara og ákæruvaldi aðhald um hlutdrægni sökunaut í vil. Ef almenningur fylgist með málinu með návist sinni, heyri og sjái, hvað fram fer, muni dómari og ákæruvald síður treysta sér til að draga fjöður yfir sakir. Má og vera nokkuð í þessu hæft.
3. Að það sé almenningi nokkurt þroskaráð að fylgjast með því, er á dómþingum gerist. Og verður þessu víst ekki með öllu neitað.

Loks má ef til vill gera ráð fyrir því, að návist almennings kunni að vera sækjanda og verjanda nokkur hvöt til þess að leysa starf sitt vel af hendi.

Það er alviðurkennt, að vegna rannsóknar máls sé ógerlegt að hafa hana að öllu í heyranda hljóði. Tekur þetta vafalaust einkum til byrjunarstiga rannsóknar, meðan vitni hafa ekki verið spurð og meðan sökunautur getur borið sig saman við meðseka og ef til vill haft áhrif á vitni. Það er því ljóst, að dómari verður að hafa heimild til að halda rannsóknarþing fyrir lokuðum dyrum, ef hann telur návist almennings munu geta orðið til að torvelda rannsókn.

Þá er það og auðsætt, að verið geta hneykslisatriði í máli eða hagsmunum almennings eða ríkis er hætta búin af því, að atriði verði alkunnugt, og verður dómari þá einnig að hafa heimild til að útiloka óviðriðna menn frá rannsóknarþingi.

En þótt ekki þyki ástæða til að bægja almenningi frá þinghaldi, þá getur þótt ástæða til að banna opinbera frásögn af því, t. d. blaðfregnir, skýrslu á opinberum mannfundi o. s. frv. Og loks kann að vera rétt að banna annarskonar skýrslur, t. d. þær, er birtast í myndum (ljósmyndum, uppdráttum) af því, sem fram fer eða er í þingsal. Allt þetta verður dómari að meta eftir atvikum hverju sinni.

Um 19. gr.

Ákvæði þau í III. kafla emlh., sem einnig virðast geta átt við opinber mál, eru þessi: Síðari málsl. 1. málsgr. og 3. málsgr. 39. gr. — 4. málsgr. á varla við, því að 18. gr. sbr. 102. gr. tæmir það efni, — 40. gr. — með þeirri athugasemd, að dómari annast sjálfur útvegun túlks og þýðanda, — 41. gr., 3 síðustu mgr. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr.

UM III. KAFLA

Nú er ákæruvaldi svo fyrir komið, að héraðsdómari getur ákveðið að höfða opinbert mál, nema dómsmálaráðherra sé sérstaklega fengið það vald í hendur. En ef héraðsdómari er í vafa, getur hann jafnan leitað skipunar ráðherra um það efni. Allákveðnar kröfur hafa komið fram um það, að ákæruvaldið ætti almennt ekki að vera í höndum pólitísks ráðherra, heldur skyldi óhlutdrægur maður, er fullnægði

skilyrðum til dómsetu í æðsta dómstóli landsins, fara með ákæruvaldið. Er ekki kunnugt, að þessi krafa hafi sætt andmælum.

Um 20. gr.

Það er lagt til, að embættismaður sá, er yfir höfuð á að fara með ákæruvald vegna refsiverðra brota, verði nefndur saksóknari ríkisins. Hann á að fá konungsveitingu til embættis síns, fullnægja skilyrðum laga til að vera dómari í hæstarétti og njóta sömu launa og kjara sem dómarar hæstaréttar. Tilætlunin er, að saksóknari ríkisins verði óháður og óhlutdrægur í gerðum sínum sem dómari. Og þess vegna verði kjör hans sem líkust kjörum hæstaréttardómara. Því á framkvæmdarvaldið ekki að geta vikið saksóknara frá embætti framar en dómurum hæstaréttar. Sá háttur virðist vera hafður að láta hæstaréttardómara fá full laun, er þeir láta af embætti 65 ára eða eldri, og mundi þá saksóknari njóta þeirra kjara einnig. Og til hlítar yrði honum ekki vikið úr embætti, nema með dómi. Þar á móti verður honum ekki tryggt það sumarleyfi, sem hæstaréttardómarar hafa nú, því að starf hans vegna opinberra mála í héraði getur ekki niður fallið þá sumarmánuði, sem hæstiréttur starfar nú ekki. Sá verður og munur á stöðu saksóknara og stöðu hæstaréttardómara, að saksóknara eru ekki tryggð með ákvæðum stjórnskipulaganna þau kjör, sem hann á að hafa eftir þessari grein.

Saksóknari á að beita valdi sínu allskostar óhlutdrægt. Því má vera, að aðstaða hans við mál eða mann verði þannig, að efi megi verða um óhlutdrægni hans, aðilja til hags eða óhags. Ef hann lítur sjálfur svo á, verður hann að skýra dómsmálaráðherra frá því, og verður þá ráðherra að taka ákvörðun. Svipað verður, ef aðili telur saksóknara óhæfan til að taka ákvörðun um mál sitt. Nú má að vísu segja, að ekki sé heldur trygging fyrir hlutleysi ráðherra, en önnur leið er þó varla fær en að fela honum ráðstöfun þessara mála, þegar svo er ástatt, að saksóknari reynist óhæfur til að fara með þau.

Um 21. gr.

Svo er stundum mælt í lögum, að dómsmálaráðherra einn ákveði, hvort mál skuli höfða eða ekki, t. d. 85. og 98. gr. almennra hegningarlaga. Og eru þau ákvæði látin haldast, enda er þá um sérstaka hagsmuni að tefla, og ráðherra þykir bezt bær að meta það, hvort þá skuli hverju sinni verja með málshöfðun, dómi og ef til vill refsingu.

Ákvæði 2. og 3. málsgr. eru samkvæm þeim reglum, sem hingað til hefir verið eftir farið, að því fráskildu, að saksóknari kemur í stað ráðherra. Sama er að segja um ákvæði 4. málsgr. í meginatriðum. Ákvörðun saksóknara um það, að mál skuli höfða, verður ekki haggað, nema af honum sjálfum, samkvæmt ákvæðum greinarinnar. Þar á móti er lagt til, að ákvörðun saksóknara um, að mál skuli ekki höfða, geti héraðsdómari eða sækjandi skotið til ráðherra, sem svo ákveði til fullnaðar og að fenginni umsögn saksóknara, hvað gera skuli. Væntanlega kemur sjaldan til þess, að ákvæði þessu verði beitt.

Um 22. gr.

Er að aðalefni til samkvæm ákvæðum laga nr. 20 2. okt. 1891. Um börn og unglinga er þó vikið frá fyrirmælum laga þessara í samræmi við yngri lög og framkvæmd þeirra, lög nr. 39/1907 og barnaverndarlög nr. 43/1932, einkum 6. gr. 4., 7. og 9. tölul., 7. og 8. gr. Samvinna milli barnaverndarnefnda (skólanefnda) og dómara í málum barna virðist vera æskileg, enda þegar komin á í Reykjavík og ef til vill víðar.

Það hefir borið við, að dómari hefir fengið bersýnilega saklausan mann til að undirgangast sekt fyrir hugsað brot. Auðsætt er, að slíka sekt skuli ekki krefja eða afplána. Og þykir því rétt, að saksóknari fái því framgengt, að dómari felli úr gildi úrskurð sinn um slíka sekt.

Svipað er að segja, ef saksóknara virðast skilyrði til málaloka með sektargreiðslu o. s. frv. án dóms ekki hafa verið fyrir hendi.

Um 23. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt.

Um 24. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga einkum við, ef refsilagaboð er orðið úrelt, svo að málsókn og refsing samkvæmt því samræmist alls ekki réttarvitund almennings. Ennfremur getur svo staðið á, að hagsmunum ríkis eða almennings sé annars bezt borgið með því að hreyfa ekki eða sem minnst við broti eða brotum, svo sem ef þar af kynni að leiða fjandskap annars ríkis, uppljóstrun milliríkjaleyndarmála o. s. frv. Eftir greininni getur saksóknari þá borið mál undir dómsmálaráðherra, en hann fer síðan með það eftir 24. gr. stjórnarskrárinnar eða öðrum réttarreglum, eftir því sem við á.

UM IV. KAFLA

Reglur um varnarþing í opinberum málum eru nú í DL 1—2—4, 19 og 24, tilsk. 29. maí 1751 og kgsbr. 16. febr. 1787. Þessum reglum, ásamt nauðsynlegum viðaukum og breytingum, er nú safnað í þennan kafla.

Um 25. gr.

Um það, hvar rannsókn opinbers máls skuli fara fram, er í raun og veru engin almenn regla til í lögum. En langoftast er hentugast að rannsaka málið á sama varnarþingi sem það skyldi vera höfðað á, ef til málshöfðunar kemur. En afbrigði frá þessari reglu verða mörg, því að oft þarf að rannsaka sama opinbert mál í mörgum lögsagnarumdæmum, og getur þá dómari sá, er fara skal með og dæma sjálft málið, gert það samkvæmt 3. málsgr. 29. gr. emlh., sbr. 3. málsgr. 16. gr. þessa frv., eða dómari þar á staðnum, eftir því sem bezt þykir henta.

2. málsgr. tekur bæði til dómara meðan á rannsókn stendur og einnig eftir að mál hefir verið höfðað. Það er stundum þörf á að byrja rannsókn skjótt, t. d. eftir bifreiðaslys áður en verksummerki mást af vegi, og getur því verið heppilegt, að lögreglan eða dómari, þar sem rannsókn byrjar, hafi heimild til að taka málið alveg í sínar hendur þegar í stað, jafnvel þótt rannsókn verði að fara fram utan þess lögsagnarumdæmis. Ef t. d. Reykvíkingur er kærður fyrir brot framið á Kolviðarhóli og lögreglan í Reykjavík tekur málið til meðferðar, þá getur hún eða rannsóknardómari tekið skýrslu af fólki á Kolviðarhóli, enda þótt sá staður liggi í Árnessýslu, enda mundi slíkt oftast vera stórum hagfelldara en að sýslumaður Árnessýslu gerði það.

Borið getur við, að menn séu í vafa um það, hvar rannsaka skuli mál, og þykir þá rétt, að saksóknari segi fyrir um það, eftir því sem hann telur hagfelldast hverju sinni.

Um 26. gr.

Hér er þess tilviks getið, er einn er sökunautur. Fyrsta reglan verður þá, að mál á hendur honum skuli höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem brot var framið, afbrotavarnarþing (forum delicti commissi). En ef óvíst er, hvar brot var framið eða brot hafa verið framin í fleirum lögsagnarumdæmum en einu, þá verður þessari reglu ekki beitt bókstaflega, heldur verður þá að velja á milli fleiri brotavarnarþinga en eins eftir því, hvar hagfelldast má telja að fara með málið. En það getur bæði farið eftir því, hvert er stórfelldasta brotið, hvar aðalrannsóknin hefir farið fram, hvar sökunautur dvelst eða á heima, þegar mál skal höfða o. s. frv. Ennfremur kann að vera óhagfellt annars að höfða mál á brotavarnarþingi. Oft er sökunautur handtekinn í sama lögsagnarumdæmi sem brot var framið í. Og er þá brotavarnarþing og handtökuvarnarþing (forum deprehensionis) eitt og sama. En þetta þarf alls ekki að vera, og má þá velja á milli varnarþinga þessara. Fer valið eftir því, á hvorum staðnum er heppilegra að rannsaka málið. Ef heppilegra þykir að rann-

saka málið í lögsagnarumdæmi, þar sem brot er talið framið, verður sökunautur oft sendur þangað, og rannsókn sakar og málsmeðferð verður þá þar. Svo má vera, að hentast þyki að rannsaka mál að heimilisvarnarþingi eða dvalar, sem vitanlega oft getur verið sama varnarþing sem brota- eða handtökuvarnarþing, eða jafnvel þar, sem brot kemst upp, þó að þar sé ekkert áðurnefndra varnarþinga, Ef dómari eða dómarar eru í vafa um málshöfðunarstað, geta þeir fengið úrlausn saksóknara um það atriði eftir 2. málsgr. 29. gr. Sbr. aths. við 92. gr.

Um 27. gr.

Hér er átt við tilvik það, er brot er framið hér á landi í óbyggðum. Oft verður hægt að hafa eitthvert framannefndra varnarþinga, að brotavarnarþingi undanskildu, en ekki alltaf, t. d. ef útlendur ferðamaður á hlut að máli. Þar sem brot er tilkynnt eða kemst upp, þar verður héraðsdómari venjulega að ákveða varnarþing, en ella getur hann, ef ekki er óhagfellt að mál bíði á meðan, fengið úrlausn saksóknara. En öll bið getur verið óhagfelld, t. d. ef erlendur maður á hlut að máli og bið yrði til að hefta för hans úr landi, og vænta mætti skaðabótakröfu, ef hann skyldi verða sýknaður, vegna þess að honum var að óþörfu varnað brottfarar. Það er vitanlega ekki hlutverk réttarfarslaga að skera úr því, hvenær íslenzka ríkisvaldið á sök á brotum, sem framin eru í íslenzkum skipum. En ef brot er framið inni á íslenzkri höfn, enda komizt það upp áður en skip er lagt út, þá sýnist ljóst, að reglur 26. gr. sbr. 28. gr. eiga við, en ella 2. málsgr. þessarar greinar, svo framarlega sem engin þeirra varnarþinga, sem í 26. gr. getur, verða notuð.

Að því leyti sem hér má sækja refsimál fyrir brot framin erlendis, þar með talin brot framin í erlendum skipum, virðist eðlilegt, að mál verði rannsakað þar, sem sökunautur stígur hér fyrst fæti á land.

Það er sameiginlegt tilvikum 2. og 3. málsgr., að vera má óhentugt að rannsaka og fara með mál, þar sem skipið tekur hér fyrst höfn eða sökunautur stígur hér fyrst fæti á land, t. d. af því að annarstaðar sé miklu auðveldara að afla skýrslna um atvik máls, og er því ætlazt til, að saksóknari geti ákveðið, að rannsókn máls og rekstur skuli fara fram annarstaðar.

Um 28. gr.

1. málsl. 1. málsgr. greinar þessarar geymir þær reglur, sem hingað til hefir verið farið eftir. Það verður að vera aðalreglan, að mál sakir brots eða brota, sem ekkert efnissamband er á milli, verði rannsökuð og höfðuð hvert í sínu lagi. Undantekning frá þessari reglu verður þó að því leyti sem t. d. A, B og C hafa allir í félagi framið brot, en auk þess hefir einn þeirra eða fleiri framið önnur brot, sem alls ekki standa í sambandi við sameiginlega brotið eða sameiginlegu brotin. Þá verður einnig að taka sérbrotin með hinum, því að hvern mann skal í einu lagi dæma fyrir öll þau brot, sem hann hefir framið og kunnugt er um áður en dómur fellur um nokkurt þeirra. Og á 2. málsgr. greinarinnar við þetta. Sérstaklega er auðsætt, að rannsókn og málsmeðferð vegna ósamrættra brota má ekki fara fram í einu lagi, ef þetta hefir í för með sér verulegan drátt á málum allra sökunauta eða nokkurra þeirra framyfir það, sem ella hefði þurft að vera. Auk dráttar, sem á kann að verða, mun starf málflytjenda og dómenda oft verða vandasamara og tafsamara, ef óskyldum sakarefnum er blandað saman. Hitt hefir þó farið eftir atvikum, hvort æðri dómur hefir talið þörf á að ómerkja málsmeðferð og dóm sakir ólöglegrar málasamsteypu. Venjulega hafa æðri dómstólar látið aðfinningar nægja, en eigi ómerkt.

Í 2. og 3. málslið 1. mgr. eru nýmæli, er svara til 117. gr. emlh.

Um 29. gr.

Sbr. aths. við 26. gr.

Þar sem óleyfileg málasamsteypa hefir átt sér stað, getur auðvitað mál gegn einum sökunauta eða fleirum hafa verið rekið á röngu varnarþingi. En ómerking á

málsmeðferð, ef mál fær þau afdrif í æðra dómi, má þá ekki byggja á broti á varnarþingsreglu, heldur á broti á reglum um málasamsteypu.

Um 30. gr.

Það þykir réttara að setja sérstök fyrirmæli um varnarþing í hinum sérstöku málum, sem í 2. gr. frv. getur, með því að vafasamt kann að vera, hvernig eða hvort reglur undanfarandi greina kunna að eiga við.

Um 31. gr.

Sumar varnarþingsreglurnar í 26.—28. gr. eiga ef til vill aldrei við, t. d. reglan um handtökuvarnarþing, í málum þeim, sem hér greinir. Annars má nota hverja þá reglu um varnarþing, sem hverju sinni á við, t. d. brotavarnarþingið, varnarþing eftir 27. gr. o. s. frv.

UM V. KAFLA

Það er tíðast, að ýmsar aðgerðir fari fram utanréttar áður en dómsvaldið taki brotamál í sínar hendur. Þessar aðgerðir framkvæmir lögreglan venjulega, og einstaklingar örsjaldan, t. d. handtaka brotamanns, sem staðinn er að verki, varðveizla á ástandi, sem skapazt hefir fyrir brot, o. s. frv. Í þessum kafla er safnað saman þeim reglum, sem lögreglan skal eftir fara. Og verða slíkar reglur þó vitanlega aldrei tæmandi, því að lífið er auðugra en svo, að tilvik þess verði öll rakin. Lagareglurnar verða aðeins lítilsháttar umgerð um störf lögreglumanna, leiðarvísir, sem þeir eiga að flytja, svo langt sem hann nær. Bæði innan þeirra takmarka og þó enn fremur utan þeirra verða þeir að leysa hlutverk sitt eftir því, sem bezt þykir henta hverju sinni.

Hér hefir sama embættismanni lengstum verið falin forstaða lögreglu, rannsókn brotamála fyrir dómi og dómsmeðferð. Veldur því fámenni í hverju lögsagnarumdæmi, en víðáttan hefir þótt mæla gegn stækkun og fækkun lögsagnarumdæma. Á skipun lögsagnarumdæma verður engin breyting gerð eftir frumvarpi þessu, og eigi hefir heldur þótt gerlegt að skipta störfum sýslumanna og bæjarfógeta. Mundi það kosta eitthvað nýrra embætta, sem ekki mun þykja fært að stofna, enda mjög tvísýnt, hver hagur almenningi yrði að stækkun lögsagnarumdæma, og þar með auknum vandkvæðum á því að ná til embættismanna sinna. En þótt sú leið yrði farin síðar, að taka lögreglustörf öll af dómurum og stofna sérstök lögreglustjóraembætti, þá þyrfti sú ráðstöfun ekki að hafa í för með sér breytingar á ákvæðum frv., nema 32. gr.

Um 32. gr.

Um 1. málsgr. vísast til almennu athugasemdanna hér að framan. Um 2. málsgr. athugast, að ríkislögregla, eða að minnsta kosti vísir til hennar, er á komin í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 92/1933, og starfa þeir lögreglumenn undir stjórn lögreglustjóra. Þar sem ríkislögregla kann að vera á komin annarstaðar eða kann síðar að komast á, þá mun hún að sjálfsögðu starfa undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra. Að þessu leyti gerir þessi grein engar breytingar á núverandi skipulagi. Annars er lögreglan nú, að undanteknum skipshöfnum varðskipanna, bundin við hvern einstakan kaupstað eða hrepp (eða kauptún með sérstökum lögreglustjóra), nema að því leyti sem sá hluti lögreglunnar, sem er ríkislögregla eftir lögum nr. 92/1933, hefir störfum að gegna utan umdæmis (kaupstaðar, hrepps eða kauptúns) samkvæmt 2. málsgr. 2. gr. laganna. En auk þeirrar ríkislögreglu, sem í téðum lögum greinir, er hér gert ráð fyrir þeim möguleika, að sett kynni að verða á stofn sérstök ríkislögregla, launuð með öllu af ríkinu, til þess að rækja lögreglustörf, hvar á landi sem þörf krefði, og þá skipt á ýmsa staði. Yrði þó aðsetur hennar aðallega í kaupstöðunum, og þá einkum í Reykjavík. Mundi sú lögregla starfa undir stjórn lög-

reglustjórans í Reykjavík fyrst og fremst, en einnig undir stjórn lögreglustjórans á hverjum þeim stað, þar sem þeir væru og störfuðu. Dómsmálaráðherra getur eftir frumvarpsgreininni bæði ákveðið bækistöð ríkislögreglumanna á fyrirfram tilteknum stað og einnig látið ríkislögreglumann í Reykjavík t. d. fara til Akureyrar til rannsóknar þar á tilteknu broti, alveg eins og annarstaðar tíðkast, þar sem ríkislögregla er. Auðvitað verður að vera náin samvinna milli bæjar- og sveitalögreglu annarsvegar og ríkislögreglu hinsvegar. Í ákvæðum frv. þessa um störf lögreglumanna verður alls ekki greint milli þess, hvort lögreglumaðurinn er lögreglumaður sveitar, kauptúns eða kaupstaðar eða ríkisins. Þar sem engin ríkislögregla er, hljóta lögreglustörfin með skyldum sínum og réttindum að hvíla óskorað á hreppa- og kaupstaðalögreglunni. En þar sem ríkislögregla er, þar hlýtur eftirgrennslun brota og önnur störf í sambandi þar við sérstaklega að hvíla á ríkislögreglumönnum, og oft að vísu með aðstoð hinna lögreglumannanna. En sú verkaskipting verður með engu móti mörkuð í lögum. Þörfin og hentisemin verður hverju sinni að segja til um það atriði.

Til handhafa lögregluvalds samkvæmt 3. málsgr. teljast fyrst og fremst lögreglustjórar og því næst allir lögreglumenn (fulltrúar lögreglustjóra, hreppstjórar, lögregluþjónar, varðskipamenn) og varalögreglumenn, sbr. lög nr. 92/1933 6. gr., jafnskjótt sem þeir hafa verið kvaddir til. Og eiga því ákvæði greinanna hér á eftir við alla slíka menn, er þeir starfa í þarfir lögreglunnar. Enda verður að greina glöggt milli starfs sýslumanna og bæjarfógeta og lögreglustjóranna í Reykjavík og í kauptúnum með sérstökum lögreglustjóra sem embættismanna með dómsvaldi og lögregluvaldi.

Um 33. gr.

Þar sem sök skal því aðeins hreyfa, að ráðherra eða einstakur maður krefjist þess, þá er venjulega ekki ástæða til þess, að lögreglumenn láti mál til sín taka fyrr en krafa um það kemur frá réttum aðilja. Annars kostar mætti vel svo verða, að afskipti lögreglumanna yrðu í fullri óþökk þeirra, sem í hlut eiga, sbr. t. d. 175. og 176. gr. alm. hegningarlaga, eða að minnsta kosti alveg óþörf. Þegar málið þar á móti skal sæta ákvörðun hins almenna ákæruvalds án atbeina ráðherra eða einstaklinga, þá verður það að vera aðalreglan, að lögreglan hefjist handa af sjálfsdáðum um rannsókn þess áður en dómari kemur til. Þar með er þó ekki sagt, að almennur lögregluþjónn eigi alltaf að byrja rannsókn áður en hann hafi skýrt yfirboðara sínum frá því, er hann telur gerzt hafa, hversu lítilfjörlegt eða vafasamt sem það er. Slíkt verður að fara eftir atvikum. Lögregluþjónn, sem halda skal reglu á götu, gerir skýrslu um umferðabrot, ölvun manns á götu o. s. frv., og fær hana yfirboðara sínum í hendur. Hann verður og ef til vill að taka mann fastan á götu, stöðva bifreið o. s. frv. En framar þarf hann venjulega ekki að fara í öndverðu. En jafnvel þótt hið almenna ákæruvald eigi óskorað málshöfðunarvaldið, þá er alls ekki víst, að það sé heppilegt, að lögregluþjónar blandi sér þegar í stað í málið, t. d. ýmiskonar fjársvik, brot eins í fjölskyldu gegn öðrum o. s. frv. Hann skýrir yfirboðara sínum frá því, og svo ræður hann, hvort frekar skuli gert, enda getur hann áður leitað til saksóknara, er þá segir til, hvað gera skuli. Og jafnvel þótt kæra komi um brot, má vera, að hún sé þannig vaxin, að ástæðulaust sé að sinna henni. Af þessum og þvílíkum ástæðum er ekki fastar að orði kveðið en svo, að lögreglumönnum beri venjulega að hefjast handa af sjálfsdáðum, ef þeir verða þess áskynja, að refsiverður verknaður muni hafa verið framinn í umdæmi þeirra. Rannsókn lögreglumanna verður venjulega bráðabirgðarannsókn, og verður varla í lögum mælt annað eða meira en nefna hið helzta, er venjulega þurfi að gera. Dæmi þessa eru nokkur nefnd, og að vísu hin helztu, í lok greinarinnar.

Um 34. og 35. gr.

Það mun nýmæli, að lögreglustjóri skuli synja manni bréflega um rannsókn á kæru. Er slíkt nauðsynlegt til þess að kærandi geti borið málið undir saksóknara.

Það virðist og sjálfsagt, að saksóknari hafi þá skyldu og það vald, sem honum er ætlað í þessum greinum.

Um 36. gr.

Í lögum eru nú engin almenn fyrirmæli um það, hvenær lögreglumenn megi eða eigi að handtaka menn án dómsúrskurðar vegna vissu eða grunar um brot. Stjórnarskráin segir ekkert um þetta atriði, að undanteknu ákvæði 44. gr., um handtöku alþingismanna. Um handtöku samkvæmt dómsúrskurði eru ekki heldur fyrirmæli í lögum, en vitanlega getur dómari kveðið upp úrskurð um það, að tiltekinn maður skuli tekinn fastur, og framkvæmir lögreglan þá slíka handtöku eftir þeim úrskurði, og þarf þá ekki sjálf að rannsaka skilyrði handtökunnar, nema alveg sérstaklega standi á, t. d. ef maðurinn tjáir sig vera veikan, hann er í sóttkví o. s. frv. Þegar þar á móti handtakan fer fram án dómsúrskurðar, og það er langvanalegast, þá vinnur lögreglan algerlega á sína ábyrgð, og verður því að athuga það betur, hvort skilyrði til handtökunnar séu fyrir hendi. Lögreglan verður oft að taka ákvörðun um handtöku þegar í stað, svo að enginn tími er til rækilegrar íhugunar, og er því einsætt, að henni verður oft alls ekki gefin sök á því, þó að handtakan kunni að þykja hafa verið óþörf.

Í 60. gr. stjórnarskrárinnar er gert ráð fyrir handtöku manna, en eigi eru settar takmarkanir um hana, eins og um gæzluvarðhald. Slíkar takmarkanir mundu og alls ekki fá staðizt. Maður, sem t. d. er ölvaður á almannafæri og rýfur götufrið eða velsæmi, bakar sér yfirleitt ekki aðra refsingu en sekt. En þó er alkunna, að slíkir menn eru iðulega teknir fastir, enda er slíkt mjög oft alveg óhjákvæmilegt.

Þótt skilyrði til handtöku samkvæmt þessari grein eða jafnvel dómsúrskurður til heimildar henni sé fyrir hendi, getur hún þó verið óheimil af öðrum ástæðum, t. d. vegna sjúkdóms, sóttkviunar, ákvæða einstakra laga, t. d. 44. gr. stjórnarskrárinnar, o. s. frv. Þegar svo stendur á, getur lögreglan beitt ákvæðum 2. málsgr. greinar þessarar.

Um hvern einstakan tölulið athugast:

Um 1. tölul. Það hefir aldrei leikið vafi á því, að taka mætti mann fastan, sem staðinn er að verki, enda veitir 44. gr. stjskr. alþingismönnum ekki undanþágu frá handtöku, þegar svo stendur á. Og jafnvel þá mun einstaklingi heimilt að taka mann fastan, auðvitað með því móti, að hann leiti lögreglunnar svo fljótt sem unnt er.

Um 2. tölul. Það mun og hafa verið talið rétt, að lögreglumenn tækju með valdi þá menn, er synjað hafa henni um að gefa skýrslu um refsiverðan verknað. Ef því lögreglumaður kemur á heimili manns og hann er krafinn um að gefa skýrslu, hvort sem er lögreglunni eða dómara, um brot, og hvort sem hann er grunaður eða ekki, þá á hún að geta tekið manninn með sér og krafið hann skýrslu samkvæmt ákvæðum laganna. Hitt er annað mál, hvort hann þarf að gefa skýrslu, þegar til kemur. Það fer eftir því, hvort hann er skoðaður sökunautur eða vitni, sbr. 1. málsgr. 38. gr. Ef svo reynist, að maðurinn er grunaður um að hafa verið riðinn við refsivert verk á refsiverðan hátt, þá getur lögreglan haldið honum og leitt hann fyrir dómara svo fljótt, sem unnt er. Annars kostar sleppir hún manninum.

Um 3. tölul. Reikunarmenn og þeir, sem ekki segja nægileg deili á sér, verður lögreglan að taka fasta þegar þess vegna, að vanséð er, hvort hún geti fengið fang á þeim, þegar til skal taka, enda eru slíkir menn einatt í meira lagi grunsamir.

Um 4. tölul. Heimild þessa tölul. er allvíðtæk. Stundum getur máli verið svo farið, að geyma þurfi annara manna fyrir hættulegum brotamanni eða hann fyrir þeim, t. d. vegna hefndar. Svo getur verið, að brotamann þurfi að vernda fyrir sjálfum sér (sjálfsmorðslöngun). Stundum verður nauðsyn á handtöku til að varna manni brottfarar, en oftast mun þó handtöku þörf til að girða fyrir það, að grunaður maður spilli sönnunargögnum, t. d. komi munum undan, afvegaleiði vitni, beri sig saman við samseka o. s. frv. Eins og til hagar hér á landi, gæti það leitt til sakarspjalla, ef lögreglan þyrfti alltaf að bíða dómsúrskurðar til handtöku, þótt hún sæi fulla hættu á sakarspjöllum, ef viðkomandi væri áfram óheftur. Fyrirmæli 60. gr.

stjskr. um skyldu til að leiða handtekinn mann fyrir dómara á að girða fyrir það, að maður verði hafður að óþörfu í haldi.

Um 5. tölul. Það er einsætt, að sá, er fer í leyfisleysi úr gæzlu, hvort sem hún er að bráðabirgðaráðstöfun lögreglunnar eða eftir dómsúrskurði, verður að hlíta því, að lögreglan taki hann jafnskjótt sem hún fær fang á honum. Og hefir víst aldrei verið efi á heimild lögreglunnar til handtöku, þegar þannig stendur á.

Það er vitanlega algengt, að lögreglan setur manni gæzlu, sem grunaður er, bæði með og án vitundar hans, og er heimild hennar þar til vitanlega óvefengjanleg. En þá gildir auðvitað ekki skipun 60. gr. stjskr. um að leiða hann fyrir dómara. Lögreglan verður þá að meta það eftir ástæðum, hvenær það sé nauðsynlegt eða heppilegt. Þó getur maður átt heimtingu á því, að atvinnufrelsi hans sé ekki heft framar en brýn nauðsyn er til með banni við brottför úr ákveðnu takmarki.

Ákvæði 3. málsgr. eru í samræmi við eðli málsins og þær reglur, sem nú mun fylgt vera. Sbr. aths. við 37. gr.

Síðustu málsgr. tvær eru í samræmi við 44. og 60. gr. stjskr.

Um 37. gr.

Ákvæði 61. gr. stjskr. taka eftir orðum sínum aðeins til húsleitar og kyrrsetningar skjala. En ekki virðist vafa bundið, að nákvæmlega sama verður að gilda um leit í hirzlum og á manni sjálfum og um leit í skipum. Takmarkanir 61. gr. stjskr. um húsleit byggjast á þeirri hugsun, að slík leit sé sérstaklega særandi og móðgandi þeim, sem henni er stefnt að. Þessi hugsun leiðir þá einnig til þess, að leit í öðrum húsum en heimilishúsum verði að hlíta sömu takmörkunum, t. d. leit í fénaðarhúsum og vörugeymsluhúsum, og að dómsúrskurðar eða leyfis forráðamanna húss eða skips þurfi því til leitarinnar, nema lög mæli öðruvísi. Sama er um hirzlur manna, svo sem skrifborð, kommóður og sjálfsagt einnig bifreiðar og aðrar lokaðar geymslur. Og því fremur ætti hið sama að gilda um leit á manni sjálfum. En reglan: Nauðsyn brýtur lög kemur þó hvarvetna til greina, þar á meðal um síðasttalda atriðið. Handtekinn maður verður að sætta sig við það, að leitað sé þegar að hlutum á honum gegn banni hans, t. d. skotvopni, hníf, sem hætta má vera á, að hann noti sér eða öðrum til skaða. Hinsvegar hefir jafnan verið talið heimilt að taka af manni hluti, sem hann heldur á eða hefir undir hendi, ef engrar leitar þarf til þess, t. d. hníf, staf, hirzlu o. s. frv., sbr. 4. málsgr.

Bannið við kyrrsetningu og rannsókn bréfa og annara skjala tekur fyrst og fremst til slíkra muna í vörzlum póststjórnar. En það tekur líka til skjala í vörzlum sökunauts og annara manna, og væri lögreglumönnum því óheimilt að taka í vörzlur sínar slík gögn, þótt þeir fyndu þau t. d. á skrifborði manns. Þar til dómsúrskurður eða leyfi rétts aðilja væri fengið gætu þeir því aðeins gætt þess, að skjalið yrði ekki eyðilagt eða því komið undan, t. d. sett vörð í herbergið, þar sem skjalið er.

Bann við hlustun á símtöl, töku loftskeyta eða símskeyta er nýtt í lögum, nema að því leyti sem analógía 61. gr. stjskr. kann að taka til þess, en í framkvæmdinni hefir verið talið dómsúrskurðar þörf til þeirra athafna, sem í 2. málsgr. segir.

Til öryggis sökunaut virðist rétt, að tveir menn hið fæsta framkvæmi aðgerðir þær, sem í greininni getur. Og rannsókn skjala á að fara fram fyrir dómi, ef því verður við komið, enda mun slíks oftast kostur. En ef lögreglan hér á landi framkvæmir hana, er rétt að hafa votta við. Ef rannsókn skjala er framkvæmd erlendis, þá verður hún að fara svo sem þar er venja.

Um 38. gr.

Tvenn nýmæli eru í grein þessari, um skyldu lögreglumanna til að tjá sökunaut, að honum sé óskylt að svara spurningum, er beinlínis varða brot það, er um er að tefla, og að tilkynna skuli barnaverndarnefnd, ef þess sé kostur, að yfirheyra skuli barn innan 16 ára, enda geti nefndin þá sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrslu.

Um fyrra atriðið athugast, að það er regla í nútímalögum annara þjóða, að undanþiggja sökunaut skyldu til að svara spurningum varðandi sekt sína, og er ætlazt til, að sú regla verði og leidd hér í lög. Oftast mun þó svo, að sökunautur telur sér heppilegast að veita svör við spurningum dómara og lögreglu. En reglan mundi oftast verða dauður bókstafur, ef lögreglu og dómara væri ekki gert skylt að benda sökunaut á hana.

Um síðara atriðið er þess getanda, að það virðist bæði geta orðið sökunaut og þeim, er skýra eiga málið, að gagni, að hafa við fulltrúa barnaverndarnefndar, þegar rannsaka skal mál barna.

Um 39. gr.

Um skyldu manna til aðstoðar þeim, er rannsaka skulu opinber mál, er að vísu engin almenn regla til í lögum vorum, en talið hefir verið bæði samkvæmt eðli málsins og með hliðsjón af einstökum ákvæðum, að sú skylda væri þegar fyrir hendi. Sama er að segja um endurgjald fyrir slíka aðstoð. (Sbr. Einar Arnórsson: Meðferð opinberra mála, Rvík 1918, bls. 48—50). Þar á móti er það undantekning, ef einstaklingum ber skylda til að afstýra brotinu eða skýra frá því, að brot sé framið eða muni verða framið. Og er ekki hlutverk þessa frv. að kveða á um þau efni.

Skylda manns til verknaðar eða til að ljá afnot hluta sinna í þarfir opinbers máls skapast jafnskjótt sem lögreglumaður (eða dómari) skorar á hann að gera það. Þess vegna getur einstökum mönnum orðið skylt að hjálpa til við handtöku manns, flutning, geymslu, að hýsa fanga og fæða o. s. frv. Þetta gildir vitanlega líka um sjúkrahús og slíkar stofnanir. Sama verður um afnot muna, t. d. skips, hesta, vagna o. s. frv. En skyldan er takmörkuð. Verður að bera saman hagsmuni ríkisins um rækslu löggæzlunnar annarsvegar og hagsmunatjón það, sem einstaklingur verður fyrir, hinsvegar vegna aðstoðar í þágu löggæzlunnar.

Það virðist rétt að undanþiggja nánustu vandamenn skyldu eftir grein þessari, því að þeim má vel vera það ofraun að fullnægja henni, alveg eins og að fullnægja skyldu þeirri, sem almennt er lögð á menn samkvæmt 110. gr. almennra hegningarlaga eða samsvarandi skyldu eftir væntanlegum nýjum hegningarlögum.

Um 40. gr.

Er í samræmi við það, sem í Reykjavík tíðkast.

Um 41. gr.

Er eðli málsins og venju lögregluvaldsins samkvæm.

UM VI. KAFLA

Þó að lögreglumen hafi, eins og altítt er í Reykjavík, tekið skýrslur af bæði þeim, sem fyrir sökum eru hafðir eða grunaðir um refsiverðan verknað, og öðrum, þá hafa þær skýrslur ekki verið gefnar fyrir dómi, og hafa ekki það sönnunargildi eða þá þýðingu sem játning, sem samskonar skýrslur hafa, ef þær eru gefnar fyrir dómi. Því veldur það, að ekki þykir svo tryggt, að alhliða og hlutlaus rannsókn fari fram hjá lögreglumönnum sem hjá löglærðum dómurum. Þess vegna er það höfuðregla, að dómari á að rannsaka öll sakaratriði sjálfstætt, enda þótt lögreglumenn hafi þegar tekið við skýrslum um þau. Samt sem áður getur greinileg skýrsla lögreglumanns létt mjög starf dómarans, því að oft getur hann látið nægja að fara í hana lið fyrir lið með sökunaut og öðrum. En vitanlega ber dómara að gæta þess, að þeir endurtaki ekki í hugsunarleysi skýrslur sínar, heldur útlista fyrir þeim eftir þörfum, hvað spurt sé um og hvað svör þeirra merki, og fá skýringar og leiðréttingar á því, sem rangt reynist, ónákvæmt eða misskilið.

Um 42. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru samkvæmt reglum þeim, sem nú er farið eftir. Það er einungis skýrt tekið fram, að dómara ber af sjálfsdáðum að láta hvern þann, sem hann veit, að tekinn hefir verið fastur, koma fyrir dóm undir eins og þess er kostur.

Um 43. gr.

Saksóknara er bæði rétt og skylt að fylgjast með rannsókn dómara og getur haft þar hönd í bagga með svipuðum hætti og lögreglurannsókn. Þó verður sá meginmunur, að saksóknari verður að hlíta ákvörðunum dómara á sama hátt sem ráðherra verður nú að gera. Saksóknari getur því ekki kveðið á um gæzluvarðhald, nema ef til vill óbeinlínis með skipun um að hætta rannsókn máls. Saksóknari getur að vísu sjálfsagt boðið rannsóknardómara að leita ákveðinna skýrslna, eins og dómsmálaráðherra nú, en hann hefir ekki vald til að leysa úr því, hvort vitni sé skylt að svara spurningu, hvort úrskurða skuli því þingvíti o. s. frv. Úrskurðum rannsóknardómara um slík atriði getur saksóknari þar á móti skotið til æðra dóms fyrir hönd ákæruvaldsins, sbr. 113. gr.

Um 44. gr.

Um nýmæli þau tvenn, sem í grein þessari eru (skyldu grunaðra manna til að svara spurningum og barnaverndarnefnd), vísast til athugasemda við 38. gr.

Það skiptir meginmáli um aðstöðu manna, hvort þeir mega telja sig spurða fyrir dómi sem grunaða um refsiverðan verknað eða sem vitni. Skylda grunaðs manns er takmörkuð á tvennan hátt. Honum er eftir greininni óskylt að svara, og svar, sem felur í sér viljandi ósannindi, varðar hann ekki refsingu. Vitni er þar á móti almennt skylt að svara spurningum dómara, og viljandi eða jafnvel gálauslega rangt svar varðar það refsingu. Því virðist hver, sem leiddur er fyrir dóm í rannsókn opinbers máls, eiga rétt á að fá vitneskju hjá dómara um það, hvort hann sé þangað leiddur sem grunaður eða vitni. Ef dómari telur ekki ástæðu til að ætla hann sekan, þá tjáir hann aðilja, að hann sé kvaddur skýrslu sem vitni. En ef vitnið allt að einu veit sig sekt eða hefir ástæðu til að telja sig síðar kunna að verða grunað, þá getur þetta auðvitað skipt máli um refsingu fyrir ranga skýrslu og einnig verkað á sönnunargildi skýrslu hans.

Um 45. gr.

Þessi grein hefir í rauninni engin nýmæli að geyma, því að nú á dögum mun dómara alls ekki vera talið heimilt að neyta þeirra ráða í sambandi við spurningar til sökunauts í rannsókn opinberra mála, sem bönnuð eru í greininni. Nú á dögum mun rannsóknardómara talið óheimilt að blekkja sökunaut eða ógna honum, enda er játning fengin með þeim hætti vitanlega oft marklaus og alltaf vafasöm.

Um 46. gr.

Hér eru talin nokkur atriði, og oftast aðalatriðin, sem rannsóknardómara ber að rannsaka. En tæmandi verður slík talning auðvitað aldrei, og getur því ekki orðið að gagni öðru en því að minna dómarann á hið helzta, er rannsaka skal, og þó margt með almennum orðum. Í hverju máli þarf því dómari að hafa þá hugkvæmni og skilning, sem nauðsynlegur er því til skýringar.

Það þykir óþarft að rekja hvert atriði greinarinnar. Þó skal þess geta, að fæðingarvottorðs er nú ekki venja að afla í minni háttar málum, heldur látin nægja önnur gögn, svo sem skýrsla sökunauts, skýrslur um hagi hans að öðru leyti, svo sem um atvinnu, hjúskap o. fl., er sýnt geta, að hann sé kominn yfir ákveðinn aldur. Og er ástæðulaust að gera nokkrar frekari kröfur um það efni en nú er gert.

Það er auðsætt, að dómari getur úrskurðað, að sökunautur skuli lagður undir læknisrannsókn, ef samþykki hans fæst ekki til þess.

Um 47. og 48. gr.

Þessar greinar eru nýmæli, sem helgast af ákvæðum frv. um sækjendur og verjendur í opinberum málum. Þegar skipaður er sækjandi og verjandi, þá verður venjulega að veita þeim kost á að vera við yfirheyrslu sökunauts, vitna og matsmanna og rannsókn skjala. Þar á móti er vitanlega sjaldnast heppilegt, að sökunautur sé áheyrandi, er vitni eru spurð. Hlutverk sækjanda og verjanda er í rauninni hið sama sem dómarans: að leiða sannleikann í ljós, en verkefnum er skipt milli þeirra. Sækjandi skal einkum láta sér annt um, að það komi fram, sem varðar sönnun sakar á hendur sökuðum mönnum, en verjandi, að það komi fram, er veikir sannanirnar eða verða má sökunaut til sýknu annars eða refsiléttis. Það er því ljóst, að hvorugur má skoða sig andstæðing dómara, heldur aðstoðarmann. En báðir geta torveldað verk dómarans, bæði með orðum og athöfnum. Um sökunaut má sérstaklega geta þess, að það getur verið allskostar óheppilegt, að hann sé viðstaddur yfirheyrslu vitna, því að hann kann síðar að geta notfært sér það, sem fram hefir komið í vitnaleiðslu, og eru ákvæði 2. tölul. 47. gr. og 2. málsl. 48. gr. meðal annars miðuð við það. En af þessu getur þá líka leitt nauðsyn þess, að dómari banni verjanda að skýra skjólstæðing sínum frá efni tiltekinnar vitnaskýrslu eða skjals, þangað til síðar, nema hann kjósi heldur að meina verjanda návist. Hinsvegar verður það hér eftir sem hingað til algild regla, að sökunaut eða talsmanni sökunauts, ef hann er fjarverandi, sé veittur kostur á að vera við staðfestingu matsgerðar eða vitnaskýrslu, enda verður þá gengið í gegnum skýrslu bæði með honum og vitni og samanburður gerður á skýrslum hvorra um sig og þeir samprófaðir.

Um efni skjala verður að fara með svipuðum hætti og vitnaskýrslur. Það getur torveldað rannsókn, ef sökunautur eða jafnvel verjandi fær þegar að vita um skjalið, eða fyrr en efni þess er borið undir sökunaut. En vitanlega á alltaf að gera honum fram komin skjöl kunn áður en mál er dæmt og veita honum kost á að gera athugasemdir sínar um þau. Ef nýtt gagn kemur fram eftir að dómari hefir lýst rannsókn lokið, þá verður auðvitað að taka hana aftur upp að svo miklu leyti. Fæðingar- og hegningarvottorð er þó algengt að leggja fyrst fram í þinghaldi, áður en dómur er kveðinn upp með eða án viðurvistar sökunauts, og er það venjulega alls ekki aðfinnsluvert, þótt það hafi ekki verið fyrr gert.

Um 49. gr.

Það hefir aldrei orkað tvímælis, að dómari gæti ákveðið handtöku manna, húsleit, krafið einstaklinga aðstoðar og beitt valdi til framkvæmdar þeim athöfnum, án þess að lögreglan hafi áður leitað hans eða þótt lögreglan hafi haft aðgerðir í máli, en enga þessara aðgerða haft. En þar sem dómsúrskurðar þarf, verður dómari þó auðvitað að kveða hann upp áður, þótt hann framkvæmi sjálfur þessar aðgerðir.

Um 50. gr.

Fyrri málsgr. þykir ekki þörf að skýra.

Í þessari málsgr. er nýmæli. Hún heimilar að höfða þegar mál gegn sökunaut, sem ekki kemur fyrir dóm að forfallalausu, þótt hann sé löglega tilkvaddur samkvæmt fyrri málsgr., enda nemi refsing ekki meira en í 2. málsgr. segir og nægileg gögn þykja fram komin fyrir sekt hans, með því að skoða megi þá fjarvist hans viðurkenningu fyrir sekt hans. Að sjálfsögðu verður sökunaut birt stefna, og ef hann kemur þá fyrir dóm, þá má auðvitað vera, að hann gefi skýrslu, sem breyti aðstöðu hans algerlega. Felst alls eigi í ákvæði þessarar málsgr. nokkur takmörkun á rétti sökunauts til þess að gefa skýrslur eftir að mál hefir verið höfðað sér til sýknu eða varnar, því að slíkar skýrslur er honum rétt að gefa jafnvel þótt hann hafi komið fyrir dóm áður og þá neytt réttar síns til að svara ekki samkvæmt 1. málsgr. 44. gr. En ef sökunautur kemur ekki heldur fyrir dóm forfallalaust samkvæmt stefnu, þá má dæma málið, ef skilyrði þessarar málsgr. um fram komin gögn eru fyrir hendi.

Ef málið þykir ekki liggja nægilega ljóst fyrir, getur dómari jafnan neytt heimildar samkvæmt 2. tölul. 36. gr. sbr. 49. gr. til að láta sækja sökunaut fyrir dóm, svo framarlega sem til hans verður náð. Það mun annars reynast svo um ákvæði þessarar málsgr. og um ákvæði 1. málsgr. 38. og 1. málsgr. 44. gr., að þau verða lítið notuð. Sökunautar munu almennt telja sér heppilegast að koma fyrir dóm og svara spurningum lögreglumanna og dómara.

Um VII. KAFLA

Hér er safnað saman reglum um varðhald og gæzlu sökunauts, meðan á rannsókn sakar stendur, svo og fyrirmælum um bætur fyrir þessar aðgerðir, þegar sökunautur er sýkn dæmdur eða þær hafa verið ólöglega framkvæmdar. Eins og fyrr er drepið á, höfðu bæði valdsmenn kirkjunnar og valdsmenn konungs oft grunaða menn og seka, er þeir höfðu handtekið, hjá sér í varðhaldi eða annarskonar gæzlu. Þá var því svo sem ekkert tímamark sett, hversu lengi slík gæzla gæti staðið, og var *því sökunaut oft haldið í geymslu eða gæzlu von úr viti, og jafnvel stundum án þess* að mál hans væri prófað. Þessi meðferð var beinlínis stundum höfð á mönnum, sem taldir voru pólitískt hættulegir. Það mun fyrst vera ákveðið hér í lögum í tilsk. 3. júní 1796 25. gr., að dómari skuli halda próf yfir handteknum manni sakir brota innan 24 klukkustunda, ef þess er nokkur kostur. Hinsvegar segir ekki, að úrskurð þurfi til þess að setja mann í eða halda manni í gæzluvarðhaldi áfram. Varðhaldsvistin gat því haldið áfram eftir frumpróf, þótt rannsóknardómari felldi ekki úrskurð um það. Það er loks ákveðið í 48. gr. stjórnarskrár 5. jan. 1874, að rannsóknardómari skuli þegar að frumprófi loknu leggja rökstuddan úrskurð á það, hvort sökunautur skuli látinn laus eða settur í gæzluvarðhald. Þótt segja megi, að gæzla sökunauts hefjist jafnskjótt sem hann hefir verið handtekinn, þá hefst hið eiginlega gæzluvarðhald, er lögin nefna svo, ekki fyrr en dómari hefir úrskurðað, að sökunautur skuli settur í slíka gæzlu.

Engar sérreglur munu hafa verið til um bætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju fyrr en lög nr. 28 26. okt. 1893 voru sett. Þar til mun því sökunautur aðeins hafa átt heimtingu til bóta samkvæmt almennu skaðabótareglunni svonefndu, og þá líklega aðeins á hendur rannsóknardómara, en ekki á hendur landssjóði.

Um 51. gr.

Það er áður (36. gr. síðasta málsgr.) ákveðið, að handtekinn mann skuli leiða fyrir dómara án undandráttar (upphaf 60. gr. stjskr.). Ákvæðið leggur dómara þá skyldu á herðar, að setja þegar dómþing, prófa sökunaut og ef til vill fleiri og ákveða síðan, hvort hann skuli settur í gæzluvarðhald eða ekki.

Ef sökunaut er sleppt lausum, þá þarf auðvitað ekki að kveða upp úrskurð um það, enda er slíkt alls ekki venja. Það er nýmæli, að varðhaldstími skuli vera fyrirfram ákveðinn til bráðabirgða. Er það í samræmi við ákvæði nútímalaga annarstaðar og miðar til að fyrirgirða það, að mönnum sé haldið í gæzluvarðhaldi eftirlitslaust af hálfu annara en dómarans. Annars er það skylda verjanda, þar sem verjandi er skipaður, að gæta þess, að sökunaut sé ekki haldið óþarflega lengi í gæzluvarðhaldi. Oftast mun svo verða, að sökunautur getur látið skipa sér verjanda, ef sök er svo vaxin, að gæzluvarðhaldi megi beita, ef ákvæði 62. gr. verða leidd í lög eða svipuð ákvæði. En annarskostar hlýtur varðhaldstíminn, eins og nú, að fara eftir ákvörðun dómarans án athugasemda annara en þeirra, sem að máli hans starfa í æðra dómi. Ef varðhaldstími er lengdur, þá verður einnig að kveða upp rökstuddan úrskurð um það. Þegar varðhald er niður fellt, þarf þar á móti ekki formlegan úrskurð, og er þá nóg, að dómari geti þess aðeins í þingbók, að ekki þyki ástæða til að halda sökunaut lengur í gæzlu, og sé hún því niður felld.

Um 52. gr.

Það er auðvitað, að fyrsta skilyrði gæzluvarðhalds er það, að ástæða sé til að ætla, að sökunautur hafi framið refsivert verk, sbr. þó síðustu málsgr. En þótt svo sé, þá er vitanlega oft alger óþarfi að beita gæzluvarðhaldi, sem bæði bakar sökunaut óþægindi og veldur kostnaði, sem ríkissjóður verður oftast að greiða. Þegar sökunautur kannast hreinskilnislega við brot sitt, þá er mjög oft ástæðulaust að hefta þannig frelsi hans. Gæzluvarðhald eiginlegt, sbr. þar á móti 57. gr., verður væntanlega framvegis sem hingað til undantekningarráðstöfun. Langflest opinber mál eru rannsökuð án gæzluvarðshalds. Af þessum ástæðum eru ákvæði greinarinnar orðuð sem undantekning frá almennri reglu, eins og 54. gr. Samt sem áður eru heimildirnar eftir 52. gr. til að beita gæzluvarðhaldi mjög viðtækar, því að óheppilegt væri að binda mjög hendur dómarans í því efni, enda oft mikið álitamál, hvort gæzluvarðhald skuli hafa eða ekki. Dómari metur því þörfina hverju sinni, og er honum því engin ófrávíkjanleg lögskylda sköpuð í þessu efni.

Um einstaka tölul. athugast:

Um 1. og 2. tölul. Ákvæði þeirra eru samræm eðli málsins og þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt.

Um 3. tölul. Er nýmæli, en vitanlega má dómari eftir gildandi reglum beita þá menn gæzluvarðhaldi, sem í þessum tölul. getur.

Um 4. tölul. Eftir 13. gr. tilsk. 24. jan. 1838 skal dómari beita gæzluvarðhaldi, þegar brot sökunauts er talið varða dauðarefsingu eða refsingum þeim, sem næst henni ganga. Hér er þessu breytt svo, að dómari megi, ef hann telur þess þörf og án þess að svo sé ástatt sem í 1.—3. og 5.—6. tölul. segir, hafa gæzluvarðhald, en honum er ekki sköpuð nokkur ófrávíkjanleg skylda til þess. Og oft mun enga nauðsyn bera til þess, nema ákvæði einhvers hinna tölul. eigi við. Þegar um stórglæpi er að tefla, svo sem manndráp af ásettu ráði, nokkur landráðabrot o. s. frv., kann að vera ástæða til að beita gæzluvarðhaldi, þótt ákvæði annara tölul. eigi ekki við. Og er það undir dómarans mati komið. Sækjanda ber þá að hafa gæzlu á því, að varðhald verði ákveðið, ef honum finnst ástæða til og dómari hefir ekki ákveðið það af sjálfsdáðum.

Um 5. og 6. tölul. Það virðist auðsætt, að heimild þurfi að vera til að halda þeim, er hér greinir, í varðhaldi unz úrslitadómur er fenginn.

Í síðustu málsgr. er ákvæði, sem er í samræmi við 301. gr. almennra hegningarlaga, þó með þeirri undantekningu, að ekki segir hér, að ríkissjóður skuli bera kostnað af varðhaldi, eins og mælt er í 301. gr. hegningarlaganna. Ef aðili er eða verður sannur að heitingum samkvæmt þeirri grein, þá virðist hann sjálfur eiga að bera varðhaldskostnað, en ella ríkissjóður. Hér er um einn þátt lögvörzlu að tefla, sem annaðhvort hinn seki eða ríkissjóður verður að bera kostnað af, nema einstaklingur sá, er kærir, hafi gerzt sekur um ranga kæru og geti því orðið skyldur til að greiða kostnaðinn samkvæmt almennri skaðabótareglu.

Í 48. gr. stjórnarskrár 1874 er gæzluvarðhald einungis heimilað vegna „yfirsjóna“, er varða þyngri refsingu en sektum eða einföldu fangelsi. Ákvæði 301. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869 er eldra en stjórnarskráin, og mætti því ef til vill efast um það, hvort um gæzluvarðhald vegna heitinga, sem eru ekki í sjálfu sér refsiverð yfirsjón, hefði ekki fallið brott með stjórnarskránni, og að ákvæði síðustu málsgr. þessarar greinar frv. feli því í sér brot á 60. gr. núverandi stjórnarskrár, þar sem áðurnefnd regla 48. gr. stjskr. 1874 er endurtekin. Miklu oftar en í opinberum refsimálum verður að taka menn til gæzlu til verndar þeim sjálfum eða öðrum, eða jafnvel til að tryggja návist þeirra, þegar á þarf að halda, án þess að þeir séu sakaðir um nokkurn refsiverðan verknað. Svo er t. d. um óða menn og þá, er koma hér til lands og senda skal aftur til útlanda vegna skorts á landsvistarleyfi. Þessar ráðstafanir framkvæma yfirvöld að vísu, og verður þeim, að minnsta kosti sumum, ekki skotið til dómstóla. Þó munu allir telja þær leyfilegar og nauðsynlegar, þrátt fyrir ákvæði 60. gr. stjskr. um gæzluvarðhald. Og hvers vegna skyldi

þá ekki vera eins leyfilegt að setja mann, er heitazt hefir við annan mann, í gæzlu samkvæmt *dómsúrskurði* og með heimild til áfrýjunar þess úrskurðar til æðra dóms? Sannleikurinn er sá, að ákvæði 48. gr. stjskr. 1874 beinist gegn þeirri handahófskenndu og oft misbrúkuðu meðferð á grunuðum mönnum eða mönnum, sem taldir voru að einhverju leyti pólitískt hættulegir, en alls ekki gegn þeirri verndarvörzlu, sem einatt er þörf gagnvart mönnum, sem ekki eru grunaðir eða sannir að nokkrum refsiverðum verknaði. Og þess vegna tekur oftnefnt ákvæði 60. gr. stjskr. ekki til gæzlu þeirrar, sem í 301. gr. hegningarlaganna og síðustu málsgr. 52. gr. frv. þessa getur.

Um 53. gr.

Eftir 2. málsgr. 60. gr. stjórnarskr. má þegar skjóta úrskurði um gæzluvarðhald til æðra dóms eftir reglum um áfrýjun opinberra mála. Sú regla verður auðvitað að standa. En það er ekkert brot á henni, þótt áfrýjunaraðferðin verði önnur en nú tíðkast, sem sé kæra eftir 4. tölul. 112. gr. sbr. 113. og 114. gr. frv. Ákvæði 60. gr. stjskr. byggir á þeim fyrirmælum, sem hverju sinni gilda um aðferð áfrýjunar opinberra mála. Og eftir frv. verður kæruaðferðin eftir 114. gr.

Um 54. gr.

Hér er safnað ákvæðum, þar sem bann er lagt við gæzluvarðhaldi í þrengri merkingu. Vitanlega er dómara allt að einu rétt að banna sökunaut för úr ákveðnu takmarki eða fela öðrum manni eftirlit með aðilja, t. d. alþingismanni að fara ekki úr Reykjavík, meðan þing stendur. En trygging eftir 56. gr. fyrir návist mun ekki verða heimtuð af alþingismanni. Þar á móti virðist mega heimta tryggingu eftir 3. og 4. tölul., ef aðili óskar að losna við þær gæzluráðstafanir, sem þar greinir.

Um 1. tölul. Er samkvæmur 3. málsgr. 60. gr. stjskr.

Um 2. tölul. Bannið við gæzluvarðhaldi alþingismanna er samkvæmt 44. gr. stjskr. En grein þessi er ófullkomin, því að hún talar ekki um þingfrestanir. Það er sönnu nær, að alþingismenn njóti hlunninda greinarinnar, þó að Alþingi sé frestað stuttan tíma, en ekki, ef fresturinn stendur lengi, eins og t. d. átti sér stað 1930. Stjórnarskráin heimilar almenna löggjafanum skýringu á orðunum: „meðan Alþingi stendur“, og er því heimilt að setja takmörk þingfrestunar 14 daga, eins og hér er gert, sbr. 19. gr. stjskr. Þessi tímamörk gilda og, þótt þingið sjálft aðeins ákvæði frestunina, sem vera kann heimilt.

Um 3. tölul. Það þykir rétt að undanþiggja alla unglinga undir 16 árum eiginlegu gæzluvarðhaldi, og ekki aðeins börn undir 14 ára aldri, eins og segir í 3. málsgr. 5. gr. laga nr. 39/1907. Börn öll undir 16 ára aldri, sem í brotamál rata, sæta nú aðgerðum barnaverndarnefnda, og virðist því eiga við, að sú nefnd vinni hér í samráði við lögreglu og dómara.

Um 4. tölul. Er í samræmi við eðli málsins og venju.

Um 55. gr.

Er í samræmi við eðli málsins. Hér virðist rétt að veita dómara heimild til kyrrsetningar og rannsóknar skjala án sérstaks dómsúrskurðar, en vitanlega ber honum að halda öllu því, er vera kynni í slíkum skjölum og ekki varðar rannsókn málsins, algerlega leyndu.

Um 56. gr.

Í 60. gr. stjskr. er gert ráð fyrir því, að sökunaut, sem annars skyldi setja í gæzluvarðhald, megi láta halda frelsi gegn því, að trygging verði sett fyrir návist hans. Þótt dómari taki þann kost, þá getur hann auðvitað jafnframt bannað sökunaut för úr ákveðnu marki eða falið öðrum mönnum að hafa eftirlit með honum. Um tryggingu þessa, sem bæði sökunautur og þriðjimaður getur sett eftir ákvörðun dómara, hefir vantað reglur í lög, og hefir því þótt réti að skrá hér aðalreglurnar um það efni. Ef þriðjimaður ábyrgist persónulega, þykir meðal annars einsætt, að

hann sé venjulega búsettur hér á landi, svo að hann verði greiðlega sóttur hér fyrir dómi og aðför megi hjá honum gera hér á landi. Þó virðist vel mega víkja frá þessu, ef banki hér ábyrgist fyrir hann og svarar til sakar. Ef útlendur maður setur dómara þar á móti fullnægjandi handveð eða gott veð í íslenzkri fasteign, þá er dómara hættulaust að taka slíka tryggingu.

Trygging eða ábyrgð samkvæmt grein þessari skal vera tiltekin að upphæð og getur líka verið það að tímanum til. Ef svo er, fellur hún niður að tímanum liðnum, nema hún sé endurnýjuð, og ber dómara að tryggja sönnun fyrir því. Auk þess getur sá, er tryggingu setti eða gerðist ábyrgðarmaður, hvenær sem er slitið skyldu sinni, nema hann hafi undirgengizt hana ákveðinn tíma, og líklega þriðjimaður einnig þá, er honum virðist sökunautur líklegur til að brjóta burtfararbann dómara.

Það er nýmæli, í samræmi við ákvæði danskra laga, að greiða skuli skaðabætur af tryggingarfé eða ábyrgðar. Þetta helgast af því, að líklegra kynni að vera, að bætur fengjust af fé sökunauts, ef hann hefði ekki haldið frelsi sínu. Það er almennt brot á banni dómara, ef sökunautur fer leyfislaust úr settu marki. En á þetta verður þó ekki alltaf litið sömu augum. Í fyrsta lagi getur burtför hans verið samkvæmt neyðarrétti, og í öðru lagi getur honum snúizt hugur og komið aftur til dómara. Ef hann gerir það innan sennilegs tíma — mánuður er ákveðinn í frvgreininni —, þá virðist rétt að heimila það, að ábyrgð eða tryggingu skuli ekki vera fyrirgert. Þetta gildir þar á móti ekki, þótt sökunautur verði handsamaður gegn vilja sínum fyrir þann tíma.

Um 57. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við venju hér á landi, sem helgazt hefir af því, að fangahús hefir skort og skortir enn, einkum til sveita. Dómari verður annars að ráða fram úr því hverju sinni, hvernig gæzlu varðhaldsfanga skuli haga.

Um 58. gr.

Það er aðalreglan, að sá, er settur var í gæzluvarðhald og dæmdur verður sekur um brot, fær ekki bætur fyrir varðhaldið. En undantekningar verður þó að gera frá þessari reglu. Ein slík undantekning er í 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 28/1893 um þá, er settir hafa verið í gæzluvarðhald þvert ofan í bann 3. málsgr. 60. gr. stjskr., það er getur í 1. tölul. 54. gr. frv. Alveg sama máli gegnir um alþingismenn (2. tölul. sömu greinar). Því næst þykir einsætt, að börn og sjúklingar, vanfærar konur o. s. frv. (3. og 4. tölul. 54. gr.) eigi og kröfu til bóta, ef nefndir tölul. eru brotnir. Um vanfærar konur og konur með börn á brjósti þarf dómari ekki einu sinni að leita til læknis, ef á hvorugu getur vafi leikið. Ef sökunautur kveðst annars vera sjúkur og nokkur vafi má á því vera, skal dómari afla læknisálits. Og ef læknir telur manninn ekki mega setja í gæzluvarðhald, eða telur það að minnsta kosti óvarlegt, þá getur varðhaldsvist orkað skaðabótaskyldu, hver sem úrslit málsins verða.

Annars er það fyrsta skilyrði bótaheimtu, að aðili, sem gæzluvarðhaldi hefir sætt eftir 1.—6. tölul. 52. gr., eða gæzlu eftir 4. tl. 54. gr., verði sýknaður eða rannsókn lúki án málshöfðunar. Þótt maður sé sýknaður af ákæru um brot það, sem hann var upphaflega sakaður um og olli varðhaldsúrskurði, en verður sekur dæmdur um annað brot, er á hann sannast í sömu rannsókn, enda hefði mátt setja hann í gæzluvarðhald þess vegna, þá mun hann venjulega ekki eiga kröfu til bóta, en þó virðist slíkt ekki með öllu útilokað.

Auk þessa skilyrðis eru tvö önnur sett. Það er ekki nóg, að aðili sé sýknaður, heldur er þess að auki krafizt, að fremur megi hann ætla sekan en saklausan. Sýknun vegna sannanaskorts einvörðungu veitir honum því ekki rétt til bóta. Og ekki mundi hann heldur eiga bótakröfu, þótt hann væri sýknaður vegna sakarfyrningar, nema dómari hefði þegar átt að sjá, að sök væri fyrnd, og varðhaldsvistin væri því gáleysisbrot eða ásetnings. Sýknun vegna sakhæfisskorts mundi ekki

heldur veita rétt til bóta, nema þá eftir 1. málsgr. Nauðsynleg vist á geðveikrahæli til rannsóknar á sakhæfi aðilja mundi venjulega ekki heldur orka bótarétti.

Þá getur framkoma sýknaðs manns, er fremur má teljast saklaus en sekur eða jafnvel sannast sýkn saka, hafa verið þannig í rannsókn málsins, að varðhald hafi verið nauðsynlegt, t. d. tilraun til stroks, viðleitni til að spilla gögnum, vísvitandi rangar skýrslur o. s. frv. Og getur hann þá ekki fengið bætur. Þar sem aðeins stórkostlegt gáleysi firrir mann kröfunni, þá útilokar fát og misskilningur hana ekki, fremur en eftir 2. gr. laga nr. 28/1893.

Gæzla, sem ekki er beinlínis fólgin í varðhaldsvist, getur vel raskað högum þess, er fyrir henni verður. Varðhald utan fangahúss, þar sem frelsisskerðingin er alveg söm eða jafnvel harðari, verður eflaust að meta sem varðhald í fangahúsi, og orkar hún því bótarétti með sama hætti. Gæzla á sjúkrahúsi getur og raskað heimilishögum aðilja, t. d. vanfærrar húsmóður, og getur líka valdið andlegum þjáningum. Jafnvel vist á heimili, þar sem sökunautur gengur út og inn með fólki til heimaverka, eins og mjög hefir tíðkazt í sveitum, felur og oft í sér röskun á atvinnu og heimilishögum, og andleg þjáning getur það mörgum verið að vera settur undir gæzlu eða eftirlit vegna glæpagrunar. Af þessum sökum virðist rétt að veita heimild til að dæma bætur, þegar svo stendur á sem í 57. gr. getur, þótt bætur verði oft eða oftast lægri en þegar gæzluvarðhald í þrengri merkingu er haft.

Um 59. gr.

Aðalreglan er, að dómari starfar á áhættu ríkissjóðs, er hann úrskurðar mann í gæzluvarðhald. Og er ríkissjóður því alltaf ábyrgur gagnvart aðilja. Ef aðgerðir dómara verða metnar honum til ásetningssyndar eða gáleysis, má dæma hann in solidum með ríkissjóði til greiðslu bóta, og mundi ríkissjóður þá eiga endurheimt á dómara þess, er hann hefir greitt.

Um 60. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til 3. og 6. gr. og að nokkru til 4. gr. laga nr. 28/1893. Um aðild er sú breyting gerð frá 6. gr. laga 1893, að skuldheimtumönnum hans er veitt sakaraðild, ef sá er látinn, sem í gæzlu eða varðhald var settur, um fjárhagstjónið. Varðhaldsvist hefir oft bakað aðilja beint fjárhagstjón (þar á meðal lánstraustsspjöll og álitshnekki), og þar með rýrt hag skuldheimtumanna. Þar á móti eiga skuldheimtumenn aldrei óinnheimtar bætur fyrir andlegar þjáningar og miska. Það eiga nánustu vandamenn aðilja, þar á meðal kjörbörn, sem við er bætt þá, er 6. gr. laga 1893 greinir.

Það mun hafa orðið alveg föst venja, að mál til bóta fyrir gæzluvarðhald hafi verið höfðað fyrir landsyfirdómi og nú hæstarétti a prima instantia. Hinar leiðirnar, sem fara má eftir lögum nr. 28/1893, hafa alls ekki verið notaðar. Fyrir því hefir aðallega verið lagt til, að mál þessi skuli höfða fyrir hæstarétti. Þar með ætti málið að lúkast fljótast og verða ódýrara en ef fyrst skyldi höfða mál í héraði, sem mundi svo langoftast verða skotið til hæstaréttar. Þó hefir virzt hentugt að halda heimildinni til að bera skaðabótakröfu undir hæstarétt í sambandi við áfrýjun opinbers refsimáls. Og verður þá þeim, er áfrýjunarstefnu gefur út, skylt samkvæmt kröfu sökunauts að setja nauðsynleg ummæli þar um og kröfur í fyrirkall til æðra dóms, og sóknara og verjanda þar að útlista það atriði hvorum frá sjónarmiði hvors aðilja. En gæta verður þess, að opinbera málinu verði ekki frestað óhæfilega vegna bótakröfunnar.

Um 61. gr.

Hún svarar að mestu til 4. gr. laga nr. 28/1893. Það hefir alltaf þótt eðlilegt, að aðili gerði skjótan reka að skaðabótamálum þessum, því að óhentugt er, að ríkissjóður eigi slíkar kröfur yfir höfði sér fyrningartímann samkvæmt lögum um fyrningu skulda, sem vera mundi, ef ekki væru settar skemmri frestir til málshöfðunar. Frestur reiknast frá uppkvaðningu hæstaréttardóms, ef opinbera málinu er á-

frýjað, en ella frá uppkvaðningu héraðsdóms. Ef aðili neytir heimildar síðustu málsgr. 60. gr., gilda frestir þessir ekki, þótt liðið kynni þá að vera ár eða meira frá uppkvaðningu héraðsdóms. Loks má vera, að úrslitadómur opinbers refsimáls í hæstarétti verði ómerkingardómur, og að málið verði aldrei aftur upp tekið, og hlýtur fresturinn þá að teljast frá uppkvaðningu þess dóms. Ef svo færi þar á móti, að sökunautur gæti ekki krafizt áfrýjunar, t. d. vegna sýknudóms í héraði, og allt að ári stæði á áfrýjunarákvörðun af hálfu ríkisvaldsins, þá yrði að taka stefnu til skaðabótamáls út áður en ársfresturinn væri liðinn til þess að tryggja réttinn, ef ákveðið yrði, að ekki skyldi áfrýja málinu.

UM VIII. KAFLA

Það þykir nú alstaðar, þar sem horfið hefir verið frá hinni gömlu rannsóknaraðferð (inquisitio) sjálfsagt, að sökunautur eigi þess kost að fá sér skipaðan verjanda þegar eftir frumpróf, ef rannsókn heldur þá áfram, nema hann kannist afdráttarlaust við sök sína. Þá er venjulega ekki ástæða til að skipa sökunaut verjanda þegar í stað, heldur fyrst eftir að mál er höfðað, ef hann óskar þess eða dómara þykir annars sérstök ástæða til þess, sbr. 83. gr. frv. Þessi regla hefir og verið tekin í frv. í öllum aðalatriðum. Það væri þó alveg óþarft að skipa sökunaut verjanda í rannsókn hinna óverulegustu mála, svo sem vegna margra almennra lögreglubrota svonefndra, er lítil refsing liggur við.

Um 62. gr.

Eins og drepið var á, virðist venjulega ekki vera ástæða til að skipa verjanda, ef frumprófið hefir endað með afdráttarlausri játningu sökunauts um þau atvik, er máli skipta, og þau eru einföld. Að vísu heldur þá rannsókn ef til vill áfram um einhver atriði, svo sem vitnaleiðsla til að sannprófa játninguna, skjala aflað um aldur og undanfarna hegðun sökunauts o. s. frv. En þess vegna er sjaldan ástæða til að skipa sökunaut verjanda, nema þá ef vitnaleiðsla fer fram að honum fjarstöddum eða ef það kemur í ljós, að vitni bera sökunaut þyngri sökum en hann játar á sig, enda reynist játning hans þá ekki „afdráttarlaus“. Og getur dómara þá orðið skylt að skipa verjanda. Ef játning fæst ekki afdráttarlaus í frumprófi eða hún reynist síðar ekki vera það, koma reglurnar í a- eða b-lið til greina.

Um a. Hér þarf dómari ekki að skipa verjanda, nema sökunautur óski þess eða lögráðamaður hans eða svo sé ástatt sem í b. segir. Eftir 1. verður það almenn regla, að sökunautur getur krafizt verjanda, ef skilyrðin til þess eftir upphafi greinarinnar eru fyrir hendi. Ef t. d. bifreiðarstjóri játar sig hafa drukkið hálfa viskyflösku beint áður en hann hóf akstur, þá er ekki vafi á því, að hann hefir ekið ölvaður. En ef hann játar að hafa drukkið einn snaps, þá verður málið vafasamt og því ef til vill einnig vafasamt, hvort svipta skuli hann ökuleyfi um tíma, eða ef til vill æfilangt, ef áfengisbrot er ítrekað. Eða maður verður að kannast við misfellur á bókhaldi sínu, en vafi er á, hvort þær séu svo vaxnar, að refsingu varði eða refsingu eftir 2. málsgr. 264. gr. hegningarlaganna. Þegar að vísu er sannreynt, að misfellur hafa orðið, en algert matsatriði er, hversu dæma skuli, þá virðist sökunautur geta krafizt verjanda eftir þessum lið. Missir réttinda er ýmist ákveðinn berum orðum í lögum, t. d. missir réttar til að stýra bifreið, til að reka eða stjórna atvinnufyrirtæki, til að stjórna skipi o. s. frv. En þar að auki getur verk verið svívirðilegt að almenningsáliti, sem kallað er, og þar með haft í för með sér missi réttinda, t. d. þjófnaður missi kjörgengis og kosningarréttar, missi ökuleyfis, með því að bifreiðarstjóri verður að vera „heiðarlegur“ maður. Þegar því ekki liggur fyrir alveg skýlaus játning um slík brot, getur sökunautur krafizt verjanda. Ástæðan fyrir því er sú, að slíkar afleiðingar brots valda sökunaut missi þeirra réttinda, sem allur almenningur hefir. Og réttindamissir þessi er honum oft allþungbær.

Um 2. Svo sem áður var sagt, þykir ekki ástæða til að skipa sökunaut verjanda í rannsókn minniháttar brota, sem ekki varða réttindamissi eftir 1. tölul., enda þótt játning hans sé ekki fengin, nema þá ákvæði b-liðar komi til greina. Það er vitanlega algert álitamál, hvar setja skuli mörkin, hvort nema skuli staðar við þyngri eða vægari refsingu en hér er gert.

Um b. Hér skiptir vilji eða krafa sökunauts ekki máli um skipun verjanda.

Um 1. Það hefir alltaf verið talið sjálfsagt að skipa sökunaut talsmann, þegar staðfesting vitnaskýrslu eða matsgerðar fer fram að honum fjarstöddum. En auðsætt er, að miklu máli getur skipt, að sökunautur hafi einnig talsmann, þegar vitni eru spurð og matsmenn eða skoðunar vinna starf sitt. Auðvitað koma þó ákvæði 47. gr. til greina í þessu sambandi. Og svo getur verið, að nauðsyn verði einnig að brjóta lög, ef sönnunargagnið kynni að glatast, ef beðið væri eftir skipun verjanda. Og verður þá allt að einu að afla þess.

Um 2. Þegar rannsókn fer fram að boði dómara fyrir lokuðum dyrum, er návist verjanda trygging fyrir því, að ekki sé hagur sökunauts fyrir borð borinn. Sbr. þó hér við 47. gr. 1. og 2. tölul.

Um 3. Þegar svo er ástatt um sökunaut sem hér segir, þá verður játning hans, sbr. upphaf greinarinnar, sjaldan fullnægjandi, og getur því orðið ástæða til að skipa honum verjanda eftir þessum tölul., jafnvel þótt hann hafi í orði kveðnu játað sig hafa framið verknað þann, sem hann er borinn. Það fer eftir álitum dómarans, hvort þörf sé verjanda eftir þessum tölul. Getur dómari og falið kunnáttumanni að athuga sökunaut, ef hann er í vafa um ástand hans.

Það hefir jafnan verið venja, að sökunaut væri ekki skipaður verjandi í opinberu máli, nema hann óskaði þess. Þessi regla verður og látin haldast almennt um rannsókn máls, nema dómara þyki sérstök ástæða til að víkja þar frá, t. d. vegna greindarskorts sökunauts, geðbilunar o. s. frv.

Um 63. gr.

Það þykir við eiga, að ríkisvaldið hafi einnig fyrirsvarsmann, annan en dómara, þar sem sökunautur fær sér skipaðan talsmann. Með því móti virðist fyrir það girt, að hagsmunum sökunauts verði of einhliða haldið fram, því að sækjandi verður þar í fyrirsvari af hendi ríkisvaldsins. Og virðist þá full trygging fyrir því, að hvorttveggja komi fram, er verða má sökunaut til hags og óhags. Og starf dómarans verður þá væntanlega léttara og honum er óhættara við óviljandi hlutdrægni.

Um 64. gr.

Almennt verður að telja löggilta málflutningsmenn hæfari til að gegna störfum verjanda en leikmenn í lögum. Þess vegna þykir rétt, að löggiltir málflutningsmenn verði skipaðir verjendur, þar sem þeirra er kostur. En þar sem slíkra manna er ekki kostur án aukins kostnaðar eða tafa, þar verður að taka menn, er fara mega með mál annara fyrir dómi eftir reglum emlh. Ennfremur virðist eigi rétt að meina sökunaut, jafnvel þar sem löggiltan málflutningsmann mætti skipa, að kjósa sér til varnar ákveðinn mann, sem annars mætti fara þar með mál annara manna fyrir dómi, ef hann treystir honum betur en öðrum og dómari telur hag sökunauts borgið í höndum þess manns. Annars er nauðsynlegt, að góð samvinna verði milli dómara og málflytjenda um þessi efni, einkum í Reykjavík.

Um 65. gr.

Er samkvæm reglum þeim, er nú tíðkast um skipun verjanda.

Um 66. gr.

Það er auðsætt, að verjandi má eigi með nokkrum hætti vera andstæður hagsmunum sökunauts eða svo við mál riðinn beint eða óbeint, að hann gæti ef til vill ekki beitt sér á allan löglegan hátt sökunaut til varnar. Aðstaða sækjanda er og að

því leyti lík, að hann má ekki vera svo staddur, að hann geti ekki á löglegan hátt beitt sér til að upplýsa málavöxtu sökunaut í óhag. Og um báða er það sameiginlegt, að þeir mega ekki standa í því sambandi við dómara, t. d. óvinir hans, venzlamenn o. s. frv., að hann yrði þess vegna óhæfur til að fara með málið. Ástæða þessarar kröfu er sú, að annars kostar yrði að skipa setudómara eða skipta um meðdómanda, en slíkt veldur kostnaði og töfum.

Um 67. gr.

Hér eru ákvæði um skyldur og réttindi sækjanda og verjanda almennt. Þótt líta megi á starf þeirra sitt frá hvorri hlið, þá eiga þeir að hafa það hugfast, að hvorumtveggja ber að vinna að því, að hið sanna og rétta komi í ljós. Starf þeirra á að vera til hægðar dómurum, en ekki til torveldunar. Ef svo yrði, þá misskilja þeir hlutverk sitt. Að vísu verður verjanda almennt ekki meinað viðtal undir fjögur augu við sökunaut, þótt hann sé í gæzlu, og honum gert óheimilt að segja frá því, er sökunautur kann að hafa trúað honum fyrir, ef það er sökunaut í óhag. Og er skylda verjanda til að upplýsa málið að þessu takmörkuð. En ef þessu væri ekki svo hagað, gæti vörnin oft ekki komið að tilætluðum notum, því að oft er verjanda nauðsynlegt vegna starfs síns að vita betur hug sökunauts en hann mundi eiga kost á, ef hann mætti ekki tala einslega við hann að viðlagðri þagnarskyldu.

Bæði vegna rannsóknar málsins og vegna sökunauts þykir sjálfsagt að leggja þagnarskyldu á sækjanda og verjanda um það, er þeir komast að í starfi sínu, enda sé það ekki þegar kunnugt almenningi, t. d. vegna skýrslu í blöðum o. s. frv.

Um 68. gr.

Þykir ekki þurfa skýringar.

Um 69. gr.

Þegar rannsókn lýkur án málshöfðunar, þá þykir það hentugast, að rannsóknardómari ákveði þóknun sækjanda og verjanda. Þetta verður sjaldnast gert í því þinghaldi, er rannsókn lýkur, því að síðar verður ef til vill ákveðið, að mál skuli ekki höfða. Þegar svo er ástatt, getur sækjandi og verjandi krafizt úrskurðar um þóknun, og virðist dómari eiga að setja rétt í því skyni og bjóða þeim að vera þar við. Sama yrði, ef mál væri að vísu höfðað, en aldrei gengi dómur um þóknun sækjanda og verjanda. Ef skipt yrði um sækjanda eða verjanda, mundi viðkomandi einnig þá geta látið dómara ákveða þóknun með úrskurði eftir analogíu þessarar greinar.

Um 70. gr.

Sækjanda og verjanda verður að skoða opinbera sýslunarmenn í því starfi. Og því varðar það þá refsingu eftir 13. kap. hegningarlaganna eða öðrum ákvæðum þar um, ef þeir brjóta í starfi sínu.

UM IX. KAFLA

Í X. kafla emlh. er safnað fyrirmælum um sönnun og sönnunargögn. Það er auðsætt, að meiri hluti þeirra reglna á einnig við opinber mál. Í lögum um meðferð þeirra má því að allmiklu leyti nægja að vísa til viðeigandi fyrirmæla emlh. og telja þær undantekningar, sem gera verður frá þeim reglum.

Um 71. og 72. gr.

Hér kemur fram ein aðalregla um meðferð opinberra mála, mjög frábrugðin reglum einkamálameðferðar í héraði. Þar er sú regla viðurkennd, að sönnunarbyrðin skiptist að mjög miklu leyti milli aðilja. En hér gildir sú meginregla, að sökunautur verði sýknaður, nema ákæruvaldið sanni á hann sök. Þar til telst sönnun fyrir því, að hann hafi framið saknæman verknað, og hin nánari atvik að honum, t. d. með

hverjum hætti, að sökunautur sé sakhæfur, ef ástæða er til að efast um það, aldur og framferði sökunauts undanfarið, ástæður til refsiauka o. s. frv. Ósannaðar skýrslur sökunauts, er miða honum til refsimildunar eða jafnvel refsihvarfs, verða að jafnaði teknar trúanlegar, nema þær þyki sérstaklega ósennilegar, t. d. um neyðarvörn, tilverknað þess, er fyrir broti hans varð, að öðru leyti, sbr. 1. d. 190., 197. og 207. gr. hegningarlaganna.

Meginsönnunargagn í opinberum málum hefir lengi verið játning sökunauts. Það verður hún og eftir frv. En það veitir dómara miklu meira svigrúm til mats á henni en N. og D. L. 1—15. Honum er veitt heimild til að meta allar skýrslur sökunauts eftir atvikum með svipuðum hætti og í 122. gr. emlh. segir. Nú á dögum hafa menn séð, að fjarri lagi er að binda hendur dómara um mat á sönnunargildi sakargagna, þó að nokkrar öryggisástæður geti leitt til slíks í einkamálum. En þeim er varla til að dreifa um opinber mál, nema aðeins sökunaut í hag. Það er sem sé almenn öryggisregla, að sýkna skuli sökunaut, nema fullnægjandi sönnun sé fram komin gegn honum („in dubio pro reo"). Einstök ákvæði í lögum, andstæð þessari reglu, þykja jafnan mjög ísjárverð, sbr. t. d. 195. og 196. gr. hegningarlaganna, 2. tölul. 27. gr. laga nr. 64/1930. Þótt dómara sé veitt heimild til að meta skýrslur sökunauts eftir atvikum, þá skal ekki felast í því nokkur undantekning frá regla 71. gr. um sönnunarbyrðina. Dómari má ekki þar fyrir mynda sér nokkrar löglíkur gegn sökunaut, heldur merkir ákvæðið ekki annað en það, sem óhjákvæmilegt er, að dómari verður að meta sönnunargildi allra þeirra gagna, sem aflað verður. Hjá mati, og oft erfiðu mati á sönnunargögnum, verður ekki komizt, því að sjaldan fæst svo sannfærandi sönnun í dómsmálum sem það, að 2 og 2 séu fjórir.

Um 73. gr.

Hún svarar til 124. og 125. gr. emlh., um vitnaskyldu. En í opinberum málum verður að gera nokkrar undantekningar frá ákvæðum um vitnaskyldu í einkamálum, af því að ríkari áherzlu þykir verða að leggja á það, að hið sanna komi í ljós.

Um 1. tölul. Í opinberum málum getur það skipt miklu máli, að sökunautur og vitni verði samprófuð. Geta þá vitni og sökunautur ef til vill leiðrétt hvor annars skýrslu, og sökunautur treystist ef til vill ekki lengur til að neita málsatvikum, sem vitni, eitt eða fleiri, kveða verið hafa svo eða svo. Þess vegna þykir verða að leggja ríka áherzlu á það, að dómari hafi sæmilega víðtæka heimild til að stefna vitnum fyrir sig, enda þótt þau verði þá að gefa skýrslu utan heimilisvarnarþings síns. En vitanlega verður dómari þá að haga svo til, að þinghald verði einmitt á þeim stað og tíma, sem vitni henti bezt eftir samgöngum milli bústaðar þess og þingstaðar. Ef dómara þykir mega beita ákvæði þessa tölul., stefnir hann vitnum að viðlögðum vítum þeim, er vitni verða að sæta, ef þau inna ekki af höndum vitnaskyldu sína, sbr. 75. gr. frv. og 131. gr. emlh.

Um 2. tölul. Það hefir almennt ekki verið talið, að venzl vitnis við sökunaut (1. tölul. 125. gr. emlh.), leysti það undan vitnaskyldu í opinberum málum. Þó eru hjón í sumum erlendum lögum leyst undan skyldu til að skýra frá því, er þau hafa hvort öðru sagt í trúnaði. Hér verður dómari að fara varlega í sakir, því að þaulspurningar um þetta atriði geta vel, ef þeim væri svarað, gert undanþágurétt-inn að engu. Ef vitni segir, að tal sitt og maka síns (sökunauts) um tiltekið atriði hafi verið í trúnaði, þá verður dómari venjulega að taka það trúanlegt.

Það hefir ekki heldur verið talið, að hagsmunir vitnis, 2. tölul. 125. gr. emlh., leystu það undan vitnaskyldu í opinberum málum. Hér verður þó að gera þá mikilsverðu undantekningu, að maður, sem kvaddur er skýrslu í opinberu máli, þurfi ekki að svara spurningu, er varðar, beint eða óbeint, sekt hans um það atvik, sem um er spurt. Þetta er fyrst og fremst í samræmi við þá reglu, að sökunautur þarf ekki að svara spurningum varðandi sekt sína, og að sannleiksskyldan hvílir ekki á sökunaut með sama hætti sem vitnum almennt.

Vitni í opinberum málum verða ekki skylduð til að svara óljósum eða einskisverðum spurningum fremur en í einkamálum. Svar við óljósri spurningu verður venjulega þýðingarlaust. Engum dómara á að vera það ofverk að orða spurningar sínar greinilega og skýra efni þeirra fyrir vitni.

Þótt embættismenn séu undanþegnir skýrslu um embættisathafnir, sem sanna má með embættisvottorði, þá getur auðveldlega svo staðið á, að reynandi sé að leita þess, hvað embættismaður kunni beint að muna nánar eða skýrar en embættisvottorðið segir. Og verður embættismaður þá skyldur að koma fyrir dóm, ef rannsóknardómari telur það kunni að skipta máli.

Um 3. tölul. Ákvæðið um styttingu stefnufrests (99. gr. emlh.) miða til þess, að opinberum málum megi hraða sem unnt er. Hér verður dómari þó vitanlega að haga sér eftir atvikum hverju sinni, sbr. einkum aths. við 1. tölul.

Það þykir rétt að taka það skýrt fram, að vitni, sem þrjózkast við að sinna kvaðningu dómara, megi sækja með valdi. Það getur fyrirgirt tafir, sem annars yrðu af því að þvinga vitnið með sektum eða fangelsi til að gera skyldu sína, því að vel má vera, að vitni svari spurningum dómara, þegar það er komið fyrir hann, þótt það hafi ætlað sér að komast hjá að sækja dómþing.

Um 74. gr.

Þessi grein svarar til 126. gr. emlh. Það virðist auðsætt, að hagsmunir ríkis eða almennings geti verið því til fyrirstöðu jafnt í opinberum málum sem einkamálum, að vitni skýri frá atvikum (1. og 2. tölul. 126. gr. emlh.). Þar á móti geta hagsmunir einstaklings ekki óheimilað vitni að gefa skýrslu í opinberu máli (3. og 4. tölul. 126. gr. emlh.).

Um 5. tölul. 126. gr. emlh. athugast sérstaklega, að ákvæði 74. gr. um hann segir það eitt, að sá, sem nafngreindur er að riti og ber því að lögum ábyrgð á því, er skyldur til að nefna höfund, þótt höfundi verði ekki refsað á þeim grundvelli. En þrátt fyrir það getur löggæzlumönnum verið mjög mikilsvert að vita um höfundinn, t. d. til þess, að unnt verði að varna honum með aðstoð dómsvaldsins að halda áfram útgáfu þjóðhættulegs eða svívirðilegs rits, t. d. klámrits eða klámmynda, til að gera rit upptæk o. s. frv.

Um 75. gr.

Reglur emlh. um bann við eiðfestingu tiltekinna vitna (127. gr.), ákvæði 128. gr. sömu laga um úrlausn þess, hvort vitni hafi undanþágurétt, bresti heimild til að vitna um atriði eða megi staðfesta skýrslu sína o. s. frv., ákvæði 129. gr. emlh. um sönnunargildi vitnaskýrslu og mat á því, reglur 130. gr. um efni vitnastefnu og meðferð á vitnum, er ekki koma á þing, fyrirmæli 131. gr. um viðurlög, ef vitnaskylda er ekki rækt, 132.—134. gr. um aðferð við vitnaleiðslu og staðfestingu vitnaskýrslu, og loks ákvæði 135 gr. emlh. um þóknun vitna, eiga öll við um opinber mál, með þeim breytingum eftir eðli málsins, sem í 75. gr. getur. Dómari getur hér látið sækjanda og verjanda taka samsvarandi þátt í vitnaleiðslu sem aðilja eða umboðsmenn þeirra í einkamálum. Um skriflega framlagðar spurningar í opinberum málum verður væntanlega ekki oft að tefla, en þó má vel vera, að sækjandi eða verjandi leggi skriflegar spurningar fram, og getur þá dómari lagt þær fyrir vitni. En skylda dómarans verður þó enn ríkari til að spyrja vitni af sjálfsdáðum í opinberum málum en í einkamálum, og staðfesting skýrslu í opinberum málum verður alveg á valdi dómarans innan takmarka niðurlags greinarinnar. Í einkamálum fer staðfesting þar á móti því aðeins fram, að hennar sé krafizt af hálfu aðilja.

Um 76. gr.

Ákvæði 136.—144. gr. um matsgerðir og skoðanir (hverjir þær framkvæmi (136.—138. gr.), hæfi matsmanna og skylda til að meta, dómkvaðning, framkvæmd matsgerðar o. s. frv. (138.—140. gr.), forföll, vanræksla og lát matsmanna, þóknun þeirra

(141. gr.), yfirmat, úrskurðarvald dómara um matsmál og mat á sönnunargildi matsgerða (142.—144. gr.)) eiga yfir höfuð einnig við um opinber mál, að undanteknum nokkrum atriðum, sem helgast af því, að enginn einstakur maður á aðild opinbers máls. Dómari verður því hér að láta meta eða skoðun fara fram, hvenær sem honum finnst þess þörf, og hefir allar framkvæmdir í því efni, hvort sem sækjandi, verjandi eða sökunautur hlutast þar um eða ekki. Í samræmi við þetta eru undantekningarákvæði þessarar greinar frá reglum framannefndra ákvæða 136.—144. gr. emlh.

Það væri ógerningur að setja reglur um líkskoðun og líkkrufning í almenn lög um meðferð opinberra mála. Um það verður að fara eftir reglum þeim, sem réttarlæknisfræðin telur vera eiga, enda hefir ekki þótt hlýða að setja í almenn réttarfarslög reglur um slíkar skoðanir fremur en um aðrar skoðanir, t. d. um skoðun hluta, rannsókn geðbilaðra eða vanþroska manna, sem riðnir eru við refsiverð verk.

Ákvæðin í 3. málsgr. um skoðun á sökunaut eru nýmæli í lögum, þó að úrskurðir hafi verið kveðnir upp í þá átt, t. d. áfengisprófun bifreiðarstjóra. Í lögvörzlu nú á tímum er nauðsynlegt að hafa ákveðna lagaheimild til slíkra rannsókna.

Um 77. gr.

Þegar skjal, sem máli kann að skipta, er í vörzlum sökunauts eða þriðjamanns, verður rannsóknardómari að gera ráðstafanir til að afla þess eða fá aðgang að því til rannsóknar. Getur hann þá kveðið upp úrskurð um leit að því, kyrrsetning þess eða töku úr vörzlum geymslumanns, sbr. 37. og 49. gr.

Það þykir rétt, að það tillit sé tekið til hagsmuna eiganda skjala, sem í 149. gr. emlh. segir, með því að sönnunargildi skjals raskast ekki fyrir það. Aftur á móti eiga ákvæði 145.—148. gr. sömu laga ekki við um opinber mál. Þessi ákvæði miðast við aðilja einkamála. Sérstaklega skal geta þess, að fyrirmæli 148. gr. um úrskurð að viðlögðum dagsektum um skyldu til framlagningar skjals gæti að vísu orðið notað í opinberum málum, en sú leið er seinfarnari en leiðin, sem lög leyfa í opinberum málum, sú, að úrskurða leit að skjali og töku þess. En ef skjal finnst þá ekki, þá má neyta 150. gr. emlh. og skylda viðkomandi til að láta skjal koma fram að viðlögðum dagsektum, eins og í 148. gr. segir. Og undanskot skjals, framið af öðrum en sökunaut, varðar hér einnig refsingu eftir þessari grein frv., með því að hún vísar til 150. gr. emlh. 151. gr. emlh. getur og við átt um breytingar á úrskurðum rannsóknardómara á ákvörðunum sínum samkvæmt þessari gr. frv., sbr. 149. gr. emlh., en um áfrýjun dómsúrskurða um framlagningu eða skoðun skjala er sérstakt ákvæði í 10. tölul. 112. gr. frv. Reglur 152. gr. (skylda til að láta uppi skoðun eða afnot annara sýnilegra sönnunargagna) geta vitanlega átt við í opinberum málum, en hér við er þó athuganda, að dómari getur úrskurðað leit að slíkum hlut og töku hans eftir öðrum ákvæðum frv., og gildir þar um athugasemdin um 149. gr. emlh. hér að framan.

Þá eiga og við ákvæði 152.—159. gr. í sambandi við 149., 150. og 151. gr. emlh. Það er vafalaust, að ákvæði 153. gr. um opinber skjöl, sbr. 158. gr. sömu laga, hljóta að eiga jafnt við um opinber mál sem einkamál. Samsvarandi gildir um ákvæði 155.—157., sbr. 159. gr., um einkaskjöl. Það athugast einungis, að dómari getur látið sækja mann með valdi eftir niðurlagi 73. gr. til að gefa sýnishorn af rithönd sinni eftir 156. og 157. gr. í opinberum málum, og að niðurlagsákvæði 156. gr. um það, hvernig með skuli fara, ef viðkomandi innir ekki þá skyldu sína af hendi, getur ekki átt við í opinberu máli. Ef sökunautur neitar að sýna rithönd sína, getur það ef til vill veitt líkur gegn honum, en hann verður engum harðræðum beittur þess vegna, því að honum getur ekki verið skyldara að skrifa fyrir dómarann en að svara spurningum hans. Þegar þar á móti þriðjimaður á hlut að máli, þá er honum skylt að sýna rithönd sína, ef honum er skylt eða heimilt að bera vitni um það atriði, er sanna skal samkvæmt 73. og 74. gr. frv. Má því beita hann þeim nauðungarráðum, sem til boða standa eftir 75. gr. frv., ef hann þrjózkast við boði dómarans.

Um 78. gr.

Aðildareiður hefir ekki tíðkazt í opinberum málum mikið á aðra öld. Til þess liggja tvenn rök. Í fyrsta lagi er það ofraun flestum mönnum að neyta ekki synjunareiðs, ef hans væri kostur, enda þótt þeir kynnu að vera sekir, og í öðru lagi byggist heimild til aðildareiðs á því, að full sönnun hafi ekki fengizt um sakaratriði, en þá skal sýkna sökunaut eftir nútímalögum, sbr. 71. gr. frv. Og er þá engin þörf aðildareiðs, enda mótsögn í því að veita heimild til hans, en ákveða þó, að ríkisvaldið eigi að sanna sekt sökunauts.

UM X. KAFLA

Hér greinir reglur um málshöfðun og stefnu, sækjanda og verjanda og meðferð opinberra mála eftir að rannsókn er lokið. Þetta síðastnefnda má þó ekki taka alveg bókstaflega, því að vel má vera, að eiginleg framhaldsrannsókn verði upp tekin eftir að opinbera málið er byrjað og að ný skjöl verði lögð fram eftir það, og jafnvel alveg áður en dómur er kveðinn upp, t. d. fæðingarvottorð og hegningar, sem algengt er að leggja þá fyrst fram. Það tefur málsmeðferð að bíða eftir öflun slíkra vottorða, sem í mörgum málum er fremur formsatriði en efnis.

Nú er í orði kveðnu greint milli tvennskonar meðferðar opinberra mála: Sakamála og almennra eða opinberra lögreglumála. Því skal nú að vísu ekki neitað, að oft megi hafa fljóta og óvandaðri meðferð á lögreglumálum þessum, svo sem minni háttar brotum á lögreglusamþykktum. En það er allmikið af handahófi í lögum ákveðið, hvaða mál skuli sæta meðferð almennra lögreglumála og sakamála. Fjöldi þeirra mála, sem eftir gildandi lögum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, skipta sökunaut miklu meira máli en mörg þeirra mála, sem fara skal með að hætti sakamála. Þetta fer aðallega eftir því, hvort brotið er refsivert eftir almennum hegningarlögum, eða viðaukum þeirra, eða öðrum lögum. Viðurlög fyrir brot á fiskveiðalögum, sem fara að hætti almennra lögreglumála, eru t. d. miklu þyngri en fyrir fjölda brota, sem refsa skal fyrir eftir hegningarlögunum. Og fjöldi þeirra brota er alls ekki talinn frekar mannskemmandi en t. d. botnvörpuveiðabrotin. Bifreiðarstjóra má t. d. svipta ökurétti æfilangt í almennu lögreglumáli. Raunverulega eru og almenn lögreglumál rannsökuð og meðhöndluð alveg jafnvandlega og sakamálin svonefndu, eða meginþorri þeirra. Það hefir því engin ástæða þótt til þess að greina milli opinberra mála með áðurnefndum hætti. Hitt er annað mál, að heimilt er eftir 22. gr. frv. að sleppa málshöfðun í fjölmörgum minni háttar málum, og rannsókn og málsmeðferð verður mjög oft skjótari og einfaldari, þegar brot er minni háttar en ella. Og skipun sækjanda og verjanda fer ekki fram, nema mál sé sökunaut nokkurs virði. Gæzla eða gæzluvarðhald kemur og ekki til greina í smámálum. En slíkt fer ekki eftir því, hvort málin hafa áður heitið þessu nafni eða hinu. Vegna áfengislagabrota hafa menn t. d. oft verið settir í gæzluvarðhald, enda þótt mál vegna þeirra sæti nú meðferð almennra lögreglumála.

Um 79. gr.

Ráð er gert fyrir því, að dómsmálaráðherra einn geti ákveðið málshöfðun vegna nokkurra brota (sbr. 1. málsgr. 21. gr.) og að dómari kunni að leita ákvörðunar saksóknara um málshöfðun (sbr. 3. og 4. málsgr. 21. gr.). Þá marka þeir í skipun sinni til héraðsdómara, fyrir hvaða brot og eftir hvaða lagaákvæðum mál skuli höfða. Það hefir tíðkazt um stund, að brot hafa verið skilgreind mjög almennt, t. d. höfðað mál gegn manni eftir tilteknum kafla hegningarlaganna, áfengislögum, bifreiðalögum, siglingalögum, lögreglusamþykkt Reykjavíkur o. s. frv. Þó að ekki megi fara mjög smásmuglega út í skilgreiningu brots og lagafyrirmælis, þá er hitt víst, að allt of óákveðið hefir verið, eftir hvaða lagafyrirmælum mál hefir verið höfðað og hvaða brot manni eru gefin að sök. Sökunautur á bæði heimtingu á að fá að vita skilmerkilega, hvaða brot honum er sök á gefin, hvaða lagafyrirmæli talin eru

við eiga og hvaða kröfur gerðar séu á hendur honum. Aðiljar einkamála eru taldir geta gert kröfu til nokkurn veginn nákvæmni í stefnu og málsútlistun um samsvarandi atriði í einkamálum. Virðist ekki ósanngjarnt, að gera ekki minni kröfur til ákæruvaldsins í þessu efni. Og eru reglur greinar þessarar á þessum hugleiðingum byggðar. Það er gömul regla, að ekki megi dæma mann fyrir önnur brot en þau, sem hann er saksóttur fyrir. En þar sem málshöfðunartilkynning, skipun um málshöfðun og stefna hefir verið svo óákveðin sem lýst var, þá hefir sú krafa verið heldur lítils virði. Eftir reglum 2. málsgreinar er bannað að dæma mann framar en málshöfðunarboð, þar sem skipun dómsmálaráðherra eða saksóknara er fyrir hendi, segir. En nú getur öllum yfirsézt, og er því veittur kostur á að laga síðar misfellur á málshöfðunarskipun með framhaldsákvörðun eða framhaldsstefnu eftir 81. gr.

Þegar fyrir dómara liggur málshöfðunarskipun samkvæmt 1. málsgr., þá er einfaldast og fljótlegast, að hann riti á hana fyrirkall (stefnu) til viðkomenda, er hann lætur svo birta sökunaut, verjanda og sækjanda, ef þeir hafa verið skipaðir. Ef svo hefir ekki verið gert — en skipa má sækjanda og verjanda þegar í lok rannsóknar eða endurnýja skipun sækjanda og verjanda, sem við rannsókn hafa verið, í lok hennar, ef málshöfðun verður ákveðin —, þá skipar dómari þá eða getur skipað í þinghaldi því, sem málið er þingfest í. Það nægir auðvitað og, ef viðkomendur koma fyrir dóm eftir einkatilkynningu dómara, eins og nú tíðkast mjög oft í opinberum málum, þar sem því verður við komið.

Um 80. gr.

Þegar dómari er ekki í vafa um, að mál skuli höfða, þá skráir hann í þingbók ályktun sína, sem ekki þarf að vera í úrskurðarformi, um málshöfðun, sem vera skal samsvarandi að efni til sem málshöfðunarskipun eftir 79. gr. Er slíkt mjög algengt nú. Getur það, ef viðkomendur eru viðstaddir, alveg sparað stefnubirtingu eða tilkynningu um þingfestingu máls. Annars kostar gefur dómari stefnu út eða verður að minnsta kosti að tilkynna sökunaut, sækjanda og verjanda — en um skipun þeirra vísast til aths. við 70. gr. — stað og tíma þingfestingar.

Um 81. gr.

Það virðist ekki varhugavert að heimila dómara að auka við eða leiðrétta málshöfðunarskipun saksóknara, ef svo býður við að horfa. En vitanlega er dómara hentast, ef það má verða án verulegrar tímatafar, að bera sig saman þar um við saksóknara, og haga sér svo eftir niðurstöðunni af viðtali þeirra. Annars vísast til athugasemdar við 79. gr.

Stytting stefnufrests samkvæmt grein þessari er í samræmi við samskonar ákvæði um vitni í 3. tölul. 73. gr.

Um 82. gr.

Það hefir tíðkazt, að kalla almennu lögreglumálin: Valdstjórnin gegn N. N. og hin opinberu málin: Réttvísin gegn N. N. Og ef sama mál er sótt fyrir bæði svokallað lögreglubrot og annað brot eða ef brot hefir hnigið bæði undir t. d. almenn hegningarlög og önnur lög, að kalla málið: Réttvísin og valdstjórnin gegn N. N. Er gert ráð fyrir, að munur milli þessara tveggja flokka opinberra mála falli brott, og virðist þá engin ástæða til að hafa mismunandi nöfn á opinberum málum. Ákæruvaldið er höfðandi allra þeirra, og sökunautur er kærður í þeim öllum. Og virðist heitið: Ákæruvaldið gegn N. N. hæfa þeim öllum og rétt að kalla þann, sem sök er borin, ákærða.

Um 83. gr.

Þegar dómari tilkynnir sökunaut í lok rannsóknar, að mál verði höfðað gegn honum, þá verður þegar hægt að ganga frá skipun verjanda, enda hlýtur það að verða venjan, að sá haldi uppi vörn, er varið hefir sökunaut í rannsókn málsins.

Ef enginn hefir þá verið slíkur, getur sökunautur bent á verjanda, er rannsókn lýkur eða mál er þingfest.

Það hefir nú tíðkazt, að minnsta kosti hér í Reykjavík, að sökunaut væri skipaður verjandi í ýmsum svokölluðum almennum lögreglumálum, ef hann óskar þess, enda hefir það verið réttmætt, þar sem slík mál varða sökunaut oft miklu, og hefir þá þóknun verjanda verið greidd sem annar sakarkostnaður. Hér er ætlazt til þess, að sökunautur geti venjulega fengið sér skipaðan verjanda, enda þótt enginn hafi verjandi verið við rannsókn málsins, og svo má vera, að enginn verði nú verjandi, þótt verjandi hafi verið skipaður í rannsókn máls. Það virðist vel mega gera undantekningar frá reglunni um skipun verjanda í dómsmeðferð, þótt sökunautur óski verjanda, en þá eru skilyrðin tvö: 1. A ð glögg sönnun sé fengin um öll atvik„ er brot varða, og 2. A ð refsing fari ekki yfir tiltekið mark. En dómara er veitt hér frjálsræði nokkurt. Nú er að vísu fengin full sönnun að áliti dómarans um verknað sökunauts, en mat kann að vera vafasamt á því, til hvaða niðurstöðu hann leiði, t. d. hvort hann sé yfir höfuð refsiverður eða hverri refsingu hann varði, réttindamissi o. s. frv., og er þá skylt að skipa verjanda, ef sökunautur æskir þess. Sama er, ef vafi kann að vera á sakhæfi sökunauts, fyrningu sakar o. s. frv. Um refsimarkið fer eftir atvikum hverju sinni, eins og orðalag greinarinnar sýnir.

Jafnvel þótt sökunautur æski sér ekki verjanda, getur verið sérstök ástæða til að skipa hann. Í máli geta verið ýms vafaatriði, sem verjandi kann að útlista og dómara er styrkur að skýringum hans, svo að hag sökunauts kann þá að verða betur borgið. En vitanlega á dómari ekki að jafnaði að skipa verjanda, ef sökunautur æskir hans ekki, enda hafi honum þó verið bent á rétt sinn til þess að fá sér verjanda skipaðan.

Þegar sökunautur mætir ekki fyrir dómi samkvæmt löglegri tilkynningu, eða nokkur fyrir hans hönd, þá verður almennt að skipa honum verjanda. En frá þessari reglu er svo undantekning í 2. tölul. 84. gr. Ef þegar hefir verið skipaður verjandi og hvorki hann né söknautur kemur fyrir dóm, er það almennt talinn vottur þess, að þeim þyki engin ástæða til varnar.

Um skipun sækjanda eru nýmæli. Í héraði er sækjandi í opinberum málum ekki skipaður nú, enda eru rétt 100 ár síðan skipun hans var úr lögum felld (15. gr. tilsk. 24. jan. 1838). Eiginleg sókn í opinberum málum hefir ekki tíðkazt síðan. Dómari hefir síðan að formi til komið í stað sóknara, en aðeins að formi til, því að hann hefir vitanlega enga sókn samið, heldur einungis tjáð sökunaut í þingbókun eða stefnu, að mál yrði höfðað á hendur honum fyrir tiltekin brot eða eftir tilteknum lagafyrirmælum. Þótt þetta skipulag virðist jafnvel í fyrstu sýn allfjarri lagi, þá verður ekki sagt, að það út af fyrir sig hafi reynzt svo illa, að frá því þurfi að hverfa að öllu leyti. Í minni háttar málum og þar sem skýlaus játning sökunauts liggur fyrir, virðist ekki full ástæða til þess að íþyngja sökunautum eða ríkissjóði með kostnaði þeim, er leiðir af skipun sækjanda í héraði eftir að rannsókn sakar er lokið. Þó getur mál verið svo margbrotið, að hentugt sé að skipa sækjanda, enda þótt játning sökunauts hafi fengizt, og er dómara þá kostur þess að skipa sækjanda. Þegar hvorki sökunautur né dómari hafa talið þörf verjanda í máli, þá virðist ekki heldur munu gerast þörf sækjanda. Sannleikurinn er sá, að oft verður miklu meiri þörf sækjanda og verjanda í rannsókn opinbers máls en eftir að sjálft dómsmálið hefst. Vandinn er mjög oft miklu meiri að leiða það í ljós, hvernig og hver sakaratvik eru, en að leggja dóm á mál eftir að sæmileg rannsókn á sakaratvikum hefir farið fram. Og ef dómur héraðsdómara er rangur að niðurstöðu eða aðfinnsluverður að öðru leyti, þá á hvorttveggja mjög oft rót sína eingöngu að rekja til galla á rannsókn málsins.

Um 84. gr.

Það er mjög oft, að málavextir eru svo ljósir allir, að gersamlega óþarft er að fresta máli eftir að dómari hefir tjáð sökunaut í þinghaldi samkvæmt 1. málsgr. 80. gr., að mál verði höfðað á hendur honum fyrir tiltekið brot. Þessu er svo farið

um mörg brot á hinum og þessum samþykktum, sem sökunautur kannast við, ef slíkt mál verður ekki útkljáð samkvæmt 22. gr. frv., sem væntanlega verður mjög títt. En jafnvel þótt mál hafi verið höfðað með stefnubirtingu, sbr. niðurlag 79. gr. og 2. málsgr. 80. gr. frv., þá getur verið alveg ástæðulaust að fresta máli eftir þingfestingu þess og framlagningu skjala. Verjandi, ef hann hefir verið skipaður, getur hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að ekkert væri við málið að gera, allt lægi svo ljóst fyrir, að þar væri engu við að bæta. Þegar svo stendur á, gat sökunautur hafa óskað sér verjanda samkvæmt 1. málsgr. 1. tölul. 83. gr. og dómari hefir ekki talið sér fært að synja sökunaut þess, en samt getur verið, að allir málavextir þyki svo ljósir, að umræður um málið megi telja þýðingarlausar. Og er þá þarflaust að fresta meðferð málsins, enda verður það þá þegar tekið til dóms. Sama má vera, ef hvorki sökunautur né verjandi koma fyrir dóm. Þó þykir rétt að binda heimild dómarans til að taka málið undir dóm þá því skilyrði, að refsingin fari ekki yfir tiltekið mark, sem vitanlega er sett eftir álitum. Þegar dómara sýnist refsing munu fara fram úr því marki, frestar hann máli og spyr þá aðilja, hvort hann ætli ekki að bera fram vörn.

Um 85. gr.

Þegar ráða skal, hvort málflutningur skuli munnlegur vera eða skriflegur, virðist verða að fara samsvarandi leið og í einkamálum. Þegar varnaraðili þar kemur ekki fyrir dóm, þá verður málið flutt skriflega. Og þegar enginn sækjandi er skipaður í opinberu máli, þá sýnist einnig vörn máls eiga að flytja skriflega. Því verður að greina milli tveggja tilvika: 1. Hvort skipaður hafi verið sækjandi og 2. Hvort svo hafi ekki verið gert. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir munnlegum málflutningi, nema mál sé sérstaklega margbrotið og sé þá eitt af tvennu, að málflytjendur óski skriflega málflutnings eða dómari telji hann heppilegri, eða hvorttveggja. Dómari hefir að sjálfsögðu úrskurðarvald um þessi atriði. Þegar mál er munnlega flutt samkvæmt 1. tölul., þá verður einungis að ræða um frest til undirbúnings sóknar- og varnarræðum, en ekki til öflunar gagna, eins og í einkamálum. Samsvarandi er að segja um fresti til skriflegrar sóknar og varnar eftir þessum tölul. Þótt ráð sé gert fyrir því, að sækjandi og verjandi fái fresti til andsvara, þá er auðvitað venjulega ekkert því til fyrirstöðu, að sækjandi sýni verjanda fyrst sókn sína, verjandi semji svo vörn sína og sýni hana síðan sækjanda, sem svo semur andsvar sitt og sýnir það loks verjanda, er að lokum semur svo andsvar sitt, ef þetta getur allt farið fram áður en hinn ákveðni frestur er liðinn. Þetta styttir málsmeðferð og kemur að sama liði sem hin aðferðin, að halda dómþing, er frumsókn er samin og svo koll af kolli, unz tvenn skjöl hvorrar tegundar hafa komið fram.

Í 2. tölul. er orðuð sú regla, sem nú gildir um vörn opinberra mála. Á hún enn við, er enginn sækjandi er skipaður og mál er því skriflega flutt.

Um 86. gr.

Þegar verjandi eða sökunautur hefir haft ónotaðan frest til varnar eftir að forföll hafa tálmað honum að bera fram vörn, þá er sjálfsagt, að málið verði venjulega tekið til dóms, því að sökunautur eða verjandi á ekki að draga mál framar en nauðsynlegt er.

Um 87. og 88. gr.

Ákvæði þeirra eru samkvæm venju þeirri, er nú er fylgt, og eru í eðli sínu sjálfsögð.

UM XI. KAFLA

Hér er safnað reglum um sakarkostnað og greiðslu hans, og eru þær yfir höfuð samkvæmar þeim dómvenjum, er skapazt hafa um langt árabil.

Um 89. gr.

Helztu dæmi kostnaðar opinberra mála eru talin í 1.—7. tölul., en sú talning getur aldrei orðið tæmandi. Og því er 8. tölul. bætt við.

Það athugast, að þóknun verjanda, sem sökunautur fær sér án þess, að dómari skipi hann, telst ekki til sakarkostnaðar, og er slík vörn á kostnað sökunauts, hver sem málalok verða.

Það þarf varla að taka það fram, að dómarar eiga að gæta alls sparnaðar, sem fara má saman við fullnægjandi rannsókn og dómsmeðferð opinberra mála.

Réttargjöld hefir hingað til ekki tíðkazt að greiða í opinberum málum, og er ætlast til, að sú regla haldist. Sama hefir verið um ritlaun. Það er ætlazt til þess, að eftirrit skjala í málum þessum sé kostað af skrifstofufé hvers embættis. Þó virðist sjálfsagt, að eftirrit séu því aðeins gjaldfrjáls, að þau séu látin í té beinlínis í þarfir málsins. Dómseftirrit t. d. handa blaði eða tímariti, sem vill birta dóm, er auðvitað ekki skylt að láta endurgjaldslaust af hendi.

Um 90. gr.

Sú regla er í lög leidd í 8. gr. laga nr. 28/1893, að sýkna skuli sökunaut af greiðslu sakarkostnaðar, ef hann er sýknaður af broti því, er hann er sakaður um, eða rannsókn lýkur án þess að mál sé höfðað. Sama niðurstaða verður vitanlega einnig, ef höfðað mál fellur niður án efnisdóms. Í 8. gr. nefndra laga er þó gerð nokkuð óljós undantekning frá þessari reglu, og er sú undantekning einnig tekin í grein þessa, en aðeins látið skýrt koma fram, að það vísvitandi eða stórkostlega gálauslega framferði, er bakar manni skyldu til greiðslu sakarkostnaðar, verður að standa í sambandi við rannsókn málsins, t. d. að sökunautur valdi honum með því að segja ósatt frá málavöxtum og þar með lengja rannsókn eða torvelda, svo sem lýsa sig fyrst ranglega sekan, brjóta hann við brottför úr tilteknu takmarki, bera aðra ranglega sökum o. s. frv. Skilyrði þess almennt, að maður verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, er það, að hann sé dæmdur sannur að refsiverðum verknaði. Þótt refsing falli niður vegna gæzluvarðhalds, sem er látið koma í stað hennar, verður sökunautur dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar. Þar á móti verður hann það ekki, ef hann er sýkn dæmdur, enda þótt það sé vegna sakhæfiskorts, er hann framdi verkið, sannanaskorts, fyrningar sakar o. s. frv.

Regla 2. málsgr. er og í samræmi við þær reglur, sem nú er farið eftir. Þegar fleiri en einn eru hafðir fyrir sökum, er oft svo, að sakarkostnaður minnkar svo sem ekkert af því, að einn eða fleiri eru sýknaðir, en ef svo er, þá er vani að jafna honum milli hins seka eða hinna seku annarsvegar og ríkissjóðs hinsvegar, nema hinn sýknaði eða hinir sýknuðu hafi valdið honum og eigi að bera hann með hinum sakfellda eða sakfelldu eftir 1. málsgr.

Um 91. gr.

Hér kemur hin almenna regla, að sakfelldur maður beri sakarkostnað. En einnig þessa reglu er sanngjarnt að takmarka að nokkru. Oft er það svo, að sakarkostnaður minnkar lítt eða ekki, þótt sökunautur sé sýknaður af einhverju þeirra brota, sem hann er sakaður um, en sakfelldur fyrir eitt eða fleiri. En þetta er alls ekki svo alltaf. Maður er t. d. sakaður um tvö brot, eitt lítið, sem þegar er upplýst, og annað stórt, sem langa rannsókn og erfiða þarf til. Ef hann er sakfelldur fyrir litla brotið, en sýknaður af hinu, þá væri það andstætt meginreglu 90. gr., ef hann væri dæmdur til að greiða allan sakarkostnaðinn.

Í síðustu málsgr. er nýmæli. Það virðist rétt, að sökunaut skuli ekki dæmt skylt að greiða kostnað, sem aðrir valda með þeim hætti, að skaðabótaskyldu orkar, t. d. með röngum skýrslum eða fjarstæðum ráðstöfunum. En hér er þó athugandi, að lögreglumenn verða oft að hafa hraðann á um framkvæmdir sínar, svo að ekki er víst, að þeir verði sjálfir skyldir til að bæta tjón af framkvæmd, heldur ef til vill ríkisvaldið, sem lögreglumenn vinna fyrir.

Um 92. gr.

Eins og annarstaðar er tekið fram, aths. við 28. gr., á ekki að blanda saman sökum tveggja eða fleiri manna, sem ekki er efnissamband á milli, enda þótt brot kunni að vera samkynja. Skilyrði þess, að aðiljasamlag í opinberum málum megi hafa, er það almennt, að innra eða hugarsamband sé milli framningar brota tveggja eða fleiri manna, t. d. að þeir séu í félagi um eitt verk eða fleiri. En þessari kröfu verður ekki haldið alveg til hlítar, eða slíkt væri að minnsta kosti ekki hallkvæmt í framkvæmd. Ef nú svo er, að allir sökuðu hafa haft félagsskap um refsiverðan verknað, einn eða fleiri, þá er föst venja að dæma þá til greiðslu sakarkostnaðar principaliter in solidum, að undanteknum gæzlukostnaði og þóknun til verjanda. En svo má vera, að hugarsamband milli manna og brota sá blandað. A. og B. hafa t. d. í félagi framið verknaðinn x, en B. og C. verknaðina y og z og loks C. og D. verknaðina u og v. Alla þessa fjóra menn má og hefir tíðkazt að taka í einu lagi til refsimálsmeðferðar. Og má þá vera, að svo sé atvikum háttað, að sanngjarnt sé að skipta með þeim sakarkostnaði, enda er slíkt allalgengt.

Um 93. gr.

Eftir langri venju tekur dómari aðeins upp í dóm í opinberu máli ákvæði um það, hver eða hverjir og, ef því er að skipta, í hvaða hlutföllum skuli greiða sakarkostnað. Undantekning er gerð um þóknun sækjanda og verjanda. Þar ákveður dómari krónutöluna í dóminum sjálfum. Og er sjálfsagt að halda þeirri reglu. Auk þess ákveður dómari líka á sama hátt þóknun vitna, en aldrei er vani að setja þær upphæðir í dóm.

Um 94. gr.

Í grein þessari er endurtekin kyrrsetningarheimild 14. gr. tilsk. 24. jan. 1838, en ákvæðin miklu fyllri, en þó ekki framar mælt en talið hefir verið gildandi lög. Það er að vísu ekki títt, að heimildar 14. gr. tilsk. 1838 hafi verið neytt, en hún er þó mjög nauðsynleg, því að ekki er ólíklegt, að fé þess manns, sem ef til vill er meinað að gæta þess vegna frelsisskerðingar og ef til vill má telja líklegan til að koma því undan, ef ekkert er að gert því til varnar, verði ekki tiltækilegt, þegar krefja skal hann sakarkostnaðar. Hitt er annað mál, að mikill hluti þeirra manna, er brjóta lög og refsingu sæta, eru gersamlega eignalausir menn og fyrirsjáanlega ófærir að greiða sakarkostnað, svo að ríkissjóður verður að gjalda hann, þótt þeim hafi verið dæmt að gera það.

Þær ráðstafanir, sem dómari (þ. e. sá, er fer með aðgerðir opinbers máls) skal gera til verndar kyrrsetningu gagnvart kaupunautum gerðarþolanda, eru hinar venjulegu: þinglýsing fasteigna og skipa, áritun skjala, vörzlutaka ýmsra muna, er spillast kunna eða týnast eða ráðstafa má, nema sérstakar aðgerðir séu hafðar. Ef sökunautur er sýkn dæmdur af refsikröfu og skaðabóta, ef slík krafa hefir komið fram, þá er það í samræmi við þá meginreglu, að sökunautur skuli sem minnst óhagræði hafa af málarekstrinum, að kyrrsetningin falli niður þegar, sökunaut að kostnaðarlausu. Ef ekki er dæmt um skaðabótakröfu í refsimáli, sem lyktar með sýknu, þá verður sökunautur að eiga um það við þann, er bóta hefir krafizt, hvort kyrrsetning skuli haldast eða niður falla. Þegar sökunautur hefir greitt sakarkostnað eða skaðabætur, þá er það afleiðing þess, að hann hefir dýgt refsi- eða bótaverðan verknað, og þá hefir kyrrsetningin verið réttmæt.

UM XII. KAFLA

Það hefir tíðkazt lengi, að ýmsar borgararéttarkröfur mætti hafa uppi í opinberu máli, er rót sína ættu að rekja til brots þess eða brota þeirra, sem undirrót eru sakarinnar, svo sem skaðabótakröfur, ómerkingarkrafa meiðyrða gegn embættismanni o. s. frv. Allar slíkar kröfur geta komizt að eftir frumvarpi þessu, sbr. aths.

við 3. gr. Þótt hér sé um skaðabótakröfur talað, þá gilda samt sömu reglur um aðrar kröfur borgararéttareðlis, er uppi eru hafðar í opinberu máli samkvæmt 3. gr. frv. Skaðabótakröfurnar eru langtíðastar, og má nota reglur kafla þessa um aðrar borgararéttarkröfur, svo sem við á eftir eðli sjálfrar kröfunnar. Ef t. d. annað hjóna fremdi glæp, er jafnframt varðaði hjónaskilnað eftir kröfu þess, er saklaus væri, virðist það geta haft kröfu um hjónaskilnað uppi í málinu. Mætti þá, ef allar þær upplýsingar eru annars fyrir hendi, sem grundvalla kröfuna, væntanlega veita aðilja hjónaskilnaðinn. Hinsvegar verða skaðabótakröfur og aðrar borgararéttarkröfur ekki dæmdar, ef ekki eru fram komnar nægilegar upplýsingar um þær eða þær mundu draga mál of mikið. Og ekki er ætlazt til, að um þær verði dæmt í opinberu máli, ef það leiðir til sýknudóms. Getur aðili þá leitað réttar síns í einkamáli, ef hann vill. Undantekning er þó lögð til, ef dæmdar hafa verið skaðabætur í refsidómi í héraði, en sýknað af refsikröfu í hæstarétti. Ella yrði svo mikill dráttur á réttarneyzlu aðilja, enda er undirstaðan auðvitað, að skaðabótaskyldan sé ljós, þótt verkið, sem olli henni, sé refsilaust.

Um 95.—98. gr.

Um greinar þessar, sem eru í samræmi við gildandi venjur, má vísa til athugasemda hér að ofan, Það hefir hingað til tíðkazt í æðra dómi, að skaðabótakröfur hafa þar verið teknar til athugunar eftir kröfu aðilja í málflutningi án sérstakrar áfrýjunar aðilja, og er til þess ætlazt, að svo verði framvegis. En auk þess er sérstök áfrýjun heimil, eins og vera mun nú.

Um 99. gr.

Síðari málsgr. veitir enga ástæðu til að telja þargreindar kröfur forgangskröfur í þrotabúi sökunauts. Hún segir einungis, eins og sagt er í kanebr. 27. maí 1828, að málskostnaður og skaðabætur séu jafnréttháar, ef ekki vinnist fé til greiðslu beggja. Þetta skiptir máli, þegar aðrar kröfur eru ekki á bú sökunauts. Ef það er þrotabú, þá verða báðar þessar kröfur meðal almennra skuldakrafna, nema þær séu forgangskröfur eftir einhverri sérheimild.

UM XIII. KAFLA

Þessi kafli svarar til XIII. kafla emlh., enda eru brot þau, er hér greinir, að ýmsu hliðstæð brotum samkvæmt XIII. kafla emlh. Þetta á við um 3., 4. og 6. tölulið 1. málsgr. og 2.—4. málsgr. 188. gr. emhl. annarsvegar og 100. og 101. gr. frv. Ákvæði 102. gr. eru þar á móti sérstök og varða aðeins opinber mál. Ákvæði kafla þessa varða aðeins brot þessi að því leyti sem þau snúa að ríkisvaldinu. Þar að auki geta mörg þeirra einnig hafa meitt einstaka menn, t. d. varðað við meiðyrðalöggjöfina, varðað skaðabótum o. s. frv. Og er einsætt, að fyrirmæli kaflans skerða að engu heimild einstaklinga eða annara til þess að koma slíkum kröfum fram með lögmæltu móti.

Um 100. gr.

Brot sækjanda og verjanda, sem grein þessi nær til, geta að vísu stundum varðað við 144. sbr. 145 gr. almennra hegningarlaga, ef um stórkostlegt eða ítrekað hirðuleysi er að tefla. En ákvæði greinarinnar er víðtækara, því að það varðar vanrækslu og skeytingarleysi áðurnefndra manna yfirleitt í starfa sínum samkvæmt ákvæðum frv. Það á bæði við óþarfan drátt á störfum, lélega unnin störf, ef til vanrækslu eða skeytingarleysis verður talið, algera vanrækslu á framkvæmd ákveðins starfs, t. d. vanrækslu á að koma fyrir dóm, o. s. frv. Það verður undir atvikum hverju sinni komið, hvort 144. sbr. 145. gr. almennra hegningarlaga eða þessi grein kemur til álita. Hér skal þess þó gætt, að vitanlega verður sækjandi eða verjandi alls ekki alltaf refsiverður, þótt eitthvað megi að gerðum hans finna. Hér hlýtur, sem jafnan, að vera nokkuð bil milli þess algerlega óaðfinnanlega og þess refsi-

verða. Lélegt starf sækjanda eða verjanda, sem ósanngjarnt er að sekta hann fyrir, getur dómari líka ákveðið lægri þóknun fyrir en hann hefði gert, ef starfið hefði verið unnið sérstaklega vel.

Um 101. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til 5. tölul. 1. málsgr. 188. gr. emlh. Að því leyti sem ósæmilegum ummælum er beint til dómenda, sækjenda eða verjenda, þá geta þau einnig ef til vill varðað við viðeigandi greinar almennra hegningarlaga.

Það virðist rétt, að ákveðin sé refsing fyrir brot þessi, er í 100. og 101. gr. segir, í dómi opinbers máls eða með úrskurði, ef ekki kemur til dómsuppsögu í því, að því leyti sem þau eru réttarfarsbrot. Sama þykir og hagfelldast um brot gegn ákvæðum 102. gr., ef sækjandi eða verjandi verður sekur um þau og fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir um þau. Vitanlega mundu þessir menn stundum jafnframt hafa brotið þagnarskyldu sína með skýrslu sinni um dómsatvik, en slíkt þarf þó ekki að vera, ef þinghald hefir verið í heyranda hljóði.

Um 102. gr.

Auk þess, sem þegar hefir verið sagt um sakarmeðferð vegna brota samkvæmt 100.—102. gr., skal þetta athugað um þessa grein. Þegar þinghald fer fram fyrir lokuðum dyrum, geta þeir einir brotið fyrirmæli þessarar greinar, sem vegna afstöðu sinnar til máls verða að vera við þinghaldið (dómendur, þingvottar, sökunautar, sækjandi, verjandi, vitni, matsmenn). Þessum mönnum getur verið óheimilt að skýra frá því, er fram hefir farið. Það verður að telja falið í starfi dómenda og þingvotta og er ákveðið í frumvarpinu um sækjanda og verjanda, að þessir menn megi ekki segja frá því, er fram hefir farið í starfi þeirra, ekki einu sinni einstökum mönnum, hvað þá heldur opinberlega, svo sem á mannfundi eða í blöðum. En sökunaut og vitnum getur dómari sjálfsagt bannað að skýra opinberlega frá því, sem fram fer í þinghaldi fyrir lokuðum dyrum, en sjálfsagt ekki framar. Þótt þinghald fari fram fyrir opnum dyrum, þá getur samt verið full ástæða til að banna birtingu skýrslna frá þinghaldi opinberlega eða t. d. að taka ljósmyndir eða gera uppdrætti af mönnum eða munum, sem þar eru. Ef þar á móti dómari bannar slíkt ekki ótvírætt, verður mönnum ekki refsað fyrir að gera það.

Það tíðkast vitanlega mjög erlendis, að blöð birti fréttir af rannsóknum opinberra mála. Hér á landi hefir þessa lítt gætt, þar sem rannsókn er innan luktra dyra, en þó hafa blöð hér stundum flutt fréttir af opinberum rannsóknum, einkum ef málið þykir einhver sérlegur fengur einhverjum pólitískum flokki eða öðrum til hnekkis, eða það veldur einhverri almennri athygli að öðru leyti. Ef nú dómari hefir ekki bannað skýrslur til almennings um það, sem fram hefir farið fyrir dómi, þá verður heimilt að skýra opinberlega frá því. En skýrslan á að vera í öllum atriðum, sem máli skipta, rétt. Og hún má ekki vera svo úr garði gerð, að hún torveldi rannsókn sakar með nokkrum hætti framar en svo, sem hver rétt skýrsla getur gert. Sá, er skýrir vísvitandi eða gálauslega beinlínis rangt frá því, er gerist, brýtur fyrst og fremst ákvæði greinarinnar. En það gerir líka sá, er með sama hætti skýrir villandi frá eða svo litað, að óviðriðnir menn fá ekki rétta hugmynd um það, sem gerzt hefir, eða aðstæður allar. Og hætta á þessu liggur næst, því að brotið í þeirri mynd stafar ekki aðeins af slæmum vilja eða skeytingarleysi um að greina frá staðreyndum, heldur oft af þroskaleysi og þekkingarleysi fréttaritaranna. Það er því alveg sérstaklega mikils virði, að blöð, útvarp og fréttastofur hafi hæfa menn að öllu leyti í þjónustu sinni á þessu sviði. Það eru að vísu fyrirmæli í almennum hegningarlögum um tálmanir með ofríkisfullum hætti á ráðstöfunum embættismanna og sýslunar, en ákvæði þessarar greinar fara lengra en þær gera, því að þær taka einnig til tálmana, sem fólgnar eru í ósönnum frásögnum eða í áróðri, þar sem rangar skýrslur eða rangar ályktanir eru fram fluttar, enda séu hin innri skilyrði, sem fyrr eru nefnd í greininni, fyrir hendi. Ákvæði greinarinnar taka auðvitað ekki

fyrir gagnrýni á gerðum þeirra manna, sem við rannsókn opinberra mála fást, en hún á að hamla þeirri gagnrýni, sem miðar í þá átt að torvelda starf dómara og lögreglumanna eða gera það árangurslaust.

Það er alkunnugt í öðrum löndum, hver fengur blöðum og eflaust miklum hluta manna, sem blöðin lesa, þykir í hinum og þessum hneykslissögum úr einkalífi manna frá þinghöldum. Og einnig er það alkunna, að blöðin skýra ekki sjaldan frá rannsókn opinberra mála með þeim hætti, að það særir óþarflega og óverðskuldað bæði sökunaut sjálfan og venzlamenn hans. Blöðum er að vísu heimilt að segja frá því, hvaða sök tiltekinn maður er borinn, en þeim er óheimilt að mikla þá sök eða birta skýringar á máli því, er særi aðilja eða aðra umfram það, sem óhjákvæmilegt kann að vera, og því síður að gera ráð fyrir sekt aðilja, meðan hún er ekki sönnuð. Blöðin eiga ekki að særa aðilja að óþörfu og ekki að torvelda verk dómara og annara rannsóknarmanna með skýrslum sínum.

Nú má vera, að sú mótbára verði uppi höfð, að móðgun við sökunaut eða aðra einstaklinga í skýrslu um rannsókn opinbers máls verði að meta eins og meiðyrði eða móðganir, sem einstaklingur eigi einn sök á og geti því sótt sök fyrir í einkamáli. En til þessa er því að svara, að almenningshagsmunir heimta það einnig, að sem mestur friður ríki um störf rannsóknardómara og annara rannsóknarmanna. Áreitni í almenningsskýrslum, hvort sem hún beinist að rannsóknarmönnum eða öðrum, sem nærri sök eða sökunaut standa, getur komið ófyrirsjáanlegum fjandskap og torveldleikum á stað um rannsókn sjálfs málsins. Menn taka jafnvel að skipa sér í flokka með og móti sökunaut eða lögreglu og dómara vegna tiltekins máls, og áreitnisfullar skýrslur eða rangar geta átt fullkominn þátt í öllu slíku. Þess vegna virðist vera fullkomin ástæða nú, er ný regla um opinber þinghöld í þessum málum verða lögheimiluð, að setja þær skorður, sem unnt er, við misbrúkun manna, sem skýra almenningi frá atburðum í þinghöldum um opinber mál, á heimild sinni þar til.

Um 103. og 104. gr.

Þessar greinar virðist ekki þurfa að skýra.

UM XIV. KAFLA

Þessi kafli svarar til XIV. kafla emlh., og hlýtur að mörgu að vera samsvarandi að efni til, þótt vitanlega verði að haga ákvæðum hans að sumu leyti á annan veg. Um einstakar greinar skal þetta athuga:

Um 105. gr.

Ákvæði greinar þessarar hafa engin nýmæli að geyma. Þess skal einungis geta, að rannsóknardómari tekur auðvitað margar ákvarðanir án þess að formlegur úrskurður sé upp kveðinn þar um. Úrskurð með forsendum þarf aðeins að kveða upp, þar sem lög sérstaklega mæla svo fyrir, t. d. úrskurður um gæzluvarðhald eða svipaða gæzlu. Þar á móti tíðkast t. d. ekki formlegur úrskurður um bann við brottför sökunauts úr ákveðnu marki. Um rökstuðning úrskurða má ekki heldur alltaf gera strangar kröfur. Þegar manni er úrskurðað gæzluvarðhald, þá er rökstuðningin venjulega sú, að grunur hvíli á honum um tiltekið brot. Dómari verður venjulega að hafa heldur hraðann á í rannsókn opinberra mála, og má því ekki almennt íþyngja honum með kröfum, sem ekki virðast vera óhjákvæmilegar. Í úrskurði eftir 18. gr. frv. mundi það t. d. væntanlega verða talið nægilegt, að dómari rökstyddi ákvörðun sína um þinghald fyrir luktum dyrum með því, að það þætti að svo stöddu hætta á því, að þinghald í heyranda hljóði myndi valda hneyksli, torvelda rannsókn o. s. frv. Nokkuð öðru máli gegnir um úrskurði, þar sem t. d. sækjandi eða verjandi væri sektaður fyrir brot samkvæmt 101. eða 102. gr. Þar yrði að lýsa brotunum í forsendu úrskurðar með venjulegum hætti.

Um 106. gr.

Fyrirmæli 191. gr. emlh. um dómsuppsögufrest og fyrirmæli 192. gr. sömu laga um það, hvernig með skuli fara, þar sem dómur er fjölskipaður, virðist geta átt fullkomlega við opinber mál.

Um 107. gr.

Þessi grein svarar til 193. gr. emlh. Ytri umgerð dóma í opinberum málum er að mestu hin sama, svo sem um nöfn og stöðu þeirra, sem dómur fjallar um, niðurlag o. s. frv. Sama er um það, að málavöxtum skal lýsa, hvað sannað sé og að hugleiðingar dómara um málavöxtu skulu koma fram. Þar á móti eru ýms sérkenni, sem dómar í opinberum málum hafa, svo sem um refsingu, greiðslu sakarkostnaðar, skilorðsbundna framkvæmd refsingar, ef því er að skipta. Það er og nú föst regla, að ekki skuli setja ákvæði um aðfararfrest í dóma í opinberum málum, nema að því leyti sem í dómum um sektagreiðslu er settur greiðslufrestur. Það er nú lagt til í 52. gr. hegningarlagafrv. nýja, að í dómi, sátt eða úrskurði verði greiðslufrestur allt að 6 mán., og er ákvæði gr. miðað við það.

Um 108. gr.

Þessi grein svarar til 194. gr. emlh. Um úrskurði fer eftir efni þeirra, hvort gera þurfi öðrum viðvart um uppkvaðning þeirra eða hvort birta þurfi þá. Úrskurð um húsleit, rannsókn hirzlna eða bréfa þarf t. d. ekki að birta viðkomandi fyrr en á staðnum, enda mundi mega framkvæma þær athafnir, þótt hann væri ekki þar. Þar á móti þarf að birta úrskurð, þar sem manni er gert að greiða sekt, því að greiðslufrestur hennar telst frá birtingardegi.

Um 109. gr.

Fyrri málsgr. þessarar greinar svarar til 1. málsgr. 195. gr. emlh. Í þessari grein frv. er sú regla orðuð, að dómur (þ. e. óhaggaður) í opinberu máli sé res judicata, þ. e. skuldbindi bæði ríkisvaldið og þann einstakling eða þá einstaklinga, sem hafa verið aðiljar sakar annaðhvort sem ákærðir, sem krefjendur bóta eða annara borgaralegra réttinda, eða verið sektaðir vegna rangrar framkomu eða aðferðar í sambandi við málið. Um hitt er ekki sagt, hvort dómur í opinberu máli skuldbindi einnig einstaklinga, sem ekki hafa átt þar aðild að einhverju leyti. Í greininni segir sem sé ekki annað en um gildi dóms um refsiatriði sakar og önnur atriði, sem dæmd (úrskurðuð) eru þar beinlínis (skaðabótakröfur, málskostnaðargreiðsla o. s. frv.). Dómur skiptir sama máli um rétt sem skyldu, er hann veitir úrlausn um. Aðalreglan er sú, að maður, sem dæmdur er sekur um brot og refsing mælt með úrslitadómi, getur ekki síðar fengið því breytt. Og maður, sem sýknaður er með samskonar dómi, verður ekki heldur síðar ákærður og dæmdur fyrir það brot. Um breyting á uppkveðnum sektardómi er það að segja, að áfrýjunarfrestur er enginn ákveðinn um dóma í opinberum málum eftir 29. gr. hæstaréttarlaganna. Svo hefir þetta verið skilið, að héraðsdómi í opinberu máli mætti áfrýja, þar til byrjað væri að afplána refsingu. Nú á sökunautur heimtingu á því eftir 116. gr. frv., að máli hans verði skotið til æðra dóms, ef það nemur ákveðnu refsimarki, og auk þess getur saksóknari áfrýjað, ef honum þykir sérstök ástæða til, þótt refsing liggi undir því marki. Það eru því hverfandi litlar líkur til þess, að refsidómur í opinberu máli, sem kveðinn hefir verið upp í héraði, verði ekki endurskoðaður í æðra dómi, ef vafi leikur á því, að hann sé réttur. En ef það undantekningar-tilvik skyldi nokkurn tíma bera að hendi, að refsing yrði afplánuð eftir héraðsdómi í opinberu máli, og sannanir eða aðrar ríkar ástæður þættu vera komnar fyrir því, að sökunautur væri saklaus, þá mundi væntanlega verða talið heimilt að bera málið undir héraðsdóm og síðan hæstarétt. Þau lagafyrirmæli, sem veita aðilja rétt til skaðabóta fyrir refsingu, sem hann hefir afplánað að ósekju, 5. gr. laga nr. 28/1893, hljóta að byggjast á því, að unnt sé að lögum að fá úr því skorið, hvort hann sé saklaus eða ekki. Til þess þyrfti

venjulega nýja réttarrannsókn og nýjan héraðsdóm, sem svo mætti skjóta til hæstaréttar. Eða þá að nota mætti þá aðferð, að leggja hinn upprunalega héraðsdóm fyrir hæstarétt og láta því máli fylgja nýju rannsóknina. Ef þar á móti maður hefir verið dæmdur sekur með hæstaréttardómi, þá mundi mega taka málið þar upp aftur eftir 30. gr. hæstaréttarlaganna eða analogíu hennar.

Ef maður hefir verið sýknaður með héraðsdómi, þá er auðvitað jafnan unnt að skjóta máli til æðra dóms. Ef þar er líka sýknað, þá er máli þar með lokið. En ef fram koma síðar sannanir fyrir sekt sökunauts, þá er úrlausnarefni, hvort breyting verði gerð á þeirri niðurstöðu, sem fengin var. Meðan ekki hefir verið kveðið á um áfrýjun sýknudóms í héraði, enda þótt langur tími kunni að vera liðinn frá uppsögn hans, verður honum skotið til æðri réttar. En ef ákveðið hefir verið að áfrýja ekki, þá má ef til vill deila um það, hvort áfrýja megi allt að einu, ef síðar koma fram sannanir um sekt sökunauts. Ákvörðun um að áfrýja ekki hefir verið tekin með það eitt fyrir augum, sem fram hefir komið í opinbera málinu, og ákvörðun um að láta við héraðsdóminn sitja hefir þá verið tekin á rangri forsendu, og verður því ekki bindandi. Á móti þessu má bera það, að einstaklingarnir eigi ekki að þurfa að búa við þá óvissu, að hvert smámál kunni ef til vill að verða tekið upp eftir óákveðinn tíma, ef atvik ný koma fram. En til þess er því að svara, að smámál myndu fyrnast, svo að aðeins mál, er miklu varða, verða eftir, og virðist sökunautur þá ekki harðar úti en hann mátti búast við frá upphafi. Þó skal það játað, að slík áfrýjun löngum tíma eftir að ákvörðun um það, að unað skyldi við sýknudóm, mundi alls ekki alltaf verða réttlætt, t. d. þegar sökunautur hefir síðan hagað sér lengi óaðfinnanlega, rekið atvinnu, staðið fyrir atvinnufyrirtækjum o. s. frv., svo að röskun á högum hans mundi eiga að vega miklu meira en fullnæging réttvísinnar. Hér mundi oft eiga við um áfrýjun orðtakið: Summum jus summa injuria. Þegar aftur á móti hefir verið um stórglæp að tefla, þá kann að vera öðru máli að gegna. Þá kynni það að særa mjög réttarvitund almennings, ef málið yrði ekki borið undir æðri dóm. Ef svo langur tími væri liðinn, að sérstaka ályktun dómsmálaráðherra eða konungs, sbr. 71. gr. hegningarlaganna, þyrfti, þá ætti ekki að mega áfrýja, nema slík ályktun lægi fyrir, samkvæmt analogíu slíkra ákvæða.

Ef maður er sýkn dæmdur með dómi hæstaréttar, þá verður aðeins möguleiki á að taka mál aftur upp eftir analogíu 30. gr. hæstaréttarlaganna. En þar um verða að gilda þær takmarkanir, sem nefndar voru um áfrýjun héraðsdóms, um fyrningu sakar, að mál væri svo mikilsvert, að röskun á högum sökunauts jafnvel eftir langan tíma vægi ekki móti kröfu réttarvitundar almennings um endurupptöku sakar og refsidóm, og að ályktun æðstu stjórnvalda, sbr. 71. gr. hegningarlaganna, væri til upptöku sakar af nýju.

Um 110. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samkvæm gildandi reglum, sbr. 15. gr. tilsk. 24. jan. 1838.

UM XV. KAFLA

Hér er safnað í heild ákvæðum um áfrýjun opinberra mála, nema að því er varðar fyrirmæli hæstaréttarlaganna, sem við eiga bæði einkamál og opinber mál. Þess skal þegar getið, að 29. og 33. gr. sbr. 1. málsgr. 197. gr. emlh., svo og 31. gr. hæstaréttarlaganna, að því leyti sem hæstiréttur er æðsti dómstóll í opinberum dómnefndarmálum, sbr. 2. málsgr. 16. gr. frv., taka til opinberra mála, en áfrýjunarreglur þessa kafla taka auðvitað einnig til ályktana dómnefndar. 2. málsgr. 41. gr. og 2. málsgr. 50. gr. hæstaréttarlaganna eiga og sérstaklega við opinber mál. Hin almennu fyrirmæli í 1. málsgr. og 2. tölul. 2. málsgr. 38. gr. (munnlegur eða skriflegur málflutningur), 39. gr., 42., 43., 44.—47. gr., 49. gr., 1. málsgr. 50. gr., 51. gr. og 53. gr. taka allar til opinberra mála. Þótt 107. gr. frv. geymi almennar reglur

um samningu dóma í opinberum málum, þá heldur og 48. gr. hæstaréttarlaganna auðvitað enn fullu gildi sínu að því leyti, sem hún hefir átt við opinber mál.

Um 111. gr.

Hér greinir þær ályktanir héraðsdómara, sem ekki þykir ástæða til að leyfa áfrýjun á. Svo er ástatt um mörg þessara atriða, að áfrýjun þeirra myndi tefja rannsókn óheppilega, ef áfrýjun skyldi fresta aðgerðum, en myndi hinsvegar oft verða þýðingarlaus, ef hún skyldi ekki fresta athöfnum rannsóknarmanna. Um einstaka tölul. athugast:

Um 1. Er í samræmi við 3. málsgr. 37. gr. emlh.

Um 2. Skipun meðdómenda er hugsuð sem aukin trygging sökunaut til handa, og þykir því rétt, að ákvörðun dómara um skipun þeirra verði ekki áfrýjað. Hitt er annað mál, að málsmeðferð og dómur getur sætt ómerkingu í æðra dómi, ef dómari tilkveður meðdómendur, þegar bersýnilegt er, að sú ákvörðun er alveg löglaus. Þau tilvik, þar sem hafa skal meðdómendur, eru svo skýrt afmörkuð í 1.—4. tölul. 7. gr. frv., að sjaldnast mun orka tvímælis, hvenær meðdómendur skuli hafa, nema ef til vill um pólitísku brotin, sem ekki eru afmörkuð greinilega, hvorki í lögum né fræðiritum. En slík brot hafa ekki verið tíð á landi hér og verða það væntanlega ekki framvegis.

Um 3. Er í samræmi við 1. tölul.

Um 4. Áfrýjun á ákvörðun dómara um þetta atriði virðist ekki heppileg. Ef málskot ætti að fresta dómaraaðgerðum, þá mundi það oft torvelda rannsókn eða jafnvel gera hana gagnslausa. En ef málskot á ekki að fresta dómsaðgerðum, þá yrði það oft eða jafnvel oftast gagnslaust, því að mjög oft yrði það rannsakað fyrir luktum dyrum á meðan á málskoti stæði, sem áfrýjandi (kærandi) vildi láta rannsaka í heyranda hljóði. En þegar sú ástæða, sem dómari hefir byggt ákvörðun sína um rannsókn fyrir luktum dyrum á, er niður fallin, þá lætur hann vitanlega aðgerðir sínar fara fram þar eftir í heyranda hljóði.

Um 5.—7. Áfrýjun slíkra úrskurða sem hér greinir mætti vitanlega ekki fresta framkvæmd þeirra og væri því gagnslaus.

Um 8. og 9. Dómari einn er bærastur að meta nauðsyn þess að meina þeim, er í 47. og 48. gr. segir, návist í þinghaldi, er þargreindar aðgerðir fara fram, enda mætti áfrýjun slíkra ákvarðana ekki fresta aðgerðum, og áfrýjun yrði því venjulega alveg gagnslaus.

Um 10. Um þennan lið gilda svipaðar athugasemdir sem um 2. lið. Þó sýnist naumast nokkurn tíma vera ástæða til að ómerkja skuli mál, þótt sækjandi og verjandi hafi verið heimildarlaust skipaðir. Ólögmæt synjun um skipun verjanda getur þar á móti vel haft ómerkingu málsmeðferðar og dóms í för með sér, enda verður slík synjun kærð eftir 5. tölul. 112. gr.

Um 11. Hér er um matsatriði að tefla, sem dómara einum er bezt trúandi til að meta.

Um 12. Varla þarf að gera ráð fyrir því, að dómari veiti aðiljum óþarfa fresti, og að því megi láta sitja við mat hans á nauðsyn frestveitingar. Deilu um það, hvort frestur sé veittur nægilega langur, sbr. 11. tölul. 112. gr., má þar á móti kæra, því að þá varðar málið synjun um frest að nokkru leyti.

Um 13. Dómari verður að hafa úrslitavald um þetta atriði, því að hart væri t. d., ef þvinga mætti hann til að dæma ef til vill eftir þeim flutningi málsins, munnlegum eða skriflegum, er hann treysti sér miður til eftir því, sem máli væri farið. Annars þykir mega vænta um þetta atriði sem önnur, að sæmileg samvinna verði milli dómara, sækjanda og verjanda. Án slíkrar samvinnu verður öll dómgæzla mjög stirð og erfið.

Um 14. Endurupptaka sakar á jafnan að skapa aukið öryggi fyrir því, að hið rétta komi í ljós. Þykir því rétt, að jákvæð ákvörðun dómara þar um fái jafnan að standa óhagganleg.

Um 112. gr.

Það þykir einsætt, að taka beri upp einfaldari, fljótlegri og ódýrari málskotsaðferðina, kæru, í opinberum málum, eins og í einkamálum. Hún hefir þegar verið reynd nokkuð í einkamálum, og mun ekki verða annað sagt en að hún hafi reynzt vel. Hér eru taldar þær ákvarðanir héraðsdóms í opinberum málum, er eigi verði hnekkt, nema með kæru, enda sé atriði ekki svo vaxið, að dómari geti sjálfur breytt ályktun, svo sem niðurfelling gæzluvarðhalds o. fl. Um einstaka liði athugast:

Um 1. Er í samræmi við 4. málsgr. 37. gr. emlh.

Um 2. Þar sem skipun meðdómenda á að vera til aukinnar tryggingar því, að rétt verði dæmt, virðist rétt að leyfa áfrýjun synjunarúrskurðar dómara um tilkvaðningu meðdómenda.

Um 3. Er í samræmi við 1. tölul.

Um 4. Mál þau, er hér greinir, þarf að útkljá sem allra fyrst. Stjórnarskráin heimilar í 60. gr. sinni áfrýjun þessara mála, en ákveður vitanlega ekkert um aðferðina. Er almenna löggjafanum því alheimilt að kveða á um það atriði.

Um 5. Skipun sækjanda og verjanda á að miða til þess, að réttari niðurstaða fáist. Synjun í þá átt virðist því eiga að vera áfrýjanleg.

Um 6. Þarf ekki skýringar.

Um 7. og 8. Eru í samræmi við ákvæði emlh. um samsvarandi atriði, sbr. 4. málsgr. 128., 131., 135., 143. gr. o. fl.

Um 9. Úrskurður um rannsókn á mönnum getur tekið bæði til sökunauts og annara. Hún getur verið nauðsynleg til skýringar máli, t. d. rannsókn á þroska eða heilbrigðisástandi sökunauts, blóðrannsókn bifreiðarstjóra í kærumálum vegna áfengisáhrifa við akstur, meiðsli á sökunaut eða öðrum o. s. frv. Hinsvegar má telja það mikilsverð mannréttindi aðilja, að hann ráði yfir sjálfum sér og geti því kært úrskurð, er segir, að hann skuli skoða, ef sú ákvörðun kynni að vera ástæðulaus.

Um 10. Er í samræmi við ákvæði emlh. um skjöl.

Um 11. Frestun máls eða endurupptaka á að miða til þess, að rétt niðurstaða fáist. Og synjun þessara atriða virðist því eiga að mega kæra.

Um 12. Of fljót dómtaka getur bakað sökunaut tjón, og er því sama um þennan lið að segja sem 12. lið.

Um 13. Ekki er unnt að telja tæmandi allar ályktanir dómara um rannsókn og málsmeðferð. En um flestar þeirra mun svipað farið og þær, sem taldar eru í fyrirfarandi liðum. Og virðist því rétt að leyfa að bera þær undir æðri dóm eftir kæruaðferðinni.

Um sum atriðanna í 1.—12. lið er svo farið, að kæra má ekki fresta aðgerðum dómarans, því að rannsóknin kynni þá að öllu leyti eða nokkru að fara út um þúfur. Svo er um 4. tölul. og um rannsókn á sökunaut sjálfum, sbr. 9. tölul. Um rannsókn á öðrum mönnum er stundum sama máli að gegna. Meiðsl á manni, sem orðið hefir fyrir glæpsamlegri árás, getur verið nauðsynlegt að rannsaka sem allra fyrst. Þegar svo stendur á að áliti dómarans, þá má kæra ekki fresta aðgerðum. Ennfremur er sýnilegt, að kæra frestar ekki aðgerðum dómara í máli, þegar ágreiningsatriðið varðar ekki sjálft málið, svo sem um þóknun vitna, matsmann eða verjanda samkvæmt 2. málsl. 65. gr. Þar á móti verður kæra á úrskurði um synjun dómara um að víkja sæti, um kvaðningu meðdómenda, um að meðdómendur víki sæti, synjun um skipun sækjanda og verjanda, úrskurði um vitnaskyldu og matsmanna, skoðun skjala þriðjamanns, synjun um frest, úrskurði um, að mál skuli tekið til dóms, að fresta nokkrum aðgerðum, sem greinilega geta farið í bága við niðurstöðu æðra dóms um atriðið. Dómari, sem synjað hefir um skipun meðdómenda eða verjanda eða um endurupptöku máls, má því t. d. alls ekki dæma málið fyrr en fengin er úrlausn æðra dóms um kæruatriðið. Þar á móti væri fráleitt, að dómari léti alltaf rannsókn hvíla, þótt ágreiningur yrði um t. d. dómhæfi meðdómanda, skipun verjanda o. s. frv. Nauðsyn þess að halda rannsókn áfram eða öðrum aðgerðum þrátt fyrir kæru verður dómari að meta óhagganlega, því að hann hefir bezta aðstöðu til þess, enda

minna tjón fyrirsjáanlegt af því, þótt hann haldi aðgerðum áfram, en ef hann léti þær niður falla um stund. Og hvenær sem dómari er í vafa að þessu leyti, ber honum að sjálfsögðu að halda rannsókn máls í réttu horfi, alveg eins og dómari, sem hefir úrskurðað sig óhæfan til meðferðar máls, verður að halda því í réttu horfi þar til setudómari tekur við máli af honum.

Um 113. gr.

Sá, sem beinlínis er riðinn við atriði sakar, getur kært samkvæmt greininni, og saksóknari, ef atriði varðar rannsókn máls. Þeir, sem hafa hagsmuni með öðrum hætti, t. d. kona manns um gæzlu hans, geta þar á móti ekki kært.

Um 114. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til fyrirmæla 199. gr. emlh. Samkvæmt eðli málsins eru þó nokkrar breytingar frá síðarnefndri grein, aðallega stytting fresta. Og þykir ekki þurfa skýringa á þeim.

Um 115. gr.

Það virðist rétt, að hver héraðsdómur, sem ákveður manni refsingu ofan við ákveðið mark, skuli borinn undir æðra dóm. Það er auðvitað álitamál, hvar setja skuli mörkin. Eins og framkvæmd dómstóla nú, einkum hæstaréttar, er á refsiákvæðum, er tveggja ára frelsissvipting allhá refsing, og þykir sannlegt að láta þar vera mörkin.

Eftir 23. gr. hæstaréttarlaganna er ríkisvaldinu raunverulega skylt að áfrýja öllum opinberum málum til hæstaréttar, ef sökunautur krefst þess. Þetta þykir óþarft um mörg mál, sem bæði eru smávægileg og eigi verður sagt, að nokkur óvissa sé um sekt sökunauts eða önnur atriði. Bakar áfrýjun slíkra mála ríkissjóði venjulega nokkurn kostnað, því að sökunautar eru víst sjaldan svo staddir, að áfrýjunarkostnaður verði innheimtur hjá þeim. Annars er auðvitað líka álitamál, hvar hér skuli setja mörkin. Það þykir þó sjálfsagt, að sökunautur megi fá máli skotið til æðra dóms, ef hann er beinlínis sviptur frelsi eða réttindum, eða brotið, ef hann er sekur dæmdur, mundi vera svívirðilegt talið að almenningsáliti og þar með svipta hann ýmsum réttindum. Einnig vafi í þessum efnum virðist eiga að koma sökunaut að gagni, þannig að áfrýja beri eftir kröfu hans, þótt nokkur vafi kunni að vera á heimild hans til slíkrar kröfu eftir 2. málsgr. greinar þessarar.

Þó að málefni kunni fljótt á litið að þykja smávægilegt, svo að áfrýjun samkvæmt 2. málsgr. sé óheimil, þá er ekki fyrir það að synja, að áfrýjun kunni samt að vera nauðsynleg eða heppileg. Sakarefni getur varðað einhverja meginreglu í löggjöf, sem nauðsynlegt sé að fá skorið úr í æðra dómi, líkur eða full bein sönnun kann að hafa fengizt um sekt sýknaðs manns eða sýknu dómfellds manns eftir uppkvaðningu héraðsdóms, eða bæði þessi atriði kunna að orka mjög tvímælis eins og máli var háttað áður en héraðsdómur var kveðinn upp. Dæmd refsing kann að vera mikils til of há eða lág, brotið alveg skakkt skilgreint og komi það sökunaut til tjóns o. s. frv. Því er svo ákveðið í 3. málsgr., að ríkisvaldinu, þ. e. saksóknara (eða ráðherra), skuli einnig skylt að áfrýja opinberum málum, sem ekki þarf að áfrýja eftir 1. og 2. málsgr., ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda eru nefnd til þess ýms dæmi. En auðvitað verður slíkt einatt álitamál.

Þegar skaðabótaákvæði í dómi í opinberu máli fer til æðra dóms ásamt aðalmáli, eins og nú er títt, þarf ekki að áfrýja því sérstaklega, en einstaklingur, sem bóta hefir krafizt, getur þó áfrýjað því sérstaklega, þar til æðri dómur hefir dæmt kröfu hans að efni til. En ef hann áfrýjar sérstaklega, þá getur hann ekki látið dæma kröfu sína í æðra dómi með aðalefni sakar. Sökunaut á ekki heldur að fyrirmuna sérstaka áfrýjun dóms um skaðabótaákvæði, þó að hann geti sjaldan haft hag af henni. Hitt er annað mál, að óþörf áfrýjun getur bakað honum skyldu til að

greiða andstæðingi sínum áfrýjunarkostnað, enda má sama verða um óþarfa áfrýjun af hendi skaðabótakrefjanda, enda þótt áfrýjandi vinni málið í æðra dómi.

Það má vera, að sökunautur og ríkisvaldið vilji una við ákvæði héraðsdóms um sekt eða sýknu, en málskostnaðarákvæði hans þyki óviðunandi, t. d. óhæfilega há þóknun verjanda, sýknaður maður telji sér ranglega gert að greiða sakarkostnað samkvæmt 2. málsl. 1. málsgr. 90. gr. o. s. frv. Og virðist þá vera rétt að heimila áfrýjun. Það er í samræmi við 186. gr., að hafa hér kæruaðferðina eftir 114. gr., nema að rétt þykir að lengja kærufrest í samræmi við 199 gr. emlh.

Um 116. gr.

Í þessari grein segir um hátt þann, er hafa skal á áfrýjun. Þegar ófrávíkjanleg skylda er að áfrýja án kröfu sökunauts, þá er nú og svo með farið sem í 1. málsgr. segir, auðvitað með þeirri breytingu, að dómari sendir eftir þessari grein dómsgerðir til saksóknara í stað dómsmálaráðuneytisins nú.

Þegar áfrýja skal samkvæmt kröfu sökunauts, þá verður að leita yfirlýsingar hans þar um. Ef hann tjáir sig vilja una við dóm eða ef hann er sýknaður, þá skal dómari senda saksóknara dómsgerðir, er þá ákveður samkvæmt 1. eða 3. málsgr. 115. gr., hvort máli skuli áfrýja. En sökunautur skal segja til innan tveggja vikna eftir að hann var krafinn yfirlýsingar um áfrýjun, því að annars kostar skal afgreiða dómsgerðir til saksóknara. En ef sökunautur óskar áfrýjunar, þá afgreiðir dómari málið eins og í 1. málsgr. segir. Þessar reglur eru í samræmi við þann hátt, sem hafður er á áfrýjun opinberra mála nú, nema ákveðinn frestur er tiltekinn, er dómari skal bíða með afgreiðslu dómsgerða. En þar með er sökunautur þó ekki sviptur rétti til áfrýjunar, sbr. 117. gr.

Þegar fleiri en einn eru fyrir sökum hafðir, þá verður að ákveða áfrýjun í samræmi við ákvæði 1.—4. málsgr. Það er nú ekki ótítt, að máli er áfrýjað um suma, en ekki aðra. Og verður svo eftir ákvæðum þessarar greinar. Þau tilvik, er fyrir kunna að koma, virðast öll auðleyst. Hver sökunauta hefir sjálfstæðan rétt til áfrýjunar eftir 2. málsgr. 115. gr. Og ríkisvaldið hefir sjálfstæða skyldu og sjálfstæðan rétt til áfrýjunar um hvern einstakan, og getur því áfrýjað um suma og unað við héraðsdóm um aðra, ef ekki er skylt að áfrýja máli þeirra eftir 1. eða 2. málsgr. 115. gr.

Um 117. gr.

Málsmeðferð eftir 1. málsgr. svarar að öllu til þeirrar meðferðar, sem nú er á þessu tilviki höfð, nema að saksóknari kemur í stað dómsmálaráðuneytis og að forseti hæstaréttar skipar aðeins verjanda eða verjendur, með því að saksóknari sækir mál þessi samkvæmt 119. gr. fyrir hæstarétti.

Ef dómari ákveður ekki áfrýjun samkvæmt 1. eða 2. málsgr. 115. gr., þá skal saksóknari gera það. Það er í samræmi við vald saksóknara um málshöfðun, að hann hafi einnig rétt og skyldu til að kveða á um áfrýjun opinberra mála. Til þeirrar ákvörðunar þarf samskonar óhlutdrægni og samskonar lagaþekkingu sem til ákvörðunar um málshöfðun. Meðferð hans á málinu verður samsvarandi þeirri, er nú tíðkast.

Ákvæði 3. og 4. málsgr. munu vera í samræmi við venju þá, er tíðkazt hefir. Það mun hafa verið venja, að sökunautur gæti fengið máli sínu áfrýjað, ef hann gerði kröfu þar um til dómsmálaráðuneytis, enda þótt dómari hefði afgreitt málið þangað án yfirlýsingar sökunauts um áfrýjun, svo framarlega sem fullnustugerð dóms er ekki byrjuð. Ef hún er byrjuð, þá virðist rétt, að dómsmálaráðherra einn geti heft hana. Venjulega hefir sökunautur átt þess nægan kost að krefjast áfrýjunar, og má því oftast sjálfum sér um kenna, að yfirlýsing hans hefir ekki fengizt nægilega snemma.

Um 118. gr.

Það er í samræmi við almennar verkanir áfrýjunar, að áfrýjun opinberra mála fresti og framkvæmd þeirra atriða, sem hún tekur til. Þetta gildir um framkvæmd

refsingar yfir höfuð, svo sem frelsissviptingu, sektir og eignaupptöku. Þetta virðist og eiga að gilda um sviptingu réttinda bæði beina og óbeina. Sá, sem dæmdur er til þess að hafa fyrirgert rétti til atvinnu, heldur þeim rétti því þar til æðri dómur hefir skorið úr málinu. Og sá, er missa mundi kosningarrétt og kjörgengi vegna sektardóms í héraði fyrir verknað, sem telst svívirðilegur í almenningsáliti, heldur þessum réttindum þangað til æðri dómur hefir dæmt mál hans. Einstök ákvæði í lögum, svo sem 264. gr. siglingalaga, nr. 56/1914, geta geymt undantekningar frá þessari almennu reglu. Þar að auki þykir nauðsyn á að gera víðtækari undantekningu frá reglunni. Réttindasviptingin kann að vera beinlínis ákveðin vegna hættu þeirrar, sem lífi, heilsu eða eignum manna kann að stafa af starfsemi sökunauts, ef hann heldur þessum réttindum, t. d. af bifreiðarstjóra, sem talinn er hafa misst óhjákvæmileg ökuskilyrði eða er dæmdur fyrir stórkostlega vankunnáttu eða skeytingarleysi í starfi sínu. Þykir þá bezt henta, að viðkomandi dómari meti það hverju sinni, hvort hættulegt sé, að sökunautur haldi þeim réttindum, sem héraðsdómur sviptir hann, meðan mál hans er ódæmt í æðra dómi, t. d. hvort bifreiðarstjóri skuli halda ökuleyfi sínu meðan mál hans bíður úrlausnar æðra dóms.

Um 119. gr.

Eftir gildandi lögum skipar forseti hæstaréttar bæði sækjanda og verjanda opinberra mála og dæmir hæstiréttur hvorumtveggja þóknun fyrir málflutning. Þóknun sækjenda árið 1937 í opinberum málum fyrir hæstarétti hefir numið um 5800 kr. fyrir sókn 47 mála. Mikið af þessari upphæð verður ríkissjóður að lokum að greiða, og sparast því hér allmikill hluti launa saksóknara.

Um 120. gr.

Er samkvæm gildandi reglum.

Um 121. gr.

Þar sem ekki er öðruvísi mælt í frv. gilda þær reglur, sem farið er eftir um flutning mála í hæstarétti, sbr. aths. við fyrirsögn þessa kafla.

Um 122. gr.

Í 1.—3. málsgr. eru engin nýmæli, því að sama meðferð hefir tíðkazt bæði í landsyfirdómi áður og hæstarétti, sbr. 2. málsgr. 41. gr. hæstaréttarlaga, nr. 112/1935. Í 4. málsgr. er og aðeins löghelguð venja, sem myndazt hefir um það, að sækjendur og verjendur leiti af sjálfsdáðum nýrra upplýsinga í opinberum málum. Þessi tilhögun er heppileg, því að hún getur komið í veg fyrir frestun á máli í hæstarétti.

Um 123. gr.

Er og samkvæm því, er tíðkazt hefir.

Um 124. gr.

Tíðkanlegra er að fá bætt úr göllum á rannsókn með úrskurði um nýjar upplýsingar um tiltekin atriði en að ómerkja dóm og vísa máli heim. En þó ber það stundum við, að svo miklir gallar þykja vera á rannsókn eða málsmeðferð, að ómerkingu og heimvísun orki. Það er auðvitað oft algert matsatriði, hvor leiðin er farin. En stundum er þó alveg ljóst, að ómerkja verður og heimvísa, og eru nokkur dæmi þess nefnd í þessari grein.

Um 125.—127. gr.

Staðfesta og venjur, sem tíðkazt hafa og stoð hafa í einstökum lagaákvæðum, sbr. 35. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Um 128. gr.

Þarf ekki að skýra.

UM XVI. KAFLA

Um 129.—131. gr.

Auðvitað er, að lögreglurannsókn eða dómara eða dómsmeðferð ýmissa opinberra mála hlýtur að standa yfir, þegar ákvæði nýrra laga um meðferð opinberra mála koma til framkvæmdar. Og verður því að setja reglur um það, eftir hvaða lögum slík millibilsmál skuli fara. Ef litið er til mála þessara í héraði, þá má fyrst greina milli tveggja höfuðtilvika:

1. Ekkert er farið að fást við málið, eða
2. Málinu er að fullu lokið.

Í fyrra tilvikinu fer málið, bæði um lögreglumeðferð og dómara, að öllu eftir hinum nýju lögum (2. málsgr. 129. gr.). Og í síðara tilvikinu geta þau ekki tekið til meðferðarinnar.

En þá koma millitilvikin. Ef lögreglurannsókn er byrjuð, þá fer hún eftir eldri lögum. Ef rannsókn fyrir dómi er byrjuð, gildir sama. Ef dómsmál er byrjað, þar á meðal, ef stefna er útgefin eða málshöfðunarskipun eða tilkynning um málshöfðun skráð í þingbók, þá fer og málið eftir eldri lögum (1. málsgr. 130. gr.).

En ef einn aðgreindur hluti sakar er til lykta leiddur, þegar hin nýju lög öðlast gildi, þá fer það, sem eftir er, eftir nýju lögunum. Ef lögreglurannsókn er lokið, en rannsókn fyrir dómi ekki byrjuð, þá fer hún og málsmeðferð síðan eftir nýju lögunum. Sama er, ef dómsrannsókn er að vísu lokið, en stefna eða málshöfðunarskipun hefir ekki verið út gefin eða málshöfðun tilkynnt í þingbók, þá fer dómsmálið eftir nýju lögunum (2. og 3. málsgr. 130. gr.).

Það virðist rétt að leyfa kæru á þeim atriðum í meðferð máls, er kæru eiga eða mega sæta og leyst er úr í meðferð sakar, sem fyrir dómi er, þegar hin nýju lög ganga í gildi, enda er það í samræmi við e-lið 2. málsgr. 222. gr. emlh. Þar á móti skiptir það væntanlega í rauninni litlu máli, hvort áfrýjun dóma eða úrskurða kveðinna upp áður en nýju lögin koma til framkvæmdar og eigi hefir þá þegar verið áfrýjað, fer eftir eldri eða yngri lögum. Um marga úrskurði getur ekki verið að tefla, sem áfrýja þurfi, og um áfrýjun dóma eru svo litlar efnisbreytingar í hinum nýju lögum frá eldri reglum, þegar frá eru teknar hinar nýju reglur um saksóknara, að litlu skiptir, eftir hvorum lögunum farið er. Þó má segja, að heimild sökunauts til áfrýjunar takmarkist eftir nýju lögunum, og má frá því sjónarmiði segja, að rétt hans skuli ekki minnka, þann, er hann hafði, þegar dómur var kveðinn upp, og að því sé réttara að láta hér áfrýjun fara eftir eldri lögum, eins og hér er ætlazt til. Hinsvegar eiga afskipti saksóknara af áfrýjun og sókn sakar í hæstarétti ekki að spilla hag sökunauts.

Um 132. gr.

Eins og áður segir (í 17. gr. frv.) á öll dómsmeðferð opinberra mála að fara fram fyrir sakadómi. Greinarmunur almennra lögreglumála og sakamála, sem nú er mjög af handahófi, hverfur því samkvæmt frv. Sbr. aths. við IX. kafla frv.

Frv. þetta ásamt athugasemdum hefir nefndinni borizt frá dómsmálaráðherra, og er það flutt að beiðni hans. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um einstök atriði frumvarpsins.

Nd.

28. Frumvarp til laga

um ostrurækt.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að ákveða í reglugerð, að tiltekin svæði í fjörðum inni skuli um tiltekinn tíma friðuð til ostruræktar fyrir hverskonar veiðum, öðrum en ostruveiðum. Ennfremur skal þar ákveðið, hvernig og á hvaða árstíma heimilt sé að stunda ostruveiðar.

2. gr.

Enginn má stunda ostrurækt á friðlýstu svæði nema með leyfi atvinnumálaráðherra.

Leyfi þessi má veita innlendum og erlendum félögum og einstaklingum, og skulu þau bundin við ákveðin svæði og til ákveðins árafjölda. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfum þessum, sem hann telur nauðsynleg til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna.

3. gr.

Sérhver, sem á land eða hefir land til afnota, er liggur að friðlýstu svæði, er skyldur til að þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ostruræktin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna. Kostnað við matið greiðir leyfishafi. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 30 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn af leyfishafa.

4. gr.

Heimilt er að undanþiggja tilrauna-ostrur (móðurdýr) öllum innflutningsgjöldum.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 krónum.

Fara skal um slík mál sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og er nú flutt á ný eftir ósk atvinnumálaráðuneytisins, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Ostruveiðar og ostrurækt er stórkostleg atvinnugrein víða um heim. Á heimsmarkaðinum eru ostrur verðmestar af öllum skelfiski, enda mjög dýrar. Langt er síðan hinn eðlilegi ostrustofn hætti að fullnægja eftirspurninni, og hefir því ostrurækt verið stunduð með góðum árangri um langt skeið. Ostrur eru ekki til við strendur Íslands, en nokkrar líkur eru til þess, að möguleikar séu fyrir því, að hægt sé að rækta þær hér, en þá eingöngu í Faxaflóa, á svæðinu frá Akranesi til Seltjarnarness, samkvæmt þeim rannsóknum, sem fram hafa farið á þessu atriði.

Á árinu 1936 gerði sænskt fyrirtæki, „Stigfjordens Ostronodlingar“ í Skåpesund í Svíþjóð, fyrirspurn um það til atvinnumálaráðuneytisins, hvort það teldi æskilegt, að fyrirtæki þetta gerði tilraunir með ostrurækt hér við land. Síðan hefir fiskimálanefnd staðið í sambandi við þetta sænska fyrirtæki, og hefir hún eindregið mælt með því, að Stigfjordens Ostronodlingar verði leyft að gera tilraunir með ostrurækt hér við land, og er ráðuneytið samdóma fiskimálanefndinni í því efni.

Um einstök ákvæði frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Til þess að hægt sé að framkvæma ostrurækt í fjörðum inni þarf algerlega að friða ræktunarsvæðin fyrir hverskonar veiðum, og er gert ráð fyrir, að friðunarsvæðin verði ákveðin í reglugerð.

Um 2. gr.

Ofangreind ostruræktarfyrirtæki, Stigfjordens Ostronodlingar, hefir farið fram á að fá einkaleyfi til 15 ára til ostruræktar hér við land. Í greininni er það lagt á vald atvinnumálaráðherra, hverjir fái leyfi og til hversu margra ára það verður veitt, en þar sem stofnkostnaður við ostruræktina er töluvert mikill og ostrulirfan þarf 4 til 5 ár til þess að ná hæfilegri stærð til matar, verður að ákveða leyfistímann með tilliti til þessa.

Um 3.—6. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. við frumvarpið.

Nd. 29. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyting á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
   Ráðuneytið skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna leigu- eða söluskilmálana og samþykki sitt eða neitun.
2. Við 5. gr. Aftan við greinina komi ný grein, er verður 6. gr.
   Greina skal í milli, hvort málmgraftarleyfið nái til fyrirtækja, sem vinni við færri eða fleiri en 30 menn. Ef málmgraftarleyfið nær til vinnu fleiri en 30 manna, skal einungis heimilt að veita það með lögum.

Nd. 30. Frumvarp til laga

um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Höfðahóla o. fl.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja Höfðahreppi í Húnavatnssýslu þjóðjörðina Höfðahóla og Blönduóshreppi í sömu sýslu þann hluta verzlunarlóðarinnar sunnan Blöndu og neðan þjóðvegar, sem er eign kirkjujarðasjóðs.

2. gr.

Um mat til verðákvörðunar og greiðslu andvirðis skal fara eftir sömu reglum sem giltu um sölu þjóðjarða samkvæmt lögum nr. 31 20. október 1905.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í landi Höfðahóla á Skagaströnd er Skagastrandarþorp byggt að meira en hálfu leyti. Nú þegar þorpið er orðið sérstakur hreppur, er lögð á það mikil áherzla af hálfu hreppsnefndar að fá þessa jörð keypta, og mælir margt með, að við þeim óskum sé orðið.

Um þann hluta verzlunarlóðarinnar á Blönduósi, sem kirkjujarðasjóður á, er það að segja, að þetta er lítið landsvæði. og nú á hreppurinn land að á allar hliðar. Allt mælir því með, að hreppnum sé seld þessi landsneið, enda enginn hagur fyrir ríkið að halda í hana, þar sem svo til hagar, að hreppurinn á land að á alla vegu og sameiginlegar umbætur á landinu *meira* og *minna* aðkallandi.

Nánar í framsögu.

Nd. 31. Nefndarálit

um viðauka við lög nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta fer fram á, að Alþingi staðfesti bráðabirgðalög, er gefin voru út af ríkisstjórninni 14. nóv. síðastl.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (BÁ) var fjarverandi sakir lasleika, er málið var afgreitt, en tjáði sig síðar samþykkan frv. Tveir nefndarmenn (SEH og SK) munu gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 28. febrúar 1939.

Finnur Jónsson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Bjarni Ásgeirsson.

Nd. 32. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á 14. gr. l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Finnur Jónsson áskilur sér rétt til að koma fram með brtt.

Einn nefndarmanna (BÁ) var fjarstaddur vegna veikinda.

Alþingi, 28. febrúar 1939.

Finnur Jónsson, form.	Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Sigurður Kristjánsson.	Sig. Ein. Hlíðar.

Nd. 33. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið frumvarpið og borið saman við gildandi lagaákvæði og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 1. marz 1939.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. Steingr. Steinþórsson.
Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr.
St. Stefánsson, með fyrirvara.
Ólafur Thors.

Nd. 34. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1940 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og borið saman við gildandi lagaákvæði, og leggur hún til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 1. marz 1939.

Sveinbjörn Högnason, form.
Ólafur Thors, frsm.
Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr.
St. Stefánsson. Steingr. Steinþórsson.

Nd. 35. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

Við 1. gr. 3. liður falli niður.

Ed. 36. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, Sigurjón Ólafsson, var fjarstaddur sökum veikinda.

Alþingi, 2. marz 1939.

Jónas Jónsson, form.
Árni Jónsson, frsm.

Nd.

37. Frumvarp til íþróttalaga.

Frá menntamálanefnd.

I. KAFLI
Um stjórn íþróttamála.

1. gr.

Í lögum þessum merkja íþróttir hverskonar líkamsæfingar, er stefna að því að auka heilbrigði manna, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp.

2. gr.

Kennslumálaráðherra hefir yfirumsjón allra íþróttamála að því leyti, er ríkið lætur þau til sín taka. Til aðstoðar ráðherra um stjórn og framkvæmd íþróttamála er íþróttafulltrúi og íþróttanefnd.

3. gr.

Íþróttafulltrúi skal hafa alhliða þekkingu um íþróttamál og auk þess þekkingu á sviði almennra uppeldismála, enda starfar hann í sambandi við fræðslumálastjórn, eftir nánari ákvæðum, sem ráðherra setur. Hann skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn og launaður úr ríkissjóði.

Íþróttafulltrúi skal hafa á hendi þessi störf:

1. Að hafa umsjón með íþróttastarfsemi í skólum.
2. Að vinna að útbreiðslu og eflingu íþrótta í landinu.
3. Að gera tillögur um framkvæmdir til eflingar íþróttum og hafa eftirlit með slíkum framkvæmdum.
4. Að veita íþróttafélögum og einstaklingum leiðbeiningar og aðstoð um íþróttamál.
5. Að safna skýrslum um íþróttastarfsemi í landinu
6. Að gera tillögur um úthlutun fjár úr íþróttasjóði.
7. Annað það, sem honum er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Ráðherra setur íþróttafulltrúa erindisbréf.

4. gr.

Íþróttanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Kennslumálaráðherra skipar íþróttanefnd, og skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tillögum stjórnar íþróttasambands Íslands, en annar samkvæmt tillögum stjórnar ungmennafélaga Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Nefndarmenn allir skulu vera búsettir í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Íþróttanefnd tekur eigi laun fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði. Kostnað við sérfræðilega aðstoð skal þó greiða úr íþróttasjóði.

Íþróttanefnd stjórnar íþróttasjóði og úthlutar fé úr honum eftir fyrirmælum laga þessara. Að öðru leyti skal nefndin hafa á hendi þessi störf:

1. Að vinna að eflingu íþróttamála, og getur hún gert tillögur um allt, sem að þeim lýtur.
2. Að vinna ásamt íþróttafulltrúa að því að koma skipulagi á íþróttamál í landinu.
3. Annað það, sem henni er falið í lögum þessum, eða verður falið með reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Íþróttafulltrúi á sæti á fundum íþróttanefndar, en á þar eigi atkvæðisrétt nema hann sé skipaður í nefndina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd.

II. KAFLI
Um íþróttasjóð.

5. gr.

Stofna skal sjóð til eflingar íþróttum í landinu, og nefnist hann íþróttasjóður. Alþingi veitir sjóðnum árlega fé til ráðstöfunar, eða sér honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt.

6. gr.

Styrkveitingar úr íþróttasjóði skulu miða að því að bæta skilyrði til íþróttaiðkana, og skal áherzla lögð á, að þær komi að sem almennustum notum.

Styrki má veita til:

1. Hverskonar mannvirkja og tækja, sem miða að bættum skilyrðum til íþróttaiðkana, einkum efniskaupa og aðstoðar kunnáttumanna.
2. Til íþróttaskóla og námskeiða.
3. Til útbreiðslu íþrótta og aukinnar íþróttamenntunar.

Eigi má veita styrki til venjulegra íþróttamóta né einstakra kappleika eða til verðlaunagripa, til rekstrarkostnaðar félaga eða til fastrar íþróttakennslu í almennum skólum, né ferðalaga íþróttafélaga, nema til útbreiðslu miði.

7. gr.

Aðiljar um styrkveitingar eru:

1. Í. S. Í., U. M. F. Í., og félög og sambönd innan vébanda þeirra.
2. Bæjar- eða sýslufélög, hreppsfélög og skólar.
3. Formleg samtök nefndra aðilja.

8. gr.

Umsóknir um styrki úr íþróttasjóði skulu sendar íþróttanefnd samkvæmt reglum, er hún setur um það.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka tillit til eftirfarandi:

1. Hve mikið framlag umsækjanda er í vinnu og fé.
2. Hve almenna þýðingu úthlutunin geti haft.
3. Hve heilbrigðisgildi framkvæmdar þeirrar, er styrks nýtur, er mikið.
4. Að stuðningurinn dreifist með tímanum sem jafnast um landið eftir fólksfjölda.
5. Að hve miklu leyti félögin standi undir rekstrarkostnaði sínum með iðgjöldum félagsmanna.

Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennra afnota, eftir því, sem við verður komið, en eigi má nota þau til neins þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþrótta.

9. gr.

Setja skal reglugerð um mannvirki þau, er styrks hafa notið eða njóta úr íþróttasjóði, og er hún háð samþykki ráðherra. Í reglugerð skulu vera ákvæði um stjórn mannvirkis, viðhald og notkun.

10. gr.

Nú vill einhver þeirra aðilja, sem taldir eru í 7. gr., koma upp íþróttamannvirki og fá til þess styrk úr íþróttasjóði, og skal hann þá leita samþykkis íþróttanefndar um gerð mannvirkis og stað. Skylt er íþróttanefnd að láta aðiljum ókeypis í té uppdrætti og aðrar leiðbeiningar um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa.

III. KAFLI
Um íþróttir í skólum.

11. gr.

Í öllum skólum landsins skulu íþróttir iðkaðar eftir því, sem mælt er fyrir í lögum þessum, eða reglugerðum, er ráðherra setur samkvæmt þeim.

12. gr.

Barnaskólum í kaupstöðum eða kauptúnum með 500 íbúum eða fleiri, svo og öllum æðri skólum, skal séð fyrir hæfu húsnæði með heitu og köldu baði og nauðsynlegum áhöldum til fimleikakennslu, og er hvorttveggja háð úrskurði íþróttafulltrúa. Í barnaskólum í sveitum og kauptúnum með færri en 500 íbúum skal temja nemendum þær fimleikaæfingar, sem við verður komið í húsnæði skólanna, enda sé eigi völ á öðru húsnæði betra. Allir fastir barnaskólar og æðri skólar skulu hafa til umráða hæfilegt landsvæði eða leikvang til þess að iðka knattleiki og útiíþróttir.

13. gr.

Öll börn á landinu skulu læra sund, nema þau séu óhæf til þess, að dómi skólalæknis. Höfuðáherzlu skal leggja á að kenna bringu- og baksund og helztu aðferðir við björgunarsund og endurlifgun úr drukknunarástandi. Skal hver nemandi hafa lokið þessu námi fyrir 14 ára aldur og hafa leyst af hendi ákveðnar raunir í sundi og björgun, samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur.

Þar, sem sundlaugar eru svo nærri skólum, að sundiðkunum verði við komið samhliða öðru námi, skal ætla þeim tíma á stundaskrá skólanna. Að öðrum kosti skal kenna sund með árlegum námskeiðum, og skal hver nemandi eiga kost á hálfs mánaðar kennslu a. m. k. Þar, sem sækja skal langt til slíkra sundnámskeiða, skal ríkissjóður taka þátt í ferðakostnaði nemenda, eftir reglum, sem ráðherra setur. Í öðrum skólum en barnaskólum skulu nemendur iðka sund, nema þeir teljist til þess óhæfir, að dómi skólalæknis, enda eigi þeir kost á sundkennslu og aðgang að sundlaug. Að loknu námi í skólanum skulu nemendur leysa af hendi prófraunir, er miðaðar séu við aldur þeirra og þroska. Ráðherra setur nánari ákvæði um prófraunir þessar.

14. gr.

Í öllum skólum skal leggja áherzlu á það, að nemendur fái tækifæri til að stunda útiíþróttir, eftir því sem fært þykir og staðhættir eru til. Ennfremur skulu piltar í öllum skólum eiga kost á tilsögn í íslenzkri glímu.

15. gr.

Nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis eru eigi færir um að taka þátt í hinum almennu íþróttaiðkunum skólanna, skal séð fyrir líkamsæfingum við þeirra hæfi, eftir því sem fært þykir. Ráðherra setur að öðru leyti, eftir tillögum íþróttafulltrúa og íþróttanefndar, ákvæði um tilhögun og stundafjölda fimleikakennslu og annara íþróttaiðkana í skólum.

16. gr.

Skólanemendum er óheimilt að stunda íþróttaæfingar í félögum utan skólanna þann tíma árs, sem skólar starfa, nema með leyfi skólastjóra.

17. gr.

Í öllum barnaskólum og öðrum almennum skólum skal fara fram kennsla í heilsufræði. Leggja skal sérstaka áherzlu á heilsuvernd, gildi íþrótta og skaðsemi eiturnautna.

18. gr.

Háskólastúdentar skulu eiga kost á íþróttakennslu og íþróttaiðkunum, eftir nánari ákvæðum, sem ráðherra setur.

19. gr.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að láta gera íþróttamerki fyrir skóla, samkvæmt reglugerð, er kennslumálaráðuneytið setur um þau efni. Merkin skulu allir skólanemendur eiga kost á að fá fyrir lágt verð, er þeir hafa unnið tilskilið afrek og náð tilskilinni leikni.

IV. KAFLI
Um íþróttakennslu.

20. gr.

Enginn getur öðlazt réttindi sem sérkennari í íþróttum, né rekið íþróttakennslu sem atvinnu, nema hann hafi lokið íþróttakennaraprófi hér á landi eða öðlazt réttindi sem íþróttakennari áður en lög þessi tóku gildi.

Próf þetta skal taka í uppeldisfræði, kennslufræði og kennslu, íslenzku, líkamsfræði, leikfimi, sundi, íslenzkri glímu og þeim einmenningsíþróttum, sem tilskildar kunna að verða í reglugerð, sem ráðherra setur um prófið. Þeir einir hafa rétt til að ganga undir kennarapróf í íþróttum, sem stundað hafa nám við íslenzkan eða erlendan íþróttakennaraskóla minnst 9 mánuði og kynnzt kennslu í skólum og íþróttafélögum í Reykjavík minnst hálfs mánaðar tíma. Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef í hlut eiga kennarar, sem fengnir eru til þjálfunar um stundarsakir í einstökum íþróttagreinum, enda samþykki stjórn íþróttakennarafélags Íslands ráðningu þeirra.

21. gr.

Kennarar kennaraskólans í uppeldis- og kennslufræði og íslenzku skulu prófa í þessum greinum við íþróttakennarapróf, og prófdómarar og kröfur skulu vera sömu við það og almennt kennarapróf.

Ráðherra skipar prófdómendur í íþróttum.

22. gr.

Við héraðsskólana skulu starfræktar sérdeildir fyrir íþróttakennslu, og eiga nemendur kost á að stunda nám í þeim eftir eins vetrar nám í skólunum. Í íþróttadeildum þessum skal nemendum kennt að leiðbeina öðrum um íþróttaiðkanir, svo að þeir verði færir um leiðbeiningar í íþróttaiðkunum í heimahögum sínum. Nám í deildum þessum veitir að öðru leyti engin kennararéttindi.

23. gr.

Í kennaraskólanum skulu fimleikar og aðrar íþróttir vera skyldunámsgreinar, og skal kennslan vera bæði bókleg og verkleg. Íþróttakennsla skal jafnan vera ein grein kennaraprófs, og skal miða prófið við það, að kennarar verði færir um að veita tilsögn í íþróttum í barnaskólum og íþróttafélögum, þar sem ekki er völ á sérkennara. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um þær íþróttagreinar, sem stunda skal, tilhögun kennslu og kröfur við próf.

V. KAFLI
Um frjálsa íþróttastarfsemi.

24. gr.

Íþróttastarfsemi utan skólanna er falin frjálsu framtaki landsmanna, og fer fram í félögum og sem einstaklingsstarf, með þeim stuðningi, sem veittur er samkvæmt lögum þessum. Viðurkennd landssambönd íþróttafélaga eru íþróttasamband

Íslands (Í. S. Í.) og samband ungmennafélaga Íslands (U. M. F. Í.). Í íþróttamálum kemur Í. S. Í. fram af Íslands hálfu gagnvart öðrum þjóðum, nema að því leyti, sem ríkið gerir það sjálft.

Öll opinber íþróttakeppni skal fara fram samkvæmt reglum, sem Í. S. Í. setur, enda séu þær ætíð í samræmi við alþjóðaíþróttareglur.

25. gr.

Skipta skal landinu niður í íþróttahéruð eftir landfræðilegri legu og aðstöðu til samvinnu um íþróttaiðkanir. Íþróttanefnd annast skiptingu þessa í samráði við stjórnir Í. S. Í. og U. M. F. Í. Íþróttanefnd og íþróttafulltrúi skulu vinna að því, að allir aðiljar um íþróttamál í íþróttahéraði hverju bindist samtökum um hagsmuni sína. Meðan aðiljar þessir hafa eigi myndað slík samtök, skal íþróttanefnd skipa þriggja manna stjórnarnefnd í héraði hverju. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Í. S. Í. og annar samkvæmt tilnefningu stjórnar U. M. F. Í. og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu fræðslumálastjóra. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður er umboðsmaður íþróttanefndar og íþróttafulltrúa í héraði sínu. Eigi þiggur hann laun fyrir það starf. Þá er héraðssamtök íþróttaaðilja hafa myndazt, tekur stjórn þeirra við starfi nefndarinnar.

26. gr.

Til þess að félög séu viðurkennd til styrkveitinga samkvæmt lögum þessum, verða þau að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Inntaka manna í þau sé ekki bundin skilyrðum um trúar- eða stjórnmálaskoðanir.
2. Allir félagsmenn eru skyldir að greiða iðgjöld í sjóði félaganna.
3. Félögin séu í Í. S. Í. eða U. M. F. Í., greiði þeim tilskilin gjöld, sendi árlegar fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul.
4. Félögin hafi lækniseftirlit með íþróttamönnum sínum, eftir því sem við verður komið, og getur íþróttanefnd ákveðið, að enginn megi taka þátt í keppni í tilteknum íþróttagreinum, nema læknir hafi áður skoðað hann.

VI. KAFLI

Ýms ákvæði.

27. gr.

Skylt er hrepps-, bæjar- og sýslufélögum að leggja til endurgjaldslaust hentug lönd og lóðir undir íþróttamannvirki, sem styrkt eru úr íþróttasjóði, eða íþróttanefnd viðurkennir. Heimilt er að taka land til þessa eignarnámi, ef þörf krefur.

28. gr.

Ef félag eða skóli, sem fengið hefir opinberan styrk til mannvirkja eða íþróttatækja, leggst niður, skulu þessar eignir þess renna til íþróttasjóðs, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum eða reglugerðum. Íþróttanefnd sér um, að þær komi að notum til íþróttaiðkana á þeim stað, sem þær eru, eftir því sem ástæður leyfa.

29. gr.

Viðurkenndir skólar og íþróttafélög skulu hafa forgangsrétt að notkun íþróttamannvirkja og tækja, sem þegar eru til í landinu, eða byggð kunna að verða, að því leyti, sem eigendur nota þau ekki til íþróttaiðkana, enda sé greitt fyrir það sanngjarnt verð.

30. gr.

Ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á lögum þessum eða framkvæmdum þeirra, skal skjóta til úrskurðar íþróttanefndar, nema svo sé vaxinn, að hann heyri undir dómstóla.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þar með úr gildi numin eldri lagaákvæði, sem brjóta í bága við þau. Til þess að koma upp mannvirkjum eða fá ráð á fasteignum, sem lög þessi gera ráð fyrir, er veittur fimm ára frestur, en reglugerðir um íþróttir í skólum skulu settar svo fljótt sem þörf krefur.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur þetta frv. fyrir tilmæli forsætisráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera breytingartillögur. Frv. fylgdi svolátandi greinargerð:

I.

Með bréfi dags. 13. apríl f. á. skipaði ríkisstjórnin nefnd, er „geri tillögur til ríkisstjórnarinnar fyrir næsta reglulegt Alþingi um það, hvernig hagkvæmast verði að efla íþróttastarfsemi og líkamsrækt meðal þjóðarinnar, fyrst og fremst með það sjónarmið fyrir augum, að áhrif íþrótta til þroska, heilsubótar og hressingar nái til sem flestra í þessu landi.

Til þess að þessu marki verði náð, og það sem fyrst, telur ráðuneytið nauðsyn til bera að taka íþróttamálin í landinu til ýtarlegrar athugunar og yfirvegunar. Meðal annars, sem rannsaka þarf, eru fjáröflunarmöguleikar íþróttastarfseminnar, hvernig fé því er varið, sem til íþróttamálanna gengur, bæði frá því opinbera og annarsstaðar frá. Athuga þarf, hvernig aðstaðan er nú til íþróttaiðkana og hvernig hún er notuð. Þá þarf að athuga íþróttastarfsemina í skólum landsins og fyrirkomulag hennar í ungmenna- og íþróttafélögum.“

Nefndin hóf þegar starfsemi. Það, sem hún hefir gert, er í stuttu máli þetta:

1. Hún skrifaði öllum þeim íþróttafélögum og ungmennafélögum landsins, sem henni var kunnugt um, sömuleiðis öllum skólum og sérkennurum í íþróttum, og sendi þeim eyðublöð undir upplýsingar, sem nefndin óskaði eftir að fá frá þeim. Sömuleiðis skrifaði hún stjórnum Íþróttasambands Íslands, Sambands ungmennafélaga Íslands, Sambands íslenzkra barnakennara og Bandalagi íslenzkra skáta, og bað um álit og tillögur þessara sambanda og upplýsingar um íþróttastarfsemi þeirra.
2. Nefndin aflaði upplýsinga um fyrirkomulag íþróttamálanna á Norðurlöndum og í öðrum fremstu íþróttalöndum Evrópu. Sumt af þessum upplýsingum fekk hún bréflega frá hlutaðeigandi löndum, með milligöngu stjórnarráðsins, en annars aflaði hr. Ludvig Guðmundsson handa nefndinni, að fyrirmælum forsætisráðherra, er hann ferðaðist erlendis. Sömuleiðis kynnti varaformaður nefndarinnar, hr. Erlingur Pálsson, sér nýju ensku íþróttalögin og framkvæmd þeirra, er hann dvaldi í Englandi s. l. sumar.
3. Nefndin hefir kynnt sér vandlega þau gögn, sem hún fékk, og haldið marga fundi, þar sem hún hefir rætt málin og athugað frá ýmsum hliðum. Einnig hefir hún starfað skipt í þrjár undirnefndir, sem hver hefir fjallað um sína hlið málanna.
4. Loks hefir nefndin samið frv. það til íþróttalaga, sem hér liggur fyrir, og orðið einhuga ásátt um að leggja til, að hið háa Alþingi samþykki það. — Enn hefir nefndin í smíðum frv. um fjáröflun til íþróttamálanna, og mun það verða tilbúið áður langt líður.

II.

Enginn efi getur leikið á því, að fé og fyrirhöfn, sem varið er til aukinnar heilbrigði þjóðarinnar, er vel varið. Féð kemur aftur ávaxtað beint í meiri afkastagetu þjóðarinnar, auknu starfsþreki og lengra lífi einstaklinganna, — óbeint í betri líðan, meiri lífsgleði. Þess vegna verður að telja það efalaust, að þjóðfélagið má flestu

öðru síður til þess spara að gera ráðstafanir til aukinnar heilbrigði. Verður í því efni fyrst og fremst að leggja á það áherzlu, að hver ung kynslóð þjóðarinnar sé varin, svo sem verða má, fyrir sýkingu og heilsuspjöllum, og að hverjum ungum einstaklingi séu tamdar þær lífsvenjur, sem leiða til heilbrigði og langlífi. Má þetta verða með ýmsu móti, á ýmsum sviðum, og skal hér bent á nokkur atriði:

1. Bætt húsakynni, svo að heilsa manna spillist ekki vegna kulda, raka og spillts lofts í híbýlunum.
2. Aukin fræðsla um almenn heilsufræðiefni, svo sem næringargildi og heilbrigðisgildi fæðutegunda, þýðingu áreynslu, svefns og hvíldar, heilbrigðisgildi ljóss og lofts, smitun og smitunarleiðir o. s. frv.
3. Útrýming eiturnautna.
4. Ráðstafanir til tryggingar því, að allir uppvaxandi einstaklingar fái nægilega næringu og næg fjörvi í fæðunni.
5. Nákvæmt eftirlit með heilbrigði barna og unglinga, og aðgerðir í tíma, ef með þarf. Í því sambandi má benda á brýna þörf barnasjúkrahúsa.
6. Ráðstafanir til afnáms slysahættu, svo sem að flytja daglegan dvalarstað barna í kaupstöðum af götunni á leikvelli og út í náttúruna.
7. Ráðstafanir til almennrar íþróttaiðkunar þjóðarinnar.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um þetta atriði.

Ætlunarverk íþrótta með þjóðinni er í stuttu máli þetta:

1. Að veita þeim mörgu einstaklingum þjóðarinnar, sem hafa of litla eða einhliða vöðvaáreynslu í daglegum störfum sínum, slíka áreynslu, á þann hátt, að vöðvar þeirra þroskist og eflist í sem eðlilegustu samræmi, svo að líkaminn nái sem mestri vaxtarfegurð og þrótti.
2. Að hjálpa líkömum, sem að vísu hafa næga áreynslu í störfum sínum, til meiri mýktar og liðleika en vinnunni einni er fært.
3. Að stæla viljaþrek manna og auka karlmennsku þeirra.
4. Að auka mönnum þekkingu á líkama sínum og vald yfir honum, með því að kynna mönnum, hvaða vöðvum beita þarf til hvers átaks og hverrar hreyfingar, hvaða afleiðingar átak hvers vöðva hefir og hvernig þeir vinna saman.

Almennar íþróttaiðkanir þjóðarinnar auka því hreysti þjóðarinnar, þrek og starfsorku hennar, viljaþrek hennar og getu hennar til að leysa af hendi störf. Þær hjálpa þannig til að auka þjóðinni velmegun og vellíðan.

Þetta gildi íþróttanna hefir verið ríkisvaldinu ljóst alllengi, sem sjá má á því, að löggjafarvaldið hefir veitt íþróttaiðkunum margvíslegan beinan og óbeinan stuðning. Þessi stuðningur hefir þó eigi verið bundinn neinu skipulagi á undanförnum tíma. Þetta frv. til íþróttalaga er tilraun til að auka stuðning ríkisvaldsins við íþróttaframtak landsmanna og láta hann koma að fullkomnari notum en áður, m. a. með því að setja honum skipulag.

Skal nú gerð nánari grein fyrir frumvarpinu.

Um 1. gr.

Orðið „íþrótt“ hefir nokkuð mismunandi víðtæka merkingu í málinu. Þykir því rétt að hefja lögin á að festa lagaþýðingu þess. Er hún takmörkuð við allar **líkamsíþróttir**, eða, auk íþrótta í þrengstu merkingu, fimleika, fjallgöngur, róður og annað slíkt, sem til þess er fallið að herða og stæla líkama manna, gera þá hraustari, vinnufærari og fegurri.

Um 2.—4. gr.

Íþróttastarfsemi þjóðarinnar er raunar ein grein af menningarstarfsemi hennar. Nám og iðkun íþrótta er hliðstætt námi og iðkun hverskonar nytsamra fræða. Hvorttveggja eykur manngildi, menningu og gerir menn getumeiri, starfshæfari, hvort á sínu sviði. Nokkur hluti íþróttastarfseminnar fer fram í skólum þjóðarinnar. Hinn hlutinn í félögum, sem byggð eru upp af frjálsu framtaki áhugamanna. En þau fé-

lög eru að þessu leyti hliðstæður skólanna, að þau veita mönnum menningarauka á vissu sviði, þótt með frjálsara og lausara fyrirkomulagi sé. Þess vegna þykir hlýða, að yfirstjórn íþróttamálanna sé hin sama og annara fræðslumála þjóðarinnar. Að kennslumálaráðherra sé æðsti yfirmaður þeirra (2. gr.) og þeim sé stjórnað í sambandi við almenna skólafræðslu (3. gr.).

Nauðsynlegt verður að teljast, að ráðherra njóti aðstoðar og fulltingis sérfræðinga og áhugamanna um stjórn íþróttamálanna, enda hlýtur stjórn hans á þeim að vera fremur form en framkvæmd. Þess vegna gerir frv. ráð fyrir **íþróttafulltrúa** og **íþróttanefnd.**

Íþróttafulltrúi verður hinn fastlaunaði, sístarfandi framkvæmdastjóri íþróttamála landsins og hefir umsjón með öllum íþróttamálum í skólum og félögum. Á forystu hans og framtaki hlýtur mjög að byggjast framgangur íþróttamála landsins og gagnsemi þeirra. Veltur því mjög á mannkostum hans og kunnáttu. Verður að ætlast til, að hann hafi verklega kunnáttu í sem flestum þeirra íþróttagreina, sem iðkaðar eru í landinu, og helzt mikla í einni eða fleirum. Auk þess er nauðsynlegt, að hann hafi fræðilega þekkingu um íþróttir, byggingu mannslíkamans og almenna sálarfræði, einkum þau svið hennar, sem íþróttir snerta. Vegna afskipta hans af skólunum, stjórnar hans á og eftirliti með íþróttakennslu þeirra og íþróttastarfsemi er nauðsynlegt, að hann hafi töluverða þekkingu á uppeldisfræði og kunnugleika og skilning á starfsháttum skóla og kennslutækni. Meðan ekki er völ á manni, sem stundað hefir íþróttir og íþróttafræði sem sérgrein, mætti t. d. hugsa sér, að íþróttafulltrúi væri íþróttamaður með læknisprófi, en hefði aflað sér framhaldsmenntunar um íþróttafræði og uppeldismál. Eða að það væri vel menntaður íþróttakennari með sérstökum undirbúningi undir starf þetta.

Eðlilegt virðist, að íþróttafulltrúi starfi í nánu sambandi við fræðslumálastjóra — sé e. t. v. fulltrúi á fræðslumálaskrifstofunni með afmörkuðu starfssviði. Með því mætti spara kostnað við sérstakt skrifstofuhald fyrir íþróttamálin. — Þar sem gera verður strangar kröfur um undirbúningsmenntun íþróttafulltrúa og persónulega kosti hans, og þar sem starf hans verður annríkt og vandasamt og krefst mikilla ferðalaga, verður að launa hann sæmilega.

Eigi þykir rétt, að íþróttafulltrúi sé skipaður um ótakmarkaðan tíma, heldur aðeins til 5 ára í senn. Hann verður að vera röskur maður í fullu starfsfjöri og með ósvekktum áhuga. Er því vafasamt, að sami maðurinn geti gegnt starfinu svo að vel sé til langframa. En opið liggur fyrir að endurskipa sama mann í starfið, ef það þykir rétt eftir 5 ára starf.

Íþróttanefnd fer með völd í íþróttamálum, næst eftir ráðherra, og hefir með höndum úthlutun fjár þess, sem Alþingi leggur íþróttunum til eða íþróttasjóður fær til umráða, af þeim tekjustofnum, sem Alþingi kann að veita honum. Rétt þykir, að tveir af þremur nefndarmönnum standi í beinni lifandi snertingu við hina frjálsu félagsbundnu íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu, séu kunnugir henni og njóti óvefengjanlega trausts hennar. Gerir því frv. ráð fyrir, að stjórnir þeirra tveggja félagasambanda, sem hafa með höndum mestalla íþróttastarfsemi landsmanna og hafa haft undanfarin um 30 ár, geri tillögur til ráðherra, hvor um sinn nefndarmanninn. Þótt bæði þessi félagasambönd hafi með höndum íþróttahvatningar, þjálfun og kappleiki, og þó að samvinna þeirra hafi ætíð verið hin bezta, þá er þó verkum þannig skipt með þeim, að hvorugt þeirra getur komið fram í þessu efni fyrir hins hönd. Í. S. Í. fer einkum með íþróttastarfsemi í kaupstöðum og þéttbýli og með allsherjarkappleiki og heildarstjórn íþróttamálanna. U. M. F. Í. hefir aftur á móti með höndum meginhluta íþróttastarfseminnar í sveitum og dreifbýli, þar sem aðstaða er örðugust. Þar sem íþróttafræðsla og íþróttatamning skólanna er sú undirstaða, sem íþróttastarfsemi félaganna er reist á, hljóta þeir menn, sem félagasamböndin nefna í íþróttanefnd, að hafa fyllsta áhuga á því, að skólarnir njóti sem fyllstrar aðstoðar um þetta efni.

Íþróttafulltrúi verður framkvæmdarstjóri og ráðunautur íþróttanefndar og á

því málfrelsi og tillögurétt á fundum hennar. En að ýmsu leyti má telja heppilegra að hann sé ekki nefndarmaður.

Um 5. gr.

Undanfarið hefir Alþingi veitt fé samböndum íþróttafélaganna (Í. S. Í. og U. M. F. Í.) og til einstakra íþróttaframkvæmda hér og þar. Heppilegra verður að teljast, að allt það fé, sem ríkið ver til íþrótta, hvort sem er með beinni fjárveitingu úr ríkissjóði eða með sérstakri tekjuöflun, renni í einn íþróttasjóð, undir einni stjórn. Hlýtur að verða mest samræmi og réttlæti i úthlutun fjárins með því móti og bezt tryggt, að það komi að sem fyllstum notum.

Full nauðsyn er á því, að íþróttir og líkamsmenning landsmanna fái allmikið ríflegra fé til umráða framvegis en verið hefir áður. Væri því æskilegt, að íþróttasjóði væri séð fyrir tekjum eftir öðrum leiðum en beinni fjárveitingu úr ríkissjóði. Mun milliþinganefndin í íþróttamálum síðar leggja fram sérstakt frv. um tekjuöflun fyrir sjóðinn.

Um 6. gr.

Fé úr íþróttasjóði hlýtur fyrst og fremst að fara til þess að bæta aðstöðu og möguleika þjóðarinnar til íþróttaiðkana með mannvirkjum, svo sem íþróttavöllum, íþróttahúsum, sundlaugum, skíðabrautum o. s. frv. Þessir hlutir kosta yfirleitt meira fé en svo, að einstök íþróttafélög eða skólar séu fær um að koma þeim upp á eigin spýtur. En slík íþróttamannvirki eru oft meginskilyrði þess, að íþróttir verði iðkaðar eins og vera ber.

Ætlast verður til þess, að á þeim stöðum, sem íþróttamannvirki eru gerð, sé sá áhugi fyrir hendi hjá íþróttafélögum, skólum og einstaklingum, að þau vilji leggja og geti lagt eitthvað verulegt af mörkum til framkvæmdarinnar. Er það þá einkum almenn vinna, sem slíkir aðiljar hafa ráð á að leggja til. Þess vegna er gert ráð fyrir, að íþróttasjóður veiti einkum styrk til þess, sem ekki verður hjá komizt að greiða í peningum, þ. e. efniskaupa, verkfræðilegrar aðstoðar og vinnu iðnlærðra manna og verkstjóra.

Að öðru leyti hlýtur fé íþróttasjóðs að verða varið til að auka íþróttakunnáttu almennings og til ráðstafana, sem að því miða að gera íþróttaiðkun almennari.

Nefnd eru í niðurlagi greinarinnar nokkur atriði í íþróttastarfsemi, sem ekki þykir ástæða til að kosta úr íþróttasjóði. Íþróttamót standa venjulega sjálf undir kostnaði sínum, og er því varla ástæða til að styrkja þau. Þó getur verið um þau mót að ræða, að þörf sé styrks, t. d. ef fengnir væru erlendir menn eða íþróttaflokkar til keppni eða sýningar, í því skyni að auka áhuga og kapp í íþróttaiðkun landsmanna. Um fasta íþróttakennslu í almennum skólum gegnir sama máli og aðra kennslu þeirra skóla, og á hún því að vera kostuð á sama hátt. Hinsvegar gæti íþróttasjóður styrkt námskeið í skólunum og íþróttakennslu í sérstökum íþróttaskólum.

Um 7. gr.

Hér eru taldir þeir aðiljar, er styrks eiga að geta notið úr íþróttasjóði: Félagasamböndin, sem íþróttir stunda, til íþróttaframkvæmda sinna og til þeirrar útbreiðslu-, hvatningar- og fræðslustarfsemi um íþróttir, sem þau hafa með höndum. Íþróttafélög (þar með talin ungmennafélög, sem stunda íþróttir, eins og flest þeirra gera) og héraðssambönd innan landssambandanna. Bæjar-, sýslu- og hreppsfélög til íþróttamannvirkja, sem þau láta gera, eða íþróttanámskeiða og þess háttar. Skólar til íþróttamannvirkja og tækja, sem séu þá um leið til afnota fyrir almenning, eftir því sem ástæður leyfa, og íþróttaskólar til starfrækslu sinnar. Loks nefnir greinin „formleg samtök þessara aðilja“, og er með því slegið föstu, að ef t. d. hreppsnefnd og ungmennafélag eða bæjarstjórn og íþróttafélag vilja stofna sameiginlega til íþróttaframkvæmdar, verði þau að hafa um það formlegan samning og sameiginlega framkvæmdastjórn, sem kemur fram af þeirra hálfu gagnvart íþróttanefnd og íþróttafulltrúa.

Um 8.—10. gr.

Greinar þessar virðast ekki þurfa skýringa við. — Rétt er að benda á, að með 5. tölulið 8. gr. er ætlazt til þess, að þeir menn, sem íþróttir stunda í íþróttafélögunum, leggi allir fjármunakvaðir á sjálfa sig til íþróttanna, um leið og þeir vænta styrks úr íþróttasjóði ríkisins.

Um 11. gr.

Hér er ætlazt til, að íþróttir séu iðkaðar í öllum skólum landsins, en nú er lítið eða ekkert um það í sumum skólum. Ákvæði þessarar greinar verður að telja mjög nauðsynlegt og þýðingarmikið. Skólanemendur eru á þeim aldri, sem mesta hefir þörf líkamsþjálfunar og áreynslu, en annað skólanám en íþróttir veitir þeirri þörf lítla fullnægju. Auk þess er hægara að ná til skólafólks en annars hluta æskunnar með þá heilsubót, sem íþróttaiðkanir veita.

Um 12. gr.

Hér er hert allmikið á kröfum um skilyrði til íþróttaiðkana í skólum landsins, þar sem þess er krafizt, að barnaskólar í kaupstöðum og þorpum með 500 eða fleiri íbúum og allir æðri skólar hafi aðgang að leikfimihúsi með nauðsynlegum tækjum og böðum. Hér er um að ræða svo mikilvæga heilbrigðisframkvæmd, að hún ætti vel að vera kleif, enda þótt töluverðu fé þurfi að verja næstu ár úr íþróttasjóði og frá bæjum og hreppum kauptúnanna til að reisa ný íþróttahús.

Eigi þykir fært að gera þá kröfu, að fastir barnaskólar á fámennari stöðum en með 500 íbúum hafi sérstakt íþróttahúsnæði. Verður því að bjargast þar við þær íþróttaiðkanir, sem við verður komið í húsnæði skólanna, nema völ sé á öðru betra húsnæði til þess á staðnum, félagshúsi t. d. Á slíkum stöðum verður fyrst og fremst að leggja áherzlu á þær líkamsæfingar, sem hjálpa börnunum til að ná réttu vaxtarlagi.

Þá er gert ráð fyrir, að allir fastir barnaskólar og æðri skólar hafi til umráða landsvæði, sem nota megi til útiíþrótta og knattleika. Þetta er skólunum hin mesta nauðsyn. Og þar sem landrými skortir yfirleitt ekki hér á landi, ætti þetta að vera hægðarleikur. Skólarnir gætu sjálfir lagt fram vinnu við að slétta og lagfæra þetta land sitt.

Um 13. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir, að öll skólabörn á landinu verði synd, m. ö. o. að sund verði skyldunámsgrein í öllum barnaskólum í sveitum og við sjó. Þegar á það er litið, að sund er í fremstu röð íþrótta um heilbrigðisgildi, og líf manna getur auk þess oft oltið á því, að þeir séu syndir, getur ekki leikið vafi á því, að ákvæði greinar þessarar eru stórlega þýðingarmikil. Undanfarin ár hafa, sem kunnugt er, verið gerðar sundlaugar mjög víða um land, svo að nú þegar er sundkennsla allra barna vel framkvæmanleg þess vegna á miklum hluta landsins, eða frá Mýrdalssandi vestur um alla leið að Öxarfirði. Á austanverðu landinu eru mestir örðugleikar um þetta efni, enda skortir þar jarðhita. Með sundlaug að Eiðum verður því máli þó að allverulegu leyti borgið fyrir Múlasýslu. Sá stuðningur, sem veittur yrði til byggingar sundlauga á næstu árum, yrði að fara á þá staði, sem örðugasta eiga sókn til þeirra sundlauga, sem nú eru til. — Ekki er frágangssök að kenna sund í köldu vatni um hásumarið, ef eigi er kostur hlýrrar laugar. Enn gæti komið til mála, að gerðar yrðu upphitaðar laugar þar, sem eigi er kostur að ná til jarðhita.

Um 14. gr.

Orðið „útiíþróttir" hefir víðtæka merkingu í grein þessari. Nær það yfir hlaup, stökk, köst, göngu (þar með gönguferðir og fjallgöngur), skíða- og skautaferðir, knattleika o. fl. Þetta má víðast stunda í skólum að miklu gagni, en án verulegs tilkostnaðar. En til þess þarf hvatningu kennaranna. Sjálfsagt er, að skólarnir hvetji drengi til glímuiðkana og sjái þeim fyrir leiðbeiningum og aðstöðu til þeirra.

Um 15. gr.

Þarf engra skýringa.

Um 16. gr.

Reynslan, einkum hér í Reykjavík, þar sem samkeppni íþróttafélaganna um fólkið hefir einnig náð til unglinganna, hefir sýnt, að þessarar greinar er þörf. Skólarnir verða að sjá nemendum sínum fyrir þeim íþróttaiðkunum, sem þeim eru nauðsynlegar. Er þá engin ástæða til, að nemandi hafi heimild til að vanrækja þær vegna annara íþróttaiðkana. Ef íþróttir eru stundaðar í skólunum og auk þess utan þeirra, getur það leitt til ofþjálfunar. Enn eru íþróttaæfingar félaganna oft á síðkvöldum, en sá tími er ungum skólanemendum ekki hollur. Ef skóli sér nemendum ekki fyrir nægilegum íþróttaiðkunum, verður að gera ráð fyrir, að skólastjóri veiti leyfi það, sem greinin gerir ráð fyrir.

Um 17.—18. gr.

Þurfa engra skýringa.

Um 19. gr.

Vafalaust gætu íþróttamerki verið holl hvatning nemendum til íþróttaiðkana, hér á landi eins og annarsstaðar, þar sem reynsla er fyrir slíku. Þykir því rétt að hafa heimild þessa í lögunum. En ef til vill væri hyggilegra, að Í. S. Í. gæfi út merki, í samráði við fræðslumálastjórnina.

Um 20.—21. gr.

Hér eru felld inn í lög nr. 24 1932, um próf leikfimi- og íþróttakennara, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar verða að teljast til samræmingar við þetta frv. Þar sem hér er um að ræða efni, sem löggjafarvaldið hefir áður gert sér grein fyrir og samþykkt, þykir eigi ástæða til að gera frekari grein fyrir því.

Um 22. gr.

Það er alkunnugt, að ungmennafélög og íþróttafélög sveitanna og hinna fámennu þorpa eiga þess engan kost að halda sérkennara í íþróttum. Verður því þar varla um aðra íþróttaleiðbeiningu að ræða en þá, sem einstakir félagsmenn veita, þeir sem átt hafa kost einhvers íþróttanáms umfram allan fjöldann. Slíkar íþróttaleiðbeiningar áhugamanna geta haft hina mestu þýðingu, og mætti nefna mörg dæmi um íþróttavakningu, sem t. d. nemendur úr íþróttaskólanum í Haukadal eða frá héraðsskólunum hafa valdið í sveitum landsins. Ákvæðum greinar þessarar er ætlað að greiða fyrir því, að félög sveita og dreifbýlis geti jafnan átt slíka leiðbeinendur um íþróttir.

Um 23. gr.

Með grein þessari er hert töluvert á kröfum um íþróttanám kennaraefna. Er það óhjákvæmilegt vegna annara ákvæða frv. þessa, t. d. 12., 13. og 14. gr. Margir kennarar starfa einir við skóla, og þar verða þeir þá að geta kennt allar þær greinar, sem krafizt er, að börnin nemi, íþróttir engu síður en annað. Eigi verður vitað meðan kennaraefni stundar nám, við hver skilyrði hann starfar síðar að kennslu.

Virðist því óhjákvæmilegt, að íþróttakennsla sé jafnan ein grein kennaraprófs. Þetta hlýtur að vísu að útiloka líkamsgallaða menn frá kennaranámi, en við því er ekkert að gera. Enda verður að teljast vafasamt, að menn, sem geta ekki stundað og kennt íþróttir vegna heilsubilunar eða líkamsgalla, séu heppilegir til að vera kennarar.

Um 24. gr.

Í grein þessari eru tvö landssambönd, sem vinna að íþróttum, viðurkenndir aðiljar af hálfu hinnar frjálsu íþróttastarfsemi gagnvart ríkinu. Sambönd þessi ná yfir svo að segja alla íþróttastarfsemi landsmanna utan skólanna. Bæði hafa þau starfað lengi (U. M. F. Í. stofnað 1907 og Í. S. Í. 1912) og eiga sér mikla og góðu sögu í íþróttastarfsemi þjóðarinnar. Getur því ekki leikið efi á því, að bæði eigi þau að

hljóta viðurkenningu og stuðning löggjafans. Með þessum samböndum hefir jafnframt verið hin bezta samvinna.

Á það er þegar komin hefð, að Í. S. Í. hafi með höndum íþróttamál Íslands út á við og setji íslenzkar reglur um íþróttakeppni í samræmi við alþjóðareglur. Enda er það í alþjóðasamböndum af Íslands hálfu.

Um 25. gr.

Nauðsynlegt verður að teljast, að samstarf sé milli íþróttafélaga í hverju héraði, um sameiginlegar íþróttaframkvæmdir utan um íþróttamiðstöðvar um nám og keppni, sem myndast hljóta eða þegar eru myndaðar. Ungmennafélögin hafa þegar starfað í héraðasamböndum um langt árabil. Og Í. S. Í vinnur að myndun héraðssambanda hjá sér. Grein þessari er ætlað að styðja þessa viðleitni og auðvelda samvinnu allra íþróttaaðilja héraðs, félaga, skóla o. s. frv.

Um 26. gr.

Hér eru tekin fram þau skilyrði, sem ríkið hlýtur að setja íþróttafélögum, til þess að það geti viðurkennt þau hæf til styrks. Fyrsta skilyrðið skýrir sig sjálft. — Um 2. lið er það að segja, að krefjast verður, að einstaklingarnir leggi nokkuð af mörkum sjálfir til íþróttastarfsemi félags síns, áður en þeir ætlast til opinbers stuðnings. Verður að gera ráð fyrir undir öllum venjulegum kringumstæðum, að iðgjöld félagsmanna greiði almennan rekstrarkostnað félaganna. 3. Eðlilegt virðist að krefjast þess, að félögin séu í öðruhvoru hinna viðurkenndu landssambanda og uppfylli skyldur sínar þar. Ákvæðið um tveggja ára lágmarksaldur félags er sett til þess að fyrirbyggja, að félag, sem þýtur upp án þess að eiga lífsgetu til frambúðar, geti hrifsað fé úr íþróttasjóði. — 4. Áherzlu verður að leggja á, að íþróttaiðkanir miði fyrst og fremst að aukinni heilbrigði og starfsgetu þjóðarinnar. Til þess eru ákvæði 4. liðs nauðsynleg.

Um 27.—31. gr.

Ákvæðum 29. gr. er ætlað að tryggja það, að íþróttamannvirki og íþróttatæki þjóðarinnar komi að sem víðtækustum notum. — Frestur sá, sem veittur er í 31. gr., á einkum við ákvæði 12. gr. — Að öðru leyti þurfa þessar gr. ekki skýringa við.

Milliþinganefndin í íþróttamálum mun síðar skila ýtarlegra nefndaráliti og niðurstöðum þeirra athugana, sem hún hefir haft með höndum.

Nd. 38. Frumvarp til laga

um dýralækna.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Dýralæknar skulu sex, tveir í Sunnlendingafjórðungi, tveir í Vestfirðingafjórðungi, einn í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi.

Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

2. gr.

Dýralæknar taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, og að auki gjald fyrir störf sín og ferðir eftir gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur.

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr ríkissjóði 6 krónur í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi.

Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febrúar 1894, um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

4. gr.

Þá er dýralæknar ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá, er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararbeina og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur dýralæknum erindisbréf og ákveður í því starfssvið þeirra.

6. gr.

Lög nr. 61 3. nóv. 1915, um dýralækna, og lög nr. 61 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 61 3. nóv. 1915, um dýralækna, og önnur fyrirmæli, er kynnu að koma í bág við lög þessi, eru numin úr gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er ætlazt til:

Í fyrsta lagi, að steypa saman í eina heild þeim lagaákvæðum, sem eru gildandi um skipun dýralækna á Íslandi, þó með þeirri breytingu í 1. gr. frumv., að dýralæknar skulu sex, í stað fimm í gildandi lögum, en sú breyting er gerð hér með hliðsjón af frumvarpi því um fjölgun dýralækna í Vestfirðingafjórðungi, er flutt er að ósk Vestfirðinga á þessu þingi af þingm. Norður-Ísfirðinga, og vænta má, að nái samþykki þingsins.

Í öðru lagi, að staður sé fundinn í íslenzkri löggjöf (sbr. 2. gr. frumv.), er heimili stjórnarráði Íslands að setja gjaldskrá yfir embættisverk dýralækna, á sína vísu eins og gjaldskrá embættislækna.

Hingað til hefir stjórnarráðið ekki getað orðið við ósk dýralækna um staðfestingu gjaldskrár vegna brestandi lagaheimildar, þó að það hafi ekkert fundið við gjaldskrána að athuga að öðru leyti. Er hér um eðlilegt og blábert sanngirnismál að ræða, því öllum ætti að vera það ljóst, að það hefir aldrei verið tilætlun löggjafans, að dýralæknar hefðu engan rétt til endurgjalds fyrir embættisverk sín í þágu einstaklinga, og það því síður, þegar þess er gætt, að dýralæknar eru, samkv. launalögum, settir í lægsta launaflokk allra embættislækna, enda þótt læknisaðgerðir á dýrum séu og verði alltaf miklu ódýrari en tilsvarandi aðgerðir á mönnum.

Ed. 39. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. marz 1939.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Nd. 40. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á 14. gr. l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Finni Jónssyni og Pétri Ottesen.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
14. gr. laganna orðist svo:
Verksmiðjurnar skulu greiða ½% af brúttó andvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar, þó ekki yfir 40% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár. Þær greiða ekki útsvar, fasteignaskatt í bæjarsjóð eða sveitarsjóð né tekju- og eignarskatt.

Ed. 41. Nefndarálit

um frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og borið saman við gildandi lög og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. marz 1939.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, með fyrirv.

Ed. 42. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. marz 1939.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 43. Frumvarp til almennra hegningarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

I. KAFLI
Refsiheimildir, gildissvið refsilaga, framsal sakamanna o. fl.

1. gr.

Eigi skal refsa manni, nema hann hafi gerzt sekur um háttsemi, sem refsing er lögð við í lögum, eða má öldungis jafna til hegðunar, sem þar er afbrot talin.

2. gr.

Hafi refsilöggjöf breytzt frá því að verknaður var framinn til þess er dómur gengur, skal dæma eftir nýrri lögunum, bæði um refsinæmi verknaðar og refsingu. Aldrei má þó dæma refsingu, nema heimild hafi verið til þess í lögum, þegar verk var framið, og ekki þyngri refsingu en orðið hefði eftir þeim lögum. Hafi refsiákvæði laga fallið úr gildi af ástæðum, sem ekki bera vitni um breytt mat löggjafans á refsinæmi verknaðar, skal dæma eftir lögum þeim, sem í gildi voru, þegar brot var framið.

Falli refsinæmi verknaðar niður af öðrum ástæðum en síðast var getið, fellur refsing niður, sem dæmd hefir verið fyrir þann verknað, að því leyti, sem hún hefir þá ekki þegar verið framkvæmd. Einnig falla þá niður aðrar afleiðingar verknaðar, sem refsinæmi hans að eldri lögum leiddi af sér, að undantekinni skyldu til greiðslu sakarkostnaðar. Bera má þá undir dómstól þann, sem dæmdi í því máli í héraði, eða dómstól á heimavarnarþingi aðilja, hvort refsing samkvæmt dóminum skuli niður falla eða lækka, ef dómurinn tekur jafnframt til fleiri brota. Niðurstöðu héraðsdóms má áfrýja.

3. gr.

Þegar refsilöggjöfin lætur ítrekun brots varða aukinni refsingu eða öðrum viðurlögum, skal refsiákvörðun samkvæmt eldri lögum hafa ítrekunaráhrif eftir orðan sinni, eins og hún hefði verið gerð eftir nýrri lögunum.

4. gr.

Refsað skal eftir íslenzkum hegningarlögum:

1. Fyrir brot, framin innan íslenzka ríkisins. Sé brot framið af starfsmanni eða farþega erlends skips eða loftfars, sem hér er á ferð, gegn manni, sem með farinu fylgist, eða hagsmunum, sem við farið eru nátengdir, skal þó því aðeins refsa hér, að dómsmálaráðherra fyrirskipi rannsókn og málshöfðun.
2. Fyrir brot, framin á íslenzkum skipum eða í íslenzkum loftförum, hvar sem þau hafa þá verið stödd. Hafi brot verið framið á stað, þar sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarétti, og af manni, sem hvorki var fastur starfsmaður né farþegi á farinu, skal þó ekki refsað hér, nema heimild sé til þess eftir 5. eða 6. gr.

5. gr.

Fyrir verknað, sem íslenzkir ríkisborgarar eða menn, búsettir á Íslandi, hafa framið erlendis, skal refsað eftir íslenzkum hegningarlögum:

1. Ef brot er framið á stað, sem refsivald annarra ríkja nær ekki til að þjóðarétti, og var þá jafnframt refsivert eftir lögum heimaríkis sakbornings.
2. Ef brot er framið á stað, sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarétti, og var þá jafnframt refsivert eftir lögum þess.

6. gr.

Ennfremur skal refsað eftir íslenzkum hegningarlögum fyrir brot, sem þannig er háttað, er hér á eftir segir, enda þótt það sé framið utan íslenzka ríkisins og án tillits til þess, hver er að því valdur:

1. Gegn sjálfstæði íslenzka ríkisins, öryggi þess, stjórnskipan og stjórnvöldum, á embættis- eða sýslunarskyldum við íslenzka ríkið og gegn hagsmunum, sem njóta íslenzkrar réttarverndar, vegna náins sambands við íslenzka ríkið.
2. Á skyldum, sem þeim, er verkið vann, bar samkvæmt íslenzkum lögum að rækja erlendis, svo og á skyldum samkvæmt ráðningu á íslenzkt far.
3. Gegn hagsmunum íslenzkra ríkisborgara eða manna, búsettra á Íslandi, ef brot er framið á stað, þar sem refsivald annarra ríkja nær ekki til að þjóðarétti. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun saksóknara.

7. gr.

Nú er refsing að einhverju leyti bundin að lögum við afleiðingar verknaðar, og skal þá líta svo á, að verkið sé einnig unnið þar, sem þessar afleiðingar gerast eða er ætlað að koma fram.

8. gr.

Þegar refsimál er höfðað fyrir íslenzkum dómstóli, skal niðurstaða dóms um refsingu og aðrar afleiðingar verknaðar fara eftir íslenzkum lögum.

Refsing fyrir brot, sem mál er höfðað út af hér á landi samkvæmt 5. gr., má ekki fara fram úr hámarki þeirrar refsingar, sem við brotinu lá í heimaríki sakbornings, sbr. 1. tölulið, eða í því ríki, þar sem brot var framið, sbr. 2 tölulið.

Nú hefir sakborningur verið sýknaður í því ríki, þar sem brot var framið, sbr. 2. tölulið 5. gr., refsidómi yfir honum fyrir brotið hefir verið fullnægt eða dæmd refsing er að lögum þess ríkis brott fallin, og skal þá ekki höfða refsimál á hendur honum hér á landi fyrir það brot.

Sé annars höfðað mál á hendur manni hér á landi fyrir brot, sem hann þegar hefir tekið út refsingu fyrir í öðru ríki, skal ákveða refsinguna hér að sama skapi vægari eða láta hana eftir atvikum falla niður.

9. gr.

Ekki má framselja til refsingar á vald erlendra ríkja:

1. Íslenzka ríkisborgara.
2. Menn, sem sakaðir eru um stjórnmálaafbrot.
3. Erlenda ríkisborgara fyrir verknað, sem annaðhvort er ekki refsiverður eftir íslenzkum lögum, eða sökin er fallin niður samkvæmt þeim.

Erlendan ríkisborgara má aðeins framselja til þess ríkis, sem hann hefir drýgt afbrot í, eða þangað, er hann á ríkisborgararétt. Hafi erlendur ríkisborgari verið búsettur hér á landi síðustu 2 árin, verður hann því að eins framseldur, að ríkar ástæður mæli með því.

Jafnan má setja það skilyrði fyrir framsali, að ríki það, sem við tekur, heiti því, að hinum framselda manni verði ekki refsað fyrir aðra glæpi, drýgða fyrir framsalið, en þá, sem hann er framseldur fyrir, og ekki frekar en íslenzk refsilög mæla fyrir um þyngsta refsingu fyrir það brot.

10. gr.

Hafi íslenzka ríkið fengið mann framseldan til refsingar frá öðru ríki, má ekki dæma hann fyrir aðra glæpi, drýgða fyrir framsalið, en þá, sem framselt er fyrir, hafi hið erlenda ríki sett slíkt skilyrði, og ekki í þyngri hegningu en það hefir áskilið.

11. gr.

Ákvæðum 4.—6. og 9. greinar laga þessara skal beita með þeim takmörkunum, sem leiðir af reglum þjóðaréttarins.

II. KAFLI
Almenn refsiskilyrði.

12. gr.

Það verk er refsilaust, sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hefir verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögmætri árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum, sem séu augsýnilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til.

Hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, og ástæðan til þess er sú, að hann hefir orðið svo skelfdur eða forviða, að hann gat ekki fullkomlega gætt sín, skal honum ekki refsað.

13. gr.

Það verk er refsilaust, sem nauðsyn bar til að unnið væri í þeim tilgangi að vernda lögmæta hagsmuni fyrir yfirvofandi hættu, þótt með því séu skertir aðrir hagsmunir, sem telja verður að miklum mun minni.

14. gr.

Eigi skal manni refsað fyrir verknað, er hann hefir framið, áður en hann varð 15 ára gamall.

15. gr.

Þeim mönnum skal eigi refsað, sem sökum geðveiki, andlegs vanþroska eða hrörnunar, rænuskerðingar eða annars samsvarandi ástands voru alls ófærir á þeim tíma, er þeir unnu verkið, til að stjórna gerðum sínum.

16. gr.

Nú var maður sá, sem verkið vann, andlega miður sín, svo sem vegna vanþroska, hrörnunar, kynferðilegs misþroska eða annarrar truflunar, en þetta ástand hans er ekki á eins háu stigi og 15. gr. getur, og skal honum þá refsað fyrir brotið, ef ætla má eftir atvikum og eftir að læknisumsagnar hefir verið leitað, að refsing geti borið árangur.

Verði til stofnun, ætluð slíkum mönnum, sem í þessari grein getur, má ákveða í refsidómi, að sakborningur skuli taka út refsivist sína í stofnuninni.

17. gr.

Refsingu skal beita, þótt brot hafi verið framið í ölæði eða undir áhrifum annarra nautnalyfja. Hafi verið um fullkomið rænuleysi að ræða, skal þó ekki refsað, nema sakborningur hafi fyrirfram vitað um eða haft fullkomna ástæðu til að ætla, að hann myndi fremja brotið, meðan á áhrifunum stæði, eða að það myndi leiða af þessu ástandi hans.

18. gr.

Verknaður, sem refsing er lögð við í lögum þessum, er ekki saknæmur, nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi. Fyrir gáleysisbrot skal því aðeins refsa, að sérstök heimild sé til þess í lögunum.

19. gr.

Sé refsinæmi verknaðar, eða aukin refsing við honum, bundið því skilyrði samkvæmt þessum lögum, að verkið hafi í för með sér tilteknar afleiðingar, telst

því skilyrði ekki fullnægt, nema gáleysi sakbornings megi að minnsta kosti um afleiðingarnar kenna, eða því, að sakborningur hefir ekki gert sér far um að afstýra eftir mætti hættu þeirri, er verkið hafði í för með sér, þegar er hann varð hennar var.

III. KAFLI
Tilraun og hlutdeild.

20. gr.

Hver sá, sem tekið hefir ákvörðun um að vinna verk, sem refsing er lögð við í lögum þessum, og ótvírætt sýnt þann ásetning í verki, sem miðar eða er ætlað að miða að framkvæmd brotsins, hefir, þegar brotið er ekki fullkomnað, gerzt sekur um tilraun til þess.

Fyrir tilraun til brots má dæma lægri refsingu en mælt er um fullframin brot. Skal það einkum gert, þegar af tilrauninni má ráða, að brotamaðurinn sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla má, að sé um menn, sem fullfremja slík brot.

Ef hagsmunum þeim, sem verknaður beinist að, eða verknaðinum sjálfum er svo háttað, að tilraunin hefði ekki getað leitt til fullframins brots, má ákveða, að refsing skuli falla niður.

21. gr.

Hegning fyrir tilraun fellur niður, ef sá, sem sekur hefir gerzt um hana, lætur af sjálfsdáðum af þeim ásetningi sínum að drýgja brotið, áður en það er fullkomnað, enda farist framkvæmd þess ekki fyrir eða tilætlaður árangur náist ekki vegna tálmana eða annarrar tilviljunar, og hann hefir þar að auki, ef hann hefir með verknaði sínum valdið eða talið sig hafa valdið hættu á því, að brotið fullkomnist, komið í veg fyrir það eða gert þær ráðstafanir, sem myndu hafa komið í veg fyrir það, ef fullkomnun brotsins hefði ekki, án vitundar hans, verið aftrað á annan hátt eða verið óframkvæmanleg.

22. gr.

Hver sá maður, sem með liðsinni í orði eða verki, fortölum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í því, að brot samkvæmt lögum þessum er framið, skal sæta þeirri refsingu, sem við brotinu er lögð.

Ef hlutdeild einhvers þátttakanda í brotinu er smávægileg, eða er í því fólgin að styrkja áform annars manns, sem áður er til orðið, svo og þegar brot er ekki fullframið eða fyrirhuguð þátttaka hefir misheppnazt, má dæma hann í vægari refsingu en þá, sem lögmælt er við brotinu.

Þegar svo stendur á, sem í annarri málsgrein segir, og sömuleiðis, ef manni hefir orðið á af gáleysi að taka þátt í broti, má láta refsingu falla niður, ef brotið á undir hegningarákvæði, þar sem ekki er sett þyngri refsing en varðhald.

Nú er brot fullframið, og skal þá sá, sem veitir brotamanni sjálfum eða öðrum liðsinni til þess að halda við ólögmætu ástandi, er skapazt hefir fyrir brotið, eða nýtur hagnaðar af því, sæta refsingu eftir ákvæðum þessarar greinar, enda taki önnur ákvæði laga ekki til verknaðar hans.

23. gr.

Hlutdeildarmanni skal ekki refsað, ef hann, á þann hátt, sem í 21. gr. getur, afstýrir brotinu eða gerir ráðstafanir, sem myndu hafa komið í veg fyrir það, ef framkvæmd þess hefði ekki, án vitundar hans, verið afstýrt á annan hátt, misheppnazt eða verið óframkvæmanleg.

IV. KAFLI
Ákærureglur.

24. gr.

Sérhver refsiverður verknaður skal sæta opinberri ákæru, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.

25. gr.

Beri ekki að höfða mál af hálfu opinbera ákæruvaldsins út af broti, eða það á því aðeins að fylgja málinu fram, að krafa sé um það gerð, getur sá einn höfðað mál eða borið fram kröfuna, sem misgert var við.

Ef sá er ósjálfráða, sem misgert var við, kemur sá maður í hans stað, sem að lögum hefir forræði yfir honum. Ef þurfa þykir, má skipa sérstakan forráðamann í þessu skyni.

Sé sá dáinn, sem misgert var við, eða verknaður, sem beinist að dánum manni, er refsiverður, hafa eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn, kjörbörn og systkin rétt til að höfða mál eða bera fram kröfu um opinbera málshöfðun.

26. gr.

Nú er verknaður ekki refsiverður, nema sá, sem misgert var við, krefjist opinberrar málshöfðunar, og skal þá ekki byrja opinbera rannsókn fyrr en krafan er komin fram.

Hafi fleirum en einum manni verið misboðið með sama verknaði, nægir að krafan komi frá einum þeirra, og beri ekki að höfða mál út af brotinu af hálfu hins opinbera, getur hver um sig sótt hinn seka til refsingar í einkamáli.

Hafi fleiri en einn maður heimild samkvæmt 2. eða 3. málsgr. 25. gr. til þess að bera fram kröfu um opinbera málssókn, en eru ekki á eitt sáttir um, hvort það skuli gert, ákveður opinbera ákæruvaldið, hvort mál skuli höfðað.

27. gr.

Ekki skal taka til greina kröfu um opinbera ákæru, ef undanskilinn er nokkur sá, sem samsekur kann að vera um verknaðinn, nema opinbera ákæruvaldið geti á það fallizt. Komi það í ljós, eftir að krafa hefir verið gerð, að fleiri eru sekir en áður var um vitað, skal maður sá, sem kröfuna gerði, um það spurður, hvort hann krefjist þess, að þeim mönnum verði refsað.

28. gr.

Beri ekki að dæma refsingu, nema refsikrafa sé borin fram í einkamáli, fellur refsiábyrgð niður, ef sá, sem misgert var við, hverfur frá málshöfðunarrétti sínum eða málssókn eða gefur refsingu upp á annan hátt, áður en málið er dæmt í héraði.

Eigi ákæruvaldið því aðeins að fylgja málinu fram, að sá krefjist þess, sem misgert var við, fellur refsiábyrgð niður, ef hann hverfur frá þessum rétti sínum eða gefur refsingu á annan hátt upp, áður en hann ber fram kröfuna. Afturkalli hann kröfuna, áður en héraðsdómur gengur í málinu, fellur málssókn niður, nema ákæruvaldið telji rétt vegna almannahags að halda málinu áfram.

Sá, sem eitt sinn hefir afturkallað kröfu um málssókn, getur ekki síðar komið fram með hana, nema ákæruvaldið samþykki.

29. gr.

Heimild til þess að bera fram kröfu um opinbera málssókn eða höfða einkamál til refsingar fellur niður, sé krafa ekki gerð eða mál höfðað, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að sá, sem heimildina hefir, fékk vitneskju um hinn seka. Nú andast sá, sem misgert var við, áður en frestur er liðinn, og getur þá sá, sem í stað hans kemur, ávallt borið fram kröfu um málssókn eða höfðað einkamál á næstu

3 mánuðum eftir andlátið, þótt frestur væri annars liðinn. Séu fleiri sekir en einn, og frestur til þess að krefjast opinberrar málssóknar á hendur einhverjum þeirra er liðinn, skal því aðeins taka til greina kröfu um málssókn gegn hinum, að ákæruvaldið geti á það fallizt.

Hafi einkamál ekki leitt til dóms um refsikröfuna, má höfða mál að nýju, unz framangreindur 6 mánaða frestur er liðinn. Einnig má jafnan kröfu gera um málssókn eða höfða einkamál næstu 3 mánuði frá því að mál ónýttist.

30. gr.

Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða, að saksókn skuli niður falla út af brotum, sem unglingar á aldrinum 15 til 18 ára hafa framið, með því skilyrði, að unglingurinn sé um ákveðinn tíma, en þó ekki lengur en til fullnaðs 21 árs aldurs, háður eftirliti, er hæfa þykir, svo sem umsjón ákveðinnar stofnunar eða einstaklings, er vill taka það að sér. Málið má taka upp að nýju, ef unglingurinn gerist sekur á eftirlitstímanum um nýtt brot, eða óhlýðnast verulega fyrirmælum þeim, sem sá, er umsjónina hefir á hendi, hefir gefið honum.

Leita skal álits barnaverndarnefndar (skólanefndar), áður en ákvarðanir samkvæmt grein þessari eru teknar.

V. KAFLI
Um refsingarnar.

31. gr.

Hegningar samkvæmt lögum þessum eru refsivist og fjársektir.

32. gr.

Refsivist er tvennskonar: fangelsi og varðhald.

Refsivist skal tiltaka í dögum, mánuðum eða árum. Merkir dagur 24 klukkustundir, en mánuður rímmánuð. Láta skal fangann lausan um sama leyti dags og hann var settur inn.

33. gr.

Refsivist skal úttaka í hegningarhúsi, sem til þess er ætlað, samkvæmt reglum þeim, sem um það skulu settar í konunglegri tilskipun.

34. gr.

Í fangelsi má dæma menn ævilangt eða um tiltekinn tíma, ekki skemur en 30 daga og ekki lengur en 16 ár.

Þegar lögin leggja fangelsi við afbroti, er átt við fangelsi um tiltekinn tíma, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

35. gr.

Fangar, sem dæmdir eru til skammrar fangelsisvistar, skulu að jafnaði taka refsinguna út í einrúmi, en aðrir í félagi. Þó má jafnan halda föngum í einrúmi í byrjun og við lok refsitímans.

36. gr.

Sé refsingin tekin út í einrúmi, skal fanginn vera sér í herbergi dag og nótt. Þó má víkja frá því á einstökum tímum dags, svo sem við kennslu, fyrirlestra, líkamsæfingar, útvarpsáheyrn, guðsþjónustu og útigöngu. Ennfremur má slaka til um einangrun einstakra fanga fram yfir það, sem áður segir, ef æskilegt þykir vegna aldurs þeirra, heilsu eða annarra ástæðna.

Sé refsingin tekin út í félagi, skal fanginn þó vera einangraður að nóttu til, ef heilsa hans leyfir. Svo má og halda fanga aðgreindum við kennslu, guðsþjónustu, útigöngu og borðhald, ef sérstakar ástæður þykja til.

37. gr.

Vinnuskylda fylgir fangelsisvist. Í konunglegri tilskipun skal setja reglur um vinnuna og vinnulaun fanganna. Vinnulaun má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum, sem fanginn hefir orðið ábyrgur fyrir, meðan hann var að úttaka refsinguna.

Útivinna má fara fram utan hegningarhúslóðarinnar, eftir því, sem stjórn hegningarhússins ákveður, og undir öruggri gæzlu fangavarðar og eftirlitsmanna fanganna.

38. gr.

Um fæðu og annan aðbúnað fanga, sem úttaka fangelsisrefsingu, skal fara eftir því, sem ákveðið verður í reglugerð, og má ekki út frá því breyta né leyfa föngunum að útvega sér eða taka við öðru en því, sem reglugerðin heimilar.

Fangelsisstjórnin getur þó eftir tillögum fangelsislæknis ákveðið föngum, sem sökum aldurs, veiklunar eða af öðrum ástæðum þurfa að hafa sérstaka aðbúð, sérstakt mataræði og annan aðbúnað um tíma.

39. gr.

Fanga, sem veiklaðir eru af ofnautn áfengra drykkja eða annarra eiturlyfja, má, meðan á refsitíma stendur, flytja á hæli um stundarsakir eða það, sem eftir er af refsitímanum, ef það þykir, að dómi fangelsisstjórnar og fangelsislæknis, hentara og líklegra til árangurs.

40. gr.

Þegar liðnir eru ⅔ hlutar refsitímans, en þó minnst 8 mánuðir, getur dómsmálaráðherra ákveðið, að fengnum tillögum fangelsisstjórnar, að fanginn skuli látinn laus til reynslu.

Reynslulausn úr fangelsi má því aðeins veita, að líklegt sé, að fanginn hafi séð að sér, að honum sé vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör, sem nægja honum til lífsuppeldis, og yfirlýsing hans sé fengin um það, að hann vilji hlíta skilyrðum þeim, sem sett kunna að vera fyrir reynslulausninni.

Fangi, sem lausn fær til reynslu, skal vera háður eftirliti stofnunar eða einstaklings, sem til þess telst fallinn og vill taka eftirlitið að sér. Jafnan skal það vera meðal skilyrða fyrir reynslulausn, að fanginn lifi reglusömu lífi, gerist ekki á ný sekur um refsiverðan verknað og hagi sér eftir fyrirmælum þess, sem eftirlit hefir með honum.

Sá, sem eftirlit er falið, skal gefa lögreglustjóra skýrslur um hagi mannsins, eftir ákvörðun lögreglustjóra.

41. gr.

Þegar fangi fær lausn til reynslu, skal afhenda honum skírteini, er greinir skilyrðin fyrir lausninni. Skal þar tekið fram, að brot á skilyrðum varði því, að hann verði settur í fangelsi á ný. Sé það gert, skal hann taka út refsingu þá, sem eftir stendur, sem nýja refsingu. Hafi fanginn, eftir að hann var látinn laus til reynslu, verið dæmdur í refsingu, sömu tegundar, skal leggja refsingarnar saman, en sé síðari refsingin varðhaldsvist, skal dómsmálaráðherra breyta henni í fangelsisvist samkvæmt reglum 79. gr.

42. gr.

Reynslutíminn helzt, þar til refsitíminn er liðinn, en þó aldrei skemur en 2 ár.

Hafi ekki verið tekin ákvörðun um að setja fangann í fangelsi á ný, áður en reynslutíminn er liðinn, telst refsingunni fullnægt í lok reynslutímans.

43. gr.

Ákveða má í konunglegri tilskipun, að fangar, sem dæmdir hafa verið í fangelsi innan 22 ára aldurs, skuli hafðir sér í fangelsi, eða fangelsisdeild, og látnir

sæta annarri meðferð en aðrir fangar. Skal þá leggja sérstaka stund á að efla andlegan og líkamlegan þroska fanganna með kennslu, líkamsæfingum og hentugri útivinnu, svo og með því að kenna þeim atvinnugreinir, sem komið geta þeim að gagni, er þeir hafa fengið frelsi sitt aftur.

Dómsmálaráðherra getur samt ákveðið, eftir tillögum fangelsisstjórnar, að einstakir fangar, sem fangelsisdóm hafa hlotið á ofangreindum aldri, skuli sæta almennri fangameðferð.

44. gr.

Í varðhald má dæma menn tiltekinn tíma, sem ekki sé skemmri en 5 dagar og ekki lengri en 2 ár, nema annað sé ákveðið í lögum.

Varðhaldsvist skal að jafnaði taka út í einrúmi, nema annað sé nauðsynlegt vegna aldurs eða heilsu fangans. Þó má láta fanga, sem dæmdir eru í varðhaldsvist, taka refsingu út að öllu eða nokkru leyti í félagi. Ekki má hafa varðhaldsfanga með föngum, sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar.

Varðhaldsfangar þurfa ekki að láta sér nægja venjulegt fangaviðurværi. Þeim er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði, húsmunum, bókum og öðrum persónulegum nauðsynjum, að svo miklu leyti, sem það fer ekki í bág við öryggi og góða reglu í varðhaldinu.

Varðhaldsfangi má sjálfur útvega sér vinnu, sem samrímist öryggi og góðri reglu. Arðinn af vinnunni á fanginn sjálfur. Sjái hann sér ekki sjálfur fyrir vinnu, sem varðhaldsstjórn samþykkir, skal honum skylt að vinna það, er hún leggur honum til, og skal vinnan miðuð svo sem unnt er við undangengna atvinnu hans og þekkingu. Ágreiningi milli varðhaldsstjórnar og fanga um vinnu samkvæmt þessari málsgrein má skjóta til úrskurðar dómsmálaráðherra.

Nú liggur ekki þyngri refsing við broti en varðhald, eða tiltekið brot þykir ekki varða þyngri refsingu en varðhaldi, og má þá, ef óheppilegt má telja, að fangi hafi samneyti við varðhaldsfanga, dæma honum fangelsi jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma skemmri fangelsisvist en mælt er í 34. gr.

45. gr.

Ekki má setja fanga til vinnu, sem hættuleg er heilsu þeirra. Fangar skulu tryggðir fyrir slysahættu við vinnu, eftir því, sem lög um slysatryggingar mæla, og með þeim breytingum, sem nánar skal ákveða í konunglegri tilskipun.

46. gr.

Nú er fangi lagður á sjúkrahús, og telst hann þá úttaka refsingu, meðan hann dvelst þar, nema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt, eftir að hann byrjaði að taka út refsinguna.

Sá tími, sem fangi er hafður í refsiklefa, sbr. 47. gr., telst ekki til refsitímans, og eigi heldur tími sá, sem líður frá því að fangi strýkur þar til hann er settur í fangelsi eða varðhald á ný.

47. gr.

Ákvæði um viðurlög við brotum fanga á reglum hegningarhússins skal setja í konunglegri tilskipun. Beita má viðurlögum þeim, sem hér eru talin:

1. Svipting ívilnana, sem í samræmi við reglur hegningarhússins eru veittar föngum, sem hegða sér vel.
2. Svipting vinnulauna.
3. Einangrun í refsiklefa allt að 60 daga fyrir varðhaldsfanga og allt að 90 daga fyrir fanga, sem eru í fangelsisvist.
4. Ennfremur má svipta varðhaldsfanga rétti til þess að útvega sér eða taka við öðru fæði en því, sem reglugerð mælir. Beita má fleiri en einskonar viðurlögum samtímis.

Einangrun í refsiklefa má ekki lengja refsivist fanga um meira en þriðjung

dæmds refsitíma, nema samþykki dómsmálaráðherra sé fengið, og aldrei um meira en helming dæmds refsitíma.

48. gr.

Beita má nauðsynlegum öryggisráðstöfunum við fanga, ef afstýra þarf yfirvofandi ofbeldi, bæla niður ofbeldisfullan mótþróa eða koma í veg fyrir strok. Í því skyni má meðal annars nota, eftir því sem nauðsyn krefur í hvert skipti, spennibol, handjárn og einangrun í öryggisklefa. Ekki má, nema með samþykki dómsmálaráðherra, halda fanga í öryggisklefa lengur en einn mánuð.

49. gr.

Sektir renna í ríkissjóð, nema annað sé ákveðið í lögum.

Þeim, sem hefir aflað sér fjár með broti, má, þegar sérstaklega stendur á, dæma sekt jafnframt refsivist, sem við brotinu kann að liggja.

50. gr.

Ekki má gera manni á hendur lægri sekt en 4 krónur, og eigi hærri en 30000 krónur, nema sérstök lagaheimild sé fyrir því að ákveða sekt hærri eða lægri.

51. gr.

Þegar upphæð sektar er tiltekin, skal höfð hliðsjón af efnahag sakbornings auk annarra ástæðna, sem áhrif hafa á refsihæðina, og innan þeirra takmarka, sem lögin setja um lágmark og hámark sektar við brotinu.

Ákvörðun um vararefsingu í stað sektar, sbr. 54. gr., skal vera óháð því tilliti til fjárhags sökunauts, sem hér ræðir um.

52. gr.

Ákveða skal í dómi, sátt eða úrskurði frest til greiðslu sektar, þó ekki yfir 6 mánuði.

Lögreglustjórar annast innheimtu sekta. Heimilt er þeim að leyfa, að sekt sé greidd með afborgunum.

Hafi greiðsla sektar ekki farið fram á tilskildum tíma, skal þegar heimta hana eða eftirstöðvar hennar með fjárnámi, ef unnt er, nema lögreglustjóri álíti, að innheimtan mundi hafa í för með sér tilfinnanlega röskun á högum sökunauts eða manna, sem hann framfærir. Annars kostar krefst lögreglustjóri fjárnáms, og ber þá mat á högum sökunauts undir dómsvaldið.

Ekki er leyfilegt, án sérstakrar lagaheimildar, að krefjast greiðslu sektar úr dánarbúi sökunauts, né að innheimta sekt hjá nokkrum öðrum en sökunaut sjálfum.

53. gr.

Nú greiðist sekt ekki, og kemur þá í hennar stað varðhald eða fangelsi.

54. gr.

Dómstólar ákveða í dómi, úrskurði eða sátt, þar sem sekt er tiltekin, hvort hún skuli afplánuð í varðhaldi eða fangelsi og um hversu langan tíma. Fangelsi skal einkum hafa, ef óheppilegt má telja, að fangi hafi samneyti við þá, er varðhaldi sæta. Ekki má ákveða styttri tíma til afplánunar sektar en 2 daga og ekki lengri en 1 ár.

Sé sekt dæmd ásamt refsivist, skal afplánun hennar ákveðin með sömu tegund refsivistar og aðalrefsingin.

Hafi hluti sektar verið greiddur, ákveður valdsmaður sá, sem annast fullnustu sektardóms, styttingu afplánunartíma að sama skapi, en þó þannig, að hann verði ekki undir framangreindu lágmarki, og að sektarfjárhæð, sem svarar til hluta úr degi, afplánist með heilum degi.

55. gr.

Sektir og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum og ákveðnar eru á annan hátt en í 54. gr. getur, afplánast eftir reglum um varðhald eða fangelsi. Stjórnvald það, er sekt eða afplánun ákveður, tiltekur einnig um leið refsivistina, en bera má þá ákvörðun undir hæstarétt eftir reglum um kæru í opinberum málum.

Dagsektir skal afplána í varðhaldi, og ákveður fógeti varðhaldstímann. Fer um áfrýjun þeirrar ákvörðunar eftir reglum um kæru í opinberum málum.

Um sektir samkvæmt þessari grein sé gætt lágmarks og hámarks afplánunartíma samkvæmt 54. gr., svo og ákvæða 3. mgr. sömu greinar.

VI. KAFLI
Um skilorðsbundna refsidóma.

56. gr.

Þegar dæmd refsing fer ekki fram úr sektum, sem gerðar eru á hendur manni eftir þessum lögum, tveggja ára varðhaldi eða eins árs fangelsi, má ákveða í dómi, að fullnustu refsingar skuli frestað og hún falla niður að tilteknum tíma liðnum, ef skilyrðum laga og þeim frekari skilmálum, sem í dóminum kunna að vera settir, er fullnægt.

Reynslutími má ekki vera skemmri en 2 ár og ekki lengri en 5 ár frá uppkvaðningu fullnaðardóms. Frestun má vera því skilyrði bundin, að dómfelldi sé, meðan á reynslutíma stendur, háður eftirliti stofnunar eða einstaklings, sem til þess telst hæfur og taka vill eftirlitið að sér.

57. gr.

Verði dómfelldi sekur á reynslutímanum um refsivert brot, og réttarrannsókn út af því hefst fyrir lok frestsins, skal hann einnig sæta þeirri refsingu, sem frestað var. Ef síðara brotið er ekki framið af ásettu ráði, eða refsing sú, sem til er unnið fyrir það, fer ekki fram úr sektum eða varðhaldi, er dómstólunum heimilt að ákveða, að haldast skuli frestun á fullnustu refsingar fyrir fyrra brotið, og jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, að fullnustu refsingar fyrir bæði brotin, er þá sé tiltekin í einu lagi, skuli frestað.

58. gr.

Ef skilyrði, sem sett er í dómi fyrir frestun hegningar, er rofið, skal dómfelldi sæta hegningu, nema hann hafi ekki getað fullnægt skilyrðum dómsins af ástæðum, sem honum verður eigi gefin sök á. Þegar svo stendur á, getur dómfelldi krafizt úrskurðar dómstóls þess, sem dæmdi málið í héraði, eða dómstóls á heimavarnarþingi sínu, um það, hvort dómi skuli fullnægt eða frestun haldast með sömu eða eftir atvikum breyttum skilyrðum. Úrskurði þessum getur dómfelldi áfrýjað til æðri réttar eftir reglum um kæru í opinberum málum.

59. gr.

Nú er réttarrannsókn hafin gegn dómfellda, áður en reynslutími er liðinn, fyrir brot, sem hann hefir drýgt, áður en skilorðsdómur var upp kveðinn yfir honum í héraði, og skal dómurinn þá, ef skilyrði fyrir því, að hegningarauki sé dæmdur, eru fyrir hendi, tiltaka nýja refsingu í einu lagi fyrir bæði eða öll brotin, sbr. 77. og 78. gr. Ákveður dómurinn þá, að gættum skilyrðum 56. gr., hvort hinn nýi dómur skuli vera skilorðsbundinn og nýr frestur settur.

60. gr.

Nú er brot framið, meðan á reynslutíma stendur, en réttarrannsókn út af því hefst eigi fyrr en frestur er liðinn, og skulu þá skilorðsrofin tekin til greina til þyngingar refsingunni fyrir hið nýja brot.

61. gr.

Nú er refsing, sem frestað hefir verið, eigi framkvæmd vegna ákvæða þessa kafla, og fellur hún þá niður. Einnig falla þá niður ítrekunaráhrif dómsins, sbr. þó 60. gr.

VII. KAFLI

Um öryggisráðstafanir, sviptingu borgararéttinda og upptöku eigna.

62. gr.

Nú er maður sýknaður samkvæmt ákvæðum 15. gr., eða niðurstaða dóms verður sú, samkvæmt ákvæðum 16. gr., að refsing sé árangurslaus, og má þá ákveða í dómi, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að varna því, að háski verði að manninum. Ef ætla má, að vægari ráðstafanir, svo sem trygging, bann við dvöl á ákveðnum stöðum eða svipting lögræðis, komi ekki að notum, má ákveða, að honum sé komið fyrir á viðeigandi hæli. Skal þá hæstiréttur skipa honum tilsjónarmann, sem eftirlit hefir með því, að dvöl hans á hælinu verði ekki lengri en nauðsyn ber til. Þegar ástæða þykir til, getur dómsmálaráðherra leitað úrlausnar héraðsdóms, þar sem hælið er, hvort téðar ráðstafanir skuli teljast lengur nauðsynlegar, enda hafi umsagnar læknis verið leitað. Svo getur og tilsjónarmaður krafizt þess, þegar ár er liðið frá dómsuppsögn eða síðasta dómsúrskurði, eða fyrr, ef dómsmálaráðherra samþykkir, að málið skuli að nýju lagt undir úrskurð dómstóls þess, sem áður segir. Ákvörðun hans má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum.

63. gr.

Nú hefir orðið svo ástatt um mann til langframa, sem í 15. eða 16. gr. segir, eftir að hann hefir drýgt refsiverðan verknað, en áður en fullnaðardómur gengur í máli hans, og ákveður dómur þá, hvort refsing skuli dæmd eða hún eigi að falla niður. Ákveða má í dóminum, ef skilyrði samkvæmt 62. gr. þykja vera fyrir hendi, að ráðstöfunum samkvæmt þeirri grein skuli beitt í stað refsingar eða þangað til unnt þykir að framkvæma refsingu.

64. gr.

Þegar maður er dæmdur til refsivistar fyrir brot, sem hann hefir framið undir áhrifum áfengis, má leggja fyrir hann í dómi, að viðlagðri ábyrgð eftir 2. mgr. 123. gr., að hann hvorki kaupi né neyti áfengis um tiltekinn tíma, sem má vera allt að 5 ár frá því að hann hefir lokið við að taka út refsingu sína. Samskonar fyrirmæli má setja þeim manni í dómi, sem sýknaður er samkvæmt ákvæðum 17. gr., ef verknaður hans hefði ella varðað refsivist. Loks má og setja þeim manni slíkt fyrirmæli í dómi, sem á síðustu 2 árum hefir tvisvar sinnum eða oftar gerzt sekur um brot vegna ölvunar, þótt smærri séu en að framan greinir.

Hver sá, sem vitandi um fyrirmælin selur, gefur eða veitir þeim, er fyrirmælin hefir hlotið, vín eða aðra áfenga drykki, skal sæta ábyrgð samkvæmt 3. mgr. 123. gr. Jafnan skal viðkomandi lögreglustjóri tilkynna vínverzlunum og vínveitingamönnum fyrirmælin.

65. gr.

Þyki það ljóst af málavöxtum, eftir að umsagnar læknis hefir verið leitað, að sakborningur samkvæmt 1. mgr. 64. gr. eða 1. eða 2. mgr. 123. gr. geti ekki haft hemil á drykkjufýsn sinni, má ákveða í dómi, að hann skuli lagður á viðeigandi hæli til lækningar, að refsingu afstaðinni eða þegar í stað, ef refsing er skilorðsbundin. Skal dómur þá hljóða um dvöl á hælinu allt að 18 mánuðum, eða, ef ítrekun á sér stað, allt að 3 árum. Dómsmálaráðherra ákveður, eftir tillögum stjórnar hælisins og hlutaðeigandi læknis, hvort leysa megi manninn af hælinu, áður en ofangreindur hámarkstími er liðinn, sökum þess að ætla megi, að hann hafi læknazt.

66. gr.

Ef nokkur heitist við annan mann eða hótar honum bana, brennu eða öðrum óförum, og refsingu verður annaðhvort ekki við komið eða hún þykir ekki veita næga tryggingu, getur ákæruvaldið hlutazt til um, eftir kröfu þess, sem hlut á að máli, eða án kröfu hans, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að dómsúrskurður gangi um það, hvort gera skuli ráðstafanir til varnar því, að hótunin sé framkvæmd, þar á meðal, hvort heitingamaður skuli setja tryggingu eða hvort setja skuli hann í gæzlu. Dómstóll getur fellt ráðstafanirnar niður, ef þeirra þykir ekki lengur þörf vegna breyttra málavaxta.

Ef ákæruvaldið æskir þess, má jafnan leggja málið á ný undir úrskurð dómstóls. Hinn dómfelldi getur og jafnan krafizt, þegar 6 mánuðir eru liðnir frá uppkvaðningu dóms eða síðasta úrskurði, og fyrr, ef ákæruvaldið samþykkir, að málið sé að opinberri tilhlutan lagt undir úrskurð dómstóls að nýju.

Dómsúrlausnum samkvæmt grein þessari má áfrýja eftir reglum um kæru í opinberum málum.

67. gr.

Sé maður dæmdur í þyngri refsingu en varðhald, og mjög sennilegt má telja af því, hvernig glæp hans var háttað og andlegu ástandi hans er varið, svo og af undanfarandi breytni hans, að hann muni drýgja afbrot af vana eða í atvinnuskyni og sé því hættulegur umhverfi sínu, má ákveða í refsidómi eða síðar í sérstöku máli, sem höfðað er að tilhlutan ákæruvaldsins, að beitt skuli öryggisráðstöfunum samkvæmt 66. gr. að refsingu lokinni. Létta má slíkum ráðstöfunum af aftur eftir sömu reglum og um getur í 66. gr.

68. gr.

Fremji maður brot, sem starfa hefir á hendi, er opinbera skipun, heimild, viðurkenningu eða próf þarf til að gegna, þá má í dómi í opinberu máli á hendur honum svipta hann rétti til þess að rækja starfann, ef hann telst ekki lengur verður eða hæfur til þess. Nú varðar brot einhvern starfa, er áður getur, en sökunautur hefir ekki haft heimild til að gegna honum, og má þá ákveða í dómi, að hann skuli sviptur rétti til þess að fá síðar heimild til slíks starfs.

Svipta má mann ofangreindum rétti um tiltekinn tíma, þó ekki skemur en 6 mánuði og ekki lengur en 5 ár, eða ævilangt.

Nú er broti svo háttað, að fremjandinn telst ekki lengur hafa óflekkað mannorð, og skal hann þá sviptur í refsidómi kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Sérákvæði í lögum um sviptingu réttinda, er í 1. málsgrein getur, skulu halda gildi sínu.

Svipting telst frá þeim tíma, sem í dómi er ákveðinn.

Nú hefir maður hlotið uppreist æru samkvæmt ákvæðum 84. eða 85. gr., og skal þá viðkomandi stjórnvald synja aðilja skírteinis eða annarrar heimildar til starfa samkvæmt 1. mgr., ef líklegt má telja, að það sé nauðsynlegt vegna öryggis einstaklinga eða almennings. Ákvörðun stjórnvalds má bera undir hæstarétt samkvæmt reglum um kæru í opinberum málum.

69. gr.

Gera má upptækt með dómi:

1. Hluti, sem orðið hafa til við misgerning eða hafðir hafa verið til að drýgja brot með, nema þeir séu eign manns, sem ekkert er við brotið riðinn.
2. Hluti, sem ætla má, að ákvarðaðir séu til notkunar í glæpsamlegu skyni, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis.
3. Muni eða ávinning, sem aflað hefir verið með broti, og enginn á löglegt tilkall til, eða fjárhæð, sem svarar til slíks ávinnings.

Hið upptæka skal vera eign ríkissjóðs, nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Hafi einhver beðið tjón við brotið, skal hann þó eiga forgang til andvirðisins, ef bætur fást ekki á annan hátt.

Nú er félagi slitið með dómi, og skal þá gera eignir þess upptækar til handa ríkissjóði, enda taki ríkisvaldið bækur þess og skjöl til varðveizlu.

VIII. KAFLI
Atriði, er áhrif hafa á refsihæðina.

70. gr.

Þegar hegning er tiltekin, á einkum að taka til greina eftirtalin atriði:

1. Hversu mikilvægt það er, sem brotið hefir beinzt að.
2. Hversu yfirgripsmiklu tjóni það hefir valdið.
3. Hversu mikil hætta var búin af verkinu, einkum þegar til þess er litið, hvenær, hvar og hvernig það var framkvæmt.
4. Aldur þess, sem að verkinu er valdur.
5. Hegðun hans að undanförnu.
6. Hversu styrkur og einbeittur vilji hans hefir verið.
7. Hvað honum hefir gengið til verksins.
8. Hvernig framferði hans hefir verið, eftir að hann hafði unnið verkið.

Hafi fleiri menn en einn unnið verkið í sameiningu, skal að jafnaði taka það til greina til þyngingar refsingunni.

71. gr.

Þegar lög ákveða eða heimila aukna hegningu eða önnur viðurlög við ítrekun brots, skal ekki beita þeim ákvæðum, nema sökunautur hafi, áður en hann framdi síðara brotið, verið dæmdur sekur um brot eða gengizt undir refsingu hér á landi fyrir brot, sem ítrekunaráhrif hefir á síðara brotið, eða tilraun til eða hlutdeild í slíku broti, og að hann hafi þar að auki verið fullra 18 ára, þegar hann framdi fyrra brotið.

Dómstólunum er heimilt að láta refsidóma, er kveðnir hafa verið upp erlendis, hafa ítrekunaráhrif, eins og þeir hefðu verið kveðnir upp hér á landi.

Ítrekunaráhrif falla niður, ef liðið hafa 5 ár frá því að sökunautur hefir tekið út fyrri refsinguna, eða frá því að hún hefir fallið niður eða verið gefin upp, þangað til hann fremur síðara brotið. Hafi fyrri refsingin verið sektir, telst fresturinn þó frá þeim degi, er fullnaðardómur var upp kveðinn eða gengizt var undir sektargreiðslu.

72. gr.

Hafi maður lagt það í vana sinn að fremja brot, einnar tegundar eða fleiri, eða hann gerir það í atvinnuskyni, má auka refsinguna svo, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Eigi ítrekun á þessu sér stað, má refsingin tvöfaldast.

73. gr.

Ef fangi, sem er að taka út refsingu eða er haldið í gæzlu af öðrum ástæðum, gerist sekur um brot á ákvæðum 106., 108., 126., 127., 164., 211., 217., 218., 225.,

226., 233. eða 2. mgr. 257. gr., þá má, þegar refsing hans er tiltekin, fara út fyrir hæsta stig þeirrar refsingar, sem við broti hans liggur samkvæmt nefndum greinum, en þó ekki meira en svo, að refsing tvöfaldist. Þegar svo stendur á, má ekki dæma í vægari refsingu en varðhald. Sé fanginn í fangelsisvist eða öryggisgæzlu, má refsing ekki vera vægari en fangelsi, og liggi ekki þyngri refsing við brotinu en varðhald, skal dæma fangelsisvist um jafnlangan tíma. Er þá heimilt að dæma skemmri fangelsisvist en mælt er í 34. gr.

Ákvæðum fyrsta málsliðs undanfarandi málsgreinar má einnig beita, þegar brot, sem þar er nefnt, er framið af fyrrverandi refsifanga gegn yfirmönnum eða starfsmönnum hegningarhúss þess, sem hann átti dvöl í, eða brotið beinist að hegningarhúsinu eða eignum þess, svo og ef fyrrverandi refsifangi gerist sekur um brot á ákvæðum 111. gr., að því er varðar fanga, sem taka út refsingu í hegningarhúsi því, er hann dvaldist áður í.

Ef maður, sem dæmdur hefir verið til æfilangrar fangelsisvistar og ekki hefir verið náðaður, fremur nýtt brot í fangelsinu eða utan þess, skal ákveða í dómi, hvaða refsingu hann ætti að sæta, ef fyrri refsingin hefði ekki verið æfilangt fangelsi. Má þá einnig dæma hann til að þola viðurlög samkvæmt 47. gr., þó svo, að refsitíma eftir 3. tölulið þeirrar greinar má tvöfalda.

74. gr.

Sérhvert ríki er bært um að ákveða, að hverju leyti það vill taka tillit til erlendrar löggjafar við úrlausnir refsimála. En að sjálfsögðu hefir erlend refsilöggjöf ekki áhrif á íslenzkar dómsúrlausnir, nema heimild sé til þess í íslenzkum rétti. Af reglu 1. mgr. leiðir það, að ekki verður dæmd refsing hér á landi fyrir verknað, sem framinn hefir verið erlendis, þótt hann hafi verið refsiverður þar, ef hann er það ekki að íslenzkum lögum. Sama er um aðrar afleiðingar þess, að verknaður, sem framinn hefir verið í öðru ríki, hefir verið refsinæmur þar, en hefir ekki slíkar afleiðingar eftir íslenzkum lögum, enda þótt hann kynni að vera refsinæmur hér. Ákvæði 2. mgr. er sett bæði vegna tillits til annarra ríkja og sakbornings sjálfs, því svipaðar ástæður koma hér til greina og í 1. mgr. 2. gr. getur, þegar ný og þyngri refsiákvæði taka við af eldri og vægari. Svipuð sjónarmið liggja einnig til grundvallar ákvæðum 3. mgr. Þegar svo stendur á, sem þar segir, á sakborningur að geta treyst því, að afskipti ríkisins af sök hans séu á enda kljáð. Ákvæði 4. mgr. er að efni til það sama og ákvæði 7. gr. hegnl. 1869.

Um 9. gr.

Hér þykir rétt að setja, í framhaldi af ákvæðum um það, hvaða mönnum skuli refsa hér, reglur um framsal sakbornings á vald annarra ríkja til refsingar þar. Virðist heppilegt, að almennar reglur um þetta séu í lögum, því bæði er með því dregið úr þeim vanda, sem ríkisstjórn kann að komast í gagnvart öðru ríki, þegar

framsals er beðizt, og einnig er dregið úr hættu á því, að misráðnar ákvarðanir séu teknar í einstökum tilfellum og að ósamræmis gæti í framkvæmdinni.

Um 10. gr.

Ákvæðið er sett til þess, að dómstólar hafi lagaheimild til að dæma ekki refsingu fyrir brot eða lækka refsingu, þegar svo stendur á, sem í greininni segir.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar samsvara reglum 9. gr. hegnl. 1869, þótt hér sé notað almennara orðalag. Hversu víðtækar þessar undantekningar kunna að verða, fer eftir reglum þjóðaréttarins á hverjum tíma.

Um II. kafla.

Almenn refsiskilyrði eru tvennskonar: objectív og subjectív. Objectívu skilyrðin fyrir því, að refsingu skuli beitt — þ. e. hvort fyrir liggi ólögmætt verk, sem refsing er lögð við í lögum, svo og eftir hverju skuli farið við mat á því, hvort verk sé objectívt ólögmætt — eru þannig löguð, að ekki þykir fært að setja um þau bein lagafyrirmæli. Þó eru hér sem áður sett fyrirmæli um objectívar ástæður, sem geta valdið refsileysi verknaðar, þ. e. neyðarvarnar- og neyðarréttarreglur. Reglur um subjectív skilyrði er auðveldara að lögfesta, og verður þó að leggja mjög á vald dómara að ákveða mörkin fyrir refsileysi af ástæðum þeim, er getur í 15. og 16. gr. Ekki þykir fært að ákveða með lögum skýrgreiningu á ásetnings- og gáleysishugtökum, né að ákveða mörkin þar á milli. Á úrlausn um þau atriði fremur heima í hinni almennu refsiréttarfræði en í beinni lagasetningu.

Ákvæði 18. og 19. gr. eiga einungis við þessi lög. Önnur ákvæði kaflans ná til allrar refsilöggjafarinnar.

Um 12. gr.

Skilyrðin fyrir því, að neyðarvörn megi beita, eru hin sömu og í 41. gr. hegnl. 1869. Beita má neyðarvörn við ólögmætri árás á hverskonar lögverndaða hagsmuni sem er, og var 41. gr. hegnl. 1869 skýrð á sama hátt, þótt orðalag greinarinnar um þetta atriði væri ekki ótvírætt. Ekki er það skilyrði fyrir því, að neyðarvörn megi beita, að árásin sé gerð á hagsmuni þess manns, sem vörninni beitir.

Ákvæði greinarinnar um það, hverskonar neyðarvörn megi beita við ólögmætum árásum, eru að því leyti önnur en í 41. gr. hegnl. 1869, að munur sá, sem þar er gerður á ýtrustu neyðarvörn og einfaldri neyðarvörn, er nú felldur burtu og dómstólunum gefið meira frjálsræði til að meta hverju sinni, hvort beitt hafi verið hættulegri vörnum en ástæða var til.

Ákvæði 2. mgr. eru hin sömu og nú eru um sama efni í fyrri málslið 2. mgr. 41. gr. hegnl. 1869. Ákvæði, er samsvarar síðasta málslið þeirrar greinar, er í 1. tölulið 74. gr. þessa frv., en í þá grein er safnað ýmsum almennum refsilækkunarástæðum.

Um 13. gr.

Neyðarréttarákvæði þessarar gr. er víðtækara að orðalagi en samsvarandi ákvæði 42. gr. hegnl. 1869. En þar eð talið hefir verið, að neyðarréttarregla íslenzks réttar sé miklu víðtækari en nefnd 42. gr. gefur ástæðu til að ætla, þá er ekki ætlazt til, að refsileysi vegna neyðarréttar verði víðtækara en áður hefir verið.

Um 14. gr.

Hér er fylgt þeirri reglu, sem nú er tíðust í hegningarlöggjöf og lögfest í 5. gr. laga nr. 39 1907, að láta sakhæfisaldur (lögaldur sakamanna) vera hinn sama fyrir alla, án tillits til einstaklingsþroska. Sú breyting er gerð, að aldurstakmarkið er hækkað um eitt ár. Er það gert vegna þess, að allar líkur eru til, að heppi-

legra sé að beita öðrum aðferðum en refsingu við börn, er afbrot hafa drýgt innan 15 ára aldurs, sbr. og 267. gr. frv. og lög um barnavernd.

Um 15. gr.

Þessi grein og 16. gr. sýna það, að ekki er ætlazt til, að geðveiki, fávitaháttur og annað svipað ástand afbrotamannsins á þeim tíma, er hann framdi verkið, eigi alltaf að hafa í för með sér refsileysi. Þjóðfélagið verður að gera ráðstafanir til þess að verja sig fyrir brotum, jafnt geðveikra manna sem annarra, og koma í veg fyrir þau. Hvort refsa beri geðveikum manni, þegar veikin er ekki á eins háu stigi og í 15. gr. getur, verður að fara eftir því, hvort ætla megi, að refsing hafi tilætluð áhrif, en þó svo, að frekar sé beitt öðrum aðferðum, sem líklegar eru til sama árangurs, ef þær eru hagfelldari sakborningi en refsing, t. d. hælisvist, sbr. 2. mgr. 16. gr. Í því sambandi má þó geta þess, að innilokun á geðveikrahæli um óákveðinn tíma er sökunaut oft þungbærari en refsing.

Í 15. gr. eru tilgreind þau stig andlegrar veiklunar, sem ávallt eiga að valda refsileysi. Er lagt á vald dómstóla að meta það, hvenær slíkt ástand telst hafa verið fyrir hendi.

Um 16. gr.

Um þessa gr. vísast að sumu leyti til þess, sem um 15. gr. er sagt. Geðveiklun, fávitaháttur og aðrir andlegir brestir eru svo margvíslegir og á svo mismunandi stigum, að ekki er unnt að ákveða almennt, hvenær brot eiga að vera refsilaus af þeim sökum. Stundum er þetta og misjafnt eftir tegund veiklunarinnar og tegund afbrotsins. Þannig má vera, að gagnslaust sé að refsa kynvilltum manni fyrir a. m. k. sum siðferðisbrot, þótt refsingu megi beita gegn sama manni fyrir önnur brot, svo sem þjófnað, fölsun o. s. frv.

Oftast mundi ástand, sem í 16. gr. getur, vera varanlegt, þótt ekki þyki ástæða til þess að gera varanleik þess að skilyrði fyrir því, að ákvæðum greinarinnar megi beita. Áhrif stundartruflunar mundu oftast fara eftir ákvæðum 75. gr., ef um refsing væri á annað borð að ræða, sbr. 15. og 17. gr.

Um 17. gr.

Þegar maður hefir drýgt brot í ölæði eða öðru slíku ástandi, sem hann hefir vitandi vits komið sér í, er sjaldnast ástæða til að láta það hafa í för með sér refsileysi. Þó þykir rétt að láta fullkomið ræmuleysi af þeim sökum (sbr. 15. gr.) útiloka refsingu, nema maðurinn hafi fyrirfram vitað eða mátt vita, að brotið myndi leiða af þessu ástandi hans.

Um 18. gr.

Þessi gr. er að efni til samhljóða 44. gr. hegnl. 1869, enda hefir „skýlaus heimild“ í síðarnefndri grein verið skýrð sem „sérstök heimild“. Ákvæði þessarar gr. á aðeins við brot samkvæmt þessum lögum.

Um 19. gr.

Oft er það, að verknaður er því aðeins refsiverður, að hann hafi í för með sér ákveðnar afleiðingar, eða afleiðingar eru látnar varða aukinni refsingu við broti, sem áður var refsivert. Þykir ekki rétt að láta afleiðingar, sem af hendingu leiðir af verknaði manns, en hann hvorki sá fyrir né átti að sjá fyrir, hafa áhrif á refsingu. Hafi maðurinn að vísu ekki séð né átt að sjá afleiðinguna fyrir, er hann byrjaði á verkinu, en verður þess síðar var, að hana kunni að leiða af verki hans, þá ber honum skylda til að reyna að koma í veg fyrir hana, og ræðir síðari hluti greinarinnar um viðurlög við því, ef maður bregzt slíkri skyldu. Ákvæði gr. gilda ekki beinlínis utan þessara laga, en analogiskt mundi mega beita þeim þar, ef skilyrði væru fyrir hendi.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um refsingar við tilraunarverknaði og hlutdeildarverknaði. Er þar um allmikla breytingu að ræða frá ákvæðum hegnl. 1869. Sérstaklega eru hlutdeildarreglur gerðar einfaldari og óbrotnari. — Ákvæði þessa kafla eiga aðeins við um brot, er um ræðir í þessu frv.

Um 20. gr.

Hér er ekki sett almennt ákvæði um það, hvenær brot skuli teljast fullframið, sbr. hinsvegar 45. gr. hegnl. 1869. Verður það skýringaratriði við einstakar greinar, sem mæla fyrir um refsingu, enda er brotunum lýst þar sem fullfrömdum.

Í 1. mgr. er því lýst, hvað fyrir þurfi að liggja til þess að maður hafi gerzt sekur um tilraun. Subjectívt er þess krafizt, að ásetningur sé fyrir hendi, og eru því gáleysisverk, sem ekki leiða til fullframins brots, refsilaus. Ásetningurinn verður að vera það ákveðinn, að ákvörðun um framkvæmd brotsins hafi verið tekin, þótt sökunautur hafi e. t. v. ekki verið búinn að leggja niður fyrir sér í einstökum atriðum, hvernig hann ætli að framkvæma það. Hinsvegar ber ekki að leggja þann skilning í greinina, að krafizt sé, að fyrir liggi þrengri tegund ásetnings en ella, og er í því fólgin breyting frá eldri reglum, eftir því sem 46. gr. hegnl. 1869 hefir verið skýrð. Objectívt verður að hafa verið framinn verknaður, sem ótvírætt ber vitni um ásetninginn. Frásögn eða hótun um framkvæmd brots er því ekki nægileg. Með orðunum „ætlað að miða að" er átt við ónothæfa tilraun, sbr. og 3. mgr. Hinsvegar eru ímynduð brot refsilaus, eins og áður hefir verið.

Í 2. mgr. er gerð sú breyting frá reglum 47. gr. hegnl. 1869, að aðeins er heimilað að færa niður refsingu fyrir tilraunarverknað, en hámark refsingar hið sama og fyrir fullframið brot. Hinsvegar er ekkert ákveðið lágmark, miðað við lágmark fullframins brots. Vægari refsingu skal einkum beita, ef subjectívar ástæður mæla með því, en þó má einnig taka tillit til objectívra ástæðna, þar á meðal þess, hversu tilraunin er langt á veg komin.

Í 3. mgr. er heimilað, að refsing geti fallið niður, þegar um ónothæfa tilraun er að ræða.

Um 21. gr.

Skilyrði fyrir því, að tilraunarverknaður verði refsilaus vegna afturhvarfs frá tilrauninni, eru að mestu hin sömu sem samkvæmt 46. gr. hegnl. 1869. Afturhvarfið verður að vera af sjálfsdáðum, þ. e. bera vott um, að glæpsamlegur vilji sé ekki lengur fyrir hendi.

Gerður er sem áður munur á því, hvort aðeins var um undirbúningsathafnir að ræða eða byrjað var á framkvæmd sjálfs brotsins, þannig að hætta var á, að það fullkomnaðist. Í fyrra tilfellinu er nægilegt að hætta við verknaðinn, án nokkurra aðgerða, en í síðara tilfellinu verður sökunautur, ef um nothæfa tilraun er að ræða, að koma í veg fyrir framkvæmd brotsins, eða, ef framkvæmd þess hefir þegar verið hindruð af öðrum, án vitundar hans, að gera ráðstafanir, sem hindrað hefðu fullkomnun þess. Sé um ónothæfa tilraun að ræða, verður hann og að hafa gert ráðstafanir, sem myndu hafa hindrað framkvæmd brotsins, ef það hefði ekki verið óframkvæmanlegt. Hinsvegar nægir ekki, að sökunautur geri ráðstafanir, sem hann sjálfur áleit nægilegar, ef þær voru samt sem áður ekki til þess fallnar að hindra afbrotið.

Um 22. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir því sem almennri reglu, að þegar fleiri en einn maður vinna saman að framkvæmd brots, skuli sök hvers um sig metin sjálfstætt fyrir hann eftir afstöðu hans til brotsins eða tilraunar til þess, og að hver þátttakandi verði dæmdur í þá refsingu, sem við brotinu er lögð, þótt refsihæðin, innan refsimarka hegningarákvæðisins, geti að sjálfsögðu orðið misjöfn fyrir þátttakendurna, bæði af objectívum og subjectívum ástæðum. Aðgreining hegnl. 1869 í ýmsar tegundir hlutdeildar er nú felld burtu, sbr. þó 4. mgr.

Í 2. mgr. er heimiluð vægari refsing fyrir hlutdeildarverknað en hin almenna, sem við brotinu er lögð, þegar sérstaklega stendur á. Á það við um smávægileg brot, svo og hlutdeild í tilraun og tilraun til hlutdeildar. Eru hér ekki sett nein takmörk niður á við fyrir refsihæðinni. Að því er tilraun varðar, þá gefur 2. mgr. meira tilefni til lækkunar refsingarinnar en leiða myndi af orðum 20. gr. einnar.

Þegar svo stendur á, sem í 3. mgr. segir, er oftast um smávægileg brot að ræða, og er því heimilað, að refsing megi falla niður.

Ekki þótti verða hjá því komizt, að hafa í frv. þessu almennt ákvæði, sem samsvaraði 56. gr. hegnl. 1869 um eftirfarandi hlutdeild, enda þótt ákvæði frv. um hilmingu sé gert að mun víðtækara en áður hefir verið, sbr. 254. gr. frv.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki beinlínis til annarra brota en þeirra, er í þessu frv. greinir. Hinsvegar má að sjálfsögðu beita ákvæðunum um hlutdeild analogiskt utan laganna, þegar skilyrði eru fyrir hendi.

Um 23. gr.

Þegar fleiri menn en einn vinna saman að framkvæmd brots eða taka þátt í því, verður það að vera skilyrði fyrir refsileysi verknaðar hvers um sig vegna afturhvarfs, að hann hindri framkvæmd brotsins. Það er því ekki nægilegt, að hann eyði áhrifum eigin verknaðar, t. d. taki aftur verkfæri, sem hann hefir lánað til glæpsamlegra athafna, áður en þau voru notuð. Samhliða verklegri þátttöku eru oft huglæg áhrif á aðra meðseka, og þau áhrif gætu haldizt, þótt verklega aðstoðin félli niður. Að vísu myndi slíkur þátttakandi stundum geta notið góðs af ákvæðum 8. tölul. 74. gr., sbr. niðurlagsákvæði þeirrar gr.

Að öðru leyti vísast um þessa grein til þess, sem áður er sagt um 21. gr.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla eru almennar reglur um ákæru sakar. Þar eð refsingu er beitt vegna hagsmuna þjóðfélagsins í heild, er hér, eins og áður, fylgt þeirri aðalreglu, að refsimál sæti skilyrðislausri opinberri ákæru. Um handhafa opinbera ákæruvaldsins verður hinsvegar ekki ákveðið hér. Í sumum tilfellum er ákveðið í frv. þessu, að mál skuli ekki höfða, nema að boði dómsmálaráðherra eða saksóknara. Til grundvallar þeim ákvæðum liggur einkum það, að mikilvægum hagsmunum kunni að vera betur borgið með því, er svo stendur á, að ekki verði hafizt handa um refsimálshöfðun, þótt brot hafi verið framið. Þá er og ákveðið í 95. gr., að opinber ákæra út af brotum, sem þar getur, skuli vera undir því komin, að þess sé krafizt af erlendu ríki. Fyrirmæli dómsmálaráðherra eða krafa erlends ríkis í ofangreindum tilfellum eru refsiskilyrði, og myndi því vöntun á þeim varða sýknun en ekki frávísun.

Þá er á nokkrum stöðum í frv. ákveðið, að undir vilja einstaklings skuli komið, hvort mál til refsingar er höfðað. Reglur þær, sem að því lúta, eru með tvennum hætti: 1) opinbert refsimál skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við, og 2) sá, sem fyrir misrétti hefir orðið, verður sjálfur að bera refsikröfuna fram í einkamáli. Ástæðurnar til þessara undantekninga frá aðalreglunni um skilyrðislausa opinbera saksókn eru tvennskonar. Sumum brotum er þannig háttað, að opinber rannsókn út af þeim myndi auka mjög á óþægindi þau, sem brotið hefir haft í för með sér fyrir þann, er fyrir því hefir orðið. Þannig er t. d. um sum siðferðisbrot. Er þá rétt að láta vera undir vilja þess manns komið, hvort opinbert mál skuli höfðað. Þá eru og sum brot, sem aðallega varða sérhagsmuni einstaklinga, stundum svo smáfelld, að ekki er ástæða til að höfða opinbera málssókn í hvert sinn, sem einhver kann að telja, að slíkt brot hafi verið framið gagnvart sér. Sem dæmi má nefna meiðyrði, gertæki og nytjastuld. Er þá rétt að sá, sem telur sig hafa orðið fyrir misréttinum, beri sjálfur veg og vanda af sókn málsins.

Um 24. gr.

Hér er skráð meginregla laganna um ákæru í refsimálum. Um undantekningar frv. þessa frá þeirri reglu sjá 4., 6., 81., 95., 97., 105., 125., 191., 217., 242., 250. og 256.—260. gr.

Um 25. gr.

Við 1. mgr. verður það einkum skýringaratriði, hver sá sé, sem misgert var við, því ákvæðið ber ekki að skilja þannig, að hver og einn, sem eitthvað hefir orðið að þola vegna brots, eigi að hafa heimildina. Aðgæta ber, hvaða réttur hafi verið skertar, og svo, hver rétthafinn sé, t. d. ef eignarréttur hefir verið skertur, hver sé eigandi, ef réttur samkvæmt vörzlum hefir verið skertur, hver sé vörzluhafi, o. s. frv.

Í 2. mgr. er bæði átt við ósjálfráða menn fyrir æsku sakir og menn, sem sviptir hafa verið sjálfræði. Skipun sérstaks forráðamanns kæmi einkum til greina, þegar enginn lögráðamaður væri til eða lögráðamaður væri að einhverju leyti við brotið riðinn.

Ákvæði 3. mgr. fellur að mestu saman við ákvæði 225. gr. hegnl. 1869 að því er meiðyrði varðar, en er ný að því er til annarra brota tekur. Tekið er fram, að kjörbörn hafi hér sama rétt sem önnur börn.

Um 26. gr.

Þar eð ástæðan til þess, að einstaklingur sá, sem misgert var við, á stundum að ráða því, hvort opinbert mál er höfðað, er sú, að málssókn myndi baka honum aukið óhagræði, þá þykir og rétt, að opinber rannsókn út af slíku broti hefjist ekki fyrr en krafan um málshöfðun er komin fram.

Þegar misgert er við fleiri en einn mann með sama afbroti, er eðlilegast, að hver um sig geti krafizt opinberrar málshöfðunar, ef slík krafa er skilyrði fyrir því, að refsað skuli fyrir verknaðinn, svo og sótt hinn seka til refsiábyrgðar í einkamáli, ef opinbert mál skal ekki höfða út af brotinu. Annað mál er það, að hafi refsidómur gengið eftir kröfu eins þeirra, kann hann að hafa þau áhrif, að refsing verði ekki dæmd efir kröfum hinna. Hafi verið misgert við einn mann, en fleiri en einn maður hafa heimild til að höfða mál eða bera fram kröfu um refsingu samkvæmt 2. eða 3. mgr. 25. gr., er dómur samkvæmt kröfu eins þeirra að jafnaði bindandi fyrir hina. Þó á það ekki við, ef sýknað er vegna ástæðu, sem aðeins varðar þann, sem mál hefir höfðað eða kröfu gert, t. d. af því að heimildin er fyrnd að því er hann varðar eða hann hefir fallið frá rétti sínum. Verði ágreiningur milli slíkra manna um það, hvort refsingar skuli krafizt í opinberu máli, þykir rétt, að opinbera ákæruvaldið skeri úr, eins og segir í 3. mgr.

Um 27. gr.

Það væri óviðeigandi, að einstaklingi, sem hefði á valdi sínu að gera kröfu um opinbera ákæru, væri í sjálfsvald sett að gera upp á milli manna, er samsekir kynnu að vera um brotið, og krefjast refsingar um suma þeirra en ekki aðra. Þó virðist vera rétt að heimila, að undanskilja megi einn eða fleiri hinna seku, ef opinbera ákæruvaldið getur á það fallizt. Af síðari málslið leiðir það, að vilji sá, sem heimild hefir til að bera fram kröfuna, ekki láta refsa manni, sem reynzt hefir samsekur um brotið, en ekki var vitað um, er krafan var upphaflega borin fram, þá fellur opinber málssókn niður, nema opinbera ákæruvaldið geti fallizt á það, að nefndum manni verði ekki refsað.

Um 28. gr.

Þeir hagsmunir einstaklings, sem látnir eru valda því, að í hans hendur er lagt, hvort refsað sé fyrir verknað, kunna að vera duldir í byrjun, er refsingar er krafizt, og þykir því eðlilegt að heimila honum rétt til þess að láta málssókn falla niður,

unz dómur gengur í héraði. Ef málssókn er opinber, getur þó opinbera ákæruvaldið haldið henni áfram, þrátt fyrir afturköllun refsikröfu, ef almannahagur krefst.

Um 29. gr.

Hér eru settir frestir fyrir því, að heimild samkvæmt 25. gr. sé notuð. Lengd frestsins er miðuð við hæfilegan umhugsunar- og ráðstöfunartíma fyrir þann, sem heimild hefir.

Um 30. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu hin sömu sem 2. mgr. 6. gr. laga um skilorðsbundna hegningardóma o. fl., nr. 39 1907. Ákvæði 14. gr. frv. um sakhæfisaldur er meðalregla, sem ekki getur átt jafnt við um alla, og er því rétt, að til sé almenn heimild um brottfall sakar unglinga. Auk þess má oft vænta betri árangurs af öðrum ráðstöfunum en refsingu fyrir menn á þessum aldri. Oft mundu ákvarðanir samkvæmt grein þessari verða teknar í samráði við barnaverndarnefnd, sbr. 2. mgr. Um yngri börn en 15 ára, er brot hafa framið, sjá 267. gr. frv.

Um V. kafla.

Samkvæmt 10. gr. hegnl. 1869 eru refsingar þær, sem dæma má eftir þeim lögum, líflát, hegningarvinna, fangelsi, sektir og missir embættis, sýslunar eða kosningarréttur. Karlmenn á aldurskeiði frá 15—18 ára mátti dæma í hýðing með reyrpriki og börn í hýðing með vendi. Að undanskilinni líflátsrefsingu, sem var afnumin með 1. gr. laga nr. 51 1928, eru ákvæði nefndrar 10. gr. enn í gildi. Ekki mun þó í framkvæmdinni hýðing hafa verið dæmd nú um langt skeið. Af ástæðum, sem hér þarf ekki að fjölyrða um, eru refsingar á líkama, þar á meðal líflát og hýðingar, ekki taldar koma til greina nú, er ný hegningarlöggjöf er sett. Slíkra harðræða í hegningum er ekki þörf hér á landi. Þá þykir ekki ástæða til að láta haldast ákvæði hegnl. 1869 um missi embættis eða sýslunar sem refsingu. Réttara er að láta missi embættis eða sýslunar koma fram sem afleiðingu refsiverðs verknaðar auk refsingar, enda er það oft undir tilviljun komið, hvort embættismaður er enn í embætti sínu, þegar dómur gengur. Svipuðu máli gegnir um missi kosningarréttar. Ef ástæða er til slíkrar réttindasviptingar, á hún að koma auk refsingar, en ekki sem refsing.

Þær refsitegundir, sem hingað til hafa verið notaðar og til greina geta komið nú, eru þá aðeins frelsissvipting (refsivist) og fjársektir með frelsissvipting til vara. Ekki er sjáanlegt, að heppilegt sé að taka nú upp neinar nýjar tegundir refsinga.

Um nánari tilhögun refsivistar og fjársekta verður rætt í sambandi við einstakar greinar þessa kafla.

Um 31. gr.

Vísast til þess, sem almennt er sagt um V. kafla hér að framan.

Um 32. gr.

Eftir hegnl. 1869 er refsivist aðallega tvennskonar: hegningarvinna og fangelsi. En greint var á milli tvennskonar hegningarvinnu, þ. e. tyftunarhúsvinnu og betrunarhúsvinnu, og fernra tegunda fangelsis, þ. e. einfalds fangelsis, fangelsis við venjulegt fangaviðurværi, fangelsis við vatn og brauð og ríkisfangelsis.

Í þessu frv. eru aðeins ákveðnar tvær tegundir refsivistar: fangelsi og varðhald. Svarar fangelsisrefsing samkvæmt frv. nánast til hegningarvinnu og fangelsis við venjulegt fangaviðurværi, en varðhald til einfalds fangelsis. Hinsvegar er gert ráð fyrir því, að vatns- og brauðs-refsing falli burtu, og ekki verði dæmt í ríkisfangelsi. Í stað þess kemur varðhaldsvist, sbr. 96. og 104. gr. frv.

Í fjölbyggðari löndum er auðveldara en hér að greina fangana sundur eftir því, sem henta þykir, svo sem að hafa sérstök kvennafangelsi, sérstök fangelsi

fyrir unglinga o. s. frv. Auk þess eru þar ýmis hæli, sem komið geta að sumu leyti í stað fangelsis, svo sem drykkjumannahæli, fávitahæli, vinnuhæli o. fl. Fyrir slíkri aðgreiningu fanganna og slíkum hælum er ekki unnt að gera ráð, meðan það ástand helzt í þessum málum, sem nú er. Hinsvegar er gert ráð fyrir þeirri aðgreiningu fanga, sem óhjákvæmileg virðist, að menn, sem smávægileg brot hafa framið eða settir eru í refsivist til að afplána sektir, séu ekki látnir taka út refsingu í félagsskap með stórglæpamönnum þjóðfélagsins, þar á meðal þeim, er sýnt er að gera sér lögbrot að atvinnu. Í samræmi við það er dómurum fengið víðtækt vald til að ákveða, hvort tiltekinn maður skuli taka refsingu sína út í varðhaldi eða fangelsi.

Um 33. gr.

Eins og segir í greinargerð við 32. gr., er ætlazt til, að varðhaldsfangar verði aðgreindir frá öðrum föngum og taki refsingu sína út í öðru hegningarhúsi.

Um 34. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 35. gr.

Þessi fyrirmæli eru í samræmi við nútímaskoðanir á meðferð fanga, sem þola eiga langa refsivist. Aðalreglan er sú, að refsing sé tekin út í félagi.

Um 36. gr.

Ákvæðin eru í samræmi við það, sem gilt hefir um hegningarvinnufanga.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Sömu reglur, sem nú gilda um hegningarvinnufanga.

Um 39. gr.

Hér er aðeins gert ráð fyrir því, að drykkjumannahæli kunni að verða til síðar, og mundi þá dvöl refsifanga á hælinu teljast til refsitímans.

Um 40.—42. gr.

Ákvæði þessara greina um reynslulausn eru nýmæli í íslenzkum hegningarrétti. Hefir það oft borið við, að nokkur hluti refsingar sé felldur niður með náðun, en í stað þess að fara þá leið, þykir hentara að veita föngum lausn úr refsivist til reynslu.

Um 43. gr.

Meðan ekkert sérstakt fangelsi er til fyrir unga menn, er þýðingarlaust að setja nánar reglur um dvöl fanga þar. Aðeins er gert ráð fyrir því, að slíkt fangelsi eða fangelsisdeild kunni að verða sett á stofn, og að reglur um það verði þá settar í konunglegri tilskipun.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. er ákveðið, að varðhaldsvist skuli skemmst vera 5 dagar, og er því um hækkun að ræða frá reglum hegnl. 1869 um einfalt fangelsi, þar sem lágmark er ákveðið 2 dagar. Í 2. mgr. er tekið fram, að varðhaldsfanga megi ekki hafa með föngum, sem dæmdir hafa verið til fangelsisvistar. Þetta getur þó ekki komið til framkvæmdar fyrr en breyting hefir orðið á fyrirkomulagi hegningarhúsa.

Varðhaldsfangar eru skyldir til að vinna, en þeir hafa það frjálsræði að mega sjálfir ákveða, hvað þeir vinna, ef það samrímist öryggi og góðri reglu. Svonefnd andleg vinna, t. d. samning skáldsögu, þýðingar o. s. frv., getur að sjálfsögðu komið til greina. Sjái varðhaldsfangi sér ekki sjálfur fyrir vinnu eða útvegi hann sér aðeins eitthvað til málamynda, til þess að komast hjá að vinna nokkuð það, er að gagni megi verða, leggur fangelsisstjórnin honum til vinnu. Jafnan má þó skjóta

ágreiningi um slíkt, svo og annað, sem varðar vinnuna, til úrskurðar dómsmálaráðherra.

Í síðustu mgr. þessarar greinar er mikilsvert ákvæði um heimild fyrir dómstóla til þess að dæma fangelsi, enda þótt ekki liggi þyngri refsing við broti en varðhald, eða tiltekið brot hefði átt að varða varðhaldsvist, þótt fangelsisrefsing liggi einnig við slíkum brotum. Það er skilyrði fyrir því, að fangelsi verði dæmt, er svo stendur á, að óheppilegt megi telja, að fangi hafi samneyti við varðhaldsfanga. Er hér einkum átt við menn, er áður hafa tekið út fangelsisvist, en síðan fremja brot, er varðhaldsvist hefðu átt að varða, en einnig koma þó til greina menn, sem refsað er í fyrsta sinn. Þykir ekki ástæða til þess að ákveða refsivist slíkra manna í fangelsi skemmri tíma en varðhaldsvistin hefði orðið.

Um 45. gr.

Gert er ráð fyrir því, að fangar verði slysatryggðir við þá vinnu, sem tryggingarskyld er að lögum, en þó með þeim breytingum, t. d. um greiðslu dagpeninga, sem úttekt refsingar gefur tilefni til.

Um 46. gr.

Hér er átt við, að fangi sé lagður á sjúkrahús, eftir að hann er byrjaður að úttaka refsingu.

Um 47. gr.

Hér eru taldar þær refsingar við agabrotum, sem lagðar eru á fanga, sem brjóta reglur hegningarhússins. Nánari reglur um refsingar þessar skal setja í konunglegri tilskipun.

Um 48. gr.

Öryggisráðstafanir þær, sem hér greinir, að beita megi við fanga, eru hinar sömu, sem áður hafa tíðkazt.

Um 49. gr.

Fyrri mgr. er í samræmi við núgildandi lög. Síðari mgr. er nýmæli. Ber einkum að beita ákvæðum hennar, þegar ætla má, að fjársekt geti borið góðan árangur, svo og þegar sökunautur hefir aflað sér ágóða, sem ekki er gerður upptækur, og ekki hafa verið dæmdar skaðabætur, sem svara til ágóðans.

Um 50. gr.

Hámark sekta er hækkað frá því, sem ákveðið er í 1. gr. laga nr. 13 1925. Er það m. a. gert með tilliti til ákvæða 51. gr.

Um 51. gr.

Þegar tveir menn, misjafnlega efnum búnir, eru dæmdir í fjársektir fyrir samskonar brot, og að öðrum ástæðum jöfnum, ber að sjálfsögðu að dæma hærri sekt á hendur þeim, sem efnaðri er. Refsingin á að vera þeim báðum jafnþung. Hinsvegar á sú ákvörðun ekki að hafa áhrif á vararefsinguna, því refsivistin myndi að líkindum verða báðum álika þungbær. Sem dæmi mætti nefna, að A og B væru dæmdir fyrir samskonar verknað. A væri gert að greiða 100 króna sekt, og vararefsing hans 7 daga varðhald. B, sem efnaðri væri, fengi hinsvegar 1000 króna sekt, en vararefsing hans yrði einnig 7 daga varðhald.

Um 52. gr.

Í grein þessari er sú breyting gerð á framkvæmd sektarrefsingar, að heimiluð er innheimta sektar með fjárnámi. Þó er sú undantekning gerð, að líti lögreglustjóri, sem annast innheimtuna, svo á, að hún myndi hafa í för með sér verulega röskun á högum sökunauts eða manna, sem hann á fram að færa, þá á hann ekki að krefjast fjárnáms, heldur láta sökunaut afplána sektina, sbr. 54. gr. Krefjist lögreglustjóri fjárnáms, og mótmæli sökunautur framgangi þess af þeim sökum, að innheimtan

myndi valda of mikilli röskun á högum hans, úrskurðar fógeti um þau mótmæli, og má þá áfrýja úrskurði hans til hæstaréttar.

Um 53. gr.

Samkvæmt hegnl. 1869, 31. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 13 1925, skyldi sekt afplánuð í einföldu fangelsi. Með lögum nr. 4 1929 var valdsmanni þeim, er annast fullnustu sektardóma, heimilað að láta afplána sekt í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, ef læknir teldi dómfelldan þola þá fangelsisrefsingu. Í þessari gr. frv. er því ekki um verulega breytingu að ræða frá núgildandi rétti, þótt ákveðið sé, að fangelsisvist geti komið í stað sektar, sbr. og 54. gr.

Um 54. gr.

Lágmark afplánunartíma, 2 dagar, er hið sama og nú gildir. Hinsvegar er hámark tímans lækkað úr 3 árum niður í 1 ár, sbr. 2. gr. laga nr. 13 1925. Leiðir þetta af því, að sektarrefsing er næsta stig fyrir neðan varðhaldsrefsingu, og á því hámark afplánunartímans að vera að mun lægra en hámark varðhaldsvistar.

Um 55. gr.

Hér eru ákvæði um sektir, sem ákveðnar eru af stjórnvöldum, svo og aðrar skyldugreiðslur, sem afplána á að lögum, sbr. 50. gr. laga nr. 135 1935. Valdsmaður á að ákveða eftir fyrirmælum 54. gr., hvort beitt sé varðhaldi eða fangelsi. Þykir rétt að leyfa áfrýjun á þessum ákvörðunum eftir reglum um kæru í opinberum málum. Sama er um ákvörðun fógeta viðvíkjandi afplánun dagsekta.

Um VI. kafla.

Með lögum nr. 39 16. nóv. 1907 voru upphaflega sett ákvæði um skilorðsbundna hegningardóma. Ákvæðin voru rýmkuð með 4. gr. laga nr. 51 7. maí 1928 og ennfremur með lögum nr. 57 19. júní 1933. Samkvæmt síðastnefndum lögum geta skilorðsbundnir refsidómar tekið til allra, sem dæmdir eru í allt að 1 árs betrunarhússvinnu. Fjársektardóma, sem dæmdir eru eftir öðrum lögum en hinum alm. hegningarlögum eða viðaukum og breytingum við þau, má þó ekki skilorðsbinda. Ákvæði þessa kafla eru að mestu í samræmi við lög nr. 39 frá 1907 með áorðnum breytingum. Um breytingar þær, sem nú eru gerðar, verður rætt hér á eftir í sambandi við einstakar greinar kaflans.

Um 56. gr.

Hér er sú breyting gerð, að skilorðstími má vera 2—5 ár í stað 5 ára áður. Um þá „frekari skilmála, sem í dóminum kunna að vera settir", eru dómstólunum gefnar frjálsar hendur.

Um 57. gr.

Hér er réttarrannsókn út af nýju broti látin valda því, að skilorði telst ekki fullnægt, ef reynslutími er þá ekki liðinn.

Þegar refsing fyrir bæði brotin er ákveðin í einu lagi samkvæmt grein þessari, ber að gera það eftir reglunum um algera samsteypu refsinga (absoluta cumulation). Mundi þá og samanlögð refsing koma til greina að því er áfrýjunarkröfu varðaði.

Ef ákveðinn er frestur á fullnustu refsingar fyrir bæði brotin, telst hinn nýi frestur að því er bæði brotin varðar, þ. e. hina sameiginlegu refsingu fyrir þau, frá uppkvaðningu nýja dómsins.

Um 58. gr.

Hér er það nýmæli, að sökunautur á kost á að áfrýja úrskurði héraðsdóms, er svo stendur á, sem getur í greininni. Þar eð áfrýjun fer eftir kærureglum, á hún ekki að þurfa að valda langri töf.

Um 59. gr.

Grein þessi samsvarar að efni til 3. gr. laga nr. 39 1907.

Um 60. gr.

Samsvarandi 3. mgr. 1. gr. laga nr. 39 1907.

Um 61. gr.

Samsvarar 2. gr. laga nr. 39 1907.

Um VII. kafla.

Gera verður greinarmun á refsingum annarsvegar, er miðast við framin brot (eftirfarandi réttarvarzla), og öryggisráðstöfunum hinsvegar, sem miða að því að koma í veg fyrir, að einstaklingur, sem hættulegur er öðrum einstaklingi eða almennum hagsmunum, fái tækifæri til að fremja brot (undanfarandi réttarvarzla, varnarvarzla). Til þess að refsingu verði beitt, þurfa refsiskilyrði að vera fyrir hendi. Öryggisráðstafanir geta aftur á móti verið nauðsynlegar, þótt refsiskilyrði bresti, t. d. vegna hótunar, sem í sjálfu sér væri ekki refsiverð, eða vegna þess að sakborningur er sýknaður af subjectivum ástæðum, t. d. vegna sakhæfisskorts. Þá má og vera, að verknaður sé að vísu refsiverður og refsiskilyrði fyrir hendi, en af brotamanninum stafi svo mikil hætta, að refsingin veiti ekki nægilegt öryggi, og beri því að beita öryggisráðstöfunum að refsing lokinni.

Það leiðir af fyrrgreindum mun á refsingum og öryggisráðstöfunum, að tími refsivistar er fyrirfram ákveðinn í dómi, en öryggisráðstafanir verður að gera um óákveðinn tíma. Þær verða að haldast, unz sú breyting er á orðin, er gerir þeirra ekki lengur þörf. Hinsvegar verður vegna manns þess, sem settur er í öryggisgæzlu, að tryggja með lögum, eftir því, sem unnt er, að honum verði ekki haldið í gæzlu um þörf fram.

Um menn, sem framið hafa brot í ölæði, koma sérstök sjónarmið til greina. Oftast eru þeir hættulausir utan víns, og eru þá líkur til, að nema megi burtu orsökina til þess, að þeir fremja brot, með því að venja þá af vínnautn. Að því lúta ákvæði 64. og 65. gr., en að sjálfsögðu má og beita við slíka menn öryggisráðstöfunum samkvæmt öðrum greinum þessa kafla, ef skilyrði eru fyrir hendi.

Í 68. gr. er ákvæði um missi borgararéttinda. Eins og áður segir, er svipting slíkra réttinda ekki refsing, eins og verið gat eftir hegnl. 1869, 10. gr., heldur aðrar afleiðingar refsiverðs verknaðar. Hefir mikill vafi þótt á því leika, hversu víðtæk heimildin til sviptingar borgararéttinda skuli vera. Mun það almennt álit refsiréttarfræðinga á Norðurlöndum, að ákvæði 78. gr. almennu hegningarlaganna dönsku frá 15. apríl 1930 séu um of í óhag sökunauta. Er og í þessu frv. mun skemmra gengið. Vísast um það nánar til þess, er um 68. gr. segir.

Loks eru í 69. gr. ákvæði um upptöku eigna. Upptakan er ekki refsing fremur en svipting borgararéttinda. Hún er einkum gerð í varúðar- og öryggisskyni. Þess vegna ná reglur um náðun ekki til upptöku eigna, og hluti skal upptæka gera, þótt sök kunni að vera fyrnd eða refsing falli brott vegna dauða sökunauts.

Um 62. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að framinn hafi verið objectivt refsiverður verknaður, en að ekki komi til refsingar af ástæðum þeim, er getur í 15. og 16. gr. Gera má aðrar ráðstafanir en þær, sem nefndar eru, en þó ekki neina, sem er viðkomandi manni þungbærari en gæzla á hæli, sbr. „að vægari ráðstafanir ... komi ekki að notum“. Ekki er ástæða til þess að setja hér ákvæði um heimild til afkynjunar glæpamanna, þar eð lög nr. 16 1938 taka til þess.

Þegar mál er að nýju borið fyrir dómstólana, hafa þeir heimild til þess að breyta ráðstöfunum eða fella þær niður eftir málavöxtum.

Um 63. gr.

Samkvæmt núgildandi rétti ber jafnan að dæma refsingu, þótt sökunautur hafi orðið geðveikur eða ósakhæfur af öðrum ástæðum, eftir að hann framdi brotið.

Ákveður þá valdsmaður sá, sem annast framkvæmd refsingar, hvort hún skuli tekin út. Hér er hinsvegar dómstólunum veitt heimild til þess að ákveða, að refsing skuli falla niður, ef svo stendur á.

Um 64. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er heimilt að gefa manni í dómi fyrirmæli um að halda sér frá neyzlu áfengra drykkja og kaupum á þeim í 3 tilfellum:

1. Þegar maður er dæmdur til refsivistar fyrir brot, sem hann hefir framið undir áhrifum áfengis. Það nægir því ekki, að brotið varði sektum. Hinsvegar skiptir ekki máli, hvort um ásetningsbrot eða gáleysisbrot er að ræða.

2. Ef maður er sýknaður samkvæmt ákvæðum 17. gr., þ. e. vegna rænuleysis af áfengisneyzlu, er hann framdi verknaðinn, og brotið myndi hafa varðað refsivist, ef maðurinn hefði verið sakhæfur.

3. Ef maður hefir tvisvar á síðustu 2 árum gerzt sekur um brot vegna ölvunar. Hér eru einkum höfð í huga brot á lögreglusamþykktum, áfengislögum og önnur svipuð brot.

Ákvæði 2. mgr. þykir nauðsynlegt að setja, til þess að stuðla að því eftir mætti, að fyrirmælin verði haldin.

Um 65. gr.

Innlagningu á hæli til lækningar við drykkjuskaparástríðu má jafnan ákveða, þegar skilyrði til þess að gefa fyrirmæli samkvæmt 64. gr. eru fyrir hendi, að því viðbættu, að telja megi ljóst, að viðkomandi maður geti ekki haft hemil á drykkjufýsn sinni. Í flestum tilfellum mundi þó fyrirmæli samkvæmt 64. gr. verða gefið, áður en til ráðstafana kæmi samkvæmt þessari grein. Þá má og beita ráðstöfunum samkvæmt þessari grein, ef maður hefir brotið fyrirmæli, er honum hefir verið gefið eftir 64. gr., enda þótt ekki hafi verið um annað refsivert athæfi að ræða.

Í dómi má ekki ákveða hámark tímans á hælinu lægra en 18 mánuði, og ekki lægra en 3 ár, ef ítrekun á sér stað. Liggur það svo undir úrskurð dómsmálaráðherra, hvort leysa má manninn fyrr af hælinu.

Um 66. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nokkru víðtækara en samsvarandi ákvæði 301. gr. hegnl. 1869. Með orðunum: „refsingu verður ... ekki við komið“ er bæði átt við það, að hótunin sé í sjálfu sér ekki refsiverð, og að refsing liggi að vísu við verknaðinum, en maðurinn sé sýknaður, t. d. af subjectívum ástæðum. Ennfremur má beita gæzlu samkvæmt greininni, þótt refsing sé dæmd, ef hún telst ekki næg trygging.

Ráðstafanir samkvæmt þessari grein má fella niður aftur með dómsúrskurði. Ákveður ákæruvaldið, fyrir hvaða dómstól málið skuli koma að nýju, eftir því sem henta þykir.

Um 67. gr.

Þessi grein fjallar um öryggisráðstafanir gegn afbrotamönnum, sem eru sakhæfir og falla því ekki undir ákvæði 62. né 63. gr., en þykja svo hættulegir umhverfi sínu, að ekki beri að láta þá ganga lausa.

Um 68. gr.

Í 1. mgr. er bæði átt við opinber embætti og sýslanir og einkastörf, er opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að gegna, svo sem verzlunaratvinnu, skipstjórn, lyfsölu, bifreiðarstjórn o. s. frv. Ákvæðið nær einnig til starfa, er opinbert kjör þarf til. Allt takmarkast þetta hinsvegar af 4. mgr., um að sérákvæði laga um sviptingu slíkra réttinda gangi fyrir hinum almennu ákvæðum þessarar greinar. Hvort svipta skuli mann slíkum starfa, fer eftir því, hvort hann telst verður eða hæfur til að gegna honum. Veit hið fyrra að mannorðinu, en hið síðara að hæfi-

leikum, annaðhvort í sérstökum samböndum eða almennt. Svipta má mann réttinum í opinberu máli, þótt ekki leiði það til refsingar, t. d. ef ekki er refsað vegna ákvæða 16. gr., maður er settur í öryggisgæzlu o. s. frv. Þá má og svipta mann rétti til þess að öðlast síðar heimild til ofangreindra starfa eða starfs. Nær það einnig, a. m. k. með lögjöfnun, til þeirra, sem heimildina hafa haft, er verk var framið, en sviptir hafa verið henni af handhöfum framkvæmdarvaldsins, áður en dómur gengur.

Í 3. gr. er það nýmæli, að dómstólar skulu ex officio svipta mann kosningarrétti og kjörgengi í refsidómi í opinberu máli, ef hann telst ekki lengur hafa óflekkað mannorð. Hingað til hafa kjörstjórnir tekið ákvörðun um þetta við samningu kjörskráa, en þó svo, að bera hefir mátt mat þeirra undir dómstóla.

Ekki hefir þótt rétt að setja almennt ákvæði um það, frá hvaða tíma svipting réttinda eigi að koma til framkvæmdar. Oft myndi það verða frá birtingu endanlegs dóms eða fyrr, ef leyfi hefir áður verið af manni tekið. Stundum mundi sviptingin og eiga að teljast frá því, að lokið er að taka út refsingu. Í síðustu mgr. er heimilað að neita um leyfi að nýju, enda þótt uppreist æru sé fengin, og mundi það einkum koma til greina, þegar viðkomandi mann brestur hæfni til starfsins.

Um 69. gr.

Með greininni er dómstólunum veitt heimild til þess að gera hluti upptæka, en ekki lögð á þá skylda til þess. Heimildin samkvæmt 1. tölulið er talsvert víðtæk, sérstaklega að því er varðar hluti, sem hafðir hafa verið til að drýgja afbrot með, því oft getur þar verið um hluti að ræða, sem ætlaðir eru til venjulegrar, löglegrar notkunar, svo sem ýmis verkfæri. Þetta á þó ekki að koma að sök, þar sem aðeins er um heimild að ræða og vænta má, að dómstólarnir noti hana í hófi. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að upptaka eigi sér að jafnaði stað, þegar hluturinn er ákvarðaður til glæpsamlegrar notkunar, t. d. innbrotstæki, sem gerð hafa verið í því skyni, falskir peningar o. s. frv. Skiptir þá og ekki máli, hver er eigandi hlutarins.

Ákvæði 3. töluliðs er nýtt. Þykir nauðsynlegt að hafa slíka heimild til upptöku, þar eð óviðeigandi er, að brotamaður haldi ávinning, er hann hefir aflað sér með refsiverðu athæfi, vegna þess að ekki upplýsist um eigandann.

Um eignir og skjöl félags, sem slitið hefir verið með dómi, þykir verða að fara svo sem í síðustu mgr. segir.

Um VIII. kafla.

Í þennan kafla er safnað ákvæðum um það, hvernig skuli tiltaka refsingu fyrir einstök brot, og hvaða tillit þá komi einkum til greina. Hér eiga heima ákvæði um ítrekun, hvernig refsing skuli ákveðin, þegar afbrotum lendir saman o. fl. Kaflinn svarar því til 6. og 7. kap. hegnl. 1869.

Þegar rætt er hér um niðurfærslu refsingar, er átt við lækkun niður fyrir lágmark refsingar þeirrar, sem við broti er lögð. Málsbætur hafa hinsvegar einungis áhrif á refsinguna innan hinna almennu refsimarka. Samsvarandi gildir um aukna refsingu, þ. e. þegar heimilt er að fara upp fyrir hæsta stig þeirra refsimarka, sem ella koma til greina um brotið, og ástæður, er metast skulu til þyngingar refsingu, en þó innan nefndra refsimarka.

Um 70. gr.

Í þessari grein, sem svarar að mestu til 58. gr. hegnl. 1869, eru talin upp ýmis atriði, sem áhrif eiga að hafa á ákvörðun refsingarinnar innan hinna almennu refsimarka, sem broti eru sett. Upptalningin er þó að sjálfsögðu ekki tæmandi. Ýmis fleiri atriði geta til greina komið, þar á meðal ástæður, sem nefndar kunna að vera í sambandi við einstök hegningarákvæði og látnar þar hafa áhrif á ákvörðun refsingar. Má þá einnig hafa hliðsjón af þeim, þegar um svipuð tilfelli er að ræða.

Um 71. gr.

Ákvæði þessarar gr. víkja að sumu leyti frá reglum 62. gr. hegnl. 1869 um ítrekun. Tekið er fram í 1. mgr., að tilraun til eða hlutdeild í broti geti haft ítrekunaráhrif. Nýtt er ákvæði 2. mgr. um heimild til að láta erlenda refsidóma hafa ítrekunaráhrif. Þá er og frestur samkvæmt 3. mgr. styttur úr 10 árum niður í 5 ár.

Um 72. gr.

Þeir menn, er leggja það í vana sinn að fremja afbrot eða gera það í atvinnuskyni, eru að jafnaði miklu hættulegri en hinir, er svonefnd tækifærisbrot drýgja. Þykir því rétt að hafa almenna heimild um hækkun refsingar hinum fyrrnefndu til handa. Lágmark refsingar er hér hið sama og ella, en heimilað er að fara út fyrir hámarkið, þó með þeim takmörkunum, sem í greininni getur.

Brot getur verið framið í atvinnuskyni, þótt það sé ekki þáttur í aðalatvinnu fremjandans.

Um 73. gr.

Greinin heimilar aukna refsingu við tilteknum brotum fanga, sem taka út refsingu eða er haldið í gæzlu af öðrum ástæðum, svo og fyrrverandi fanga. Miðar greinin að því að auka öryggi hegningarstofnana og starfsmanna þeirra. Er sérstök ástæða til að veita þeim aukið öryggi vegna þeirrar hættu, sem stafar af dvöl afbrotamanna þar.

Um 74. gr.

Í grein þessa er safnað ýmsum ákvæðum um atriði, er valdið geta niðurfærslu refsingar, og ennfremur heimilað, að fella megi refsingu niður, þegar sérstaklega stendur á, sbr. síðustu mgr. Hinsvegar er hámark refsingar látið vera óbreytt, að undanteknu ákvæði 2. málsliðs 2. töluliðs (um brot, framin af mönnum, sem yngri eru en 18 ára). Þá er það og sameiginlegt ákvæðunum, að heimiluð er niðurfærsla niður fyrir lágmark, án þess að nýtt lágmark sé sett. Lágmarkið verður því hið sama og lægsta stig vægustu refsitegundar, þ. e. 4 króna sekt, sbr. 50. gr.

1. töluliður svarar til 2. málsliðs 2. mgr. 41. gr. hegnl. 1869 að því er neyðarvörn snertir, en er nýmæli um þá, er gerast offarar við notkun neyðarréttar.

2. töluliður svarar til 38. gr. hegnl. 1869. Þar er þó niðurfærsla refsingar skyld, en hér aðeins heimil.

Í 3. tölulið er nýtt ákvæði um áhrif lögvillu (error juris). Niðurfærsla er ekki heimil, hafi maður vitað, að verknaður hans var réttarbrot, en aðeins haldið, að engin refsing lægi við honum.

Í 4. tölulið eru reiði og geðæsing, ef viss skilyrði eru fyrir hendi, gerð að almennum refsilækkunarástæðum. Samkvæmt hegnl. 1869 geta þessar ástæður valdið refsilækkun í sumum samböndum. Ekki er nauðsynlegt, að reiðin eða geðæsingin sé vakin með árás á eða móðgun við þann mann sjálfan, sem brotið fremur.

Ákvæði 5. töluliðs svara til 57. gr. hegnl. 1869, en er hér almennara.

Í 6. tölulið er niðurfærsla refsingar heimiluð, ef maður hefir verið þvingaður til að fremja brot. Gert er ráð fyrir því, að þvingun geti stundum gert verknað refsilausan, og er þá einkum höfð í huga fullkomin mekanisk þvingun.

Ákvæði 7. töluliðs er einskonar viðauki við reglur 21. gr. um afturhvarf frá tilraun. Gert er ráð fyrir því, að þrátt fyrir það, að brot var fullframið, hafi tjón enn ekki orðið, og að brotamaðurinn hafi af sjálfsdáðum afstýrt hættunni.

Ákvæði 8. töluliðs er skylt ákvæði 7. töluliðs, en myndi að jafnaði leiða til minni niðurfærslu, þar sem tjón hefir leitt af brotinu, þótt úr því hafi verið bætt síðar, eða brotamaðurinn hefir gert sér far um að draga úr tjóninu eða bæta það.

9. töluliður svarar til 2. málsliðs 61. gr. hegnl. 1869.

Þótt refsing sé látin falla niður samkvæmt 2. mgr., raskar það ekki því, að refsivert verk hefir verið framið. Þegar heimildin er notuð, á þess vegna ekki að sýkna, heldur ákveða, að refsing falli niður.

Um 75. gr.

Hér eru enn nefndar sérstakar ástæður, sem valdið geta niðurfærslu refsingar og jafnvel brottfalli hennar, ef brot varðar ekki in concreto þyngri refsingu en varðhaldi. Hér er átt við geðtruflanir, sem aðeins standa yfir skamman tíma, svo sem vegna líkamlegs áfalls, ójafnvægis, er af taugaveiklun stafar, áfengisáhrifa o. s. frv. Í 16. gr. frv. er frekar átt við langvarandi andlega annmarka, sbr. dæmi þau, er þar eru talin. Sbr. og ákvæði 17. gr. um fullkomið rænuleysi vegna ölvunar.

Með almenna ákvæðinu: „eða svo er ástatt að öðru leyti, að verknaðurinn verður ekki talinn líkt því eins refsiverður og venjulegt er um samskonar brot“, er það sérstaklega haft fyrir augum, að gera hefði þurft óvenjulega strangar kröfur til sökunauts eða löghlýðni hans. Má í því sambandi taka tillit til hvata þeirra, er til verksins hafa legið.

Af samanburði á 16. og 75. gr. má sjá, að sé mönnum refsað, er 16. gr. nær til, þá ber að beita fullri refsingu, þar sem aftur á móti er heimild til niðurfærslu eða jafnvel brottfalls refsingar, þegar skilyrði samkvæmt 75. gr. eru fyrir hendi.

Um 76. gr.

Samkvæmt 59. gr. hegnl. 1869 skyldi það talið sökunaut til málsbóta við ákvörðun hegningar, ef hann hefði verið hafður um langan tíma í gæzluvarðhaldi meðan á máli stóð, enda honum sjálfum ekki um það að kenna. Þá mátti og undir vissum kringumstæðum ákveða, að gæzluvarðhald kæmi í stað refsingar. Ákvæði 76. gr. frv. eru skyld þessum reglum hegnl. 1869, en þó fremur sökunaut í hag. Greinin segir ekki, að dagur í gæzluvarðhaldi skuli teljast jafn degi í varðhaldi eða fangelsi, heldur ber dómstólunum að meta frádráttinn eftir atvikum.

Um 77. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til ákvæða 63. gr. hegnl. 1869, en þó með nokkrum breytingum. Aðalreglan er sem áður takmörkuð samsteypa refsinga, þegar tiltekin er refsing í einu lagi fyrir fleiri brot en eitt. Skiptir ekki máli, hvort bæði eða öll brotin varða við almenn refsilög eða sérstök refsilög eða sum við almenn og önnur við sérstök refsilög. Þó má vera, að ekki verði komizt hjá fullkominni samlagningu refsinga, svo sem þegar sektir ber að miða við ávinning.

Um 78. gr.

Sbr. 65. gr. hegnl. 1869. Ef brot, er síðar hefir orðið uppvíst, á að vera refsilaust samkvæmt ákvæðum 77. gr. um brot, sem að tiltölu eru lítilræði eitt (absorption), ber að segja í dómi, að refsing falli niður, því ekki er rétt, er svo stendur á, að kveða upp sýknudóm. Hegningarauka skal ákveða á sama hátt, hvort sem refsing samkvæmt fyrra dómi hefir verið úttekin eða ekki, enda ávallt heimilt að tiltaka refsingu neðan venjulegra refsimarka.

Reglum 78. gr. mun mega beita analogiskt, þegar svo stendur á, að dæmt er samtímis um fleiri en eitt refsimál, t. d. einkamál út af ærumeiðingum.

Um 79. gr.

Hér er ákveðið hlutfallið milli varðhalds og fangelsis. Mikilvæg undantekning frá reglu þessari er þó gerð í 44. gr., þar sem dómstólum er heimilað að dæma fangelsi jafnlangan tíma og varðhald hefði ella orðið, þegar óheppilegt má telja, að fangi taki refsingu út með varðhaldsföngum. Gert er ráð fyrir, að þegar svo stendur á, sé þörf jafnlangs refsitíma, enda þótt fangelsi komi í varðhalds stað.

Um IX. kafla.

Ekki þykir ástæða til að setja hér ákvæði um brottfall refsingar vegna annars en fyrningar. Refsing fellur að sjálfsögðu niður við dauða sökunauts, en ekki er þörf

að lögfesta ákvæði um það. Hefir og þegar verið ákveðið í 52. gr. frv., að sektir skuli ekki innheimtar í dánarbúi.

Hafi maður verið sakhæfur á þeim tíma, er hann framdi brot, fellur refsing ekki niður, þótt síðar komi til veikindi, er geri framkvæmd refsingar ekki mögulega um skamman tíma eða langan. Sbr. þó ákvæði 63. gr. um heimild til að láta refsingu falla niður, ef veikindi eru slík, sem í 15. eða 16. gr. segir.

Þá þykir ekki ástæða til þess að lögfesta hér reglur um uppgjöf sakar af hálfu hins opinbera. En um uppgjöf af hálfu einstaklinga, þegar undir þeim er komið, hvort opinbert mál skuli höfðað, eða þeir verða sjálfir að fylgja refsikröfu fram í einkamáli, eru ákvæði í 28. gr. frv. Og í 29. gr. eru ákvæði um fyrning heimildar til þess að krefjast opinberrar málssóknar eða höfða einkamál til refsingar, þegar einstaklingur ræður höfðun refsimála.

Um 80. gr.

Hér er, eins og í 67. gr. hegnl. 1869, gerð undantekning frá fyrningarreglum að því er til embættisbrota eða sýslunar tekur. Þó er sú breyting gerð, að þau brot fyrnast nú einnig, ef refsing við broti hefði ekki farið fram úr sektum.

Um 81. gr.

Fyrningarákvæðin eru að miklum mun viðtækari en verið hafa samkvæmt hegnl. 1869. Varði brot in concreto ekki hærri refsingu en varðhaldi eða 8 mánaða fangelsi, getur það ávallt fyrnzt eftir reglum 1. eða 2. töluliðs, án tillits til þess, hver sé þyngsta refsing, sem við broti af þeirri tegund liggur. Hefði refsing hinsvegar orðið þyngri en varðhald eða 8 mánaða fangelsi, getur sök fyrnzt á 10 árum, ef almenn refsiviðurlög við slíku broti fara ekki fram úr 6 ára fangelsi. Ella fyrnist sökin ekki.

Um 82. gr.

Sú breyting er hér gerð á reglum 67. gr. hegnl. 1869, að fyrningarfrestur stöðvast, þegar réttarrannsókn hefst gegn sökunaut út af því broti. Ákvæði 68. gr. hegnl. 1869 um upptöku máls, sem ónýtzt hefir, eru hér látin ná til allra refsimála.

Um 83. gr.

Hér er að mestu leyti um nýjar reglur að ræða í íslenzkum refsilögum, sbr. þó hegnl. 1869, síðasta málslið 71. gr. Þótt síður sé ástæða til þess að láta refsingu fyrnast, eftir að hún hefir verið ákveðin með dómi, þá þykir samt rétt að heimila fyrningu, þegar ekki er um sérlega stór brot að ræða.

Um 84. gr.

Ákvæði 1. mgr. samsvarar 2. gr. laga nr. 39 1907. Ákvæði 2. mgr. kemur í stað laga nr. 21 frá 6. nóv. 1897. Þó eru þær breytingar gerðar, að í stað fangelsis við vatn og brauð er miðað við 1 árs refsivist, og að í stað 10 ára koma 5 ár.

Um 85. gr.

Þessi grein kemur í stað tilskipunar frá 12. marz 1870 um uppreist á æru o. fl. Frestur er styttur niður í 2 ár, þegar um smáfelld brot er að ræða, sbr. 1. mgr. og 84. gr., en almenni fresturinn verður þó 5 ár sem áður.

Um X. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um landráð. Með landráðum er, eins og áður samkvæmt 9. kap. hegnl. 1869, átt við brot gegn öryggi og sjálfstæði ríkisins gagnvart öðrum ríkjum og sjálfsforráðum þess um eigin mál. Til þeirra brota telst einnig verknaður, sem miðar að því, að ná einhverjum hluta ríkisins undan forráðum þess og gera hann að sjálfstæðu ríki, ef til þess er beitt ólögmætri aðferð. Ákvæði 93. gr.

um njósnir nær þó lengra en hér er sagt, og sömuleiðis nýmæli 91. gr. frv. um ólögmæta birtingu samninga, ráðagerða eða ályktana ríkisins, sem hafa mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslenzku þjóðina gagnvart útlöndum. Sá verknaður er ekki landráð í eiginlegri merkingu, en heppilegt þykir að hafa ákvæði þetta með öðrum svipuðum ákvæðum 91. gr., er landráð varða.

Athafnir, sem refsing er lögð við í þessum kafla, eru flestar þannig, að ekki þarf að hafa átt sér stað nein skerðing á hagsmunum þeim, sem verndaðir eru, til þess að brot teljist fullframin. Leiðir þetta af því, að hér er um mjög hættulega verknaði að ræða, sem ástæða er til að refsa hart fyrir, þótt þeir séu enn á tilraunastigi, enda myndi og refsingu tíðast ekki verða við komið, ef tilgangi verksins væri að fullu náð. Brotin eru því oftast í því fólgin, að hagsmunum er stofnað í hættu.

Það hefir jafnan þótt álitamál, hvernig draga ætti mörkin fyrir því, til hvaða manna ákvæði hegningarlaga um landráð ættu að taka. Samkvæmt hegnl. 1869 eru það aðeins „þegnar konungs, sem þar (þ. e. á Íslandi) eiga heima", er sekir geta gerzt um brot á ákvæðum 9. kap. þeirra laga um landráð. Í þessu frv. eru engin slík takmörk sett, sbr. 6. gr. Ná refsiákvæðin því einnig til brota, sem framin eru erlendis og af öðrum en íslenzkum þegnum. Undantekning er þó um ákvæði 94. og 95. gr., því þau brot, ef framin eru erlendis af útlendingum, falla ekki undir ákvæði 1. töluliðs 6. gr. Þá er og brot samkvæmt 1. mgr. 89. gr. takmarkað við íslenzka þegna, án tillits til heimilisfangs. Þó mun verða að gera undantekningu um þá ríkisborgara íslenzka, sem erlendis eru búsettir, er skyldir kunna að vera að lögum heimalands síns til að bera vopn gegn Íslandi.

Um 86. gr.

Hér er íslenzka ríkið verndað fyrir athöfnum, sem miða að því að koma ríkinu eða einhverjum hluta þess undir erlend yfirráð eða að skilja einhvern hluta frá forráðum þess, þannig að fráskildi hlutinn verði sjálfstætt ríki. Til refsiverðs verknaðar teljast ofbeldi, hverskonar nauðung og svik. Verknaður er fullframinn, þegar reynt hefir verið að koma slíkum verknaði á stað, t. d. ef skorað er á erlent ríki að beita íslenzka ríkið ofbeldi í ofangreindum tilgangi.

Af orðalaginu „verknað, sem miðar að" ber ekki að draga þá ályktun frekar hér en annarsstaðar í frv. þessu, þar sem sama orðalag er notað, að strangari kröfur séu gerðar til ásetnings en ella.

Um 87. gr.

Með fyrra málslið greinar þessarar eru verndaðir sömu hagsmunir sem í 86. gr. getur, því verknaður sá, sem hér er gerður refsiverður, mundi ávallt vera hættulegur sjálfstæði og öryggi ríkisins. Hinsvegar er það ekki skilyrði samkvæmt þessari grein, að sökunautur hafi haft þann ásetning að koma íslenzka ríkinu eða hluta þess undir erlend yfirráð. Brot er ekki fullframið, nema samband hafi komizt á. Neiti erlent ríki tilmælum, er að þessu lúta, hefði sá, er til sambandsins eða samtakanna mæltist, aðeins gerzt sekur um tilraun.

Í síðari málslið greinar þessarar er vægari refsing lögð við því, ef verknaði samkvæmt fyrra málslið er ætlað að skerða sjálfsákvörðunarrétt íslenzka ríkisins um einhver málefni þess.

Um 88. gr.

Hér ræðir um verknað, sem að jafnaði mundi vera hættulegur öryggi ríkisins. Hinsvegar þarf ekki að vera fyrir hendi ásetningur um að koma ríkinu eða hluta þess undir erlend yfirráð. Brot er fullframið, þótt erlenda ríkið hafi ekki samþykkt að hefja neinar þær athafnir, er í greininni getur.

Um 89. gr.

Fyrri mgr. er bundin við íslenzka ríkisborgara eina, sbr. greinargerð við þennan kafla hér að framan. Greinin á aðeins við um verknað, sem framinn er í ófriði.

Síðari mgr. er ekki takmörkuð við íslenzka ríkisborgara. Hinsvegar nær refsiákvæði hennar ekki til manna, er gegna herþjónustu erlendis.

Um 90. gr.

Í grein þessari er refsing lögð við tilteknum samningsrofum eða skuldbindingar. Skilyrði er, að samningur eða skuldbinding varði ráðstafanir, er gerðar hafa verið vegna ófriðar eða ófriðarhættu. Ekki þarf svo að vera, að ófriður hafi staðið yfir eða vofað yfir þegar samningur var gerður. Hinsvegar eru rof ekki refsiverð eftir þessari grein, hafi þau ekki gerzt meðan á ófriði stendur eða þegar hann vofir yfir. Ákvæðið er sett til þess að vernda sjálfstæði og öryggi íslenzka ríkisins, en ekki er skilyrði, að samningsrofin hafi í raun og veru haft í för með sér hættu fyrir nefnda hagsmuni.

Um 91. gr.

Samningar, ráðagerðir og ályktanir, er í 1. mgr. getur, geta verið hvort heldur munnlegir eða skriflegir. Þeir verða að vera leynilegir, þannig að aðeins ákveðnum mönnum sé heimil vitneskja um þá. Sökunautur þarf ekki að vera einn af þeim, er þá heimild hafa. Brotið er í því fólgið að skýra manni, sem ekki hefir heimild til vitneskju um tilvist eða efni samnings og ekki hefir áður um hann vitað, frá samningnum. Skiptir ekki máli, þótt skýrt sé frá að viðlögðu þagnarheiti.

Skjöl þau, er í 2. mgr. getur, verða að hafa mikilvæga þýðingu fyrir íslenzka ríkið, en til þeirra má telja skjöl, er hafa mikilsverða fjárhagsþýðingu eða viðskipta, sbr. 1. mgr. Ónýting skjals að hluta er refsivert. Ákvæðið nær einnig til annarra muna en skjala, ef þeir hafa þessa þýðingu.

3. mgr. nær til samningsgerðar um hverskonar efni sem er, svo sem stjórnmál, viðskipti, fjármál o. s. frv. Ekki er skilyrði, að samningur hafi verið gerður. Verknaður er í því fólginn að bera hagsmuni íslenzka ríkisins fyrir borð af ásettu ráði, sbr. 4. mgr., er aðeins vísar til 1. og 2. mgr. Ekki er það eitt nægilegt til þess að verk sé refsivert, að samningsmaður fari út fyrir umboð sitt, ef nefndur ásetningur hefir ekki verið fyrir hendi.

Um 92. gr.

1. mgr. svipar til 1. mgr. 91. gr. Hagsmunir þeir, sem hér eru verndaðir, er leynd hernaðarráðstafana. 2. mgr. er að mestu leyti samhljóða lögum nr. 16 frá 20. okt. 1905. Þó er bætt við verknaði, sem er í því fólginn að aðstoða erlent ríki við skerðingu á hlutleysi íslenzka ríkisins.

Refsimörkin eru höfð mjög rúm, þar eð refsiákvæðið nær bæði til ásetningsbrota og gáleysis.

Um 93. gr.

Ákvæði þessarar greinar er mjög víðtækt, þar eð það nær til hverskonar njósnarstarfsemi, en er ekki, eins og áður, bundið við hernjósnir. Þá eru og njósnir í þágu erlendra stjórnmálaflokka gerðar refsiverðar. Að sjálfsögðu verður að vera um óleyfilega njósnarstarfsemi að ræða, en ekki er skilyrði, að hún sé framkvæmd innan íslenzka ríkisins. Nægir að hún beinist að einhverju innan þess.

Um 94. gr.

Hér er heimiluð aukin refsing þegar verknaði, sem refsiverður er eftir 23.—25. kafla frv., er beint að þjóðhöfðingja erlends ríkis eða sendimönnum erlendra ríkja hér á landi. Málin sæta öll opinberri meðferð, sbr. 97. gr.

Um 95. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sett til þess að vernda öryggi íslenzka ríkisins, en ekki með það fyrir augum að vernda sérstaklega erlenda hagsmuni hér á landi.

Um 96. gr.

Þetta ákvæði kemur í stað fyrirmæla hegnl. 1869 um ríkisfangelsi. Varðhaldsvist má því dæma, er svo stendur á, um lengri tíma en í 1. mgr. 44. gr. getur.

Um 97. gr.

Mál út af landráðum snerta oft önnur ríki og geta haft í för með sér svo áhrifaríkar afleiðingar fyrir íslenzka ríkið, einkum ef erlendir menn eiga í hlut, að rétt þykir að ákveða, að mál út af slíkum brotum skuli ekki höfða nema að boði dómsmálaráðherra.

Um XI. kafla.

Í þennan kafla er safnað ákvæðum um vernd ríkjandi stjórnskipunar, eins og hún er ákveðin í stjórnarskránni og öðrum stjórnskipunarlögum. Ennfremur er ákveðin sérstök vernd fyrir æðstu handhafa ríkisvaldsins, konung eða ríkisstjóra, ráðuneytin, Alþingi, landsdóm og hæstarétt, enda beinist verknaður, sem miðar að ólöglegri breytingu stjórnskipunarinnar, að jafnaði fyrst að þessum aðiljum, einum eða fleiri.

Um 98. gr.

Í grein þessa eru tekin ákvæði 2. og 3. mgr. 86. gr. og 87. gr. hegnl. 1869. Þyngri refsing er lögð við því að hafa forgöngu fyrir uppreisn en annarri þátttöku. Í síðari málsgr. er hverskonar verknaður, er miðar að breytingu stjórnskipunarinnar á ólögmætan hátt, gerður refsiverður.

Um 99. gr.

Sbr. 1. mgr. 86. gr. hegnl. 1869. Brot er fullframið, þegar framinn hefir verið einhver verknaður í því skyni að svipta viðkomanda lífi, þótt það hafi ekki enn verið reynt, eða tilraun orðið árangurslaus.

Um 100. gr.

Hér eru reglur settar um vernd til handa æðstu handhöfum stjórnvaldsins. Alþingi, ráðuneytin, landsdómur og hæstiréttur njóta verndar þessarar sem opinberar stofnanir.

Um 101. gr.

Í grein þessari er aukin refsing lögð við brotum, er í XXIII.—XXV. kafla getur, ef þau eru í frammi höfð við konung eða þann, sem fer með konungsvald. Einnig er aukin refsing heimiluð samkvæmt 2. mgr., þegar slík brot beinast að drottningu, konungsekkju eða konungsefni.

Um 102. gr.

Þessi ákvæði svara að mestu leyti til ákvæða 88. og 2. mgr. 114. gr. hegnl. 1869. Einu gildir, með hverjum hætti tálmun kosningar hefir verið reynd.

Um 103. gr.

Hér er safnað ákvæðum um brot í sambandi við kosningar, samsvarandi ákvæðum 114.—116. gr. hegnl. 1869, en þó nokkuð rýmri. Sbr. og um alþingiskosningar XXII. kafla laga nr. 18 25. jan. 1934.

Um 104. gr.

Sjá athugasemd við 96. gr.

Um 105. gr.

Sjá athugasemd við 97. gr.

Um XII. kafla.

Ákvæði þessa kafla lúta einkum að því að vernda framkvæmd opinberra starfa. Er lögð refsing við því að hindra embættismann eða sýslunar við framkvæmd opinbers starfs, svo og verknaði, er miðar að því, að opinbert starf sé af hendi leyst á annan hátt en vera ber. Þá er lögð við því refsing að framkvæma eða taka sér opinbert vald heimildarlaust.

Um 106. gr.

Felldur er niður munur sá á embættismönnum og sýslunarmönnum, sem nú er samkvæmt 99. og 101. gr. hegnl. 1869. Að öðru leyti eru ákvæði þessara greina látin haldast óbreytt að efni til.

Árás samkvæmt 1. mgr. verður að vera á starfsmanninn persónulega, en ekki er skilyrði, að hann sé að gegna starfinu, þegar árásin er gerð, sbr. orðin „út af" starfinu. Hinsvegar verður verknaður samkvæmt 2. mgr. að gerast í sambandi við framkvæmd opinbers starfs.

Um 107. gr.

Þessi grein er viðbót við 106. gr. Verndaðir hagsmunir eru þeir sömu sem í þeirri grein, verknaður sá sami og önnur skilyrði. Um fremjendurna koma hér hinsvegar sérstakar reglur til greina. Verkið verður að hafa verið haft í frammi af mannsöfnuði, þ. e. hóp manna, sem ekki hafa bundizt fyrirfram samtökum um verkið. Þegar þannig stendur á, segir til í greininni, hverjum skuli refsað.

Um 108. gr.

Hér er vernd opinberra starfsmanna fyrir móðgunum eða ærumeiðingum mjög aukin frá því, sem nú gildir. Sé móðgunin höfð í frammi við starfsmanninn, þegar hann er að gegna starfa sínum, er sama, hver móðgunin eða aðdróttunin er, þ. e. hún þarf ekki að standa í sambandi við starf hans. Sé hinsvegar höfð í frammi ærumeiðing við opinberan starfsmann, þegar hann er ekki að gegna opinberu starfi sínu eða um hann fjarverandi, þá varðar það því aðeins við þessa grein, að móðgunin eða aðdróttunin beinist að einhverju leyti að starfi hans. Heimilt er að færa sönnur á ærumeiðandi aðdróttanir samkvæmt grein þessari, en sönnun leysir ekki undan refsingu, sé móðgun borin fram á ótilhlýðilegan hátt. En ótilhlýðileg mundi að líkindum oft verða talin aðdróttun, sem höfð væri í frammi við opinberan starfsmann við skyldustarf, nema einhverjir þeir annmarkar væru þá á framkvæmd starfans, er réttlæta aðdróttunina.

Grein þessi er tæmandi að því er til refsingar tekur fyrir ærumeiðingar, sem á annað borð falla undir ákvæði hennar. Ber því ekki að refsa fyrir sömu ærumeiðinguna bæði samkvæmt þessari grein og ákvæðum XXV. kafla frv. þessa. Neiti opinbera ákæruvaldið að höfða mál, mun þó starfsmaðurinn geta sótt sökina í einkamáli samkvæmt ákvæðum nefnds kafla.

Um 109. gr.

Grein þessi er að efni til samsvarandi 120. gr. hegnl. 1869, sbr. og 122. gr. þeirra. Refsivert að bjóða eða lofa gjöfum eða öðrum ávinningi, og þarf það ekki að vera ávinningur fjárhagslegs eðlis. Brot er fullframið, þegar mútan hefir verið boðin. Ekki er refsivert að bjóða fé eða annan ávinning fyrir lögmætt embættisverk, en fyrir embættismanninn gæti verið refsivert eftir 127. gr. að taka við ávinningnum.

Hafi embættismaðurinn brotið starfsskyldur sínar vegna mútunnar, svo refsivert sé eftir einhverri grein XIV. kafla frv. þessa, þá mætti og refsa mútugjafanum sem hlutdeildarmanni í því broti.

Um 110. gr.

Sökum hættu þeirrar, er stafar af samtökum refsifanga um að strjúka sameiginlega, þykir verða að ákveða refsingu sérstaklega við samtökunum. Tilraun til stroks þarf ekki að hafa átt sér stað, nægilegt, að fangarnir hafi sammælzt um strokið, til þess að brot sé fullframið. Hinsvegar tekur þessi grein ekki til þess, er einum fanga er hjálpað til stroks.

Um 111. gr.

Grein þessi samsvarar 109. gr. hegnl. 1869. Brot er þá fyrst fullframið, er fangi eða handtekinn maður hefir losnað úr haldi.

Um 112. gr.

Skilyrði fyrir því, að verknaður samkvæmt 1. mgr. sé refsiverður, er að manni sé veitt eftirför. Ákvæði greinarinnar eru nokkuð rýmri en samsvarandi ákvæði 111. gr. hegnl. 1869.

Um 113. gr.

Greinin er að efni til eins og 106. og 107. gr. hegnl. 1869.

Um 114. gr.

Grein þessi samsvarar 77. gr. hegnl. 1869. Ekki er refsivert eftir greininni að ráða sig til herþjónustu erlendis.

Um 115. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný og allvíðtæk. Skýrsla verður að vera opinber og annaðhvort heimildarlaus, þ. e. vegna þess að leynd er rofin, eða vísvitandi röng.

Um 116. gr.

Greinin er samhljóða að mestu 108. gr. hegnl. 1869. Hafi hið opinbera áskilið sér framkvæmd einhvers starfs, mundi vera brot á greininni, ef maður, sem ekki hefir valdið, tæki til að framkvæma starfið, enda þótt hann beitti engum blekkingum í þá átt, að valdið bæri undir hann.

Um 117. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýtt. Refsing við brotum samkvæmt henni þykir mega vera lág, þar eð þau myndu oftast vera mjög smávægileg formbrot.

Um XIII. kafla.

Í kafla þennan er safnað ýmsum allsundurleitum ákvæðum um brot, er hafa í för með sér röskun á allsherjarreglu eða almannafriði.

Um 118. gr.

Um upphlaup og refsingu fyrir þátttöku í því vísast til þess, er áður segir um ákvæði 107. gr. frv. Þar var tilgangur upphlaups að beita opinberan starfsmann ofríki, en hér gildir einu, að hverju ofbeldið eða hótunin beinist. Ekki þarf hótun að hafa komið fram berum orðum. Hún getur falizt í framkomu mannfjöldans.

Um 119. gr.

Hér er nánast um formbrot að ræða, án ólögmæts tilgangs. Sbr. 69. (áður 70.) gr. stjskr. 1920.

Um 120. gr.

Nýtt ákvæði, er ekki þarfnast skýringa.

Um 121. gr.

Hér er einnig nýmæli. Fyrri mgr. á við opinbera hvatningu til refsiverðra verka, ekki til réttarbrota almennt. Refsivert mundi því ekki vera að hvetja menn opinberlega til þess að greiða ekki skuldir. Aftur á móti væri refsivert að hvetja menn opinberlega til þess að hindra framkvæmd fjárnáma eða uppboða.

Samkvæmt 2. mgr. er það refsivert að hæla eða fallast með öðrum hætti á eitthvert brot, er í X. eða XI. kafla getur, enda þótt ekki sé með því beinlínis hvatt til refsiverðra verka.

Um 122. gr.

Hér er verndaður réttur manna samkvæmt 69. (áður 70.) gr. stjskr. 1920 til almennra mannfunda. Ákvæðið nær og til einkafunda. Hindrun við guðsþjónustugerð, sbr. 158. gr. hegnl. 1869, er refsiverð samkvæmt 1. mgr.

Eigi verknaður, er í 2. mgr. getur, undir 106. gr., 2. mgr., ber að refsa samkvæmt þeirri grein.

Um 123. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný. Þótt refsiákvæði 1. mgr. nái til allra, er stofna mönnum eða verðmætum í hættu ölvaðir, þá má gera ráð fyrir, að það komi einkum til greina um menn, sem farartækjum stjórna. Ákvæði 21. sbr. 39. gr. áfengislaga, nr. 33 1935, heldur gildi sínu jafnframt þessari gr.

Um 124. gr.

Fyrri mgr. samsvarar að mestu leyti 159. gr. hegnl. 1869, sbr. og 252. gr. þeirra. Síðari mgr. er nýmæli, er ekki þarfnast skýringa.

Um 125. gr.

Samsvarar 157. gr. hegnl. 1869.

Um 126. gr.

Ákvæði þessarar greinar er að efni til skylt ákvæðum 110. gr. hegnl. 1869.

Um 127. gr.

Ákvæðið er nýtt. Brot er refsivert, þótt verknaður sá, sem afstýra átti, hafi ekki verið unninn, eða ekki hafi orðið af ófarnaði þeim, sem hætta var af búin.

Um XIV. kafla.

Þessi kafli kemur í stað 13. kap. hegnl. 1869. Ákvæði kaflans ná til allra opinberra starfsmanna, hvort heldur þeir teljast til embættismanna eða sýslunar, og án tillits til þess, hvort þeir eru skipaðir til starfans eða settir eða á annan hátt löglega að honum komnir. Ákvæðin ná einnig til þeirra manna, sem falið hefir verið að gegna einhverju starfi, er að embætti eða sýslan lýtur, sbr. 2. mgr. 145. gr. hegnl. 1869. Er ekki ætlazt til, að breyting verði frá ákvæðum 13. kap. hegnl. 1869 að því er varðar þann flokk manna, opinbera starfsmenn, er refsiákvæði kaflans taka til. Hafi maður starf á hendi, er opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að gegna, án þess að það þó teljist til opinberra starfa, þá varðar brot á skyldum gagnvart hinu opinbera, er slíku leyfi er samfara, við 187. gr. frv. þessa, ef ekki er ákveðin sérstök refsing í lögum við því broti.

Að sjálfsögðu geta menn, er sjálfir eru ekki opinberir starfsmenn, gerzt sekir um brot á ákvæðum þessa kafla eftir venjulegum reglum um hlutdeild. Stundum má jafnvel líta svo á, að sá, sem ekki gegnir opinbera starfinu (extraneus), sé aðalfremjandi brotsins.

Um 128. gr.

Ávinningur sá, sem í greininni getur, þarf ekki að vera fjárhagslegs eðlis, og getur verið til handa öðrum en hinum opinbera starfsmanni sjálfum. Verknaður-

inn er refsiverður, þótt starf það, er greiðslan kemur fyrir, sé að öllu leyti lögmætt. En þegar svo stendur á, er verknaður þess, sem greiðslunni lofar, refsilaus, sbr. athugasemdir við 109. gr. frv. Það er og refsivert, ef opinber starfsmaður tekur eða áskilur sér ávinning fyrir starf, er hann hefir þegar framkvæmt.

Um 129. gr.

Samsvarar 138. gr. hegnl. 1869. Síðari hluti greinarinnar, er fjallar um dolus subsequens, er þó nýr.

Um 130. gr.

Grein þessi tekur aðeins til þeirra opinberra starfsmanna, er hafa dómsvald eða annað opinbert úrskurðarvald um lögskipti, svo sem dómsmenn í opinberum gerðardómi, skattanefndir, kjörstjórnir, valdsmenn, er úrskurða um fátækramálefni o. s. frv. Greinin nær bæði til þess, er lögskiptin eru milli einstakra manna eða einstaklings og hins opinbera.

Ranglæti við meðferð mála er því aðeins refsivert eftir þessari grein, að það hafi átt að miða að rangri niðurstöðu málsins. Ella mundi röng aðferð við meðferð málsins varða við 132. gr.

Um 131. gr.

Hér er safnað í eina grein ákvæðum 127.—129. gr. hegnl. 1869. Auk dómara mundu ákvæðin einkum ná til lögreglumanna.

Um 132. gr.

Hér er brot í því fólgið, að opinber starfsmaður gætir ekki réttra aðferða við meðferð máls o. s. frv., án þess að tilætlun sé að beita mann rangindum eða koma til leiðar rangri eða óréttlátri niðurstöðu.

Um 133. gr.

Hér er refsað fyrir brot, sem að því miða, að refsing verði ekki framkvæmd eins og lög standa til, þannig að til hags sé sökunaut.

Um 134. gr.

Hér er 225. gr. hegnl. 1869 haldið óbreyttri að efni. Greinin fjallar um samskonar skerðingu athafnafrelsis sem 225. gr., en brotið er framið hér með misbeitingu opinbers starfs.

Um 135. gr.

Brot það, sem hér getur, er fullframið, þegar opinberi starfsmaðurinn hefir leitazt við að fá undirmann sinn til þess að fremja afbrotið, án tillits til þess, hvort viðleitnin hefir borið árangur eða ekki.

Um 136. gr.

Greinin tekur til allra opinberra starfsmanna. Verknaður samkvæmt 1. mgr. er tvennskonar: a) að segja frá einhverju því, sem leynt á að fara, og b) að nota slíka vitneskju til að afla sér eða öðrum óréttmæts ávinnings, og þarf hann ekki að vera fjárhagslegs eðlis.

Leyndarmál þau, er starfsmaðurinn á að gæta og misnota ekki í ávinningsskyni, geta verið með tvennum hætti. Annarsvegar öll leyndarmál, er hann hefir fengið vitneskju um í starfi sínu, hvort sem þau varða starf hans eða ekki, t. d. vitneskja notarii publici um ákvæði erfðaskrár. Hinsvegar öll leyndarmál, er varða embætti hans eða sýslan, án tillits til þess, hvort starfsmaðurinn hefir fengið vitneskju um þau í starfi sínu eða ekki. Meðan hann gegnir starfinu, á hann að gæta leyndarmála í sambandi við það, hvernig sem hann hefir að þeim komizt. Að sjálfsögðu verður honum þó að vera kunnugt um, að málefnið varðar starf hans og á að fara leynt.

Í síðari mgr. er refsing lögð við því, ef fyrrverandi opinber starfsmaður segir frá eða misnotar vitneskju, sem hann hefir fengið í starfi sínu og leynt á að fara. Hafi hann fengið slíka vitneskju á annan hátt, er hann ekki bundinn þagnarskyldunni svo refsivert sé eftir þessari grein, eftir að hann hefir látið af starfinu.

Um 137. gr.

Samsvarar 139. gr. hegnl. 1869 að því er póstmenn varðar, en áþekkum ákvæðum bætt við um símamenn. Greinin á að sjálfsögðu einnig við um loftskeytasendingar og útvarpstilkynningar.

Um 138. gr.

Hér er það nýmæli sett, að opinberum starfsmanni skuli refsað þyngra en öðrum, ef brot hans er framið með verknaði, sem telja verður misnotkun á stöðu hans. Kemur þetta almenna ákvæði í stað ýmissa sérákvæða í 13. kap. hegnl. 1869, en er að sjálfsögðu miklu víðtækara.

Um 139. gr.

Þessi grein kemur í stað 142. gr. hegnl. 1869 og er eins að efni.

Um 140. gr.

Samhljóða 143. gr. hegnl. 1869. Refsað er fyrir það að óhlýðnast lögmætum fyrirskipunum yfirboðara (insubordinatio).

Um 141. gr.

Samsvarandi 144. gr. hegnl. 1869. Þarfnast ekki skýringa.

Um XV. kafla.

Í þennan kafla eru tekin ákvæði um rangan framburð og rangar sakargiftir, sbr. 14. og 22. kap. hegnl. 1869. Þykir rétt að hafa reglur um þessi efni í sama kafla, þar eð röng kæra hefir að jafnaði í för með sér rangan framburð. Refsiákvæði kaflans eiga að koma í veg fyrir það, að dómstólar og önnur stjórnvöld, sem útkljá réttarmálefni, komist að rangri niðurstöðu vegna rangra skýrslna. Ákvæðin ná til skýrslna vitna, mats- og skoðunarmanna og málsaðilja. Ekki er það skilyrði fyrir refsinæmi verknaðar, að röng skýrsla hafi leitt til rangrar úrlausnar né að það hafi verið tilætlun sökunauts, né heldur, að ósannindin hafi verið til þess fallin. Ekki skiptir máli samkvæmt 142.—147. gr., hvert var efni framburðarins, né heldur, hver var tilgangurinn með honum. Hinsvegar þarf ákveðinn tilgang að því er varðar brot samkvæmt 148. gr. (að saklaus maður verði sakaður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað), og efni rangs kæruskjals eftir 149. gr. skiptir máli (þ. e. að refsiverður verknaður hafi verið framinn).

Um 142. gr.

Rangur framburður samkvæmt grein þessari er refsiverður allt að einu, þótt skýrslugjafi viti, að eiðs verður ekki af honum krafizt. Undir framburð fellur allt, sem skýrsla er gefin um, einnig atriði, er ekki varða málefni það sjálft, sem verið er að upplýsa, sbr. 3. mgr.

Hvort skýrsla sé röng, svo að refsingu varði eftir þessari grein, fer eftir því, hvað sá áleit, sem skýrsluna gaf. Það getur því verið brot, ef skýrslugjafi hélt sig vera að bera rangt, þótt skýrslan reynist að vera í samræmi við veruleikann. Hafi skýrslugjafi hinsvegar borið eftir beztu vitund, verður honum ekki refsað, þótt framburður hans reynist objectivt rangur.

Um 143. gr.

Í 1. mgr. er gerð undantekning frá reglu 142. gr. um menn, sem rangt bera fyrir rétti. Sökunautur í opinberu refsimáli er ávallt refsilaus, þótt hann gefi rang-

ar skýrslur. Skiptir ekki máli, hvort hann er saklaus eða sekur um brot það, er hann er sakaður um. Hafi maður gefið ranga skýrslu sökum þess, að hann hélt sig vera hafðan fyrir sökum í opinberu refsimáli, en svo er ekki, myndi verknaður hans annaðhvort vera refsilaus af subjectívum ástæðum eða varða við 144. gr. Hafi maður vitað eða haft ástæðu til að ætla, að réttar upplýsingar um atvik myndu leiða til þess, að honum yrði dæmd refsing í opinberu refsimáli, þá er rangur framburður og refsilaus.

Ákvæði 1. mgr. nær ekki til einkarefsimála, t. d. meiðyrðamála.

Í 2. mgr. er heimiluð lækkun refsingar og jafnvel brottfall hennar, ef rangur framburður varðar atriði, sem manni var óheimilt að skýra frá (þagnarskylda) eða heimilt að neita að gefa skýrslu um. Sbr. einkum 125. og 126. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936.

Um 144. gr.

Hér er refsað fyrir gáleysisbrot samkvæmt 142. eða 2. mgr. 143. gr. Að sjálfsögðu má láta refsingu falla niður, ef gáleysisbrot á undir 2. mgr. 143. gr., ef láta hefði mátt refsingu fyrir ásetningsbrot falla niður.

Um 145. gr.

Kemur í stað 155. gr. hegnl. 1869, en er að því leyti þrengri, að yfirlýsingin verður að vera gefin opinberu stjórnvaldi, en þess er ekki krafizt eftir nefndri 155. gr.

Um 146. gr.

Ákvæðið er nýtt. Nær það bæði til skriflegra og munnlegra yfirlýsinga. Þess er krafizt, að skylt sé að lögum að gefa upplýsingar um atvik það eða þau, er yfirlýsingin er um.

Um 147. gr.

Hér er refsing lögð við því, að misnota skjal með röngu efni, án þess þó að reglur um skjalafals eigi við (intellektuelt fals). Ákvæðið er þrengt með því, að skjalið verður að vera ætlað til notkunar í dómsmálum eða öðrum málefnum, er varða hið opinbera, eða í gerðardómsmálum.

Um 148. gr.

Ákvæði þessarar greinar varða rangar sakargiftir, sbr. 227. gr. hegnl. 1869. Verknaður sá, er hér fellur undir, getur verið í mörgu öðru fólginn en röngum framburði. Greinin nær til hverskonar aðferðar, sem viðhöfð er í því skyni að valda því, að saklaus maður verði sakaður um eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. Sé hinn kærði að vísu sekur, en sökunautur hélt hann vera saklausan, er aðeins um tilraun að ræða.

Refsiákvæði greinarinnar eru tæmandi um verknað þann, sem í greininni er lýst. Þótt sökunautur hafi notað fölsuð skjöl eða rangan framburð, þá ber þó að heimfæra brotið einungis til þessarar gr. Hinsvegar skal gæta þess, þegar svo stendur á, að dæma ekki vægari refsingu en orðið hefði, ef dæmt hefði verið samkvæmt ákvæðunum um skjalafals eða rangan framburð.

Um 149. gr.

Hér eru sameinaðar reglur 226. og 228. gr. hegnl. 1869. Rangur uppljóstur er það, að skýra frá því, að brot hafi framið verið, án þess að svo sé. Refsivert er eftir þessari grein að gefa sjálfan sig fram sem sekan um brot, sem ekki hefir verið framið.

Um XVI. kafla.

Hér eru skráð ákvæði um brot, er varða gjaldmiðil. Fjalla 150.—152. gr. um peningafals, 153. gr. um tilbúning eða innflutning muna, sem líkjast peningum og

gætu því valdið misgripum, og 154. gr. um verknað, er valdið getur hættu á því, að handhafabréf önnur en peningar verði notuð í viðskiptum í stað peninga.

Um 150. gr.

Með peningum er hér átt við gjaldeyri, mynt eða seðla, sem gefinn er út af ríkinu eða með heimild frá ríkinu. Gjaldeyririnn verður að hafa á sér verðyfirlýsingu og ætlað að vera í umferð manna á milli. Greinin nær einnig til erlendra peninga, og verður að skýrgreina þá á sama hátt og íslenzka peninga. Ekki þarf peningaseðill að vera innleysanlegur. Eigi peningar lögum samkvæmt að vera komnir úr umferð, mun þó fals á þeim geta orðið refsivert eftir grein þessari, ef þeir eru enn raunverulega notaðir sem gjaldeyrir manna á milli.

Brot er í því fólgið að falsa peninga eða afla sér falsaðra peninga, hvorttveggja í því skyni að koma þeim í umferð. Fölsun á peningi getur orðið með þrennum hætti: 1) Ef búin er til eftirmynd penings, þ. e. nýr hlutur, sem verðyfirlýsingin er fölsuð á. Ekki þarf mynt eða seðill með samskonar verðyfirlýsingu að hafa verið til áður. 2) Ósviknum peningi er breytt í verðmeiri pening með fölsun verðyfirlýsingar, og 3) Skert er efnisverð gjaldgengrar málmmyntar, sem er verðmæt í sjálfu sér (gull, silfur), með því að klippt er eða sorfið af myntinni eða hún skert með öðrum hætti, sbr. 2. mgr., sem ákveður lægri refsingu, þegar fölsun er framin með þessum hætti.

Hvort sem brot er í því fólgið að falsa peninga eða afla falsaðra peninga, verður sá ásetningur að vera fyrir hendi að koma fölsuðum pening í umferð. Samt er þess ekki krafizt, að auðgunartilgangur sé fyrir hendi. Fullframið er brotið, þegar búið er að falsa peninginn eða afla falsaðs penings, þótt ekki sé enn búið að koma honum í umferð.

Um 151. gr.

Hér er brot í því fólgið, að setja í umferð falsaða peninga, þótt sökunautur hafi hvorki falsað þá sjálfur né aflað þeirra í því skyni að setja þá í umferð. Hafi sökunautur hinsvegar falsað peninginn, án ásetnings um útgáfu, en setur hann síðar í umferð, þá varðar það brot við þessa grein.

Um 152. gr.

Í þessari grein er refsing lögð við gáleysisbroti, sem varðað hefði við 151. gr., ef ásetningur hefði verið fyrir hendi.

Um 153. gr.

Ákvæði þessarar greinar kemur í stað laga nr. 14 9. ágúst 1889, um bann gegn eftirstælingu peninga og peningaseðla o. fl.

Um 154. gr.

Þessi grein kemur í stað laga nr. 41 8. nóv. 1901, um bann gegn verðmerkjum og vöruseðlum.

Um XVII. kafla.

Samkvæmt þessum kafla verða ýmis misferli með skjöl refsiverð, er ekki voru það áður. Nær það einkum til rangrar notkunar ófalsaðra skjala. Jafnan er þó skilyrði fyrir refsinæmi verknaðar, að nota eigi skjalið til þess að blekkja með því í lögskiptum.

Þá eru og í 162. gr. ný og allvíðtæk ákvæði um refsingu fyrir misnotkun sýnilegra sönnunargagna annarra en skjala. Að öðru leyti svipar ákvæðum þessa kafla til samskonar ákvæða í 27. kap. hegnl. 1869.

Um 155. gr.

Ekki er ætlazt til, að hugtakið skjal sé skýrt á annan hátt en til þessa hefir verið. Skjalið verður að vera þess efnis og þannig úr garði gert, að unnt sé að

blekkja með því í lögskiptum. Falsað er skjal þegar það, með því efni, sem það hefir, stafar ekki frá þeim manni, sem það gefur sjálft til kynna, að það sé frá. eða vitað er um, að það á að stafa frá. Brotið er ekki fullframið, þegar fölsun hefir verið framkvæmd, heldur þá fyrst, er skjalið hefir verið notað í blekkingarskyni. Hinsvegar er ekki skilyrði, að nokkur hafi blekkzt vegna fölsunarinnar. Auðgunartilgangur þarf ekki að vera fyrir hendi, og ekki heldur sá ásetningur að baka öðrum tjón, sbr. 2. mgr.

Um 156. gr.

Þetta ákvæði er nýtt. Ef undirskrifandinn veit um efni skjalsins, en skrifar undir vegna rangrar hugmyndar um einhver önnur atriði, þá verður notkun slíks skjals ekki refsiverð eftir þessari grein.

Um 157. gr.

Þetta ákvæði, sem er nýtt, er einkum sett til þess að koma í veg fyrir, að menn misnoti skjöl vegna samnefna. Það mundi og eiga við um það, ef maður notaði vegabréf annars manns, svo sem það ætti við hann sjálfan. Hafi fjársvik verið framin með þessum hætti, ber að refsa eftir þeim ákvæðum, er þar að lúta, jafnframt þessari grein, enda eru refsimörk þessarar greinar við það miðuð.

Um 158. gr.

Hér er einnig nýmæli, og varðar það ranga tilgreiningu í skjali eða bók, er gerð er af þeim manni sjálfum, er skjalið eða bókin stafar frá (intellektuelt fals). Skjalið eða bókin verður að vera eitt af þrennu: opinbert skjal eða bók, annarskonar skjal eða bók, sem viðkomandi manni er skylt að rita, svo sem verzlunarbækur, sem skylt er að halda, eða loks skjal eða bók, sem maður gefur út eða heldur í starfi, sem opinbera löggildingu þarf til að rækja. Skiptir þá ekki máli, hvort skylt er að gefa út skjalið eða halda bókina. Nær síðastnefnt ákvæði m. a. til vottorða annarra lækna en embættislækna. Það er skilyrði hér sem ella, að röng tilgreining hafi verið gerð til þess að blekkja með skjalinu eða bókinni í lögskiptum, og verður ásetningur að ná til þess. Brot er fullframið, þegar röng tilgreining í ofannefndum tilgangi hefir átt sér stað, þótt ekki sé enn farið að nota skjalið eða bókina. Leiðir þetta af því, að skjöl þessi og bækur eiga oft að notast sem sönnunargögn löngu síðar en röng tilgreining kann að hafa verið gerð.

Um 159. gr.

Refsiákvæði þessarar greinar eru sett til verndar því, að ekki sé misfarið með opinber merki eða einkamerki, sem sett eru á hlut eða vöru og gefa eiga upplýsingar um einhver atriði, er máli skipta um hlutinn eða vöruna í viðskiptum manna. 1. og 2. mgr. eiga við opinber merki, 3. mgr. við einkamerkin og 4. mgr. hefir ákvæði um hluti, sem opinbert merki eða einkamerki hefir verið numið af eða rangfært.

Samkvæmt 1. mgr. er refsiverður verknaður í því fólginn að nota hluti, sem opinbert merki hefir verið sett á með fölsun eða í heimildarleysi. Skiptir þá ekki máli um gæði hlutarins, en takmörkun felst þó í því, að verkið er ekki refsivert, nema hluturinn sé notaður til að blekkja með í viðskiptum. Ekki er það þó skilyrði fyrir refsinæmi verknaðar, að misferlin hafi átt að baka einhverjum tjón. Hafi merki verið náð á hlut með svikum, er það verk ekki refsivert, nema hluturinn sé ekki til þess fallinn, að merkið sé á hann sett, sbr. 2. mgr. Það brot er hliðstætt því, er í 156. gr. getur.

Um verknað samkvæmt 3. mgr. kemur hið sama til greina og áður segir um 1. og 2. mgr. Með orðinu „ranglega“ er átt við fölsun, heimildarlausa notkun rétts merkis og svik.

Um 160. gr.

Hér er tekin upp að efni til 279. gr. hegnl. 1869. Þykir rétt að hafa sérákvæði áfram um þetta brot. Mælitæki og vogaráhöld eiga að veita sönnun fyrir magni eða þyngd vöru eða annarra hluta í viðskiptum manna, og er því hætta fyrir almenning samfara notkun slíkra tækja, ef röng eru. Aftur á móti mundi oft erfitt eða ógerlegt að upplýsa, hversu miklu tjóni notkun rangra mælitækja eða vogaráhalda hefði bakað einstökum mönnum. Nægir þess vegna ekki að vísa til þess, að refsa megi fyrir brotið sem svik. Væri ekki heldur rétt að krefjast auðgunartilgangs um þetta brot, sökum þess að hér er hagsmunum óákveðins fjölda manna stofnað í hættu.

Um 161. gr.

Brot samkvæmt 1. mgr. eru tvennskonar: 1) notkun falsaðra merkja, og koma þar svipuð sjónarmið til greina og áður segir um fölsun peningaseðla, og 2) notkun merkis, sem áður hefir notað verið, en merki um notkunina hefir verið numið burtu. Er þá átt við, að merkið sé notað á ný sem sönnun fyrir greiðslu opinbers gjalds, eins og það væri nýtt og áður ónotað.

Ákvæði 2. mgr. samsvarar ákvæði 153. gr. um peningaseðla.

Um 162. gr.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um misferli með sýnileg sönnunargögn önnur en skjöl. Brot er fólgið í rangfærslu sönnunargagns eða notkun rangs sönnunargagns í því skyni að hafa áhrif á úrlausn dómsmáls. Brotið er því fullframið, þegar sönnunargagnið hefir verið rangfært í ofangreindu skyni.

2. mgr. fjallar um undanskot eða eyðilegging sönnunargagns. Nær það ákvæði bæði til skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna. Undanskot eða eyðilegging er því aðeins refsiverð, að með því sé hallað rétti annars manns, þ. e. að sá maður hafi einhvern rétt til gagnsins.

Um 163. gr.

Þessi grein kemur í stað 281. gr. hegnl. 1869 og er eins að efni.

Um XVIII. kafla.

Hér er safnað ákvæðum um brot, sem hafa það sameiginlegt, að af þeim stafar almannahætta. Flest þessara ákvæða eru nú í 28. og 29. kap. hegnl. 1869. Mun nú almennt viðurkennt, að ákvæði um brennu beri að hafa í sama kafla og önnur brot, sem almannahættu hafa í för með sér.

Sameiginlegt einkenni þessara brota er það, að óákveðnum hagsmunum margra og venjulegast einnig óákveðinna manna er stofnað í hættu.

Um 164. gr.

Ákvæði greinar þessarar um brennu er mjög á annan veg en hingað til hefir í lögum verið. Með eldsvoða er átt við það, að nauðsyn sé sérstakra slökkviráðstafana til þess að vinna bug á eldinum. Sé stofnað til slíks eldsvoða þegar svo er ástatt, að almannahætta stafar af, þ. e. hætta fyrir margskonar óákveðna hagsmuni margra manna, er fullnægt skilyrðum greinar þessarar fyrir refsingu. Hafi maður valdið eldsvoða án þess að almannahætta hafi stafað af, getur verkið verið refsivert sem vátryggingarsvik eða svik gegn veðhöfum eða öðrum lánardrottnum eða loks eftir 257. gr. frv., ef um spjöll er að ræða á eign annars manns.

2. mgr. mælir aukna refsingu við broti, sem sérstaklega mikla hættu hefir í för með sér.

Um 165. gr.

Tjón þarf að hafa orðið á einhverjum hagsmunum til þess að verknaður, er í þessari gr. getur, teljist fullframinn.

Um 166. gr.

Grein þessi fjallar um aukna refsingu við brotum samkvæmt 164. og 165. gr., þegar annar refsiverður tilgangur er samfara brotinu.

Um 167. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 168. gr.

Ákvæði þessarar greinar mundi m. a. ná til þess, ef hættumerki á vegum væri eyðilagt eða tekið burtu, skemmda á vitum o. s. frv.

Um 169. gr.

Hér er ekki skilyrði, eins og í 126. gr., að hætta stafi af byrjuðu eða yfirvofandi refsiverðu verki. Skyldan til að afstýra ófarnaði eftir þessari grein er hin sama, þótt hættan stafi af náttúruviðburðum, t. d. vatnsflóð er yfirvofandi vegna þess að stífla hefir rofnað o. s. frv.

Um 170. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 171. gr.

Greinin er um sama efni og 292. gr. hegnl. 1869, en ýtarlegri að ýmsu leyti. Tekið er fram, að hætta verði að stafa af vörunni við venjulega notkun, en 292. gr. hegnl. 1869 mun og hafa verið skýrð á þann veg, þótt ekki sé það tekið þar fram berum orðum.

Ekki er þess krafizt, að hlutur þurfi að vera hættulegur lífi manna til þess að ákvæði greinarinnar eigi við um hann.

Um 172. gr.

Hér er átt við það, að vara sé spillt, án þess að hættuleg efni hafi verið í hana sett. Sérstaklega má gera ráð fyrir, að greinin komi til framkvæmda í sambandi við sölu neyzluvöru, er skemmzt hefir af sjálfu sér og er hættuleg heilsu manna.

Um 173. gr.

Þetta ákvæði á aðeins við um útbreiðslu læknislyfja eða varnarmeðala, en ekki aðrar lækningatilraunir eða aðgerðir. Skilyrði er, að sá, sem dreifir út slíkum lyfjum, viti bæði um óhæfni þeirra og skaðsemi.

Um 174. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 175. gr.

Brot á lagafyrirmælum um varnir gegn næmum sjúkdómum eða varúðarreglum yfirvalda er því aðeins refsivert eftir þessari grein, að sökunautur hafi valdið hættu á því, að sjúkdómur komi upp eða berist út meðal manna. Sama er um húsdýra- eða jurtasjúkdóma samkvæmt 2. mgr.

Um XIX. kafla.

Hér er safnað ýmsum brotum, sem er það sameiginlegt, að þau varða ýmsa almenna hagsmuni, en eru ærið ósamkynja að öðru leyti.

Um 176. gr.

Hér er ekki höfð fyrir augum sú almannahætta, að lífi manna eða eignum sé hætta búin af truflunum þeim, er greinin fjallar um. Hinsvegar mundi stöðvun eða

truflun slíkra tækja eða stofnana, sem hér getur, hafa í för með sér ýmis óþægindi fyrir almenning. Til ólögmæts verknaðar myndi teljast ólögmætt verkfall.

Um 177. gr.

Greinin er að mestu leyti sama efnis sem 296. gr. hegnl. 1869.

Um 178. gr.

Fölsuð er vara, ef í hana eru sett efni eða úr henni tekin efni fram yfir það, sem lög, venja eða önnur verzlunartízka leyfir, enda verði varan við það verri en áður. Eftirlíking vöru er hinsvegar að búa til nýja vöru, sem líkist ósvikinni vöru svo mjög, að á því megi blekkjast, t. d. litað vatn er selt sem ávaxtasaft.

Um 179. gr.

Greinin er sama efnis og 1. gr. laga um dýraverndun, nr. 34 3. nóv. 1915. Hér er hert á refsiákvæðum fram yfir það, er gilt hefir eftir nefndum lögum.

Um XX. kafla.

Brot, sem tekin eru í þennan kafla, eru fremur sundurleit, þótt þau varði flest að einhverju leyti atvinnuháttu, annaðhvort þannig, að maður leggur stund á ólögmæta starfsemi, eða vanrækir framfærsluskyldu vegna óreglu og slæpingsskapar.

Um 180. gr.

Greinin er samhljóða að mestu 9. gr. laga nr. 51 7. maí 1928.

Um 181. gr.

Sama efnis og 10. gr. laga nr. 51 7. maí 1928. Aðeins er bætt við nokkrum dæmum um ólögmæta framfærslu.

Um 182. gr.

Samsvarar 11. gr. laga nr. 51 7. maí 1928. Hér eru ákveðin refsiviðurlög, ef brotið er bann það, er í greininni getur.

Um 183. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 12. gr. laga nr. 51 7. maí 1928 að öðru en því, að hér er einnig lögð refsing við veðmálastarfsemi á sama hátt og gilt hefir um fjárhættuspil. Fjárhættuspil er það, þegar peningar eða önnur verðmæti eru lögð undir í spilum, teningskasti, kúlnaspili o. s. frv., þar sem eingöngu eða að mestu er undir tilviljun komið, hver þátttakenda hlýtur ávinning. Við veðmál koma sömu sjónarmið til greina, en þá eru að jafnaði ekki notuð spil eða önnur tæki í sambandi við vinninga.

Fjárhættuspil og veðmál eru því aðeins refsiverð eftir þessari grein, að maður geri sér atvinnu að því að taka þátt í þeim sjálfur eða að því að koma öðrum til þátttöku í þeim. Hinsvegar er refsilaust að taka þátt í fjárhættuspili, ef það er ekki í atvinnuskyni gert. Ekki er það refsiskilyrði, að sökunautur hafi gert sér þetta að aðalatvinnu.

Samkvæmt 2. mgr. skal ákveða með dómi, hvort vinningur skuli gerður upptækur eða hvort honum skuli skilað aftur. Gert er ráð fyrir, að upptaka verði aðalregla, en fénu þá helzt skilað aftur, er því hafa tapað menn, er ekki leggja stund á áhættuspil, en hafa í það sinn verið lokkaðir til þátttöku.

Um 184. gr.

Samsvarar fyrri málslið 13. gr. laga nr. 51 7. maí 1928. Þó er það gert að skilyrði, að húsráðandi hafi beinar eða óbeinar tekjur af fjárhættuspili eða veðmálum, er fram fara í húsum hans.

Um 185. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að ekki sé notuð nein sú aðferð, er valdi því, að brotið varði við ákvæði 226. gr. Sbr. og lög nr. 3 14. jan. 1876.

Um 186. gr.

Í fyrri mgr. er refsing lögð við því, ef maður vinnur í heimildarleysi starf, er opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að gegna. Nær það bæði til manna, er aldrei hafa leyfið fengið, og þeirra einnig, er leyfi hafa haft, en síðan glatað því, t. d. vegna þess að þeir hafa verið sviptir því samkvæmt ákvæðum 68. gr. Ef refsing er lögð við brotinu í sérlögum, ber að dæma samkvæmt þeim, og skal þá ekki mál höfða eftir þessari grein. Hún er m. ö. o. til uppfyllingar, þegar refsiákvæði vantar í sérlög um brotið.

Í síðari mgr. er refsing lögð við framhaldi félagsskapar, er bannaður hefir verið í bráð eða endanlega leystur upp með dómi. Að sjálfsögðu koma oft önnur sjónarmið til greina, þegar félagsskapur er bannaður, en þau, er að atvinnumálum lúta, en hagkvæmt þykir að hafa ákvæðið í sambandi við ákvæði 1. mgr.

Um 187. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru sett til að bæta úr því, er í sérlög um leyfisbundinn atvinnurekstur skortir refsifyrirmæli um brot á skyldum gagnvart ríkisvaldinu. Séu hinsvegar í lögum sérákvæði um refsingu fyrir verknaðinn, ber að beita þeirri refsingu.

Um XXI. kafla.

Brot þau, sem tekin eru upp í þennan kafla, hafa áður verið sett með skírlífisbrotum, sbr. 16. kap. hegnl. 1869, þó að undanteknum ákvæðum 191. og 193. gr. frv. Er ákvæði 191. gr. nýtt, en 193. gr. samsvarar 215. gr. hegnl. 1869. Hefir þótt rétt að safna þessum refsiákvæðum saman í kafla, þar eða þau varða brot á sifskaparskyldum.

Ýmis verknaður, sem refsiverður er samkvæmt 16. kap. hegnl. 1869, en skyldur er brotum þeim, er þessi kafli fjallar um, er nú gerður refsilaus. Þannig er um hór sbr. 160. gr. hegnl. 1869, holdlegt samræði milli tengdra og milli stjúpforeldra og stjúpbarna, sbr. 163. og 164. gr. sömu laga, samskonar brot milli manns og konu, sem eru svo náskyld eða nátengd, að þau mega ekki giftast án leyfisbréfs, sbr. 166. gr. sömu laga, og hneykslanlega sambúð, sbr. 179. gr. sömu laga.

Refsiákvæði þessa kafla eru yfirleitt vægari en verið hefir um samskonar brot samkvæmt 16. kap. hegnl. 1869.

Um 188. gr.

Samkvæmt 1. mgr. skal maður sæta refsingu fyrir brot á skyldum, er samfara eru hjónabandi hans sjálfs. Verknaður er refsiverður, þótt fyrra hjónabandið eigi að sæta ógildingu. Hafi fyrra hjónaband ekki stofnazt löglega t. d. af því, að vígslumaður hafi ekki verið bær um vígslu, kann að vera um tilraunarbrot að ræða af hálfu aðilja, ef þau álíta hjónabandið vera löglega stofnað. Gáleysisákvæði 2. mgr. á aðeins við um þann aðilja, sem áður var í hjónabandi. Hafi báðir aðiljar verið í hjónabandi, er þeir gengu að eigast, ber að meta brot beggja eftir 1. eða, ef til vill, 2. mgr. 188. gr.

Síðasta mgr. á við það, að síðara hjónaband sæti ekki ógildingu, hvorki samkvæmt opinberri ráðstöfun né eftir kröfu aðilja. Er minni ástæða til að refsa fyrir verknaðinn, þegar síðara hjónaband á að haldast.

Um 189. gr.

Verknaður er því aðeins refsiverður, að hjónaband skuli sæta ógildingu vegna skyldleika aðilja, sbr. lög nr. 39 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar, 13. sbr.

1. mgr. 41. gr. Að sjálfsögðu er verknaður ekki refsiverður, nema aðiljum sé kunnugt um skyldleikann, er þau ganga í hjónabandið. Gáleysi er ekki nægilegt. En haldi slíkir aðiljar hjónabandi áfram, eftir að þau hafa komizt að hinu rétta, myndi það verða refsivert samkvæmt reglum um dolus subsequens. Og samfarir aðilja, eftir að vitneskja um skyldleikann væri fyrir hendi, myndu vera refsiverðar eftir 190. gr. Þar eð refsing samkvæmt 190. gr. er að mun strangari en eftir 189. gr., ber ávallt að dæma refsingu samkvæmt báðum greinunum, þegar aðiljar hafa haft samfarir í hjónabandi, sem stofnað hefir verið í bága við ákvæði 189. gr., og aðiljum er um það kunnugt. Hinsvegar er brot eftir 189. gr. fullframið, þegar hjónaband er stofnað, þótt samfarir hafi ekki átt sér stað.

Um 190. gr.

Ákvæði greinarinnar nær til ættingja í beinan legg og systkina. Skiptir ekki máli um refsinæmi verknaðar, hvort heldur hann gerist milli alsystkina eða hálfsystkina. Greinin tekur ekki til kjörforeldra og kjörbarna, sbr. 201. gr.

Önnur kynferðismök en holdlegt samræði milli þessara aðilja eru ekki refsiverð.

Um 191. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er brot fólgið í því að misbjóða tilteknum vandamönnum, þar á meðal fósturbörnum undir 18 ára aldri, með stórfelldri vanrækslu eða móðgunum. Sem dæmi má nefna, að einhver þessara vandamanna er látinn búa við skort, þótt þess sé ekki þörf, að stórfelldar ærumeiðingar hafa verið í frammi hafðar eða aðrar slíkar móðganir, t. d. það, að eiginmaður lokar konu sína úti eða gerist sekur um verknað, er getur í síðasta málslið 184. gr. hegnl. 1869.

Í 2. mgr. er refsing lögð við því, ef maður vanrækir framfærsluskyldu sína af þverúð. Sbr. hinsvegar 180. gr. frv. um samskonar vanrækslu vegna óreglu eða slæpingsskapar. Ákvæði þessarar mgr. á einkum við um menn, sem hafa nægileg efni á að inna af höndum framfærslutillög, en greiða þau ekki góðfúslega eða valda erfiðleikum við innheimtuna. Ákvæðið nær til hjóna, þótt þau búi ekki samvistum eða séu skilin að borði og sæng. Hinsvegar á það ekki við um meðlagsgreiðslu, eftir að fullur lögskilnaður er orðinn.

Rétt þykir að taka til greina vilja þess, sem misgert er við, um það, hvort aðilja skuli refsað fyrir brot samkvæmt þessari grein, sbr. 3. mgr.

Um 192. gr.

Í greininni er aðeins lögð refsing við því að tilgreina rangt eða ófullnægjandi um faðerni barns eða móðerni í tilkynningu til yfirvalds þess, sem tekur við tilkynningu um fæðingar. Ákvæðið nær jafnt til skilgetinna barna sem óskilgetinna og jafnt til þess, hvort heldur faðerni eða móðerni er rangfært.

Ákvæði síðari mgr. nær bæði til þess, að kona hafi verið vanfær, er hún gekk í hjónaband, og annar en eiginmaður sé faðir, og einnig hins, að kona hafi getið barn með öðrum en eiginmanni sínum, eftir að hjónaband þeirra stofnaðist. Væntanlega mun mega beita ákvæðum þessarar mgr. analogískt, þegar svo stendur á, að ekkja eða fráskilin kona, sem þunguð er af völdum bónda síns, giftist á ný og eignar síðari manni sínum barnið.

Um 193. gr.

Hér er lögð refsing við broti samskonar því, sem í 226. gr. getur. Þar eð barn er ekki enn sjálfrátt, beinist verknaður að rétti foreldris til umráða yfir barni, og á ákvæðið því heima í þessum kafla.

Um XXII. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru reist á ýmsum mismunandi sjónarmiðum, en hafa það þó sameiginlegt, að þau varða að einhverju leyti kynferðislíf manna. Mörg

ákvæðanna beinast að því að vernda kynfrelsi kvenna, önnur að því að vernda kynferðislíf barna og unglinga, sumum ákvæðanna er ætlað að koma í veg fyrir það, að menn geri sér lauslæti annarra að tekjulind, og loks eru ákvæði, sem vernda blygðunartilfinningar og leggja refsingu við verknaði, er almennum hneykslum getur valdið.

Um 194. gr.

Hugtakið nauðgun er samkvæmt grein þessari víðtækara en nú er eftir 169. gr. hegnl. 1869. Er það ekki lengur skilyrði, að konan hafi ekki óorð á sér, til þess að fullri refsingu verði beitt. Til nauðungarverknaðar teljast nú frelsissvipting og hótanir um margt annað en ofbeldi þegar í stað. Þá er það nú talið til nauðgunar að komast yfir kvenmann með því að svipta hana sjálfræði sínu.

Um 195. gr.

Auk geðveiki og fávitaskapar kemur hér til greina ýmis skammvinn truflun, svo sem rænuleysi vegna áfengisneyzlu. Hafi sökunautur valdið því ástandi í því skyni að komast yfir kvenmanninn, myndi það brot þó varða við 194. gr.

Um 196. gr.

Hér er brot í því fólgið, að beitt er vægari nauðung en í 194. gr. getur. Greinin á við það, að konunni sé hótað því, að hún sjálf verði beitt frelsissviptingu eða ofbeldi eða sakburði um vansæmandi eða refsiverða háttsemi hennar sjálfrar.

Um 197. gr.

Greinin kemur í stað 168. gr. hegnl. 1869, en er nokkru víðtækari, þar eð hún nær til allra starfsmanna á viðkomandi hæli eða stofnun.

Um 198. gr.

Hér er nýmæli, sem koma á í veg fyrir það, að yfirboðarar misnoti aðstöðu sína gagnvart konum, er þeir hafa yfir að segja, með því að beita þær fjárhags- eða atvinnukúgun í því skyni að komast yfir þær.

Um 199. gr.

Ekki er skilyrði til þess, að refsa megi eftir þessari grein, að sökunautur hafi sjálfur komið konunni í villu þá, er í greininni getur. Nægilegt er, að sökunaut sé kunnugt um, að villan er fyrir hendi, og að hann misnoti villuna sem í greininni segir.

Um 200. gr.

Ákvæði greinarinnar samsvara 174. og 175. gr. hegnl. 1869. Þó er aldurstakmark samkvæmt fyrri mgr. 14 ár í stað 12 ár samkvæmt nefndri 174. gr., og í síðari mgr. 14—16 ára aldur í stað áður 12—16 ára.

Málssókn er opinber, án þess að kröfu þurfi um hana að gera.

Um 201. gr.

Samsvarar 167. gr. hegnl. 1869. Þó er verknaður ekki refsiverður nú, ef viðkomandi stúlka er eldri en 18 ára.

Um 202. gr.

Samsvarar 177. gr. hegnl. 1869.

Um 203. gr.

Aðalreglan verður sú eftir grein þessari, að kynferðismök milli persóna af sama kyni sé refsilaus. Ákvæði greinarinnar eru undantekningar frá þeirri reglu.

Séu kynferðismök höfð með þeim atvikum, er í 1. mgr. segir, er brotið gegn

athafnafrelsi einstaklings, og verður verknaður því jafnan refsiverður, þegar svo stendur á.

Ákvæði 2. og 3. mgr. eru sett til verndar siðferði barna og unglinga. Er því refsivert fyrir þann, sem eldri er en 18 ára, að hafa kynferðismök við ungling af sama kyni yngri en 18 ára, sbr. 2. mgr., og einnig við ungling af sama kyni á aldrinum 18—21 árs, ef sökunautur hefir beitt yfirburðum aldurs og reynslu. Þegar svo stendur á, mundi sökunautur oftast vera eldri en 21 árs, sbr. ákvæðið um yfirburði aldurs, en ekki er það þó skilyrði fyrir því, að refsingu megi beita eftir 3. mgr. Kynferðismök við dýr, sem refsiverð eru eftir 178. gr. hegnl. 1869, verða nú refsilaus.

Um 204. gr.

Greinin leggur refsingu við gáleysisverknaði í sambandi við tilfærðar greinar kafla þessa.

Um 205. gr.

Greinin heimilar aðeins brottfall refsingar, þegar viðkomandi persónur ganga að eigast eða halda áfram hjúskaparsambúð.

Um 206. gr.

1. mgr. hefir refsiákvæði við því, að menn geri sér að tekjulind lauslæti annarra, svo sem með því að leigja út herbergi í því skyni fyrir hærra verð en venja er í öðrum samböndum, eða með milligöngu eða hvatningum.

Í 2. mgr. er lögð refsing við verknaði, sem miðar að því að spilla siðferði barna og unglinga. Er sá verknaður refsiverður, þótt hann sé ekki framinn í ávinningsskyni.

3. mgr. fjallar um tvennskonar brot. Annarsvegar liggur refsing við því að stuðla að útflutningi manns undir 21 árs aldri í því skyni, að hann hafi ofan af fyrir sér erlendis með lauslæti. Hér skiptir ekki máli, þótt útflytjandinn viti um þennan tilgang, og er refsiákvæðið því sett til verndar siðferði barna og unglinga. Hinsvegar er lögð við því refsing að stuðla að útflutningi eldra manns en 21 árs í sama skyni, ef honum er ókunnugt um tilganginn. Í því felst það, að verkið er refsilaust, ef útflytjanda er kunnugt um tilganginn með förinni. Sé síðarnefnt brot þess eðlis, að það varði við ákvæði 226. gr. (t. d. hvít þrælasala), ber auðvitað að refsa samkvæmt þeirri grein.

Um 207. gr.

Refsa ber aðeins þeim aðiljanum, sem við borgun tekur.

Um 208. gr.

Hér skal þess gætt, að skilyrði samkvæmt 70. gr. fyrir því, að brot eigi að hafa ítrekunaráhrif, séu fyrir hendi.

Um 209. gr.

186. gr. hegnl. 1869 er tekin hér upp óbreytt að efni.

Um 210. gr.

Grein þessi er um sama efni sem 185. gr. hegnl. 1869, en að ýmsu leyti víðtækari. 1. mgr. er þó að mestu leyti samhljóða 1. málslið 185. gr. Samkvæmt 2. mgr. er nú refsivert að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni þá hluti, er hér getur. Einnig er það nýmæli, að refsa skuli þeim, er efnir til fyrirlestrar eða leiks, sem er ósiðlegur á þann hátt, er í greininni getur. Loks er og refsing lögð við því að láta klámrit eða aðra slíka hluti af hendi við yngri menn en 18 ára.

Um XXIII. kafla.

Refsiákvæði um manndráp og líkamsmeiðingar eru hér gerð að miklum mun einfaldari en verið hefir samkvæmt 17. og 18. kap. hegnl. 1869. Þykja ákvæði beggja þessara kap. eiga heima í einum og sama kafla, þar eð manndráp er ein tegund líkamsárása.

Um 211. gr.

Ekki er gerður greinarmunur á því, hvort manndráp hafi verið framið „af ásettu ráði", sbr. 187. gr. hegnl. 1869, eða „með ráðnum huga", sbr. 191. gr. sömu laga. Regla 188. gr. hegnl. 1869 er felld burtu, sbr. aftur á móti 4. tölulið 74. gr. og almenna ákvæðið í 75. gr. frv. Brot er ekki fullframið, nema það hafi haft dauða í för með sér. Sjá ennfremur athugasemd við 212. gr. um fóstur og barn.

Um 212. gr.

Ástæður þær, sem hér eru látnar valda refsilækkun móður, eru bundnar við hana persónulega, og geta því hlutdeildarmenn ekki notið góðs af ákvæðum þessarar greinar. Þeim ber því að refsa eftir 211. gr.

Sé fósturástandi enn ekki lokið, þegar brot er framið, mundi verknaður aðeins varða við 216. gr. En þá er fósturástandi talið lokið, er barn lifir utan við líkama móður sinnar, enda þótt það sé ekki enn að öllu leyti laust við líkama hennar og enn hafi ekki verið skilið á milli. Ekki er það skilyrði fyrir sjálfstæðri tilveru barns, að það hafi byrjað andardrátt með lungum.

Um 213. gr.

Af grein þessari má sjá, að samþykki þess, sem af dögum er ráðinn, leysir ekki banamann undan refsingu. Hinsvegar lækkar það refsingu til muna, ef manndráp hefir gerzt fyrir brýna beiðni þess, sem lífi er sviptur. Að sjálfsögðu verður að krefjast þess, að sá, sem beiðnina ber fram, sé með fullu ráði og kominn til þess aldurs, að hann geri sér ljósa grein fyrir beiðninni og skilji þýðingu hennar. Leiði verknaður ekki til dauða beiðandans, ber að refsa fyrir tilraun samkvæmt þessari grein, en ekki jafnframt fyrir líkamsmeiðingu.

Séu miklar málsbætur fyrir hendi, svo sem að sá, sem verksins beiðist, sé haldinn ólæknandi, kvalafullum sjúkdómi, mundi mega lækka refsingu eða jafnvel láta hana niður falla eftir ákvæðum 75. gr. frv.

Um 214. gr.

Sjálfsmorðstilraun er refsilaus samkv. frv., eins og áður hefir verið. Brot það, er í þessari grein getur, er því ekki hlutdeild í sjálfsmorði, heldur sérstakt brot. Hafi sjálfsmorðinginn verið svo andlega miður sín eða á svo ungum aldri, að telja beri hann hafa verið óábyrgan gerða sinna, myndi aðstoð við sjálfsmorðið varða venjulegri refsingu fyrir manndráp, en ekki eiga undir þessa grein.

Um 215. gr.

Grein þessi kemur í stað 200. gr. hegnl. 1869 og er eins að efni.

Um 216. gr.

Hér vísast til umsagnar við 212. gr. um það, hvenær fósturástandi telst lokið. En fósturástand telst byrjað, þegar er frjóvgun hefir átt sér stað. Refsing er hér mjög færð niður og brottfall hennar jafnvel heimilað að því er varðar móðurina sjálfa. Einnig er ónothæf tilraun af hennar hálfu jafnan refsilaus.

Hlutdeildarmönnum í fósturdrápi ber jafnan að refsa eftir 2. mgr. Sé verkið hinsvegar framið án samþykkis móður, eða samþykki hennar er þýðingarlaust, ber að refsa eftir síðasta málslið 2. mgr.

Um 217. gr.

Mörkin milli 217. og 218. gr. eru nokkuð á annan veg en mörkin milli 202. og 205. gr. hegnl. 1869. Síðarnefnd mörk eru við það miðuð, hvort árásin hafi valdið áverka eða öðrum skaða. Hér er áverki hinsvegar ekki nefndur, en mörkin miðuð við það, hvort líkamsárásin hefir valdið tjóni. Beri sá, sem á er ráðizt, engar menjar árásarinnar, hann hefir t. d. orðið fyrir höggi, er veldur honum sviða skamma stund, en hefir ekki aðrar afleiðingar, þá varðar slík árás við 217. gr. Sama er og, þegar afleiðingar árásarinnar eru svo smávægilegar, að þær verða ekki taldar til tjóns á líkama eða heilbrigði. Þannig mundi oftast vera um smávægilegt mar eða hrufl, skinnsprettu, blóðnasir o. s. frv.

Eigi brot undir 217. gr., skal það vera aðalregla sem áður, að sá, sem misgert er við, verði að sækja sökunaut til refsingar í einkamáli. Vegna þess að mörkin milli 217. og 218. gr. eru oft óglögg, þykir rétt að heimila jafnan opinbera málssókn.

Um 218. gr.

Um mörkin milli 217. og 218. gr. er rætt í sambandi við 217. gr.

Þessi grein nær yfir allar líkamsmeiðingar aðrar en þær, er í 217. gr. getur. Verða því refsimörkin að vera óvenjulega rúm, þar eð brot þessi eru mjög mismunandi.

Um 219. gr.

Takmörkin fyrir því, að refsa skuli fyrir líkamsmeiðsl af gáleysi, eru rýmkuð að mun frá því sem ákveðið er í 209. gr. hegnl. 1869, því sú grein miðar aðeins við líkamsmeiðingu samkvæmt 206. gr. sömu laga.

Um 220. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru svipuð ákvæðum 198. gr. hegnl. 1869. Útburður barns, sbr. nefnda 198. gr., fellur að jafnaði undir 1. mgr. Aðeins er sú undantekning gerð í 2. mgr., að hafi móðir yfirgefið barn sitt bjargarvana, þá má dæma henni lægri refsingu, ef svo var ástatt, sem í 212. gr. segir, og jafnvel láta refsingu niður falla.

3. mgr. samsvarar 199. gr. hegnl. 1869.

4. mgr. er nýmæli. Nægilegt er, til þess að brot teljist fullframið, að lífi eða heilsu manna hafi verið stofnað í háska.

Um 221. gr.

201. gr. hegnl. 1869 er tekin hér upp að efni til, þó með þeirri breytingu, að refsa skal, þótt maður sá, er í lífsháska var, hafi ekki beðið bana. Ennfremur er bætt við því ákvæði, að refsingu varði að viðhafa ekki aðferðir, sem boðnar eru til umönnunar þeim, er lent hafa í skipreika eða öðrum svipuðum óförum, sbr. m. a. 1. gr. laga nr. 46 15. júní 1926, um skipströnd o. fl.

Um 222. gr.

Hér verður að meta hverju sinni, hversu mikil hætta hefir af verknaðinum stafað. Ekki er skilyrði fyrir refsingu, að tjón hafi af hlotizt.

Um 223. gr.

Hér er átt við vanrækslu, er stofnar lífi eða heilbrigði móður eða barns í hættu, án þess þó, að broti sé þannig varið, að refsa beri fyrir það eftir 220. gr.

Um 224. gr.

Brot er fullframið, þegar maður hefir átt það á hættu að sýkjast. Hvort hættunni er valdið með samförum, öðrum mökum eða með því t. d. að koma veiku barni í fóstur sem brjóstabarni, skiptir ekki máli.

Um XXIV. kafla.

Í kafla þessum eru ákvæði um refsiverðar árásir á athafnafrelsi manna, þ. e. rétt manna til þess að ráða sjálfir athöfnum sínum eða athafnaleysi, og á rétt manna til þess að ráða sjálfir dvalarstað sínum.

Um 225. gr.

Hagsmunir þeir, sem verndaðir eru með grein þessari, eru að öllu leyti hinir sömu, sem nú njóta verndar samkvæmt 212. gr. hegnl. 1869. Hagsmunir þessir eru, sem fyrr segir, athafnafrelsi manna, réttur manna til að ráða sjálfir, án ólöglegrar íhlutunar annarra, hvað þeir gera, þola eða láta hjá líða að gera, svo sem það er orðað bæði í nefndri 212. gr. og nú í 225. gr. frv. Þennan rétt hafa allir menn, einnig börn og geðveikir menn, þótt þeir ef til vill beri ekki skyn á mótgerðina.

Samkvæmt þessari grein eiga hagsmunir þessir að njóta verndar gegn margskonar athöfnum, sem þeir eru ekki verndaðir fyrir eftir 212. gr. hegnl. 1869. Þar eru þeir aðeins verndaðir fyrir persónulegu ofbeldi og hótun um persónulegt ofbeldi. Eftir 225. gr. frv. er ýms önnur nauðung refsiverð. Meðal annars er nú refsivert, að hóta að hafa upp sannan sakburð, ef nauðungin á ekki nægilegan rétt á sér vegna þess málefnis, sem hótunin beinist að. Samkvæmt þessu myndi t. d. vera refsivert að hóta þjóf kæru fyrir þjófnaðinn, ef hann ekki greiddi verzlunarskuld. Hinsvegar myndi vera leyfilegt að hóta honum kæru, ef hann skilaði ekki aftur þýfinu eða greiddi andvirði þess.

Brot er ekki fullframið, nema nauðungin hafi haft áhrif, þ. e. að sá, sem nauðung var beittur, hafi gert eitthvað, þolað eitthvað eða látið hjá líða að gera eitthvað vegna nauðungarinnar.

Um 226. gr.

Fyrri mgr. er eins að efni til og fyrri málsliður 213. gr. hegnl. 1869. Í síðari mgr. eru talin nokkur tilfelli frelsissviptinga, sem látin eru varða aukinni refsingu. Nýtt er það, að láta frelsissviptingu í ávinningsskyni sæta aukinni refsingu og ennfremur, að lögð er þyngri refsing við frelsissvipting, sem er fólgin í því, að maður er settur í heimildarleysi á geðveikrahæli.

Um 227. gr.

Frelsissvipting í gáleysi er því aðeins refsiverð, að brot hafi framið verið, er aukinni refsingu á að sæta eftir 2. mgr. 226. gr.

Um XXV. kafla.

Í þennan kafla er safnað ákvæðum um brot gegn friðhelgi einkalífs og æru. Mönnum er ákveðinn réttur til þess að vera sér um einkamál sín, og látið varða refsingu, sé þeim friði raskað. Þá er og refsing lögð við ýmsum athöfnum, sem eru til þess fallnar að lækka menn í sínum augum eða annarra. Venjulegast þarf ekki að sannast, að hinir vernduðu hagsmunir hafi verið skertir, heldur er nægilegt, að friður um hagsmunina sé rofinn. Sá, sem ærumeiddur hefir verið, þarf t. d. ekki að sanna, að mannorð hans hafi hnekki beðið af meiðyrðunum. Ef sá, sem fyrir sök er hafður, getur hinsvegar sannað, að engin hagsmunaröskun hafi átt sér stað, t. d. vegna þess, að einkamálefni, sem frá hefir verið skýrt, sbr. 229. gr., hafi áður verið á hvers manns vitorði, eða vegna þess að ærumeiðandi ummæli séu sönn, þá er verknaður oftast, en þó ekki ávallt, refsilaus.

Um 228. gr.

Í 1. mgr. eru gögn, sem hafa að geyma einkamál, vernduð fyrir því, að aðrir menn kynni sér þau í heimildarleysi, ef þeir hafa komizt að gögnunum með tilteknum hætti, sem telst sérstaklega vítaverður. Verndin nær að sjálfsögðu einnig til skjala og annarra einkagagna félaga og stofnana.

Í 2. mgr. er lögð sama refsing við því að eyðileggja eða skjóta undan, þ. e. svipta eigandann gögnum þeim, er í 1. mgr. getur. Skiptir þá ekki máli, hvernig sökunautur hefir komizt yfir gögnin, en að sjálfsögðu verður eyðileggingin eða undanskotið að vera óheimilt.

Í 3. mgr. er loks refsing lögð við því að kynna sér, hvað annar maður hefir í hirzlum sínum, ef það er gert án nægilegra ástæðna. Verða dómstólarnir að meta það hverju sinni.

Um 229. gr.

Ætlazt er til, að í þessari grein felist óbreytt regla 222. gr. hegnl. 1869, þ. e. a. s. hins danska texta þeirrar greinar, sem er réttari.

Um 230. gr.

Grein þessi á við þá, sem gegna einhverju starfi, er opinbera heimild þarf til, enda varði brotið ekki við 136. gr. Hún nær einnig til aðstoðarmanna slíkra manna, hvort heldur opinberra starfsmanna eða manna, er gegna atvinnurekstri eða starfsemi, er opinbera heimild þarf til.

Um 231. gr.

Samsvarar að efni 223. gr. hegnl. 1869, en er að því leyti viðtækari, að í stað heimilis kemur hús eða skip eða annar sökunaut óheimill staður. Svo er og lögð aukin refsing við stórfelldum eða sérstaklega hættulegum brotum.

Um 232. gr.

Ákvæði greinarinnar eru ný. Samkvæmt 1. mgr. verður áminning lögreglunnar fyrst að koma til. Ef sökunautur lætur ekki við það skipast, skal honum refsað eftir því, sem í 1. mgr. segir, ef sá krefst þess, sem misgert er við, sbr. 242. gr.

Samkvæmt 2. mgr. verður ofsóknin að vera opinber. Skýrslurnar verða að vera vísvitandi ósannar og lagaðar til að lækka mann í augum almennings. Hinsvegar þarf ekki að vera um ærumeiðingar að ræða.

Um 233. gr.

Hér er refsing lögð við hótunum, sem til þess eru fallnar að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð.

Um 234. gr.

Þessi grein samsvarar 219. gr. hegnl. 1869. Hér er átt við aðrar móðganir en ærumeiðandi aðdróttanir, sbr. 235. gr., svo sem skammaryrði, móðganir í látæði o. s. frv. Aðdróttun um refsiverðar eða vansæmandi athafnir getur þó fólgizt í látæði, teikningum o. s. frv., og varðar það þá við 235. gr.

Um 235. gr.

Þessi grein leggur refsingu við ærumeiðandi aðdróttunum, hvernig svo sem þær eru fram bornar, og útbreiðslu þeirra. Ekki er ætlazt til, að svið ærumeiðinga sé rýmkað frá því, sem hingað til hefir verið samkvæmt skýringum á 217.—219. gr. hegnl. 1869, þótt hert sé á refsingum.

Um 236. gr.

Samkvæmt 1. mgr. gildir einu, á hvern hátt aðdróttunin hefir verið borin fram, en samkvæmt 2. mgr. þarf hún að hafa verið borin fram opinberlega.

Um 237. gr.

Hér er gerð undantekning frá þeirri reglu, að sönnun leysi undan refsingu. Að jafnaði mundi það vera talið ótilhlýðilegt að brigzla manni að ástæðulausu um refsivert eða vansæmandi verk, er hann hefði framið.

Um 238. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er óheimilt að færa sönnur á refsiverðan verknað, þegar svo stendur á, sem þar segir. Eiga þá dómstólar að neita sönnunarfærslunni ex officio. Samkvæmt síðari mgr. er að vísu leyfilegt að færa fram sannanir, en sönnunin leysir þar ekki undan refsingu.

Um 239. gr.

Þegar svo stendur á, sem hér segir, hafa dómstólar heimild til að láta refsingu falla niður að því er annan eða báða aðilja varðar.

Um 240. gr.

Um málshöfðunarheimild eða heimild til að krefjast opinberrar málssóknar, sjá 25. gr., 3. mgr.

Um 241. gr.

Heimilt er að dæma ummæli ómerk, þótt þau þyki ekki þannig löguð, að refsa beri fyrir þau.

Um 242. gr.

Um 242. gr. 2, b athugast það, að ærumeiðingar út af starfi opinbers starfsmanns eru refsiverðar eftir 108. gr. Um c-lið skal þess getið, að nafnlausar greinar í blöðum falla ekki hér undir, þar eð um ábyrgð á þeim fer eftir prentlögum og því jafnan víst um ábyrgðarmann.

Þótt þess sé ekki sérstaklega getið, er til þess ætlazt, að opinberir starfsmenn og aðrir, er rétt hafa til að krefjast opinberrar málssóknar út af meiðyrðum, geti höfðað einkameiðyrðamál, ef þeir kjósa það heldur, eða ef svo ber undir, að hið opinbera neitar að höfða mál.

Um XXVI. kafla.

Hér er safnað fyrirmælum um auðgunarbrot. Um sérkenni auðgunarbrota, auðgunartilganginn, vísast til athugasemda við 243. gr.

Efnisskipun brota er hér allmjög á annan veg en nú er í 23.—26. kap. hegnl. 1869, sbr. lög nr. 51 7. maí 1928. Einkum er breytt efnisskipun ákvæða um svik, og svið þeirra rýmkað, sbr. einkum 249. gr. Ákvæði um eftirfarandi hlutdeild í auðgunarbrotum er sett í einu lagi, og nær það einnig til eftirfarandi hlutdeildar í þjófnaði, hilmingarinnar. Ákvæði um ítrekun eru gerð einfaldari en áður hefir verið. Heimild til að dæma lægri refsingu en venjulega, þegar um smáfelld brot er að ræða, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51 7. maí 1928 og 258. gr. hegnl. 1869, er nú látin ná til allra auðgunarbrotanna, að ráni og fjárkúgun undantekinni. Brot það, er um getur í 253. gr., er nýtt. Ýmsar fleiri breytingar eru gerðar, og verður þeirra getið í sambandi við einstakar greinar kaflans.

Um 243. gr.

Hér er tekið fram í upphafi kaflans, að verknaður geti því aðeins varðað við ákvæði hans, að hann hafi verið framinn í auðgunarskyni. Er þá átt við, að ásetningur brotamanns hafi verið sá, að afla sér eða öðrum fjárvinnings á þann hátt, að annar maður biði ólöglega fjártjón að sama skapi.

Um 244. gr.

Ekki þykir ástæða til að skýrgreina í lögum þjófnaðarbrotið, þar eð enginn vafi mun á því leika, hvorki í réttarfræði né framkvæmd, hvað í því hugtaki á að felast. Hugtakið er þó rýmkað hér að því leyti, að þjófnaður getur náð til orkuforða.

Lágmark refsingar samkvæmt 2. mgr. er lægsta stig fangelsis, sbr. 1. mgr. Er hér aðeins heimild til hækkunar, og tilfelli þau, sem nefnd eru, aðeins dæmi um stórfelld þjófnaðarbrot.

Um 245. gr.

Samsvarar 239. gr. hegnl. 1869. Þar eð þjófnaður er skýrgreindur þannig, að taka hlutar (nú einnig orkuforða) verði að fara fram með leynd, þá þykir rétt að láta gripdeildarhugtakið haldast. En munur gripdeildar og þjófnaðar er, sem áður, sá, að gripdeild er framkvæmd án leyndar.

Um 246. gr.

Ákvæði þetta er nokkuð breytt frá því, sem nú er mælt í 249. og 250. gr. hegnl. 1869. Að vísu er með fundnum munum í þessari grein átt við sömu muni, sem í nefndri 249. gr. getur. En brot er nú í því fólgið, að kasta eign sinni á þá, en í 249. gr. í því, að lýsa ekki mununum. Þá nær brot og til muna, sem án aðgerða brotamanns eru komnir í vörzlur hans. Sbr. áður í 250. gr., fjármunir, sem komnir eru af hendingu í vörzlur hans. Hafi maður fundið hlut og tekið hann í vörzlur sínar, án þess að hafa þá þann ásetning að kasta eign sinni á muninn, en sá ásetningur verður til síðar, þá mundi það brot varða við þessa grein, sbr. orðalagið: kasta eign sinn á fundna muni.

Um 247. gr.

Samkvæmt þessari grein skal refsa fyrir það, er maður kastar eign sinni á (dregur sér) lausafjármuni, sem hann hefir í vörzlum sínum, en eru eign annars manns, enda varði brotið ekki við 246. gr. Ekki er það skilyrði sett hér, að brotamanni hafi verið trúað fyrir hlutnum, sbr. fyrri hluta 255. gr. hegnl. 1869. Maður, sem tekið hefir hlut í vörzlur sínar einhliða, t. d. sem björgunarmaður, samkvæmt neyðarrétti eða til afnota, án þess að ætla sér þá að kasta eign sinni á hann, en dregur sér hann síðar, á að sæta refsingu eftir þessari grein.

2. mgr. ræðir um það, er maður hefir dregið sér heimildarlaust peninga annars manns, er hann hefir í vörzlum sínum. Hafi hann átt að halda peningunum aðgreindum frá sínu fé, væri ótvírætt um brot á 1. mgr. að ræða. Nokkuð öðru máli gegnir um peninga, sem manninum var heimilt að blanda saman við sitt eigið fé (depositum irregulare). Aðalsjónarmiðið verður hér, hvort vörzlumaður fjárins sá, að hann stofnaði rétti eiganda peninganna í hættu með eyðslunni. Hann er skyldur að haga eyðslu sinni á þá lund, að hann sé ávallt fær um að greiða eigandanum peningana. Og sé fjárhag hans þannig háttað, að hann eigi ekki fyrir skuldum og megi óttast það, að lánardrottnar gangi að fjármunum hans, mundi honum að jafnaði vera skylt að halda peningum annars manns, er hann hefir í vörzlum sínum, aðgreindum frá sínu fé.

Um 248. gr.

Hér er brot það skýrgreint, er refsivert hefir verið eftir 253. gr. hegnl. 1869. Nær það einnig til sumrar háttsemi, er refsiverð hefir verið eftir 254. gr., sbr. að nokkru leyti það brot, að draga dul á kröfu, sem dánarbúi ber, og sökunautur var skyldur að segja til, og ennfremur til brota, sem refsiverð eru eftir 257. og 261. gr. sömu laga.

Með orðinu fé er átt við hvers kyns fjárverðmæti, þar á meðal fasteignir, munnlegar fjárkröfur o. s. frv. Hinsvegar nær greinin ekki til annarra svika en þeirra, er að fjárverðmætum lúta.

Um 249. gr.

Ákvæðið um misnotkun aðstöðu til þess að gera eitthvað, er annar maður verður bundinn við, á ekki einungis við um umboð, heldur og aðra raunverulega aðstöðu til þess að gera eitthvað, er bindur annan mann. Þá er greinin og sett til verndar því, að menn, er hafa á hendi fjárreiður fyrir aðra, svo sem fjárhaldsmenn, framkvæmdar-

stjórar félaga og stofnana o. s. frv., misnoti aðstöðu sína sér eða öðrum til hags, en umbjóðanda sínum til tjóns.

Um 250. gr.

Hér er safnað ákvæðum um brot, er lúta að því, að kröfuhafi fái ekki kröfu sinni fullnægt, eða sá, er réttindi hefir eignazt yfir hlut annars manns, verði afréttinum vegna sviksamlegra athafna eigandans.

Í 1. tölulið er refsing lögð við verknaði, sem miðar að því, að rétt krafa fáist ekki viðurkennd. Verður þar aftur að greina á milli, hvort um einfalda synjun er að ræða, eða hvort rangri synjun er einnig samfara röng notkun sönnunargagna.

Sé aðeins synjað fyrir skylduna, verður sá verknaður ekki refsiverður, nema krafa sé þess eðlis, er í fyrri hluta töluliðsins getur. Synjunin verður að beinast að því, að sökunautur hafi ekki tekið við láni til eignar, hvort heldur peningum eða öðru, eða greiðslu þeirri, t. d. einstökum hlutum, vöru, vinnu o. s. frv., sem endurgjald á fyrir að koma. Endurgjaldið getur verið hvort heldur peningar, önnur tegundargreiðsla eða einstaklega tiltekinn hlutur. Að líkindum má stundum beita ákvæðinu með lögjöfnun, þegar krafa er heimt, sem af samningi er risin, og skuldari synjar ranglega fyrir, að atvik hafi gerzt, er réttmæti kröfunnar er undir komið, enda hvíli sönnunarbyrðin fyrir því, að atvikið hafi gerzt, á kröfuhafa.

Synji maður ranglega efnda á skyldu með rangri notkun sönnunargagna, er sá verknaður refsiverður, án tillits til þess, hver skyldan er. Þó verður það að sjálfsögðu að vera fjárskylda, því ella væri ekki um auðgunarbrot að ræða.

Í 2. tölulið eru ákvæði um brot þau, sem nú eru refsiverð eftir síðari hluta 255. gr. hegnl. 1869.

Í 3. tölulið er tekið brot, er í því felst, að gjaldþrota maður eða sá, er nauðasamnings leitar við lánardrottna, hefst eitthvað að, sem miðar að því, að eignir eða kröfur búsins komi ekki lánardrottnum að gagni, sbr. 262. gr. hegnl. 1869. Brot er fullframið, þegar einhver slík háttsemi hefir verið höfð í frammi, þótt tilgangur hafi ekki náðst.

Athafnir þær, er refsiverðar eru eftir 4. tölulið, eru ekki, eins og nú samkvæmt 262., 263. og 265. gr. hegnl. 1869, miðaðar við það, að þær hafi gerzt eftir að bú manns var tekið til gjaldþrotaskipta, eða um þær mundir, er hann sá, að gjaldþrot vofði yfir. Verður að meta það hverju sinni, hvort skuldunautur hafi ætlað sér að auðga sig eða aðra á þann hátt, að lánardrottnar biðu tjón.

Í 2. mgr. eru ákveðin skilyrði fyrir því, hvenær lánardrottinn á að sæta refsingu fyrir hlutdeild í broti skuldunauts samkvæmt 4. tölulið 1. mgr. En vafi hefir áður þótt leika á því, hvort refsa bæri lánardrottnum, þegar ívilnun til þeirra hefir verið refsiverð af hálfu skuldunauts.

Hafi brot verið framið, sem í 4. tölulið getur, og hvorugt þeirra atvika er samfara brotinu, er í síðustu mgr. segir, þá þykir ekki rétt að mál sé höfðað, nema sá krefjist, sem misgert er við.

Um 251. gr.

Hér er refsing lögð við fjárkúgun, sbr. áður 247. gr. hegnl. 1869. Hafi fé verið haft af manni með persónulegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað, þá er verknaður rán, sem refsing er lögð við í 252. gr. Að öðru leyti er þvingunaraðferð hér sú sama, sem almennt um skerðingu athafnafrelsis, sbr. 225. gr. frv.

Um 252. gr.

Þrátt fyrir breytt orðalag, er ætlazt til, að grein þessi um rán sé eins að efni til og 245. gr. hegnl. 1869.

Um 253. gr.

Hér er gerður refsiverður verknaður, sem í 7. gr. laga nr. 73 19. júní 1933 getur, þó að því undanskildu, að maður hafi notað sér léttúð annars manns til að afla sér hagnaðar.

Um 254. gr.

Hér er lögð refsing við svonefndri eftirfarandi hlutdeild í auðgunarbrotum almennt, og nær ákvæðið einnig til eftirfarandi hlutdeildar í þjófnaði. Um eftirfarandi hlutdeild í öðrum brotum, sjá 22. gr.

Um 255. gr.

Hér eru ákvæði um ítrekunaráhrif auðgunarbrota. Eru þau einföld og þarfnast ekki skýringa. Gæta skal ákvæða 71. gr. við notkun greinar þessarar.

Um 256. gr.

Hér er ákvæði um sérstaklega smáfelld brot, samsvarandi því, sem nú er í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51 7. maí 1928, sbr. áður 237. gr. hegnl. 1869. Er það með lítilsháttar breytingum gert að almennu ákvæði um auðgunarbrot, þó að ráni og fjárkúgun undanteknum.

Ákvæði 3. mgr. er nýtt, og er heimildin ekki bundin við það, að brot sé smáfellt, svo sem í 1. og 2. mgr. segir.

Um XXVII. kafla.

Í þennan kafla er safnað ákvæðum um ýmis brot, er varða fjárréttindi. Auðgunartilgangs er ekki krafizt að því er þau brot varðar, og greinir það þau frá brotum þeim, er í XXVI. kafla getur.

Um 257. gr.

Grein þessi samsvarar 298. gr. hegnl. 1869. Með eignasviptingu er átt við það, að eigandi sé sviptur eign sinni fyrir fullt og allt. Nýmæli er það, að refsa skuli fyrir gáleysisverknað.

Um 258. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýtt. Ásetningur sökunauts með eignaspjöllum eða undanskoti verður að ná til þess að baka lánardrottni tjón, eftir því, sem í gr. segir.

Um 259. gr.

1. mgr. kemur í stað 238. gr. hegnl. 1869. Hér er þó sett það skilyrði, að notkunin baki eiganda tjón eða veruleg óþægindi.

Takmörkin milli þjófnaðar og nytjastuldar verða oft óljós, þegar samfara notkun hlutar er eyðsla einhvers verðmætis, svo sem benzíneyðsla, ef bifreið er notuð, kola- eða olíueyðsla, ef skip er notað, o. s. frv. Má þá oft hafa hliðsjón af því, hversu miklum verðmætum hefir verið eytt, og því einnig, hvort telja verður eyðsluna aukaatriði, miðað við brot það, er felst í notkun sjálfs hlutarins.

Með 2. mgr. er ekki einungis eigandi hlutar verndaður fyrir því, að umráðaréttur hans yfir hlut sé skertur, heldur og aðrir vörzluhafar, er umráðaréttar njóta eða rétt hafa til að halda hlutnum, svo sem leigutaki, handveðs- eða haldsréttarhafi o. s. frv.

Um 260. gr.

Hér er tekið upp efni 117. gr. hegnl. 1869. Eldra orðið yfir verknað þennan, gertæki, er haft í stað orðsins sjálftaka.

Um 261. gr.

Þessi grein kemur í stað 259. gr. hegnl. 1869. Orðalagið er þó nokkru þrengra en þar, því hér er þess krafizt, að athafnirnar séu samskonar athöfnum, er í 248.—250. gr. getur. Að sjálfsögðu er heimilt að beita analogíu hér á sama hátt og um þessar greinar sjálfar.

Þrátt fyrir orðalagið: „án þess að auðgunartilgangur þyki sannaður“, má refsa eftir grein þessari fyrir brot, þar sem sannað er, að auðgunartilgangur hefir ekki verið fyrir hendi.

Um 262. gr.

Rétt þykir að hafa áfram almennt ákvæði um refsingu við óreglu í bókhaldi, sbr. 2. mgr. 264. gr. hegnl. 1869. Um ranga færslu í bókum, sem skylt er að rita, ef það er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, sjá 158. gr.

Um 263. gr.

Grein þessi er viðbót við 254. gr. Nægilegt er, að brot hafi verið framið í gáleysi, og auðgunartilgangs er ekki krafizt.

Um XXVIII. kafla.

Hér er safnað nokkrum ákvæðum um önnur áhrif refsiverðs verknaðar en refsingu, um agabrot annarra fanga en refsifanga og um meðferð barna, er brot fremja undir 15 ára aldri. Sbr. 31. kap. hegnl. 1869.

Um 264. gr.

1. mgr. ræðir um samskonar bætur og í 303. og 305. gr. hegnl. getur, en er að miklum mun víðtækari. Heimilað er að dæma mann, sem að lögum á að svara bótum fyrir spjöll á líkama eða frelsi annars manns, til að greiða miskabætur, auk bóta fyrir fjártjón, og skiptir ekki máli, hvort spjöllunum hefir valdið refsiverður verknaður eða ekki. Þá má og jafnan dæma þann, sem sekur hefir orðið um refsiverða meingerð gegn persónu, friði eða æru annars manns, til að greiða slíkar bætur, og loks þann, sem sekur hefir gerzt um meingerð, hverskonar sem er, gegn öðrum manni, ef hún er drýgð af illfýsi, og er þá ekki skilyrði, að meingerðin sé refsiverð.

2. mgr. rýmkar einnig að mun reglu 304. gr. hegnl. 1869. Samkvæmt 2. mgr. má dæma hvern þann, sem ábyrgð ber að lögum á dauða annars manns, til að greiða bæturnar, án tillits til þess, hvort dauði mannsins hefir hlotizt af refsiverðum verknaði eða ekki.

Hvort krafa um framangreindar bætur fellur í erfð, fer eftir því, hvort skilyrði þau, er í 3. mgr. getur, eru fyrir hendi þegar arfur fellur, þ. e. við dauða arfleifanda.

Um 265. gr.

Ákvæði þessarar gr. koma í stað N. L. 5.—2.—75. og 306. gr. hegnl. 1869, en ganga lengra í sumum atriðum.

Eftir 1. mgr. glatar sökunautur rétti til arfs eftir þann, sem misgerðin kom fram við, og einnig eftir aðra, ef það erfðatilkall var háð dauða annars manns, þ. e. samerfingja eða manns, er nær stóð arfi, og misgerðin hefir komið fram við þann mann.

Samkvæmt 265. gr. glatar maður erfðarétti aðeins fyrir sig sjálfan, en ekki börn sín eða aðra niðja. Skipting arfs ber að framkvæma eins og sökunautur sé sjálfur dáinn.

Um 266. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 267. gr.

Samsvarandi ákvæði eru nú í 5. gr. laga nr. 39 16. nóv. 1907. Þykir rétt að láta reglur þessar haldast, þrátt fyrir ákvæði barnaverndarlaga.

Um XXIX. kafla.

Hér eru að síðustu ýmis ákvæði um gildistöku laganna o. fl. Þarfnast þær greinar ekki skýringa.

Efnisskrá.

I.	kafli.	Refsiheimildir, gildissvið refsilaga, framsal sakamanna o. fl.	1.— 11. gr.
II.	—	Almenn refsiskilyrði	12.— 19. —
III.	—	Tilraun og hlutdeild	20.— 23. —
IV.	—	Ákærureglur	24.— 30. —
V.	—	Um refsingarnar	31.— 55. —
VI.	—	Um skilorðsbundna refsidóma	56.— 61. —
VII.	—	Um öryggisráðstafanir, sviptingu borgararéttinda og upptöku eigna	62.— 69. —
VIII.	—	Atriði, er áhrif hafa á refsihæðina	70.— 79. —
IX.	—	Fyrning sakar og uppreist æru	80.— 85. —
X.	—	Landráð	86.— 97. —
XI.	—	Brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess	98.—105. —
XII.	—	Brot gegn valdstjórninni	106.—117. —
XIII.	—	Brot á almannafriði og allsherjarreglu	118.—127. —
XIV.	—	Brot í opinberu starfi	128.—141. —
XV.	—	Rangur framburður og rangar sakargiftir	142.—149. —
XVI.	—	Peningafals og önnur brot, er varða gjaldmiðil	150.—154. —
XVII.	—	Skjalafals og önnur brot, er varða sýnileg sönnunargögn	155.—163. —
XVIII.	—	Brot, sem hafa í för með sér almannahættu	164.—175. —
XIX.	—	Ýms brot á hagsmunum almennings	176.—179. —
XX.	—	Brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu	180.—187. —
XXI.	—	Sifskaparbrot	188.—193. —
XXII.	—	Skírlífisbrot	194.—210. —
XXIII.	—	Manndráp og líkamsmeiðingar	211.—224. —
XXIV.	—	Brot gegn frjálsræði manna	225.—227. —
XXV.	—	Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs	228.—242. —
XXVI.	—	Auðgunarbrot	243.—256. —
XXVII.	—	Ýms brot, er varða fjárréttindi	257.—263. —
XXVIII.	—	Ákvæði um bætur, brottfall erfðaréttar o. fl.	264.—267. —
XXIX.	—	Um gildistöku laganna o. fl.	268.—273. —

Frv. þetta, ásamt athugasemdum, hefir nefndinni borizt frá dómsmálaráðherra, og er það flutt að beiðni hans. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um einstök atriði frumvarpsins.

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar

um niðurfellingu á stimpilgjaldi og þinglestrargjaldi vegna kaupa á húseigninni Fríkirkjuvegi 11 í Reykjavík.

Flm.: Jakob Möller, Pétur Ottesen, Ingvar Pálmason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fella niður stimpilgjald og þinglestrargjald vegna kaupa á húseigninni Fríkirkjuvegi 11 í Reykjavík, er Húsfélag bindindismanna hefir keypt.

Nd. 45. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi land vestan og sunnan Ingólfsfjalls í Ölfusi til að reisa á nýbýli.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Sveinbjörn Högnason, Pálmi Hannesson, Helgi Jónasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á landi vestan og sunnan Ingólfsfjalls til að reisa þar á nýbýli. Land skal tekið eftir því, sem nýbýlastjórn ríkisins telur með þurfa til að þar rísi samvinnubyggð með tímanum. Þó skal sjá svo til, að jarðir þær, sem þarna eiga lönd nú, séu eigi skertar svo, að á þeim verði ekki rekinn lífvænlegur búrekstur vegna landskorts.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt fyrirmælum laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

Greinargerð.

Land það, sem hér um ræðir, er að flestra dómi mjög vel fallið til ræktunar, bæði vegna legu sinnar og annara staðhátta. Auk þess liggur það svo nærri Reykjavík, að auðvelt ætti að vera að nota þar atvinnubótavinnu til undirbúnings ræktunarinnar og við að koma býlum þar upp. Í nýbýlalögunum er gert ráð fyrir, að reistar verði samvinnubyggðir, þar sem staðhættir eru góðir til þess. Virðist land það, sem hér um ræðir, hafa flesta slíka kosti til að bera, og má vænta þess, að menn fýsi að setjast þar að, eins og land þetta er í sveit sett. Munu margir, sem farið hafa um þjóðveginn þarna, hafa haft orð á því, að óvíða væri jafngirnilega landspildu að sjá af óræktuðu landi til að nema með ræktun og nýjum bændabýlum.

Hinsvegar er það sjálfsagt, að taka tillit til landsþarfa býla þeirra, sem þarna eru fyrir, eftir því sem unnt er, án þess að tjón yrði að fyrir hina nýju byggð, sem þarna yrði reist.

Nd. 46. Breytingartillögur

við frv. til laga um ostrurækt.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Slík friðun skal þó því skilyrði bundin, að hún komi ekki í bága við veiðiskap, sem fyrir er á svæðinu, hvort heldur er um að ræða veiði nytjafiska eða skelfiskatekju, nema samkomulag náist við þá, er þar eiga hugsmuna að gæta, og ennfremur, að forstjóri fiskveiðideildar rannsóknarstofnunar atvinnuveganna telji ostrurækt nytjavænlega hér við land.
2. Við 3. gr. Aftan við 1. málslið fyrri málsgreinar bætist: af hálfu leyfishafa.

Ed. 47. Tillaga til þingsályktunar

um samgöngur við Austfirði.

Flm.: Magnús Gíslason, Árni Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um:

1. Að strandferðum verði framvegis hagað þannig, að ferðir falli á hálfs mánaðar fresti á milli Austfjarða og Reykjavíkur allt árið, og
2. Ef hið nýja strandferðaskip verður notað til millilandaferða á sumrum, komi það við á helztu höfnum Austfjarða, bæði á leið til lands og frá landi.

Greinargerð.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve slæmar samgöngur Ausfirðingar eiga nú við að búa, og hefir svo verið um alllangt skeið. Fyrir og eftir aldamót var þetta nokkuð á annan veg. Þá stóð atvinnulíf á Austfjörðum með meiri blóma en annarstaðar á landinu, og samgöngur við þennan landsfjórðung voru betri en við aðra landshluta, bæði á meðan Otto Wathne hélt uppi reglubundnum skipaferðum við útlönd og eins á meðan Thorefélagið starfaði.

Eftir stofnun Eimskipafélags Íslands voru samgöngur við Austurland framan af mjög sæmilegar, þó nú hafi mjög skipazt til hins verra hin síðari ár. Er nú svo komið, að aðeins eitt af skipum Eimskipafélagsins, Lagarfoss, fer reglubundnar áætlunarferðir á milli Kaupmannahafnar, Leith, Austfjarða og Norðurlands, alls átta ferðir á ári. Auk þess kemur Goðafoss við á Austfjörðum í einni ferð sinni frá útlöndum og Brúarfossi er ætlað að koma við á Austfjörðum í 3 ferðum á ári, til að taka þar frosið kjöt til útflutnings, án þess um fastar áætlunarferðir sé að ræða.

Um allmörg undanfarin ár hefir D. B. D. S. (Bergenske) siglt skipi sínu Nova eftir fastri áætlun milli Noregs, Austfjarða norðanlands til Reykjavíkur og sömu leið til baka, venjulega 7 ferðir á ári. Hefir að þessu orðið nokkur samgöngubót fyrir Austurland, en mjög hefir úr þessu dregið við það, að félagið hefir áskilið sér rétt til, bæði í fyrra og í ár, að koma ekki við á Austfjörðum nema í annari leiðinni.

Strandferðirnar hefir Skipaútgerð ríkisins annazt, með skipum sínum Esju og Súðinni. Hefir þeim ferðum aldrei verið haganlega fyrir komið, og þá sízt 2 síðustu árin, þar sem Esja hefir verið tekin úr áætlun 3 sumarmánuðina og höfð til millilandaferða þann tíma.

Loks var Esja seld úr landi seint á síðastl. ári og samið um byggingu á nýju strandferðaskipi, sem ekki er sennilegt, að verði fullsmíðað fyrr en seint á þessu ári.

Strandferðum okkar er því nú svo komið, að Súðinni, sem engan veginn getur kallazt sómasamlegt farþegaskip, heldur aðeins gamalt og lélegt vöruflutningaskip, með mjög takmörkuðu farþegarúmi, er einni ætlað að anna farþegaflutningum með ströndum fram þetta árið.

Samkvæmt áætlun þeirri, er Skipaútgerð ríkisins gaf út fyrir árið 1938, fóru skipin 10 hringferðir vestur um land og 11 hringferðir austur um land. Auk þess 4 ferðir austur um til Siglufjarðar, þar sem snúið var við sömu leið til baka, og þar að auki 1 ferð til Austfjarða eingöngu. Þannig að farnar voru alls 15 ferðir frá Reykjavík sunnanlands til Austfjarða, og 16 ferðir frá Austfjörðum sunnanlands til Reykjavíkur, en mjög leið misjafnlega langt á milli ferða, eða frá 9 dögum upp í 36 daga, auk þess sem ekki féll nein ferð sunnanlands frá 29. nóv. f. á. til 24. jan. þ. á., eða um 8 vikna skeið. Má nærri geta, að þótt strandferðirnar væru bágbornar í fyrra, verða þær samt mun verri í ár, þar sem ekki er öðru að veifa en hinu aldraða skipi Súðinni.

Það er kunnugt alþjóð, hve atvinnulífi á Austfjörðum hefir hrakað hin síðari ár, og flutningsmenn þessarar tillögu eru þess fullvissir, að hinar erfiðu samgöngur eiga sinn þátt í því, hvernig komið er. Teljum við, að Alþingi geti ekki látið þetta mál lengur afskiptalaust og að með nýju hraðskreiðu strandferðaskipi opnist möguleikar til verulegra umbóta á þessu sviði.

Á milli Reykjavíkur og Vestur- og Norðurlands sigla, auk strandferðaskipanna, jafnaðarlega skip Eimskipafélagsins og Dronning Alexandrine.

Engu síður er til að dreifa að því er snertir Reykjavík — Austurland. Samgönguþörfin er því mest þar og því sérstök skylda þeirra, er með þessi mál fara, að gera það, sem unnt er, til að bæta úr þörfinni, þar sem hún er brýnust. En lágmarkskröfuna í þessu efni teljum við þá, að strandferðum verði hagað þannig, að ferðir falli á hálfs mánaðar fresti frá Reykjavík til Austfjarða allt árið, og með sama millibili frá Austfjörðum til Reykjavíkur.

Telja má víst, að ríkisstjórnin ætlist til, að nýja skipið verði látið fara á milli landa nokkurn hluta ársins, eins og Esja 2 síðastl. ár.

Með því að láta skipið koma við á Austfjörðum í hverri ferð, bæði á útleið og heimleið, má slá tvær flugur í einu höggi, bæði tryggja góðar strandferðir milli Reykjavíkur og Austfjarða þennan tíma og bæta allverulega úr samgangnaþörf Austfirðinga við útlönd, og skal í því sambandi bent á eitt atriði, sem mundi hafa mikla þýðingu fyrir afkomu sjómanna og útgerðarmanna á Austfjörðum.

Á síðari árum hefir verið hafizt handa um flutning á ísuðum fiski til Englands, með millilandaskipum frá Reykjavík og Vestmannaeyjum, og gefizt vel.

Er vaknaður mikill áhugi á Austfjörðum fyrir slíkum útflutningi, sem hingað til hefir strandað á því, að hentug skip til flutninganna hefir vantað. Má ganga út frá, að allveruleg bót yrði á þessu ráðin, ef strandferðaskipið yrði látið koma við á Austfjörðum í hverri ferð til útlanda og flytja þaðan ísvarinn fisk. Má ætla, að fargjöld á milli Austfjarða og Reykjavíkur og farmgjöld innanlands og af vörum, sem fluttar yrðu frá Austfjörðum til útlanda og til baka, mundu nægja til að greiða aukinn kostnað við viðkomu skipsins á Austfjörðum.

Nd. 48. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Helgi Jónasson, Jakob Möller.

1. gr.

Á eftir 3. málsgr. 24. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú lækka tekjur gjaldskylds manns, sem eigi hefir rétt til sjúkrahjálpar vegna þess að hann hefir haft tekjur umfram það, er í fyrstu málsgr. segir. Skal hann þá fá rétt til sjúkrahjálpar frá 1. júlí, ef hann fyrir þann tíma færir sönnur á, að tekjur hans hafi á næsta almanaksári á undan farið niður fyrir áðurgreint hámark. Tilsvarandi ákvæði gilda, er tekjur samlagsmanns fara yfir fyrrgreint hámark.

2. gr.

Á eftir 28. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú er heimavistarskóli fyrir fólk yfir 16 ára aldur starfandi í sveitarfélagi, þar sem eigi hefir verið stofnað sjúkrasamlag, og er þá ráðherra heimilt, ef meiri hluti nemenda og starfsfólks skólans óskar þess og tryggingarstofnun ríkisins mælir með því, að ákveða, að þar skuli stofna skólasjúkrasamlag, enda sé við stofnun þess fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Samlagið nái að jafnaði yfir einn skóla. Þó mega tveir eða fleiri skólar innan sama sveitarfélags vera um samlagið.

2. Allir nemendur og starfsmenn skólans, eldri en 16 ára, sem eigi hafa rétt til sjúkrahjálpar sem meðlimir annara sjúkrasamlaga og eigi eru haldnir alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, séu skyldir til að vera í samlaginu, svo og skyldulið starfsmanna. Þeir, sem hafa yfir 4500 króna skattskyldar árstekjur, fá því aðeins réttindi til sjúkrahjálpar, að þeir greiði tvöfalt iðgjald.
3. Meðlimatala samlagsins sé eigi lægri en 40 og dvalartími nemenda eigi skemmri en 6 mánuðir. Lágmarksréttindi séu þau, sem greinir í 30. gr. 1.—3. tölulið.
4. Trygging nemenda og starfsfólks, sem búsett er utan hreppsins, nær aðeins til þess tíma, sem þeir dvelja á skólastaðnum, og gildir aðeins fyrir þá sjálfa, enda séu iðgjöld þeirra miðuð við, að þeir öðlist réttindi án biðtíma. Aðrir meðlimir halda tryggingunni við óslitið og geta látið hana ná til barna sinna.
5. Samlaginu sé heimilt að veita viðtöku mönnum, búsettum í nágrenni skólans, með sömu skyldum og réttindum og starfsfólki, búsettu á skólastaðnum.
6. Nánari ákvæði skal setja í samþykkt samlagsins, sem ráðherra staðfestir að fengnum tillögum tryggingarstofnunarinnar.

Nú er skólasamlag stofnað samkvæmt því, er að framan segir, og greiðir þá ríkissjóður framlag í sjóð samlagsins, er nemi 50% greiddra iðgjalda frá nemendum og starfsfólki, sem búsett er utan hreppsins, og 25% af iðgjöldum annara samlagsmanna.

Sveitarsjóður greiði í sjóð samlagsins upphæð, er nemur 25% af iðgjöldum samlagsmanna búsettra í hreppnum. Framlag ríkissjóðs og sveitarsjóðs má þó aldrei fara fram úr 10 krónum á ári frá hvorum aðilja fyrir hvern meðlim.

3. gr.

Á eftir 3. málsgr. 30. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem sjúkrasamlög hafa verið stofnuð samkvæmt þessum lögum, og starfandi er skóli eða skólar fyrir fólk yfir 16 ára aldur, sem búsett er utan kaupstaðarins eða hreppsins, enda sé tala slíkra nemenda eigi lægri en 40, skal setja í samþykktir hlutaðeigandi samlags sérákvæði um iðgjaldagreiðslur slíkra utanhéraðsmanna, og skal miða iðgjaldið við það, að þeir öðlist réttindi án biðtíma. Tryggingin nái aðeins til þeirra sjálfra og aðeins til þess tíma, er þeir dvelja á skólastaðnum. Framlag ríkissjóðs til samlagsins vegna þessara nemenda skal vera 50% af iðgjaldagreiðslu þeirra.

4. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Ef tryggður maður veikist utan samlagssvæðisins, á hann rétt til sjúkrastyrks frá sjúkrasamlagi sínu, en þó eigi hærri en ef hann hefði notið hans á samlagssvæðinu.

Nú vill samlagsmaður leita sér læknishjálpar utan samlagssvæðisins, og er samlagsstjórn þá á sama hátt heimilt að greiða kostnað af þeirri læknishjálp, enda sæki samlagsmaður um það fyrirfram til samlagsins og fái til þess meðmæli trúnaðarlæknis, eða samlagslæknis, ef enginn er sérstakur trúnaðarlæknir.

5. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Nú flyzt tryggingarskyldur maður, sem tryggður er í sjúkrasamlagi, í umdæmi annars sjúkrasamlags. Verður hann þá tryggingarskyldur þar og öðlast full réttindi í því samlagi án biðtíma. Hafi hann greitt iðgjald fyrirfram til samlags þess, er hann var meðlimur í, fyrir lengri tíma en 1 mánuð, skal sá hluti fyrirframgreiðslunnar, er fellur á tímann eftir flutninginn, ganga til þess samlags, sem við honum tekur. Tryggingarstofnun ríkisins getur sett nánari reglur um flutning meðlima milli sjúkrasamlaganna, þar á meðal um slíka flutninga sjúkra manna.

6. gr.

1. málsgrein 50. gr. laganna orðist svo:

Undanþegnir hinni árlegu iðgjaldagreiðslu samkvæmt 49. gr. eru þó þeir, sem:

1. njóta örorkulífeyris úr lífeyrissjóði Íslands,
2. njóta opinbers styrks samkvæmt ákvæðum laga um styrkveitingar til þeirra manna, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum sjúkdómum,
3. dvelja í fangelsum, vinnuhælum eða öðrum slíkum stofnunum samkvæmt opinberri ráðstöfun,
4. greiða iðgjöld samkvæmt sérákvæðum 62. gr. hér á eftir.

7. gr.

Á eftir orðunum „gera skrá“ í fyrstu málsgr. 61. gr. laganna komi: í tveimur eintökum.

2. málsl. 2. málsgr. orðist svo:

Annað eintak gjaldskrárinnar sendist síðan lögreglustjóra, sem annast innheimtuna, hitt eintakið tryggingarstofnun ríkisins.

8. gr.

1. málsgr. 2. málsl. 62. gr. laganna orðist svo:

Embættismenn og barnakennarar greiða framvegis iðgjöld í sjóði þessa eftir sömu reglum og áður, enda eru þeir og konur þeirra ekki tryggingarskyldir samkvæmt ákvæðum þessara laga um elli- og örorkulífeyri.

2. málsgr. 62. gr. orðist svo:

Um gjaldskyldu sjóðfélaga í eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands samkvæmt lögum nr. 10 15. apríl 1928 og sjóðfélaga í eftirlaunasjóði Útvegsbanka Íslands fer eftir 49. gr. síðustu málsgrein.

Greinargerð.

Síðan lögin um alþýðutryggingar gengu í gildi hafa oftar en einu sinni borizt umleitanir til tryggingarstofnunarinnar frá alþýðuskólum í sveitum, þar sem farið hefir verið fram á, að skólasamlög yrðu viðurkennd og þeim veittur ríkisstyrkur.

Samkvæmt lögum um alþýðutryggingar er eigi heimilt að styrkja slík samlög, þar sem lögin alls ekki ná til annara sjúkrasamlaga en þeirra, sem lögboðin eru í kaupstöðum, og samlaga utan kaupstaða, sem ná yfir eitt hreppsfélag eða fleiri og allir hreppsbúar eru skyldir til að vera í.

Samkvæmt lögum nr. 103/1933, um sjúkrasamlög, er numin voru úr gildi með lögum um alþýðutryggingar, var hinsvegar heimild til að lögskrá sjúkrasamlög fyrir skóla, að fullnægðum vissum skilyrðum, og áttu þau þá rétt til styrks úr ríkissjóði á sama hátt og önnur samlög.

Það verður að teljast að ýmsu leyti eðlilegt og sanngjarnt, að skólasamlögum verði á ný veittur ríkisstyrkur, þar sem almenn sjúkrasamlög hafa ekki verið stofnuð, og nemendum í skólum, þar sem almenn sjúkrasamlög eru fyrir, veitt nokkur sérstaða í samþykktum samlaganna.

Í fyrsta lagi hlýtur að sjálfsögðu að verða nokkur bið á því, að samlög verði stofnuð um land allt, þar sem þau eru ekki beinlínis lögboðin. Hinsvegar gætu skólasamlög orðið til þess að auka á vinsældir sjúkratrygginga og þannig orðið undanfari almennra sjúkrasamlaga.

Ennfremur má benda á, að nemendur í unglingaskólum hafa mörgum öðrum fremur þörf fyrir sjúkratryggingar, m. a. vegna meiri sýkingarhættu í sambandi við þéttbýli og nána samveru, og auk þess getur kostnaður af sjúkdómum komið mjög hart niður á heimilum unglinganna, er hann bætist við þann aukakostnað, sem þau hafa af sjálfri skólavistinni.

Reglur sjúkrasamlaganna um biðtíma o. fl. eru ekki miðaðar við þarfir skóla-

fólks, sem e. t. v. dvelur aðeins 6—8 mánuði á sjúkrasamlagssvæðinu, og mælir það einnig með því, að sett verði sérákvæði um iðgjaldagreiðslur slíkra utanhéraðsmanna.

Auk ákvæðanna um skólasamlög eru teknar upp í frv. nokkrar breytingar, sem ætla má, að ekki geti valdið verulegum ágreiningi. Er þar aðallega um að ræða ákvæði, sem snerta framkvæmd laganna.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram:

Um 1. gr.

Nauðsynlegt er að hafa skýr tímatakmörk, þegar samlagsmaður missir eða öðlast réttindi vegna breytinga á tekjum, yfir eða undir hámark, frá ári til árs.

Um 2. gr.

Á fylgiskjalinu er yfirlit um nemendafjölda í æðri skólum skólaárið 1938/39, sem fræðslumálaskrifstofan hefir látið í té. Það þykir ekki fært, að meðlimatala skólasamlaga sé lægri en 40, enda geta þá velflestir skólarnir notað sér ákvæði laganna, að undanteknum húsmæðraskólunum, sem því aðeins geta það, að talsverður hópur starfsmanna og skylduliðs þeirra bætist við.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að í kaupstöðum og hreppum, þar sem stofnuð hafa verið sjúkrasamlög innan alþýðutrygginganna og skólar starfa með verulegum fjölda nemenda, sem búsettir eru utan samlagssvæðisins, séu sett sérstök ákvæði í samþykktir samlaganna, m. a. um að slíkir meðlimir öðlist réttindi án biðtíma.

Um 4. gr.

Eins og 38. greinin er orðuð nú, mætti ef til vill skilja hana þannig, að samlögunum bæri skilyrðislaust að greiða hverja þá sjúkrahjálp, sem samlagsmaður kynni að hafa notið utan samlagssvæðis, hvort sem hann hefði getað fengið slíka hjálp á samlagssvæðinu eða ekki, en slíkt hefir vitanlega aldrei verið tilætlunin. Er því lagt til, að greinin sé orðuð ótvíræðara en áður og samlagsstjórnum gefið tvímælalaust vald til þess að koma í veg fyrir, að ákvæði hennar sé misnotað.

Um 5. gr.

Í stað þess að nú er gert ráð fyrir í lögunum, að samlagsmaður, er flytur á annað samlagssvæði, skuli hafa rétt til sjúkrahjálpar á því tímabili, sem hann hefir greitt iðgjald fyrir, og verður þá ekki tryggingarskyldur í öðru samlagi fyrr en tryggingartími hans er útrunninn þar, sem hann var áður (sbr. niðurlag 39. gr.), er hér lagt til, að hann verði tryggingarskyldur við næstu mánaðamót á þeim stað, er hann flytur til, en samlagið, sem tekur við honum án biðtíma, fái þá iðgjaldagreiðslu, sem kann að hafa verið greidd fyrirfram.

Þetta virðist að öllu leyti eðlilegra og einfaldara, þar sem núgildandi ákvæði geta bakað samlögunum óþarfa útgjöld og umstang, án þess hinir tryggðu séu betur settir.

Um 6. gr.

Það virðist óeðlilegt, að þeir, sem svo stendur á um, er segir í greininni, þ. e. þeir, er njóta örorkulífeyris, opinbers styrks, dvelja í fangelsi o. s. frv. eða greiða iðgjöld til annars sjóðs, skuli greiða iðgjald til lífeyrissjóðs Íslands, en nú verða þeir því aðeins undanþegnir þeirri skyldu, að „allt undanfarið ár“ hafi staðið svo á fyrir þeim, er fyrr segir.

Um 7. gr.

Skrá þá, sem hér um ræðir, er nauðsynlegt að hafa í tveimur eintökum, annað fyrir tryggingarstofnun ríkisins, hina fyrir innheimtumenn.

Um 8. gr.

Fyrri breyting er aðeins orðalagsbreyting, þar sem núverandi orðalag gæti valdið misskilningi. Um síðari breytinguna er það að segja, að óttast má, að eftirlaunasjóðir annara stofnana komi fljótlega með kröfur um samskonar undanþágu og eftirlaunasjóðum bankanna er veitt, en þeim virðist hinsvegar full sanngirni sýnd, þótt þeir komi undir hið almenna ákvæði 49. gr. laganna.

Fylgiskjal.

Nemendafjöldi í æðri skólum skólaárið 1938—1939.

Í héraðssk. Reykholti	100
– — Núpi	47
– — Reykjanesi (Ísaf.)	42
– — Reykjum	60
– — Laugum	74
– — Laugarvatni	169
– alþýðuskólanum að Eiðum	49
– bændaskólunum	110
– menntask. í Reykjavík	259
– — á Akureyri	280
– kennaraskólanum	81
– iðnskólanum í Reykjavík	220
– iðnskólum utan Reykjavíkur	250
– verzlunarskólanum	300
– samvinnuskólanum	52
– stýrimannaskólanum	70
– vélstjóraskólanum	20
– kvennaskólunum	175
Húsmæðraskólar:	
Staðarfelli	22
Ísafirði	15
Laugalandi	28
Laugum	18
Hallormsstað	25
Vík í Mýrdal	0
Hveragerði	13
Í gagnfræðask. í Reykjavík	260
– gagnfræðaskóla Reykvíkinga	139
– gagnfræðask. Flensborg, Hafnarf.	120
– — á Ísafirði	80
– — — — vinnudeild	20
– — Siglufjarðar	62
– — Akureyrar	92
– — Neskaupstaður	28
– — — kvölddeild	22
– — Vestmannaeyja (meðalt. 60)	70
– unglingaskólum	650
– hljómlistarskólanum	53
– alþýðusk. Reykjavíkur	55

Ed. # 49. Frumvarp til laga

um lögreglustjóra í Hrísey.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Einar Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Hríseyjarhrepps, lögfræðing til að hafa á hendi hreppstjórastörf í Hríseyjarhreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita og þar með innheimtu allra hreppsgjalda, enda sé hann sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjóri skal hafa að launum 2000 kr. á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, sem 2. gr. tiltekur, fær hann auk þess fyrir þau úr sveitarsjóði samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Hríseyjarhrepps og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1940.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Hríseyjarhrepps, og eru ástæður teknar fram í greinargerð oddvita hreppsnefndarinnar frá 7. marz 1938, sem hér með fylgir.

Fylgiskjal.

HREPPSNEFND HRÍSEYJARHREPPS. Hrísey, 7. marz 1938.

Jafnframt því, sem ég sendi hinu háa Alþingi umsókn hreppsnefndar Hríseyjarhrepps um stofnun lögreglustjóraembættis í Hrísey, vil ég viðvíkjandi því taka fram eftirfarandi:

Hrísey hefir nú um hálft fjórða hundrað íbúa, og er það að vísu ekki fjölmennur hópur, en aðstaða eyjarbúa um samgöngur við stærri bæi, eins og t. d. Akureyri, er ekki eins auðveld og hjá þeim sjávarþorpum hér við Eyjafjörð, sem á fastalandinu eru, og því meiri nauðsyn fyrir þá að hafa sem flest, er þeir þurfa að leita til heima hjá sér.

Þó fólksfjöldi Hríseyjar sé ekki talinn meiri en þetta, þá eru hér á sumrin ca. 600 til 700 manns, og þá þörf á sterku lögregluvaldi, ekki sízt vegna þess, að margt er þá líka um útlendinga, sem mest leita hér hafnar, að undanteknum Siglufirði. Því ber ekki að neita, að ríkið sjálft hefir hér miklu meiri hagsmuna að gæta en í nokkru öðru sjávarþorpi með svipaða stærð, og virðist vera einkennilegt, að ekki skuli hafa verið gerðar meiri ráðstafanir frá því opinbera um útlendinga hér en verið hefir. Þá

má taka það fram, að stjórn sveitarfélagsins hefir verið tiltölulega erfið, og þeir erfiðleikar fara sívaxandi, og það svo, að vart er forsvaranlegt lengur, að oddvita og gjaldkerastörf séu höfð sem aukastörf, og því annaðhvort hætt við að þau verði trössuð að einhverju leyti eða mönnum svo mjög íþyngt með þeim, að ekkert réttlæti virðist vera, og má þá kannske búast við því, að menn hliðri sér hjá þessum þó mjög svo nauðsynlegu störfum eins og mögulegt er. Ennfremur er stöðugt bætt við störf þessara manna frá því opinbera, að tiltölulega fámennur hópur er vart fær um að starfrækja þau svo vel sé.

Að öllu þessu athuguðu virðist því fullkomin ástæða til, að fenginn sé sérstakur maður í þessar sýslanir, maður með sérþekkingu á þeim málum, sem undir þær falla. Í öðru lagi hefir ríkið sjálft svo mikilla hagsmuna að gæta hér, að telja má réttmætt, að hreppur og ríki beri í sameiningu þann kostnað, sem af því leiðir.

Virðingarfyllst.

Þorsteinn Valdimarsson,
oddviti.

Til Alþingis Íslands, Reykjavík.

Nd. 50. Frumvarp til laga

um hlutarútgerðarfélög.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bjarni Ásgeirsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Markmið hlutarútgerðarfélaga er að reka fiskveiðar á hlutaskiptagrundvelli og annast í sambandi við þær innkaup á vörum, hagnýtingu afla, sölu hans o. fl.

2. gr.

Nú vilja menn stofna hlutarútgerðarfélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 5 menn eða fleiri verða ásáttir um stofnun slíks félags og bindast samtökum um að gerast meðlimir þess, skulu þeir, að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar til félagsstofnunarinnar, setja félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar ríkisstjórnarinnar á þeim.

Breytingar á samþykktum hlutarútgerðarfélags ná því aðeins gildi, að ríkisstjórnin staðfesti þær.

3. gr.

Félagar hlutarútgerðarfélags geta þeir einir orðið, sem ráðast hjá félaginu, á skip þess eða í landi. Með samþykki lögmæts félagsfundar má auk þess taka inn í félagið menn, sem styrkja vilja það með þátttöku sinni, þótt eigi séu þeir ráðnir starfsmenn félagsins.

Óheimilt er að ráða fasta starfsmenn hjá félaginu í landi eða skipverja á skip þess, nema þeir um leið gerist félagar og undirriti yfirlýsingu um, að þeir hlýði lögum félagsins eins og þau eru á hverjum tíma. Undantekningu má þó gera frá þessu að því er snertir ráðningu skipverja í forföllum annara, ef brýn nauðsyn krefur.

Inngangseyrir sé 10 krónur frá hverjum félagsmanni, er renni í varasjóð.

4. gr.

Sérhver meðlimur hlutarútgerðarfélags ber takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, að upphæð 300 krónur.

Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, sem deyr, ber ábyrgð samkvæmt þessari grein á skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en tvö ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema risið hafi mál út af skuld, er stofnuð var á meðan hann var í því, er bíði úrskurðar dómstólanna.

5. gr.

Í hlutarútgerðarfélagi skulu skipverjar og aðrir fastir starfsmenn ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla, og skal hlutur vera full greiðsla fyrir vinnu þeirra. Fyrirkomulag hlutaskiptanna skal ákveðið í samþykktum félagsins. Veiðarfæra og beitukostnaður, kol, olía og salt greiðist af óskiptum afla.

6. gr.

Í varasjóð hlutarútgerðarfélags greiðist árlega 1% af óskiptum ársafla. Í varasjóð skal greiða árlegan tekjuafgang félagsins, og skulu ársvextir lagðir við höfuðstólinn. Tekjuhalli, sem verða kann hjá hlutarútgerðarfélagi, greiðist úr varasjóði.

Fé varasjóðs má nota sem veltufé í þarfir félagsins.

7. gr.

Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skal vera ákvæði um tryggingarsjóð, er hafi það markmið að tryggja félagsmönnum, sem vinna hjá félaginu, lágmarkstekjur, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem félagið setur. Skal sú reglugerð samþykkt af bæjar- eða sveitarstjórn, þar sem félagið á heima, og staðfest af ríkisstjórninni. Tekjur sjóðsins skulu vera þær, er hér segir:

1. Árlegt gjald, 1% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð afla upp úr skipi.
2. Árlegt tillag frá hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi, er nemi jafnhárri upphæð og gjald samkvæmt tölulið 1 verður árlega.

Heimilt er að ákveða, að tillög í sjóðinn skuli vera hærri en að framan greinir, ef þurfa þykir, enda sé það samþykkt af hlutarútgerðarfélaginu og viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn.

Tryggingarsjóður skal ávaxtaður í banka eða annari tryggri peningastofnun, og skulu vextir af honum lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

Hlutarútgerðarfélag eða stjórn þess getur ekki ráðstafað innstæðu tryggingarsjóðs, og óheimilt er að skerða sjóðinn til lúkningar skuldum félagsins, en hætti félagið störfum, skal sjóðurinn ávaxtaður áfram á nafni hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, sem getur notað innstæðu hans til að greiða tillög í tryggingarsjóði annara hlutarútgerðarfélaga, sem þar starfa.

8. gr.

Fjárreiðum hvers einstaks skips hlutarútgerðarfélags skal haldið aðgreindum í bókum félagsins.

9. gr.

Félagsfundur hefir æðsta vald í málefnum hlutarútgerðarfélags. Einn aðalfund skal halda árlega, og aukafundi þegar félagsstjórn telur þess þörf. Ennfremur er félagsstjórn skylt að boða til aukafundar, ef ¼ félagsmanna krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Atkvæðisrétt á félagsfundum hafa allir meðlimir félagsins. Félagsfundir eru lögmætir, ef helmingur félagsmanna er mættur. Sé fundur ekki lögmætur sökum fámennis, skal boða til nýs fundar, og er hann þá lögmætur án tillits til þess, hve margir eru mættir. Á fundum ræður meiri hluti atkvæða úrslitum mála, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félaganna. Til funda sé boðað með minnst viku fyrirvara.

10. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn og endurskoðendur og varamenn þeirra, sem allir séu félagsmenn. Í samþykktum félags skal ákveða tölu stjórnarnefndarmanna og

kjörtíma þeirra. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi, og ræður afl atkvæða úrslitum mála, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Stjórnin fer með málefni félagsins milli funda, samkvæmt lögum þessum og samþykktum félagsins, og bera stjórnendur ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins.

Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum félagsins beri saman við bækur þess, enda hafa þeir aðgang að öllum bókum og skjölum á hvaða tíma sem er, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Ennfremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta, að félaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin svo fljótt sem þörf krefur, en takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar. Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

Á aðalfundi skal árlega leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir næstliðið reikningsár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikningana, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fara fram, eftir þeim reglum, sem fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal að nýju boða til fundar, sem tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

11. gr.

Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skulu ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr félaginu og tilgreindar ástæður, er heimili brottrekstur félagsmanns.

12. gr.

Hlutarútgerðarfélag, sem er löglega stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlazt réttindi á hendur mönnum með samningi og aðrir á hendur því. Skrásetningu annast lögreglustjóri, þar sem félagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar. Félag skal tilkynnt til skrásetningar innan mánaðar frá stofnun þess. Í tilkynningu skal greina þessi atriði:

1. Heiti félags, heimili og varnarþing.
2. Dagsetning félagssamþykkta.
3. Full nöfn, stöðu og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
4. Hver heimild hafi til að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undirskrift sé hagað.
5. Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins í 2 eintökum og lögboðin gjöld. Sé um útibú að ræða, skal það einnig tilkynnt. Ef samþykktum félags er breytt, eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar.

Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu unz úr er bætt. Rétt er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtingablaðinu á kostnað tilkynnanda.

13. gr.

Hlutarútgerðarfélagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt á 2 lögmætum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna. Skilanefnd, kosin af félagsfundi, fer með mál félagsins meðan á félagsslitum stendur. Skilanefnd kemur í stað stjórnar félagsins og hefir samskonar vald, skyldur og ábyrgð. Meðan skilanefnd stjórnar félagi gilda reglur laga þessara um félags-

fundi, reikningsskil og endurskoðun. Félagsslit skal tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu félagsins.

Sömu aðiljar, sem ráða félagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið félagsbúið aftur afhent sér í hendur og haldið áfram starfsemi félagsins að nýju, en þar að lútandi ályktun skal vera samþykkt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um félagsslitin.

14. gr.

Gjöld fyrir störf þau, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð og eru þau, sem hér segir:

a. Fyrir skrásetningu félags, sem eigi hefir verið skrásett áður, 30 krónur.
b. Fyrir skrásetningu útibús 20 krónur.
c. Fyrir skrásetningu breytingar eða viðauka við eldri skrásetningu 15 krónur.
d. Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum.

15. gr.

Hlutarútgerðarfélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin greiðslu tekjuskatts til ríkisins af því fé, sem þau leggja í tryggingar- og varasjóði. Heimilt er bæjar- og sveitarstjórnum að veita hlutarútgerðarfélögum undanþágu frá greiðslu útsvars til bæjar- og sveitarsjóða.

16. gr.

Hlutarútgerðarfélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu vera undir eftirliti ríkisstjórnarinnar, sem getur falið skipaútgerð ríkisins eða fiskveiðasjóði framkvæmd þess.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það má öllum vera ljóst, að þar sem sjávarútvegurinn er annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, er það mjög þýðingarmikið, að þeim atvinnuvegi sé fundið það rekstrarfyrirkomulag, sem bezt hentar. Er þess mikil þörf að finna þann starfsgrundvöll, sem veitir þeim mönnum, sem að útgerðinni vinna, mesta tryggingu fyrir réttlátum starfslaunum, og þeim stofnunum, sem lána fé til sjávarútvegsins, mest fjárhagslegt öryggi.

Sjávarútvegurinn er nú að mestu rekinn af einstökum mönnum, samlagsfélögum fárra einstaklinga eða hlutafélögum. Þó hafa á síðasta áratug verið stofnuð nokkur fiskveiðasamvinnufélög, og í einu bæjarfélagi hefir verið rekin bæjarútgerð. Á togurunum hafa skipverjar að mestu fast kaup, án tillits til afkomu útgerðarinnar, og svo er einnig að nokkru leyti á smærri skipum, en á mörgum mótorbátum og öðrum smærri skipum eru þó skipverjar ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla.

Flest þau fiskveiðasamvinnufélög, sem stofnuð hafa verið á undanförnum árum, munu hafa orðið til fyrir knýjandi þörf, vegna þess að útgerðarfyrirtæki einstakra manna eða hlutafélaga á viðkomandi stöðum hafa verið lögð niður, venjulega fyrir þá sök, að þau voru komin í þrot fjárhagslega vegna taps á útgerðinni. Stofnun samvinnufélaganna hefir því verið viðleitni til að afstýra neyðarástandi á viðkomandi útgerðarstöðum, og bæjar- og sveitarfélög, ásamt ríkissjóði, hafa í einstöku tilfellum tekið á sig ábyrgðir vegna slíkra fiskveiðasamvinnufélaga. En yfirleitt munu þessi félög ekki hafa verið rekin á hreinum samvinnugrundvelli, þó að nöfn þeirra bendi til þess. Þau munu hafa ráðið starfsmenn að nokkru leyti fyrir fastákveðið kaup, bæði til lengri og skemmri tíma, en aðeins nokkur hluti af starfsliði þeirra fengið breytilegar launagreiðslur eftir rekstrarafkomu félaganna eða með aflahlut. Félögin sjálf hafa því orðið fyrir töpum eins og útgerðarfyrirtæki einstakra manna eða hlutafélaga.

Rekstur bæjarútgerðarinnar hefir að engu leyti verið fráhrugðinn einstaklingsrekstri öðru en því, að ábyrgðin á fyrirtækinu hvílir á viðkomandi bæjarfélagi.

Frumvarp það um hlutarútgerðarfélög, sem hér er fram borið, er að efni til mjög svipað frumvarpi til laga um útgerðarsamvinnufélög, sem flutt var á Alþingi fyrir tveim árum af þremur þingmönnum Framsóknarflokksins, þeim Bergi Jónssyni, Gísla Guðmundssyni og Bjarna Ásgeirssyni, en það frumvarp náði ekki samþykki á Alþingi. Ákvæði 7. gr. þessa frumvarps um sjóðstofnun til að tryggja þátttakendum í útgerðinni lágmarkstekjur er þó nýmæli.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er byggður grundvöllur til að reisa á félagsleg samtök um fiskveiðar og aðra starfsemi í sambandi við þær, með almennri þátttöku þeirra, sem að því starfa. Gert er ráð fyrir, að allir, sem að útgerðinni vinna hjá slíkum félögum á sjó og í landi, séu félagsmenn, en þó gert ráð fyrir, að um undantekningu geti verið að ræða að því er snertir ráðningu skipverja um stundarsakir í forföllum annara. Ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins er takmörkuð við 300 krónur. Þá er svo ákveðið, að allir fastir starfsmenn félagsins og skipverjar á skipum þess skuli ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla, en ekki fyrir fast kaup. Með þessu er að því stefnt, að **allir**, sem að útgerðinni vinna á sjó og landi, sjómenn, verkafólk, sem vinnur að verkun aflans í landi, skrifstofumenn, framkvæmdarstjórar og stjórnendur, fái vinnu sína greidda með aflahlut í stað fastra launa. Er þetta því miklu víðtækara hlutaskiptafyrirkomulag heldur en áður hefir tíðkazt, þar sem nú munu það **eingöngu** vera **sjómennirnir**, sem taka aflahlut fyrir vinnu sína. Verður það að teljast réttast skipulag í útgerðarmálunum, að **allir**, sem í þeirri atvinnugrein starfa, taki laun eftir því sem aflast, og verður það ekki betur tryggt á annan hátt en þennan. Með þessum hætti verður það hagur þeirra allra hlutfallslega jafnt, þegar vel aflast og verð afurðanna er hátt, og aftur á móti leggjast byrðarnar af aflaleysi og lágu afurðaverði hlutfallslega jafnt á alla þátttakendur í útgerðinni, en ekki aðeins á nokkurn hluta þeirra, eins og nú tíðkast.

Því hefir verið haldið fram, að eigi myndi unnt að koma við hlutaskiptum að því er snertir þá menn, sem vinna að verkun og hagnýtingu aflans í landi. Þetta mun þó auðvelt, ef vilji er fyrir hendi. Verður að teljast vel hægt fyrir landverkafólk að taka þátt í slíkum félagsskap og taka að sér fiskverkun gegn ákveðnum hluta af aflanum í verkunarlaun, og yrði sá aflahlutur mismunandi stór, eftir því á hvaða verkunarstigi fiskurinn yrði seldur.

Fyrirkomulag hlutaskiptanna á hverri tegund skipa skal ákveðið í samþykktum félaganna. Skal þar ákveðinn hlutur allra skipverja, yfirmanna og háseta og annara starfsmanna, framkvæmdarstjóra og skrifstofufólks. Ennfremur hlutur skipsins og annara eigna, sem notaðar eru við öflun fiskjarins eða hagnýtingu hans.

Í frumvarpinu er ákvæði um stofnun tryggingarsjóðs, í þeim tilgangi að tryggja félagsmönnum lágmarkstekjur. Á síðustu árum hefir það farið í vöxt, að sjómönnum, sem ráðnir eru fyrir aflahlut, hafa verið tryggð lágmarkslaun yfir útgerðartímann, venjulega allmiklu lægri en kaup fastlaunaðra sjómanna. Þó að þessi trygging sé ekki miðuð við hátt kaup, eru þess dæmi, að mjög erfitt hefir orðið fyrir einstaka útvegsmenn að uppfylla þessar kröfur um lágmarkskaup, þegar illa árar, því að þá er af engu að taka hjá útgerðinni. Er þess því mikil þörf að koma þessum tryggingum þannig fyrir, að viðráðanlegt sé fyrir útgerðarfyrirtækin, en þó nokkurt öryggi um afkomuna fyrir sjómennina. Er hér ákveðið, að leggja skuli í tryggingarsjóðinn ákveðið hundraðsgjald af verðmæti aflans, miðað við verð hans upp úr skipi, og að bæjar- eða sveitarfélag, þar sem hlutarútgerðarfélagið á heima, skuli leggja jafnháa fjárhæð í sjóðinn á móti tillagi félagsins. Þetta ákvæði er byggt á því, að rekstur útgerðarinnar sé svo þýðingarmikill fyrir viðkomandi bæjar- eða sveitarfélög, að réttmætt sé að leggja á þau nokkra kvöð til að tryggja þeim mönnum, sem að útgerðinni vinna, lágmarkslaun fyrir unnið erfiði. Má benda á, að vafasamt er, að hér yrði um raunverulega útgjaldaaukningu að ræða fyrir bæjar- eða

sveitarfélögin, þar sem þau yrðu sennilega að veita fé til atvinnubóta eða á annan hátt til stuðnings atvinnulausum mönnum, ef útgerðarstarfsemi félli niður.

Því verður tæplega mótmælt með skynsamlegum rökum, að rétt sé, að þeir, sem vinna framleiðslustörfin, fái stuðning annara, sem hafa betri afkomu, ef einhverjir finnast, þegar illa árar fyrir framleiðsluna. Að þesskonar jöfnun á kjörum manna er stefnt með ákvæði þessa frumvarps um tryggingarsjóði, sem séu að hálfu leyti myndaðir af tillögum annara en þeirra, sem að framleiðslunni starfa. En vegna þessarar greiðsluskyldu bæjar- og sveitarfélaga, er svo fyrir mælt, að bæjar- og sveitarstjórnir skuli samþykkja reglugerðir um lágmarkslaun, sem greiðist úr tryggingarsjóði.

Samþykktir félaganna og reglugerðir um tryggingarsjóði skulu einnig staðfestar af stjórnarráðinu. Allar breytingar, sem gerðar eru á samþykktum og reglugerðum hlutarútgerðarfélaga, skulu einnig staðfestar af sömu aðiljum til þess að öðlast gildi.

Þegar hlutarútgerðarfélag hættir störfum, skal tryggingarsjóður þess ávaxtaður áfram á nafni viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags, og má eingöngu verja innstæðu hans til greiðslu á tillögum í tryggingarsjóði annara hlutarútgerðarfélaga á sama stað.

Eitt af því, sem mjög hefir torveldað efnalitlum mönnum að koma á fót útgerðarfyrirtækjum, er það, að erfitt hefir reynzt að fá nema lítinn hluta af verði skipanna að láni gegn veði í þeim vegna þeirrar sjóveðshættu, sem á skipunum hvílir samkvæmt gildandi lögum. Með hlutarútgerðarfyrirkomulaginu er sjóveðshættan mjög lítil, og ætti því slíkum félögum að verða miklu auðveldara að fá lán gegn veði í skipum heldur en fyrirtækjum, sem skuldbinda sig til að greiða áhöfninni fast kaup, sem sjóveðsréttur fylgir.

Enn er ótalinn sá kostur við þetta rekstrarfyrirkomulag, að með því er komið í veg fyrir, að reksturinn stöðvist vegna ágreinings milli útgerðarmanna og sjómanna um kaup og kjör, en slíkir árekstrar hafa oft átt sér stað að undanförnu og valdið þjóðarheildinni miklu fjárhagslegu tjóni.

Í frumvarpinu er loks ákvæði um, að félög, sem stofnuð verða samkvæmt lögunum, skuli undanþegin greiðslu tekjuskatts af varasjóði og tryggingarsjóði og heimilað að undanþiggja þau útsvari. Með lögum frá síðasta Alþingi voru togaraútgerðarfyrirtækjum veitt svipuð hlunnindi um nokkurra ára skeið, og virðist ekki ósanngjarnt, að hlutarútgerðarfélögin njóti einnig þeirra hlunninda.

Nd. 51. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

I. Frá *Sveinbirni Högnasyni* og *Helga Jónassyni*.
Framan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir A. 10. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætast nýir liðir:
a. *Ásvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsbrautar um Ás og Háfshverfi að fyrirhuguðu brúarstæði á Hólsá.
b. *Fljótsvegur:* Frá Hemlu um Akurey að Bergþórshvoli.
c. *Miðeyjarvegur:* Frá vegamótum Suðurlandsbrautar vestan Ála, um Miðey, Lágafell, Skíðbakka að Affalli ofan Úlfsstaðahverfis.
d. *Hagabraut:* Frá vegamótum Fjallabaksvegar ofan við Lýtingsstaði um Haga, Saurbæ, Stúfholt, Skammbeinsstaði á Fjallabaksveg neðan við Köldukinn.

II. Frá *Sigurði Kristjánssyni*.
a. Í stað „2. gr. laganna“ í upphafi frvgr. kemur: 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933.

b. Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir XVII. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætist nýr liður:
Súðavíkurvegur: Frá Ísafirði fyrir Skutulsfjörð um Arnardal til Súðavíkur.

III. Frá *Vilmundi Jónssyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir XVII. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætast nýir liðir:
a. *Súðavíkurvegur:* Frá Seljalandsá í Skutulsfirði um Arnardal til Súðavíkur.
b. *Skorarheiðarvegur:* Frá Hrafnfjarðareyri í Jökulfjörðum til Furufjarðar á Ströndum.
c. *Látravegur:* Frá Hekleyri um Hesteyri að Látrum í Aðalvík.

IV. Frá *Jóni Pálmasyni, Pálma Hannessyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir C. 7. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætist nýr liður:
Kolugafjallsvegur: Frá Skagastrandarvegi um Norðurárdal til Sauðárkróks.

V. Frá *Pálma Hannessyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Tölul. C. 9. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 skal orða svo:
Sauðárkróksvegur: Frá Sauðárkróki um Varmahlíð að Goðdölum.

VI. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Pálma Hannessyni.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir C. 10. í 2. gr. l. nr. 101 19. júní 1933 bætist nýr liður:
Hólavegur: Frá Hofsósvegi að Hólum í Hjaltadal.

VII. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við fyrirsögn frv. bætist: og lögum nr. 72 23. júní 1936.

Ed. 52. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1940 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og borið saman við gildandi lög og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. marz 1939.

Bernh. Stefánsson,	Erl. Þorsteinsson,	Magnús Jónsson,
form., frsm.	fundaskr.	með fyrirvara.

Nd. 53. Frumvarp til laga

um sérstaka dómþinghá í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Pálmi Hannesson.

1. gr.

Holtshreppur í Skagafjarðarsýslu skal vera sérstök dómþinghá, með þingstað að Ketilási.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1897 var Holtshreppi í Skagafirði skipt í tvennt, Holtshrepp og Haganeshrepp, en þingstaður Holtshrepps var eftir sem áður í Haganesvík, og hefir engin breyting á því orðið síðan. Af þessu hefir leitt allmikið óhagræði fyrir íbúa Holtshrepps, og hafa þeir nú komið sér upp fundahúsi að Ketilási, þar sem fundir allir um sveitarmálefni eru að sjálfsögðu haldnir. Óska þeir því, að hreppurinn verði sérstök þinghá með þingstað á þessum stað, og virðist eðlilegt, að Alþingi verði við þeirri ósk.

Nd. 54. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Finni Jónssyni.

Við 1. gr., 2. málsgr. Í stað „1. júlí 1939" komi: 1. jan. 1940.

Nd. 55. Frumvarp til laga

um breyting á lagaákvæðum um verðtolla.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Fyrirmælin í lagaákvæðunum um verðtoll um það, að stimpla skuli innkaupsreikninga með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75 27. júní 1921, eru úr gildi numin. Innheimtulaun af verðtollum skulu þó vera sem áður.

Fjármálaráðherra skipar fyrir um kvittun fyrir verðtollum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Að tilhlutun fjármálaráðuneytisins voru gefin út bráðabirgðalög 4. jan. s.l. samhljóða frv. þessu, en greinargerð þessara bráðabirgðalaga var sem hér segir:

„Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna þess að póstmálastjórnin hafi talið það aðkallandi að hætta að kvitta fyrir tollgjöldum af póstsendingum með frímerkjum, hafi þegar verið notuð heimild tolllaga til að breyta um kvittunaraðferð, en af því hefir leitt, að tvennskonar kvittunaraðferð hefir skapazt í tollheimtunni, en þar sem það getur verið hættulegt hagsmunum ríkissjóðs og þetta verður ekki samræmt nema í byrjun reikningsárs í tollheimtunni, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar."

Með tilvísun til 23. gr. stjórnarskrárinnar er þetta frumvarp lagt fyrir reglulegt Alþingi 1939 til þess að ákvæði bráðabirgðalaganna haldi gildi sínu.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar fyrir bráðabirgðalögunum, sem fyrr getur.

Nd. 56. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir einróma fallizt á að mæla með því við háttv. deild, að frv. verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (ÁÁ) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 13. marz 1939.

Bjarni Bjarnason, form.	Gísli Sveinsson, frsm.	Pálmi Hannesson, fundaskr.	Jóh. G. Möller.

Ed. 57. Frumvarp til laga

um ostrurækt.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að ákveða í reglugerð, að tiltekin svæði í fjörðum inni skuli um tiltekinn tíma friðuð til ostruræktar fyrir hverskonar veiðum, öðrum en ostruveiðum. Ennfremur skal þar ákveðið, hvernig og á hvaða árstíma heimilt sé að stunda ostruveiðar.

Slík friðun skal þó því skilyrði bundin, að hún komi ekki í bága við veiðiskap, sem fyrir er á svæðinu, hvort heldur er um að ræða veiði nytjafiska eða skelfiskatekju, nema samkomulag náist við þá, er þar eiga hagsmuna að gæta, og ennfremur, að forstjóri fiskveiðideildar rannsóknarstofnunar atvinnuveganna telji ostrurækt nytjavænlega hér við land.

2. gr.

Enginn má stunda ostrurækt á friðlýstu svæði nema með leyfi atvinnumálaráðherra.

Leyfi þessi má veita innlendum og erlendum félögum og einstaklingum, og skulu þau bundin við ákveðin svæði og til ákveðins árafjölda. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra sett þau skilyrði fyrir leyfum þessum, sem hann telur nauðsynleg til verndar hagsmunum ríkis, almennings eða einstakra manna.

3. gr.

Sérhver, sem á land eða hefir land til afnota, er liggur að friðlýstu svæði, er skyldur til að þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem ostruræktin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir af hálfu leyfishafa. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna. Kostnað við matið greiðir leyfishafi. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 30 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum.

Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn af leyfishafa.

4. gr.

Heimilt er að undanþiggja tilrauna-ostrur (móðurdýr) öllum innflutningsgjöldum.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 krónum.

Fara skal um slík mál sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 58. Frumvarp til laga

um breyting á 14. gr. laga nr. 1 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Verksmiðjurnar skulu greiða ½% af brúttó andvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar, þó ekki yfir 40% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár. Þær greiða ekki útsvar, fasteignaskatt í bæjarsjóð eða sveitarsjóð né tekju- og eignarskatt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 59. Nefndarálit

um frv. til laga um breyt. á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið frumvarpið og borið saman við gildandi lög og leggur til, að það verði samþ.

Einn nefndarmanna ritar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að koma fram með breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 16. marz 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Magnús Gíslason, frsm., með fyrirvara.	Ingvar Pálmason, fundaskr.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu síldarverksmiðju á Raufarhöfn.

Frá Jóhanni Jósefssyni og Finni Jónssyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota nú þegar heimild laga nr. 10 frá 13. jan. 1938, um að reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, og verði framkvæmdum hagað svo, að hin nýja verksmiðja geti tekið til starfa í byrjun næstu síldarvertíðar.

Sþ. 61. Tillaga til þingsályktunar

um raforkuveitu til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast gagnvart Reykjavíkurkaupstað, ef hann tekur að sér að koma upp raforkuveitu til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar, til þess að veita þangað háspenntri raforku frá Sogsvirkjuninni og að starfrækja veituna til bráðabirgða, að þeim, sem síðar kynni að hljóta rétt til orkuflutnings á þessu svæði, verði gert skylt, er hann hefir öðlazt réttinn, að taka við línunni ásamt tilheyrandi mannvirkjum og endurgreiða Reykjavíkurkaupstað útlagðan kostnað, að frátalinni eðlilegri fyrningu, enda sé þá Reykjavíkurkaupstað skylt að afhenda þeim aðilja línuna. Á sama hátt sé ríkissjóði heimilt að taka við línunni og Reykjavíkurkaupstað skylt að láta hana af hendi, ef ríkisstjórnin óskar þess.

Takist ekki samningar við Reykjavíkurbæ um framkvæmd verksins, er ríkisstjórninni heimilt að leggja línuna og starfrækja hana.

Til þessara framkvæmda heimilast ríkisstjórninni að taka lán, innanlands eða erlendis, eða ábyrgjast lán, sem tekið kann að verða í þessu skyni.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa, eins og kunnugt er, farið fram rannsóknir og undirbúningur að raforkuveitum út frá Sogsvirkjuninni til flutnings og dreifingar orku hennar um suðvesturhluta landsins. Ein af raforkuveitum þessum, nfl. Hafnarfjarðarlínan, er þegar gerð og tekin í notkun.

Öllum nauðsynlegum verkfræðilegum undirbúningi að annari aðalveitunni út frá Sogsvirkjuninni, línu um Selfoss til Eyrarbakka og Stokkseyrar, er nú talið að fullu lokið, þannig að gera megi veituna á þessu ári.

Eftir áætlunum, sem rafmagnseftirlit ríkisins hefir gert um veituna, er ætlað, að stofnkostnaður aðalveitunnar til kauptúnanna þriggja muni, með því verðlagi, sem nú er á efni og vinnu, verða 310000 krónur, en kringum 70000 króna kostnaður að auki vegna spennistöðva og lína heim að þeim býlum til sveita, sem ráðgert er, að fái orku úr veitunni. Árlegar greiðslur til vaxta, afborgana, viðhalds og gæzlu eru áætlaðar um 42000 krónur, en gjald til Sogsvirkjunarinnar fyrir orku fer eftir því, hversu mikil verður orkunotkun.

Íbúar kauptúnanna austan fjalls greiða nú árlega um 73000 krónur fyrir kol, olíu og annað eldsneyti, en auk þess um 25000 krónur fyrir rafmagn, sem nú er framleitt í olíumótorstöðvum. Raforkan frá Sogi getur komið í stað þessarar eyðslu að ⅔ hlutum, eða rúmlega það, eða sem svarar 65—70 þús. krónum á ári, en af þeirri upphæð er allt að helmingur erlendur gjaldeyrir. Getur því af veitu þessari orðið töluverður sparnaður á erlendum gjaldeyri til eldsneytiskaupa o. fl., enda er ljós þörf þess að veita orku Sogsvirkjunarinnar sem fyrst um þau héruð, sem talið er hagkvæmt, að fái orku þaðan, svo afl virkjunarinnar verði að fullu hagnýtt.

Raforkuveitunnar frá Sogi til kauptúnanna austan fjalls og þeirra sveita, sem veitan getur náð til, er nú orðin hin brýnasta þörf. Rafstöðvar þær, sem þar eru fyrir, eru orðnar með öllu ófullnægjandi, og yrði óhjákvæmilegt að kosta til endurnýjunar og aukningar þeirra, og gætu þær þó eigi látið í té raforku til annars en ljósa, svo neinu nemi, en eins og að framan greinir, geta á þessu svæði orðið not mikillar raforku. Engum getum þykir þurfa að leiða að því, að veita, er flytur næga raforku um þéttbyggðasta hluta sýslunnar, muni skapa skilyrði til annara nýrra og margháttaðra verklegra framkvæmda, skapa ný og aukin lífsskilyrði í sýslunni og draga úr flutningi fólks þaðan.

Gera má ráð fyrir, að Alþingi muni ákveða með lögum, hvert fyrirkomulag skuli

verða á framkvæmdum um raforkuveitur út frá Sogi og aðrar slíkar veitur. En meðan það er ekki orðið og dráttur verður á því, að Alþingi gangi frá slíkum lögum, þá má framkvæma ekki stærra mannvirki en þetta er á þann hátt, er hér er lagt til, þ. e. að hafa um framkvæmd þessa aðrahvora þá tilhögun, sem Alþingi lagði til, að yrði höfð við hina fyrstu veitu frá Sogsvirkjuninni, Hafnarfjarðarlínuna, sem nú er fullgerð og tekin í notkun, eins og áður er getið.

Áskoranir hafa okkur borizt frá 327 alþingiskjósendum í Sandvíkur-, Stokkseyrar- og Eyrarbakkahreppi, um að við gerum allt, sem unnt er, máli þessu til framgangs.

Ed. 62. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

11. gr. laga nr. 32 8. sept. 1931 orðist svo:

Tilgangur nautgriparæktarfélaga, sem um ræðir í 10. gr., skal vera að bæta kúakynið.

Samþykktir hvers félags skal gera eftir fyrirmynd, sem Búnaðarfélag Íslands semur, og skulu þær samþykktar af því.

Þegar félag hefir fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands, getur það árlega fengið styrk til starfsemi sinnar, og skal hann vera sem hér segir:

1. 1 kr. á reiknaða árskú, séu ekki gerðar fitumælingar, eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar sinnum á ári.
2. 1,80 kr. á reiknaða árskú, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri fullmjólka kú rannsökuð minnst þrisvar á ári hverju.
3. 2,50 kr. á reiknaða árskú, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri fullmjólka kú rannsakað minnst sex sinnum á ári hverju.

Styrkurinn borgist eftir á, þegar félagið hefir sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur, er sýni fóðureyðslu fyrir hverja einstaka kú og ársnyt hennar, byggða á vikulegum athugunum og í því formi, er Búnaðarfélag Íslands krefst og nánar skal tekið fram í reglugerð.

2. gr.

d.-liður 43. gr. laganna orðist svo:

Hve margt kynbótafé hver félagsmaður hafi, og má samanlögð ærtala félagsins ekki vera lægri en 50 og enginn einn maður eiga meira en helming af kynbótafé þess.

3. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Auk þess getur landbúnaðarráðherra styrkt 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum fjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að 600 kr. hvert, þó ekki yfir ⅔ á móti viðkomandi búnaðarsambandi eða annarstaðar að. Auk þessa leggur ríkissjóður allt að 2000 kr. fram á ári hverju til verðlauna búunum, eftir því sem nánar verður mælt fyrir í starfsreglum þeirra, er viðurkenndar skulu af Búnaðarfélagi Íslands og staðfestar af landbúnaðarráðherra.

Fjárræktarbú þessi skulu uppfylla öll þau skilyrði, er um ræðir í a.—c.-liðum 43. gr., og önnur ákvæði, sem sett kunna að verða.

Ef styrkþegi hættir að reka búið, hefir Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og, í samráði við aðra, er styrkt hafa búið, að ákveða, hvar búið starfar áfram. Borga skal búsféð með matsverði óvilhallra dómkvaddra manna.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1940.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk nýafstaðins búnaðarþings, og verður nánari grein gerð fyrir því í framsögu.

Ed. 63. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um talstöðvar í fiskiskipum o. fl.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Hvað hefir ríkisstjórnin gert til þess að koma í framkvæmd ályktun efri deildar Alþingis frá síðasta þingi um lækkun leigu á talstöðvum í fiskiskipum o. fl.?

Nd. 64. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Höfðahóla o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og fallizt á að mæla með því, að það verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Aftan við 1. gr. bætist: Námuréttindi í landi Höfðahóla eru undanskilin.

Alþingi, 16. marz 1939.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, frsm.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.
Pétur Ottesen.	Emil Jónsson.	

Nd. 65. Nefndarálit

um frv. til l. um sérstaka dómþinghá í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmaður (GÞ) var fjarstaddur er málið var tekið til meðferðar í nefndinni.

Alþingi, 17. marz 1939.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Thor Thors, frsm.	Vilmundur Jónsson, fundaskr.
Sveinbjörn Högnason.		

Nd. 66. Nefndarálit

um frv. til laga um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað málið og orðið sammála um að mæla með afgreiðslu þess. Tveir nefndarmenn (JPálm og PO) vilja þó breyta frv. í þá átt, að í stað þess, að það ákveður, að dýralæknum verði fjölgað í sex, þá verði þeir áfram ekki nema fimm, og bera þeir fram um það sérstaka breytingartill.

Öll nefndin leggur til, að á frv. verði gerð svofelld

BREYTING:

Við 2. gr.

Orðin „og ferðir“ falli niður.

Alþingi, 16. marz 1939.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Steingr. Steinþórsson, fundaskr. Jón Pálmason.

Pétur Ottesen. Emil Jónsson.

Nd. 67. Breytingartillaga

við frumv. til laga um dýralækna.

Frá Jóni Pálmasyni og Pétri Ottesen.

Við 1. gr.

Fyrir orðið „sex“ í byrjun greinarinnar komi: fimm, — og fyrir „tveir“ á undan „í Vestfirðingafjórðungi“ komi: einn.

Nd. 68. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „4 vikur“ í 1. tölulið 9. gr. b-lið komi: 3 mánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af nefnd, skipaðri af atvinnumálaráðherra til að athuga fjárhagsmálefni bæjar- og sveitarfélaga. Fylgdi því svolátandi greinargerð:

Samkvæmt núgildandi lögum skal útsvari útgerðarmanns skipt, ef skip hans leggur upp afla utan heimilissveitar hans 4 vikur samfleytt eða lengur. Fær sú sveit, þar sem afli er lagður á land, hluta af útsvarinu.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að tímamarkið verði fært upp í 3 mánuði. Er það til samræmis við tímatakmark það, sem lagt er til grundvallar fyrir skiptingu útsvara sjómanna og annara, er stunda atvinnu utan heimilissveitar samkv. sömu gr. 2. og 3. tölulið. Þykir og sanngjarnt, að heimilissveit skipanna fái útsvörin óskipt, þegar ekki er um lengri fjarveru þeirra að ræða en hér var sagt. Skulu nú færð nokkur rök fyrir því.

Þegar skip stundar veiðiskap og leggur upp afla utan heimilissveitar sinnar, hefir sveit sú eða bær, þar sem afli er lagður upp, bæði beinan og óbeinan hagnað af því. Má þar benda á verzlunarviðskipti skips og skipverja, en þó einkum atvinnu við hagræðingu og verkun aflans, sem lagður er á land. Þegar um er að ræða bræðslusíld, má og benda á, að síldarverksmiðjur ríkisins greiða veltugjald í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði, sem í rauninni er útsvar. Að sjálfsögðu greiða og síldarverksmiðjur, fiskimjölsverksmiðjur, fiskverkunarstöðvar og söltunarstöðvar, sem eru einkaeign, útsvör í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði. Á þennan hátt verður afli utansveitarskipa útsvarsstofn á þeim stað, sem hann er lagður á land. Atvinnu- og viðskiptatekjur, sem skapast við veru skipanna, verða og útsvarsstofn á viðkomandi stað.

Þegar svo stendur á, sem að framan segir, fer heimilissveitin á mis við þann beina og óbeina hagnað, sem hin sveitin fær. Verður því ekki talið réttmætt, að heimilissveitin missi einnig hluta af útsvari útgerðarmannsins, þegar ekki er um lengri fjarvist skips að ræða en 3 mánuði, enda ekki ástæða til, að aðrar reglur gildi um útsvör útgerðarmanna en þeirra, sem um ræðir í 2. og 3. tölulið sömu greinar.

Reykjavík, 16. febrúar 1939.

Karl Kristjánsson. Friðjón Skarphéðinsson. Ólafur Sveinbjörnsson.
Bened. Guttormsson. Jens Hólmgeirsson.

Nd. 69. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Aftan við a-lið 7. greinar laganna bætist:

Fæði og húsnæði skipverja á skipum kemur þó eigi hér til greina, ef skattskyldar árstekjur þeirra fara ekki fram úr 2500 krónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Frv. þetta hefir verið flutt á tveim þingum næstu hér á undan. Er það nú flutt eins og það var, er það var afgreitt frá Nd. á síðasta þingi. En þingi var slitið, áður en það fékk afgreiðslu í Ed.

Frv. fylgi eftirfarandi greinargerð á fyrri þingum:

Meðal þess, sem meta ber til skattskyldra tekna samkv. a-lið 7. greinar tekjuskatts- og eignarskattslaganna frá 1935, er talið fæði og húsnæði, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.

Hlunnindi þessi munu af skattanefndum almennt metin á 2 kr. á dag, að því er snertir skipverja. En þótt fæði og húsnæði á skipum kosti útgerðirnar eflaust þetta eða meira, er hitt víst, að skipverjarnir sjálfir, að minnsta kosti þeir, sem fjölskyldu

hafa fram að færa, hafa af þessum hlunnindum lítinn sparnað á heimilum sínum. Mun óhætt að fullyrða, að hin verri aðstaða, sem skipverjinn hefir til þess, vegna fjarveru sinnar frá heimilinu, að afla nauðsynja til þess á haganlegan og ódýran hátt, vegur fullkomlega á móti því, sem neyzlan á heimilinu verður minni við það, að hann er þar ekki á fæði.

Nd. 70. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Vitamálastjóri gerir árlega tillögur og áætlun um fjárveitingar úr ríkissjóði til vitamála. Tillögur þessar skal hann gera í samráði við forstöðumann stýrimannaskólans í Reykjavík, forseta Fiskifélags Íslands og formann Farmannasambands Íslands. Skal þetta gert svo snemma, að ríkisstjórnin geti haft tillögurnar til hliðsjónar við samningu fjárlagafrumvarpsins.

2. gr.

Úr 8. gr. laganna falli orðin „ef ástæður ríkissjóðs leyfa".

3. gr.

9. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Ráðherra lætur reisa vita þá, sem taldir eru hér á eftir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum:

Á Miðfjarðarskeri	ljósviti
— Rauðanesi	—
— Þormóðsskeri	—
— Stapa	—
— Rifi á Snæfellsnesi	—
Við Grundarfjörð	—
Á Stórfiskaskeri við Hagabót	—
Undir Söðli við Skorarhlíð	—
Á Bjargtöngum	stækkun ljósvita
— —	radíóviti
— Vatneyri við Patreksfjörð	ljósviti
— Langanesi í Arnarfirði	—
— Þingeyri við Dýrafjörð	—
—Fjallaskaga við Dýrafjörð	—
— Flateyri við Önundarfjörð	—
— Sauðanesi	—
— Gelti	radíóviti
— —	hljóðviti
— Æðey	ljósviti
— Sléttu í Jökulfjörðum	—
— Aðalvík	—
— Hornbjargi	radíóviti
— —	hljóðviti
— Munaðarnesi	ljósviti
— Krossnesi	—
— Kaldrananesi	—
— Kjörseyri við Hrútafjörð	—

Á Bálkastaðanesi	ljósviti
— Skagaströnd	—
— Kálfshamarsvík	stækkun ljósvita
— Straumnesi við Skagafjörð	— —
— Reykjadisk við Skagafjörð	ljósviti
— Sauðanesi	radíóviti
— Húsavíkurhöfða	ljósviti
— Snartarstöðum	—
— Grenjanesi	—
— Svínalækjartanga	—
— Langanesi	stækkun ljósvita
— —	radíóviti
— —	hljóðviti
— Digranesi	ljósviti
— Kolbeinstanga í Vopnafirði	—
— Skálanesi við Borgarfjörð	—
— Glettinganesi	hljóðviti
— Hellisnesi við Norðfjörð	ljósviti
— Grímutanga við Reyðarfjörð	—
— Selnesi á Breiðdalsvík	—
— Seley	—
— —	radíóviti
— —	hljóðviti
— Hvalsnesi	ljósviti
— Stokknesi	radíóviti
— Hestgerði	ljósviti
— Ingólfshöfða	stækkun ljósvita
— Stórhöfða	— —
— Faxaskeri	ljósviti
— Þrídrangi í Vestmannaeyjum	—
— Hafnarnesi við Þorlákshöfn	—
— Reykjanesi	hljóðviti
— Gróttu	radíóviti
— —	hljóðviti

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 31 1937.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ástæður.

Frv. þetta var upphaflega flutt fyrir tilmæli Farmannasambands Íslands. Það var á þinginu 1937. Það var aftur flutt á síðasta þingi, en var ekki útrætt, er þingi sleit.

Nú er frumvarpið flutt í samráði við vitamálastjóra, og með þeim breytingum á vitaskránni, sem síðustu athuganir hafa leitt í ljós, að heppilegar séu. Þó er athugunum á einstaka vitastæði ekki alveg lokið.

Á síðasta þingi felldi Nd. niður 2. gr. frumvarpsins. En sú grein er höfuðatriði þessa máls, því hún er um það, að öllum tekjuafgangi vitanna, þ. e. þeim hluta vitagjaldsins, sem ekki fer í rekstrarkostnað vitanna, verði varið til byggingar nýrra vita.

Þess verður nú að vænta, að þm. hafi áttað sig á því, að á meðan vitakerfi landsins

er jafnófullkomið og enn er, þá sæmi ekki, að verulegur hluti vitagjaldsins verði að eyðslueyri ríkissjóðs til algerlega óskyldra hluta.

Um það verður ekki deilt, að í upphafi var til þess ætlazt, að allt vitagjaldið gengi til vitamálanna, rekstrar vitanna og nýbygginga. En á þessu verða árlega stórbrestir, svo að nú er þegar búið að eyða um **milljón króna** af vitagjöldum til annara hluta en vitamálanna.

Þessi meðferð vitagjaldsins væri afsakanleg eitt og eitt ár, ef vitakerfið væri orðið þétt og fullkomið. En því fer mjög fjarri, að svo sé. Vitar, stærri og smærri, hér á landi eru 120, og eru þá með taldir smávitar, sem starfræktir eru af bæjarfélögum og sveitarfélögum. Strandlengja landsins er öll talin um 5000 km., og verður þá 42 km. til jafnaðar milli vita. En sé lína dregin þvert fyrir annes, er hún talin 2400 km., og svarar vitafjöldinn til þess, að viti væri á hverjum 20 km. þeirrar línu.

Til samanburðar er það, að vitafjöldi í Noregi svarar til þess, að á tilsvarandi línu við norsku ströndina væri 1½ km. milli vita.

Sþ. 71. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um raforkuveitu til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.

Flutningsmenn: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

1. Tillögugreinin orðist svo:

   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast gagnvart Reykjavíkurkaupstað, ef hann tekur að sér að koma upp raforkuveitum til Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar, Akraness og Borgarness, til þess að veita þangað háspenntri raforku frá Sogsvirkjuninni og að starfrækja veiturnar til bráðabirgða, að þeim, sem síðar kynnu að hljóta rétt til orkuflutnings á þessum svæðum, verði gert skylt, er hann hefir öðlazt réttinn, að taka við línunum ásamt tilheyrandi mannvirkjum og endurgreiða Reykjavíkurkaupstað útlagðan kostnað, að frádreginni eðlilegri fyrningu, enda sé þá Reykjavíkurkaupstað skylt að afhenda þeim aðiljum línurnar. Á sama hátt sé ríkissjóði heimilt að taka við línunum og Reykjavíkurkaupstað skylt að láta þær af hendi, ef ríkisstjórnin óskar þess.

   Takist ekki samningar við Reykjavíkurbæ um framkvæmd verksins, er ríkisstjórninni heimilt að leggja línurnar og starfrækja þær.

   Til þessara framkvæmda heimilast ríkisstjórninni að taka lán, innanlands eða erlendis, eða ábyrgjast lán, sem tekið kann að verða í þessu skyni.

   Ef rannsóknir þær, sem nú er verið að framkvæma um lausn rafveitumála Borgarfjarðarhéraðs, leiða það í ljós, að tiltækilegra muni og hagkvæmara að virkja Andakílsárfossa heldur en veita til héraðsins raforku frá Sogsvirkjuninni, þá er ríkisstjórninni heimilt að framkvæma þá virkjun ásamt lagningu rafmagnslína og taka til þess lán eða ábyrgjast lán, ef héraðsbúar annast framkvæmd verksins.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:

   Tillaga til þingsályktunar um framkvæmd raforkumála í Árnessýslu og Borgarfjarðarhéraði.

Ed. 72. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

Frá Magnúsi Gíslasyni.

Við 1. gr.

Orðið „sjóða“ á 2 stöðum í greininni falli burt.

Ed. 73. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Magnús Gíslason, Ingvar Pálmason.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist nýr málsl.:

Þó skal jafnan með öllu bönnuð dragnótaveiði innan afmarkaðra hafnarsvæða, hvar sem er á landinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum eru dragnótaveiðar leyfðar nokkurn hluta ársins, hvar sem er í íslenzkri landhelgi. Hefir þessi veiðiaðferð færzt mjög í aukana hin síðari ár, og kemur ósjaldan fyrir, að dragnótaskip kastar netum sínum inni á löggiltum höfnum. Hefir þetta vakið nokkra óánægju þeirra, er búa í aðliggjandi kauptúnum og oft geta veitt sér fisk til matar inni á höfnunum. Á Austfjörðum og víðar á landinu hagar svo til, að síld, ufsi, smáfiskur og koli gengur inn á hafnirnar á þeim tíma árs, sem dragnótaveiðar eru leyfðar, og hefir oft orðið mikil björg að þessu, einkum síldinni, sem veidd er bæði í lagnet og landnætur. Telja menn, að fengin sé reynsla fyrir því, að dragnótaveiði á svo grunnu vatni og takmörkuðu svæði sem hafnirnar eru spilli mjög annari veiði þar inni. Komið getur það og fyrir, að dragnótaveiði inni á höfnum samrýmist ekki þeim reglum, sem settar eru um notkun hafnanna.

Þar sem dragnótaveiði á höfnum inni hefir mjög litla þýðingu fyrir þennan veiðiskap í heild sinni, en hefir hinsvegar í för með sér nokkurt óhagræði fyrir þá, sem búa í grennd við hafnirnar, og getur auk þess spillt verðmeiri veiði, svo sem síld- og ufsaveiði, þykir rétt að banna með lögum dragnótaveiði inni á höfnum. Banni þessu er aðeins ætlað að ná til löggiltra hafna, og aðeins þeirra, sem hafa afmarkað hafnarsvæði samkvæmt lögum eða reglugerðum.

Nd. 74. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Flm.: Finnur Jónsson, Pétur Ottesen.

a. Orðin „opna eða“ í 1. málsgr. 3. gr. laganna falli burt.
b. Á eftir síðustu málsgr. sömu lagagreinar bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Skylt er og vátryggingarfélögum þessum að taka opna vélbáta til vátryggingar, ef eigendur óska þess.

Greinargerð.

Breytingar þessar eru fluttar í tilefni af umkvörtunum, sem borizt hafa víða að af landinu frá eigendum opinna vélbáta um að útgerð þessara báta, sem víðast er rekin aðeins skamman tíma ársins, geti ekki risið undir því að greiða iðgjöld af tryggingunum. Af þessum ástæðum er hér lagt til, að tryggingarskylda opinna vélbáta sé afnumin, en hinsvegar sé vátryggingarfélögum skylt að tryggja opna vélbáta fyrir þá eigendur, sem óska þess.

Sþ. 75. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 71 [Raforkuveita til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar].

Frá Ólafi Thors.

1. Við 1. Meginmál till. orðist svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast gagnvart Reykjavíkurkaupstað, ef hann tekur að sér að koma upp raforkuveitum til Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar, Akraness, Borgarness, Keflavíkur, Garðs og Sandgerðis, til þess að veita þangað háspenntri raforku frá Sogsvirkjuninni og að starfrækja veiturnar til bráðabirgða, að þeim, sem síðar kynnu að hljóta rétt til orkuflutnings á þessum svæðum, verði gert skylt, er hann hefir öðlazt réttinn, að taka við línunum ásamt tilheyrandi mannvirkjum og endurgreiða Reykjavíkurkaupstað útlagðan kostnað, að frádreginni eðlilegri fyrningu, enda sé þá Reykjavíkurkaupstað skylt að afhenda þeim aðiljum línurnar. Á sama hátt sé ríkissjóði heimilt að taka við línunum og Reykjavíkurkaupstað skylt að láta þær af hendi, ef ríkisstjórnin óskar þess.
   Takist ekki samningar við Reykjavíkurbæ um framkvæmd verksins, er ríkisstjórninni heimilt að leggja línurnar og starfrækja þær.
   Til þessara framkvæmda heimilast ríkisstjórninni að taka lán, innanlands eða erlendis, eða ábyrgjast lán, sem tekið kann að verða í þessu skyni.
   Ef rannsóknir þær, sem nú er verið að framkvæma um lausn rafveitumála Borgarfjarðarhéraðs, leiða það í ljós, að tiltækilegra muni og hagkvæmara að virkja Andakílsárfossa heldur en veita til héraðsins raforku frá Sogsvirkjuninni, þá er ríkisstjórninni heimilt að framkvæma þá virkjun ásamt lagningu rafmagnslína og taka til þess lán eða ábyrgjast lán, ef héraðsbúar annast framkvæmd verksins.
2. Við 2. Fyrirsögn till. orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um framkvæmd raforkumála í Árnessýslu, Borgarfjarðarhéraði og Gullbringusýslu.

Nd. 76. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 10 13. janúar 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að útvega síldarverksmiðjum ríkisins á Raufarhöfn lóðir eftir þörfum, og má í því skyni taka eignarnámi lóðir og leigurétt yfir lóðum, sem verksmiðjurnar þurfa á að halda, ásamt mannvirkjum á slíkum lóðum, eftir því sem kann að reynast nauðsynlegt, ef eigi næst samkomulag um kaup á þessu. Skal um framkvæmd slíks eignarnáms fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóvember 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk atvinnumálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Síldarverksmiðjur ríkisins hafa orðið að kaupa leigurétt á lóðum á Siglufirði og Raufarhöfn fyrir afarhátt verð, enda þótt lóðir þessar séu eign ríkissjóðs. Þykir því rétt, að heimilað verði með lögum að taka slík réttindi eignarnámi handa síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, Raufarhöfn og annarstaðar, þar sem ríkið kynni að eignast eða setja upp síldarverksmiðjur.

Nd. 77. Frumvarp til laga

um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Höfðahóla o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja Höfðahreppi í Húnavatnssýslu þjóðjörðina Höfðahóla og Blönduóshreppi í sömu sýslu þann hluta verzlunarlóðarinnar sunnan Blöndu og neðan þjóðvegar, sem er eign kirkjujarðasjóðs. Námuréttindi í landi Höfðahóla eru undanskilin.

2. gr.

Um mat til verðákvörðunar og greiðslu andvirðis skal fara eftir sömu reglum sem giltu um sölu þjóðjarða samkvæmt lögum nr. 31 20. október 1905.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 78. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1940 með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 21. marz).

Samhljóða þskj. 5.

Nd. 79. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar frá 15. júní til 30. september ár hvert.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er flutt samkvæmt áskorun 54 bátaeigenda og sjómanna, er stunda dragnótaveiðar frá Akureyri og sjávarplássum við

Eyjafjörð, og fer fram á þá breytingu á gildandi lögum um dragnótaveiði í landhelgi, að dragnótaveiði sé leyfð samtímis umhverfis land allt. Áskorun þessari fylgir svofelld greinargerð:

„Eftir að þorskveiðaútgerðin á stærri skipum og vélbátum lagðist hér alveg niður, með aflaleysisárunum eftir 1932, tóku allmargir sjómenn það til ráðs, að koma sér upp opnum vélbátum, til að mynda sér með því lengri og þá væntanlega vænlegri atvinnu en þeir eiga kost á á skipunum hér, með hinum skamma útgerðartíma þeirra. Hefir bátum þessum smáfjölgað og eru nú yfir 20, þar af 6 litlir þilbátar, og hver bátur menntur 2 til 3 mönnum. Aðalaflamöguleikar bátanna er dragnótaveiði, sem styðst við markað hraðfrystihúsanna. (Vetrarafli bátanna fyrir bæjarmarkaðinn er hér venjulega mjög rýr.)

Þegar dragnótaveiðin má hefjast hér — um miðjan júnímánuð — það er mánuði síðar en hún hefst sunnan- og vestanlands — sækir hingað fjöldi báta að sunnan og vestan, sem þá eru búnir að reyta upp að mestu grunnmiðin heima fyrir, leggjast hér í þessi tregsömu, víðáttulitlu grunnmið og skafa þau upp á fáum dögum. Að því búnu halda þeir áfram fiskileitinni austur eða vestur á bóginn — heimleiðis. Verða smábátarnir hér að sækja allt sumarið og haustið á þessi uppreyttu veiðisvæði, enda við lítinn afla.

Af þessu má vera ljóst, að smábátarnir hér norðanlands búa við mjög erfið skilyrði við þessa veiði, og mikinn aðstöðumun samanborið við báta sunnanlands og vestan, þar sem þeim er með lögunum sköpuð aðstaða til að hagnýta sér þessi veiðiskilyrði sem bezt, bæði sunnanlands og norðan — og það að verulegu leyti á kostnað smábátanna hér nyrðra, sem bannað er með lögunum að byrja veiði á sama tíma og annarstaðar.

Verður þessi aðstöðumunur, að svo miklu leyti, sem hann stafar af löggjöfinni, að teljast óréttmætur í mesta máta, auk þess sem það, að halda honum við, virðist mjög óhagkvæmt fyrir framtíð þessa veiðiskapar. Er það skoðun margra, að hin gegndarlausa fiskileit, og um leið stórtæka rányrkja, á mörgum tugum stórra vélbáta, sem fara með ströndum alls landsins til að afla þennan mjög takmarkaða fiskistofn — skarkolann — á grunnmiðunum, sé mikils til of eyðslufrek, miðað við aflaskilyrðin, og því vafasamur gjaldeyrishagnaður af rekstri þeirra, auk þess sem það reyndist s.l. sumar mjög rýr atvinna fyrir þá, sem að því unnu. Hitt hefir reynsla þessara ára þegar sýnt, bæði hér og víðar, að smábátar, sem koma upp og stunda veiðina frá þeim stöðum, þar sem hraðfrystihúsin eru komin upp, eru að mörgu leyti hentugir til að stunda þessa tregsömu veiði, bæði vegna þess, hversu eyðslusparir þeir eru, og þá ekki síður af hinu, að með þá eru að jafnaði menn, sem eru vel kunnugir sínum heimamiðum, og fer því minna í fiskileit og veiðarfæraslit.

Af þessum ástæðum eru smábátarnir a. m. k. hálfu léttari á hinum takmarkaða gjaldeyri, miðað við aflamagn, heldur en stóru bátarnir. Er það því hagkvæmt fyrir framtíð þessa veiðiskapar, að hann verði meira stundaður á smáum, staðbundnum bátum, og með því mun fást betri árangur, bæði fyrir þá, sem að honum vinna, og fyrir landsheildina til frambúðar. En verði haldið áfram eins og verið hefir, verður atvinna á smábátunum svo léleg, að sá útvegur hlýtur að dragast saman.

Er þess því að vænta, að hið háa Alþingi stefni að því að draga úr þeim mikla aðstöðumun bátanna, sem að framan er lýst, með því að breyta lögunum þannig, að veiðina megi hefja samtímis við allar strendur landsins þegar á komandi vori."

Nánar í framsögu.

Ed. 80. Frumvarp til laga

um rafveitur ríkisins.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn og starfrækja rafveitur, er vera skulu eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, með sérstöku reikningshaldi, undir umsjón atvinnumálaráðuneytisins. Stofnunin skal heita: Rafveitur ríkisins.

2. gr.

Rafveitur ríkisins skulu hafa það verkefni að afla almenningi í landinu raforku með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá orkuverum eða öðrum orkuveitum, veita orkunni um hreppa, sýslur eða stærri landshluta og selja hana eða afhenda raforkuveitum í kaupstöðum, kauptúnum eða öðrum innanhéraðsorkuveitum eða orkuveitufélögum, er stofnuð eru til þess að taka við orkunni og veita henni til neytenda innan héraðs eða á félagssvæði.

Rafveitur ríkisins geta einnig gerzt meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annara eða tekið þær á leigu og starfrækt þær, eða tekið þátt í starfrækslu þeirra eftir sérstökum samningi. Rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem innanhéraðsorkuveita eða orkuveitufélag er ekki til, eða annarstaðar með samþykki innanhéraðsveitunnar eða orkuveitufélags.

3. gr.

Til þess að hafa á hendi forstöðu fyrir rafveitum ríkisins skal atvinnumálaráðherra skipa framkvæmdarstjóra, er vera skal rafmagnsverkfræðingur, og kallast hann rafveitustjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Atvinnumálaráðherra skipar aðra starfsmenn rafveitna ríkisins, að fengnum tillögum rafveitustjóra, eftir því sem ákveðið kann að verða í reglugerð.

4. gr.

Rafveitur ríkisins mega ekki reisa, kaupa eða taka á leigu orkuver eða orkuveitu, nema undangengnar rannsóknir og nákvæmar áætlanir sýni, að virkin muni gefa þær tekjur, sem nægja fyrir öllum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir og afborganir stofnkostnaðar, eða að tryggt sé, að tekjuafgangur rafveitnanna af öðrum virkjum sé nægur til þess að greiða hallann, eða nægilegt fé hafi verið veitt til virkjanna á annan hátt. Þá skal og, ef um er að ræða fleiri en eitt orkuver eða orkuveitu í senn, það orkuver eða orkuveita ganga fyrir um framkvæmd, sem áætlanir sýna, að ber sig betur fjárhagslega, nema sérstaklega standi á.

Nú sýna áætlanir, að rekstrarhalli muni verða fyrstu árin, sem veitan starfar, og skal þá talið, að hún beri sig fjárhagslega, ef hún samkvæmt áætlun rafveitustjóra hefir skilyrði til þess að vinna sig upp síðar og endurgreiða samansafnaðan rekstrarhalla fyrstu áranna.

5. gr.

Rafveitustjóri gerir, að undangengnum nauðsynlegum rannsóknum og athugunum, tillögur til ríkisstjórnarinnar um það, í hvaða framkvæmdir skuli ráðizt til orkuvinnslu og orkuveitu. Hann gerir nauðsynlegar kostnaðaráætlanir um þær, athugar skilyrði fyrir orkukaupum og orkusölu og gerir nákvæmar áætlanir um væntanlegar tekjur og gjöld af virkjunum, til þess að séð verði, hvort þau fullnægja skilyrðum 4. gr. Að því er tekur til vatnsvirkja framkvæmir þó vatnamálaráðunautur ríkisins nauðsynlegar mælingar og gerir kostnaðaráætlanir og annan undirbúning að þeim, nema öðruvísi verði ákveðið. Kostnað allan við þessar rannsóknir, svo og við annan undirbúning, skal greiða úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í því skyni.

Þó er rafveitum ríkisins heimilt, með samþykki ráðherra, að verja fé af tekjuafgangi sínum til slíkra rannsókna að svo miklu leyti, sem honum hefir ekki verið ráðstafað á annan hátt. Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra.

Nú telur atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum rafveitustjóra, rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum, eða að festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstjórnin fylgja nákvæmar áætlanir um væntanlegar tekjur og gjöld af þessum virkjum, sbr. 8. og 9. gr.

6. gr.

Nú er ákveðið að reisa raforkuver eða koma upp raforkuveitu, og hefir þá rafveitustjóri stjórn þeirra framkvæmda. Að því er tekur til vatnsvirkja annast vatnamálaráðunautur ríkisins framkvæmd verksins. Að öðru leyti ákveður atvinnumálaráðuneytið nánar verkaskiptingu milli þeirra.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum rafveitustjóra, gjaldskrá um raforkusölu frá rafveitum ríkisins.

Tekjum rafveitna ríkisins skal varið til greiðslu rekstrarkostnaðar hinna einstöku raforkuvirkja, þar með talið stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og afborganir lána. Afgangurinn leggist í sérstakan sjóð, rafveitusjóð ríkisins, er rafveitustjóri varðveitir undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

8. gr.

Rafveitusjóði ríkisins skal varið til aukningar raforkuveitum og eflingar raforkuvinnslu og raforkunotkun, sbr. 5. gr.

9. gr.

Rafveitustjóri skal árlega gera efnahags- og rekstrarreikning rafveitna ríkisins, svo og kostnaðarreikning fyrir þau virki, sem eru í smíðum, ennfremur skýrslu um starfsemina, og senda atvinnumálaráðuneytinu. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántökur, fjárveitingar og önnur fjárframlög, sbr. 5. gr.

10. gr.

Setja skal reglugerðir um rekstur innanhéraðsveitna, sem kaupa raforku frá rafveitum ríkisins, og gjaldskrár um raforkusölu frá þeim. Í reglugerðunum skulu vera ákvæði um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja, til þess að tryggja rafveitum ríkisins greiðslu fyrir orku þá, sem þær selja, svo og til þess að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir reglugerðir þessar og gjaldskrár, að fengnum tillögum rafveitustjóra og rafmagnseftirlits ríkisins, og samræmir reglugerðir og gjaldskrár hinna einstöku raforkuveitna, eftir því sem þörf þykir.

11. gr.

Rafveitustjóri skipar fyrir um rekstur raforkustöðva ríkisins, sem starfræktar eru við skóla eða aðrar opinberar stofnanir ríkisins, nema reksturinn sé falinn þessum stofnunum sérstaklega.

12. gr.

Rafveitustjóri ríkisins hefir umsjón með þeim fallvötnum, sem eru í eign ríkissjóðs, heldur skrá yfir þau og annast nauðsynlegt bókhald í sambandi við þau. Raf-

veitustjóri gerir í samráði við vatnamálaráðunaut tillögur til ríkisstjórnarinnar um kaup á vatnsréttindum, sem hann telur nauðsynlegt, að ríkið eignist.

13. gr.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal sérstaklega um:

1) Stjórn og fjárreiður rafveitna ríkisins, reikningshald, fyrningu og greiðslur í rafveitusjóð, svo og um skýrslugerðir rafveitustjóra.
2) Starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna, svo sem ákvæði, er lúta að því að aðgreina undirbúning, byggingu og rekstur í sérdeildir, undir stjórn rafveitustjóra, þegar þess verður þörf.
3) Önnur atriði viðvíkjandi starfrækslu veitnanna, kaupum og sölu á raforku.
4) Eftirlit með og afskipti af málum innanhéraðsveitna, sbr. 10. gr.

14. gr.

Rísi ágreiningur milli rafveitna ríkisins og kaupenda raforku frá orkuverum þeirra út af samningum, sem gerðir eru samkvæmt þessum lögum, geta aðiljar komið sér saman um að leggja hann undir úrskurð gerðardóms þriggja dómkvaddra manna.

15. gr.

Fyrst um sinn er forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins rafveitustjóri, og er hann jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar í raforkumálum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk atvinnumálaráðherra. Málið lá fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt í það sinn. Er það nú flutt á ný óbreytt eins og það var borið fram í neðri deild þá, en flm. mun við meðferð málsins síðar flytja breytingartillögur við það. Að öðru leyti er vísað til greinargerðar, er málinu fylgdi upphaflega (sjá Alþt. 1938, A. þskj. 114).

Ed. 81. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Bernharð Stefánsson, Jónas Jónsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Útvarpsráð skipa fimm menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til tveggja ára í senn. Kennslumálaráðherra skipar formann úr flokki hinna kosnu útvarpsráðsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá um leið niður umboð þeirra útvarpsráðsmanna, sem kosnir voru af útvarpsnotendum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, gerir þá breyting á útvarpsráðinu, að tala útvarpsráðsmanna er færð úr 7 niður í 5. Kennslumálaráðherra skipaði áður

einn þeirra, en samkvæmt frumvarpinu engan. Útvarpsnotendur kusu áður þrjá. Kostnaður við þá kosningu varð um hálft tíunda þúsund krónur, er útvarpið varð að greiða, en yrði nú nokkru meira vegna fjölda notenda, sem þegar er orðinn. Auk nefndrar upphæðar má gera ráð fyrir einhverjum óbeinum kostnaði, en útvarpið sjálft verður að greiða vegna kosninganna nær 12000 kr. hvert skipti, sem svarar allt að 3000 kr. á ári.

Engin nauðsyn virðist að skipa útvarpsráðið fleirum en 5 mönnum. Hefir það sérstakan skrifstofustjóra sér við hönd og útvarpsstjórinn starfar með því.

Þar sem kosningar þessar hafa verið að mestu pólitískar, er líklegast, að svipuð hlutföll haldist við hlutfallskosningar á Alþingi, og einnig fari líkt um val manna í útvarpsráðið eins og verið hefir.

Hér er farin sú leið, að hafa kjörtíma útvarpsráðsins tvö ár í stað fjögra, sem áður var. Teljum vér það rétt nú, á slíkum straumhvarfatímum, þegar enginn kostnaður er við kjör þess.

Þá skal og bent á það, að árleg launagreiðsla útvarpsins lækkar við þá breyting, sem hér er gert ráð fyrir, um 2000 kr. eða meira.

Sþ. 82. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 75 [Raforkuveita til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar].

Frá Sveinbirni Högnasyni, Jóhanni Jósefssyni og Helga Jónassyni.

1. Við 1. Meginmál till. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast gagnvart Reykjavíkurkaupstað, ef hann tekur að sér að koma upp raforkuveitum til Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar, Þykkvabæjar, Landeyja, Vestmannaeyja, Akraness, Borgarness, Keflavíkur, Garðs og Sandgerðis, til þess að veita þangað háspenntri raforku frá Sogsvirkjuninni og að starfrækja veiturnar til bráðabirgða, að þeim, sem síðar kynnu að hljóta rétt til orkuflutnings á þessum svæðum, verði gert skylt, er hann hefir öðlazt réttinn, að taka við línunum ásamt tilheyrandi mannvirkjum og endurgreiða Reykjavíkurkaupstað útlagðan kostnað, að frádreginni eðlilegri fyrningu, enda sé þá Reykjavíkurkaupstað skylt að afhenda þeim aðiljum línurnar. Á sama hátt sé ríkissjóði heimilt að taka við línunum og Reykjavíkurkaupstað skylt að láta þær af hendi, ef ríkisstjórnin óskar þess.

Takist ekki samningar við Reykjavíkurbæ um framkvæmd verksins, er ríkisstjórninni heimilt að leggja línurnar og starfrækja þær.

Til þessara framkvæmda heimilast ríkisstjórninni að taka lán, innanlands eða erlendis, eða ábyrgjast lán, sem tekið kann að verða í þessu skyni.

Ef rannsóknir þær, sem nú er verið að framkvæma um lausn rafveitumála Borgarfjarðarhéraðs, leiða það í ljós, að tiltækilegra muni og hagkvæmara að virkja Andakílsárfossa heldur en veita til héraðsins raforku frá Sogsvirkjuninni, þá er ríkisstjórninni heimilt að framkvæma þá virkjun ásamt lagningu rafmagnslína og taka til þess lán eða ábyrgjast lán, ef héraðsbúar annast framkvæmd verksins. Sama gildir og um Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjar, ef rannsóknir þær og áætlanir, sem nú er verið að framkvæma um virkjun Tungufoss í Rangá, leiða í ljós, að hagkvæmara muni að fá raforku þaðan til þessara staða.

2. Við 2. Fyrirsögn till. orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um framkvæmd raforkumála í Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjum, Gullbringusýslu og Borgarfjarðarhéraði.

Nd. 83. Frumvarp til laga

um jöfnunarsjóð aflahluta.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Af óskiptum afla hvers íslenzks veiðiskips, sem hefir hlutaráðningu (þ. e. skipshöfnin tekur kaup sitt í hlutdeild í afla), skal í lok hverrar vertíðar greiða 1% af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi.

Útgerðarmaður stendur skil á gjaldinu.

Fé þetta innheimta hreppstjórar og bæjarfógetar, hver í sínu umdæmi, og rennur það óskert í sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður aflahluta. Skal það sent sjóðsstjórninni að loknum skiptum eftir hverja vertíð.

2. gr.

Ríkissjóður leggur jöfnunarsjóði til fyrsta ár eftir stofnun hans jafnháa fjárhæð og tekjur sjóðsins voru af aflahlutum það ár. Eftir það leggur ríkissjóður sjóðnum fjárhæð, sem jafngildir tekjum hans af aflahlutum frá byrjun, deildum með tölu ára frá stofnun hans.

3. gr.

Sjóðnum skal varið þannig:

Þegar hlutir á veiðiskipi verða ekki yfir 66% af meðalhlut skipsins 5 síðustu ár, miðað við úthaldstíma, skulu hlutir bættir upp eftir eftirfarandi reglum, meðan fé sjóðsins endist, sbr. þó síðustu málsgrein þessarar greinar:

Hafi aflahlutur orðið 60—66% af meðalhlut 5 síðustu ára, skal hann bættur úr jöfnunarsjóði með 30% af því, sem á vantar meðalhlut. Hafi aflahlutur orðið lægri en 60% af meðalhlut, hækkar uppbótin við hvern hundraðshluta, sem aflahluturinn lækkar, um 1% af því, sem á vantaði meðalhlut, þar til uppbótin er orðin 50%, sem er hámark uppbótar.

Hafi skip gengið til veiða skemur en 5 ár, þegar til uppbótar kemur, skal þó miða við meðalhlut þess, hafi það gengið tvö ár eða lengur. Ella skal miða við meðalhlut sambærilegra skipa í sömu eða næstu veiðistöð.

Við úthlutun úr sjóðnum til hlutauppbóta má aldrei ganga nær honum en það, að úthlutað sé 80% af þáverandi eignum hans.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn.

Fiskveiðasjóður Íslands annast daglegar framkvæmdir og reikningshald sjóðsins, fyrir þóknun, er stjórnum sjóðanna kemur saman um.

5. gr.

Stjórn jöfnunarsjóðs geymir fé hans, og skal það ávallt geymt í banka.

6. gr.

Skip, sem gerð eru út í sama kaupstað eða sama hreppi, geta myndað sérstaka deild í jöfnunarsjóði, ef útgerðarmenn og starfandi sjómenn í kaupstaðnum eða hreppnum óska þess. Geta deildir þessar ákveðið hærri iðgjöld en þau almennu og aflað sérsjóðum sínum annara tekna. Framlag ríkissjóðs til þeirra miðast þó ávallt við 1% af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi.

Stjórn jöfnunarsjóðs getur við úthlutun hlutauppbóta úr sérsjóðum þessum vikið frá hinni almennu reglu, ef ástæða þykir til og óskir koma fram um það frá þeim, sem hlut eiga að máli.

7. gr.

Í reglugerð fyrir jöfnunarsjóð aflahluta má setja ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, eins og nauðsynlegt þykir, þótt ekki sé sérstaklega ráð fyrir þeim gert í lögum þessum, þó svo, að þau fari ekki í bág við nein ákvæði laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefir risið ágreiningur milli útgerðarmanna og skipshafna á ísl. fiskiskipum (hlutaskipum) út af því, að hásetar hafa krafizt þess, að sér yrðu fyrirfram tryggðar lágmarks mánaðartekjur á vertíðum. Útgerðarmenn hafa ekki talið sér fært að setja þessar tryggingar, og hefir af þessu leitt, að skip hafa stöðvazt, stundum heilar vertíðir.

Nú er þó svo komið, að útgerðarmenn hafa neyðzt til að ganga að þessum kröfum mjög víða. En það er augljóst mál, að eins og komið er efnahag þeirra almennt, verður þessi trygging lítils verð, nema lánardrottnar standi þar að baki.

Það verður hinsvegar að viðurkennast, að krafa sjómanna um þessa tryggingu er ekki gerð að nauðsynjalausu, því þeir eru flestir snauðir og geta ekki átt á hættu að standa með tvær hendur tómar eftir vertíð, allra sízt ef vertíðir bregðast fleiri en ein í röð. En nú er svo komið, að litlu betur er ástatt með útgerðina sjálfa. Hún stenzt ekki heldur, að hennar hlutir bregðist. Hér þarf því bersýnilega aðgerða, og verður ekki séð, að aðrar leiðir séu eðlilegri en þær, að þessir tveir aðiljar tryggi sig sameiginlega gegn hættunni, með því að jafna tekjum milli ára. En sökum þess, að hér þarf að leysa vandamál þjóðfélagsins, er eðlilegt og alveg nauðsynlegt, að ríkið taki þátt í því.

Ég hefi fengið hvatningar frá ýmsum framsýnum útgerðarmönnum um það, að flytja mál þetta hér á Alþingi. Bæði þeir og ég viðurkenna, að allmjög skorti á, að það sé svo undirbúið sem bezt má verða. En þörfin er mjög bráð, og málið er svo vaxið, að reynslan ein fær úr því skorið, hvort lagasetning í þá átt, sem hér er stofnað til, fær leyst vandann á fullnægjandi hátt. Sama má segja um fyrirkomulag það, sem valið er samkv. þessu frumvarpi, að reynslan ein getur skorið úr um það, hvort það fær staðizt, svo sem upphæð iðgjalda til sjóðsins, úthlutunarreglur o. fl.

Ég hefi reynt að afla mér upplýsinga um það, hve miklu tekjur sjóðsins af aflahlutum munu nema í samskonar aflaári og markaðsári og því síðastliðna. Virðist mér, að þessar tekjur mundu verða um 140 þús. kr. Nú getur enginn sagt um það, hvernig aflaár og söluár muni vera framundan. En það eitt er víst, að ef unnt væri að nema á brott þann ágreining, sem risinn er um hlutatrygginguna í mörgum verstöðvum og breiðast mun út til allra verstöðva landsins, þá er þar leyst eitt af mikilsverðari vandamálum þjóðfélagsins.

Árið 1937 varð langvarandi verkfall í Bolungavík í Norður-Ísafjarðarsýslu vegna kröfu sjómanna um hlutatryggingu. Árið 1938 endurtókst deila þessi ekki. Urðu og aflabrögð í betra lagi þá í þessari veiðistöð. Í byrjun þessa árs tókust svo sættir milli aðilja með þeim hætti, að stofna skyldi tryggingarsjóð sjómanna með 2% af brúttóafla 4—9 smálesta báta í Bolungavík, auk annara tekna, er takast kynni að afla sjóðnum.

Þetta er fyrsti vísir til hlutatrygginga hér á landi. Samkvæmt því gæti komið til mála, að það fyrirkomulag yrði haft, að hver veiðistöð hefði tryggingarsjóð fyrir sig með eigin stjórn. En við athugun málsins virðist flm. þessa frv. öruggara að hafa tryggingar þessar allar undir einni stjórn, með þeim frábrigðum, sem gert er ráð fyrir í 6. gr. frumvarpsins.

Sþ. 84. Tillaga til þingsályktunar

um niðurfelling á aðflutningsgjöldum af efni til rafvirkjunar í Vík í Mýrdal.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fella niður öll aðflutningsgjöld af innfluttu efni til hinnar nýju rafvirkjunar í Vík í Mýrdal.

Greinargerð.

Í Víkurkauptúni í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu hefir nú verið komið upp rafveitu, sem öllum kauptúnsbúum kemur að miklum og góðum notum, en vitaskuld hefir hún orðið alldýr (kostnaður mun alls ekki fjarri 50 þús. kr.), og er þó allur munur, að aflið er selt almenningi með vægum og aðgengilegum kjörum. Það alveg einstaka tilfelli hefir hér átt sér stað, að hlutaðeigendur hafa komið þessu fyrirtæki sjálfir á fót án þess að taka nokkurt lán í bönkum hér eða leita ábyrgðar hins opinbera, sem vel ber að virða. Rafvirkjun þessi er einn veigamikill liður í þeim framkvæmdum, sem miða að því að tryggja afkomu fólksins á þessum stað, svo að ekki þurfi að koma til þess, að það flosni upp fyrir örlög fram, eins og nú virðist jafnvel vera hætta á annarstaðar, þar sem viðleitni til sjálfsbjargar á örðugt uppdráttar af einhverjum ástæðum.

Flm. þáltill. telur, að bæði stjórn og þing eigi sem mest að hlynna að slíkum framkvæmdum sem þessum, með því að alveg er augljóst, að þær horfa á allan hátt til bjargræðis. En þar sem aðflutningsgjöld til ríkissjóðs af innfluttu efni til umræddrar rafvirkjunar eru há og næsta þungbær þeim, sem undir þessu fyrirtæki standa — sem er almenningur kauptúnsins —, þótt hið opinbera hinsvegar muni þetta litlu (gjöldin munu nema um eða yfir 3000 kr.), þá er hér með farið fram á, að þeim verði að fullu af létt, og er þess vænzt, að háttv. Alþingi líti á það með fullri sanngirni, eins og ástæður liggja hér að. Var og á síðastl. ári, af rafmagnsnefnd kauptúnsins og hreppsnefnd, sótt um þessa eftirgjöf til ráðuneytisins, og gáfu miðstjórnir Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins því skrifleg meðmæli sín, en afgerð málsins hefir dregizt, og er það fyrir því lagt fyrir Alþingi.

Þess skal loks getið, að eins og hv. þingmönnum er kunnugt, er það ekkert einsdæmi, að nokkur tollur sé eftirgefinn af áþekkum framkvæmdum, og á hinn bóginn eru hér einnig fyrir hendi svo sérstakar ástæður, að eigi gæti þessi eftirgjöf skapað neitt almennt fordæmi, framar því, sem áður hefir gerzt.

Ed. 85. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að skipa þriggja manna skuldaskilanefnd, til að annast fullnaðarsamninga um greiðslur og eftirgjafir á fjárkröfum á félagsmenn fiskveiðasamvinnufélaga, sem fengið hafa lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda, þar á meðal á ábyrgðarkröfum þeirra vegna félaganna frá því áður en þau voru gerð upp af skuldaskilasjóði. Skal nefnd þessi skipuð einum manni tilnefndum af Landsbankanum og Útvegsbankanum, en hina tvo skipar ráðherra án tilnefningar. Tilnefni bankarnir ekki mann í nefndina, skipar ráðherra alla nefndarmennina án tilnefningar.

Til að ná þessum samningum má skuldaskilanefnd verja til útlána allt að 90 þús. kr. af ónotuðu fé og ónotaðri lántökuheimild skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda samkvæmt heimild í 22. gr. XXVIII. lið fjárlaga fyrir árið 1939. Skuldaskilum og lánveitingum samkvæmt lögum þessum skal lokið fyrir 1. jan. 1940.

2. gr.

Hver sá, sem verið hefir félagsmaður í fiskveiðasamvinnufélagi, sem fengið hefir lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda fyrir þann tíma, er félagið fékk lánið, og sem ber enn ábyrgð á þáverandi skuldum félagsins, getur innan 4 vikna frá gildistöku laga þessara sótt um aðstoð skuldaskilanefndar og lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda samkvæmt 1. gr. Umsókninni skal fylgja staðfest eftirrit af seinustu skattskýrslu lánbeiðanda og sundurliðuð skrá yfir eignir hans, skuldir og ábyrgðir, ásamt drengskaparyfirlýsingu um, að allar upplýsingar séu gefnar eftir beztu vitund. Ennfremur er skuldaskilanefnd heimilt að krefja lánbeiðendur um allar þær upplýsingar, sem hún telur við þurfa.

3. gr.

Þegar skuldaskilanefnd hefir borizt lánbeiðni samkvæmt 2. gr., skal hún, ef hún eftir bráðabirgðaathugun á lánbeiðninni telur geta komið til greina að veita lánbeiðanda lán, láta birta þrisvar í röð í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, er telja sig hafa fjárkröfur á hendur honum, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni innan 6 vikna frá síðustu birtingu auglýsingarinnar. Skal taka fram í auglýsingunni, að allar ótryggðar kröfur, sem ekki er lýst innan hins tiltekna frests, falli niður ógildar gagnvart lánbeiðanda. Þó er nefndinni heimilt að taka kröfulýsingu, er síðar kemur fram, gilda, þegar svo stendur á, sem segir í 14. gr. 4. málsl. skuldaskilasjóðslaga 3. maí 1935.

4. gr.

Að liðnum innköllunarfresti skal skuldaskilanefnd, svo fljótt sem unnt er, taka ákvörðun um, hvort hún telur fært að veita lánbeiðanda lán úr skuldaskilasjóði samkvæmt lögum þessum. Telji hún, að lánbeiðandi geti komið til greina, skal honum þegar í stað tilkynnt það, annaðhvort bréflega eða með símskeyti.

5. gr.

Nú telur skuldaskilanefnd, að lánbeiðandi uppfylli þau skilyrði, sem lög þessi setja fyrir lánveitingu, og skal hún þá, svo fljótt sem auðið er, semja tillögur til skuldaskila fyrir hann, ef hún telur, að hann þurfi að fá eftirgjöf á skuldum eða samninga við kröfuhafa, þar með við þá, sem hann telst standa í ábyrgðarskuldum við. Í tillögunum skulu taldar sér í flokki þær skuldir, er samningum er eigi ætlað að ná til, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um. Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta lántakanda er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

Skuldaskilanefnd skal semja tillögur sínar með tilliti til þess, að lánbeiðendum verði skuldaskilin að liði, og leitast við að ná samkomulagi við kröfuhafa um nægilegan afslátt á kröfum þeirra til þess.

Við samning tillagna sinna ber skuldaskilanefnd, áður en hún gengur endanlega frá þeim, að gera sér grein fyrir því, með tilliti til allra framkominna lánbeiðna, hversu miklum hluta af þeim 90000 krónum, sem til umráða eru til lánveitinga samkvæmt lögum þessum, skuli verja til lánveitinga handa félagsmönnum hvers fiskveiðasamvinnufélags, sem hlut á að máli, út af fyrir sig, og miða síðan lánveitingar til hinna einstöku lánbeiðenda úr hverju félagi við það, að þær fari eigi samtals fram úr því, sem nefndin þannig hefir talið hæfilegan hluta handa félagsmönnum þess félags.

Við lánveitingar skal skuldaskilanefnd taka tillit til efnahags lánbeiðanda og

greiðslugetu, og skulu lán þau, sem veitt kunna að verða samkvæmt lögum þessum, að jafnaði ekki vera hærri en svo, að eftirstöðvar skulda lánbeiðanda, að láninu viðbættu, fari ekki fram úr verðmæti eigna hans, samkvæmt því, sem fyrir liggur um það.

6. gr.

Skuldaskilabeiðandi skal setja þá tryggingu fyrir láni því, sem honum verður veitt samkvæmt lögum þessum, sem skuldaskilanefnd tekur gilda. Ákvæði 8. og 9. gr. skuldaskilasjóðslaganna gilda einnig um lán samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Eftir að skuldaskilanefnd hefir samið tillögur þær, sem um ræðir í 5. gr., skal hún með ábyrgðarbréfi eða símskeyti tilkynna það öllum, sem lýst hafa kröfum á lánbeiðanda. Skal jafnframt boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara.

Samtímis skal nefndin skýra lánbeiðendum frá tillögunum, og skulu þeir innan tíu daga frá því er tilkynning um tillögurnar barst þeim í hendur segja til um það, hvort þeir treystist til að greiða svo sem þar er tilskilið. Verði svörin þannig, að skuldaskilanefnd telji gagnslaust að reyna samninga við skuldheimtumenn, afboðar hún í tæka tíð fund þann, er hún hafði boðað þá á. Tillögur nefndarinnar skulu liggja til sýnis á skrifstofu hennar, þangað til fundur hefir verið haldinn eða afboðaður.

8. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er um getur í 7. gr., skal skuldaskilanefnd leggja fram tillögur sínar. Skuldheimtumenn eiga heimtingu á að fá sérhverjar upplýsingar um hag lánbeiðenda, er nefndin getur látið í té. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við tillögurnar, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefir skuldaskilanefnd heimild til að taka tillögur sínar aftur, ef hún telur breytingartillögurnar verulegu máli skipta. Að öðrum kosti ber skuldaskilanefnd tillögur sínar undir atkvæði skuldheimtumanna þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

9. gr.

Hljóti tillögur skuldaskilanefndar atkvæði svo margra skuldheimtumanna eða umboðsmanna þeirra, að þeir ráði yfir meira en helmingi samanlagðra kröfuupphæða mættra skuldheimtumanna, þeirra er samningum er ætlað að ná til, hefir nefndin heimild til að staðfesta þær sem samning milli aðilja, og eru þær þá bindandi einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði á móti þeim eða eigi hafa mætt á fundi. Leysa þær þá skuldunauta undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart skuldheimtumönnum sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur þeim fyrir greiðslu skuldarinnar.

10. gr.

Þegar eftir að samningur er staðfestur, skal skuldaskilanefnd ganga frá lánsskjölum og sjá um, að formlega sé gengið frá öllu því, sem samningurinn kveður á um. Skal hún síðan greiða kröfuhöfum umsaminn hluta af kröfum þeirra.

Samningurinn haggar ekki heimild kröfuhafa lánbeiðanda til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á lánbeiðanda.

11. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á kröfur þær, sem um ræðir í 22. gr. skuldaskilasjóðslaganna.

12. gr.

Frá því að lánbeiðandi hefir sent lánbeiðni til skuldaskilanefndar og þangað til samningsumleitunum er lokið, má hann ekki selja eignir sínar umfram venjulega afurðasölu, og ekki veðsetja þær, nema fyrir nauðsynlegum rekstrarlánum, og yfirleitt ekki gera neinar þær ráðstafanir, er veruleg áhrif geti haft á efnahag hans. Komi í ljós eftir að samningur hefir verið staðfestur, að lánbeiðandi hafi brotið ákvæði greinar þessarar, er nefndinni heimilt að ógilda samninginn gagnvart honum og endurheimta lánið án fyrirvara, ef útborgað hefir verið. Það fé, er skuldheimtumenn hafa þegar tekið á móti, verður eigi endurheimt.

13. gr.

Jafnskjótt sem skuldaskilanefnd hefir tekið við lánbeiðni skal það tilkynnt skiptaráðanda, og er þá hverskonar aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til samningaumleitunum er lokið. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldþrotaskipta frá sama tíma. Nú takast eigi samningar og bú lánbeiðanda er tekið til gjaldþrotaskipta, áður en sex mánuðir eru liðnir frá því er samningaumleitunum lauk, og við skiptin kemur í ljós, að hann hefir brotið gegn ákvæðum 11. gr., og má þá með málssókn rifta þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram samkvæmt reglum gjaldþrotaskiptalaga, enda sé málssókn hafin innan sex vikna frá því er búskipti byrja. Tímabilið frá því er skuldaskilanefnd hefir tekið við lánbeiðni og þangað til samningaumleitunum er lokið, telst ekki með fyrningartíma ábyrgðarskuldarinnar né neinna réttargerða út af henni, sem fram kunna að hafa farið, áður en lánbeiðnin barst nefndinni í hendur.

14. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur atvinnumálaráðuneytið, ef þörf þykir, sett með reglugerð.

15. gr.

Um lán samkvæmt lögum þessum gilda ákvæði 27. gr. skuldaskilasjóðslaganna sem um önnur útlán sjóðsins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 86. Lög

um viðauka við lög nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].

(Afgreidd frá Nd. 22. marz).

Samhljóða þskj. 20.

Ed. 87. Lög

um breyting á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

(Afgreidd frá Ed. 22. marz).

Samhljóða þskj. 26.

Ed. **88. Frumvarp til laga**

um síldartunnur.

Flm.: Erlendur Þorsteinsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Eigi má nota sem umbúðir um síld til söltunar nema ónotaðar, heilar og óskemmdar tunnur, er uppfylla eftirfarandi skilyrði eða önnur, er sett kunna að verða samkvæmt reglugerð.

Hver heiltunna skal rúma minnst 118 lítra og mest 120 lítra.

Hver hálftunna skal rúma minnst 59 lítra og mest 60 lítra.

Tunnurnar skulu vera þéttar og búnar til úr vel þurru efni. Stafurinn má ekki vera brenndur. Tré, sem ekki er lagarhelt, má ekki nota. Ekki má nota staf eða botnfjalir úr mismunandi viðartegundum í sömu tunnu.

2. gr.

Hver sá, er stunda vill tunnusmíði sem atvinnu, skal sækja um löggildingu til þess til atvinnumálaráðherra, og skal hver tunna merkt verksmiðjumerki, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

3. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð ákvæði um, hvernig haga skuli eftirliti með tunnum, sem fluttar eru inn í landið eða smíðaðar hér á landi, svo og um efni í tunnur og annað það, er þurfa þykir um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um heimild til frestunar einstakra atriða um eitt ár, og um undanþágu til að kryddsíldarkaupendur megi leggja til notaðar tunnur undir kryddsíld.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara með sem almenn lögreglumál, og varða sektum frá 200—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni síldarútvegsnefndar. Nefndinni hafa, einkum síðastl. ár, borizt miklar kvartanir um, að mikil brögð séu að því, að tunnur, sem notaðar eru undir síld, séu mismunandi mjög, bæði hvað efni og tilbúning snertir. Ennfremur hefir stærð tunnanna verið mjög mismunandi, eða allt frá 113 lítra til 122 lítra. Er þetta mjög óheppilegt og jafnvel skaðlegt fyrir sölu og útbreiðslu þessarar vöru á erlendum mörkuðum. Auk þess veldur þetta saltendum beinlínis miklum skaða, þar sem síldin (innihald tunnu) er seld eftir vigt, en ekki tunnutölu, og þurfa saltendur að bæta kaupendum, ef ekki er ákveðin kílótala í hverri tunnu. Hinsvegar greiða þeir bæði fyrir síldina og vinnu alla miðað við hverja tunnu. Vekur þetta oft óþarfa tortryggni hjá kaupendum, sem ekki skilja þær raunverulegu ástæður, sem fyrir hendi eru, sem sé mismunandi tunnustærð. Þá hefir einnig komið fyrir, að skemmdir hafa komið fram í síld vegna þess, að tunnurnar hafa verið illa smíðaðar eða úr slæmu efni og ekki lagarheldar.

Keppinautar vorir hafa þegar komið á hjá sér svipaðri löggjöf um þessi efni, Norðmenn 1932, en Skotar nokkru fyrr. Er full nauðsyn á, að löggjöf verði komið á hér á landi um þessi efni, til þess að koma í veg fyrir, að skemmdir eða umkvartanir geti fram komið af þeim orsökum, að umbúðir um þessa vöru séu ekki góðar

eða til þess hæfar að varðveita vöruna óskemmda. Verður að taka fullt tillit til þess, að vara sú, sem hér um ræðir, er matvæli, sem verður að vanda til framleiðslu á að öllu leyti, ef hún á að standast hina hörðu samkeppni frá öðrum síldveiðiþjóðum. Þess má einnig geta hér, að vöruvöndun hefir mjög batnað hin síðari ár, en nær að engu leyti tilgangi sínum, ef ekki er þess einnig gætt, að vanda val umbúðanna.

Einstakar greinar frumvarpsins gefa ekki tilefni til sérstakra skýringa.

Ed. 89. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyt. á 14. gr. l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Einar Árnason, Erlendur Þorsteinsson.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
Fyrir „25%“ í 14. gr. laganna komi: 40%.

Nd. 90. Frumvarp til laga

um lyfjafræðingaskóla Íslands.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Á Íslandi skal vera skóli, er hefir það hlutverk að búa menn undir að geta rækt lyfjasveina- og lyfsalastörf, lyfjafræðingaskóli Íslands.

2. gr.

Skólanum stjórnar þriggja manna skólanefnd: Landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, og tveir menn, er ráðherra skipar, annan eftir tillögu læknadeildar háskólans, en hinn eftir sameiginlegri tillögu Lyfsalafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands.

Verði ágreiningur innan nefndarinnar, má leita úrskurðar ráðherra, og ætíð skal leita staðfestingar hans á ákvörðunum nefndarinnar, sem hafa í för með sér útgjöld fyrir skólann fram yfir það, sem áður kann að hafa verið heimilað.

3. gr.

Forstöðumaður skólans skal vera kennarinn í lyfjafræði við háskólann.

4. gr.

Fyrst um sinn skal miða starfsemi skólans við það, að hann veiti nemendum verklega og bóklega fræðslu til fyrri hluta prófs í lyfjafræði (aðstoðarmannsprófs), enda ljúki þeir, að námi loknu, slíku prófi við skólann. Í því skyni skal ráðstafa nemendum til náms og starfa í lyfjabúðum landsins og semja um þau kjör, að lyfjabúðirnar beri kostnað af náminu, einnig að því leyti, sem það kann að vera sameiginlegt, svo og prófinu.

Stúdentspróf er skilyrði fyrir inntöku í skólann, og er heimilt að krefjast sérprófs í latínu af stærðfræðideildarstúdentum, og í stærðfræði, efnafræði og eðlisfræði af máladeildarstúdentum.

Námstími til aðstoðarmannsprófs sé að jafnaði 3 ár.

Þangað til skólinn tekur upp kennslu til fullnaðarprófs í lyfjafræði, skal hann

greiða fyrir nemendum sínum til framhaldsnáms erlendis við viðurkenndan lyfjafræðingaskóla, og er lyfjafræðingaskóla Íslands heimilt að gefa þeim skírteini sem fulllærðum lyfjafræðingum, er þeir hafa lagt fram skilríki sín fyrir því að hafa staðizt fullnaðarpróf við slíkan skóla, enda eiga þeir heimtingu á slíku skírteini, ef um fullnaðarpróf er að ræða frá lyfjafræðiskóla, er skólanefndin hefir vísað þeim á.

Að öðru leyti hagar skólinn starfsemi sinni samkvæmt reglugerð, er skólanefndin setur með aðstoð forstöðumanns og ráðherra staðfestir. Í reglugerðinni skal kveða nákvæmlega á um námsgreinir og alla tilhögun námsins, svo og um prófkvaðir, tilhögun prófa og einkunnir.

5. gr.

Þeir, sem hafa lokið aðstoðarmannsprófi við lyfjafræðingaskóla Íslands skulu vera gildir til starfa sem sérfróðir aðstoðarmenn í lyfjabúðum hér á landi. Þeir, sem hafa skilríki frá skólanum sem fulllærðir lyfjafræðingar, skulu vera gildir til starfa sem lyfjasveinar og forstöðumenn lyfjabúða hér á landi.

Aðrir skulu ekki vera gildir til slíkra starfa, nema að fengnu sérstöku leyfi ráðherra eftir tillögum skólanefndar. Þetta ákvæði nær þó ekki til þeirra, sem náð hafa þessum réttindum og starfað samkvæmt þeim, áður en lög þessi gengu í gildi.

Nemendur, sem byrjað hafa lyfjafræðinám hér á landi áður en lög þessi gengu í gildi, skulu eiga rétt á inngöngu í skólann til framhaldsnáms þar. Afstaða skólans til þeirra, sem lokið hafa aðstoðarmannsprófi hér á landi áður en lögin gengu í gildi, skal og vera hin sama og til þeirra, sem lokið hafa því prófi við skólann.

6. gr.

Skólinn skal taka til starfa 1. október 1939.

Greinargerð.

Með lagasetningu þeirri, sem hér er fyrirhuguð, er stefnt að því, að komið verði opinberri skipun á nám þeirra manna, sem leggja vilja stund á lyfjafræði til þess að geta orðið aðstoðarmenn í lyfjabúðum hér á landi, lyfjasveinar eða lyfsalar. Nú um allmörg ár hafa íslenzkir lyfsalar haft samtök um að búa menn undir fyrrihlutapróf í lyfjafræði (aðstoðarmannspróf). Er náminu komið þannig fyrir, að nemendurnir (stúdentar) starfa 3 ár í lyfjabúð, jafnframt því sem þeim er séð fyrir tilheyrandi bóklegri fræðslu, enda taka próf að náminu loknu. Þeir, sem vilja verða fullgildir lyfjafræðingar, verða síðan að leita á erlenda lyfjafræðingaskóla, og hefir samizt milli ríkisstjórnarinnar og lyfjafræðingaskólans í Kaupmannahöfn um, að hann veiti viðtöku á hvert námskeið sitt, er stendur tvö ár, tveimur Íslendingum, er hér hafa lokið aðstoðarmannsprófi. Hafa flestir notað sér þetta, en þó nokkrir leitað annað, og þá einkum til Þýzkalands.

Með frumvarpi þessu er ekki gert ráð fyrir, að fyrst um sinn verði breyting á þessari höfuðskipun námsins, en með lagasetningunni á þetta að vinnast:

1. Lagastoð fæst fyrir því, að sett verði opinber reglugerð um nánari tilhögun námsins undir aðstoðarmannspróf, inntökuskilyrði, hverrar þekkingar er krafizt, prófreglur, einkunnir o. s. frv.
2. Fræðsla þessi verður sett undir opinbera stjórn og eftirlit, og er ekki viðhlítandi, að öll tilhögun jafnþýðingarmikillar fræðslustarfsemi sé að öllu leyti í höndum einstaklinga.
3. Opinberu eftirliti verður komið við með því, hvert framhaldsnámsins er leitað, sem full þörf er á, því að lyfjafræðiskólar eru að sjálfsögðu misjafnir, og einkum mismunandi vel við okkar hæfi.

Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir neinum kostnaði fyrir ríkið, er heitið gæti, af þessari fræðslustarfsemi. Nemendurnir verða ráðnir til starfs og náms í hinum ýmsu lyfjabúðum, líkt og hjúkrunarnemar á sjúkrahúsum. Að sjálfsögðu

verður enginn lyfsali skyldur til að taka nemanda fram yfir það, sem hann kýs sjálfur, en á hinu verður ekki talin hætta, að ekki takist yfirleitt samningar við lyfsalana um hæfilega marga nemendur, þar sem það á að geta samrýmzt hagsmunum þeirra að fá á þennan hátt vinnuafl með sæmilega hagkvæmum kjörum, jafnframt því sem það er í þeirra þágu, að aldir verði upp hæfilega margir kunnáttumenn, þeim til nauðsynlegrar aðstoðar og síðan til að taka við af þeim. Ætlazt er til, að skólanefndin starfi kauplaust, og verður þá ekki um að ræða annan kostnað fyrir ríkið, að óbreyttri skipun námsins, en ef til vill lítils háttar kostnað við ritföng og eyðublöð (prófskírteini) og prófdómaragjöld. Þá kann að þurfa að taka eitthvað lítils háttar tillit til þess, er launakjör kennarans í lyfjafræði við háskólann eru ákveðin, að honum er ætlað að hafa forstöðu skólans, en að svo miklu leyti, sem hann kann að annast kennslu við hann, á ríkissjóður ekki að bera þann kostnað.

Frumvarpið hefir fyrir löngu verið sent til umsagnar Lyfsalafélagi Íslands og Lyffræðingafélagi Íslands. Umsagnir hafa ekki borizt, en mér hefir skilizt, að félögin muni ekki hreyfa ágreiningi, er verulegu máli skipti. Kennarinn í lyfjafræði við háskólann er frumvarpinu samþykkur.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þessari fræðslustarfsemi er gefið skólanafn, þó að það eigi ef til vill tæplega rétt á sér, en svipað má segja t. d. um hjúkrunarkvennaskóla Íslands.

Um 2. gr.

Lyfsalar og lyfjafræðingar munu kjósa að fá að skipa sinn manninn hvor í skólanefndina, en á það verður tæplega fallizt, að þessir aðiljar eigi meiri hluta í nefndinni, eftir að hið opinbera hefir tekið að sér yfirráð og eftirlit með þessari fræðslustarfsemi.

Um 3. gr.

Eðlilegt virðist, að forstaða skólans, sem fyrst um sinn mundi aðallega verða fólgin í eftirliti með starfsemi hans, sé í höndum kennarans í lyfjafræði við háskólann. Ef til vill færi vel á, að hann hefði jafnframt á hendi eitthvert kennslustarf við skólann, eftir því sem semst við lyfsalana.

Um 4. gr.

Þessi grein markar starfssvið stofnunarinnar, sem að öðru leyti verða gerð nánari skil í ýtarlegri reglugerð.

Um 5. gr.

Hér eru greind réttindi þeirra, sem lokið hafa námi við skólann eða tilsvarandi námi, og þarfnast þau ákvæði tæplega skýringar.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 91. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 82 [Raforkuveita til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar].

Frá Einari Árnasyni og Bernharð Stefánssyni.

1. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein, er hljóði svo:
   Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að takast á hendur vegna ríkissjóðs samskonar ábyrgð gagnvart Akureyrarkaupstað, ef hann tekur að sér að koma upp raforkuveitu um Eyjafjarðarsýslu, meðal annars til Hjalteyrar, Hríseyjar,

Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Gilda þá um Akureyrarkaupstað sömu reglur og í 1. málsgrein getur gagnvart Reykjavíkurkaupstað.
2. Á eftir „Reykjavíkurbæ“ í 2. málsgr. komi: og Akureyrarbæ.
3. Fyrirsögn till. orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um dreifing raforku frá orkuverum við Ljósafoss og Laxárfossa o. fl.

Ed. 92. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir vegna ófriðarhættu.

Flm.: Magnús Gíslason og Árni Jónsson.

a) Hvað hefir ríkisstjórnin gert til þess að tryggja þjóðina, ef ófrið ber að höndum?
b) Hvaða ráðstafanir telur stjórnin, að gera beri nú þegar út af yfirvofandi styrjaldarhættu?

Ed. 93. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir öll með því, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í stað „tveggja ára“ í 1. gr. komi: þriggja ára.

Alþingi, 23. marz 1939

Jónas Jónsson, form., frsm. — Árni Jónsson, fundaskr. — Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 94. Nefndarálit

um frv. til laga um ostrurækt.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 24. marz 1939.

Ingvar Pálmason, form. — Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm. — Jóh. Jósefsson.

Nd. 95. Frumvarp til laga

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Flm.: Pétur Ottesen, Bjarni Bjarnason, Finnur Jónsson.

1. gr.

Aftan við 8. gr. laganna bætist:

Starfsmenn áfengisverzlunar, forstöðumenn og aðrir starfsmenn útibúa hennar, skulu allir ráðnir fyrir fast kaup, sem ráðherra ákveður, ef ekki eru fyrirmæli um annað í lögum.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Í öllum þeim kaupstöðum, þar sem nú eru áfengisútsölur, skal, þegar meiri hluti bæjarstjórnar eða ¼ hluti kjósenda í hlutaðeigandi kaupstað krefst þess, fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í kaupstaðnum um það, hvort útsölunni skuli haldið áfram. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn nýja útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum eða kauptúnum. Áður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í því sýslu- eða bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf ⅗ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Hafi verið samþykkt með atkvæðagreiðslu að stofna nýja útsölu áfengis, eða halda eldri útsölu áfram, skal fara fram atkvæðagreiðsla um hana á ný að fjórum árum liðnum. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Nú hefir verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu — eða samþykkt að hætta skuli við eldri útsölu — samkvæmt framansögðu, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að fjórum árum liðnum. Þarf þá enn ⅗ atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

3. gr.

3. tölul. 10. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, og skal þó með öllu óheimilt að selja hann nema í föstu formi, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annara verklegra nota.

4. gr.

a. Aftan við fyrri málsgr. 17. gr. laganna bætist: svo og í áætlunarbifreiðum, þar sem einstök sæti eru seld.
b. Orðin „nema leyfi lögreglustjóra komi til“ í niðurlagi síðari málsgr. sömu gr. laganna falla burt.

5. gr.

Aftan við 25. gr. laganna bætist:

Lögreglustjóra er skylt að verða við tilmælum áfengisvarnarnefndar um nægjanlegt lögregluefirlit á opinberum samkomum. Heimilt er dómsmálaráðherra eða lögreglustjóra að veita áfengisvarnarnefndum lögregluvald í málum út af brotum á áfengislögunum á opinberum samkomum.

Greinargerð.

Það má öllum vera hið mesta áhyggjuefni, hversu vínnautnin hefir gripið um sig með þjóðinni.

Það hlýtur að vekja ugg og ótta, hve miklu fé er fórnað á altari drykkjuskaparins, og þá ekki síður hitt, hvert afhroð þjóðin geldur árlega í hinum geigvænlegu afleiðingum vínflóðsins.

Með breytingum þeim á áfengislögunum, sem í frv. þessu felast, er að því stefnt að gera tilraunir til að ráða nokkra bót á því óþolandi ástandi, sem nú ríkir hér á landi í þessu efni.

Um 1. gr.

Fyrsta grein frv. fjallar um það, að allir starfsmenn áfengisverzlunarinnar og útibúa hennar skuli ráðnir fyrir fast kaup. Nú er sú tilhögun á um þetta, að forstöðumenn vínútsalanna reka þær gegn ákveðnum sölulaunum. Með þeim hætti bera forstöðumenn vínbúðanna því meira úr býtum sem salan er meiri; það er vatn á þeirra myllu að geta selt sem mest. Sé nú þessum mönnum ákveðið fast kaup fyrir störf sín, er sú freisting að kosta kapps um að selja sem mest af víninu frá þeim tekin. Það verður því að líta svo á, að með þessari breytingu sé stefnt í rétta átt.

Um 2. gr.

1. Eins og 9. gr. laganna er nú, gefst öllum sýslufélögum og bæjarfélögum landsins kostur á, að íbúarnir láti vilja sinn í ljós með atkvæðagreiðslu, áður en ríkisstjórn er leyfilegt að setja á stofn áfengisútsölur. Þetta er eðlilegt og sjálfsagt í samræmi við venjulegar lýðræðishugmyndir. Þess vegna er það líka hrapallegt ósamræmi, sem í því felst, að 7 kaupstöðum landsins er gert lægra undir höfði í þessu en öllum öðrum. Þeir eiga samkvæmt ákvæðum greinarinnar að una því, að þar séu áfengisútsölur, og geta aldrei látið vilja sinn í ljós um þær. Þetta eru kaupstaðirnir, sem vitanlega hafa goldið mest afhroð vegna áfengissölunnar ávallt síðan vínbanninu var af létt með „Spánarsamningnum“ svonefnda.

Eins og kunnugt er, voru vínútsölur á þessum stöðum áður en núgildandi áfengislög urðu til, og jafnkunnugt er það, að þessar útsölur voru settar á stofn á þann hátt frá byrjun, að þeim var þröngvað upp á íbúana með valdboði, að þeim forspurðum og í óþökk þeirra flestra. Þetta var þá, og hefir jafnan síðan verið varið með því, að það hafi verið ráðstafanir, sem orðið hafi að gera vegna „Spánarsamningsins“.

Nú liggur það í augum uppi, að þessi rök eru með breytingu áfengislaganna fallin úr gildi, eins og reyndar grundvöllurinn undir öllum „Spánarsamningnum“, þar sem hann vitanlega var byggður á forsendum, sem nú eru alls ekki lengur fyrir hendi. Enda mun flestum geta komið saman um, að síðan áfengislögunum var breytt hefi ekkert sérstakt tillit verið hægt að taka til þess samnings að því er snertir verzlun með áfengi hér á landi.

Þá má benda á það, að upprunalega voru það aðeins létt vín, sem selja mátti í útsölum áfengisverzlunarinnar, en hjá því varð ekki komizt til þess að uppfylla ákvæði samningsins, en það getur eins og nú er komið með engu móti réttlætt það misrétti, sem lögin beita kaupstaðina, þar sem sterku drykkjunum (sem nú eru langmest seldir) var bætt við að þeim forspurðum.

Það er því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að kaupstaðirnir, sem í upphafi urðu fyrir þeirri óhamingju, að það varð að þröngva upp á þá vínútsölum, séu nú látnir njóta fulls jafnréttis í atkvgr. um þær við aðra landsmenn, og það er ekki heldur nema eðlilegt, þó krafizt sé, að þeir fái jafnrétti. Enda er það vitað, að á bak við þá kröfu standa ekki einungis félagsbundnir bindindismenn kaupstaðanna og alls landsins, heldur líka fjöldinn allur af öðru fólki, sem hrýs hugur við þeim voða, sem þjóð inni stafar af vínnautninni. Hefir Alþingi borizt fjöldi áskorana úr kaupstöðum um það, að þessu oki verði af létt.

2. Það er einnig fullkomlega lýðræðiskrafa, þegar farið er fram á að breyta ákvæðum greinarinnar í því efni, að leyfð sé atkvæðagreiðsla á ný að fjórum árum liðnum um útsölu, sem samþykkt hefir verið að stofna. Það geta engin lýðræðisrök

mælt með því, að íbúum bæjar- eða sýslufélags, sem einu sinni hefir leyft áfengisútsölu, gefist aldrei tækifæri til að losna við hana aftur.

3. Það hefir þótt rétt að miða tímabilið á milli atkvæðagreiðslna ávallt við fjögur ár — eins og venjuleg kjörtímabil.

Um 3. gr.

Um þessa grein er það að segja, að það getur ekki orkað tvímælis, að sjálfsagt sé að koma í veg fyrir, að suðuspritt sé notað til drykkjar, eins og nú er gert í allstórum stíl, og það því fremur, sem hægt er að fullnægja sprittnotkunarþörfinni á primusa og gasluktir með þessu efni í föstu formi.

Um 4. gr.

Viðbótin við 17. gr. laganna er í raun og veru alveg sjálfstæð og sprottin af þeirri hættu, sem stafað getur af, ef einstaklingum er leyft að neyta áfengis í þeim bifreiðum, sem breytingin fjallar um. Hafi bifreiðarstjóri engin lagaákvæði að styðjast við, getur hann ekki fullkomlega verndað sjálfan sig og farartækið fyrir þeirri hættu, sem stafar af ölvuðum farþegum, né heldur aðra farþega fyrir þeim óþægindum, sem af þeim stafa. — Á það má benda, að víðast hvar í nágrannalöndum okkar eru ströng ákvæði til verndar farþegum og til öryggis farartækinu. Þá þykir og rétt að fella niður úr greininni ákvæðið um, að lögreglustjóri geti leyft áfengisveitingar í félagsherbergjum. Þver á móti ber að sporna við því svalli og sukki, sem af slíkum veitingum leiðir, svo sem frekast eru föng á.

Um 5. gr.

Viðbótin við 25. gr. laganna er sprottin af hinni brýnu þörf, sem er á lögreglueftirliti með opinberum samkomum, því svo má heita, að um það sé nú samhljóða krafa um land allt. Hinsvegar mundi víðast vera úr þessu bætt, ef áfengisvarnarnefndirnar fengju vald það, sem breytingin fer fram á — og mundi það víða vera heppilegasta lausn þess máls. Um leið mundu nefndirnar fá stórum bætta aðstöðu til þess að halda uppi almennri reglu og koma í veg fyrir lögbrot, sem þær nú eiga mjög erfitt með. Allan kostnað, sem af þessum auknu störfum nefndanna leiddi, yrði að greiða sem annan lögreglukostnað.

Nd. 96. Frumvarp til laga

um ráðstafanir til nýrra atvinnuframkvæmda og nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Stofna skal atvinnumálaráð, er hafi með höndum yfirstjórn atvinnuframkvæmda í landinu, samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga. Ráðið skipa 15 menn og jafnmargir til vara. Alþingi kýs 5 menn hlutfallskosningu, Búnaðarfélag Íslands 1, Félag íslenzkra iðnrekenda 1, Iðnráðið 1, 2 skulu kosnir af útgerðarmönnum, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur, og 5 skulu kosnir af landssambandi íslenzkra verkalýðsfélaga. Meðan ekkert óflokksbundið landssamband íslenzkra verkalýðsfélaga er til, skulu hinir 5 síðasttöldu fulltrúar í ráðinu kosnir almennum kosningum í verkalýðsfélögum landsins, eftir reglum, sem atvinnumálamálaráðherra setur. Vanræki einhver aðili að tilnefna í ráðið, skal atvinnumálaráðherra skipa mann eða menn í hans stað. Ráðið skal kosið til 4 ára í senn.

Ráðið ræður sér þriggja manna framkvæmdarstjórn, og skulu meðlimir framkvæmdarstjórnar vera launaðir úr ríkissjóði. Ráðið getur ráðið sér sérfræðinga, verkfræðinga, hagfræðinga og aðra aðstoðarmenn eftir þörfum.

2. gr.

Verkefni ráðsins er að hafa með höndum rannsóknir á náttúrugæðum landsins, nýjum atvinnurekstri, framkvæmdum og framleiðslu á öllum sviðum atvinnulífsins og þjóðarbúskapnum í heild og gera tillögur á grundvelli þeirra rannsókna. Það skal gera fullnaðaráætlanir um allar þær framkvæmdir, sem það í samráði við atvinnumálaráðuneytið ákveður, að ráðizt skuli í, og skal hafa með höndum yfirstjórn á framkvæmdum, eftir nánari ákvörðunum í samráði við atvinnumálaráðuneytið.

3. gr.

Ráðið getur skipað sérnefndir, sem starfa undir stjórn þess, til þess að hafa með höndum sérstök verkefni, sem ráðið nánar tiltekur, á ákveðnum sviðum atvinnulífsins, eða yfirstjórn einstakra framkvæmda, og ráðið framkvæmdarstjóra í samráði við atvinnumálaráðherra.

4. gr.

Auk þeirra atvinnuframkvæmda, sem ráðið lætur hefja á ábyrgð ríkisins og með samþykki Alþingis, og þeirra rannsókna, er það sjálft lætur framkvæma, er því heimilt að veita stofnunum, félögum eða einstaklingum, bæjar- eða hreppsfélögum lán, styrk eða ábyrgð svo sem hér segir:

1. Til að koma á fót verksmiðjum til að vinna úr sjávarafurðum, hverjar sem þær eru, hvort heldur er til niðursuðu, bræðslu, lýsisherðingar eða annarar vinnslu.
2. Til að koma upp hraðfrystihúsum, þar sem nauðsyn er fyrir þau, eða til að kaupa hraðfrystitæki í frystihús, eftir því sem hentugt þykir að dómi ráðsins.
3. Til að styrkja félög, sem stofnuð verða til að kaupa og gera út í tilraunaskyni nýja togara með nýtízku vinnslutækjum.
4. Til smíða á bátum innanlands, einkum vélbátum 60—150 smálestir að stærð, með diesilvélum.
5. Til rannsókna á auðlindum landsins, málmum og öðrum jarðarauðæfum, byggingarefnum, vatnsorku, hveraorku o. s. frv., og til annara ráðstafana, sem nauðsynlegar eru til að ryðja nýjum framkvæmdum braut.
6. Til tilraunaframkvæmda um framleiðslu byggingarefna, leirvinnslu, móvinnslu, áburðarframleiðslu, framleiðslu fóðurefna og annarar framleiðslu til hagnýtingar á auðæfum landsins.
7. Til hverskonar framkvæmda um garðrækt.
8. Til hverskonar annara tilrauna og framkvæmda, sem hafa þjóðnýta þýðingu og þurfa, að dómi ráðsins, á opinberri aðstoð að halda til að komast yfir byrjunarörðugleika.

5. gr.

Ráðinu er heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar og innan þeirra takmarka, sem ákveðin eru í lögum, að gera samninga um sérréttindi til handa einstökum félögum og stofnunum til að tryggja nýja framleiðslu landsmanna. Ráðið skal hafa á hendi eftirlit með framkvæmd slíkra samninga. Samþykki Alþingis skal þó jafnan koma til, ef um er að ræða veitingu sérréttinda, sem varða alþjóðarheill og varhugavert þykir að veita að dómi einhvers meðlima ráðsins.

6. gr.

Heimilt er ráðinu, með samþykki Alþingis, að leggja fram hlutafé gegn hlutafjárframlagi einstakra manna eða félaga, til byggingar fullkominna skipasmíðastöðva, sömuleiðis til stóriðju, svo sem framleiðslu byggingarefna, áburðarfram-

leiðslu, námurekstrar o. s. frv., sem ráðið telur álitlegt, að ráðizt verði í, að undangenginni fullnaðarrannsókn, og þátttaka ríkisins verður að teljast nauðsynleg til að hrinda framkvæmdum af stað.

7. gr.

Ráðið hefir heimild til að banna viðgerðir erlendis á íslenzkum járnskipum.

8. gr.

Ráðið skal semja nákvæma reglugerð um, hvernig haga skuli öllum styrkveitingum, lánveitingum og ábyrgðum þess. Beinn styrkur má aldrei fara fram úr 25% af kostnaðarverði framleiðslutækjanna. Eigi má veðsetja fasteignir, sem styrkur hefir verið veittur til, fyrir hærri fjárupphæð en kostnaðarverði, að frádregnu framlagi atvinnumálaráðs. Verði fasteignin seld, skal ráðinu endurgreiddur sá hluti söluverðs, sem svarar framlaginu, en þó því aðeins, að veðhöfum sé áður fullnægt um greiðslu veðskulda samkvæmt framansögðu.

9. gr.

Þegar hagur fyrirtækis, sem notið hefir styrks frá atvinnumálaráði, er að dómi ráðsins orðinn svo góður, að það er fært um að endurgreiða styrkinn, án þess að rekstri þess sé teflt í tvísýnu, skal styrkurinn endurgreiddur, eftir nánari reglum og skilyrðum, sem atvinnumálaráð setur. Allur endurgreiddur styrkur skal lagður í sérstakan sjóð, sem atvinnumálaráð hefir umráð yfir og ráðstafar til eflingar atvinnulífsins.

10. gr.

Í fjárlögum hvers árs skal vera sérstakur kafli, þar sem ákveðin eru og sundurliðuð fjárframlög og lánsheimildir til ráðsins og þeirra framkvæmda, sem það hefir með höndum.

11. gr.

Atvinnumálaráð skal í stað fiskimálanefndar annast veitingu lána og styrkja úr fiskimálasjóði samkvæmt 14. gr. laga nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., að svo miklu leyti sem það verkefni verður ekki falið öðrum aðiljum með öðrum lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir tvennskonar tilgang: Að hefja stórfellda nýsköpun í atvinnuvegum landsmanna, með það fyrir augum að útrýma atvinnuleysinu og að binda enda á það fálm, sem undanfarið hefir verið í þróun atvinnulífsins, og ryðja þannig úr vegi einni meginorsök þeirra vandræða, sem við eigum nú við að búa.

Ísland er lítt numið land, land mikilla óhagnýttra náttúruauðæfa. Hinsvegar skortir okkur bæði fjármagn og fullnægjandi tækniþekkingu og þjóðhagslega þekkingu og reynslu. Til þess að við fáum nokkru áorkað, þarf átak til að sameina þá krafta, sem við höfum yfir að ráða, til að hagnýta alla okkar sérþekkingu og allt okkar fjármagn til nýsköpunar og nýskipunar atvinnulífsins, eftir þeim leiðum, sem við vitum henta bezt þeim sérstöku aðstæðum, sem við búum við. Þegar alls þessa er gætt, er augljóst, að ekki verður komizt hjá meiri afskiptum hins opinbera en í þróuðum auðvaldslöndum. Hinsvegar er hin mesta nauðsyn á, að þessi afskipti geti orðið sem mest óháð hinu pólitíska skrifstofuvaldi þeirra flokka, sem fara með ríkisstjórnina í hvert skipti. Hugmyndin með því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, er, að tengslin verði sem mest við atvinnuvegina sjálfa og það fólk, sem að þeim starfar.

Sú stefna, sem hér er mörkuð, felst í því, að öll áherzla verði lögð á uppbyggingu þeirra atvinnuvega, sem reistir eru á náttúrugæðum landsins, og að gera íslenzkt atvinnulíf sem sjálfstæðast. Er þá fyrst að telja sjávarútveginn og allan þann fjölbreytta iðnað, sem koma má upp á grundvelli hans. Hér er um undirstöðuatriði að ræða fyrir atvinnulífi landsins. Svo lengi sem ekki er unninn fjöldi vörutegunda úr sjávarfangi landsins, hæfur til samkeppni á ýmsum mörkuðum, á þjóðin jafnan yfir höfði sér örðugleika svo stórfellda, að þeir stofna þjóðarbúskapnum öllum í voða. Einkum er þetta mál brýnt nú, þar sem ný viðskiptakreppa er fram undan, og ýmsir helztu markaðir okkar fyrir sjávarafurðir svo ótryggir sem mest má vera. Aðrar framkvæmdir, sem áherzla er lögð á, er atvinnurekstur á grundvelli annara undirstöðugæða landsins, svo sem hagnýting vatnsorku og hverahita, og svo hagnýting þeirra jarðarauðæfa, sem rannsókn myndi leiða í ljós, að hér eru til staðar (málmar, leir og önnur byggingarefni o. s. frv.). Vegna ófriðarhættunnar er mjög brýnt að hraða þeim framkvæmdum, sem gera þjóðinni auðveldara að búa að sínu, og kemur þar í fyrstu röð framleiðsla byggingarefna, hagnýting hverahita og vatnsorku, framleiðsla íslenzks eldiviðar, ef hagkvæmt reyndist (úr mó), og fjölbreytt matjurtaframleiðsla.

Fyrst af öllu spyrja menn um möguleika til öflunar fjármagns til slíkra framkvæmda. Þá er fyrst að geta þess, að skilyrðin fyrir því, að hægt sé að leggja út í slíkar aðgerðir, eru róttækar og gagngerðar breytingar í atvinnu- og fjármálalífi landsins, og ber því að skoða þetta frumvarp í sambandi við aðrar þær tillögur, er þingmenn sósíalista leggja fram um nýskipun sjávarútvegsmála og bankamála, uppgjör óheilbrigðra fyrirtækja, um aðstoð sjávarútveginum til handa og aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að koma fjármálum og gjaldeyrismálum okkar í lag. Til þess að hægt sé að taka þessa stefnu, þurfa með öðrum orðum að gerast gagnger straumhvörf í atvinnumálum, fjármálum og stjórnmálum.

Með slíkri stefnubreytingu má fullyrða, að auðvelt muni að fá erlent fjármagn, til þess að breyta lánum landsins erlendis í hagstæðari lán, tryggja gengið og ryðja nýjum framkvæmdum braut. Opnast þá jafnframt leiðir til að veita því innlenda fjármagni, sem til er, í hagkvæmari farveg, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Til þess að hagnýta alla möguleika er gert ráð fyrir, að allar tegundir atvinnurekstrar, opinber rekstur, einkarekstur og félagslegur rekstur (þar á meðal vitaskuld samvinnurekstur) geti komið til greina í þeirri nýsköpun atvinnuveganna, sem frumvarpi þessu er ætlað að greiða fyrir, ef það yrði að lögum.

Nd. 97. Frumvarp til laga

um nýskipun útvegsmála og stofnun útvegsmálaráðs.

Flm.: Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna útvegsmálaráð. Atvinnumálaráðherra skipar 3 menn í ráðið, en hinir 4 skulu tilnefndir af þessum aðiljum: Tveir skulu kosnir af útvegsmönnum eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur, og tveir kosnir í almennum kosningum í sjómannafélögum landsins eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur.

Útvegsmálaráð skal skipað til þriggja ára í senn, og skulu jafnframt skipaðir jafnmargir varamenn eftir tilnefningu og skipun sömu aðilja. Meðlimir útvegsmálaráðs skulu vera búsettir í Reykjavík eða nágrenni. Stofnanir þær, sem tilnefna menn í útvegsmálaráð, geta þó skipt um aðalmenn og varamenn að ári liðnu frá síðustu tilnefningu, enda komi samþykki ráðherra til.

Nú vanrækir einhver framangreindra stofnana að tilnefna menn í ráðið, og skipar þá ráðherra mann í hans stað.

Atvinnumálaráðherra skipar síðan 1 af þessum 7 mönnum formann ráðsins og annan varaformann, til eins árs í senn, og nefnist formaður ráðsins útvegsmálastjóri.

Heimilt er ráðinu að ráða sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk eftir því sem nauðsyn krefur og lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Tilgangur útvegsmálaráðs er: Að vinna að nýskipun útvegsmála, að hafa eftirlit með rekstri íslenzkra útgerðarfyrirtækja og aðstoða útvegsmenn í málum, sem nánar er ákveðið um í lögum þessum.

3. gr.

Útvegsmálaráð hefir með höndum:

1. Að fylgjast með bókhaldi og rekstri íslenzkra útvegsfyrirtækja (endurskoðun).
2. Að gefa út aflaskýrslur og aðrar skýrslur, sem sjávarútveginn varða.
3. Að hafa eftirlit með vélum í skipum fiskveiðaflotans.
4. Að aðstoða útvegsfyrirtæki með leiðbeiningum og ráðleggingum um öll þau mál, sem útgerðinni viðkoma.
5. Tilraunir með nýjar veiði- og verkunaraðferðir.
6. Að afla afurðum sjávarútvegsins nýrra markaða.
7. Að halda uppi fræðslu fyrir þá, sem fiskveiðar stunda, stofna til námskeiða eða skóla fyrir vélgæzlumenn, fiskiskipstjóra og fiskimenn, þar sem lögð sé áherzla á, að kennd sé meðferð fiskjar, veiðarfæra og annað það, sem að fiskveiðum lýtur og miðar að því að gera reksturinn hagkvæman.
8. Að hafa eftirlit með því, að í byrjun hvers veiðitíma sé nægileg beita til í landinu og gera tímanlegar ráðstafanir til þess að svo sé.
9. Að hafa eftirlit með innflutningi nýrra véla í veiðiskip og ákveða um, hvaða tegundir megi flytja inn í landið.
10. Að hafa með höndum styrkveitingar og verðlaun til útvegsmanna af opinberu fé.
11. Úthlutun verkunarleyfa, verði þau fyrirskipuð.

4. gr.

Starfsvið útvegsmálaráðs er allt landið, sem skipt er upp í umdæmi eftir reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur.

5. gr.

Í hverju umdæmi hefir útvegsmálaráð skrifstofur, og fer fjöldi þeirra eftir tölu verstöðva og staðhátta. Skrifstofum hvers umdæmis veitir forstöðu útvegsmálaráðunautur, sem launaður er og ráðinn af útvegsmálaráði og starfar undir yfirumsjón þess. Við ráðningu útvegsmálaráðunauta skal þess gætt, að þeir hafi staðgóða þekkingu og reynslu í útvegsmálum. Auk þess ræður útvegsmálaráð á hverja skrifstofu bókhaldsfróðan mann og annað starfsfólk, ef nauðsyn krefur. Ennfremur skal ráðinn í hvert umdæmi starfsmaður, sem hefir sérþekkingu á vélum, og hefir hann með höndum stöðugt eftirlit með vélum veiðiskipa í umdæminu og vinnur á vegum skrifstofu útvegsmálaráðs.

6. gr.

Störf skrifstofu útvegsmálaráðs eru í því fólgin:

1. Að aðstoða útvegsmenn með bókhald sitt.
2. Að fylgjast með rekstri allra útvegsfyrirtækja viðkomandi staðar.
3. Að hafa stöðugt eftirlit með ástandi og hirðingu véla veiðiskipaflotans.
4. Að gefa útvegsmálaráði skýrslur um rekstur útvegsfyrirtækja á staðnum, afla og önnur mál, sem sjávarútveginn varða.

5. Að aðstoða útvegsmenn með leiðbeiningum og ráðleggingum um öll mál, sem sjávarútveginum við koma.

7. gr.

Skylt skal útvegsmönnum að láta útvegsmálaráði, útvegsmálaráðunautum og skrifstofum útvegsmálaráðs allar upplýsingar í té viðvíkjandi rekstri og fyrirkomulagi útgerðar sinnar. Allar upplýsingar, sem þannig eru gefnar og ekki eru almenns eðlis, ber viðkomandi starfs- og embættismönnum að fara með sem einkamál. Upplýsingar þær, sem útvegsmálaráð aflar sér þannig, skal það nota til þess að auka þekkingu útvegsmanna á hagkvæmum rekstri og í þágu sjávarútvegsins að öðru leyti.

8. gr.

Útvegsmálaráðunautum er skylt að gefa útvegsmálaráði skýrslur eftir hverja vertíð (útvegstímabil) um rekstur hvers einstaks útvegsfyrirtækis í sínu umdæmi. Í skýrslunum skulu vera upplýsingar um ástand og hirðingu skipa, véla og veiðitækja, um hirðingu aflans og um aðferðir og aðstöðu við verkun hans. Ennfremur skulu fylgja skýrslum þessum ýtarlegar upplýsingar um mál og ástand útvegsins í umdæminu. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir beztu vitund.

Skylt skal útvegsmálaráði að senda þeim lánsstofnunum, sem lána viðkomandi útvegsfyrirtækjum fé til útgerðar, afrit af skýrslum þessum.

9. gr.

Kostnaður af starfsemi og ráðstöfunum útvegsmálaráðs greiðist úr fiskimálasjóði. Þó skulu útvegsmenn umdæmis greiða skrifstofuhald útvegsmálaráðs í umdæminu að hálfu. Skiptist þessi hluti kostnaðarins á útvegsmenn eftir aflamagni skipa þeirra.

10. gr.

Fiskimálasjóður skal vera undir umsjón atvinnumálaráðherra. Fé sjóðsins skal verja samkv. 11. gr. laga þessara.

Tekjur fiskimálasjóðs eru:

1. Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði 550000 kr. árlega til sjóðsins af útflutningsgjaldi sjávarafurða.
2. Við útflutning fisks og fiskafurða, annara en síldarafurða, skal greiða gjald í sjóðinn, er nemi ½% — hálfum af hundraði — af verðmæti þeirra, miðað við fob-verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni. Skilagrein fyrir því, hvernig sjóðnum er varið, skal árlega fylgja landsreikningi.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita stofnunum, félögum og einstaklingum lán eða styrk úr fiskimálasjóði til þess, er hér greinir:

1. Að koma á fót niðursuðuverksmiðjum fyrir sjávarafurðir eða styrkja niðursuðuverksmiðjur, sem fyrir eru.
2. Að kaupa hraðfrystitæki í þau frystihús, sem samkv. áliti ráðherra og útvegsmálaráðs eru vel sett og hæf til þess að frysta fisk til útflutnings, þó ekki yfir 15000 kr. á hvert hraðfrystihús. Ennfremur til að reisa hraðfrystihús fyrir fisk á þeim stöðum, þar sem mest nauðsyn er fyrir hendi, allt að ¼ kostnaðar, þó ekki yfir 25000 kr. á hvert hraðfrystihús. Þau hraðfrystihús, sem reist hafa verið síðustu tvö árin, svo og þau frystihús, er á sama tíma hafa komið upp hraðfrystitækjum til fiskfrystingar, geta einnig orðið hlunninda þessara aðnjótandi.
3. Að styrkja félag sjómanna, verkamanna og annara til að kaupa í tilraunaskyni togara með nýtízku vinnslutækjum, og má styrkur nema allt að 25% — tuttugu

og fimm af hundraði — af kostnaðarverði, enda leggi eigendur fram 15—20% — fimmtán til tuttugu af hundraði — af verðinu. Félagið sé stofnað undir eftirliti útvegsmálaráðs, og er öllum sjómönnum, verkamönnum og öðrum, sem fullnægja ákveðnum, almennum skilyrðum, er nefndin setur, heimil þátttaka.

Þeim, sem fá styrk til togarakaupa, er óheimilt að veðsetja skip, er styrkur hefir verið veittur til, fyrir hærri fjárhæð en kostnaðarverði, að frádregnu framlagi fiskimálasjóðs. Nú er slíkt skip selt, og skal þá endurgreiða fiskimálasjóði þann hluta söluverðsins, sem er hlutfallslega jafn framlagi sjóðsins, til togarakaupanna, þó því aðeins, að veðhöfum sé áður fullnægt um greiðslu veðskulda samkvæmt framansögðu.

4. Að gera tilraunir til veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum og leita nýrra aflamiða.
5. Að verka fisk eða aðrar sjávarafurðir með nýjum aðferðum, leita nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og til að auka sölu þeirra á hinum eldri og annað það, er lýtur að viðgangi sjávarútvegsins. Ríkisstjórninni er heimilt, ef henta þykir, að fela útvegsmálaráði einu ýmsar framkvæmdir samkvæmt framanskráðu, eftir nánari fyrirmælum ráðherra.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita bezt reknu útvegsfyrirtækjunum eða einstaklingum, sem hjá þeim vinna, verðlaun úr fiskimálasjóði. Við úthlutun verðlauna ber að taka til greina: Hirðing skips og vélar, veiðarfæra og meðferð fiskjar.

Útvegsmálaráð annast um veitingu lána, verðlauna og styrkja úr fiskimálasjóði samkv. þessari grein, nema tölul. 1.—3., að fengnu samþykki ráðherra.

12. gr.

Útvegsmálaráð tekur við öllum störfum, réttindum og skyldum, sem fiskimálanefnd eru falin í lögum nr. 75 frá 1. des. 1937, nema þeim, sem falin kunna að verða öðrum aðiljum með sérstökum lagaákvæðum.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1., 2., 13. og 14. gr. laga nr. 75 1. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýting markaða o. fl., svo og öll þau ákvæði nefndra laga og önnur lagafyrirmæli, sem brjóta í bág við lög þessi.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er til ætlazt, að styrkur við útveginn af hálfu ríkisins sé fólginn í aðstoð, sem sérfróðir menn láti útvegsmönnum í té, til þess að stuðla að því, að útgerð verði rekin á heilbrigðan og hagkvæman hátt. Sú kenning hefir verið um langt skeið efst á baugi meðal þeirra, sem láta sig mál þessi skipta, að útgerðina beri annaðhvort að styrkja með útflutningsverðlaunum eða gengislækkun.

Hvor þeirra leiða, sem farin yrði, myndi ekki geta fleytt þeim hluta útgerðarinnar, sem rekinn er með tapi til langframa, nema síður sé. Í fyrsta lagi væri ógerningur að greiða úr ríkissjóði útflutningsverðlaun, svo neinu næmi, því eins og kunnugt er eru fiskveiðarnar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar og enginn atvinnuvegur annar fær um að leggja fram fé til starfsemi hins opinbera, og halda jafnframt uppi tapreknum útgerðarfyrirtækjum með styrkjum. Slíkir styrkir myndu ekki heldur, þótt fáanlegir væru, á neinn veg bæta þá búskaparháttu, sem nú eru á ýmsum útgerðarfyrirtækjum og almennt er viðurkennt, að þurfi að breytast.

Gengislækkun myndi ekki heldur stoða. Að sjálfsögðu myndi sú ráðstöfun verða einhver ávinningur fyrir stórútgerðina 1—2 fyrstu árin, eða á meðan hið nú-

verandi ástand í verðlagi og verkkaup væru að þokast upp til jöfnunar því tjóni, sem allur þorri þjóðarinnar biði af gengislækkun í hækkuðu verðlagi á lífsnauðsynjum, auk þess sem á gengislækkuninni mundi einnig verða fjöldi annara annmarka, og þá ekki sizt hættan á enn frekari gengislækkunum síðar, þar sem ekki mundi vera fyrir hendi neinn gengisjöfnunarsjóður.

Báðar þessar aðferðir til styrktar útveginum eru þjóðhagslega skoðað ekki heppilegar. Í báðum tilfellunum er einungis um nýskipting eigna og verðmæta innbyrðis meðal þegnanna að ræða, þannig að lífsafkoma hins vinnandi fjölda myndi versna, til hagsbóta fyrir örfá stórútvegsfyrirtæki.

Það er skoðun okkar, að útgerðinni þurfi að koma sá varanlegi stuðningur, sem í frumvarpinu felst.

Um það verður eigi þráttað, að til þess að reka útgerð, er útgerðarmaðurinn ekki krafinn um neina sérkunnáttu á rekstri hennar. Altítt er, að menn, sem ekki hafa snefil af þekkingu á meðferð og hirðingu fiskjar og veiðarfæra, aldrei hafa fengizt við innkaup útgerðarnauðsynja, ýmist leggi eigið fé í útgerð eða fái fé lánað í lánsstofnunum þjóðarinnar til útgerðar. Í fjölmörgum tilfellum hafa töpin á útgerð og gjaldþrotin orsakazt af vanþekkingu þeirra manna, sem fyrirtækjunum hafa stjórnað, og hirðuleysi þeirra um hag útgerðarinnar.

Með frumvarpinu er til ætlazt, að stofnað verði útvegsmálaráð, sem skipað sé hinum hæfustu mönnum þjóðarinnar á sviði útgerðarmálanna. Útvegsmálastjóri sé æðsti stjórnandi útvegsmálaráðs, sem hafi yfirumsjón með og beri ábyrgð á starfi útvegsmálaráðunauta og skrifstofu þeirra, sem undir útvegsmálaráðið heyra.

Í hverri verstöð, sem nokkra verulega þýðingu hefir, sé starfandi skrifstofa, sem sé miðstöð útgerðarmanna um upplýsingar, leiðbeiningar og styrki við atvinnurekstur þeirra. Í sambandi við skrifstofur þessar starfi eftirlitsmenn með vélum fiskiflotans, og sé eftirlit þeirra stöðugt, þannig að hver vél sé athuguð eigi sjaldnar en á viku fresti af eftirlitsmanni, sem sé sérfróður vélamaður, og sjái hann um, að misfellur, sem kunna að vera á hirðingu og meðferð vélar, séu bætt á ákveðnum fresti, enda veiti hann vélamönnum nauðsynlegar leiðbeiningar. Teljum við þetta atriði mjög veigamikið, þar eð einn af stærstu útgjaldaliðum mótorskipaflotans er hið gífurlega viðhald og endurnýjun véla.

Öllum er það kunnugt, hvílíkt vandræðaástand og kostnaðarsamt það er fyrir allan sjávarútveginn, að í fiskiskipaflotanum er mesti sægur af ólíkum vélategundum, misjöfnum að gæðum. Sumar þessara véla eru óheppilegar fyrir íslenzka staðháttu og óþarflega dýrar í rekstri. Skipulagsleysið á þessu sviði kostar íslenzka útvegsmenn stórfé árlega, ýmist vegna vöntunar á varahlutum, eða þá og ekki síður vegna hins óþarflega háa verðs þeirra. Í frumvarpinu er ætlazt til, að bætt verði úr þessu ástandi.

Meðferð og hirðing veiðarfæra og afla er oft og einatt mjög ábótavant. Til þess er ætlazt, að skrifstofur útvegsmálaráðs leiðbeini útvegsmönnum í þessum efnum.

Þó að í frumvarpinu sé ekki ákveðið, hversu mörg umdæmi skuli vera í landinu, ætlumst við til, að þau verði ekki færri en 10 og ekki fleiri en 15, og útvegsmálaráðunautarnir jafnmargir. Mikið er undir því komið, hvernig val útvegsmálaráðunauta tekst. Verður því nauðsynlegt að vanda til um val manna í þær stöður.

Eins og að framan getur, ætlumst við til, að skrifstofur útvegsmálaráðs verði miðstöð útvegsmanna um leiðbeiningar um atvinnurekstur þeirra á hverjum stað. Aðalstörf skrifstofanna verða þó í því fólgin að annast bókhald fyrir útvegsmenn og endurskoða bókhald þeirra, sem ekki létu skrifstofurnar annast það. Af ýtarlegri bókfærslu útvegsmanna mætti áreiðanlega margt læra, sem komið gæti sjávarútveginum að miklu liði. Nú er bókhald vélbátaútvegsins víðast hvar mjög ófullkomið, enda hefir engin krafa verið gerð til þeirra í þessu efni. Viðurkennt er, hve nauðsynlegir og lærdómsríkir búreikningar eru bændum. Útvegsmönnum eru slíkir reikningar engu síður nauðsynlegir, enda þótt nokkru yrði til þeirra kostað. Ýtarlegt bókhald útvegsfyrirtækja myndi að sjálfsögðu leiða til þess, að lánsstofnanir

gætu hæglega séð, hvort fé væri hættandi í hin ýmsu útvegsfyrirtæki, og áhætta þeirra á töpum vegna útgerðarlána hlyti af þeim ástæðum að minnka. Samkvæmt frumvarpinu eiga lánsstofnanirnar aðgang að reikningum þeim og skýrslum, sem skrifstofur útvegsmálaráðs gera.

Þá er ætlazt til, að mál útvegsins, sem nú eru í höndum annara stofnana (Fiskifélags Íslands og fiskimálanefndar), sameinuðust undir útvegsmálaráð, og hlyti það að leiða til umbóta frá því, sem nú er.

Með frv. er gert ráð fyrir, að tillag ríkissjóðs til fiskimálasjóðs hækki úr 450000 kr. í 550000 kr., enda greiðist kostnaður af starfsemi útvegsmálaráðs úr fiskimálasjóði. Útvegsmálaráði er ætlað að taka að sér flestöll störf fiskimálanefndar og Fiskifélags Íslands, ennfremur að fiskimálanefnd verði lögð niður og fjárveiting felld niður til Fiskifélagsins, 75000 kr., en kostnaður af fiskimálanefnd, 60000 kr., hverfi jafnframt. Það af störfum fiskimálanefndar, sem ekki er falið útvegsmálaráði, er ætlazt til, að falið verði atvinnumálaráði, en frumvarp til laga um stofnun þess verður lagt fram á Alþingi samtímis þessu. En árlegum tekjum og tillögum til fiskimálasjóðs verður ráðstafað að öllu leyti eftir ráðum útvegsmálaráðs.

Þegar starfsemi útvegsmálaráðs er komið í fast form, er ætlazt til, að það taki að sér skipaskoðun ríkisins.

Lögin um fiskimálanefnd, hagnýtingu markaða o. fl. þurfa nauðsynlega endurskoðunar við, og verður þá að sjálfsögðu að samræma þau lög þessum lögum.

Nánar í framsögu.

Nd. 98. Frumvarp til laga

um umboðsverzlun útgerðarmanna.

Flm.: Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal setja á stofn umboðsverzlun útgerðarmanna, sem hafi aðsetur sitt í Reykjavík. Tilgangur verzlunarinnar er að gera innkaup útgerðarmanna eins hagkvæm og unnt er og að aðstoða þá í þeim efnum.

2. gr.

Ríkisstjórnin ræður umboðsverzlun útgerðarmanna forstjóra og setur honum erindisbréf. Forstjórinn skal hafa þekkingu á útgerðarmálum og verzlun. Hann ræður annað starfsfólk að fyrirtækinu í samræmi við erindisbréf sitt.

3. gr.

Umboðsverzlun útgerðarmanna hefir með höndum innkaup á helztu vörutegundum, sem þarf til útgerðar í landinu. Þessi innkaup gerir verzlunin eftir pöntunum útgerðarmanna, og eru þau aðalstarf umboðsverzlunarinnar.

4. gr.

Umboðsverzlunin hefir umboðsmann í hverri verstöð. Starf umboðsmanns er að dreifa tilboðum og upplýsingum um vörur meðal útgerðarmanna og að taka á móti vörupöntunum þeirra. Skrifstofa umboðsverzlunarinnar í Reykjavík tekur á móti pöntunum frá útgerðarmönnum á öllu landinu, bæði beint og í gegnum umboðsmenn. Skulu pantanirnar gerðar með hæfilegum fyrirvara eftir nánari ákvæðum, sem umboðsverzlunin setur.

5. gr.

Öll pöntunarstarfsemi, sem umboðsverzlunin rekur, skal vera gegn staðgreiðslu af hálfu útgerðarmanna. Við pöntun, sem nemur meiru en 1000 krónum, skal út-

gerðarmaður eða útgerðarfélag setja bankatryggingu fyrir því, að vörur verði innleystar við móttöku.

6. gr.

Umboðslaun þau, sem útgerðarmenn greiða umboðsverzluninni, mega eigi nema meiru en 3% af cif-verði vörunnar, og skal umboðslaunum þessum varið til rekstrarkostnaðar verzlunarinnar. Verði halli á rekstrinum, greiðist hann úr ríkissjóði. Verði hagnaður á rekstrinum, leggst helmingur hans í varasjóð, en helmingur endurgreiðist viðskiptamönnum í hlutfalli við viðskipti þeirra.

7. gr.

Umboðsmönnum umboðsverzlunarinnar skulu greidd ómakslaun sín af henni, og mega þau nema mest 1% af cif-verði pantaðrar og greiddrar vöru.

8. gr.

Heimilt er umboðsverzluninni að annast uppskipun og móttöku pantaðrar vöru útgerðarmanna hvar sem er á landinu, og sjá um dreifingu þeirra. Kostnað, sem af þessu leiðir, greiði útgerðarmenn, að viðbættum 3% í ómakslaun til umboðsverzlunarinnar.

9. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skylt að veita umboðsverzlun útgerðarmanna, án undandráttar, öll þau gjaldeyris- og innflutningsleyfi, sem hún þarfnast.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er tilgangurinn sá, að ríkið setji á stofn umboðsverzlun fyrir útgerðarmenn, sem útvegi útvegsmönnum útgerðarnauðsynjar gegn lágum ómakslaunum.

Ber að skoða stofnun fyrirtækis þessa sem tilraun í þá átt að gera innkaup á erlendum útgerðarnauðsynjum hagkvæmari en þau nú eru. Ekki er gert ráð fyrir, að útvegsmönnum sé skylt að skipta við umboðsverzlunina, en sennilegt er, að ef stjórn hennar yrði verki sínu vaxin, myndi þorri allrar verzlunar með útgerðarnauðsynjar koma til með að heyra undir hana, og er þá vafalaust, að sparnaður yrði af þessari ráðstöfun bæði fyrir útvegsmenn og þjóðarheildina.

Nánar í framsögu.

Sþ. 99. Tillaga til þingsályktunar

um uppgjör á stórútgerðarfyrirtækjum, sem ekki eiga fyrir skuldum.

Flutningsmenn: Héðinn Valdimarsson, Brynjólfur Bjarnason,
Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um það við bankaráð Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f, að gerð verði upp þau stórútgerðarfyrirtæki, sem ekki eiga fyrir skuldum. Skal lögð áherzla á það við uppgjörið og ráðstöfun eigna, að rekstur ekki stöðvist, né skipin flytjist úr þeim útgerðarstöðum, sem þau

eru nú, og ennfremur að framtíðarreksturinn verði tryggður, m. a. með því, að ekki hvíli frá upphafi meiri skuldir á útgerðinni en eignirnar eru seljanlegar fyrir á frjálsum markaði.

Greinargerð.

Það er vitað, að nokkur hluti útgerðarfyrirtækjanna, sem bankar ríkisins halda uppi, og meðal þeirra þau stærstu, eiga ekki fyrir skuldum. Þjóðin kemst ekki hjá því fyrr eða síðar að gera þau upp og reyna að skapa útgerðinni heilbrigðan grundvöll. Meðan haldið er áfram eins og nú er og hinni miklu vaxtafúlgu, sem skuldugustu útgerðarfyrirtækjunum er gert að greiða, sífellt bætt ofan á skuldasúpu þeirra, vex öngþveitið og reikningar jafnt fyrirtækjanna sem bankanna verða meir og meir blekkjandi. Jafnhliða því, sem bankarnir því tækju sig til að gera upp þessi fyrirtæki og ráðstafa eignum þeirra, þannig að nokkur von væri til þess, að útgerðin framvegis bæri sig, yrði því að setja eignirnar, sem seldar væru nýjum kaupendum, niður í sannvirði, — þora í eitt skipti fyrir öll að létta af útgerðinni þeirri skuldasúpu, sem safnazt hefir fyrir ár eftir ár á þessar eignir og gert mikinn hluta íslenzku útgerðarinnar að óreiðufeni. Sá nýi rekstur, sem hafinn yrði, þarf frá upphafi að vera heilbrigður, hann má ekki vera dæmdur til að sligast með gamla skuldabaggann.

Töpin, sem bankarnir bíða við slíkt uppgjör, eru í rauninni töp, sem þeir þegar hafa orðið fyrir, þó þeir hinsvegar hafi ekki afskrifað þau, heldur dylji þau enn í reikningum sínum. Vaxtatapið, sem þeir verða fyrir við að færa eignirnar niðurskrifaðar yfir á nýja, virkilega kaupendur, er því í rauninni ímyndað.

Hinsvegar mun einnig verða nauðsynlegt að koma bönkunum yfir á öruggan grundvöll, með breyttu skipulagi bankamálanna, nákvæmari útlánastarfsemi og ódýrari rekstri. En það á ekki að hindra þá óhjákvæmilegu nauðsyn, sem er til þess að létta af útgerðinni með réttu uppgjöri þeirri skuldabyrði, sem hún getur alls ekki risið undir og þegar er orðin að bankatöpum.

Sþ. 100. Tillaga til þingsályktunar

um breyting á tilhögun launagreiðslna til yfirmanna á veiðiskipum.

Flm.: Ísleifur Högnason, Héðinn Valdimarsson, Einar Olgeirsson, Brynjólfur Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um við stjórnir þeirra lánsstofnana, sem ríkið hefir meiri eða minni íhlutun um stjórn á, að þær bindi lánveitingar til útgerðarfyrirtækja því skilyrði, að yfirmenn veiðiskipanna fái greiddan þann hluta launa sinna, sem ekki er föst laun, sem ákveðinn hundraðshluta af tekjum skipsins, að frádregnum eftirtöldum útgjaldaliðum útgerðarinnar: kolum, olíu, salti, beitu og veiðarfærum, og auk þess dragist frá ákveðin upphæð, sem miðist við tölu veiðidaga. Andvirði aflans reiknist eftir markaðsverði hans á bryggju á hverjum tíma, og að frádregnum tolli, ef um ísfisk er að ræða.

Greinargerð.

Það verður að teljast, að launagreiðslufyrirkomulag yfirmanna á veiðiskipum eigi sinn þátt í því að gera rekstur ýmsra útgerðarfyrirtækja óarðbæran, enda hefir gætt talsverðrar óánægju með gildandi launagreiðslufyrirkomulag frá ýmsum hliðum. Yfirmönnunum er greiddur mestur hluti launa þeirra af brúttóafla skipanna, en með því verða hagsmunir þeirra þeir, að aflinn sé sem mestur, hversu miklu verði, sem sá afli er keyptur í eyðslu útgerðarnauðsynja.

Með því að breyta þessu fyrirkomulagi, sem óvíða mun tíðkast utan Íslands, í það horf, sem þáltill. gerir ráð fyrir, er hagsmunaaðstöðu yfirmannanna breytt í það horf, að ætla má, að þeir — hagsmuna sinna vegna — gæti fyllstu hagsýni í meðferð veiðarfæra og annara útgerðarnauðsynja, sem notaðar eru við veiðarnar. — Sú ákveðna upphæð, sem um er getið í þáltill., er ætlazt til að verði föst upphæð fyrir hvern dag, sem skipið er á veiðum, og fari eftir því, hvaða veiðar skipið stundar og hvaða skipategund það tilheyrir.

Nánar í framsögu.

Sþ. 101. Tillaga til þingsályktunar

um kosningu milliþinganefndar, sem undirbúi löggjöf um ráðningu starfsmanna og veitingu embætta þess opinbera o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Brynjólfur Bjarnason, Héðinn Valdimarsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að kjósa hlutbundnum kosningum þriggja manna milliþinganefnd, til þess að vinna að undirbúningi löggjafar um ráðningu starfsmanna og veitingu embætta þess opinbera. Nefndin skal skila áliti og tillögum fyrir næsta Alþingi. Kostnaður nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin skal undirbúa löggjöf í þessum efnum, sem tryggi það, að ríkið og stofnanir þess og fyrirtæki fái að njóta starfskrafta hæfustu og beztu sona og dætra þjóðarinnar, án tillits til kunningsskapar, venzla og pólitískra skoðana, og sem hindri í þessum efnum misnotkun ríkisvaldsins í þágu hinna pólitísku flokka í landinu. Í tillögum nefndarinnar skulu ennfremur vera ákvæði um skyldur og réttindi embættismanna og annara opinberra starfsmanna.

Ennfremur ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að sjá um, að nú þegar verði sá siður upp tekinn, að auglýsa í Lögbirtingablaðinu laus til umsóknar öll embætti og fastastörf, sem losna hjá ríkinu, stofnunum þess og fyrirtækjum. Nöfn umsækjendanna skulu látin blöðunum í té til birtingar.

Greinargerð.

Lýðræðisskipulagið heimtar af þeim, sem við það búa, að þeir varðveiti það frá því að úrættast og spillast. En eitt af því, sem lýðræðinu stafar mikil hætta af, er misnotkun ríkisvaldsins í þágu pólitísku flokkanna. Þegar farið er að velja menn til starfa í þágu hins opinbera á grundvelli þess, hvort þeir séu reiðubúnir að veita þeim, sem með völdin fara, pólitískt brautargengi eða ekki — og þá minna spurt um hæfileika þeirra og kunnáttu, — þá er ekki aðeins lýðræðið fótum troðið, heldur einnig skapaður jarðvegur fyrir spillingu í opinberu lífi, sem hættuleg er lýðræðisskipulaginu. Spillingin í hinu opinbera lífi hefir spillandi áhrif á allt þjóðlífið, vegna hins slæma fordæmis, sem ranglætið og kaupskapurinn um manngildið eru, auk þess sem ekkert er eðlilegra en að embættismannastétt, sem til er orðin á þennan hátt, verði duglaus og hlutdræg og jafnvel mútuþæg. Þessi úrætting lýðræðisins leggur einnig andstæðingum lýðræðisins vopn upp í hendurnar. Um leið og menn geta treyst á eitthvað annað en eigin hæfileika, þekkingu og dugnað til þess að ná æskilegri stöðu í þjóðfélaginu, þá er augljóst, að áhugi margra fyrir því að afla sér menntunar og sýna dugnað í starfi sínu hlýtur að dofna, en áhugi þeirra að vaxa fyrir því að veita pólitískar þjónustur, þar sem þeirra er æskt, og sem líklegar eru til að flytja þá þangað, sem þeir óska að komast. Embættismannastétt, sem verður til á þennan hátt, þ. e. með eftirgjöfum á sjálfsögðum siðgæðiskröfum, er ekki líkleg til þess að verða þjóð sinni að miklu liði, þegar erfiðleikar steðja að.

Hinar pólitísku embættaveitingar eru stórhættulegar fyrir æskuna og framtíð hennar. Ungir menn, sem hafa aðrar pólitiskar skoðanir en þeir, sem með völdin fara í landinu, eða sem ekki vilja skipta sér af pólitík, verða oft að velja á milli þess að ganga atvinnulausir eða að láta kúgast. Með þessu móti er þjóðin rænd mörgum sínum beztu sonum og dætrum, því að keyptir og kúgaðir menn eru ekki líklegir til þess að verða henni til gæfu.

Í þeim lýðræðisríkjum, þar sem menn eru bezt vakandi fyrir því að varðveita lýðræðið, hefir verið komið sérstakri skipan á embættaveitingarnar og ráðningu starfsmanna þess opinbera. Mönnum hefir verið þar ljós hættan, sem stafar af hinum pólitísku embættaveitingum. Hefir verið komið lýðræðislegri skipan á þessi mál með sérstakri löggjöf. Má í þessum efnum benda á Norðurlönd, England og Bandaríkin. Er og ætlazt til þess með þáltill. þessari, að nefndin kynni sér þá löggjöf þessara og annara ríkja, sem lýtur að þessum málum.

Hér á landi er ástandið í þessum málum orðið á þann veg, eins og kunnugt er, að nauðsynlegt er að hefjast til handa um að breyta því til betri vegar.

Sþ. 102. Tillaga til þingsályktunar

um ákvörðun sérstaks tímareiknings.

Frá Jóhanni Jósefssyni, Finni Jónssyni og Páli Zóphóníassyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að neyta heimildar laga nr. 8 16. febr. 1917 til þess að ákveða með reglugerð, að klukkan verði færð fram um eina stund frá svonefndum íslenzkum meðaltíma og verði 1 klukkustund og 28 mínútum á undan miðtíma Reykjavíkur á tímabilinu frá 2. sunnudegi í apríl til 1. sunnudags í október.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt í því skyni, að gefa mönnum kost á að njóta betur sólar heldur en almennt er nú, með þeim tímareikningi, er tíðkast hér á landi. Mun almennur áhugi fyrir þessu, og hafa raddir komið fram um það í flestum blöðum landsins.

Flutningsmenn hafa snúið sér til póst- og símamálastjóra og fengið hjá honum upplýsingar þær um búmannsklukku í öðrum löndum, er felast í fylgiskjalinu hér á eftir.

Fylgiskjal.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

Reykjavík, 18. marz 1939.

Í tilefni af fyrirspurn yðar í gær leyfi ég mér að skýra frá eftirfarandi:

Í ýmsum löndum, einkum þar sem lengd dags og nætur er mjög misjöfn, þykir hentugt að færa almennan starfstíma til, þannig að hann byrji nokkru fyrr að sumri en að vetri. En af því að allur þorri manna bindur lífshætti sína við vissar klukkustundir og ákvæði um starfstíma manna eru almennt bundin við sömu ákveðnu klukkustundirnar allt árið, þá þykir auðveldast að færa starfstímann til með því að flýta klukkunni að sumrinu og halda hnattstöðutíma að vetrinum (sbr. summer time, daylight saving time etc.).

Þessi lönd flýttu klukkunni síðastliðið sumar: Bretland og Írland, Frakkland, Belgía, Holland, Luxembourg, Finnland, Spánn og Portugal, Grikkland, Rúmenía, Bandaríkin og Canada í Ameríku. Ennfremur nokkur önnur fjarlæg lönd.

Ekki verður séð, að það þurfi að valda neinum sérstökum truflunum að því er snertir rekstur pósts og síma, þótt klukkunni sé flýtt á sumrin. Ef til þess kæmi, væri sennilega hentugt, að klukkunni yrði flýtt 2. sunnudag í apríl og seinkað aftur 1. sunnudag í október, eins og nú er gert í Bretlandi.

Þess skal getið, að íslenzkur tími er 28 mín. á undan réttum hnattstöðutíma í Reykjavík og 4 mín. á eftir hnattstöðutíma á Seyðisfirði, en 1 stundu á eftir Greenwichtíma og 2 stundum á eftir Mið-Evróputíma. Þetta þýðir, að þegar kl. er 12,00 á hádegi (samkv. meðaltíma Íslands), er rétt klukka (þ. e. hnattstöðuklukka) í Reykjavík 11,32 og á Seyðisfirði 12,04, í Englandi 13,00 og í Mið-Evrópu 14,00.

G. J. Hlíðdal.

Ed. 103. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Útvarpsráð skipa fimm menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til þriggja ára í senn. Kennslumálaráðherra skipar formann úr flokki hinna kosnu útvarpsráðsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá um leið niður umboð þeirra útvarpsráðsmanna, sem kosnir voru af útvarpsnotendum.

Nd. 104. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi eftirlit sveitarstjórnarmálefna fyrir hönd atvinnumálaráðuneytisins og undir yfirstjórn þess. Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf þeirra, og greiðist hún úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

2. gr.

18. gr. laganna falli burtu, og greinatalan breytist samkvæmt því.

3. gr.

Í stað orðanna „og er eftirlitsmanni þá skylt“, í 19. gr. laganna, sem verður 18. gr., komi: og er þá rétt.

4. gr.

Aftan við 21. gr. laganna, sem verður 20. gr., bætist: Getur þá atvinnumálaráðherra einnig vikið bæjarstjóra eða oddvita frá starfi og sett annan í hans stað til þess að fara með málefni bæjarins eða hreppsins um lengri eða skemmri tíma.

5. gr.

22. gr. laganna, sem verður 21. gr., orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skal leita álits og tillagna eftirlitsmanna sveitarstjórnarmálefna um skiptingu og úthlutun á fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, skipaðri af atvinnumálaráðherra til að athuga fjárhagsmálefni bæjar- og sveitarfélaga. Allsherjarnefnd mun bera fram brtt. við frv. við síðari umr. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Um 1. gr.

Fjárhagsástæður bæjar- og sveitarfélaga víðsvegar um land og fjárstjórn þeirra er á þá leið, að skjótra umbóta þarf við. Þær umbætur verða ekki gerðar, nema ríkið stofni til sterkrar eftirlitsstarfsemi, er næstu ár fylgist rækilega með ástæðum bæjar- og sveitarfélaganna heima fyrir og sé bæði leiðbeinandi á staðnum og einnig ráðgefandi hjá ríkisstjórn um aðstoð þá, sem ríkið veitir nú og mun næstu ár þurfa að veita sumum bæjar- og sveitarfélögum.

Augljóst er, að þvílíku trúnaðarstarfi annar ekki einn maður. Eigi að hefja nú þegar sterka umbótastarfsemi um land allt og fylgja henni eftir með festu, þá þarf fleiri menn til. Þess vegna er hér lagt til, að sú breyting verði gerð á gildandi lögum, að atvinnumálaráðherra sé heimilað að skipa einn mann í hverjum landsfjórðungi til þessara trúnaðarstarfa.

Menn þessir hafi sérstakt starfssvið hver, en heppilegt má telja, að þeir hafi með sér fundi og beri saman ráð sín og samræmi þannig eftirlits- og umbótastarfsemina í öllu landinu.

Nefna má til dæmis um verkefni fyrir þessa trúnaðarmenn:

1. Að taka þátt í að semja fjárhagsáætlanir illa staðra bæjar- og sveitarfélaga.
2. Gæta þess, að bæjar- og sveitarfélög, sem njóta styrks frá ríkinu (jöfnunarsjóður, atvinnubótafé), noti fullkomlega sína eigin tekjustofna.
3. Vera ráðgefandi um úthlutun atvinnubótafjár og sjá um, að því sé varið til varanlegra umbóta á lífsskilyrðum á hverjum stað, svo notkun þess miði að því að útrýma þörfinni fyrir viðvarandi atvinnubótastyrk.
4. Vera ráðgefandi, ef hið opinbera fer að hafa áhrif á fólksflutninga í landinu, svo sem: veita einstökum bæjar- og sveitarfélögum heimild um stundarsakir til þess að banna innflutning fólks, eða gera ráðstafanir til þess að færa milli staða þurfamenn, sem vantar verkefni. Hvorttveggja virðist ástæða til, að gert væri.

Um 2. gr.

18. gr. laganna verður ofaukið. Að sjálfsögðu annast atvinnumálaráðuneytið jöfnunarsjóðinn, og þarf ekki sérstaka grein um það á þessum stað.

Um 3. gr.

Þetta er orðalagsbreyting, sem gerir það að verkum, að ákvæðið verður í samræmi við framkvæmdina.

Um 4. gr.

Viðbót sú, er greinin leggur til, að í lögin verði tekin, er nauðsynleg, enda í samræmi við löggjöf annara þjóða um þessi efni, t. d. Norðmanna.

Um 5. gr.

Vísast til greinargerðar um 1. gr.

Reykjavík, 16. febrúar 1939.

Karl Kristjánsson. Friðjón Skarphéðinsson. Bened. Guttormsson. Jens Hólmgeirsson.

Nd. 105. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Við 8. gr. a-liður orðist þannig:
Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, eða ef telja má, að aðalatvinnugrein hans sé rekin utan heimilissveitar hans, eða ef hann rekur útgerð, og skip hans, eitt eða fleiri, leggja heila vertíð afla sinn að mestu leyti á land utan heimilissveitar gjaldþegns, enda má þá ekki leggja á mann að því leyti í heimilissveit hans.

Nd. 106. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

I. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Bjarna Bjarnasyni.*
Framan við frvgr. bætast nýir rómv. liðir:
1. Á eftir tölulið IV. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætist nýr stafliður:
Partavegur: Frá Villingaholti suður með Þjórsá um Parta að Fljótshólum.
2. Tölulið V. í sömu lögum skal orða svo:
Gnúpverjavegur: Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá og norðan Skaftholtsmúla og Ása, um Hamarsheiði, neðan við Fossárgljúfur um brúarstæði á Hamrinum upp Þjórsárdal að Ásólfsstöðum.

II. Frá *Ólafi Thors* og *Bergi Jónssyni.*
Framan við frvgr. kemur nýr rómv. liður:
Á eftir A. 13. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 bætast nýir liðir:
a. *Grindavíkurvegur:* Af Reykjanesbraut á Vogastapa til Grindavíkur.
b. *Hafnavegur:* Af Reykjanesbraut hjá Njarðvíkum í Hafnir.
c. *Stafnesvegur:* Frá Sandgerði að Stafnesi.
d. *Vitavegur:* Af Sandgerðisvegi að Garðskagavita.

III. Frá *Thor Thors.*
Aftan við frvgr. bætist nýr rómv. liður:
Á eftir XI. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætast nýir liðir:
a. *Eyrarsveitarvegur:* Frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit til Eyrarsveitar.
b. *Hnappadalsvegur:* Frá Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bilduhóli á Skógarströnd.

IV. Frá *Þorsteini Briem.*
Aftan við frvgr. bætast nýir rómv. liðir:
1. Á eftir B. 8. í 2. gr. laga nr. 101 19. júní 1933 komi nýr liður:
Haukadalsvegur: Frá Haukadalsárbrú á Vesturlandsvegi um Stóra-Vatnshorn að Krossi í Haukadal.
2. Tölulið XII. í lögum nr. 72 23. júní 1936 skal orða svo:
Skarðsstrandarvegur: Frá Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell, Skarð og Tjaldanes á Vesturlandsveg í Saurbæ.

V. Frá *Bergi Jónssyni.*

Aftan við frvgr. bætast nýir rómv. liðir:

1. Aftan við XIV. b. í lögum nr. 72 23. júní 1936 bætist: og þaðan eftir póstleiðinni á þjóðveginn austan Þorskafjarðar.
2. Á eftir XIV. C. í sömu lögum bætast nýir liðir:
   a. *Ketildalavegur:* Frá Bíldudal að Selárdal.
   b. *Suðurfjarðavegur:* Frá Bíldudal um Dufansdal að Fossi.
   c. *Tálknafjarðarvegur:* Af þjóðveginum við Gileyri að Bakka í Tálknafirði.

Nd. 107. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 105 [Útsvör].

Frá Jóni Pálmasyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun sem útibú víðar en í einni sveit, eða ef telja má, að aðalatvinnugrein hans sé rekin utan heimilissveitar, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.

Ed. 108. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði afgreitt óbreytt.

Alþingi, 29. marz 1939.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 109. Nefndarálit

um frv. til l. um síldartunnur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. marz 1939.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.

Nd. 110. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 29. marz 1939.

Bjarni Bjarnason, form., frsm. Pálmi Hannesson, fundaskr. Gísli Sveinsson.
J. Möller. Ásg. Ásgeirsson.

Nd. 111. Frumvarp til laga

um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og fjölgun sókna og presta í Reykjavík og öðrum kaupstöðum.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Dómkirkjan í Reykjavík skal afhent dómkirkjusöfnuðinum til eignar og afnota með þessum skilyrðum: Ríkið greiði 300 — þrjú hundruð — þúsund krónur til nýrra kirkjubygginga, með 10 þúsund krónum á ári í 30 ár. Ríkið skal hafa eftir sem áður aðgang að dómkirkjunni án sérstaks gjalds.

2. gr.

Eftir afhendingu dómkirkjunnar í hendur safnaðarins skal skipta söfnuðinum í 6 sóknir. Kirkjustjórnin ákveður takmörk sóknanna, eftir tillögum sóknarnefndar núverandi safnaðar.

3. gr.

Kirkjubyggingar í hinum nýju sóknum annast og kostar söfnuður hverrar sóknar. Hver sókn fær auk kirkjugjalds frá ársbyrjun þess árs, er sóknarskipting er löglega ákveðin, hluta af fé því, er ríkið leggur árlega til kirkjubygginga samkvæmt 1. gr. Greiðist féð í hinn almenna kirkjusjóð, og skiptist jafnt milli nýju sóknanna.

4. gr.

Sóknir þær, er nefndar eru í 2. gr., skulu vera 4 prestaköll, og skulu vera í þeim svo margir prestar, að því svari, að 1 prestur sé fyrir hverja 5000 sóknarmanna. En ef fólkinu fjölgar, skal prestum fjölga í hlutfalli við fólksfjölda, þannig, að á hvern prest komi sem næst fimm þúsund manns.

5. gr.

Reykjavíkurbær skal leggja ókeypis lóð undir fyrirhugaðar kirkjur í hinum nýju sóknum, einnig undir prestsseturshús. Skulu staðirnir valdir með samþykki kirkjustjórnar.

6. gr.

Heimilt skal mönnum eftir skiptingu Reykjavíkurprestakalls í 6 sóknir að taka prestsþjónustu hjá öðrum presti en sóknarpresti sínum innan takmarka hins núverandi prestakalls, án þess að fara þurfi eftir lögum nr. 9 2. maí 1882, um leysing sóknarbands.

7. gr.

Ákvæði 4. gr. í lögum þessum, um að á einn sóknarprest skuli koma um 5000 manns, skal einnig gilda um aðra kaupstaði landsins, og skal fjölga þar prestum eftir þessum reglum.

8. gr.

Ákvæði 2.—6. gr. koma til framkvæmda við næstu prestaskipti í Reykjavíkurprestakalli, eða þegar núverandi prestar dómkirkjusafnaðarins samþykkja breytinguna.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frv. var borið fram á þingunum 1935 og 1936, en varð ekki útrætt. Vísast til greinargerðar, er fylgdi því þá. — Að öðru leyti verður gerð grein fyrir málinu við framsögu.

Nd. 112. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 43 7. maí 1928, um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Lög nr. 43 frá 7. maí 1928, um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög þessi voru sett á sínum tíma í þeim tilgangi að friða Nikulásarker fyrir netaveiði, til þess að greiða fyrir laxgöngu upp eftir Norðurá. Þegar svo laxveiðilögin frá 1932 gengu í gildi, voru þessi lög orðin óþörf og tilgangslaus, en af vangá fórst fyrir að nema þau úr gildi þá þegar.

Ed. 113. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

8. gr. laganna orðist svo:

Sjúkrahús eða hæli eða skóli eða annar viðtakandi styrks þess, sem veittur er samkvæmt lögum þessum, á rétt á, að ríkissjóður greiði, ef nauðsyn krefur, það, sem á vantar fulla greiðslu kostnaðarins eins og hann er talinn og úrskurðaður samkvæmt 4., 5. og 6. gr. Þó skal aldrei krefja ríkissjóð um greiðslu þessa kostnaðarhluta fyrr en styrkþeginn sjálfur eða framfærandi hans hefir verið krafinn um greiðsluna, og ekki nema að svo miklu leyti, sem sú krafa hefir engan árangur borið.

Ríkissjóður innheimtir ekki þennan kostnaðarhluta af styrkþeganum eða framfæranda hans gegn vilja hans, ef hann er ekki fær um að inna greiðsluna af hendi án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á tveim síðustu þingum og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Hér er farið fram á, að lögunum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla verði breytt í líkara horf og áður var, að því er snertir berklasjúklinga, þ. e. að ríkissjóður beri allan kostnað af framfærslu sjúklinganna, að svo miklu leyti sem þeir eru ekki færir um það sjálfir.

Frá tvennu sjónarmiði verður þessi breyting að teljast nauðsynleg. Í fyrsta lagi að því er snertir sjúklingana sjálfa. Það eru dæmi til, að berklasjúklingar hafa neitað að fara á hæli vegna ákvæðisins um, að framfærslusveit beri að greiða ⅕ hluta kostnaðar; svo þungt fellur mörgum sjúklingum að þurfa að þiggja af sveit sinni, jafnvel þó lögin mæli svo fyrir, að þessi kostnaðarhluti skuli ekki teljast sveitarstyrkur. Í öðru lagi að því er snertir bæjar- og sveitarfélögin. Fyrir fátæk sveitarfélög er þessi umræddi kostnaður oft þungur baggi. Nú virðast allir þingflokkar vera sammála um, að ráðstafanir þurfi að gera til að bjarga við fjárhag fátækra bæjar- og sveitarfélaga. Þegar á það er litið, ætti að geta orðið samkomulag um það, að nauðsyn beri til að létta af bæjar- og sveitarfélögum þeim útgjaldaauka, sem felst í lögunum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla."

Alþingi hefir nú borizt erindi frá Sambandi íslenzkra berklasjúklinga, þar sem eindregið er lagt til, að hið svokallaða „krónugjald" verði látið niður falla, en svo nefna þeir þennan ⅕ kostnaðarhluta, sem hér um ræðir. Ætti þetta að verða hvöt til þess að málið fái nú loks afgreiðslu á þessu þingi.

Nd. 114. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Þrír nefndarmanna, Finnur Jónsson, Sigurður E. Hlíðar og Sigurður Kristjánsson, mæla með því, að frumvarpið verði afgreitt óbreytt.

Tveir nefndarmenn, Bergur Jónsson og Gísli Guðmundsson, vilja afgr. málið með dagskrá.

Alþingi, 30. marz 1939.

Finnur Jónsson, form.	Sigurður Kristjánsson, frsm.	Sig. Ein. Hlíðar.

Nd. 115. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að milliþinganefnd í skattamálum athugi þær breytingar, er fyrir liggja í frv. þessu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. marz 1939.

Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Bergur Jónsson.

Ed. 116. Lög

um ostrurækt.

(Afgreidd frá Ed. 31. marz).

Samhljóða þskj. 57.

Ed. 117. Nefndarálit

um frumv. til laga um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög og mælir með því, að það sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 4. gr. Eftir orðinu „fyrirmælum" bætist: síðari málsgreinar.

Alþingi, 31. marz 1939.

Páll Zóphóníasson, form. Þorst. Þorsteinsson, frsm. Erl. Þorsteinsson, fundaskr.

Ed. 118. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðræktarstyrk hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefir verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgjaldsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgjaldsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðargjöldin voru reiknuð eftir. Samhliða þessari spjaldskrá skal Búnaðarfélag Íslands gera aðra spjaldskrá, er sýni stærð á véltæku túni hvers býlis, samkvæmt jarðamati,

og bæti síðan inn á þá skrá þeirri viðbót véltæks túns, sem verður með árlegum umbótum jarðanna.

Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

a. Býli, sem hefir minna en 8 hektara af véltæku túni, greiðist til túnræktar samkv. 9. gr. II., III. og IV. 100% hærri styrkur en sú grein ákveður.
b. Býli, sem fengið hefir samtals minna en 1000 kr., greiðist til húsabóta samkv. 9. gr. I. og V. 20% hærri styrkur en sú grein ákveður.
c. Býli, sem fengið hefir samtals 4000—5000 kr., skal greiða 20% minna fyrir hvert verk.

Býli, sem hefir 8—10 hektara af véltæku túni og hefir fengið 1000—4000 kr., skal greiða styrk til jarðræktar og húsabóta samkvæmt ákvæðum 9. gr., en býlum, sem hafa meira en 10 hektara af véltæku túni greiðist enginn styrkur samkv. 9. gr. II., III. og IV., og býli, sem fengið hefir fullar 5000 kr. til umbóta, greiðist enginn styrkur. Ákvæði c-liðs þessarar greinar, svo og ákvæði hennar um heildar hámarksstyrk ná þó ekki til nýbýla, sem reist hafa verið á óræktuðu landi á tímabilinu frá gildistöku jarðræktarlaganna 20. júní 1923 til gildistöku laga um nýbýli og samvinnubyggðir frá 1. febr. 1936. Hámarksstyrkur til þessara nýbýla má nema allt að 7000 kr. til hvers býlis, enda hafi þau nýbýli ekki notið styrks samkv. lögum um nýbýli og samvinnubyggðir.

Ekki nær ákvæðið um heildar hámarksstyrk heldur til þeirra búa, er bæjarfélög reka og starfrækt eru vegna þess, að ókleift er sakir erfiðleika og dýrleika að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúunum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Sama gildir um hámark það, sem ákveðið er í h.-lið 9. gr. um styrk til grjótnáms, að því er snertir býli við kaupstaði, þar sem svo stendur á, sem að ofan greinir, og ekki er kostur á ræktun nema í mjög grýttum jarðvegi.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóti aðeins jarðir samkv. skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að áliti Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Síðari málsgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Hámarksstyrkur á ári til jarðræktar fyrir hvert býli má nema allt að 1200 kr.

Greinargerð.

Það er kunnugt af athugunum, sem skipulagsnefnd atvinnumála gerði árið 1935, að styrkur sá, sem úthlutað hafði verið eftir jarðræktarlögunum frá 1923, hafði komið mjög ójafnt niður á hin einstöku býli. Höfðu hinir efnaðri bændur yfirleitt notið meiri styrks til umbóta á þeim býlum, er voru í betri býla röð áður en jarðræktarlögin gengu í gildi. Ábýli manna höfðu því stórum ójafnazt. Sumstaðar hefir þetta leitt til þess, að smábýli, sem annars hefðu þótt byggileg, hafa dregizt svo aftur úr, að ekki hefir þótt búandi á þeim lengur, og hefir það meðal annara ástæðna valdið „flóttanum“ úr sveitunum. Hitt er þó örlagaríkara, að það hefir átt sinn þátt í að viðhalda og auka mismun á efnahag og allri lífsaðstöðu manna í sveitunum og valdið með því margsháttar félagslegu böli.

Breyting sú, sem gerð var á jarðræktarlögunum 1936, gekk að afarlitlu í þá átt að bæta úr þessum ágalla hinna eldri jarðræktarlaga. En þessar breytingar gengu allt of skammt. Þau býli, sem minnstan styrk höfðu áður fengið og voru þess vegna skemmst á leið komin um ræktun, skyldu að vísu fá 20% hærri styrk en önnur. En þetta er ekki svo mikið sem til þess að vega á móti því, hve miklu örðugra ábúendur þessara býla eiga að jafnaði með að ráðast í umbætur á jörðum sínum vegna allrar aðstöðu sinnar. Það er því ekki rétt að gera ráð fyrir, að þessi umbót á jarðræktarlögunum, sem gerð var 1936, valdi nokkrum verulegum stefnuhvörfum um þessi efni.

Það eiga hinsvegar þær breytingar á ákvæðum jarðræktarlaganna um styrk-

greiðslu til túnræktar, sem lagðar eru til með þessu frumvarpi, að gera. Hér er beinlínis að því stefnt, að útrýma kotbýlunum í íslenzkum sveitum á fáum árum, með því að gefa hverjum atorkusömum bónda kost á að gera ábýli sitt að bújörð, sem gæti veitt meðalfjölskyldu viðunandi lífskjör, án þess að það þurfi að valda honum óbærilegum kostnaði. Þetta, að útrýma kotbýlunum í sveitunum, á að vera jafnsjálfsagt sem það er að útrýma kjallaraíbúðum í kaupstöðum. Hvorttveggja er varúðarráðstöfun gegn bæði líkamlegum og félagslegum sjúkdómum. Og í hvorritveggja þessara varúðarráðstafana á þjóðfélagið í heild að sjálfsögðu að taka verulegan þátt.

Með þessum breytingum, sem hér er lagt til að gerðar verði á jarðræktarlögunum, mundi styrkur til jarðabóta á þeim býlum, er hefðu minna en 8 hektara af véltæku túni, nema allt að helmingi kostnaðar við jarðræktina, þar sem skilyrði eru bezt, og ábúandi á jörð, sem er ríkiseign, gæti fengið allt að því full daglaun við það að vinna af sér afgjaldsgreiðslu með jarðabótum. Þetta virðist mjög heilbrigð skipting kostnaðarins af ræktun jarðanna, þegar þess er jafnframt gætt, að hér er um heilbrigðilega ráðstöfun að ræða, þar sem er útrýming kotbýlanna.

Hinsvegar er engin þörf á að veita einstökum bændum jarðræktarstyrk til þess að koma sér upp stærra túni en 10 hektara. Þegar tún er orðið stærra en það, verður það varla nytjað, nema með aðkeyptum vinnukrafti. Hvernig sem annars er litið á þjóðfélagsmál, ætti ekki að þykja ástæða til, að ríkið styrkti bændur til að skapa sér aðstöðu til gróðamöguleika með aðkeyptri vinnu, fyrr en búið væri að tryggja það, að sem flestir þeirra gætu rekið sjálfstæðan búskap með vinnu sinnar eigin fjölskyldu. Ákvæðið um það, að takmarka álagið á styrkinn til jarðræktar eins og hann er ákveðinn í 9. gr. við minna en 8 hektara túnstærð, og takmarka jarðræktarstyrkinn síðan við 10 hektara, ætti einnig að stuðla að því hvorutveggja, að menn vönduðu jarðabætur sínar og að jörðum væri skipt, þar sem skilyrði væru til þess.

Hámark árlegs styrks til jarðræktar samkv. 13. gr. hlýtur eðlilega að hækka um leið og styrkurinn til hinna smærri býli hækkar eins og gert er ráð fyrir í brtt. um 11. gr.

Gera verður ráð fyrir því, að breyting sú á jarðræktarlögunum, sem hér er gerð tillaga um, hafi í för með sér nokkra hækkun á framlögum ríkisins til jarðræktar fyrstu árin eftir gildistöku breytingarinnar. Erfitt er að gera áætlun um, hve miklu sú hækkun mundi nema, þar sem ekki eru fyrir hendi skýrslur um, hve mikill hluti býlanna hefir sem stendur stærri véltæk tún en 10 hektara og mundu þá með gildistöku á ákvæðum þessa frv. missa rétt til styrks, og eigi verður á hinn bóginn heldur ætlað á um það, hve mikið þessi breyting á ákvæðum um úthlutun jarðabótastyrksins mundi örva vilja manna til umbóta hinna smærri býla. Það er og rétt að benda á, að líklegt er, að þessi breyting á jarðræktarlögunum mundi hafa í för með sér verulega lækkun á fátækrastyrk, og kæmi það óbeint til frádráttar útgjalda ríkisins, auk þess sem vænta mætti, að hún mundi að nokkru endurgreidd með auknum skatttekjum ríkisins.

Nd. 119. Frumvarp til laga

um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Eysteinn Jónsson, Finnur Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Sölugengi erlends gjaldeyris skal vera kr. 27.00 — tuttugu og sjö krónur — hvert sterlingspund (£), og annarar erlendrar myntar í samræmi við það.

2. gr.

Skipa skal þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu hæstaréttar, og sé hann formaður, en hina tvo eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitenda-

félags Íslands. Nefnd þessi skal gera yfirlit yfir framfærslukostnað í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar frá ársbyrjun 1939, í apríl þó 11. í stað 1. dag mánaðarins, eftir grundvallarreglum, sem nefndin setur, að fengnum tillögum hagstofu Íslands. Komi í ljós, að meðaltalsframfærslukostnaður í Reykjavík mánuðina apríl—júní 1939 hafi hækkað um meira en 5% — fimm af hundraði — miðað við meðaltalsframfærslukostnað mánuðina janúar—marz 1939, skal kaupgjald ófaglærðs verkafólks og sjómanna hækka frá 1. júlí 1939 sem nemur helmingi þeirrar hækkunar á framfærslukostnaði, sem orðið hefir, ef hækkunin nemur ekki yfir 10%, en ⅔ af því, sem hækkunin kann að vera yfir 10%. Broti, sem eigi nær einum af hundraði, skal sleppt við þennan útreikning. Á sama hátt skal reikna út meðaltalsframfærslukostnað mánuðina júlí—desember 1939, og skal þá kaupgjaldið hækka frá 1. jan. 1940 eftir sömu reglu, miðað við meðalframfærslukostnað janúar—marz 1939. Gildir það kaup til 1. apríl 1940 og áfram sem samningur milli atvinnurekenda og stéttarfélaga. Vilji annarhvor aðili hafa kaupgjald ósamningsbundið frá 1. apríl 1940, skal hann hafa sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara, en eftir þann tíma verður uppsagnarfrestur þrír mánuðir. Kaupgjald fast ráðinna fjölskyldumanna, enda þótt iðnlærðir séu, sem hafa minna en 300 króna kaup á mánuði, eða sem svarar 3600 króna árstekjum í Reykjavík og tilsvarandi lægra annarstaðar á landinu, skal hækka eftir sömu reglum og kaupgjald ófaglærðs verkafólks og sjómanna samkvæmt þessari grein. — Ríkisstjórnin setur sérstakar reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Við ákvörðun kaups samkvæmt þessari grein skal sleppt broti úr eyri, ef það nær ekki hálfum, en annars hækkað í heilan eyri.

Kostnaður við nefnd þessa, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Kaup það, sem greitt er við gildistöku laga þessara, hvort heldur það er greitt samkvæmt gildandi samningum milli stéttarfélaga og vinnuveitenda eða samkvæmt kauptöxtum, skal óbreytt standa til 1. apríl 1940, með þeim undantekningum, sem um getur í 2. gr. Gildir þetta jafnt þó að í samningum séu ákvæði um kaupgjaldsbreytingar vegna hækkunar eða lækkunar á framfærslukostnaði eða gengi. Á sama tíma er óheimilt að hækka kaup fastra starfsmanna við fyrirtæki einstaklinga, félaga, ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, nema ákveðið sé í lögum eða það falli undir ákvæði 2. gr.

4. gr.

Útgerðarfyrirtækjum er skylt að ráða sjómenn gegn hluta af afla í stað fastákveðins kaupgjalds, ef þeir óska þess, og skal þá um fyrirkomulag hlutaskiptanna farið eftir þeim reglum, sem að undanförnu hafa gilt á viðkomandi útgerðarstað, nema samkomulag verði um annan grundvöll hlutaskiptanna.

Hlutarmönnum, sem gert hafa samning um sölu á hlut sínum fyrir ákveðið verð í íslenzkum krónum, er heimilt innan hálfs mánaðar frá gildistöku laga þessara að ákveða um þann fisk, er þeir hafa eigi látið af hendi þegar lögin ganga í gildi, að hann skuli, í stað hins samningsbundna verðs, greiddur með því verði, er fyrir hann fæst fob, að frádregnum þeim verkunarkostnaði og öðrum kostnaði, er á hann fellur frá því hlutarmaður afhendir hann. Þó skal verðið ekki vera lægra en það, sem upphaflega hefir verið ákveðið í samningum. Rísi ágreiningur um það, hvaða verð hlutarmanni beri, sker félagsdómur úr.

Frá 1. jan. 1940 skulu aflaverðlaun til yfirmanna á togurum, ef um það launafyrirkomulag er að ræða, reiknast af verðmæti aflans, að frádregnu verði fyrir kol og veiðarfæri, sem skipin nota.

5. gr.

Um verðlag á kindakjöti og mjólk á innlendum markaði skulu gilda sömu reglur og um kaupgjald verkamanna og sjómanna samkv. 2. og 3. gr., miðað við

verðlag á sama tíma árið 1938 og 1939. Heimilt er að fella niður verðjöfnunargjald af kjöti samkv. l. nr. 2 9. jan. 1935, eða breyta ákvæðum um það, um eitt ár í senn.

6. gr.

Útlánsvexti í bönkum og öðrum lánsstofnunum má ekki hækka til 1. jan. 1940.

7. gr.

Á tímabilinu til 14. maí 1940 er óheimilt að hækka leigu eftir hús og aðrar fasteignir frá því, sem goldið og umsamið er þegar lög þessi öðlast gildi. Ennfremur er leigusala á sama tíma óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema hann þurfi á því að halda fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína, enda hafi leigutaki haldið samninga.

Í Reykjavík skal skipa þriggja manna nefnd, sem hafi eftirlit með því, að ákvæðum þessarar greinar sé fylgt, og úrskurði um allan ágreining, sem út af þeim kann að rísa milli leigutaka og leigusala. Skylt er að leggja fyrir þessa nefnd til samþykktar alla leigumála, sem gerðir eru eftir að lög þessi öðlast gildi. Skal nefndin gæta þess, að leiga sé ekki ákveðin hærri en sambærilegt er við eldri leigusamninga, að dómi nefndarinnar, og hefir hún vald til að ákveða upphæð leigunnar, ef þörf gerist. Ennfremur skal nefndin meta leigu fyrir ný hús. Nefnd þessi skal þannig skipuð, að ríkisstjórnin tilnefni tvo nefndarmenn, en hæstiréttur þann þriðja, og sé hann formaður. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Utan Reykjavíkur skulu fasteignamatsnefndir gegna þeim störfum, sem um getur í þessari grein.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef þurfa þykir, að setja með reglugerðum nánari fyrirmæli um framkvæmd þeirra mála, er í lögum þessum getur.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 kr., og skulu sektir renna í ríkissjóð. Mál út af slíkum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Á Alþingi 1938 voru samþykkt lög um skipun nefndar til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar og gera tillögur um það mál. Nefnd þessi var kosin á þinginu 12. maí 1938 og tók til starfa skömmu eftir þingslit.

Nefndin hefir safnað saman rekstrar- og efnahagsreikningum frá flestum togaraútgerðarfyrirtækjum yfir 5 ára tímabil, 1933—1937, og unnið úr þeim reikningum heildaryfirlit um rekstrarafkomu og efnahag þessa atvinnuvegar. Einnig hefir nefndin samið yfirlit um veiðitíma skipanna, aflamagn, verðmæti aflans og einstaka útgjaldaliði í sambandi við reksturinn. Skýrslur nefndarinnar um þessi efni hafa verið prentaðar og þeim úthlutað til þingmanna. Reikningar togaraútgerðarfyrirtækjanna sýna, að mikill meiri hluti þeirra hefir tapað á undanförnum árum, og samtals nemur tapið, að frádregnum gróða einstakra fyrirtækja, yfir 5 millj. kr. á árunum 1933—1937, að báðum meðtöldum, ef reiknað er með 20 þús. kr. árlegu fyrningargjaldi af skipunum. Vantar þó reikninga frá nokkrum skipum, sem vitað er um, að hafa verið gerð út með miklu tapi á þessum árum. Í árslok 1937 var efnahagur 20 fyrirtækja, sem höfðu samtals 32 togara, þannig, samkvæmt efnahags-

reikningum þeirra, að eignir voru samtals kr. 18085511.74, en skuldir kr. 17461834.88, umfram hlutafé, stofnfé og varasjóði, er nam samt. kr. 2593964.05. Af reikningunum er það ljóst, að hjá mörgum fyrirtækjunum eru eignirnar bókfærðar hærra en raunverulegt verðmæti þeirra er, og var því hagur þeirra verri en þessar tölur sýna. Aðeins fjórði hluti af þessum útgerðarfyrirtækjum átti þá reikningslega fyrir skuldum, en síðan í árslok 1937 hefir hagur togaraútgerðarinnar versnað stórlega, þar sem togararnir munu yfirleitt hafa verið reknir með miklu tapi árið 1938 og það sem af er þessu ári. Munu því skuldir togaraútgerðarinnar nú umfram eignir nema miklum fjárhæðum.

Tap togaranna stafar af ýmsum ástæðum. En höfuðorsakir tapsins munu vera aflatregða síðustu árin, samfara lágu afurðaverði og miklum tilkostnaði. Togararnir eru dýrir í rekstri, meðal annars vegna þess að þeir eru yfirleitt orðnir gamlir og árlegur viðhaldskostnaður þeirra því mikill. Þeir þurfa því að hafa mikinn afla til þess að reksturinn geti borið sig. Til síldveiða eru þeir tiltölulega miklu óhentugri heldur en minni og ódýrari skip. En þrátt fyrir ýmsa annmarka á útgerð togaranna verður eigi hægt að komast hjá að halda henni áfram eins og nú standa sakir, og þarf því að gera ráðstafanir til þess að svo geti orðið.

Til viðbótar því, sem hér hefir verið tekið fram, má benda á þá áætlun um rekstur togara, sem tveir af milliþinganefndarmönnunum hafa gert og fylgir skýrslum nefndarinnar. Sýnir sú áætlun um 30 þús. kr. halla, og er þó togarinn metinn þar á aðeins 150 þús. krónur, en samkvæmt reikningum útgerðarfyrirtækjanna er bókfært verð skipanna að meðaltali rúmlega 200 þús. kr. Einn af nefndarmönnunum hefir þó talið, að hallinn sé hér of lágt áætlaður. Má einnig benda á, að þar sem skipin eru orðin rúmlega 18 ára gömul að meðaltali, hlýtur rekstur þeirra að verða mjög dýr vegna mikils viðhaldskostnaðar.

Um hag vélbátaútvegsins er það vitað, að hann er víða mjög slæmur. Stendur hann þó nokkru betur að vígi en togaraútgerðin, vegna þess að skipin eru yfirleitt ekki eins gömul og togararnir, og ennfremur vegna þess, að allur þorri vélbátaeigenda hefir fengið skuldaskil á árinu 1936. Þó hefir síðan víðast hvar á landinu sigið á ógæfuhliðina fyrir vélbátaútveginum. Síldveiði vélbátanna hefir að vísu hin síðari ár svarað hagnaði yfirleitt, en þorskveiðatímabilið hefir hinsvegar venjulega étið upp hagnaðinn af síldveiðunum, og oftast nær meira en það. Veldur því bæði aflaleysi og verðleysi á fiskinum, sem farið hefir saman í mörgum verstöðvum hin síðari ár. Verður eigi annað séð en að mjög hljóti að draga úr þorskveiðum vélbáta, ef eigi verða gerðar opinberar ráðstafanir til þess að hækka verðið, og það því fremur sem útlit er mjög erfitt um fisksöluna á þessu ári.

Hagur línuveiðagufuskipanna er enn verri en vélbátanna, og nægir í því efni að vísa til þeirra opinberu skýrslna, sem áður hefir verið aflað um þessi mál.

Það er því óhjákvæmilegt, að gerðar séu ráðstafanir til stuðnings útgerðinni, bæði útgerð togara og smærri skipa. Það má öllum vera ljóst, að til ófarnaðar leiðir, ef annar höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar, og sá, sem mest framleiðir af útflutningsverðmæti, er árum saman rekinn með tekjuhalla. Afleiðing þess hlýtur að verða samdráttur í þeirri atvinnugrein, vegna þess að fjármagnið leitar þangað, sem meiri arðs er von, og um leið minnkandi atvinna hjá þeim, sem að undanförnu hafa stundað sjó og unnið að hagnýtingu sjávarafla.

Framleiðsla útflutningsverðmæta er undirstaðan í þjóðarbúskapnum, sem fjárhagsafkoma landsmanna byggist fyrst og fremst á. Aðeins með útflutningi á íslenzkum vörum getur þjóðin staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar erlendis og keypt inn í landið þær nauðsynjar, sem landið skortir. Dragi úr útflutningnum jafnhliða því og fólkinu fjölgar í landinu, hlýtur það að valda auknu atvinnuleysi og fátækt landsmanna, og að lokum að leiða til algerðs hruns atvinnuveganna og hinnar hörmulegustu örbirgðar hjá verkamönnum og sjómönnum. Það er því hvorttveggja í senn, nauðsyn og réttlætismál, að eigi sé lakar búið að þeim mönnum, sem vinna að framleiðslustörfum, heldur en að öðrum þegnum þjóðfélagsins.

Í frv. þessu er lagt til, að breytt verði gengi íslenzku krónunnar á þann hátt, að til hagsbóta verði fyrir útflytjendur íslenzkra afurða. Að vísu gat verið um fleiri leiðir að ræða til þess að bæta þeirra hag. Fordæmi eru fyrir því hjá einstöku öðrum þjóðum, að sú leið hefir verið farin, að greiða verðuppbót úr ríkissjóði á einstakar útflutningsvörur. Ef sú aðferð væri höfð hér, þyrfti að sjálfsögðu að afla fjár til þess með nýjum tollum eða sköttum.

Beinir skattar, að viðbættum útsvörum til bæjar- og sveitarfélaga, eru nú orðnir miklum mun hærri hér á landi en í nálægum löndum. Það er því ekki miklum vafa undirorpið, að þess fjármagns, sem þurft hefði að taka til þess að bæta upp verð á útflutningsvörum landsmanna, hefði að langmestum hluta orðið að afla með almennum óbeinum sköttum og tollum á innfluttum vörum. Niðurstaðan hefði því orðið mjög svipuð að því er dýrtíðaraukningu snertir, hvort sem sú leið var farin eða verðgildi peninganna breytt eins og hér er lagt til. Enda þótt uppbótarleiðin hefði verið valin, hlaut nauðsynlegur stuðningur fyrst og fremst að verða borinn uppi af sömu aðiljum og gengislækkunin snertir. En meðal annars vegna þess, að innheimta á nýjum sköttum og tollum svo milljónum kr. skipti, ásamt úthlutun styrkja til útflytjenda, hlyti að verða afarumfangsmikil og erfið í framkvæmd, hefir sú leið verið valin, sem farin er í þessu frv.

Breyting á verði íslenzku krónunnar hefir í för með sér skerðingu á peningaeign manna, að því er virðist, en þó má benda á, að peningarnir eru því aðeins nokkurs virði, að framleiðslustarfsemin stöðvist ekki. Þeir, sem taka föst laun fyrir vinnu sína hjá fyrirtækjum ríkis, bæja, félaga og einstaklinga, verða einnig fyrir nokkurri tekjurýrnun við gengisbreytinguna, þar sem gert er ráð fyrir, að laun þeirra verði, með undantekningum þó fyrir þá allra lægst launuðu, óbreytt að krónutali, en vel má þeim mönnum vera ljóst, að ef framleiðslustarfsemin hrynur í rústir, verða litlir möguleikar til að greiða laun fyrir að starfa að öðrum viðfangsefnum. Ríkið eða aðrar stofnanir myndu ekki til lengdar, þegar svo væri komið, geta innt af höndum launagreiðslur né aðrar útborganir. Verzlun og iðnaður hlyti að dragast mjög saman, ef útflutningsframleiðslan minnkar frá því, sem þegar er orðið, þar sem um leið hlyti að taka fyrir innflutning á verzlunarvörum og hráefnum til iðnaðarins. Hér ber því allt að sama brunni. Framleiðslustarfsemin er sá grundvöllur, sem öll þjóðfélagsbyggingin hvílir á. Ef hún stöðvast, er vá fyrir dyrum. Eigi aðeins hjá þeim mönnum, sem beinlínis hafa unnið að framleiðslunni, heldur einnig hjá öllum hinum.

Eins og rakið hefir verið að nokkru, eru ráðstafanir þær, sem hér eru gerðar til breytinga á verðgildi íslenzku krónunnar, fyrst og fremst gerðar vegna framleiðslunnar í landinu, til þess að auka útflutninginn og örva atvinnulífið. Þegar velja átti um leiðir að þessu marki, kom það að sjálfsögðu til álita, hvaða leið væri jafnframt líklegust til þess að hafa fljótvirk áhrif til bóta á gjaldeyrisverzlunina, sem hefir verið mjög örðug að undanförnu. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vegna þeirra erfiðleika, sem steðjað hafa að þjóðinni um skeið, hefir eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri um mörg undanfarin ár verið meiri en hægt hefir verið að fullnægja, enda þótt ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr innflutningi og auka útflutning. Ef verði erlenda gjaldeyrisins hefði ekki verið haldið föstu að undanförnu, með einkasölu gjaldeyrisins, hefði hann vafalaust verið stiginn í verði, eða m. ö. o. íslenzka krónan fallin. Allar þjóðir reyna að halda peningagildi sínu sem stöðugustu, annaðhvort með viðskiptahömlum eða með gengisjöfnunarsjóðum, þar sem gjaldeyrisverzlunin er frjáls. Það er alviðurkennt, að æskilegt sé, að gengissveiflur séu sem minnstar og sjaldgæfastar. En það raskar því ekki, að þegar til lengdar lætur, er ákaflega örðugt, og raunar ókleift, að halda við gengisskráningu, sem er mjög fjarri því verði, sem gjaldeyririnn yrði seldur í frjálsum viðskiptum. Undir þeim kringumstæðum er afarerfitt að koma í veg fyrir ólöglega gjaldeyrisverzlun og fjárflótta.

Þau atriði, sem hér hafa verið nefnd, og önnur, sem hér eru eigi rakin, hafa

átt mjög verulegan þátt í því, að lagt er til, að einmitt sú leið verði farin til þess að styðja framleiðslu landsmanna, að breyta verðgildi krónunnar. Það má segja með miklum rétti, að í þessum ráðstöfunum felist í raun og veru aðeins viðurkenning á þeirri staðreynd, að erlendur gjaldeyrir hefir undanfarin ár verið seldur þeim landsmönnum, sem hann hafa þurft að nota, allverulega undir verði, ef miðað er við frjálsa sölu.

Enda þótt nauðsynlegt sé að gera þær ráðstafanir, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, til stuðnings útflutningsframleiðslunni, á þann hátt að breyta verðgildi íslenzku krónunnar, getur alls ekki talizt fært að gefa frjálsa verzlun með gjaldeyri, eins og sakir standa, og er nauðsynlegt að koma í veg fyrir frekari röskun á verðgildi peninganna. Verður að gera öflugar ráðstafanir til þess að halda þeirri gengisskráningu til frambúðar, sem í þessu frumvarpi er lagt til að verði ákveðin.

Í frv. eru ákvæði um, að ef meðaltalsframfærslukostnaður í Reykjavík hækkar fyrir 1. júlí 1939 um meira en 5% frá því, sem er fyrir gildistöku laganna, þá hækki kaupgjald verkamanna, sjómanna, svo og kaup þeirra fastlaunaðra fjölskyldumanna í þjónustu ríkisins, bæjarfélaga, sveitarfélaga og einstaklingsfyrirtækja, sem hafa undir kr. 3600.00 í árstekjur í Reykjavík og tilsvarandi lægra annarstaðar á landinu, um helming þeirrar hækkunar, sem orðið hefir á framfærslukostnaðinum, þar til hækkunin hefir numið 10%, en síðan um ⅔ af því, sem hækkunin kynni að verða umfram þann hundraðshluta. Þykir sjálfsagt að mæta, eftir því sem fært er, gengislækkuninni með launauppbótum að því er þessar stéttir varðar, sem þegar hafa orðið fyrir töpum vegna minnkandi atvinnu. Og þó gengislækkuninni verði ekki mætt að fullu með beinni kauphækkun, verður að gera ráð fyrir því, að ráðstafanir þær, sem gerðar eru með frv. þessu, verði til þess að tryggja atvinnureksturinn og auka atvinnuna, þannig að heildartekjur verkamanna og sjómanna verði sízt minni en verið hefir, miðað við framfærslukostnað. T. d. má telja víst, að ef frv. nær fram að ganga, fari allur togaraflotinn á síldveiðar á komandi sumri, sem sennilega hefði annars orðið að liggja í höfn. Hinsvegar er í frv. gert ráð fyrir, að þessar stéttir fái eigi á tímabilinu til 1. apríl 1940 aðra kauphækkun en þá, sem í frv. segir, um leið og jafnframt er fyrirbyggt, að kauphækkun verði á sama tíma hjá hinu betur launaða fólki.

Þá er ákvæði í 4. gr. frv. um, að útgerðarmönnum sé skylt að ráða sjómenn gegn aflahlut, ef þeir óska þess fremur en að vinna fyrir fast kaup, og gilda þá þær reglur um hlutaskiptin, sem áður hafa tíðkazt á viðkomandi útgerðarstað, nema samkomulag verði um annað. Er þetta ákvæði sett til þess að sjómenn geti notið þeirrar verðhækkunar á sjávarafurðum, sem leiða mun af verðbreytingu íslenzkra peninga.

Í sömu gr. frv. er einnig ákvæði um að breyta nokkuð launagreiðslum til yfirmanna á togurum. Er lagt til, að verð fyrir kol og veiðarfæri skuli dragast frá verðmæti aflans áður en „premía“ til þeirra er reiknuð.

Ennfremur er ákveðið í þessari grein, að seljendur íslenzkra útflutningsafurða, sem hafa gert samning um sölu á þeim vörum í íslenzkum krónum, geti sagt upp slíkum samningum, ef vörurnar eru óafhentar. Þykir rétt, að eigendum útflutningsvöru sé þannig gert mögulegt að njóta þeirrar verðhækkunar, sem stafar af verðbreytingu peninganna, þó að þeir hafi gert sölusamninga um vöruna áður en sú breyting varð.

Í 5. gr. frv. er ákvæði um, að sömu reglur skuli gilda um verðlag á kjöti og mjólk á innlendum markaði sem um kaupgjald verkamanna og sjómanna, þannig, að verðhækkun á þessum vörum haldist í hendur við hækkun kaupgjaldsins. Þykir ekki ástæða til, að vörur þessar hækki meira en kaupgjaldið, þar sem þess er að vænta, að með aukinni atvinnu við sjóinn skapist meiri og tryggari markaður þar fyrir landbúnaðarvörur, til hagsbóta fyrir bændur, heldur en orðið hefði, ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar til stuðnings sjávarútveginum. Einnig þykir rétt að benda á, að með verðbreytingu peninganna fá íslenzkar afurðir betri aðstöðu í

samkeppni við erlendar matvörur, og virðist mega vænta verulegrar söluaukningar á þeim þegar af þeirri ástæðu.

Í 6. gr. frv. er ákveðið, að bönkum og öðrum lánsstofnunum skuli óheimilt að hækka útlánsvexti á yfirstandandi ári.

Þá er samkvæmt 7. gr. frv. óheimilt að hækka leigu eftir hús og aðrar fasteignir frá því, sem nú er, til 14. maí 1940, og sömuleiðis er leigusala á sama tíma óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, ef leigutaki heldur samninga, nema hann þurfi þess til eigin afnota. Þykir rétt að setja slíkt ákvæði til þess að koma í veg fyrir hækkun á leigu, þar sem húsaleigan er mjög stór liður í framfærslukostnaði í kaupstöðunum, einkum í Reykjavík. Er nauðsynlegt, að gert sé allt, sem unnt er, til þess að vinna á móti dýrtíð í landinu, bæði með slíku ákvæði sem þessu, og með því að beita, svo sem frekast er fært, ákvæðum laga um verðlag á vörum, sem sett voru á síðasta Alþingi, á meðan óhjákvæmilegt er að takmarka innflutning.

Loks er í frv. heimild fyrir ríkisstjórnina til að setja með reglugerðum nánari fyrirmæli um framkvæmd þeirra mála, sem lögin fjalla um, og ákvæði um refsingar fyrir brot á lögunum.

Nd. 120. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

1. gr.

Í stað orðanna „sýslunefnd Árnessýslu“, „sýslusjóður Árnessýslu“ og „sýslunefnd“ kemur alstaðar í lögunum í viðeigandi föllum: hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, hreppssjóður Eyrarbakkahrepps og hreppsnefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við framkvæmd þessara mála hefir það valdið óþægindum undanfarið, að hreppsnefndin hefir ekki haft fulla stjórn þeirra í sinni hendi. Er því lagt til, að þessu sé breytt í það horf, sem tíðkazt hefir um þessi mál annarstaðar.

Nd. 121. Breytingartillögur

við frv. til laga um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá Haraldi Guðmundssyni, Vilmundi Jónssyni, Emil Jónssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 2. gr. Í stað „fjölskyldumanna“ í næstsíðasta málsl. 1. málsgr. komi: manna.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „Gildir þetta ... eða gengi“ komi: Þó skulu stéttarfélög, sem hafa í kaupsamningum eða kauptöxtum ákvæði um breytingar á kaupi vegna gengislækkunar eða hækkunar á verðvísitölum, mega velja um, hvort meðlimir þeirra fá kauphækkun samkvæmt þeim ákvæðum eða samkvæmt reglum 2. gr. Ef ekki er ákveðið í samningi, frá hvaða tíma og eftir hvaða vísitölu kaup skuli breytast, skal finna vísitöluna samkvæmt ákvæðum 2. gr. og breyting

kaupsins koma til framkvæmda í fyrsta sinn 1. júlí 1939. Kauphækkun samkvæmt þessum sérákvæðum í kaupsamningum má þó ekki verða meiri en sem nemur hækkun á framfærslukostnaði, sbr. 2. gr.

3. Við 4. gr. Önnur málsgr. orðist svo:
Sjómenn, sem ráðnir eru upp á hlut úr afla eða aflaverðlaun, sem miðast við aflamagn, skulu njóta þeirrar verðhækkunar, sem stafar af gengislækkuninni, og gildir þetta jafnt þótt gerður hafi verið fyrirframsamningur um söluverð aflahlutar.

Nd. 122. Breytingartillögur

við frv. til l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá Héðni Valdimarssyni, Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

1. Við 2. gr. Greinin falli burt.
2. Við 3. gr. Greinin falli burt.
3. Við 5. gr. Greinin falli burt.

Nd. 123. Breytingartillögur

við frv. til l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá Skúla Guðmundssyni, Eysteini Jónssyni, Finni Jónssyni og Pétri Ottesen.

1. Við 3. gr. Á eftir 2. málsl. greinarinnar kemur: Sama gildir og um samningsbundnar greiðslur frá sjúkrasamlögum fyrir unnin störf.
2. Við 7. gr. Á eftir 1. málsl. greinarinnar kemur: og eins þó að samið hafi verið um hækkun leigunnar vegna gengisbreytingar.

Ed. 124. Frumvarp til laga

um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sölugengi erlends gjaldeyris skal vera kr. 27.00 — tuttugu og sjö krónur — hvert sterlingspund (£), og annarar erlendrar myntar í samræmi við það.

2. gr.

Skipa skal þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu hæstaréttar, og sé hann formaður, en hina tvo eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendafélags Íslands. Nefnd þessi skal gera yfirlit yfir framfærslukostnað í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar frá ársbyrjun 1939, í apríl þó 11. í stað 1. dag mánaðarins, eftir grundvallarreglum, sem nefndin setur, að fengnum tillögum hagstofu Íslands. Komi í ljós, að meðaltalsframfærslukostnaður í Reykjavík mánuðina apríl—júní 1939 hafi hækkað um meira en 5% — fimm af hundraði — miðað við meðaltalsframfærslukostnað mánuðina janúar—marz 1939, skal kaupgjald ófaglærðs verkafólks og sjómanna hækka frá 1. júlí 1939 sem nemur helmingi þeirrar hækkunar á fram-

færslukostnaði, sem orðið hefir, ef hækkunin nemur ekki yfir 10%, en ⅔ af því, sem hækkunin kann að vera yfir 10%. Broti, sem eigi nær einum af hundraði, skal sleppt við þennan útreikning. Á sama hátt skal reikna út meðaltalsframfærslukostnað mánuðina júlí—desember 1939, og skal þá kaupgjaldið hækka frá 1. jan. 1940 eftir sömu reglu, miðað við meðalframfærslukostnað janúar—marz 1939. Gildir það kaup til 1. apríl 1940 og áfram sem samningur milli atvinnurekenda og stéttarfélaga. Vilji annarhvor aðili hafa kaupgjald ósamningsbundið frá 1. apríl 1940, skal hann hafa sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara, en eftir þann tíma verður uppsagnarfrestur þrír mánuðir. Kaupgjald fast ráðinna fjölskyldumanna, enda þótt iðnlærðir séu, sem hafa minna en 300 króna kaup á mánuði, eða sem svarar 3600 króna árstekjum í Reykjavík og tilsvarandi lægra annarstaðar á landinu, skal hækka eftir sömu reglum og kaupgjald ófaglærðs verkafólks og sjómanna samkvæmt þessari grein. — Ríkisstjórnin setur sérstakar reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Við ákvörðun kaups samkvæmt þessari grein skal sleppt broti úr eyri, ef það nær ekki hálfum, en annars hækkað í heilan eyri.

Kostnaður við nefnd þessa, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Kaup það, sem greitt er við gildistöku laga þessara, hvort heldur það er greitt samkvæmt gildandi samningum milli stéttarfélaga og vinnuveitenda eða samkvæmt kauptöxtum, skal óbreytt standa til 1. apríl 1940, með þeim undantekningum, sem um getur í 2. gr. Gildir þetta jafnt þó að í samningum séu ákvæði um kaupgjaldsbreytingar vegna hækkunar eða lækkunar á framfærslukostnaði eða gengi. Sama gildir og um samningsbundnar greiðslur frá sjúkrasamlögum fyrir unnin störf. Á sama tíma er óheimilt að hækka kaup fastra starfsmanna við fyrirtæki einstaklinga, félaga, ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, nema ákveðið sé í lögum eða það falli undir ákvæði 2. gr.

4. gr.

Útgerðarfyrirtækjum er skylt að ráða sjómenn gegn hluta af afla í stað fastákveðins kaupgjalds, ef þeir óska þess, og skal þá um fyrirkomulag hlutaskiptanna farið eftir þeim reglum, sem að undanförnu hafa gilt á viðkomandi útgerðarstað, nema samkomulag verði um annan grundvöll hlutaskiptanna.

Hlutarmönnum, sem gert hafa samning um sölu á hlut sínum fyrir ákveðið verð í íslenzkum krónum, er heimilt innan hálfs mánaðar frá gildistöku laga þessara að ákveða um þann fisk, er þeir hafa eigi látið af hendi þegar lögin ganga í gildi, að hann skuli, í stað hins samningsbundna verðs, greiddur með því verði, er fyrir hann fæst fob, að frádregnum þeim verkunarkostnaði og öðrum kostnaði, er á hann fellur frá því hlutarmaður afhendir hann. Þó skal verðið ekki vera lægra en það, sem upphaflega hefir verið ákveðið í samningum. Rísi ágreiningur um það, hvaða verð hlutarmanni beri, sker félagsdómur úr.

Frá 1. jan. 1940 skulu aflaverðlaun til yfirmanna á togurum, ef um það launafyrirkomulag er að ræða, reiknast af verðmæti aflans, að frádregnu verði fyrir kol og veiðarfæri, sem skipin nota.

5. gr.

Um verðlag á kindakjöti og mjólk á innlendum markaði skulu gilda sömu reglur og um kaupgjald verkamanna og sjómanna samkv. 2. og 3. gr., miðað við verðlag á sama tíma árið 1938 og 1939. Heimilt er að fella niður verðjöfnunargjald af kjöti samkv. l. nr. 2 9. jan. 1935, eða breyta ákvæðum um það, um eitt ár í senn.

6. gr.

Útlánsvexti í bönkum og öðrum lánsstofnunum má ekki hækka til 1. jan. 1940.

7. gr.

Á tímabilinu til 14. maí 1940 er óheimilt að hækka leigu eftir hús og aðrar fasteignir frá því, sem goldið og umsamið er þegar lög þessi öðlast gildi, og eins þó að samið hafi verið um hækkun leigunnar vegna gengisbreytingar. Ennfremur er leigusala á sama tíma óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema hann þurfi á því að halda fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína, enda hafi leigutaki haldið samninga.

Í Reykjavík skal skipa þriggja manna nefnd, sem hafi eftirlit með því, að ákvæðum þessarar greinar sé fylgt, og úrskurði um allan ágreining, sem út af þeim kann að rísa milli leigutaka og leigusala. Skylt er að leggja fyrir þessa nefnd til samþykktar alla leigumála, sem gerðir eru eftir að lög þessi öðlast gildi. Skal nefndin gæta þess, að leiga sé ekki ákveðin hærri en sambærilegt er við eldri leigusamninga, að dómi nefndarinnar, og hefir hún vald til að ákveða upphæð leigunnar, ef þörf gerist. Ennfremur skal nefndin meta leigu fyrir ný hús. Nefnd þessi skal þannig skipuð, að ríkisstjórnin tilnefni tvo nefndarmenn, en hæstiréttur þann þriðja, og sé hann formaður. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Utan Reykjavíkur skulu fasteignamatsnefndir gegna þeim störfum, sem um getur í þessari grein.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef þurfa þykir, að setja með reglugerðum nánari fyrirmæli um framkvæmd þeirra mála, er í lögum þessum getur.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 kr., og skulu sektir renna í ríkissjóð. Mál út af slíkum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 125. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá Árna Jónssyni, Magnúsi Gíslasyni og Bjarna Snæbjörnssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „27.00 — tuttugu og sjö“ komi: 24.40 — tuttugu og fjórar $^{40}/_{100}$.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatalan samkv. því.
3. Við 3. gr. Orðin „með þeim undantekningum, sem um getur í 2. gr.“ falli niður.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

   Verðlag á kindakjöti og mjólk á innlendum markaði skal miðað við verðlag á sama tíma 1938. Heimilt er að fella niður verðjöfnunargjald af kjöti, sbr. l. nr. 2 9. jan. 1935, eða breyta ákvæðum um það um eitt ár í senn.

Ed. 126. Lög

um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl).

Samhljóða þskj. 124.

Nd. 127. Frumvarp til laga

um heimild til að taka eignarnámi eða leigunámi nýbýlið Varmahlíð í Skagafirði.

Flm.: Pálmi Hannesson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta taka eignarnámi eða leigunámi jörðina Varmahlíð í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, til afnota fyrir héraðsskóla Skagfirðinga, sem reisa á við Reykjarhól.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnáms eða leigunáms samkv. 1. gr. skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1937.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefir verið ákveðið að reisa héraðsskóla við Reykjarhól í Skagafirði, og hefir honum verið valinn staður upp frá nýbýlinu Varmahlíð, sem reist var fyrir nokkrum árum við þjóðbrautina austanvert við Reykjarhól.

Á síðasta ári keypti hið opinbera jörðina Reykjarhól vegna hins væntanlega skóla, og var síðan hafizt handa um byggingu sundlaugar, sem verða á í sambandi við skólann. Kom þá í ljós, að skólans vegna væri nauðsynlegt að fá umráð yfir Varmahlíð. Síðan hafa forgöngumenn skólamálsins leitað fyrir sér um kaup á jörðinni, og er það ætlun þeirra, að þar verði stofnað til skólahalds í smáum stíl svo fljótt sem verða má.

Þess er að vísu að vænta, að samningar takist um jarðakaupin, og þarf þá ekki á heimild þeirri að halda, sem hér er farið fram á. En þar sem mikið liggur við, að jörðin fáist, þykir rétt að hafa heimildina um eignarnám til, ef aðrar leiðir reynast ófærar.

Nd. 128. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, er starfi í atvinnumálaráðuneytinu. Ennfremur er atvinnumálaráðherra heimilt að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi eftirlit með sveitarstjórnarmálefnum í umdæmi sínu undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.
   Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf eftirlitsmanns og trúnaðarmanna, og greiðist hún úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.
2. Við 4. gr. Í stað orðanna „um lengri eða skemmri tíma“, í lok greinarinnar, komi: þó eigi lengur en eitt ár í senn.

Nd. 129. Lög

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 4. apríl).

Samhljóða þskj. 103.

Ed. 130. Lög

um viðauka við lög nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl).

Samhljóða þskj. 85.

Nd. 131. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 14 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Orðið „bjargsig" í 8. gr. 2. b. laganna fellur niður.

Eftir staflið g. í 2. tölul. sömu greinar kemur nýr stafliður, er verður h., svo hljóðandi:

Sigmenn í bjargsigi.

2. gr.

Við 1. málsgr. 13. gr. laganna bætist:

Á bátum, sem koma daglega að landi, reiknast tryggingartíminn þó aldrei lengri en svo á vertíð hverri, að fjórar sjóferðir minnst komi í viku.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við bjargsig er venjulegt, að sex menn séu um eina festi. Samkv. ákvæðum alþýðutryggingalaganna eru þeir allir tryggingarskyldir. Þetta hefir þau áhrif í sumum sveitum, þar sem margt heimila hefir haft mikla heimilisbjörg af bjargsigi til eggjatekju og fuglatekju, að þessi bjargræðisvegur leggst því nær niður. Nú kemur það mjög sjaldan fyrir, að við bjargsig verði slys á öðrum en sigmanni. Breyting sú, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. þessa frv., er því sjálfsögð.

Um breyting þá, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frv., er það að segja, að landróðrarbátar standa mjög ójafnt að vígi stærri skipum í því að sækja sjó, og er því ekki rétt, að sjómenn á þeim séu tryggingarskyldir eftir sömu reglum. Hefir þrásinnis komið fyrir, að bátum þessum hefir ekki gefið á sjó svo vikum skiptir á vetrarvertíð. Er óeðlilegt, að greidd séu full gjöld vegna slysahættu á sjó, þegar alls ekki er á sjó farið.

Ed. 132. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Lög nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, skulu gilda til 1. júlí 1940.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðan norski viðskiptasamningurinn var gerður hafa lög þessi verið framlengd ár frá ári, og þar sem allar sömu ástæður eru enn fyrir hendi, sem verið hafa í máli þessu, hefir landbúnaðarnefnd talið sjálfsagt að verða við þeim tilmælum hæstvirtrar stjórnar að flytja frv. þetta.

Nd. 133. Frumvarp til laga

um breytingar á vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Á eftir 63. gr. laganna komi ný grein, er verði 64. gr., svo hljóðandi:

Nú vilja tvö héruð eða fleiri koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu til þess að fullnægja raforkuþörf almennings í héruðunum, og geta þau þá gert með sér félag um það.

Samþykktir félagsins skulu staðfestar af ráðherra. Í samþykktunum er skylt að ákveða:

1. Að eign héraðanna í félaginu skuli að hálfu miðast við framlög þeirra til félagsins og að hálfu við verð notaðrar raforku í hverju héraði næstliðið reikningsár.
2. Að héruðin skuli bera ábyrgð á skuldum og skuldbindingum félagsins í réttu hlutfalli við eign sína í því.
3. Að hvert hérað kjósi fulltrúa í stjórn félagsins í hlutfalli við eign sína í því, þó þannig, að hvert hérað eigi ætíð a. m. k. einn fulltrúa í stjórn félagsins.

Að öðru leyti skulu vera í samþykktum félagsins ákvæði um þau atriði, er greinir í 102. gr. 2. tölul., eftir því, sem við á.

Um félagið og framkvæmdir þess skulu ennfremur gilda ákvæði 58.—63. gr.

Nú á eitt hérað í slíku félagi fallvatn, er félagið vill virkja, og skal það þá látið af hendi við félagið eftir mati, framkvæmdu samkvæmt reglum laga nr. 61 frá 1917, um eignarnám.

Nú hafa slík félög, sem í þessari gr. ræðir um, verið stofnuð áður en lög þessi komu í gildi, og skal þá færa samninga og samþykktir þeirra til samræmis við ákvæði þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Í vatnalögunum er ekki gert ráð fyrir, að fleiri en eitt hérað taki þátt í félagsskap til þess að koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu. Nú er það hinsvegar komið í ljós, að víða hagar svo til, að vel hentar, að fleiri en eitt hérað séu sameigendur sliks fyrirtækis. En þá vantar lagaundirstöðu undir samþykktir og reglugerðir þess félagsskapar.

Frumv. þessu, ef að lögum verður, er ætlað að bæta úr þessu.

Nd. 134. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Kristiansen, Jentoft Kornelius, kaupmaður á Seyðisfirði, fæddur í Noregi.
2. Stangeland, Hans Kornelius Pedersen, kaupmaður á Fáskrúðsfirði, fæddur í Noregi.
3. Weber, Bruno Victor Paul Georg, verzlunarmaður, Hellu, Rangárvöllum, fæddur í Þýzkalandi.

Greinargerð.

Framantaldir menn, sem sótt hafa um að fá íslenzkan ríkisborgararétt, munu allir fullnægja skilyrðum þar að lútandi laga.

Ed. 135. Frumvarp til laga

um dýralækna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Dýralæknar skulu sex, tveir í Sunnlendingafjórðungi, tveir í Vestfirðingafjórðungi, einn í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi.

Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

2. gr.

Dýralæknar taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, og að auki gjald fyrir störf sín og ferðir eftir gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur.

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr ríkissjóði 6 krónur í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi.

Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febrúar 1894, um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

4. gr.

Þá er dýralæknar ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá, er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararbeina og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum síðari málsgreinar 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur dýralæknum erindisbréf og ákveður í því starfssvið þeirra.

6. gr.

Lög nr. 61 3. nóv. 1915, um dýralækna, og lög nr. 61 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 61 3. nóv. 1915, um dýralækna, og önnur fyrirmæli, er kynnu að koma í bág við lög þessi, eru numin úr gildi.

Ed. 136. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, er starfi í atvinnumálaráðuneytinu. Ennfremur er atvinnumálaráðherra heimilt að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi eftirlit með sveitarstjórnarmálefnum í umdæmi sínu undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf eftirlitsmanns og trúnaðarmanna, og greiðist hún úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

2. gr.

18. gr. laganna falli burtu, og greinatalan breytist samkvæmt því.

3. gr.

Í stað orðanna „og er eftirlitsmanni þá skylt“, í 19. gr. laganna, sem verður 18. gr., komi: og er þá rétt.

4. gr.

Aftan við 21. gr. laganna, sem verður 20. gr., bætist: Getur þá atvinnumálaráðherra einnig vikið bæjarstjóra eða oddvita frá starfi og sett annan í hans stað til þess að fara með málefni bæjarins eða hreppsins, þó eigi lengur en eitt ár í senn.

5. gr.

22. gr. laganna, sem verður 21. gr., orðist svo:

Atvinnumálaráðherra skal leita álits og tillagna eftirlitsmanna sveitarstjórnarmálefna um skiptingu og úthlutun á fé því, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 137. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Ed. 138. Nefndarálit

um frv. til almennra hegningarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefir haft mál þetta til athugunar alllangan tíma. Hefir nefndin haldið marga fundi um málið, leitað álits lagadeildar háskólans um frv., og loks hefir hr. Þórður Eyjólfsson hæstaréttardómari, sem hefir haft með höndum samning frv. fyrir ríkisstjórnina, komið á nokkra fundi með nefndinni og gefið margar þýðingarmiklar upplýsingar og skýringar á ákvæðum frv., einkum að því er snertir nýmæli þau, er í frv. felast, og þær margvíslegu breytingar, sem verða á gildandi refsilöggjöf, ef frv. verður að lögum.

Lagadeild háskólans svaraði málaleitun nefndarinnar með bréfi, dags. 25. f. m., sem hér með fylgir. Færist lagadeildin undan að láta uppi rökstutt álit á frv., en bendir á, að full þörf sé á nýrri löggjöf í þessu efni.

Eins og að líkindum ræður, verður ekki til þess ætlazt, að þingnefnd, sem hefir mjög takmarkaðan tíma til umráða, geti til nokkurrar hlítar gagnrýnt svo umfangsmikinn lagabálk sem þennan. Að lagasmíð sem þessi heppnist, er að langmestu leyti undir því komið, hvern undirbúning málið fær utan þings.

Telur nefndin, að rannsókn hennar hafi leitt í ljós, að til frv. þessa hafi verið sérstaklega vel vandað af höfundi þess og að þær breytingar, sem ætlazt er til, að gerðar verði með frv. á gildandi refsilöggjöf, séu yfirleitt í góðu samræmi við réttarvitund þjóðarinnar og að í frv., ef það verður að lögum, felist mikil réttarbót frá því, sem nú er.

Fyrir því hefir nefndin orðið sammála um að leggja til, að frv. nái samþykki Alþingis, en nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera síðar fram breytingartillögur við einstakar gr. frv.

Einn nefndarmanna ritar undir nefndarálitið með fyrirvara um það, að frv. gangi fram á þessu þingi. Vill hann, að málið fái þá afgreiðslu nú á þinginu, að skipuð verði nefnd lögfróðra manna til að endurskoða frv. á milli þinga og skili áliti sínu fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Á undanförnum áratugum hafa frændþjóðir okkar á Norðurlöndum unnið að endurskoðun hegningarlaganna, hver í sínu landi. Hefir mjög verið vandað til þessa verks og hver nefndin, skipuð hinum færustu mönnum, tekið við af annari, áður en fært þótti að láta frv. verða að lögum. Þannig tók það Dani 23 ár að undirbúa hin nýju hegningarlög sín, sem sett voru árið 1930 og þetta frv. er að verulegu leyti byggt á. Það er mikilsvert, að frá hegningarlögum landsins sé gengið þannig, að ekki þurfi stöðugt að vera að breyta þeim, og því betra, að slík lagasetning dragist um eitt ár fremur en að ekki verði til hennar vandað svo sem unnt er.

Alþingi, 12. apríl 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm., með fyrirv.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 25. marz 1939.

Lagadeildin hefir móttekið bréf yðar, dags. 15. marz 1939, þar sem óskað er umsagnar deildarinnar um frv. til laga um meðferð opinberra mála og frv. til almennra hegningarlaga.

Lagafrv. þessi fjalla um alveg nýja skipun á þessum tveim þýðingarmiklu þáttum löggjafarinnar og eru ávöxtur margra ára starfs manna, sem til þess hafa sérstak-

lega verið valdir. Að svo vöxnu máli treystir lagadeildin sér ekki til þess á nokkrum dögum að láta uppi neitt rökstutt álit á þessum frv., en vill einungis benda á, að full þörf er á nýrri löggjöf um þessi efni.

Virðingarfyllst

Bjarni Benediktsson,
forseti lagadeildar.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Ed. 139. Breytingartillögur

við frumv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
I.	Við 1. gr.:			
1.	1. kafli nr. 5 orðist svo:			
	5 Nautgripir	—	7	30
2.	Á eftir nr. 10 í 1. kafla komi nýr liður:			
	11 Hundar	—	7	30
3.	Í stað nr. 1—3 í 3. kafla komi:			
	Síld:			
	1 — ný ..... tollfrjáls			
	2 — ísvarin eða fryst	1 kg.	7	30
	3 — söltuð, þurrkuð eða reykt	—	7	30
	4 Fiskur, ót. a., nýr eða saltaður ..... tollfrjáls			
	5 Fiskur, ót. a., ísvarinn, frystur, þurrkaður eða reyktur	—	7	30
4.	7. kafli nr. 1 orðist svo:			
	1 — — kartöflur	50 kg.	200	
5.	7. kafli nr. 2 orðist svo:			
	2 — — gulrætur, rauðrófur og aðrar rófur	1 kg.	7	30
6.	9. kafli nr. 2 orðist svo:			
	2 — brennt eða brennt og malað ..... N	—	100	10
7.	Allar vörur í 22. kafla skulu merktar með stóru enni (N) yzt til hægri í 2. dálki tollskrárinnar.			
8.	Athugasemdin við 22. kafla falli niður.			
9.	24. kafli nr. 7 orðist svo:			
	7 — — vindlar ..... N	—	2500	10
10.	25. kafli nr. 17 orðist svo:			
	17 Sement	100 kg.	55	8
11.	28. kafli nr. 52 falli niður.			
12.	30. kafli nr. 6 orðist svo:			
	6 Beinsverta og beinkol	—	7	15
13.	Fyrirsögnin: Votir litir, ót. a., yfir nr. 26—31 í 30. kafla falli niður og nr. 26—30 í sama kafla orðist svo:			
	26 Smjör- og ostalitur	—	7	30
	27 Öl- og gosdrykkjalitur	—	7	30
	28 Matarlitir allskonar, ót. a.	—	7	30
	29 Distemper og aðrir slíkir vatnslitir	—	7	15

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
	30 Þvottablámi	—	7	30
	nr. 31. falli niður.			
14.	32. kafli nr. 6 orðist svo:			
	6 Véla- og vagnáburður og annar þvílíkur áburður úr feiti og feitum sýrum, einnig þótt í honum séu önnur efni	—	2	2
15.	33. kafli nr. 1 orðist svo:			
	1 Ostaefni (kasein)	1 kg.	7	15
16.	37. kafli nr. 8 og 9 orðist svo:			
	8 Allskonar töskur, veski, buddur og hylki, ót. a.	—	7	50
	9 Skrifmöppur og bókabindi, ót. a.	—	7	50
17.	Í stað fyrirsagnarinnar: — gúmmífatnaður, nema skófatnaður, við nr. 16—18 í 39. kafla komi: — kátsjúkfatnaður, nema skófatnaður.			
18.	Í nr. 2 og 3 í 40. kafla falli niður: ót. a.			
19.	45. kafli nr. 5 orðist svo:			
	5 Teiknibækur handa börnum, með eða án texta	—	7	10
20.	52. kafli nr. 38 orðist svo:			
	38 Bréfaveski, skrifmöppur, bréfamöppur, bréfabindi, skjalatöskur, kventöskur og önnur þvílík veski, möppur og skrín	—	7	50
21.	Í stað fyrirsagnarinnar: — úr gúmmí, við nr. 6—8 í 54. kafla, komi: — úr kátsjúk, þá komi og kátsjúk í stað gúmmí í nr. 9 í sama kafla og loks í nr. 7 í 55. kafla í stað: — úr gúmmí komi: — úr kátsjúk.			
22.	58. kafli nr. 17 orðist svo:			
	17 — vegg- og gólfflögur, svo og þakhellur	—	1	8
23.	Í 60. kafla nr. 16 falli niður: 1 l. og ½ l.			
24.	63. kafli nr. 25 orðist svo:			
	25 Mjólkurbrúsar og aðrir brúsar og lok á þá, stærri en 10 l.	—	2	2
25.	63. kafli nr. 86 orðist svo:			
	86 — annars	—	7	20
26.	72. kafli nr. 2 og 3 orðist svo:			
	2 — saumavélar og hlutar til þeirra	—	7	2
	3 — prjónavélar og hlutar til þeirra	—	7	2
27.	Á eftir nr. 30 í 72. kafla komi nýr liður:			
	31 Kúlu- og keflalegur	—	2	8
28.	Á eftir nr. 46 í 72. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi:			
	47 Sjálfvirk löndunartæki	—	2	8
29.	73. kafli nr. 8 orðist svo:			
	8 — ræsar (gangsetjarar) allskonar og viðnám	—	7	10
30.	73. kafli nr. 38 orðist svo:			
	38 — hitunar- og suðutæki, ót. a.	—	2	10
31.	73. kafli nr. 58 orðist svo:			
	58 — vinnulampar	—	7	10

II. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Skylt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af sykri og kryddi, sem notað er við verkun síldar til útflutnings, svo og aðflutningsgjöld af sykri, sem notaður er við verkun þorskhrogna til útflutnings.

Ennfremur er fjármálaráðuneytinu heimilt:

a. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af síld og skelfiski, sem inn er flutt til beitu.
b. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, sem erlendir ferðamenn flytja hingað til að nota hér um skamman tíma, ef þessum skilyrðum er fullnægt:
   1. Hlutaðeigandi ferðamenn aki sjálfir ökutækjum þessum, eða launaðir ökumenn þeirra, útlendir eða innlendir.
   2. Ökutækin séu ekki lánuð, leigð eða notuð til neinskonar flutninga fyrir borgun.
   3. Ferðamennirnir hafi ökutækin með sér til útlanda, þegar þeir fara þangað. Þó verða ökutækin í öllum tilfellum að vera flutt út innan árs frá því að þau voru flutt hingað til lands.
   4. Við komu ökutækjanna hingað sé sett trygging í peningum fyrir aðflutningsgjöldunum af ökutækjunum, eða þau sambönd eigenda ökutækja, sem fjármálaráðuneytið tekur gild, ábyrgist greiðslu aðflutningsgjaldanna.
   5. Ef skilyrðin eru rofin að dómi toll- eða lögreglustjórnar, megi þær taka ökutækin þegar í stað úr umferð og annaðhvort taka aðflutningsgjöldin af tryggingarfénu, eða, ef samband eigenda ökutækja, sem fjármálaráðuneytið hefir tekið gilt, hefir ábyrgzt greiðslu aðflutningsgjaldanna, skylda það til að greiða aðflutningsgjöldin þegar í stað, eða flytja eða láta flytja út ökutækin á ábyrgð eigenda þeirra og taka útflutningskostnaðinn og annan útlagðan kostnað hins opinbera vegna ökutækjanna af tryggingarfénu, eða ef samband eigenda ökutækja, sem fjármálaráðuneytið hefir tekið gilt, hefir ábyrgzt greiðslu aðflutningsgjaldanna, skylda það til að greiða þegar í stað allan útflutningskostnað og allan útlagðan kostnað hins opinbera vegna ökutækjanna.
c. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af sýrum til votheysgerðar, sem inn eru fluttar af áburðarsölu ríkisins.

Nd. 140. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með frumvarpinu óbreyttu. Þó áskilur Jón Pálmason sér rétt til þess að flytja brtt. við 1. gr. frv.

Alþingi, 11. apríl 1939.

Bjarni Ásgeirsson, form. Steingr. Steinþórsson, fundaskr., frsm. Pétur Ottesen.
Jón Pálmason. Emil Jónsson.

Nd. 141. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað málið og leggur til, að það verði samþykkt.

Tveir nefndarmanna (EmJ og StgrSt) vilja samþykkja frv. óbreytt, en geta þó gengið inn á b-lið brtt. við 1. gr. Þrír nefndarmenn (þeir BÁ, PO og JPálm) leggja til, að samþ. verði við frv. eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
   a. Orðið „veiðifélagi“ falli burt.
   b. Aftan við greinina bætist: enda sé þá veiðitími í heild styttur eftir ákvörðun veiðimálanefndar.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Aftan við 1. málsgr. 13. gr. laganna bætist: nema í lagnet eða króknet, sem fest eru við girðingu út frá landi, þó ekki utan netlaga.

Alþingi, 13. apríl 1939.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Steingr. Steinþórsson, fundaskr. Pétur Ottesen.
Jón Pálmason. Emil Jónsson.

Nd. 142. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild til að taka eignarnámi eða leigunámi nýbýlið Varmahlíð í Skagafirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Fjórir nefndarmenn vilja samþykkja frumvarpið óbreytt, en einn nefndarmanna (Jón Pálmason) vill fella það.

Alþingi, 13. apríl 1939.

Bjarni Ásgeirsson, form. Steingr. Steinþórsson, fundaskr., frsm. Pétur Ottesen.
Jón Pálmason. Emil Jónsson.

Nd. 143. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

a. Á eftir orðunum „kjarnfóður“ í fyrsta málsl. 2. gr. laganna bætist: annað en síldarmjöl og fiskmjöl.
b. Orðið „síldarmjöl“ í sama málsl. fellur niður.
c. Á eftir 2. málsl. sömu lagagreinar bætist nýr málsliður:
   Óheimilt er að selja síldarmjöl og fiskmjöl til fóðurs innanlands, nema fram hafi farið flokkun og mat á mjölinu. Tryggingarskírteini skal ætíð fylgja vörunni til kaupanda, þótt minna sé selt en 300 kg. Skal þar tilgreind efnasamsetning mjölsins og umbúðir jafnan merktar verksmiðjumerki.
d. 10. og 11. tölul. sömu lagagreinar falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1939.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefir komið í ljós mjög mikil óánægja meðal bænda víðsvegar um land með það, hve síldarmjöl það, sem selt hefir verið til fóðurs innanlands, hefir reynzt misjafnt og oft gallað. Mörg búnaðarsambönd hafa haft málið til meðferðar, og kom það fyrir síðasta búnaðarþing. Landbúnaðarnefnd hefir svo fengið svo hljóðandi bréf frá Búnaðarfélagi Íslands um málið:

„Búnaðarþing ályktar að skora á Alþingi að setja í lög nr. 28 27. júní 1921 viðbótarákvæði, sem skyldi allar fóðurmjölsverksmiðjur, er starfa í landinu, til að meta og flokka framleiðsluvöru sína þannig, að fóðurmjöl það, sem selt er innanlands, hafi sem lágmarkskröfu eftirfarandi innihald:

Eggjahvítu, minnst	65%
Fitu, mest	12—
Vatn, mest	12—
Salt, mest	3—
Ammoníak, mest	0,20—
Meltanlega eggjahvítu ca.	56—

Jafnframt séu þær skyldaðar til að hafa glögga flokkun og verksmiðjumerki á umbúðum.

Ennfremur sé síldar- og karfamjölsverksmiðjum bannað að selja til fóðurs innanlands mjöl, sem ekki fullnægir framangreindum lágmarkskröfum, nema samþykki landbúnaðarráðuneytisins og Búnaðarfélags Íslands komi til.“

Landbúnaðarnefnd taldi rétt að taka þetta erindi búnaðarþings til greina og hefir orðið á einu máli um að flytja framangreint frumvarp.

Nánar í framsögu.

Ed. 144. Breytingartillögur

við frumv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

I. Við 1. gr.	Toll-eining	Vörur magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. 7. kafli nr. 1 orðist svo:			
1 — — kartöflur	1 kg.	4	
2. 9. kafli nr. 1—2 orðist svo:			
1 — óbrennt	—	70	10
2 — brennt og malað	—	90	10
3. 11. kafli nr. 1 orðist svo:			
1 — úr hveiti	—		8
4. 15. kafli nr. 26 orðist svo:			
26 Vax úr jurta- og dýraríkinu, einnig tilbúið	—	2	15
5. 17. kafli nr. 1—6 orðist svo:			
1 — strásykur N	—	17	10
2 — höggvinn sykur (molasykur) N	—	17	10
3 — sallasykur (flórsykur) N	—	17	10
4 — púðursykur N	—	17	10
5 — steinsykur (kandís) N	—	17	10
6 — toppasykur N	—	17	10
6. 25. kafli nr. 17 orðist svo:			
17 Sement	100 kg.	20	
7. 28. kafli nr. 55 orðist svo:			
Lyf	tollfrjáls		

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
8.	30. kafli nr. 13—19 orðist svo:			
	13 — blýhvíta	1 kg.	2	8
	14 — zinkhvíta	—	2	8
	15 — títanhvíta	—	2	8
	16 — últramarín	—	2	8
	17 — kóboltlitir	—	2	8
	18 — menja	—	2	8
	19 — aðrir	—	2	8
9.	36. kafli nr. 3—5 orðist svo:			
	3 — sólaleður og bindsólaleður	—	7	8
	4 — vatnsleður	—	7	8
	5 — annað	—	7	8
10.	37. kafli nr. 1 orðist svo:			
	1 Leðurstykki, tilsniðin, en ekki frekar unnin, ót. a., svo sem sólar, hælkappar og aðrar þvílíkar vörur	—	7	8
11.	40. kafli nr. 4, 9 og 35 orðist svo:			
	4 — oregonpine og pitchpine og munir úr þeim	tollfrjálsir		
	9 — beyki	tollfrjálst		
	35 Smíðatól og handverkfæri, ót. a.	—	2	2
12.	44. kafli nr. 20, 22 og 39 orðist svo:			
	20 Stensilpappír og kalkerpappír	1 kg.		8
	22 Cellófanpappír, marmarapappír og annar pappír	—		8
	39 Skrifpappír, teiknipappír og annar þesskonar pappír, heftur en óáprentaður	—		8
13.	51. kafli nr. 7—30 orðist svo:			
	7 — prjónavoð	—	20	20
	8 — sokkar og leistar	—	20	20
	9 — ytri fatnaður	—	20	20
	10 — nærfatnaður	—	20	20
	11 — vettlingar	—	20	20
	12 — aðrar	—	20	20
	13 — prjónavoð	—	20	20
	14 — sokkar og leistar	—	20	20
	15 — ytri fatnaður	—	20	20
	16 — nærfatnaður	—	20	20
	17 — vettlingar	—	20	20
	18 — aðrar	—	20	20
	19 — prjónavoð	—	20	20
	20 — sokkar og leistar	—	20	20
	21 — ytri fatnaður	—	20	20
	22 — nærfatnaður	—	20	20
	23 — vettlingar	—	20	20
	24 — aðrar	—	20	20
	25 — prjónavoð	—	20	20
	26 — sokkar og leistar	—	20	20
	27 — ytri fatnaður	—	20	20
	28 — nærfatnaður	—	20	20
	29 — vettlingar	—	20	20
	30 — aðrar	—	20	20

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
14.	52. kafli nr. 6—13 orðist svo:			
	6 — — — nærfatnaður	—	20	20
	7 — — — annar	—	20	20
	8 — — — nærfatnaður	—	20	20
	9 — — — annar	—	20	20
	10 — — — nærfatnaður	—	20	20
	11 — — — annar	—	20	20
	12 — — — nærfatnaður	—	20	20
	13 — — — annar	—	20	20
15.	54. kafli nr. 3 og 4 og nr. 5—10 orðist svo:			
	3 — úr leðri og skinni, ót. a.	—	20	30
	4 — úr vefnaði, flóka, sefi, strái, ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum	—	20	30
	5 — úr leðri með trébotnum	—	20	8
	6 — — stígvél	—	20	8
	7 — — skóhlífar	—	20	8
	8 — — annar	—	20	8
	9 — með kátsjúk- eða leðursólum og yfirhluta úr striga	—	20	8
	10 — tréskór	—	20	8
16.	59. kafli nr. 7 orðist svo:			
	7 Baðker, þvottaskálar, vaskar, salerni og þvagskálar o. þ. h. munir og hlutar til þeirra úr leir	1 kg.	2	15
17.	60. kafli nr. 24 orðist svo:			
	24 Glervarningur, eingöngu notaður við efnarannsóknir ... tollfrjáls			
18.	63. kafli nr. 3, 41, 71—80 og 88 orðist svo:			
	3 Járn og stál í stöngum	—	2	
	41 Skrúfur, fleinar, boltar, skrúfboltar og rær	—	2	
	71 — axir allskonar	—	2	2
	72 — hamrar og sleggjur	—	2	2
	73 — sagir og sagarblöð	—	2	2
	74 — allskonar tengur, svo og kúbein, naglbítar, skrúflyklar, vír-, blikk- og járnklippur	—	2	2
	75 — horn (vinklar) og sirklar	—	2	2
	76 — heflar, hefiltennur, sporjárn, holjárn, höggpípur og telgijárn (svejshnífar)	—	2	2
	77 — borar allskonar, sílar og meitlar	—	2	2
	78 — múrskeiðar og múrbretti	—	2	2
	79 — þjalir og raspar	—	2	2
	80 — önnur	—	2	2
	88 Baðker, salerni og tilheyrandi vatnskassar (cistern), þvagskálar, þvottaskálar, eldhúsvaskar og hlutar til þeirra	—	2	15
19.	64. kafli nr. 22 orðist svo:			
	22 Smíðatól og þvílík handverkfæri	—	2	
20.	72. kafli nr. 37—62 orðist svo:			
	37 — til mjólkurvinnslu	—	2	2
	38 — til tóvinnu og ullarþvottar	—	2	2
	39 — til niðursuðu	—	2	2
	40 — til sútunar	—	2	2

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
41	— til lýsishreinsunar	—	2	2
42	— til fiðurhreinsunar	—	2	2
43	— til síldar- og annars fiskiðnaðar, svo og hvalvinnslu	—	2	2
44	— til frystingar	—	2	2
45	— til námuvinnslu allskonar	—	2	2
46	— aðrar	—	2	2
47	— til blikk- og járnsmíða	—	7	2
48	— til prentunar	—	7	2
49	— til skógerðar	—	7	2
50	— til kátsjúkiðnaðar	—	7	2
51	— til trésmíða	—	7	2
52	— til brauðgerðar	—	7	2
53	— til pappírspokagerðar	—	7	2
54	— til glergerðar	—	7	2
55	— til smjörlíkisgerðar	—	7	2
56	— til sápugerðar	—	7	2
57	— til öngultauma- og færagerðar	—	7	2
58	— til brjóstsykur-, súkkulaði- og lakkrísgerðar	—	7	2
59	— til öl- og gosdrykkjagerðar	—	7	2
60	— til kaffibætisgerðar	—	7	2
61	— aðrar	—	7	2
62	Aðrar vélar, ót. a., og hlutar til þeirra	—	7	2
21.	73. kafli nr. 38—42, 46—54 og 73—79 orðist svo:			
38	— hitunar og suðutæki, ót. a.	1 kg.	2	10
39	— straujárn	—	2	10
40	— þvottavélar	—	2	10
41	— kvarnir	—	2	10
42	— eldhúsvélar, ót. a.	—	2	10
46	— borvélar	—	2	2
47	— slípi- og fágunarvélar	—	2	2
48	— dælur	—	2	2
49	— lóðhamrar	—	2	2
50	— fatapressur	—	2	2
51	— logsuðu- og logskurðartæki	—	2	2
52	— málmhúðunartæki	—	2	2
53	— kvarnir, ót. a.	—	2	2
54	— annað	—	2	2
73	— díatermitæki og terapíáhöld	tollfrjálst		
74	— háfjallasólir	tollfrjálst		
75	— heyrnartæki	tollfrjálst		
76	— sótthreinsunartæki	tollfrjálst		
77	— tannlækningaáhöld	tollfrjálst		
78	— röntgentæki og hlutar til þeirra	tollfrjálst		
79	— annað	tollfrjálst		
22.	76. kafli nr. 3 orðist svo:			
3	— 100—150 tonn brúttó eða stærri			2
	Aftan við nr. 3 bætist við nýr liður, er verður nr. 4,			
4	— 10—100 tonn brúttó			5

II. Við 3. grein.

Aftan við greinina bætist nýr stafliður, c, svo hljóðandi:

Aðflutningsgjald á vélum og verkfærum til nýrra iðngreina, sem hafa mikla þýðingu fyrir landið og nauðsyn þykir að verði slíkra hlunninda aðnjótandi.

Ed. 145. Breytingartillögur

við frumvarp til almennra hegningarlaga.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 108. gr. Síðasti málsliður falli burt.
2. Við 180. gr. Greinin orðist svo:

   Nú vanrækir vinnufær maður að ástæðulausu framfærsluskyldu sína gagnvart öðrum, sem við það verða bjargþrota, eða hann fyrir þessar sakir greiðir ekki úrskurðað meðlag með maka sínum, barni eða foreldri, og skal hann þá sæta fangelsi allt að 6 mánuðum, ef hann vill ekki sinna tilhlýðilegri vinnu, sem fátækrastjórn eða lögreglustjóri vísar honum á. Ef brotið er ítrekað, má refsa með fangelsisvist allt að 1 ári.
3. Við 216. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:

      Kvenmaður, sem deyðir fóstur sitt, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Ef lífi eða heilsu konu eða heilsu barns er bersýnileg hætta búin að dómi læknis, er fóstureyðing refsilaus.

   b. Á eftir orðinu „fóstureyðingar“ í 2. málsgr. bætist við: að ástæðulausu.
4. Við 237. gr. Greinin falli burt.

Nd. 146. Frumvarp til berklavarnalaga.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til allra tegunda berklaveiki, nema annað sé tekið fram. Með berklaveiki er átt við berklaveiki í mönnum, virka og óvirka, án tillits til þess, hvar hún er í líkamanum og hvort um er að ræða smitandi berklaveiki eða eigi. **Virk berklaveiki** er berklaveiki, sem gerir um sig í líkama sjúklingsins þannig, að sjálf berklaskemmdin ágerist eða veldur almennum sjúkdómseinkennum. Smitandi lungnaberklar og hverskonar berklaskemmdir með útferð teljast virk berklaveiki. Berklasjúklingar, sem loftbrjóstaðgerðir eru viðhafðar við, teljast og hafa virka berklaveiki. **Óvirk berklaveiki** er berklaveiki, sem ekki er virk. **Smitandi berklaveiki** er berklaveiki á því stigi, að gera má ráð fyrir, að hinir sýktu geti smitað frá sér. **Eftirstöðvar** eftir berklaveiki, sem auðsjáanlega er algerlega um garð gengin, teljast ekki berklaveiki.

2. gr.

Tilgangur laga þessara er að reisa skorður við útbreiðslu berklaveiki hér á landi, með því að stuðla að því:

1. að gerðar verði ráðstafanir til varnar því, að heilbrigt fólk sýkist af berklaveiki, bæði með einangrun smitandi berklasjúklinga og öðrum beinum sóttvarnarráðstöfunum, svo og til eflingar hverju því, er miðar til að auka viðnámsþrótt almennings gegn veikinni,

2. að haldið verði uppi um land allt skipulagsbundinni leit að berklasýktu fólki,
3. að berklaveiku fólki verði veitt sem skjótust og öruggust læknishjálp,
4. að haft verði eftirlit með og að því stutt, að fólk, sem verið hefir berklaveikt, en náð bata, búi við þau kjör, að sem minnst hætta sé á, að það veikist á ný.

3. gr.

Yfirstjórn berklavarnastarfseminnar er í höndum ráðherra þess, sem fer með stjórn heilbrigðismála, enda nýtur hann í því efni ráða landlæknis. Framkvæmdarstjórn berklavarnanna skal falin sérfróðum berklalækni, berklayfirlækni landsins. Laun hans skulu ákveðin af ráðherra, unz þau verða ákveðin í launalögum.

Gert er ráð fyrir, að hæfilega margar heilsuverndarstöðvar, sem starfræktar eru af bæjar- eða sveitarfélögum, sjúkrasamlögum eða öðrum almennum félagsskap, sem til þess er metinn gildur, njóti styrks úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið verður í fjárlögum, enda annist þær berklavarnastarfsemi eftir reglum, sem ráðherra setur með ráði berklayfirlæknis í samræmi við ákvæði þessara laga, og hlíti stöðvarnar að því leyti yfirumsjón berklayfirlæknis. Þar sem talað er um heilsuverndarstöðvar í lögum þessum, er aðeins átt við heilsuverndarstöðvar, sem starfa samkvæmt þessum reglum.

Ráðherra er og heimilt, með ráði berklayfirlæknis, að setja reglur um aukna berklavarnastarfsemi héraðslækna í héruðum, þar sem sérstakar heilsuverndarstöðvar eru ekki starfræktar, enda sé veittur til þess styrkur í fjárlögum.

4. gr.

Nú rannsakar læknir sjúkling og telur hann berklaveikan, og skal hann þá senda héraðslækni tafarlaust eða eigi síðar en innan viku tilkynningu um sjúklinginn, ef hann hefir eigi tilkynnt hann áður eða ef ætla má, að hann sé eigi skráður eða eigi talinn berklaveikur í berklabók héraðsins. Ef heilsuverndarstöð starfar í héraði, skulu læknar senda tilkynningar sínar um berklasjúklinga þangað, en heilsuverndarstöð sendir þær áfram til héraðslæknis. Ef um utanhéraðssjúkling er að ræða, ber héraðslækni að senda tilkynninguna héraðslækni sjúklingsins eða heilsuverndarstöð í héraði hans.

Tilkynningar þessar skal rita á sérstök eyðublöð, sem landlæknir lætur héraðslæknum í té og héraðslæknar öðrum læknum, og skal greina nafn, aldur, atvinnu og heimili sjúklings. Ennfremur sem nákvæmasta sjúkdómsgreiningu og ráðstafanir þær, er gerðar hafa verið um sjúklinginn.

Lækni við sjúkrahús eða aðrar stofnanir, sem berklaveikur sjúklingur útskrifast frá eða deyr í, ber tafarlaust að tilkynna það héraðslækni héraðsins (heilsuverndarstöð). Sama skylda hvílir á lækni, er stundað hefir berklasjúkling utan sjúkrahúss eða annarar stofnunar, ef sjúklingurinn flyzt burtu í annað hérað eða deyr, og eins þó að aðaldánarorsök sé önnur en berklaveiki. Ber síðan héraðslækni (heilsuverndarstöð) að tilkynna flutninginn eða mannslátið héraðslækni sjúklingsins eða heilsuverndarstöð í héraði hans. Nær þetta einnig til lækna, sem gefa út dánarvottorð fyrir berklaveikan sjúkling, þó að þeir hafi ekki stundað hann í banalegunni. Héraðslæknir, sem lætur frá sér dánarskýrslur, þar sem talin eru mannslát berklaveikra, skal á sama hátt tilkynna þau þeirra mannsláta, sem honum er ekki kunnugt um, að áður hafi verið tilkynnt.

5. gr.

Héraðslæknar skulu skrá alla berklaveika, sem vitað er um í héraði þeirra, í sérstaka bók (berklabók), er landlæknir lætur héraðslæknum í té. Þar sem heilsuverndarstöð starfar í héraði, annast hún þessa skrásetningu undir eftirliti héraðslæknis. Héraðslæknar skulu senda landlækni með ársskýrslum sínum útdrátt úr framangreindri bók, ritaðan á eyðublöð, er landlæknir lætur þeim í té. Á heilsuverndarstöð skal haldin spjaldskrá yfir alla berklaveika, er leita stöðvarinnar, eða stöðin hefir

einhver afskipti af. Við skrásetning skal meðal annars leggja áherzlu á að greina sundur eftir föngum virka og óvirka berklaveiki.

6. gr.

Hafi læknir ástæðu til að ætla, að sjúklingur sé haldinn berklaveiki, skal hann svo fljótt sem auðið er gera ráðstafanir til þess, að fá úr því skorið, hvort um berklaveiki sé að ræða, og tilkynna það þá tafarlaust héraðslækni (heilsuverndarstöð), sbr. 4. gr.

Læknar eru skyldir að gefa berklaveikum sjúklingum, er þeir rannsaka, leiðbeiningar um, hverrar varúðar þurfi að gæta, til þess að veikin berist ekki á aðra, og brýna fyrir þeim nauðsyn fyllstu nákvæmni í því efni.

Héraðslæknir (heilsuverndarstöð) skal hafa vakandi auga á, að allar rannsóknir, sem nauðsynlegt er að framkvæma í umhverfi berklaveiks manns, til þess að hindra útbreiðslu veikinnar, verði framkvæmdar, og að öllum settum fyrirmælum þar að lútandi sé hlýtt. Ef nauðsynlegt þykir, skal leita fulltingis lögreglustjóra til þess að framkvæma rannsóknir á slíkum heimilum eða öðrum stöðum, þar sem grunsamlegt þykir, að um smitandi berklaveiki sé að ræða. Má lögreglustjóri fella úrskurð um, að rannsókn fari fram á einstökum mönnum og heimilum, sem skorazt hafa undan að ganga undir slíka rannsókn.

7. gr.

Fari hinn berklaveiki, aðstandendur hans eða aðrir, sem hann umgengst, eigi eftir reglum þeim, er læknir hefir sett til að koma í veg fyrir útbreiðslu veikinnar, er lækni, heilsuverndarstöð eða öðrum, sem um það er kunnugt, skylt að tilkynna það héraðslækni, sem, ef þörf er, leitar fulltingis lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur, að fenginni umsögn berklayfirlæknis, úrskurðað hinn berklaveika í sjúkrahús. Nú óhlýðnast sjúklingurinn úrskurðinum, og er lögreglustjóra þá heimilt að annast flutning sjúklingsins þangað á kostnað hans. Slíkan sjúkling má eigi útskrifa frá sjúkrahúsinu, nema læknir sjúkrahússins og héraðslæknir votti fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra, að af honum stafi engin smithætta lengur, eða að full ástæða sé til að ætla, að hann muni gæta allrar varúðar og fylgja öllum settum reglum til að koma í veg fyrir útbreiðslu veikinnar, og fellir þá lögreglustjóri niður hinn fyrra úrskurð.

Ráðherra getur úrskurðað, að menn, sem lagðir eru á sjúkrahús samkv. þessari grein, liggi á þar til gerðu sjúkrahúsi eða sjúkradeild, eða skuli hlíta sérstakri gæzlu á almennu heilsuhæli eða sjúkrahúsi.

8. gr.

Í mjólkurbúum, mjólkursölustöðum, brauðgerðarhúsum, matsöluhúsum, farþegaskipum eða á öðrum tilsvarandi stöðum mega eigi starfa aðrir en þeir, sem með vottorði héraðslæknis (heilsuverndarstöðvar) hafa sýnt, að þeir séu eigi haldnir smitandi berklaveiki. Læknisvottorð þetta má eigi vera eldra en mánaðargamalt, er viðkomandi tekur til starfa, og ber að endurnýja það á 12 mánaða fresti. Skulu forstöðumenn þeirra stofnana, er hér um ræðir, bera ábyrgð á, að ákvæðum þessum sé framfylgt. Komi upp grunur um, að maður, sem við slík störf fæst, hafi sýkzt af smitandi berklaveiki, eftir að læknisrannsókn fór fram, ber að tilkynna slíkt hlutaðeigandi héraðslækni (heilsuverndarstöð), sem krefst þá rannsóknar á viðkomanda, sbr. 6. gr.

Eigi má selja mjólk frá heimili, ef sjúklingur með smitandi berklaveiki fæst þar við gripahirðingu, mjaltir eða aðra meðferð mjólkur, og aldrei má selja mjólk frá heimili, þar sem smitandi berklasjúklingur dvelur, nema með leyfi héraðslæknis. Fái læknir, húsráðandi eða aðrir vitneskju um, að maður, sem annast afgreiðslu á matvörum og neyzluvörum, einkum mjólk og mjólkurafurðum, fiski, kjöti, brauði, grænmeti, ávöxtum og sælgætisvörum, kunni að vera með smitandi berklaveiki, ber þegar í stað að tilkynna það héraðslækni (heilsuverndarstöð), sem krefst rannsóknar á honum, sbr. 6. gr.

9. gr.

Enginn, sem hefir smitandi berklaveiki, má fást við kennslu í skólum, heimiliskennslu né einkakennslu.

Engan nemanda með smitandi berklaveiki má taka í skóla, til kennslu á heimili eða til einkakennslu.

Engan, sem hefir smitandi berklaveiki, má ráða sem starfsmann við skóla.

Engan nemanda má taka til kennslu á heimili, þar sem sjúklingur með smitandi berklaveiki dvelur.

Skal leggja fram læknisvottorð hér að lútandi, eigi eldri en mánaðargömul, og endurnýist þau eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Skulu skólanefndir (húsráðendur) bera ábyrgð á, að ákvæði þessu sé framfylgt.

Enginn má halda einkaskóla, nema hann hafi til þess skriflegt leyfi lögreglustjóra, og skal það leyfi eigi veitt, nema héraðslæknir telji húsnæði og aðbúnað fullnægja heilbrigðiskröfum, enda liggi fyrir tilskilin læknisvottorð um, að hvorki kennari eða aðrir á heimilinu né neinn nemendanna séu haldnir smitandi berklaveiki.

Hafi skólalæknir, annar læknir eða einhver annar ástæðu til að ætla, að nemandi, kennari, starfsmaður eða heimilismaður við skóla eða á kennslustað gangi með smitandi berklaveiki, ber honum að tilkynna það hlutaðeigandi skólastjóra (kennara eða húsráðanda), sem ber ábyrgð á, að viðkomandi láti lækni rannsaka sig þegar í stað.

Verði rannsókninni ekki komið við þegar í stað, skal hinn grunaði leggja niður nám sitt eða starf, unz rannsókn hefir farið fram. Reynist hinn rannsakaði hafa smitandi berklaveiki, skal hann hverfa frá skólanum (heimilinu) þegar í stað. Sanni hann síðar með vottorði héraðslæknis (heilsuverndarstöðvar), að engin smithætta stafi af honum lengur, getur hann aftur fengið aðgang að skólanum.

Ef kennari við skóla, jafnt einkaskóla sem opinbera skóla, er sjúkur eða sýkist af smitandi berklaveiki, getur ráðherra með ráði berklayfirlæknis fyrirskipað, að hann víki úr stöðu sinni. Þeir kennarar, sem eru opinberir starfsmenn, en verða að láta af kennslu sakir berklaveiki samkvæmt síðastgreindu ákvæði, skulu í 2 ár fá sem biðlaun ⅔ hluta launa þeirra, er þeir nutu, þegar þeir létu af kennslu. Biðlaun þessi greiðast af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum og hin fyrri laun.

Ráðherra setur, með ráði berklayfirlæknis og fræðslumálastjóra, reglur um fræðslu berklaveikra barna til fullnægingar kröfum fræðslulaga, svo og um kennslu annara berklaveikra.

10. gr.

Um sérhverja aðra opinbera stofnun eða einkastofnun en um getur í 8. og 9. gr., sem vistar börn eða unglinga til gæzlu eða uppeldis (barnahæli, dagheimili fyrir börn o. s. frv.), gilda að öllu leyti sömu reglur og settar eru í 9. gr. um skóla til varnar gegn útbreiðslu berklaveiki þar.

Um sjúkrahús, elliheimili, fangelsi o. s. frv. fer samkv. ákvæðum 15. gr.

11. gr.

Á heimili, þar sem er smitandi berklaveiki, má eigi ráða hjú né annað starfsfólk né taka fólk til dvalar um lengri eða skemmri tíma án þess að láta þess sérstaklega getið við hlutaðeigandi, að smitandi berklaveiki sé á heimilinu. Sama gildir um ráðningu fólks til starfa á vinnustað, þar sem maður með smitandi berklaveiki er starfandi.

12. gr.

Enginn, sem haldinn er smitandi berklaveiki, má taka að sér að gæta barna.

Kona með smitandi berklaveiki má eigi hafa barn á brjósti.

Hafi einhver ástæðu til að ætla, að barnfóstra eða kona, sem hefir barn á brjósti, sé haldin smitandi berklaveiki, ber honum þegar í stað að tilkynna það lækni, sem gerir ráðstafanir samkvæmt fyrirmælum 6. greinar.

13. gr.

Enginn má taka barn til fósturs eða langdvalar, nema hann sanni með læknisvottorði, sem eigi er eldra en mánaðar gamalt, að smitandi berklaveiki sé eigi á heimilinu.

Enginn má taka berklaveikt barn, sem smithætta getur stafað af, til fósturs eða dvalar, ef á heimilinu eru börn eða unglingar, sem ekki eru berklaveik, eða aðrir, sem sérstök ástæða er til að ætla, að séu næmir fyrir berklaveiki.

Gilda þessi ákvæði jafnt um börn þau, sem bæjar- eða sveitarstjórnir ráðstafa og einstakir menn.

Nú kemur smitandi berklaveiki upp á heimili, þar sem bæjar- eða sveitarstjórnir hafa ráðstafað börnum til fósturs eða dvalar, og skal þá gera annað tveggja, flytja barnið eða sjúklinginn burt af heimilinu. Sýkist barnið sjálft af smitandi berklaveiki á heimili, þar sem eru börn og unglingar, sem eigi eru berklaveik, eða aðrir, sem sérstök ástæða er til að ætla, að séu næmir fyrir berklaveiki, skal það tafarlaust tekið af heimilinu.

Barnaverndarnefndum ber skylda til að hafa sérstakt eftirlit með því, að framfylgt sé fyrirmælum þessarar greinar, og leita til þess aðstoðar hlutaðeigandi héraðslæknis (heilsuverndarstöðvar).

Börn nefnast í lögum þessum allir, sem eru innan 16 ára aldurs.

14. gr.

Enginn, sem hefir smitandi berklaveiki, má stunda ljósmóður- eða hjúkrunarstörf. Ljósmæður og hjúkrunarkonur skulu, þegar þær eru skipaðar eða ráðnar til starfa, leggja fram vottorð héraðslæknis (heilsuverndarstöðvar), eigi eldra en mánaðar gamalt, um, að þær séu eigi haldnar smitandi berklaveiki. Héraðslæknar skulu líta vandlega eftir heilsufari starfandi ljósmæðra og hjúkrunarkvenna í héruðum sínum með tilliti til berklaveiki. Sama skylda hvílir á sjúkrahúslæknum varðandi hjúkrunarkonur og ljósmæður, er starfa við sjúkrahús þeirra.

Nú sýkist starfandi ljósmóðir eða hjúkrunarkona af smitandi berklaveiki, og skal hún þá tafarlaust hætta að gegna því starfi. Ef hún er launuð af opinberu fé, þá skal greiða henni biðlaun fyrir sama tíma og á sama hátt og um getur í 9. gr. um kennara.

15. gr.

Í sjúkrahúsum, geðveikra- og fávitahælum, elliheimilum, fangelsum, hegningarhúsum og öðrum tilsvarandi stofnunum ber að einangra alla þá, sem þar kunna að dvelja með smitandi berklaveiki.

Ráðherra setur, með ráði berklayfirlæknis, reglur um, á hvern hátt koma skuli í veg fyrir útbreiðslu berklaveiki í stofnunum þeim, er að ofan greinir, svo og í vinnustofum, verksmiðjum, verbúðum, skrifstofum, verzlunarbúðum, gistihúsum, matsölustöðum, kirkjum, skólum, leikhúsum, kvikmyndahúsum, danssölum og öðrum tilsvarandi samkomustöðum. Reglur þessar skulu ennfremur ná til opinberra bygginga og farþegaskipa, svo og flutnings berklaveikra á farþegaskipum, bifreiðum, flugvélum og öðrum flutningatækjum.

Þá er ráðherra og heimilt, með ráði berklayfirlæknis, að setja sérstakar reglur um varnir gegn útbreiðslu berklaveiki meðal skipshafna á hverskonar farþega-, flutninga- og fiskiskipum.

16. gr.

Að berklasjúkrahúsum, berklahælum, berklavarnastöðvum eða öðrum slíkum stofnunum má eigi ráða hjúkrunarnema, hjúkrunarkonur eða annað starfsfólk, sem ætla má, að náin mök þurfi að hafa við sjúklingana, nema það sanni við berklapróf hjá héraðslækni (heilsuverndarstöð), að það sé þegar berklasmitað.

Ráðherra er heimilt, með ráði berklayfirlæknis, að ákveða í reglugerð, að fólki, sem enn er ósmitað af berklaveiki og ætla má, að vegna starfs síns sé í sérstakri

sýkingarhættu, gefist kostur á bólusetningu gegn berklaveiki. Í reglugerðinni má og ákveða, að aðstandendum barna, sem líkur eru til, að séu í sérstakri sýkingarhættu af berklaveiki, gefist kostur á að fá þau bólusett gegn berklaveiki.

17. gr.

Héraðslæknar (heilsuverndarstöðvar) skulu gefa nánar gætur að berklaveiki í nautgripum sem smitunaruppsprettu, er leitt geti til berklaveiki í mönnum, enda leita samvinnu við dýralækna um eftirlit og ráðstafanir hér að lútandi. Eigi má selja mjólk úr fjósi eða frá heimili, þar sem nautgripur er berklaveikur, fyrr en gripnum hefir verið fargað eða hann einangraður tryggilega að dómi dýralæknis og héraðslæknis og sótthreinsun farið fram (sbr. lög nr. 25 20. júní 1923, um berklaveiki í nautpeningi).

18. gr.

Nú deyr smitandi berklaveikur maður, eða skiptir um dvalarstað, og skal þá læknir sá, er stundað hefir sjúklinginn, tilkynna það tafarlaust héraðslækni (heilsuverndarstöð).

Húsráðandi er meðábyrgur um, að tilkynning þessi sé ekki vanrækt.

Héraðslæknir (heilsuverndarstöð) tilkynnir síðan sótthreinsunarmanni, sem annast, að sótthreinsað sé á heimilinu, og skal sótthreinsa herbergi þau, fatnað, sængurklæði og annað, er hætta getur stafað af. Þessa lausu muni má eigi láta af hendi, hvorki til eignar né afnota, senda í þvott eða aðgerð, nema sótthreinsaðir hafi verið. Eigi má heldur fá öðrum til íbúðar herbergi þau, er sjúklingurinn dvaldi í, fyrr en þau hafa verið sótthreinsuð, nema héraðslæknir telji sótthreinsun óþarfa.

19. gr.

Berklasjúklingar njóta styrks úr ríkissjóði til sjúkrahúsvistar og læknishjálpar samkvæmt ákvæðum laga nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Landlæknir úthlutar í samráði við berklayfirlækni fé því, sem kann að vera veitt í fjárlögum til styrktar þurfandi berklasjúklingum, sem dvalið hafa í sjúkrahúsum eða hælum og náð þeim bata, að þeir teljast að meira eða minna leyti vinnufærir. Skal leitazt við að haga styrkveitingunum þannig, að þær miði til þess, að styrkþegarnir verði síðar færir um að sjá sér farborða við þá atvinnu og þau kjör, er hentar heilsufari þeirra.

20. gr.

Ráðherra er heimilt, með ráði berklayfirlæknis, að setja reglur um hverskonar félagsskap eða stofnanir, sem hafa með höndum berklavarnir, hjálparstarfsemi meðal berklaveikra eða fræðslustarfsemi meðal almennings til tryggingar því, að starfsemi þessari sé eigi misbeitt og að hún torveldi á engan hátt berklavarnaframkvæmdir hins opinbera.

21. gr.

Nú þarf héraðslæknir að taka sér ferð á hendur vegna fyrirmæla laga þessara, og greiðir þá sýslusjóður ferðakostnaðinn, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn. Ferðakostnaður greiðist samkv. gjaldskrá héraðslækna.

Fyrir tilkynningar lækna samkv. lögum þessum skal ekkert gjald greiða.

Kostnaður við sótthreinsanir greiðist af sóttvarnarfé samkv. ákvæðum laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Kostnaður við berklabækur og eyðublöð undir tilkynningar greiðist úr ríkissjóði.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 25 til 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

23. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn sá hluti laga nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki, sem eigi var felldur úr gildi með lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, svo og öll önnur lagaákvæði eða fyrirmæli, sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1940.

Greinargerð.

Berklavarnalöggjöfin í þeirri mynd, sem hún er nú, er orðin 18 ára gömul, en á þeim tíma hafa orðið æðimiklar breytingar á þekkingu manna á útbreiðsluháttum berklaveikinnar og jafnframt á skilningi manna á því, hvernig skynsamlegast sé að hátta berklavarnastarfseminni, þannig, að hún sé líkleg til að bera sem skjótastan og öruggastan árangur.

Núgildandi berklavarnalög miða um of við þá kenningu, sem ekki fær lengur staðizt, að berklasmitun eigi sér nær eingöngu stað á barnsaldri og fyrir því þurfi ekki svo mjög að sinna berklavörnum meðal fullorðinna, auk þess sem lögin leggja of einhliða áherzlu á þá hlið berklavarnanna, sem að vísu er þýðingarmikil, en fjarri því að vera einhlít, að sinna þeim berklasjúklingum, er leita lækna, einangra þá og sjá þeim fyrir sem beztri læknishjálp. Berklavarnastarfsemi í nútíma skilningi beinist auk þess að því að halda uppi með berklaprófum og fjöldaskoðunum skipulagsbundinni leit að berklasjúklingum og berklasmitberum, sem reynslan sýnir, að annars geta leynzt jafnvel áratugum saman eins og heilbrigðir væru, en smitað út frá sér víðsvegar. Þá er að geta náins eftirlits með öllu berklasýktu fólki, aðbúnaði þess og lífskjörum, ekki aðeins meðan veiki þess er á því stigi, að það þarfnast sjúkrahúss- eða hælisvistar eða læknishjálpar í þrengstu merkingu, heldur einnig eftir að það hefir náð þeim bata, að án sérstakra ráðstafana mundi það hverfa undan öllu eftirliti. Það, sem nú hefir verið talið til berklavarna, eru þó enn aðeins berklavarnir í þröngri merkingu. Hinar víðtækustu og um leið áhrifamestu berklavarnir eru vafalaust sem bezt lífsafkoma alls almennings, örugg atvinnuskilyrði, góð húsakynni, hollt mataræði, heilbrigðir lifnaðarhættir, bindindissemi og herðing æskulýðsins við útiveru og útistörf í ljósi og lofti og skynsamlegar íþróttaiðkanir, einkum fyrir þá, sem innistörf stunda.

Þrátt fyrir hin þröngu ákvæði núgildandi berklavarnalaga um berklavarnastarfsemina hefir svið hennar verið mjög fært út hin síðustu ár, og einkum eftir að sérstakur yfirlæknir var ráðinn til að annast framkvæmdir þessarar starfsemi (1. apríl 1935). Má þar til nefna víðtækar berklaprófanir skólabarna í flestum læknishéruðum, stóraukna starfsemi berklavarnastöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar í Reykjavík, að komið hefir verið upp heilsuverndarstöðvum í flestum kaupstöðum, sem aðallega annast berklavarnir, enda styrkur veittur til þess í fjárlögum, og að berklayfirlæknirinn hefir árlega, síðan hann tók til starfa, ferðazt um landið með ferðaröntgentæki og rannsakað í samráði við héraðslækna fjölda fólks, sjúkt og heilbrigt. Hefir þegar komið í ljós, að mikils árangurs er af starfsemi þessari að vænta, enda í undirbúningi að auka hana og fullkomna að miklum mun.

Berklavarnalögin hafa nú verið tekin til endurskoðunar í því skyni, að samræma berklavarnalöggjöfina við þá tilhögun berklavarnastarfseminnar, sem þegar hefir verið tekin upp, og til þess að hún geti orðið sem öruggastur grundvöllur undir áframhaldandi sókn eftir hinum sömu leiðum.

Frv. er samið af berklayfirlækni í samráði við landlækni og hefir verið borið undir Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur, svo og alla berklalækna landsins. Er enginn ágreiningur, sem máli skiptir, á milli þessara aðilja um ákvæði frumvarpsins.

Um hinar einstöku greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Eins og í núgildandi lögum ná ákvæði frumvarps þessa til allra tegunda berklaveiki. En hér er berklaveikin nánar sundurgreind í smitandi, virka og óvirka berklaveiki. Greining þessi er gerð með það fyrir augum, að stoð fáist í lögum til þess að krefjast nánari og áreiðanlegri sundurgreiningar lækna á hinum skráðu berklasjúklingum en tíðkazt hefir hingað til. Með því verður unnt að fá gleggri hugmynd um gang sjúkdómsins í landinu. Að sjálfsögðu verða læknum gefnar ýtarlegar leiðbeiningar um sundurgreiningu berklaveikinnar samkvæmt þessum ákvæðum.

Um 2. gr.

Hér er greindur í fáum dráttum tilgangur þessarar fyrirhuguðu lagasetningar. Er ætlazt til, að ákvæði greinarinnar verði höfð til hliðsjónar og leiðbeiningar, er samdar verða reglugerðir þær, er frv. gerir ráð fyrir, og þá einkum fyrirhugaðar reglugerðir um berklavarnastarfsemi heilsuverndarstöðvanna (sbr. 3. gr.).

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að áframhald verði á fjárveitingum í fjárlögum, er nægi til að styrkja heilsuverndarstöðvar í öllum kaupstöðum landsins að ⅓ kostnaðarins, enda þess vænzt, að samkomulag náist við bæjarstjórnir og sjúkrasamlög kaupstaðanna um, að þessir aðiljar leggi fram hvor sinn ⅓ hluta. Þó mun víða ástæða til, að sýslufélög í nánd við kaupstaðina láti og nokkuð af hendi rakna til þessarar starfsemi, þar sem heilsuverndarstöðvar kaupstaðanna verða að sjálfsögðu mjög sóttar þaðan. Eru nú veittar í fjárlögum 18 þúsund kr. í þessu skyni. Er ætlazt til, að heilsuverndarstöðvar þessar annist fyrst um sinn aðallega berklavarnir og þá samkvæmt reglum, er settar verða samkvæmt þessari grein um þá starfsemi, með sérstakri hliðsjón af 2. gr., eins og áður getur. Þar sem ekki er hægt að ætlast til, að berklavarnastarfsemi heilsuverndarstöðvanna nái til alls landsins, ber mikil nauðsyn til að koma á aukinni berklavarnastarfsemi héraðslækna í læknishéruðum utan kaupstaðanna í sem mestri líkingu við starfsemi heilsuverndarstöðvanna. En til þess að það geti orðið, þarf að vinna að því, að röntgentæki verði fengin í sem allra flest læknishéruð, að héraðslæknarnir kynni sér sem bezt not þeirra til greiningar berklaveiki, að berklayfirlæknir og nærliggjandi heilsuverndarstöðvar hafi við þá sem nánasta samvinnu í þessum efnum og að læknum, einkum í fólksmörgum og erfiðum héruðum, veitist tóm til að sinna þessum störfum, með því að sjá þeim fyrir aðstoð tíma og tíma, eftir því sem þörf krefur. Þyrfti ríkissjóður og hlutaðeigandi læknishéruð (hreppar) að hlaupa hér undir bagga með lítils háttar fjárveitingu í þessu skyni, og mætti fara hægt af stað meðan séð yrði, hverja raun þessi starfsemi gæfi. Samkvæmt ákvæðum greinarinnar er það lagt í vald fjárveitingarvaldsins á hverjum tíma að ákveða í fjárlögum, hversu miklu fé skuli varið til þeirrar greinar berklavarnastarfseminnar, er greinin fjallar um.

Um 4. og 5. gr.

Í þessum greinum eru ákvæði um, hvernig læknar skuli skrásetja og tilkynna berklaveika sjúklinga, og eru þau í aðalatriðum í samræmi við ákvæði núgildandi laga hér að lútandi, þó að nokkru ýtarlegar sé kveðið á um sum atriði, auk þess sem miðað er við hina fyrirhuguðu berklavarnastarfsemi heilsuverndarstöðvanna.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að hægt sé að skylda einstaklinga og heil heimili til að gangast undir berklarannsókn, er sérstök ástæða er til að ætla, að um smitandi berklaveiki sé að ræða. Ber nauðsyn til, að einstökum félagslega vanþroska mönn-

um verði ekki látið haldast uppi að hindra, að árangur verði af hinni víðtæku starfsemi, sem hér er ráðgerð, og þá einkum leitinni að berklasmitberum, því að ef ekki er að gert, getur mótþróa og skilningsleysi eins manns nægt til að hefta eða jafnvel gera að engu árangur berklavarnastarfseminnar í heilu byggðarlagi. Mun þó mjög sjaldan þurfa að grípa til ákvæðis þessa, þar sem reynsla síðari ára hefir sýnt, að almenningur er mjög fús á að undirgangast berklarannsóknir og er yfirleitt boðinn og búinn til að veita alla aðstoð hér að lútandi.

Um 7. gr.

Hér er einnig um það nýmæli að ræða, að ef sérstök nauðsyn ber til, megi úrskurða smitandi berklasjúklinga á sjúkrahús eða heilsuhæli og að gera megi sérstakar ráðstafanir gagnvart þeim á sjúkrahúsum og hælum. Gegnir hér svipuðu máli og um ástæðuna til ákvæðis 6. gr. (sbr. grg. fyrir henni). Er einnig hér hið sama að segja, að ekki er ástæða til að ætla, að til þessa ákvæðis þurfi að grípa nema í undantekningartilfellum, sem því miður eru þó kunn af reynslu liðinna ára og leitt hafa til vandræða.

Um 8. og 9. gr.

Ákvæði greina þessara eru í aðalatriðum ekki frábrugðin ákvæðum núgildandi laga hér að lútandi, en aðeins nokkru ýtarlegri. Þó er í ákvæðunum um skólana tekið tillit til þess, sem nú er vitað, að fullorðnu fólki, ósmituðu berklaveiki, er ekki síður hætt við sýkingu en börnum. Þrátt fyrir hin almennu ákvæði greinarinnar þarf að sjálfsögðu að gera berklaveikum börnum og unglingum og jafnvel fullorðnu fólki kleift að njóta kennslu. Er því gefin heimild til að setja sérstakar reglur þar að lútandi, enda undanfarin ár verið rekin slík kennslustarfsemi fyrir skólaskyld börn á heilsuhælunum og nokkrum stærstu sjúkrahúsunum.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Hér er um nýtt ákvæði að ræða, sem getur naumast valdið ágreiningi. Ekki kemur til mála að banna heimili, þar sem er smitandi berklaveiki, að ráða til sín hjú, enda þarf ekki að koma að sök. En hættunni má aldrei leyna, og bezt færi á, að fólk, sem ræður sig á slík heimili, hefði þá lækni með í ráðum, sem meðal annars gæti gefið þeim upplýsingar um, hvort ástæða sé til að ætla, að því sé sérstaklega smithætt. Sama gildir um ráðningu fólks til starfa á vinnustöðvum, þar sem eins er ástatt.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Með „langdvöl“ er átt við það, að ekki þykir tiltækilegt að krefjast læknisvottorðs af öllu fólki á heimili, sem vistar börn um stundarsakir, t. d. til sumardvalar í sveit eða til vistar í kaupstað til skólasóknar, en ef vitað er um smitandi berklaveiki á heimili, er að sjálfsögðu óheimilt að taka þangað börn til dvalar, hvort sem dvölin er stutt eða löng (sbr. 11. gr.).

Um 14. gr.

Ákvæðin varðandi ljósmæður eru óbreytt frá gildandi lögum, en sjálfsagt þykir, að hið sama gildi um hjúkrunarkonur. Hvað það snertir, að hjúkrunarkonum, er starfa á vegum hins opinbera, séu einnig ákveðin biðlaun í tvö ár, ef þær sýkjast af berklaveiki, er það að segja, að yfirleitt má telja, að þær eigi enn ríkari kröfur til slíkra bóta en kennarar og ljósmæður, þar sem þær eru í ólíkt meiri smithættu vegna starfs síns en hin fyrrnefndu.

Um 15. gr.

Ákvæði 1. málsgr. greinarinnar er nýmæli, en þarfnast ekki skýringa.

Ætlazt er til, að í reglum þeim, sem um getur í 2. málsgr., komi einkum til greina almennar heilbrigðiskröfur, er varða berklaveiki sérstaklega.

Um 16. gr.

Reynslan sýnir, að fólk, sem ræður sig til hjúkrunarstarfa og annara náinna afskipta af sjúklingum á berklasjúkrahúsum og hælum, er í mjög mikilli hættu að smitast af berklaveiki. Fyrir því ber að forðast, að annað fólk en það, sem þegar er smitað, ráði sig til slíkra starfa, og er hér ætlazt til, að lagt verði bann við því, enda hefir þessi regla þegar verið tekin upp og framkvæmd árum saman við aðalberklahæli landsins, Vífilsstaði.

Á síðari árum hefir erlendis verið unnið að því að bólusetja fólk gegn berklaveiki. Þó að enn sé eigi til hlítar úr því skorið, að árangur þessara bólusetninga svari fyllilega tilgangi sínum, þykir rétt að gefa heilbrigðisstjórninni heimild til að setja reglugerð um slíka bólusetningu, en hinsvegar er ekki ætlazt til, að ráðizt verði í víðtækar ráðstafanir í þessu efni, fyrr en árangur slíkra bólusetninga verður almennt talinn ótvíræður.

Um 17. gr.

Það er alkunna, að menn geta sýkzt af nautgripaberklum, og eru mikil brögð að því víða erlendis. Hinsvegar eru nautgripaberklar vafalaust fátíðir hér á landi, og þess vegna sjaldgæft, að þeir verði mönnum að grandi. Engu að síður er ástæða til að vera hér vel á verði, og miðar þessi grein að því. Er ætlazt til, að greinin tengi ákvæði hinna sérstöku laga um berklaveiki í nautpeningi frá 1923, sem eru aðeins búnaðarlög, við berklavarnalöggjöfina.

Um 18. gr.

Ákvæðin um sótthreinsanir eftir berklaveiki eru nær alveg samhljóða núgildandi ákvæðum. Rétt þykir, að húsráðandi sé meðábyrgur um að tilkynna, ef smitandi berklasjúklingur deyr eða flyzt úr íbúð, með því að fyrir getur komið, að enginn læknir hafi stundað sjúklinginn, auk þess sem það getur verið hagsmunamál fyrir húsráðanda að leyna slíku.

Um 19. gr.

Í frv. eru engin ákvæði um styrkveitingar úr ríkissjóði til sjúkrahúsvistar og læknishjálpar berklasjúklinga, að öðru leyti en því, að vísað er til laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla frá 1936, en í þeim lögum eru öll ákvæði þar að lútandi. Þar eru einnig ákvæði um vinnu sjúklinga á sjúkrahúsum og heilsuhælum, sem er mikilsvert mál og brýn nauðsyn á, að tekið sé upp hið fyrsta. Kemur hér margskonar vinna til greina, innan húss og utan, handavinna og handiðnir og jarðyrkjustörf ýmiskonar. Auk þess sem hæfileg vinna getur haft bein hollustuáhrif á sjúklingana, mætti á þann hátt takast að skila þeim af sjúkrahúsum og hælum kunnandi til ýmissa verka og á þann hátt hæfari en ella til að geta séð sér farborða á eftir.

Fram að þessu hefir það verið einn hinn örðugasti þáttur berklavarnanna hér á landi að tryggja sjúklingum, er útskrifazt hafa af sjúkrahúsum og hælum, góð og örugg afkomuskilyrði. Verður aldrei lögð of rík áherzla á, að litið sé nákvæmlega eftir slíkum sjúklingum, og jafnvel þó að þeir virðist hafa fengið góðan bata. Er ætlazt til, að eftirlitsstarfsemi þessi sé í höndum heilsuverndarstöðva og héraðslækna, sem þá ber að gefa því sérstakar gætur, að þetta fólk hafi, eftir því sem unnt er, atvinnu við sitt hæfi, lifi við sómasamleg kjör og heilsusamlega lifnaðarhætti, enda hvetja alla hlutaðeigendur til samstarfs því til tryggingar. Kröfur eru uppi um beina fjárveitingu úr ríkissjóði til meiri eða minni framfærslu berklasjúklinga, sem dvalið hafa á sjúkrahúsum eða heilsuhælum. En þær virðast ekki eiga á sér fullan rétt, þar

sem með sérstökum lögum, alþýðutryggingalögunum, hefir verið lagður grundvöllur undir styrkveitingar vegna örorku, sem þessum sjúklingum ætti ekki sízt að geta komið að haldi. Munu og eigi fáir þeirra þegar hafa orðið slíks styrks aðnjótandi af þeim ca. 1000 öryrkjum, er styrks nutu á ári tvö síðastliðin ár. En verði þessi löggjöf eigi talin ná tilgangi sínum að því er tekur til öryrkju berklasjúklinga, liggur nærri að endurskoða hana og bæta að því leyti.

Hinsvegar er í þessari grein frumvarpsins gert ráð fyrir, að veitt sé í fjárlögum ákveðin upphæð til styrktar berklasjúklingum, sem dvalið hafa í sjúkrahúsum eða hælum og náð bata, er nægja mundi þeim til að geta séð sér farborða utan sjúkrahúss eða hælis, ef þeir hefðu kunnáttu til starfa við þeirra hæfi. Er tilætlunin, að slíkir sjúklingar séu styrktir til að afla sér slíkrar kunnáttu. Í fjárlögum síðustu ára hefir verið veitt lítils háttar upphæð (nú 5000 kr.) til ýmissa sjúklinga, og hefir landlækni verið falin úthlutunin. Síðastliðið ár var unnt að klípa af þessari upphæð litilsháttar styrki handa nokkrum berklasjúklingum í því skyni, sem hér hefir verið lýst. Þannig var einn sjúklingur styrktur til að kynna sér bókband, annar til að kynna sér klæðskeraiðn, og hyggjast báðir að geta stuðzt við þessar atvinnugreinir með því að setjast að uppi í sveit. Hinn þriðji fékk styrk, er nægði honum til þess að hann getur með aðstoð venzlafólks síns gengið í skóla í vetur. Umsókn liggur fyrir frá hinum fjórða, er óskar styrks til að geta tekið bifreiðarstjórapróf. Reynsla hefir að sjálfsögðu enn ekki fengizt fyrir því, hverja raun styrkveitingar þessar gefa, en líkur benda til, að hér sé verið á réttri leið, svo langt sem hún nær. Ef fjárlagaliður þessi fengist hækkaður, þó að eigi væri nema upp í 10—12 þúsund kr., mundi það geta munað verulegu.

Um 20. gr.

Þó að ríkið hafi algerlega tekið að sér forustu berklavarnastarfseminnar, er ekki nema gott eitt um það að segja, að áhugamenn hefjist handa um félagsskap til styrktar þeirri starfsemi. En að sjálfsögðu er mikið undir því komið, að þeirri einkastarfsemi sé hagað svo, að hún sé í fyllsta samræmi við viðurkennda faglega þekkingu og torveldi á engan hátt berklavarnastarfsemi hins opinbera. Ákvæði greinar þessarar eru sett þessu til tryggingar.

Um 21. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum ber læknum sérstök greiðsla fyrir tilkynningar samkvæmt lögunum. Hér er ætlazt til, að þær greiðslur falli niður, enda hafa þær ekki tíðkazt hin síðari ár. Aftur hefir læknum verið greitt fyrir ýtarleg læknisvottorð um berklasjúklinga, er sækja um styrk samkvæmt lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, og er ekki ætlazt til, að breyting verði á því. Að öðru leyti eru ákvæði greinarinnar óbreytt frá hliðstæðum ákvæðum núgildandi laga.

Um 22.—24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 147. Breytingartillögur

við frv. til l. um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: með þeirri breytingu, að í stað „15. október“ í 4. gr. laganna komi: 20. október.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1939.

Nd. 148. Breytingartillögur

við frv. til laga um breytingar á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá Sigurði E. Hlíðar.

Frumvarpsgreinina skal orða svo:

a. Orðin „opna eða“ í 1. málsgr. 3. gr. laganna falli burt.
b. Á eftir síðustu málsgr. sömu lagagreinar bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Skylt er og vátryggingarfélögum þessum að taka opna vélbáta til vátryggingar, ef eigendur óska þess.
c. Í stað orðanna „allt að 150“ í 3. málsgr. sömu lagagr. komi: allt að 250.

Nd. 149. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (GG) var fjarverandi sakir veikinda, er málið var afgreitt.

Alþingi, 14. apríl 1939.

Finnur Jónsson, form.	Sig. Ein. Hlíðar, fundaskr.	Bergur Jónsson, frsm.
	Sigurður Kristjánsson.	

Nd. 150. Nefndarálit

um frv. til l. um síldartunnur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (GG) var fjarverandi afgreiðslu málsins sökum veikinda.

Alþingi, 14. apríl 1939.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Sig. Ein. Hlíðar, fundaskr.	Bergur Jónsson.
	Sigurður Kristjánsson.	

Nd. 151. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram brtt. eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Einn nefndarmanna (GG) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins sökum veikinda.

Alþingi, 14. apríl 1939.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Sig. Ein. Hlíðar, fundaskr.	Bergur Jónsson.
	Sigurður Kristjánsson.	

Ed. 152. Frumvarp til laga

um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 24 með breytingum þeim, er felast í brtt. á þskj. 139.

Nd. 153. Breytingartillaga

við frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpsgreinin orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Kristiansen, Jentoft Kornelius, kaupmaður á Seyðisfirði, fæddur í Noregi.
2. Schröder, Vilhjálmur Hans Alfred, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
3. Stangeland, Hans Kornelius Pedersen, kaupmaður á Fáskrúðsfirði, fæddur í Noregi.
4. Weber, Bruno Victor Paul Georg, verzlunarmaður, Hellu, Rangárvöllum, fæddur í Þýzkalandi.

Ed. 154. Breytingartillögur

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Erlendi Þorsteinssyni.

I. Við 1. gr.

Þeir tolltaxtar, sem nú standa í frumvarpinu, breytast sem hér segir:

Verðtollur:			Vörumagnstollur:													
2%	verði	2%	0,7	au.	pr.	kg.			verði	0,5	au.	pr.	kg.			
8—	—	6—	1	—	—	—			—	0,5	—	—	—			
10—	—	8—	2	—	—	—			—	1,5	—	—	—			
15—	—	12—	7	—	—	—			—	6	—	—	—			
20—	—	15—	17	—	—	—			—	14	—	—	—			
25—	—	20—	20	—	—	—			—	18	—	—	—			
30—	—	25—	50	—	—	—			—	40	—	—	—			
35—	—	25—	70	—	—	—			—	55	—	—	—			
40—	—	30—	90	—	—	—			—	70	—	—	—			
50—	—	40—	120	—	—	—			—	100	—	—	—			
60—	—	50—	140	—	—	—			—	110	—	—	—			
70—	—	60—	180	—	—	—			—	145	—	—	—			
80—	—	70—	210	—	—	—			—	170	—	—	—			
90—	—	70—	250	—	—	—			—	200	—	—	—			
			420	—	—	—			—	335	—	—	—			
			560	—	—	—			—	450	—	—	—			
			900	—	—	—			—	720	—	—	—			
			2200	—	—	—			—	1760	—	—	—			
			3000	—	—	—			—	2400	—	—	—			
			35	—	—	100	kg.		—	27	—	—	100	kg.		
			100	—	—	1000	—		—	80	—	—	1000	—		
			200	—	—	1000	—		—	160	—	—	1000	—		
			10	—	—	ten.fet.			—	8	—	—	ten.fet.			
			45	—	—	ltr.	eða	¾ l.	—	35	—	—	ltr.	eða	¾	l.
			90	—	—	—	—	—	—	75	—	—	—	—	—	—
			140	—	—	—	—	—	—	110	—	—	—	—	—	—
			210	—	—	—	—	—	—	170	—	—	—	—	—	—
			280	—	—	—	—	—	—	225	—	—	—	—	—	—
			420	—	—	—	—	—	—	335	—	—	—	—	—	—
			560	—	—	—	—	—	—	450	—	—	—	—	—	—
			700	—	—	—	—	—	—	560	—	—	—	—	—	—
			100	—	—	spil.			—	100	—	—	spil.			

II. Á eftir 27. gr. komi ný grein, er verði 28. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er að hækka taxta tollskrárinnar til eins árs í senn um allt að 25 af hundraði, með sérstöku ákvæði í fjárlögum.

III. 28. gr. verði 29. gr. og 29. gr. verði 30. gr.

Ed. 155. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um tollskrá o. fl.

Frá Erlendi Þorsteinssyni.

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
I. Við 1. gr.				
1. Nr. 1—2 í 9. kafla orðist svo:				
1	— óbrennt ..... N	1 kg.	70	10
2	— brennt og malað ..... N	—	90	10
2. 10. kafli orðist svo:				
1	Hveiti ..... tollfrjálst			
2	Rúgur ..... tollfrjáls			
3	Ris með hýði eða án ytra hýðis .... tollfrjálst			
4	Bygg ..... tollfrjálst			
5	Hafrar ..... tollfrjálsir			
6	Maís ..... tollfrjáls			
7	Annað ómalað korn ..... tollfrjálst			
3. Í stað nr. 1—15 og 20—21 í 11. kafla komi:				
1	— úr hveiti ..... tollfrjálst			
2	— — rúgi ..... —			
3	— — ris ..... —			
4	— — byggi ..... —			
5	— — höfrum ..... —			
6	— — maís ..... —			
7	— annað, ót. a. ..... —			
8	— úr hveiti ..... tollfrjáls			
9	— — byggi ..... —			
10	— — höfrum ..... —			
11	— — ris ..... —			
12	— önnur, ót. a. ..... —			
13	— úr baunum og ertum ..... tollfrjálst			
14	— annað ..... —			
15	Kartöflumjöl ..... —			
20	Sagógrjón, þar með tapióka, einnig tilbúin ..... —			
21	Sagómjöl, mjöl úr arrowrót og tapiókarót ..... —			
4. Nr. 1—8 í 17. kafla orðist svo:				
1	— strásykur ..... N	—	17	10
2	— höggvinn sykur (molasykur) ..... N	—	17	10
3	— sallasykur (flórsykur) ..... N	—	17	10
4	— púðursykur ..... N	—	17	10
5	— steinsykur (kandís) ..... N	—	17	10
6	— toppasykur ..... N	—	17	10
7	— síróp, ót. a. ..... N	—	17	15
8	— þrúgusykur (glykose) fastur og fljótandi N	—	17	15
5. Nr. 55 og 57 í 28. kafla orðist svo:				
55	Lyf ..... tollfrjáls			
57	Baðlyf ..... tollfrjáls			
6. Nr. 3—5 í 36. kafla orðist svo:				
3	— sólaleður og bindsólaleður	1 kg.	7	8
4	— vatnsleður	—	7	8
5	— annað	—	7	8

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
7.	Nr. 1 í 37. kafla orðist svo:			
1	Leðurstykki, tilsniðin, en ekki frekar unnin, ót. a., svo sem sólar, hælkappar og aðrar þvílíkar vörur	—	7	8
8.	Nr. 3—10 og 13 í 54. kafla orðist svo:			
3	— úr leðri og skinni, ót. a.	—	20	35
4	— — vefnaði, flóka, sefi, strái, ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum	—	20	35
5	— — leðri með trébotnum	—	20	10
6	— — — stígvél	—	20	10
7	— — — skóhlífar	—	20	10
8	— — — annar	—	20	10
9	— með kátsjúk eða leðursólum og yfirhluta úr striga	—	20	35
10	— tréskór	—	20	10
13	— annar	—	20	35

II. Við 10. gr.

Í stað 2. málsliðs 4. málsgreinar (Þó að ... o. s. frv.) komi:

Þó að greitt sé flutningsgjald, sem er undir almennu flutningsgjaldi, eða þó að greiddur sé annar sendingarkostnaður, sem er undir almennum sendingarkostnaði, er allt að einu heimilt að leggja hið almenna flutningsgjald eða annan almennan sendingarkostnað til grundvallar, þegar reiknað er það tollverð, sem greiða skal af.

Ed. 156. Breytingartillaga

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 3. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ennfremur er skylt að endurgreiða lýsisframleiðendum aðflutningsgjöld af Natrium hydroxyd (vítissóda), sem notaður er til lýsisvinnslu.

Ed. 157. Nefndarálit

um frumv. til l. um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Höfðahóla o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

2. gr. orðist svo:

Um mat til verðákvörðunar skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917, en um greiðsluskilmála eins og venja var til við sölu þjóð- og kirkjujarða, sbr. lög nr. 31 20. október 1905.

Alþingi, 15. apríl 1939.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson,

Ed. 158. Breytingartillögur

við frumv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

			Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
I.	Við 1. gr.				
1.	9. kafli nr. 1—2 orðist svo:				
	1 — óbrennt		1 kg.	70	10
	2 — brennt eða brennt og malað		—	90	10
2.	10. kafli nr. 1 orðist svo:				
	1 Hveiti		—	2	
3.	11. kafli nr. 1 orðist svo:				
	1 — úr hveiti		—		8
4.	15. kafli nr. 26 orðist svo:				
	26 Vax úr jurta- og dýraríkinu, einnig tilbúið		—	2	15
5.	17. kafli nr. 1—6 orðist svo:				
	1 — strásykur	N	—	17	10
	2 — höggvinn sykur (molasykur)	N	—	17	10
	3 — sallasykur (flórsykur)	N	—	17	10
	4 — púðursykur	N	—	17	10
	5 — steinsykur (kandís)	N	—	17	10
	6 — toppasykur	N	—	17	10
6.	25. kafli nr. 17 orðist svo:				
	17 Sement		100 kg.	20	
7.	28. kafli nr. 54 orðist svo:				
	54 Lyf	tollfrjáls			
8.	30. kafli nr. 13—19 orðist svo:				
	13 — blýhvíta		1 kg.	2	8
	14 — zinkhvíta		—	2	8
	15 — títanhvíta		—	2	8
	16 — últramarín		—	2	8
	17 — kóboltlitir		—	2	8
	18 — menja		—	2	8
	19 — aðrir		—	2	8
9.	36. kafli nr. 3—5 orðist svo:				
	3 — sólaleður og bindsólaleður		—	7	8
	4 — vatnsleður		—	7	8
	5 — annað		—	7	8
10.	37. kafli nr. 1 orðist svo:				
	1 Leðurstykki, tilsniðin, en ekki frekar unnin, ót. a., svo sem sólar, hælkappar og aðrar þvílíkar vörur		—	7	8
11.	40. kafli nr. 4, 9 og 35 orðist svo:				
	4 — oregonpine og pitchpine og munir úr þeim	tollfrjálsir			
	9 — beyki	tollfrjálst			
	35 Smíðatól og handverkfæri, ót. a.		—	2	2
12.	44. kafli nr. 20, 22 og 39 orðist svo:				
	20 Stensilpappír og kalkerpappír		1 kg.		8
	22 Cellófanpappír, marmarapappír og annar pappír		—		8
	39 Skrifpappír, teiknipappír og annar þesskonar pappír, heftur en óáprentaður		—		8

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
13.	47. kafli nr. 5 orðist svo:			
	5 — annað	—	20	15
14.	48. kafli nr. 7 orðist svo:			
	7 — annað	—	20	15
15.	49. kafli nr. 8 orðist svo:			
	8 — — úr hör	—	20	15
16.	51. kafli nr. 7—30 orðist svo:			
	7 — prjónavoð	—	20	20
	8 — sokkar og leistar	—	20	20
	9 — ytri fatnaður	—	20	20
	10 — nærfatnaður	—	20	20
	11 — vettlingar	—	20	20
	12 — aðrar	—	20	20
	13 — prjónavoð	—	20	20
	14 — sokkar og leistar	—	20	20
	15 — ytri fatnaður	—	20	20
	16 — nærfatnaður	—	20	20
	17 — vettlingar	—	20	20
	18 — aðrar	—	20	20
	19 — prjónavoð	—	20	20
	20 — sokkar og leistar	—	20	20
	21 — ytri fatnaður	—	20	20
	22 — nærfatnaður	—	20	20
	23 — vettlingar	—	20	20
	24 — aðrar	—	20	20
	25 — prjónavoð	—	20	20
	26 — sokkar og leistar	—	20	20
	27 — ytri fatnaður	—	20	20
	28 — nærfatnaður	—	20	20
	29 — vettlingar	—	20	20
	30 — aðrar	—	20	20
17.	52. kafli nr. 6—13 orðist svo:			
	6 — — — nærfatnaður	—	20	20
	7 — — — annar	—	20	20
	8 — — — nærfatnaður	—	20	20
	9 — — — annar	—	20	20
	10 — — — nærfatnaður	—	20	20
	11 — — — annar	—	20	20
	12 — — — nærfatnaður	—	20	20
	13 — — — annar	—	20	20
18.	54. kafli nr. 3 og 4 og nr. 5—10 orðist svo:			
	3 — úr leðri og skinni, ót a.	—	20	30
	4 — úr vefnaði, flóka, sefi, strái, ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum	—	20	30
	5 — úr leðri með trébotnum	—	20	8
	6 — — stígvél	—	20	8
	7 — — skóhlífar	—	20	8
	8 — — annar	1 kg.	20	8
	9 — með kátsjúk- eða leðursólum og yfirhluta úr striga	—	20	8
	10 — tréskór	—	20	8
19.	59. kafli nr. 7 orðist svo:			
	7 Baðker, þvottaskálar, vaskar, salerni og þvag-			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
	skálar o. þ. h. munir og hlutar til þeirra úr leir	—	2	15
20.	60. kafli nr. 24 orðist svo:			
	24 Glervarningur, eingöngu notaður við efnarannsóknir ... tollfrjáls			
21.	63. kafli nr. 3, 41, 71—80 og 88 orðist svo:			
	3 Járn og stál í stöngum	—	2	
	41 Skrúfur, fleinar, boltar, skrúfboltar og rær	—	2	
	71 — axir allskonar	—	2	2
	72 — hamrar og sleggjur	—	2	2
	73 — sagir og sagarblöð	—	2	2
	74 — allskonar tengur, svo og kúbein, naglbitar, skrúflyklar, vír-, blikk- og járnklippur	—	2	2
	75 — horn (vinklar) og sirklar	—	2	2
	76 — heflar, hefiltennur, sporjárn, holjárn, höggpípur og telgijárn (svejshnífar)	—	2	2
	77 — borar allskonar, sílar og meitlar	—	2	2
	78 — múrskeiðar og múrbretti	—	2	2
	79 — þjalir og raspar	—	2	2
	80 — önnur	—	2	2
	88 Baðker, salerni og tilheyrandi vatnskassar (cistern), þvagskálar, þvottaskálar, eldhúsvaskar og hlutar til þeirra	—	2	15
22.	64. kafli nr. 22 orðist svo:			
	22 Smíðatól og þvílík handverkfæri	—	2	
23.	72. kafli nr. 38—64 orðist svo:			
	38 — til mjólkurvinnslu	—	2	2
	39 — til tóvinnu og ullarþvottar	—	2	2
	40 — til niðursuðu	—	2	2
	41 — til sútunar	—	2	2
	42 — til lýsishreinsunar	—	2	2
	43 — til fiðurhreinsunar	—	2	2
	44 — til síldar- og annars fiskiðnaðar, svo og hvalvinnslu	—	2	2
	45 — til frystingar	—	2	2
	46 — til námuvinnslu allskonar	—	2	2
	47 — aðrar	—	2	2
	48 — sjálfvirk löndunartæki	—	2	2
	49 — til blikk- og járnsmíða	—	7	2
	50 — til prentunar	—	7	2
	51 — til skógerðar	—	7	2
	52 — til kátsjúkiðnaðar	—	7	2
	53 — til trésmíða	—	7	2
	54 — til brauðgerðar	—	7	2
	55 — til pappírspokagerðar	—	7	2
	56 — til glergerðar	—	7	2
	57 — til smjörlíkisgerðar	1 kg.	7	2
	58 — til sápugerðar	—	7	2
	59 — til öngultauma- og færagerðar	—	7	2
	60 — til brjóstsykur-, súkkulaði- og lakkrísgerðar	—	7	2
	61 — til öl- og gosdrykkjagerðar	—	7	2
	62 — til kaffibætisgerðar	—	7	2

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
63	— aðrar	—	7	2
64	Aðrar vélar, ót. a., og hlutar til þeirra	—	7	2
24.	73. kafli nr. 38—42, 46—54 og 73—79 orðist svo:			
38	— hitunar og suðutæki, ót. a.	—	2	10
39	— straujárn	—	2	10
40	— þvottavélar	—	2	10
41	— kvarnir	—	2	10
42	— eldhúsvélar, ót. a.	—	2	10
46	— borvélar	—	2	2
47	— slípi- og fágunarvélar	—	2	2
48	— dælur	—	2	2
49	— lóðhamrar	—	2	2
50	— fatapressur	—	2	2
51	— logsuðu- og logskurðartæki	—	2	2
52	— málmhúðunartæki	—	2	2
53	— kvarnir, ót. a.	—	2	2
54	— annað	—	2	2
73	— díatermitæki og terapíáhöld	tollfrjálst		
74	— háfjallasólir	tollfrjálst		
75	— heyrnartæki	tollfrjálst		
76	— sótthreinsunartæki	tollfrjálst		
77	— tannlækningaáhöld	tollfrjálst		
78	— röntgentæki og hlutar til þeirra	tollfrjálst		
79	— annað	tollfrjálst		
25.	76. kafli nr. 3 orðist svo:			
3	— 100—150 tonn brúttó eða stærri			2
	Aftan við nr. 3 bætist við nýr liður, er verður nr. 4:			
4	— 10—100 tonn brúttó			5

II. Við 3. gr.

Aftan við greinina bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

Að heimta ekki aðflutningsgjald af vélum og verkfærum til nýrra iðngreina, sem hafa mikla þýðingu fyrir landið og nauðsyn þykir að verði slíkra hlunninda aðnjótandi.

Ed. 159. Frumvarp til laga

um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Frá 1. janúar 1940 skal tekju- og eignarskattur af vaxtaeignum og tekjum af þeim samkvæmt 2. gr. innheimtur á þann hátt, sem lög þessi ákveða, og kallast sá hluti skattsins, sem þannig er innheimtur, vaxtaskattur.

2. gr.

Til vaxtafjár samkvæmt lögum þessum telst:

a. Innstæður hjá bönkum, sparisjóðum, innlánsdeildum félaga og öðrum lánsstofnunum.

b. Opinber verðbréf. Teljast þar til bankavaxtabréf, ríkisskuldabréf, skuldabréf bæjar- og sveitarsjóða og stofnana þeirra, og önnur slík verðbréf, útgefin af opinberum stofnunum eða fyrirtækjum.
c. Skuldabréf, víxlar og aðrar fjárkröfur, sem tryggðar eru með veði í fasteign að einhverju eða öllu leyti, eða með tryggingarbréfi í fasteign.

Um ákvörðun vaxtatekna af ofangreindum eignum fer eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Afföll teljast til skatta.

3. gr.

Ákvæði þessara laga ná ekki til vaxtaeigna eða vaxtatekna þeirra aðilja, sem eru undanþegnir slíkri skattskyldu samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, og heldur eigi til þeirra vaxtaeigna, þar sem vaxtagreiðandi er erlendis heimilisfastur.

Stofnanir og félög, sem hafa gefið út opinber verðbréf, er um ræðir í 2. gr. b-lið, skulu halda skrá um þann hluta slíkra verðbréfa, sem er í eigu skattfrjálsra aðilja á hverjum tíma, enda tilkynni þeir hlutaðeigandi stofnunum um verðbréfaeign sína, ella eru þeir eigi undanþegnir skattgreiðslu. Skal afrit af þeirri skrá afhent hlutaðeigandi skattanefnd (skattstjóra).

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um það, hverra sannana skuli krefjast fyrir því, að um skattfrjálst vaxtafé sé að ræða.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita einstökum stofnunum og félögum undanþágu að einhverju eða öllu leyti frá því að haga skattgreiðslum sínum samkvæmt þessum lögum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Vaxtaskattur skal nema 25% af hinni skattskyldu vaxtahæð.

5. gr.

Gjalddagi vaxtaskatts af öllum vaxtabréfum er gjalddagi vaxta, en af innstæðum í bönkum og öðrum lánsstofnunum er gjalddagi 31. des. ár hvert, eða þegar endanlegt vaxtauppgjör fer fram. Skattskyldar vaxtatekjur skal reikna frá síðasta gjalddaga skattsins, og í fyrsta sinn frá þeim tíma, sem síðasti gjalddagi hefði verið, ef lögin hefðu verið í gildi.

6. gr.

Vaxtagreiðandi skal halda eftir vaxtaskatti, sbr. þó síðustu málsgrein. Gildir þetta jafnt um allar lánsstofnanir og stofnanir, sem hafa gefið út opinber verðbréf, og útgefendur eða skuldara einstakra veðskuldabréfa eða umboðsmenn þeirra. Skal vaxtagreiðandi standa skil á skattinum til viðkomandi skattheimtumanns samkvæmt 7. gr. innan eins mánaðar frá gjalddaga skattsins, og skal hann láta fylgja greinargerð um, hvernig skatturinn er reiknaður. Vaxtagreiðandi afhendir móttakanda vaxta kvittun fyrir skattgreiðslunni.

Vanræki vaxtagreiðandi að halda eftir vaxtaskatti, skal krefja vaxtamóttakanda um skattupphæðina, en vaxtagreiðandi er þó jafnframt ábyrgur fyrir skattinum, þar til hann er að fullu greiddur.

Lánsstofnanir, sem hafa á hendi innheimtu afborgana og vaxta af skuldabréfum þeirra aðilja, sem skattskyldir eru, skulu halda eftir og standa skil á vaxtaskatti af umræddum bréfum í stað skuldunauta.

7. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta vaxtaskatt samkvæmt fyrirmælum 6. gr. Fylgir skattinum lögtaksréttur.

8. gr.

Kvittanir fyrir greiðslu vaxtaskatts hjá hverjum einstökum gjaldanda skulu afhentar þeim í tvíriti. Skulu skattgreiðendur láta kvittanasamritin fylgja skattframtölum sínum til skattanefndar (skattstjóra).

Skattanefndir — í Reykjavík skattstjóri — skulu, jafnhliða skattskrá, gera skrá yfir alla þá gjaldendur, sem eftir skattframtölunum fyrir undanfarið ár hafa haft vaxtatekjur samkvæmt 2. gr. þessara laga, og vaxtaskattgreiðslu þeirra samkvæmt framlögðum kvittunum, enda séu tekjurnar framtaldar. Þessi vaxtaskattskrá afhendist innheimtumanni tekju- og eignarskatts áður en innheimta hans er hafin, og vaxtaskattgreiðslur samkvæmt henni dragast frá þeim tekju- og eignarskatti, sem innheimta ber samkvæmt skattskrá. Nemi vaxtaskattsfjárhæð gjaldanda samkvæmt ofangreindu meiru en honum hefir verið gert að greiða í tekju- og eignarskatt, skal sá mismunur endurgreiddur.

9. gr.

Eftirlit með greiðslu vaxtaskatts hafa skattanefndir (skattstjóri). Skulu innheimtumenn láta skattanefndum í té skrá um greiðslu vaxtaskatts undanfarið ár, og skulu skránni fylgja greinargerðir skattgreiðenda, stofnana og annara gjaldenda.

Um rannsóknar- og úrskurðarvald skattanefnda samkvæmt þessum lögum, kærur, kæruúrskurðun og viðurlög gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, sbr. þó 11. gr. hér á eftir.

10. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga og eftirlit með þeim.

Bráðabirgðaákvæði.

11. gr.

Á tveimur fyrstu árum eftir að lög þessi öðlast gildi skal eigi beita refsiákvæðum 47. gr. og 48. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt að því er snertir vaxtatekjur og vaxtaeignir, er greiða ber skatt af samkvæmt lögum þessum. Vaxtaskatt af undandregnum eignum eða tekjum er þó eigi heimilt að draga frá skattskyldum tekjum, þegar skattur er á lagður.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk fjármálaráðherra. Það er samið af milliþinganefnd í skatta- og tollamálum, en í henni eiga sæti Guðbrandur Magnússon, Halldór Sigfússon, Jón Blöndal, Jón Hermannsson og Magnús Jónsson. Frv. fylgdi frá nefndinni greinargerð sú, er hér fer á eftir.

Fjárhagsnefndarmenn hafa óbundnar hendur um einstök atriði frumvarpsins.

Samkvæmt tilmælum fjármálaráðherra hefir milliþinganefndin í tolla- og skattamálum tekið til athugunar, hvaða leiðir væri hægt að fara til þess að tryggja betur en nú er framtal til tekju- og eignarskatts af vaxtafé, eða koma á einhvern hátt í veg fyrir það, að verulegur hluti vaxtaeigna og vaxtatekna slyppu undan skattgreiðslu til ríkissjóðs.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er niðurstaðan af athugunum nefndarinnar.

Vaxtaeignum má aðallega skipta í þrjá flokka:

1. Innstæður í lánsstofnunum, bönkum og sparisjóðum. Meginhlutinn af innstæðum hjá bönkum er í sparisjóðsdeildum þeirra, en einnig nokkur hluti í hlaupareikningum, reikningslánum og innlögum gegn viðtökuskírteinum. Innlánsdeildir kaupfélaga o. fl. má telja til sparisjóða.
2. Opinber verðbréf. Teljast þar til ríkisskuldabréf íslenzka ríkisins, bankavaxtabréf Landsbanka Íslands, bankavaxtabréf Útvegsbanka Íslands h/f (bankavaxtabréf Íslandsbanka), veðdeildarbréf Búnaðarbanka Íslands, skuldabréf kreppulánasjóðs, skuldabréf kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga, skuldabréf nýbýlasjóðs og jarðræktarbréf. Ennfremur ýmiskonar skuldabréf einstakra kaupstaða,

sýslu- og sveitarfélaga og stofnana þeirra: lán hafnarsjóða, rafstöðva, barnaskóla, vega- og brúargerðalán o. s. frv. Hér til má og telja skuldabréf ýmsra líknarstofnana, svo sem elliheimila og sjúkrahúsa, og fleiri hálfopinberra og skattfrjálsra stofnana og fyrirtækja.

Bréf þessi eru yfirleitt gefin út á handhafa.

3. Skuldabréf tryggð með veði í fasteignum á einn eða annan hátt. Eru þau ýmist skráð (útgefin) á nafn eða handhafa.

Um hinn síðasttalda af ofangreindum flokkum, veðskuldabréfin, verður að telja, að með núverandi lagaákvæðum og eftirlitsskipulagi sé framtal þessara eigna í viðunandi horfi, a. m. k. að vissu marki, enda er hér á nokkuð föstum grundvelli að byggja. Öllum framteljendum er gert að skyldu að sundurliða skuldir sínar og tilgreina nöfn og heimili skuldareigenda. Er gengið allríkt eftir því, að þessu sé rækilega framfylgt af skattanefndum viðsvegar á landinu. Eru árlega gerðar spjaldskrár yfir framtaldar skuldir og vaxtagreiðslur til skattskyldra aðilja, og þær spjaldskrár síðan bornar saman við framtöl skuldareigenda. Með þessu kerfi, sem ætlazt er til að nái yfir allt landið, er stefnt að því, að allar þær skuldir (sem nokkru máli skipta) til skattskyldra aðilja, sem fram eru taldar, komi einnig til greina við eignaframtal.

Í flestum stærri skattumdæmum munu einnig árlega vera gerðar spjaldskrár yfir þinglestur skuldabréfa og tryggingarbréfa, þinglesin eignaskipti o. s. frv. og þetta haft til hliðsjónar við rannsókn skattframtala.

Ef skuldunautur neitar að gefa upp eiganda að einhverri skuld, eða telur sig eigi vita um eiganda, er skuldin og vextir af henni hvorugt leyft til frádráttar. Sama gildir um þá skattskylda aðilja, sem hafa á hendi innheimtu afborgana og vaxta af skuldabréfum. Tilgreini þeir eigi nöfn umbjóðenda sinna, er þeim sjálfum gert að greiða skatt af hlutaðeigandi eignum og tekjum.

Þetta fyrirkomulag, sem er samkvæmt ákvæðum núverandi reglugerðar um tekju- og eignarskatt, gefur nokkurt öryggi um framtal og skattgreiðslur af veðskuldabréfum, en því fylgja þó ókostir. Má þar fyrst nefna, að sá hluti handhafaskuldabréfa, sem eigendur finnast eigi að og eru skattlögð hjá skuldunautunum sjálfum eða umboðsmönnum skuldareigenda, sleppa að jafnaði með mun lægri skattgreiðslu en vera myndi, ef bréfin og vextirnir væri framtalið af hinum rétta skuldareiganda. Slíkir lántakendur, sem hér er um að ræða, eru venjulegast eignalausir eða með lága skattskylda eign, og sjaldan tekjuháir, en hinsvegar ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi lánveitendur kæmust nokkuð ofarlega í skattstiganum. Sé lántakandi eigna- og tekjulaus — en þess eru ýms dæmi í þessu sambandi, jafnvel um félög, sem hafa gefið út „seríur" skuldabréfa — eða hafi undanþágu frá skattgreiðslu að lögum, er þýðingarlaust að neita um frádrátt vaxta og skulda, og aðferð þessi þá áhrifalaus til þess að knýja fram skuldareigendur eða ná þessum eignum undir skattgreiðslu.

Sama gildir og um skuldabréfalán, sem tekin eru til skamms tíma hjá ónafngreindum aðilja, t. d. til húsbygginga, og síðan innleyst með lánum frá nafngreindum aðiljum, t. d. þegar húsið er fullbyggt eða veðhæft, þegar til skattuppgjörs kemur. Vextir af slíkum skuldum fást hvort sem er eigi frádregnir yfir byggingartímann.

Þess ber og að gæta, að að því leyti, sem tekju- og eignarskattur fæst af ofangreindum óuppgefnum bréfum, bitnar hann ekki á hinum rétta aðilja, nema í þeim tilfellum, þegar skuldunautar eða umbjóðendur fá skattinn endurgreiddan frá réttum skuldareiganda.

Þess eru raunar nokkur dæmi, að skuldir til ónafngreindra hafa ekki reynzt raunverulegar, heldur „tilbúnar" af skuldaranum sjálfum og þinglesnar á handhafa (venjulega til þess að skýra óeðlilegar eignabreytingar, sem af einhverjum ástæðum hlutu að koma fram). Í slíkum tilfellum kemur útstrikun skulda og vaxta til frádráttar réttlátlega niður.

Þá er og nokkuð af veðskuldabréfum, einkum í Reykjavík, sem eru talin til

skuldar við erlendis búsetta aðilja, íslenzka eða útlenda. Er ýmsum vandkvæðum bundið að fá óyggjandi sannanir um eigendur slíkra lána, og er möguleiki, að eitthvað af verðbréfum sleppi á þennan hátt.

Loks er þess að geta, að þótt skuldabréfin sjálf, og vextir af þeim, komi til fullrar eignar og tekna hjá réttum aðiljum, gildir nokkuð öðru máli um „afföll" af slíkum bréfum, sem geta verið meiri eða minni, eftir lengd lánstímans, verðmæti veðréttarins og ástæðum lántakanda, og í margskonar formi. Þess munu tiltölulega fá dæmi, að menn telji fram af sjálfsdáðum affallatekjur, eða sölugróða á verðbréfum, sem mun vera hin algengasta tegund „affalla" (þ. e. t. d. þegar veðdeildarbréf, kreppulánasjóðsbréf eða jafnvel vafasamir pappírar eru látnir með nafnverði í skiptum fyrir veðskuldabréf). Séu það samningar milli lánveitanda og skuldara, að afföll skuli eigi koma í dagsljósið, er óvíst, að þau komi fram, svo séð verði, hvað þá sannað, í eignabreytingum aðilja eða á annan hátt. Komi þau fram, hafa bæði lánveitandi og skuldari hagsmuna að gæta við ákvörðun affallanna til tekna og gjalda, og getur þá eitthvað farið á milli mála. Og ef viðskiptin hafa farið fram í meiri eða minni feluleik ýmsra milliliða, sem hver fær sinn bróðurhlut, verður sá aftasti oft vandfundinn.

Að framan er greint, hvernig skattanefndir geta haft nokkurt eftirlit með framtali veðskuldabréfa — enda þótt þau séu skráð á handhafa — með því að rekja þræðina frá skuldunautum til skuldareiganda. Öðru máli gegnir um aðrar tegundir vaxtaeigna, innstæður í lánsstofnunum og opinber verðbréf. Þar hafa skattanefndir svo litla fótfestu, að rannsóknarheimildir þeirra samkvæmt skattalögum koma að litlu haldi. Opinber verðbréf eru skráð á handhafa, sem kunnugt er, og hlutaðeigandi stofnanir hafa yfirleitt eigi aðstöðu til að fylgjast með, hverjir eru eigendur bréfanna, nema helzt að því leyti sem þau eru í eigu skattfrjálsra aðilja — stofnana og sjóða. Eins mun þessu varið með mestan hluta af skattskyldum innstæðum í bönkum og sparisjóðum — innstæðureikningar ýmist skráðir á tölumerki eða ýmiskonar dulnefni, eða þá með ófullnægjandi nöfnum og heimilisföngum. Reynsla skattanefnda mun vera sú, að jafnvel þótt þær notuðu rannsóknarheimildir sínar gagnvart lánsstofnunum út í yztu æsar — en þar hefir verið talið rétt að gæta nokkurrar varúðar —, myndi af því verða næsta lítill árangur.

Milliþinganefndin hefir unnið að rannsókn á því, hve mikil brögð myndu vera að undandrætti frá skatti á innstæðum og opinberum verðbréfum. Þessari rannsókn er eigi enn að fullu lokið, enda ýmsir örðugleikar í því sambandi.

Rannsóknin hefir þó sýnt það fyllilega, sem raunar var áður vitað, að hér er um mikla fjárhæð að ræða, og þó margfalt hærri hvað viðkemur innstæðum í lánsstofnunum. Þeir, sem á annað borð vilja hliðra sér hjá skattgreiðslum eða öðrum óvelkomnum afskiptum af eignum sínum, geta auðveldlega komið þeim fyrir á þennan hátt, þannig að engu eftirliti verði við komið, og áhættuminna hvað þessum atriðum við kemur en flest önnur arðberandi eignaform. Þess verður og eigi dulizt, að núverandi skatt- og útsvarsstigar á eignir og tekjur eru orðnir háir, og séu þeir teknir sameiginlega, koma þeir illa við eignir með lágum, fastákveðnum tekjum, eins og t. d. bankainnstæður. Einkum koma eignaútsvörin hér hart niður. Til skýringar má nefna, að eftir núverandi tekju- og eignarskattsákvæðum og samkvæmt núgildandi útsvarsstiga fyrir Reykjavík verður maður, sem á engar skattskyldar tekjur en á eign milli 5—10 þús. kr., að greiða í eignarútsvar og eignarskatt sem svarar ¼ vaxtanna, sé um að ræða bankainnstæðu með 4% vöxtum. Þ. e. af hverjum þúsund krónum, sem bætt er við fimm þúsund króna eign upp að 10000 kr., ber að greiða um 10 kr. í eignarútsvar og eignarskatt, en vextirnir af hverju þúsundi hinsvegar 40 kr. Ef innstæðueignin bætist ofan á 15000 kr. eign og vextirnir (4%) bætast við 6000 kr. skattskyldar tekjur, nemur skatthækkun gjaldanda (þ. e. í tekju- og eignarútsvari, tekju- og eignarskatti) við það hér um bil sem svarar vöxtunum, og meira á hærri eignum og tekjum, allt að tvöföldum vöxtum. Þetta er miðað við Reykjavík, en úti um land eru útsvarsstigar víða hærri. Dæmið er þó aðeins hálfreiknað að því leyti,

að þetta fæst venjulega endurgoldið að nokkrum hluta í skattafrádrætti gjaldanda frá tekjum á næsta ári. En frá sjónarmiði innstæðueigandans kann dæmið að líta út eins og það er sýnt að ofan.

Milliþinganefndin hefir athugað þær helztu leiðir, sem komið hefir til mála að fara til þess að tryggja betur en nú er skattgreiðslur af vaxtaeignum, eða koma á meiri jöfnuði í þeim efnum.

Hefir hér aðallega verið um þrjár leiðir að ræða.

A. **Aukið eftirlit með framtali þessara eigna.** Yrði það að vera fólgið í því, að settar yrðu ákveðnar reglur um, á hvern hátt bankar og sparisjóðir taki á móti innstæðum, t. d. að innstæðueigendur verði að tilgreina bæði nafn og heimilisfang, þannig að í bókum banka og sparisjóða liggi fyrir heimildir að eigendum allra innstæðna á hverjum tíma. Á svipaðan hátt yrði að nafnskrá bæði opinber verðbréf og veðskuldabréf, og sömuleiðis öll framsöl slíkra bréfa. Síðan yrði lánsstofnunum gert að skyldu að gefa skattanefndum hverskonar upplýsingar um þessi efni.

Nefndin telur nokkuð nærgöngult og að ýmsu leyti óheppilegt að leggja slíka kvöð á lánsstofnanir og einstaklinga, enda munu eigi vera fordæmi til þess með öðrum þjóðum. Auk þess má telja víst, að þótt innstæður og verðbréf væru skráningarskyld á hinn rétta eiganda, yrði farið á bak við það ákvæði **á ótal vegu,** nema þeim mun þyngri refsingar liggi við — refsingar, sem lánsstofnanirnar yrðu sjálfar að eiga sinn þátt í að framkvæma. Lánsstofnunum — eða skattanefndum — myndi reynast allerfitt að sannprófa, hvort rétt væru eða raunveruleg nöfn og heimilisföng allra skráðra innstæðueigenda á hverjum tíma. Og verðbréfin mætti t. d. láta skrá ekki aðeins á gervinöfn, heldur einnig á allskonar umboðsmenn eða milliliði, án þess nokkuð verði að gert.

B. **Almennur vaxtaskattur.** Gæti hann verið með ýmsu móti. Í fyrsta lagi lágur aukaskattur á vaxtatekjur, og núverandi grundvelli fyrir tekju- og eignarskatti haldið óbreyttum. Kæmi sá vaxtaskattur ómaklega niður á þeim, sem telja fram vaxtaeignir og vaxtatekjur, en yrði hinsvegar óviðunandi lágur á hinum, sem undan sleppa að öðru leyti. Önnur leið væri sú, að undanþiggja vaxtafé og vaxtatekjur (sem hér kæmi til greina) tekju- og eignarskatti og jafnvel útsvarsgreiðslu. Gæti það orðið t. d. á þann hátt, að hlutaðeigandi eignir og tekjur væru dregnar frá í framtali áður en skattur (eða útsvar) væri á lagður, eða jafnvel hætt að telja þær fram, eða þann hluta þeirra, sem sleppt yrði. Hinsvegar yrði lagður á vaxtaskattur, og yrði hæð hans að fara eftir því, hve mikið væri fellt niður á móti, tekjuskattur eða eignarskattur eða hvorttveggja, eða bæði skattur og útsvar.

Þessi álagningaraðferð, sem hægt er að framkvæma með ýmsu móti, hefir vissa kosti. Hún nær jafnt til skattskyldra vaxtaeigna yfirleitt, án þess að rjúfa leynd eignarréttarins, sé þess varizt, veitir fljóta og örugga innheimtuaðstöðu og er að vissu leyti auðveld í framkvæmd. En á móti mælir einkanlega: Stighækkun (progression) skattsins, sem allt okkar skattakerfi byggist á, hverfur úr sögunni að þessu leyti. Möguleikar eru á því að sleppa lægstu tekjum og eignum við vaxtaskatt, tilsvarandi því sem nú er. En að öðru leyti yrðu allir gjaldendur að borga hlutfallslega jafnháan vaxtaskatt, hverjar sem tekjur þeirra og eignir eru, eða aðrar ástæður. Fyrirfram er næstum ókleift að gera sér grein fyrir því, hversu hár vaxtaskatturinn yrði að vera til að mæta skatttapi ríkissjóðs (og bæjarsjóða, séu útsvör vaxtaeigna felld niður). Sé hætt að gera mönnum að skyldu að telja fram bankainnstæður, verðbréf og skuldabréf, eða hætt að telja þennan hluta af eignum manna og tekjur af þeim til skattskyldra eigna og tekna, er þar með í burtu kippt að miklu leyti grundvellinum fyrir rannsókn á skattframtölum gjaldenda yfirleitt. Munu flestir, sem að skattamálum hafa unnið, sammála um þetta, og skal eigi frekar um það fjölyrt.

Loks skal á það bent, að séu útsvör af vaxtafé tekin sem hluti af vaxtaskatti, verður að skipta honum algerlega eftir áætlun milli ríkis og bæjar- eða sveitarfélaga og milli bæjar- og sveitarfélaga innbyrðis.

Hér er aðeins drepið lauslega á framangreindar leiðir, og hefir nefndin eigi

séð ástæðu til þess að telja upp til hlítar kosti þeirra og galla, eða gera frekari grein fyrir þeim.

C. Þriðja aðalleiðin, sem nefndin hefir tekið til athugunar í þessu sambandi, er sú, sem fólgin er í meðfylgjandi frumvarpi hennar um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé. Er þar að engu leyti um nýja skattgreiðslu að ræða, grundvellinum fyrir núverandi skattálagningu haldið óbreyttum, en þó náð töluverðum skatti af þeim vaxtaeignum og tekjum, sem undan hafa sloppið, án þess það bitni í auknum skattgreiðslum á þeim, sem telja þær fram, og án þess að rýra þá leynd, sem yfir þessum eignum hvílir.

Höfuðbreytingin er fólgin í því — samanber frumvarpið — að greiðendur vaxta, lánsstofnanir, stofnanir, sem gefa út verðbréf og skuldarar veðskuldabréfa, halda eftir ¼ hluta þeirra vaxta, sem þeim ber að greiða til þeirra, sem skattskyldir eru að lögum. Þeir, sem hafa talið vaxtatekjur fram til tekjuskatts, fá þennan vaxtahluta endurgreiddan, annaðhvort sem frádrátt í álögðum tekju- og eignarskatti, eða útborgaðan eftir ákveðnum reglum. Hinir, sem sleppt hafa vöxtunum á framtali sínu, geta ekki fengið þessa endurgreiðslu. Lánsstofnanir og skattanefndir verða að hafa full gögn í höndum um þann hluta þessara vaxtaeigna, sem er í eigu skattfrjálsra stofnana og aðilja, sem þá njóta vaxtanna að fullu án skattfrádráttar. Um hinn hlutann, sem vaxtaskattur greiðist af, er eigi krafizt frekari upplýsingarskyldu en verið hefir.

Hvað viðkemur handhafaskuldabréfum, sem eigendur eru ónafngreindir að, er gert ráð fyrir, að afstaða skuldunauts sé látin haldast óbreytt, þ. e. að þótt skuldunautur haldi eftir ¼ vaxta upp í skattgreiðslu skuldabréfseiganda, sé skuldin og tilsvarandi vextir eigi leyft til frádráttar. Mun vaxtaskatturinn sjaldan gera meira en vega upp það skatttap, sem hlýzt af því, að bréfið er skattlagt hjá skuldunaut í stað skuldareiganda. Eru þá skuldabréfin að vissu leyti tvísköttuð samanborið við óframtaldar bankainnstæður.

Magnús Jónsson tekur fram, að hann er samþykkur framanskráðu frumvarpi, en lítur svo á, að samfara afgreiðslu þess ætti að fara fram breyting á tekjuskattinum, sem hann mun síðar gera grein fyrir.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram:

Um 1. gr.

Nauðsynlegt þykir í framkvæmdinni, að sá hluti tekju- og eignarskatts, sem innheimtur er samkvæmt þessum lögum, sé aðgreindur með sérstöku nafni, og er hann kallaður vaxtaskattur.

Um 2. gr.

Hér eru teknar þær vaxtaeignir, sem um er rætt í upphafi greinargerðarinnar. Óveðbundnar skuldir eru eigi teknar hér með, vegna erfiðleika í framkvæmd, og þá heldur eigi innstæður í verzlunum. Innlánsdeildir félaga þykir rétt að telja til sparisjóða. Hinsvegar ná ákvæði laganna eigi til stofnsjóða félaga, hlutabréfa o. þ. h.

Um 3. gr.

Auk þeirra, sem eru undanþegnir tekju- og eignarskatti, eru undanþegnar ákvæðum þessara laga innstæður erlendis og erlend verðbréf, þótt eigandi sé hér skattskyldur.

Lánsstofnunum og öðrum útgefendum opinberra verðbréfa er hér gert að skyldu, með eftirliti skattanefnda, að halda skrá yfir þau verðbréf, sem þeim er kunnugt um, að eru í eigu skattfrjálsra aðilja hér og erlendis. Allir þeir, sem hafa slík verðbréf með höndum og skattfrjálsir eru, verða að tilkynna hlutaðeigandi stofnun um verðbréfaeign sína — og færa sönnur á, ef þörf krefur — til þess að komast hjá greiðslu vaxtaskatts. Á sama hátt er gert ráð fyrir, að banka- og sparisjóðsinnstæður skattfrjálsra stofnana, félaga og einstaklinga verði skráðar þannig,

að eigi verði um villzt, og reynt þannig að girða fyrir, að í þessu sambandi myndist möguleikar til ýmiskonar undanbragða. Að sjálfsögðu þurfa skattanefndir einnig að hafa eftirlit með skuldabréfaeignum að þessu leyti.

Nokkrum erfiðleikum mun það valda í þessu sambandi, þegar verðbréf flytjast á milli skattfrjálsra og skattskyldra eigenda, þannig að vaxtatíminn eða skattgreiðslan getur skipzt á milli þeirra á ýmsan hátt. Um þetta eru engin ákvæði sett, en yrði gert í reglugerð.

Þegar um er að ræða skattskyld félög eða stofnanir, sem hafa í vörzlum sínum allmikið af verðbréfum, og öruggt má telja, að öll kurl komi til grafar hvað skattgreiðslu snertir, þykir rétt, að veita megi þeim undanþágu frá innheimtuákvæðum laga þessara að einhverju eða öllu leyti.

Um 4. gr.

Nefndin hefir ákveðið þá fjárhæð, sem halda skal eftir af vöxtum, 25%. Sé miðað við bankainnstæðu, svarar þetta tæplega til þess, sem samkvæmt núgildandi tekju- og eignarskattsstigum, ásamt viðaukum, er greitt samtals af skattskyldum tekjum á tekjubilinu milli 6—7 þús. kr. og eign milli 15—20 þús. kr.

Sé hinsvegar útsvarsálagning tekin með, svarar 25% vaxtaskattur af bankainnstæðu til þess, sem lagt er samtals í eignarútsvar og eignarskatt (í Reykjavík) á eign milli 5000 til 10000 krónur, án þess tekið sé tillit til skatts eða útsvars af tekjum — þ. e. vöxtunum.

Við þennan samanburð á vaxtaskattshæðinni við skattstiga og útsvarsstiga ber að gæta þess, að við álagningu skatts og útsvars verkar skattafrádrátturinn raunverulega sem lækkun á skattstigunum, en í vaxtaskattgreiðslu njóta menn einskis slíks frádráttar, nema þegar vaxtatekjur eru tilgreindar á framtölum.

Um 5. gr.

Gjalddagi vaxtaskatts af innstæðum í lánsstofnunum er yfirleitt miðaður við áramót. Undantekning frá því verður þó að gera, ef vextir eru endanlega uppgerðir eða útborgaðir á öðrum tíma árs, t. d. ef bankainnstæða með vöxtum er hafin fyrir almennan gjalddaga, verður lánsstofnun að halda eftir einum fjórða hluta vaxtanna. Gjalddagi vaxtaskatts af skuldabréfum og opinberum verðbréfum er hinsvegar miðaður við þegar vextir eða arður bréfanna fellur í gjalddaga. Enda þótt vextir séu eigi greiddir þá þegar í stað, eins og t. d. oft er með vexti opinberra bréfa, getur vaxtagreiðandi staðið skil á greiðslu skattsins.

Um 6. og 8. gr.

Hér er ákveðið, að um leið og vaxtagreiðandi greiðir vaxtamóttakanda ¾ hluta vaxtafjárhæðarinnar skal hann afhenda tvíritaða kvittun fyrir þeim ¼ hluta, sem eftir stendur og vaxtagreiðandi skilar til skattinnheimtumanns, innan eins mánaðar frá því vaxtagreiðsla fer eða á að fara fram. Móttakandi vaxta, þ. e. verðbréfseða innstæðueigandi, heldur síðan öðru kvittunarsamritinu fyrir sig, en lætur hitt fylgja framtali sínu til skattanefndar, til þess að hún geti borið hana saman við framtaldar vaxtatekjur og ákveðið, svo ekki verði um deilt, hversu mikla endurgreiðslu gjaldanda ber að fá. Þessa endurgreiðslu er varla mögulegt að ákveða samkvæmt framtölum einum, án þess hætta sé á, að hún verði misnotuð eða komi ekki alveg heim við greiddan vaxtaskatt. Í framtölum er blandað saman vöxtum af þeim eignum, sem hér er um að ræða, og tekjum af öðrum vaxta- og arðgefandi eignum, sem hér falla ekki undir, svo sem óveðbundnar skuldir, innstæður í verzlunum, hlutabréf, stofnfé o. s. frv. Sömuleiðis greiddum og ógreiddum vöxtum. Vaxtatekjur geta á ýmsan hátt flutzt þannig til á milli ára í framtölum, að í ósamræmi verði við greiðslu vaxtaskatts. Á fyrsta ári laganna er og þess að gæta, að þá greiðist vaxtaskattur aðeins fyrir hluta af vaxtatekjum ársins, þ. e. frá síðasta gjalddaga, en

framtaldir vextir miðast venjulega við allt skattárið. Auk þess má búast við, að eftir að lög þessi öðlast gildi hætti almenningi við að telja fram vaxtatekjurnar nettó, þ. e. að frádregnum vaxtaskatti, í stað heildarvaxtanna. Nefndin hefir því, af framangreindum ástæðum, ekki séð sér fært að sleppa gjaldendum við þá skyldu að færa sönnur á vaxtaskattgreiðslur sínar.

Þeir, sem eigi telja fram til skatts, geta eigi notið endurgreiðslu vaxtaskatts, enda þótt þeim hafi verið áætlaður skattur.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður bæti lánsstofnunum upp þann kostnað, sem þær hljóta af lögum þessum. Laun skattanefnda haldast óbreytt frá því, sem nú er, og miðast við álagðan tekju- og eignarskatt, án tillits til vaxtaskatts.

Um 11. gr.

Jafnframt þessum ráðstöfunum til þess að ná skatti af undandregnum eignum þykir rétt að fella niður vangoldinn skatt og skattsektir af undandregnu vaxtafé, sem um kann að vitnast fyrstu tvö árin, sem lög þessi gilda, ef vera mætti, að það leiddi til aukins vilja til framtals á þessum eignum.

Ed. 160. Breytingartillögur

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Jóhanni Þ. Jósefssyni.

I. Við 1. gr.	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. 12. kafli nr. 8 orðist svo:			
8 Kókoskjarnar (kopra)			2
2. 15. kafli nr. 5 orðist svo:			
5 — spik og lifur úr fiski og öðrum sjávardýrum ..... tollfrjálst			
3. 15. kafli nr. 8 orðist svo:			
8 — olíur og lýsi úr fiski og öðrum sjávardýrum, ót. a. ..... tollfrjálst			
4. 28. kafli nr. 7 orðist svo:			
7 — brennisteinssýra	1 kg.	2	8
5. 28. kafli nr. 8 orðist svo:			
8 — saltsýra	—	2	8
6. 28. kafli nr. 14 orðist svo:			
14 — natríum hydroxyd (vítissódi)	—	2	8
7. 28. kafli nr. 23 orðist svo:			
23 — álún allskonar og aluminiumsúlfat	—	2	8
8. 28. kafli nr. 40 orðist svo:			
40 — brennisteinskolefni, tetraklórkolefni, triklórethylen o. þ. h. fljótandi klórsambönd	—	2	8
9. 30. kafli nr. 23 orðist svo:			
23 — skipagrunnmálning	—	2	2
10. 30. kafli. Á eftir nr. 42 komi nýtt nr., er verði 43, svo hljóðandi:			
43 Bleikijörð fyrir lýsi	—	2	8
11. 40. kafli nr. 14 orðist svo:			
14 — teakviður	1 fet[3]	5	

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
12.	72. kafli. Klausan milli nr. 36 og nr. 37 orðist svo: Vélar til iðnaðar og framleiðslu, ót. a., sem vinna að öllu leyti úr innlendum hráefnum, svo og hlutar til þeirra, auk þess vélar og vélahlutar til þeirrar framleiðslu, sem nýtur hlunninda samkv. lögum nr. 57 28. jan. 1935, um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki.			
13.	72. kafli nr. 41 orðist svo: **41** — til vinnslu og hreinsunar á feiti úr hverskonar sjávarafurðum	1 kg.	2	8
14.	72. kafli nr. 46 orðist svo: **46** — aðrar, þar á meðal rannsóknartæki	—	2	8
II.	Við 2. gr.			
15.	Við m-lið. Fyrri málsl. orðist svo: Til ársloka 1940 skulu undanþegin hverskonar aðflutningsgjöldum efni í tunnur og tilsniðin efni í kassa, sem ætlaðir eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, enda sé varan ætluð til útflutnings, svo og óunninn hampur og hampgarn til veiðarfæragerðar.			

Nd. 161. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Greinin falli burt.

Ed. 162. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Lög nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, skulu gilda til 1. júlí 1940, með þeirri breytingu, að í stað „15. október“ í 4. gr. laganna komi: 20. október.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1939.

Nd. 163. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Kristiansen, Jentoft Kornelius, kaupmaður á Seyðisfirði, fæddur í Noregi.
2. Schröder, Vilhjálmur Hans Alfred, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.

3. Stangeland, Hans Kornelius Pedersen, kaupmaður á Fáskrúðsfirði, fæddur í Noregi.
4. Weber, Bruno Victor Paul Georg, verzlunarmaður, Hellu, Rangárvöllum, fæddur í Þýzkalandi.

Nd. 164. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 141 [Lax- og silungsveiði].

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Við 2. — Við tillögugreinina bætist: né nær árósum en 500 metra, ef um á er að ræða, sem lax gengur í úr sjó.

Sþ. 165. Tillaga til þingsályktunar

um verksmiðju til vinnslu á síldarlýsi.

Flm.: Finnur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta fara fram hið allra fyrsta fullnaðarrannsókn á því, hvort eigi muni svara kostnaði að reisa hér á landi verksmiðju til þess að herða og hreinsa síldarlýsi.
2. Leiði rannsóknin í ljós, að bygging slíkrar verksmiðju sé arðvænleg, þá að semja og leggja fyrir næsta Alþingi frv. um að heimila ríkisstjórninni að láta byggja verksmiðju til þess að herða og hreinsa síldarlýsi.

Greinargerð.

Framleiðsla síldarlýsis hefir farið ört vaxandi á undanförnum árum, og nemur nú 20—25 þús. smálestum á ári. Lýsið er flutt úr landi óunnið, en hert þar og hreinsað og notað til ýmiskonar iðnaðar. Að því er flm. er kunnugt, má telja, að hreinsun og herzla á síldarlýsi geti aukið útflutningsverðmæti lýsisins um h. u. b. 50 af hundraði, þannig, að ef verðmæti lýsisins óunnins nemur £ 13-0-0 hver smálest, verði verðmæti unnins lýsis að minnsta kosti um £ 20-0-0 smálestin. Nýlega hefir flm. heyrt, að ráðagerðir væru uppi í einu nágrannalandi voru um byggingu verksmiðju til þess að herða og hreinsa síldarlýsi. Var þar talið, að verksmiðja, er unnið gæti úr 10000 smálestum á ári, þyrfti um 500 þús. krónur í hlutafé. Gætum vér nú reist slíka verksmiðju hér á landi og fengið markað fyrir afurðirnar, myndi útflutningsverðmæti hinna 10000 smálesta af síldarlýsi, er unnar yrðu í verksmiðjunni árlega, geta aukizt um 70000 £ — eða nær tvær millj. króna. Talið er, að síldarlýsi, hreinsað með hinum nýjustu aðferðum, sé engu síðra til manneldis en hvallýsi. Auk þess er nú farið að nota síldarlýsi í málningu og lökk og unnin úr því ýms efni, svo sem glycerin o. fl. Virðast því líkur til, að möguleikarnir til þess að selja síldarlýsið unnið séu engu minni en að selja það óunnið.

Við vinnslu síldarlýsis er aðallega notað rafmagn og vatn. Kæmi því sennilega til greina að reisa slíka verksmiðju annaðhvort í sambandi við hina nýju virkjun Laxár á Norðurlandi eða þá í Reykjavík.

Skipulagsnefnd atvinnumála gerði lauslega athugun um stofnun lýsishreinsunarverksmiðju á sínum tíma, önnur rannsókn veit flm. ekki til, að hafi farið

fram, en telur hinsvegar þarna um svo mikilsvert mál að ræða, að nauðsynlegt sé, að það sé athugað til hlítar, og þá einkum þær framfarir, er orðið hafa í iðnaði þessum síðan skipulagsnefnd hafði málið til meðferðar.

Nd. 166. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breytingu á l. nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir haft frv. til athugunar og borið það undir forstjóra raftækjaeinkasölu ríkisins, rafmagnsstjórann í Reykjavík og forstöðumann rafmagnseftirlits ríkisins og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

Við 2. gr.

a. Á eftir orðunum „söluverð þeirra“ í fyrstu málsgr. komi: frá verksmiðju.
b. Í stað „1%“ í niðurlagi 1. málsgr. komi: ¾%.

Alþingi, 17. apríl 1939.

Emil Jónsson, form., frsm. Jóh. G. Möller, fundaskr. Sigurður Kristjánsson.
Bjarni Ásgeirsson. Pálmi Hannesson.

Nd. 167. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 148 [Vátryggingarfélög fyrir vélbáta].

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við staflið b. — Síðari málsgr. orðist svo:
Heimilt er og vátryggingarfélögum þessum að taka opna vélbáta til vátryggingar.

Nd. 168. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „sem hér segir“ í 3. efnismálsgr. og út að síðustu málsgr. kemur: 1,80 kr. á hverja kú, sem mjólkur- og fituskýrslur eru haldnar um, enda sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri fullmjólka kú rannsakað minnst þrisvar á ári.

Sþ. 169. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á láni fyrir Sauðárkrókshrepp.

Flm.: Pálmi Hannesson, Steingrímur Steinþórsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp allt að 125000 kr. viðbótarlán til hafnargerðar á Sauðárkróki, enda sé lánið tekið innanlands.

Greinargerð.

Undanfarin tvö sumur hefir verið unnið að hafnargerð á Sauðárkróki, og hefir ríkisstjórnin, samkv. heimild Alþingis, ábyrgzt lán til þessa. Nú er eftir að ljúka við mannvirki þetta, og er fyrirhugað að gera það í sumar, enda má það með engu móti dragast, vegna áhættu um skemmdir af völdum brims. Innflutningur á útlendu efni hefir verið tryggður, og er í ráði að hefja framkvæmdir svo fljótt sem verða má, en fé er ófengið enn, og fæst ekki nema ábyrgð sú, sem hér er farið fram á, fáist sem allra fyrst, og þykir því ekki fært að fresta því til þess er fjárlög verða afgreidd.

Sþ. 170. Tillaga til þingsályktunar

um vantraust á ríkisstjórninni og áskorun um þingrof og nýjar kosningar.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Einar Olgeirsson, Brynjólfur Bjarnason, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á ríkisstjórninni og skorar á forsætisráðherra að rjúfa þing og láta nýjar almennar kosningar fram fara til Alþingis.

Ed. 171. Frumvarp til laga

um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Höfðahóla o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja Höfðahreppi í Húnavatnssýslu þjóðjörðina Höfðahóla og Blönduóshreppi í sömu sýslu þann hluta verzlunarlóðarinnar sunnan Blöndu og neðan þjóðvegar, sem er eign kirkjujarðasjóðs. Námuréttindi í landi Höfðahóla eru undanskilin.

2. gr.

Um mat til verðákvörðunar skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917, en um greiðsluskilmála eins og venja var til við sölu þjóð- og kirkjujarða, sbr. lög nr. 31 20. október 1905.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 172. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað 3. mgr. 29. gr. laganna komi ný ákvæði, svo hljóðandi:

Heimilt er hreppsnefnd með samþykki sýslunefndar og bæjarstjórn með samþykki atvinnumálaráðherra að ákveða gjalddaga og innheimtu á útsvörum sem hér segir:

a. Frá byrjun næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið er sérhver kaupgreiðandi, sem hefir fasta starfsmenn í þjónustu sinni, hvort sem kaup þeirra greiðist vikulega, mánaðarlega eða á annan hátt, skyldur til að halda eftir af kaupinu fyrir hvern mánuð upphæð, er nægi til fullnaðargreiðslu á útsvarinu fyrir næstu áramót, miðað við jafnar greiðslur mánaðarlega til ársloka.

Vilji bæjarstjórn eða hreppsnefnd haga innheimtunni eins og að framan segir, er þeim skylt að senda hverjum kaupgreiðanda, í tæka tíð eftir niðurjöfnun útsvara, tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem hann hefir í þjónustu sinni, og krefjast þess, að hann haldi eftir áskildri upphæð af kaupinu.

b. Nú hefir kaupgreiðandi í þjónustu sinni daglaunafólk, sjómenn, ákvæðisvinnufólk eða annað starfsfólk, sem ekki er á föstu árskaupi, og skal hann þá skyldur frá 1. degi næsta mánaðar eftir niðurjöfnun útsvara að halda eftir við hverja útborgun sem útsvarshluta 10% af kaupi hvers kaupþiggjanda. Geri menn út til fiskjar í félagi upp á hlut, eða stundi aðra atvinnu í félagi með sama greiðslufyrirkomulagi, ber formanni fyrirtækisins að halda eftir vegna útsvarsgreiðslu allt að 10% af fé því, sem hver útsvarsgreiðandi ber úr býtum. Þó skal eigi skylt að halda eftir útsvarshluta af minni útborgunarupphæð en 30 krónum, enda líði þá minnst vika milli útborgunardaga. Ákvæði þetta nær eigi til þeirra kaupþiggjenda eða hlutarmanna, er sanna með skírteini frá oddvita eða bæjarstjóra, að hann geri eigi kröfu til greiðslu á þennan hátt. Ákvæðið gildir þar til kaupþiggjandi eða hlutarmaður hefir lokið útsvarsgreiðslu sinni, enda þótt komið sé nýtt gjaldár, en heimilt er að innheimta hjá honum eftirstöðvar útsvarsins með lögtaki eða á annan hátt, þegar sýnt er, að fullnaðarskil fást ekki á þennan hátt fyrir gjaldárslok. Sé heimildargrein þessi notuð, má ekki reikna dráttarvexti af útsvörum þeim, er undir hana heyra, á því gjaldári, sem útsvörin eru á lögð.

c. Upphæðum þeim, sem innheimtast samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, heldur kaupgreiðandi sérgreindum sem geymslufé og stendur skil á þeim til bæjar- eða sveitarsjóðs a. m. k. mánaðarlega. Formaður fyrirtækis hlutarmanna stendur bæjar- eða sveitarsjóði skil á útsvarsgreiðslum þeirra, þegar útborganir hluta fara fram.

d. Verzlanir, iðnaðarfyrirtæki, skráð útgerðarfélög og önnur sambærileg útsvarsskyld fyrirtæki, hvort sem er einstakra manna eign eða félaga, skulu greiða útsvör sín mánaðarlega, og fellur fyrsta mánaðargreiðsla í gjalddaga 1. dag næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið. Hin mánaðarlega greiðsluupphæð reiknast út á þann hátt, að deila mánaðafjölda þeim, sem eftir er af gjaldárinu, þegar niðurjöfnun er lokið, í útsvarsupphæð.

Vanræki kaupgreiðandi eða formaður skil samkv. a-, b- og c-lið þessarar greinar, má taka upphæðir þær, er honum ber að sjá um greiðslu á, lögtaki hjá honum sjálfum.

2. gr.

Í stað orðsins „gestarétti“ í síðustu málsgr. 29. gr. laganna komi: bæjarþingi eða aukarétti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni ríkisstjórnarinnar, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi:

1. að styrkja aðstöðu bæjar- og sveitarfélaga til þess að ná inn útsvörum hjá þeim gjaldendum, sem það ræðir um, — og

2. að tryggja það, að bæjar- og sveitarfélögin fái inn útsvarstekjurnar frá gjaldendunum jafnharðan og þeir fá útborguð laun sín og aflafé. En eins og nú er eiga bæjar- og sveitarfélögin við þann erfiða kost að búa, að nálega ekkert af útsvarstekjunum innheimtist fyrr en seint á ári. Veldur þetta bæjar- og sveitarfélögunum miklum greiðsluvandræðum mikinn hluta ársins, því veltufé að láni er bæði lítt fáanlegt fyrir þau og dýrt.

Frumvarpið er byggt á því sem grundvallaratriðum:

1. Að eðlilegt sé, að gjaldendur borgi útsvör sín, eftir að þau hafa verið á lögð, jafnharðan og þeir fá inn tekjur sínar.
2. Að nauðsynlegt fyrirkomulag til þess, að þetta megi takast, sé að gera kaupgreiðendum, atvinnurekendum og formönnum skylt að greiða útsvörin fyrir þá gjaldendur, sem hjá þeim fá kaup eða aflafé, svo nokkru nemur, enda sambærilegt fyrirkomulag við ákvæði í tryggingarlöggjöfinni íslenzku, og víða tíðkað erlendis um innheimtu skatta til ríkis og bæja.
3. Að þessi skylda kaupgreiðenda, atvinnurekenda og formanna sé svo létt og auðveld fyrir þá, á þann hátt, sem fyrir er mælt í frumvarpinu, að forsvaranlegt sé að gera þá ábyrga, eins og þar er gert ráð fyrir.
4. Að með þessu fyrirkomulagi takist, svo um muni, að koma í veg fyrir, að útsvör tapist hjá óreiðu- og óskilamönnum, en hinsvegar geti fyrirkomulagið varla verið skilamönnunum mótstæðilegt, því það eykur ekki útgjöld þeirra, sem borga hvort sem er.
5. Að innheimtan geti með þessu móti orðið ódýrari og friðsamlegri en hún nú er, því úr innheimtueltingaleik dragi, og lögtökum, sem eru bæði fyrirhafnarsöm og óvinsæl, fækki.

Um einstakar greinar frv. skal tekið fram:

Um 1. gr.

Einstök ákvæði þessarar greinar skýra sig sjálf með tilliti til þess, sem að framan er sagt.

Um 2. gr.

Sjálfsagt er að taka upp í lögin núgildandi réttarheiti.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er, að lagaákvæði þessi komi til framkvæmda þegar á þessu ári.

Reykjavík, 16. febr. 1939.

Karl Kristjánsson. Friðjón Skarphéðinsson.
Ólafur Sveinbjörnsson. Benedikt Guttormsson.

Nd. 173. Lög

um viðauka við lög nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl).

Samhljóða þskj. 6.

Nd. 174. Lög

um síldartunnur.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl).

Samhljóða þskj. 88.

Nd. 175. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Heimilt er að færa þessar aukavarðlínur til, enda þótt þær styttist eða lengist nokkuð við færsluna, ef nefndinni virðist það nauðsynlegt til þess að hindra útbreiðslu veikinnar.

2. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 7. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Nú hefir aukavarðlína verið sett samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og veikinnar ekki orðið vart innan hennar að minnsta kosti árlangt frá því girt var, og er þá framkvæmdanefnd mæðiveikivarnanna heimilt að ákveða, að varzlan meðfram varðlínunni og viðhald girðingar verði kostuð af ríkissjóði á sama hátt og varzlan meðfram aðalvarðlínum, enda greiði þá sauðfjáreigendur innan þessarar varðlínu gjald það, er um ræðir í síðari málsgrein 18. gr. Viðkomandi sveitir skulu eftir sem áður standa straum af stofnkostnaði girðingarinnar.

3. gr.

Aftan við 3. málsgrein 9. gr. laganna bætist:

Skulu þá 2 dómkvaddir menn meta tjónið, er greiðist af hlutaðeigandi sveitarsjóði, enda séu varnirnar framkvæmdar að meira eða minna leyti í þágu þess sveitarfélags, annars greiði það hreppsfélag, er næst liggur og nýtur varnanna. Úrskurði matsmanna má áfrýja til yfirmats.

4. gr.

3. tölul. 19. gr. laganna skal orða svo:

Til greiðslu á styrk til framræslu vegna tún- eða engjaræktar, endurræktunar í túni, túnasléttunar og til garðræktar, er nemi þrefaldri þeirri fjárhæð, sem nú er greidd á verkeiningu samkvæmt jarðræktarlögunum, ef ekki er um vélavinnu að ræða, annars tvöfaldur styrkur. Til túnauka má greiða allt að jafnháum styrk og jarðræktarstyrknum nemur. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

Heimilt er að verja því styrktarfé, er fellur undir þennan lið, til vinnu við aðrar umbætur á jörðinni, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og að fengnu samþykki mæðiveikinefndar í hverju einstöku tilfelli.

5. gr.

Aftan við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Nú virðist mæðiveikin vera í augljósri rénun hjá einstökum bændum, og er þá heimilt að styrkja þá til þess að koma sér upp fjárstofni og verja til þess fyrst og fremst því fé, sem þeim hefði annars borið samkv. 2. og 3. tölul. 19. gr., allt eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk landbúnaðarráðherra, en samið af mæðiveikinefnd. Fylgdu því svolátandi athugasemdir og skýrslur:

Um 1. gr.

Breyting sú, sem hér er lagt til að gerð verði á 6. gr. laganna um varnir gegn mæðiveikinni, stafar af því, að aðstæður hafa breytzt. Meðfram Blöndu neðan til er orðið sýkt beggja vegna, og er því ekki ástæða til að halda þar uppi aukavarðlínu. Mundi línan nú ekki verða látin ná lengra en á móts við vesturenda Vatnsskarðsgirðingar. Á sama hátt verður varðlínan við Brúará óþörf, þar eð veikin er komin upp á nokkrum bæjum í Biskupstungum. En vegna þess, að enn hefir ekkert borið á veikinni í Hreppum og á Skeiðum, er líklegt, að flytja þurfi varðlínuna meðfram Hvítá, svo að hún liggi upp í Hofsjökul á mörkum afrétta Biskupstungna og Hrunamannahrepps, í stað þess að nú liggur hún upp í Langjökul. Línan á Kili verður þá að mestu óþörf. Ekki á að þurfa að verða af þessu neinn kostnaðarauki móts við það, sem var síðastliðið ár, heldur ef til vill hið gagnstæða.

Um 2. gr.

Það hefir komið í ljós, að aðiljar þeir, sem um ræðir í 7. gr. laganna, eiga mjög erfitt með að standa straum af girðingum þeim, sem settar hafa verið samkvæmt greininni, þar sem lögin gera fjáreigendum bæði að kosta sjálfir stofnkostnað, að frádregnum styrk, og viðhald girðinganna, svo og vörzlu meðfram girðingunum. Á þetta einkum við um girðinguna yfir Vatnsskarð, yfir þvert Snæfellsnes og þvert yfir Skeið. Er því lagt til, að vörzlu og viðhaldi megi létta af fjáreigendum, en í þess stað greiði þeir 10 aura af hverri kind eins og þeir, sem búsettir eru utan aðalvarnarlínanna. Nokkur aukakostnaður hlýtur að verða af þessari breytingu. Á Vatnsskarði mundi bætast við kaup þriggja varðmanna (ca. 4200 kr.) auk viðhalds girðingarinnar, og svipaður kostnaðarauki mun verða á Snæfellsnesi. Á Skeiðum mun 10 aura gjaldið vega upp á móti kostnaðaraukanum.

Um 3. gr.

Þrátt fyrir niðurlagsákvæði 9. gr. laganna koma margar bótakröfur til nefndarinnar. Sumar þeirra eru á nokkrum rökum reistar, en aðrar virðast nefndinni gerðar af nokkurri ágengni gagnvart hinu opinbera, einkum er þær koma frá mönnum, sem verið er að verja fé þeirra. Sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði, mundi verða til þess að draga úr bótakröfum og einnig koma greiðsluskyldu á þá, sem beinastan hag hefðu af ráðstöfunum þeim, er bætur ættu að koma fyrir.

Um 4. gr.

Ekki er ætlazt til, að upphæð heildarstyrks hækki vegna breytinganna á 19. gr. laganna, heldur sé mönnum gert hægara fyrir að vinna fyrir styrknum heima og án þess að vanrækja heimilisstörfin.

Um 5. gr.

Mæðiveikinefnd er þeirrar skoðunar, að eins og nú er komið sé heppilegra að styðja menn til þess að koma sér aftur upp arðvænlegum bústofni heldur en að veita mönnum einskonar framfærslustyrk, sem engan stað á sér til frambúðar. Nefndinni er einnig vel ljóst, að sú styrktarstarfsemi, sem nú er ákveðin, þarf sem fyrst að geta tekið enda, og er það jafnáríðandi bæði fyrir veitanda og þiggjanda.

Sauðfjártala vestan Þjórsár og Héraðsvatna árin 1936, 1937, 1938.

	Fjártala vorið 1936	Fjártala árslok 1937	Mismunur	Fjártala árslok 1938	Mismunur frá 1937	Mismunur alls frá 1936	Fækkun %
Árnessýsla	**70683**	**64123**	**÷6560**	**61148**	**÷2975**	**÷9535**	**13,5**
Gaulverjabæjar	3075	2850	÷ 225	2720	÷ 130	÷ 355	11,6
Stokkseyrar	2173	1928	÷ 245	1706	÷ 222	÷ 467	21,5
Eyrarbakka	1595	816	÷ 779	541	÷ 275	÷1054	66,1
Sandvíkur	2262	1727	÷ 535	1658	÷ 69	÷ 604	26,8
Hraungerðis	3116	3350	+ 234	3008	÷ 342	÷ 108	3,5
Villingaholts	3910	4069	+ 159	3700	÷ 369	÷ 210	5,4
Skeiða	4471	4570	+ 99	4623	+ 53	+ 152	„
Gnúpverja	6423	6020	÷ 403	6035	+ 15	÷ 388	6,0
Hrunamanna	7651	7500	÷ 151	7809	+ 309	+ 158	„
Biskupstungna	10439	9969	÷ 470	9949	÷ 20	÷ 490	4,7
Laugardals	4455	3320	÷1135	2863	÷ 457	÷1592	35,8
Grímsnes	7603	5160	÷2443	4415	÷ 745	÷3188	42,0
Þingvalla	2420	1685	÷ 735	1475	÷ 210	÷ 945	39,0
Grafnings	2438	2450	+ 12	2550	+ 100	+ 112	„
Ölfus	6109	5913	÷ 196	5431	÷ 482	÷ 678	11,1
Selvogs	2543	2796	+ 253	2665	÷ 131	+ 122	„
Reykjavík	**1002**	**1500**	**+ 498**	**1470**	**÷ 30**	**+ 468**	**„**
Gullbr.- og Kjósars.	**17882**	**17962**	**+ 80**	**16398**	**÷1564**	**÷1484**	**8,3**
Grindavíkur	2925	3150	+ 225	2802	÷ 348	÷ 123	4,2
Hafna	789	830	+ 41	870	+ 40	+ 81	„
Miðnes	1252	1230	÷ 22	1197	÷ 33	÷ 55	4,5
Gerða	173	315	+ 142	248	÷ 67	+ 75	„
Keflavíkur	565	600	+ 35	596	÷ 4	+ 31	„
Vatnsleysustr.	1729	1980	+ 251	2043	+ 63	+ 314	„
Garða	1391	1479	+ 88	1069	÷ 410	÷ 322	23,3
Bessastaða	135	95	÷ 40	104	+ 9	÷ 31	23,0
Seltjarnarnes	604	498	÷ 106	975	+ 477	+ 371	„
Mosfells	2334	2324	÷ 10	2280	÷ 44	÷ 54	2,3
Kjalarnes	2480	2346	÷ 134	1800	÷ 546	÷ 680	27,6
Kjósar	3505	3115	÷ 390	2414	÷ 701	÷1091	31,2
Hafnarfjörður	**1009**	**1007**	**÷ 2**	**960**	**÷ 47**	**÷ 49**	**4,9**
Borgarfjarðarsýsla	**25594**	**14948**	**÷10646**	**15117**	**÷ 169**	**÷10477**	**41,0**
Stranda	3094	2939	÷ 155	2678	÷ 261	÷ 416	13,4
Skilmanna	1070	822	÷ 248	700	÷ 122	÷ 370	34,8
Innri-Akranes	1000	950	÷ 50	784	÷ 166	÷ 216	21,6
Ytri-Akranes	920	780	÷ 140	807	+ 27	÷ 113	12,3
Leirár og Mela	2302	2350	+ 48	2105	÷ 245	÷ 197	8,6
Andakíls	4297	1320	÷2977	1759	+ 439	÷2538	59,1
Skorradals	2826	1949	÷ 877	1801	÷ 148	÷1025	36,3
Lundarreykjadals	2403	1129	÷1274	1191	+ 62	÷1212	50,5
Reykholtsdals	5138	1691	÷3447	1824	+ 133	÷3314	64,5
Hálsa	2544	1018	÷1526	1468	+ 450	÷1076	42,3

	Fjártala varið 1936	Fjártala árslok 1937	Mismunur	Fjártala árslok 1938	Mismunur frá 1937	Mismunur alls frá 1936	Fækkun %
Mýrasýsla	**34019**	**21008**	**÷13011**	**18802**	**÷2206**	**÷15217**	**44,7**
Hvítársíðu	3795	1724	÷2071	2190	+ 466	÷1605	42,3
Þverárhlíðar	2675	1152	÷1523	1320	+ 168	÷1355	50,7
Norðurárdals	3572	2150	÷1422	1994	÷ 156	÷1578	44,2
Stafholtstungna	5695	2420	÷3275	3058	+ 638	÷2637	46,3
Borgar	5932	5000	÷ 932	2994	÷2006	÷2938	49,5
Álftanes	5341	3498	÷1843	2523	÷ 975	÷2818	52,8
Hraun	5866	4405	÷1461	4152	÷ 253	÷1714	29,2
Borgarnes	1143	659	÷ 484	571	÷ 88	÷ 572	50,0
Snæf.- og Hnappad.	**26990**	**26956**	**÷ 34**	**28997**	**+2041**	**+2007**	**„**
Kolbeinsstaða	3887	3984	+ 97	4014	+ 30	+ 127	„
Eyja	2290	2429	+ 139	2205	÷ 224	÷ 85	3,7
Miklaholts	3138	3220	+ 82	3464	+ 244	+ 326	„
Staðarsveitar	3124	2960	÷ 164	3384	+ 424	+ 260	„
Breiðuvíkur	2204	2138	÷ 66	2393	+ 255	+ 189	„
Nes utan Ennis	1221	946	÷ 275	1390	+ 444	+ 169	„
Ólafsvíkur	268	282	+ 14	541	+ 259	+ 273	„
Fróðár	752	793	+ 41	724	÷ 69	÷ 28	3,7
Eyrarsveit	2552	2511	÷ 41	3100	+ 589	+ 548	„
Stykkishólms	515	477	÷ 38	314	÷ 163	÷ 201	39,1
Helgafellssveitar	3359	3413	+ 54	3570	+ 157	+ 211	„
Skógarstrandar	3680	3803	+ 123	3898	+ 95	+ 218	„
Dalasýsla	**26139**	**22377**	**÷3762**	**20099**	**÷2278**	**÷6040**	**23,1**
Hörðudals	2461	2000	÷ 461	2350	+ 350	÷ 111	4,5
Miðdala	4090	3559	÷ 531	3055	÷ 504	÷1035	25,3
Haukadals	2585	1750	÷ 835	1429	÷ 321	÷1156	44,7
Laxárdals	5226	4566	÷ 660	3601	÷ 965	÷1625	31,1
Hvamms	3272	2943	÷ 329	2466	÷ 477	÷ 806	24,6
Fellsstrandar	2453	2341	÷ 112	2218	÷ 123	÷ 235	9,6
Klofnings	1282	834	÷ 448	760	÷ 74	÷ 522	40,7
Skarðs	1367	1255	÷ 112	1380	+ 125	+ 13	„
Saurbæjar	3403	3129	÷ 274	2840	÷ 289	÷ 563	16,6
A.-Barðastrandars.	**9395**	**10635**	**+1240**	**11090**	**+ 455**	**+1695**	**„**
Geiradals	1648	1556	÷ 92	1547	÷ 9	÷ 101	6,1
Reykhóla	2854	3708	+ 854	3773	+ 65	+ 919	„
Gufudals	1883	2115	+ 232	2283	+ 168	+ 400	„
Múla	1747	1970	+ 223	2091	+ 121	+ 344	„
Flateyjar	1263	1286	+ 23	1396	+ 110	+ 133	„
V.-Barðastrandars.	**13286**	**13759**	**+ 473**	**13572**	**÷ 187**	**+ 286**	**„**
Barðastrandar	3686	3869	+ 183	3918	+ 49	+ 232	„
Rauðasands	3462	3510	+ 48	3471	÷ 39	+ 9	„
Patreks	329	374	+ 45	331	÷ 43	+ 2	„
Tálknafjarðar	1856	2006	+ 150	1883	÷ 123	+ 27	„
Ketildala	2063	2200	+ 137	2109	÷ 91	+ 46	„
Suðurfjarða	1890	1800	÷ 90	1860	+ 60	÷ 30	1,6

	Fjártala varið 1936	Fjártala árslok 1937	Mismunur	Fjártala árslok 1938	Mismunur frá 1937	Mismunur alls frá 1936	Fækkun %
Ísafjarðarsýsla	**29083**	**32189**	**+3106**	**32569**	**+ 380**	**+3486**	„
Auðkúlu	2237	2231	÷ 6	2274	+ 43	+ 37	„
Þingeyrar	2959	2813	÷ 146	2790	÷ 23	÷ 169	5,7
Mýra	2673	2638	÷ 35	2510	÷ 128	÷ 163	6,1
Mosvalla	2143	2000	÷ 143	1930	÷ 70	÷ 213	10,0
Flateyrar	735	758	+ 23	801	+ 43	+ 66	„
Suðureyrar	1151	1253	+ 102	1245	+ 8	+ 94	„
Hóls	1497	1779	+ 282	2102	+ 323	+ 605	„
Eyrar	1036	1111	+ 75	1212	+ 101	+ 176	„
Súðavíkur	1713	2235	+ 522	2354	+ 119	+ 641	„
Ögur	2567	2532	÷ 35	2551	+ 19	÷ 16	0,6
Reykjarfjarðar	2976	3107	+ 131	3249	+ 142	+ 273	„
Nauteyrar	3748	3960	+ 212	3975	+ 15	+ 227	„
Snæfjalla	1052	1225	+ 173	1263	+ 38	+ 211	„
Grunnavíkur	2018	2330	+ 312	2201	÷ 129	+ 183	„
Sléttu	578	2217	+1639	2112	÷ 105	+1534	„
Ísafjarðarkaupst. ...	**515**	**519**	**+ 4**	**572**	**+ 53**	**+ 57**	„
Strandasýsla	**18967**	**17166**	**÷1801**	**16701**	**÷ 465**	**÷2266**	**11,9**
Árnes	3445	3253	÷ 192	3282	+ 29	÷ 163	4,7
Kaldrananes	2587	2409	÷ 178	3031	+ 622	+ 444	„
Hrófbergs	3166	3100	÷ 66	2996	÷ 104	÷ 170	5,4
Kirkjubóls	2077	2012	÷ 65	1580	÷ 432	÷ 497	23,9
Fells	1307	1287	÷ 20	1186	÷ 101	÷ 121	9,3
Óspakseyrar	1665	1195	÷ 470	1240	+ 45	÷ 425	25,5
Bæjar	4720	3910	÷ 810	3386	÷ 524	÷1334	28,3
V.-Húnavatnssýsla ..	**29674**	**15981**	**÷13693**	**13761**	**÷2220**	**÷15913**	**53,6**
Staðar	2729	1205	÷1524	1250	+ 45	÷1479	54,2
Fremri-Torfustaða ..	4429	1898	÷2531	1952	+ 54	÷2477	55,9
Ytri-Torfustaða	5959	2285	÷3674	2726	+ 441	÷3233	55,9
Kirkjuhvamms	5238	2915	÷2323	2050	÷ 865	÷3188	60,9
Þverár	4946	4075	÷ 871	2820	÷1255	÷2126	43,0
Þorkelshóls	6373	3603	÷2770	2963	÷ 640	÷3410	53,5
A.-Húnavatnssýsla ..	**36335**	**29979**	**÷6356**	**26847**	**÷3132**	**÷9488**	„
Ás	6157	3733	÷2424	3327	÷ 406	÷2830	46,0
Sveinsstaða	4374	3426	÷ 948	3246	÷ 180	÷1128	25,8
Torfalækjar	3537	2750	÷ 787	2556	÷ 194	÷ 981	27,7
Blönduós	972	434	÷ 538	364	÷ 70	÷ 608	62,6
Svínavatns	5696	4420	÷1276	2887	÷1533	÷2809	49,3
Bólstaðarhlíðar	5394	4894	÷ 500	5230	+ 336	÷ 164	3,0
Engihlíðar	3536	3272	÷ 264	3165	÷ 107	÷ 371	10,5
Vindhælis	6669	7050	+ 381	6072	÷ 978	÷ 597	9,0
Skagafj.s. v. Héraðsv.	**20860**	**19969**	**÷ 891**	**19276**	**÷ 693**	**÷1584**	**7,6**
Skefilsstaða	3162	3175	+ 13	3007	÷ 168	÷ 155	4,9
Skarðs	1545	1530	÷ 15	1394	÷ 136	÷ 151	9,8
Sauðárkróks	1209	991	÷ 218	850	÷ 141	÷ 359	29,7

	Fjártala vorið 1936	Fjártala árslok 1937	Mismunur	Fjártala árslok 1938	Mismunur frá 1937	Mismunur alls frá 1936	Fækkun %
Staðar	2954	2680	÷ 274	2195	÷ 485	÷ 759	25,7
Seilu	3847	3600	÷ 247	3379	÷ 221	÷ 468	12,2
Lýtingsstaða	6379	6181	÷ 198	6770	+ 589	+ 391	„
Ripur	1764	1812	+ 48	1681	÷ 131	÷ 83	4,7

Heildaryfirlit yfir sauðfjártölu vestan Þjórsár og Héraðsvatna 1936, 1937 og 1938 og fækkun á svæðinu.

	Fjártala vorið 1936	Fjártala árslok 1937	Mismunur	Fjártala árslok 1938	Mismunur frá 1937	Mismunur alls frá 1936	Fækkun árið 1938 %	Heildar fækkun %
Árnessýsla	70683	64123	÷ 6560	61148	÷ 2975	÷ 9535	4,7	13,5
Reykjavík	1002	1500	+ 498	1470	÷ 30	+ 468	2,0	„
Gullbr.- og Kjós.	17882	17962	+ 80	16398	÷ 1564	÷ 1484	8,7	8,3
Hafnarfj.	1009	1007	÷ 2	960	÷ 47	÷ 49	4,7	4,9
Borgarfjarðars.	25594	14948	÷10646	15117	+ 169	÷10477	+1,1	41,0
Mýrasýsla	34019	21008	÷13011	18802	÷ 2206	÷15217	10,5	44,7
Snæf. og Hnapp.	26990	26956	÷ 34	28997	+ 2041	+ 2007	„	„
Dalasýsla	26139	22377	÷ 3762	20099	÷ 2278	÷ 6040	10,2	23,1
A.-Barðastr.s. ..	9395	10635	+ 1240	11090	+ 455	+ 1695	„	„
V.-Barðastr.s. ..	13286	13759	+ 473	13572	÷ 187	+ 286	1,4	„
Ísafjarðars. ...	29083	32189	+ 3106	32569	+ 380	+ 3486	„	„
Ísafj.kaupst. ...	515	519	+ 4	572	+ 53	+ 57	„	„
Strandasýsla ..	18967	17166	÷ 1801	16701	÷ 465	÷ 2266	2,6	11,9
V.-Húnavatnss. .	29674	15981	÷13693	13761	÷ 2220	÷15913	13,9	53,6
A.-Húnavatnss. .	36335	29979	÷ 6356	26847	÷ 3132	÷ 9488	10,5	26,1
Skagafj.s. v. v.	20860	19969	÷ 891	19276	÷ 693	÷ 1584	3,5	7,6
	361433	310078	51355	297379	12699	64054	4,1	17,75

Fækkun í árslok 1937	56756	
Fjölgun í árslok 1937	5401	51355
Fækkun á árinu 1938	15797	
Fjölgun á árinu 1938	3098	12699
Fækkun alls frá 1936		64054

Í fyrra var safnað skýrslum um fjártölu allra hreppa vestan Héraðsvatna og Þjórsár.

Hér birtist nú framhald af þeirri skýrslugerð með yfirliti yfir fjárfækkun síðasta árs.

Í dálkum skýrslunnar eru í fyrstu lóðréttu röð fjártölur frá vorinu 1936. Úr nokkrum hreppum Borgarfjarðarsýslu varð þó að miða við vorframtal 1935 af eðlilegum ástæðum. Í öðrum dálki eru tölur frá fóðurbirgðatalningu fyrir árslok 1937. Í þeim hreppum, þar sem fóðurbirgðaeftirlit er vanrækt, hafa hreppstjórar verið beðnir að afla upplýsinga um fjárfjölda við árslok 1937 eftir beztu getu. Þriðji dálkur sýnir fjárfækkun eða fjárfjölgun frá því að veikin byrjaði og til ársloka 1937.

Fjárfækkunin er þó yfirleitt meiri en fram kemur í skýrslunni, og fjölgunin minni, sakir þess að vorframtalið er víða of lágt. Frá því að veikin hófst og fram til ársloka 1937 er fækkunin a. m. k. 51355 kindur, og sú fækkun á sér aðallega stað frá því haustið 1936 til ársloka 1937.

Í fjórða dálki er fjártalan við árslok 1938. Er talnanna aflað á sama hátt og

gert var árið áður. Samanburði á tölunum frá árslokum 1937 og 1938 er því óhætt að treysta að mestu leyti, því að þó smávægilegar skekkjur kunni einhverstaðar að leynast, má gera ráð fyrir, að þær vegi nokkuð hver upp á móti annari.

Í fimmta dálki er mismunur á fjárfjölda við árslok 1937 og 1938. Þar má sjá, að fé er aðeins farið að fjölga aftur í þeim hreppum Borgarfjarðarsýslu, Vestur-Húnavatnssýslu og Mýrasýslu, þar sem veikin hefir verið lengst. Fjölgunin nemur þó ekki neinu verulegu enn sem komið er.

Fjárfækkun á árinu hefir verið mest í suðurhluta Dalasýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Árnessýslu. Í Skagafjarðarsýslu og Árnessýslu er þó töluverður hluti fækkunarinnar ekki beinlínis af völdum veikinnar.

Heildarfækkunin á síðastl. ári hefir samtals numið 15797 kindum. Fækkunin nemur ekki nema 5,1% af fé því, sem talið var fram í árslok 1937. En þegar tekið er tillit til þeirrar fjölgunar, sem orðið hefir, er fækkunin 12699 kindur, eða 4,1% af fjárstofni við árslok 1937. 12699 er ekki nema tæpur fjórði hluti af þeim rúmlega 51000 kindum, sem dauðar voru fyrir árslok 1937.

Sauðfjárfækkunin á árinu er miklu minni en flestir munu hafa búizt við. Ástæðurnar til þess, að dregið hefir mjög úr dauðatölu af völdum veikinnar, munu vera, að bæði er veikin að miklu leyti um garð gengin þar, sem hún gekk óðast yfir í byrjun, og ennfremur að allmikið kapp hefir verið lagt á að hefta útbreiðslu veikinnar eftir megni á svonefndum jaðarsvæðum.

En þrátt fyrir hina tiltölulega litlu fjárfækkun á síðastl. ári má ekki gleyma því, að veikin á að sjálfsögðu eftir að gera mikinn usla í Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Austur-Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum utan Vatnsskarðs.

Ed. 176. Nefndarálit

um frv. til laga um lögreglustjóra í Hrísey.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Á undanförnum þingum hafa nokkur hin fjölmennustu kauptún fengið með lögum skipaðan sérstakan lögreglustjóra, og virðist lítill ágreiningur hafa komið fram í þinginu um nauðsyn slíkra ráðstafana. Er nú svo komið, að í allflestum stærri kauptúnum landsins, þar sem ekki er búsettur sýslumaður, er skipaður lögreglustjóri, en aðalundantekning frá því er Búðakauptún í Fáskrúðsfirði. Fyrir þinginu liggur nú ósk frá hreppsnefnd Búðahrepps um að fá þar skipaðan lögreglustjóra, sem svo jafnframt gegndi oddvitastörfum. Virðist meiri hl. nefndarinnar, með tilliti til þess, sem að framan er fram tekið, sanngjarnt að verða við ósk hreppsnefndar Hríseyjarhrepps, sem og þeirri málaleitun, sem fram hefir komið frá hreppsnefnd Búðakauptúns, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda, menn með lögfræðiprófi til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf, annar í Hríseyjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu og hinn í Búðahreppi í Suður-Múlasýslu. Jafnframt skulu þeir, hvor í sínum hreppi, annast innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, fara með fógetavald, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast þeir lögreglustjórar.
2. Við 2. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Lögreglustjóra er skylt, ef viðkomandi hreppsnefnd óskar, o. s. frv.
   b. Fyrir „hann“ komi: lögreglustjóri.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Nánari reglur um starfssvið lögreglustjóra samkvæmt lögum þessum setja hlutaðeigandi ráðherrar með reglugerðum, að fengnum tillögum hreppsnefndar Hríseyjarhrepps og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu að því er kemur til lögreglustjórans í Hrísey, og hreppsnefndar Búðahrepps og sýslumannsins í Suður-Múlasýslu að því er tekur til lögreglustjórans á Búðum.
4. Við fyrirsögnina bætist: og á Búðum í Fáskrúðsfirði.

Alþingi, 17. apríl 1939.

Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. Magnús Gíslason.

Fylgiskjal I.

ODDVITINN Í BÚÐAHREPPI

Fáskrúðsfirði, 15. október 1938.

Samkvæmt samþykkt hreppsnefndarinnar á fundi 12. þ. m. leyfi ég mér hér með að fara þess á leit við yður, herra alþingismaður, að þér á næsta Alþingi, sem væntanlega kemur saman snemma á næsta ári, flytjið frumvarp til laga um skipun lögreglustjóra í Búðakauptúni.

Eins og fundargerð hreppsnefndar ber með sér, er aðalástæðan fyrir þessari beiðni nauðsyn að koma á almennri reglu í kauptúninu. Það má heita svo, að hér sé ekki hægt lengur að koma á opinberar samkomur fyrir hávaða- og upphlaupsmönnum, götuóreglu jafnvel um hábjartan dag, og þeir, sem sitja heima, fá oft og tíðum ekki heldur frið í húsum sínum.

Það sjá allir, að við svo búið má ekki sitja, og sýnist hreppsnefndinni ráðlegast að fá skipaðan lögreglustjóra á staðinn. Gert er ráð fyrir, að væntanlegur lögreglustjóri fari með bæði störf hreppstjóra og oddvita hreppsnefndar, og mun þessi skipun þegar vera komin á í nokkrum sambærilegum kauptúnum á landinu.

Virðingarfyllst

Eiður Albertsson.

Herra alþingismaður Ingvar Pálmason, Neskaupstað.

Fylgiskjal II.

Útskrift úr gerðabók hreppsnefndar Búðahrepps.

Ár 1938, miðvikudaginn 12. október, var hreppsnefndin komin saman á fund í barnaskólanum. Gestur Guðmundsson og Sigbjörn Gíslason voru ekki mættir.

Fundarefni.

1. Rætt um nauðsyn að koma á almennri reglu í þorpinu, og áleit nefndin heppilegast að fara þar sömu leið og sambærileg kauptún, svo sem Ólafsfjörður, Keflavík o. fl., að skipaður yrði lögreglustjóri á staðnum, eftir sérstökum lögum þar um. Var oddvita falið að fá þingmenn kjördæmisins til að flytja frumvarp til laga á næsta Alþingi um skipun lögreglustjóra á Búðum, samhljóða lögum um skipun lögreglustjóra í Keflavík, nr. 16 frá 25. jan. 1934.
   Fleira ekki rætt, fundi slitið.

Eiður Albertsson. Sighvatur Bersason. Sveinn Guðmundsson.
Jóhann M. Árnason. Snorri Magnússon.

Rétta útskrift staðfestir:

Eiður Albertsson
(oddviti).

Ed. 177. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Nd. 178. Breytingartillaga

við frv. til laga um breytingar á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá Ólafi Thors.

Á eftir frvgr., sem verður 1. gr., kemur ný grein (2. gr.), svo hljóðandi:
Aðra málsgr. 25. gr. laganna skal orða svo:
Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglu sem um aðra vélbáta, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum félagsins, en hálfar ella.

Nd. 179. Viðaukatillaga

við brtt. á þskj. 178 [Vátryggingarfélög fyrir vélbáta].

Frá Pétri Ottesen.

Við tillöguna bætist nýr liður:
Við frv. bætist ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 180. Tillaga til þingsályktunar

um náttúrufræðirannsóknir o. fl.

Flm.: Pálmi Hannesson, Jóhann Jósefsson, Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það telur brýna þörf víðtækari og skipulegri rannsókna á náttúru landsins en framkvæmdar hafa verið til þessa, og sjálfsagt, að íslenzkum fræðimönnum sé falin stjórn þeirra mála og framkvæmdir rannsóknanna, eftir því sem við verður komið.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að sjá svo um, að engar rannsóknir erlendra manna á náttúru landsins, þjóðarháttum eða öðru slíku séu framkvæmdar hér á landi, nema í samvinnu og samráði við yfirstjórn hinna íslenzku náttúrufræðirannsókna.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Ísland er ekki rannsakað til neinnar hlítar. Að vísu hefir verið allmikið unnið hér að almennum rannsóknum, bæði fyrr og síðar, en þær rannsóknir hafa til þessa verið fremur óskipulegar yfirleitt og skort samhengi og markmið.

Mælingu landsins má nú heita lokið og uppdrættir þegar fullgerðir af miklum hluta þess, og er það hvorttveggja, að með því eru sköpuð skilyrði til skipulegra og fullkominna rannsókna og að kostnaður við landmælingarnar fellur niður að miklu leyti. Má því telja tímabært að stofna til slíkra rannsókna nú, og hníga að því hagnýt rök jafnt og fræðileg.

Varla getur það orkað tvímælis, að íslenzkir fræðimenn eigi að veita þessum rannsóknum forstöðu og hafa þær á hendi að því leyti, sem fært er. Í öllum menningarlöndum er það föst venja, að rannsóknir allar, hagnýtar jafnt og vísindalegar, séu í höndum innlendra manna, og mundi hvarvetna mælast illa fyrir, ef út af væri brugðið. En fram til þessa hefir það nokkuð tíðkazt, að erlendir fræðimenn hafi komið hingað í rannsóknaskyni, án þess að hafa nokkra samvinnu við Íslendinga eða að tryggja á annan hátt, að rannsóknir þeirra kæmu landinu að gagni, og hefir slíkt verið látið afskiptalaust og óátalið til þessa. En nú þykir rétt að færa það í sama horf og annarstaðar tíðkast. Nú fyrir nokkru hefir ríkisstjórnin skipað nefnd til þess að hafa á höndum stjórn hagnýtra rannsókna á náttúru landsins. Virðist eðlilegt, að forstaða þeirra rannsókna, sem hér um ræðir, verði falin nefnd þessari.

Ed. 181. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

a. Orðin „opna eða“ í 1. málsgr. 3. gr. laganna falli burt.
b. Á eftir síðustu málsgr. sömu lagagreinar bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Skylt er og vátryggingarfélögum þessum að taka opna vélbáta til vátryggingar, ef eigendur óska þess.

2. gr.

Aðra málsgr. 25. gr. laganna skal orða svo:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglu sem um aðra vélbáta, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum félagsins, en hálfar ella.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 182. Frumvarp til laga

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stafliður d. í 7. gr. laganna orðist þannig:

d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innanlands. Má á-

kveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra eða efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki frá eftirlitsmanni ríkisins með raforkuvirkjum. Skal viðurkenningarmerkið vera staðfest af ráðherra og birtast í Stjórnartíðindum. Er engum heimilt að nota merkið, nema með leyfi eftirlitsmannsins og eftir þeim reglum, er hann setur um það.

2. gr.

10. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að eigendur raforkuvera og raforkuveitufyrirtækja skuli árlega greiða til eftirlitsins gjald, sem miðast við heildartekjur fyrirtækjanna af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku, og má nema allt að einum hundraðasta hluta af þeim, og að þeir, sem flytja inn til landsins raforkuvirki og hluta þeirra eða gera þau innanlands, greiði til eftirlitsins gjald, sem miðast við innkaupsverð virkjanna, en söluverð þeirra frá verksmiðju, ef þau eru gerð hér, og má nema allt að ¾% af því. Undanþegin því gjaldi skulu þó vera þau raforkuvirki, sem ekki falla undir rafmagnseftirlit ríkisins.

Heimila má eiganda raforkuvers eða raforkuveitufyrirtækis að leggja helming gjaldsins á rafmagnskaupendur í hlutfalli við orkukaup þeirra.

Nú notar eigandi raforkuvers sjálfur alla þá orku, sem þar er unnin, eða verulegan hluta hennar, og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu, þá má miða gjaldið við stærð rafala í orkuveri, og má það nema allt að 2 krónum á hvert kílówatt í málraun þeirra.

Fyrir eftirlit með uppsetningu nýrra raforkuvirkja skal eftirlitinu greiðast kostnaður þess eftir nánari fyrirmælum í reglugerð.

Ráðherra setur ákvæði um innheimtu gjaldanna. Hann getur heimilað stöðvun á rekstri virkjanna, ef gjaldið er ekki greitt á réttum gjalddaga.

Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum og í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim. Veitist fé til þess árlega í fjárlögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 183. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild til að taka eignarnámi eða leigunámi nýbýlið Varmahlíð í Skagafirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. apríl 1939.

Páll Zóphóníasson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Nd. 184. Frumvarp til laga

um viðauka við lög um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Finnur Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ef nokkur fjárhæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða

varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins eða stofnkostnaði þess, telst sú fjárhæð til skattskyldra tekna þess á því ári.

Ofangreint ákvæði um frádrátt á tillagi í varasjóð gildir einnig um útgerðarfyrirtæki íslenzkra línuveiðaskipa og vélbáta á árunum 1939—1942.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 93 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni:

Lög um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja.

Greinargerð.

Það verður að teljast rétt og sanngjarnt, að ákvæðið um frádrátt á tillagi í varasjóð í lögum um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa verði einnig látið taka til útgerðarfyrirtækja línuveiðaskipa og vélbáta.

Nd. 185. Lög

um dýralækna.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl).

Samhljóða þskj. 135.

Nd. 186. Lög

um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl).

Samhljóða þskj. 62.

Nd. 187. Nefndarálit

um frv. til almennra hegningarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndarmenn hafa hver um sig athugað frumvarp þetta gaumgæfilega. Hafa þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að frv. sé vel og rækilega undirbúið fyrir þing, enda er það samið af einum af hæstaréttardómurum landsins og endurskoðað af hinum 2 hæstaréttardómurunum. Fyrir Ed. hefir frv. legið í nærri 2 mánuði, og þrátt fyrir nákvæma athugun hv. allshn. Ed. hefir sú þingdeild samþykkt frv. óbreytt eins og það var lagt fyrir Alþingi.

Allshn. telur, að breytingar þær, sem frv. gerir á núgildandi hegningarlöggjöf þjóðarinnar, séu mjög til bóta og séu mjög í samræmi við réttarmeðvitund nútímans. Telur nefndin því mikla þörf á að leiða þessar breytingar í lög sem fyrst, með

því líka að núgildandi almenn hegningarlög eru orðin afargömul og úrelt að mörgu. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 18. apríl 1939.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Vilm. Jónsson, fundaskr.	Sveinbjörn Högnason.
	Garðar Þorsteinsson.	

Ed. 188. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað umsóknir þær, er fyrir þinginu liggja um veiting ríkisborgararéttar, og hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að taka til greina tvær umsóknir auk þeirra, sem þegar eru í frv. Önnur umsóknin, frá Höskuldi Þ. L. Þórhallssyni, lá fyrir í Nd., en vantaði þá hegningarvottorð. Hin umsóknin, frá Sigurði Sigurðssyni, hefir borizt eftir að Nd. afgreiddi frumvarpið. Aðrar umsóknir, er Nd. hafnaði, telur nefndin ekki rétt að taka til greina að svo stöddu.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. tölul. kemur:
   Höskuldur Þórhallur Ladiger Þórhallsson tónlistarnemi í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
2. Á eftir 2. tölul. kemur:
   Sigurður Sigurðsson, nemandi í menntaskólanum í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

Alþingi, 20. apríl 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Ed. 189. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 10 12. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 21. apríl 1939.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Nd. 190. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Í stað orðanna „frá 15. júní til 30. september ár hvert“ í lok 1. gr. komi: allt árið.

Nd. 191. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, sem var gefið út sem bráðabirgðalög af ríkisstjórninni á síðastliðnu hausti, og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. apríl 1939.

Bergur Jónsson, form.	Sveinbjörn Högnason, frsm.	Vilm. Jónsson, fundaskr.

Garðar Þorsteinsson.

Sþ. 192. Þingsályktun

um ákvörðun sérstaks tímareiknings.

(Afgreidd frá Sþ. 21. apríl).

Samhljóða þskj. 102.

Nd. 193. Breytingartillögur

við frumvarp til almennra hegningarlaga.

Frá Einari Olgeirssyni, Ísleifi Högnasyni og Héðni Valdimarssyni.

1. Við 108. gr. Síðasti málsl. falli burt.
2. Við 216. gr. Á eftir orðinu „fóstureyðingar“ í 2. málsgr. bætist við: að ástæðulausu.
3. Við 236. gr. Á undan orðinu „varðhaldi“ í 1. málsgr. komi: sektum.
4. Við 237. gr. Greinin falli burt.

Nd. 194. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. apríl 1939.

Sveinbjörn Högnason, form.	Ásg. Ásgeirsson, fundaskr.	Steingr. Steinþórsson, frsm.

St. Stefánsson.

Nd. 195. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um verðtolla.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. apríl 1939.

Sveinbjörn Högnason, form.	Ásg. Ásgeirsson, fundaskr., frsm.	Steingr. Steinþórsson.

St. Stefánsson.

Nd. 196. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá Erlendi Þorsteinssyni, Bernharð Stefánssyni og Einari Árnasyni.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
a-liður 8. gr. laganna orðist þannig:
Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, eða ef telja má, að aðalatvinnugrein hans sé rekin utan heimilissveitar, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.

Ed. 197. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. í l. nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga“ komi: að hálfu úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, en að hálfu úr ríkissjóði.

Nd. 198. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

(Afgreidd frá Nd. 21. apríl).

Samhljóða þskj. 162.

Ed. 199. Lög

um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Höfðahóla o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 21. apríl).

Samhljóða þskj. 171.

Ed. 200. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á 14. gr. laga nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. gangi fram.
Einn nefndarm. (SÁÓ) mun bera fram brtt.

Alþingi, 21. apríl 1939.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 201. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði afgreitt óbreytt.

Alþingi, 21. apríl 1939.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 202. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á 14. gr. laga nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
14. gr. laganna orðist svo:
Verksmiðjurnar skulu greiða ½% af brúttó andvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar, þó ekki yfir 30% af út-

svörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár. Þær greiða ekki útsvar í bæjarsjóð eða sveitarsjóð né tekju- og eignarskatt. Heimilt er bæjar- eða sveitarsjóði að leggja á þær fasteignaskatt allt að 0,5%.

Sþ. 203. Tillaga til þingsályktunar

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 19. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Sameinað Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum Alþingis verði frestað frá síðari hluta aprílmánaðar þar til síðar á árinu, þó ekki lengur en til 1. nóv. 1939.

Greinargerð.

Ástæður liggja ýmsar til þess, að rétt þykir að leggja til, að fundum Alþingis, þess er nú situr, verði frestað. — Fyrir þessu þingi liggja mörg allmikilvæg og stór mál, sem miklu varðar, að þingmönnum gefist nægur tími til að athuga sem bezt og hagkvæmara mundi því að taka til afgreiðslu á þingi síðar á árinu. Með þessum hætti má telja líklegt, að fengizt geti öruggari athugun málanna, án þess að það tefji störf sjálfs þingsins og auki kostnað. Þá er það og eðlilegt, að þeir ráðherrar, sem hafa tekið við störfum fyrir fáum dögum, telji næsta nauðsynlegt að fá til þess tíma og tóm að athuga sér í lagi þau mál, er heyra til þeim stjórnardeildum, sem þeir fara með. — Alveg sérstaklega á þetta við um fjármálaráðherra og þau fjárlög, sem samþykkt verða fyrir árið 1940. Má og þar til nefna, að yfirstandandi tímar eru á margvíslegan hátt svo óvissir, eins og ástandið er í alþjóðamálum nú síðustu vikurnar, að það er næstum ógerlegt verk að ganga frá fjárlögum fyrir næsta ár án þess að hafa, ef unnt er, hugmynd um, hvernig úr málum rætist í sumar.

Ríkisstjórn er og sammála um það, að nú liggja fyrir mörg mikilvæg stjórnarstörf, sem kalla á starfskrafta stjórnarinnar alla og óskipta.

Af þessum sökum, er nánar verður gerð grein fyrir í framsögu, er borin fram tillaga sú, er hér liggur fyrir.

Ed. 204. Frumvarp til laga

um hækkun meðalmeðgjafar og tryggingabóta vegna gengisfalls íslenzkrar krónu.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að hækka meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum eins og hún er ákveðin með auglýsingu atvinnumálaráðuneytisins frá 27. okt. 1937 í samræmi við aukinn framfærslukostnað á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 14. maí 1940.

2. gr.

Slysa- og dánarbætur, ellilaun og örorkubætur samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, nr. 74 31. des. 1937, skulu hækka hlutfallslega við aukinn framfærslukostnað frá 1. júlí 1939 og aftur frá 1. jan. 1940. Skal miðað við yfirlit það um fram-

færslukostnað í Reykjavík, er nefnd sú, sem skipuð er samkvæmt 2. gr. laga um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, lætur gera. Ríkisstjórninni er heimilt að hækka framlög til alþýðutrygginga úr ríkissjóði árið 1939, til að standast þann kostnað, sem ákvæði þessara laga hafa í för með sér.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögin um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi voru samþykkt, var það viðurkennt, að ekki yrði hjá því komizt að bæta þeim lægst launuðu að einhverju leyti upp það tap, sem þeir verða fyrir vegna aukins framfærslukostnaðar af völdum gengisskráningarinnar. Nú orkar ekki tvímælis, að þeir, sem eru allra verst settir, eru þeir, sem verða að lifa á opinberri aðstoð, og fátækar mæður, sem hafa fyrir börnum að sjá, en þessu fólki hafa engar bætur verið ætlaðar samkvæmt lögum um gengisskráningu o. fl. Úr þessu er frumv. þessu ætlað að bæta, og er því brýn nauðsyn, að það nái fram að ganga áður en þingi verður frestað. — Háværar kröfur hafa þegar borizt Alþingi um að gera þær ráðstafanir, sem hér er farið fram á, og má þar til nefna kröfu frá fundi stjórnenda 25 verkalýðsfélaga í Reykjavík og nágrenni, sem haldinn var annan í páskum, ennfremur frá ýmsum einstökum verkalýðsfélögum og frá Mæðrafélaginu í Reykjavík.

Ed. 205. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar orðist þannig:
   Heimilt er félagsmálaráðherra að skipa eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, er starfi í atvinnumálaráðuneytinu. Ennfremur er honum heimilt, ef nauðsynlegt þykir, að ráða trúnaðarmenn til bráðabirgða, — en þó aldrei fleiri en einn í hverjum fjórðungi landsins, — til þess að hafa á hendi eftirlit með sveitarstjórnarmálefnum, innan ákveðins svæðis, undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins. Starfi trúnaðarmenn þessir lengur en eitt ár samfleytt, þarf til þess samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
2. Við 4. gr. Fyrir „atvinnumálaráðherra“ komi: félagsmálaráðherra.
3. Við 5. gr. Fyrir „atvinnumálaráðherra“ komi: félagsmálaráðherra.

Nd. 206. Frumvarp til laga

um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýmingu hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Mæðiveikinefnd og framkvæmdarstjóri hennar skulu, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra, hafa á hendi stjórn þeirra ráðstafana, er lög þessi fjalla um.

2. gr.

Nefndinni er heimilt að kveðja menn til aðstoðar við framkvæmd laganna, að fengnum tillögum framkvæmdarstjóra.

3. gr.

Framkvæmdarstjóra er heimilt, í samráði við nefndina, að láta fara fram rannsókn á öllu því fé, er hann telur nauðsynlegt til þess að full vitneskja fáist um útbreiðslu veikinnar.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í þeim héruðum, þar sem veikin hefir gert vart við sig eða þykja grunsamleg, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra eða framkvæmdarstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annara á því svæði. Nú telur hreppstjóri, að um garnaveiki geti verið að ræða, og skal hann þá tilkynna það framkvæmdarstjóra, er gerir þær ráðstafanir í samráði við nefndina, er hann telur eftir atvikum tryggilegastar.

4. gr.

Við rannsókn á útbreiðslu garnaveikinnar skal ríkið leggja til lyf, tæki og rannsóknarmenn fjáreigendum að kostnaðarlausu. Auk þess greiða hæfilegar bætur, að dómi nefndarinnar, fyrir þær kindur, er drepa þarf, og fer um bætur samkvæmt 13. gr. Allur annar kostnaður greiðist af fjáreigendum. Einnig er þeim skylt að veita alla aðstoð eftir þörfum án endurgjalds.

5. gr.

Framkvæmdarstjóra er heimilt, í samráði við nefndina, að fyrirskipa litarmerkingu á sauðfé, þar sem grunur leikur á, að sýkin sé. Einnig getur hún bannað hverskonar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum eða heimilum.

6. gr.

Nefndinni er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétti og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. Utansveitarfé, sem líkur eru til, að sé sýkt eða af grunuðu svæði, má ekki selja til lífs, og skal hreppstjóri sjá um, að það sé drepið og afurðum þess ráðstafað á sem hagfelldastan hátt.

7. gr.

Heimilt er nefndinni að banna sauðfjárflutninga frá þeim svæðum, er hún telur garnaveikinnar helzt von á, nema samþykki framkvæmdarstjóra komi til.

8. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki framkvæmdarstjóra, að fyrirskipa breytingar á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til varnar útbreiðslu veikinnar.

Breytingar þessar teljast ekki brot á fjallskilareglugerðum.

9. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar skulu hafa strangt eftirlit með því, að sýkt og grunað fé sé aðskilið frá öðru fé svo fljótt sem verða má. Ekki má reka það með öðru fé, hvorki frá réttum eða í bæjarrekstrum.

10. gr.

Nú kemur fé af sýktu eða grunuðu svæði fyrir í útréttum og fjáreigendur eða viðkomandi upprekstrarfélög hafa ekki gert ráðstafanir til að hirða það sérstaklega. Skal þá hreppstjóri láta taka það og slátra, verði ekki öðrum fulltryggum ráðstöfunum við komið að hans dómi, en gera skal hann það verð úr, að fjáreiganda verði sem minnst tjón að.

11. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, sem ekki hafa veikina, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar sektum.

12. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annara, varðar það fangelsi.

13. gr.

Heimilt er nefndinni að ákveða, að sjúku eða grunuðu fé skuli slátrað, til þess að ganga úr skugga um veikina eða hindra útbreiðslu hennar. Bætur fyrir sauðfé, sem slátrað er samkvæmt þessum ráðstöfunum, greiðast af ríkissjóði eftir mati nefndarinnar.

Heimilt er nefndinni að ákveða, að nokkur hluti bótanna greiðist hlutaðeiganda til endurnýjunar fjárstofninum, þegar nefndin telur garnaveikinni útrýmt úr fé þeirra.

14. gr.

Þeir bændur, sem lógað hefir verið hjá yfir 10% af ærstofninum, fá auk þess vaxtatillag og aukajarðræktarstyrk á sama hátt og eftir sömu reglum og þeir, sem beðið hafa tjón af völdum mæðiveikinnar, þó aldrei lengur en eitt ár eftir að garnaveikinni er útrýmt úr fé þeirra, nema sérstaklega standi á að dómi nefndarinnar.

15. gr.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögum mæðiveikinefndarinnar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til þess að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni.

16. gr.

Ráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun landbúnaðarráðherra og samið af mæðiveikinefnd, og fylgdi því frá nefndinni eftirfarandi greinargerð:

Garnaveikin (Johnessýkin) er smitandi bakteríusjúkdómur. Erlendis gerir hún mjög mikinn usla á nautgripum, í sauðfé virðist hún ekki eins útbreidd og hættuleg, en gerir þar þó einnig mikið tjón.

Það er álitið, að um tvo ólíka stofna af sömu bakteríutegund sé að ræða, annan í sauðfé og hinn í nautgripum, og smiti nautgripir ekki sauðfé eða öfugt. Reynsla okkar hér bendir til þess sama, þar eð veikinnar hefir hvergi orðið vart í nautgripum hérlendis.

Sjúkdómurinn veldur spillingu í görnunum og garnmörseitlunum, og berast sýklarnir niður af skepnunum með saurnum. Til þess að heilbrigðar skepnur geti tekið sýkina, verða þær að eta sýklana. Þessi sýkill myndar ekki spora, og er talið, að hann sé ekki mjög lífseigur utan sjúklingsins, en ekki er þó vitað um það með vissu, hve lengi hann getur lifað. Eins og aðrir sýklar, sem ekki mynda spora, lifir hann lengst í raka og dimmu, en þolir illa sólarljósið.

Aðalsýkingarhættan er í peningshúsunum. Hagasmitun er einnig hugsanleg, einkum ef fé er haft í þröngum girðingarhólfum eða á túnum. Skepnur smitast ekki við öndun eða snertingu sjúkra dýra. Veikin er talin með öllu ólæknandi.

Til skýringar einstökum greinum frumvarpsins skal aðeins þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Lagt er til, að mæðiveikinefnd hafi framvegis á hendi stjórn þessara mála. Er það gert samkvæmt fyrirmælum landbúnaðarráðherra.

Þetta hefir meðal annars þann kost, að á þennan hátt fæst meira samræmi í bótum og öðrum fjárgreiðslum milli þeirra bænda, er fengið hafa garnaveiki í fé sitt, og hinna, er búa við mæðiveikina.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að ríkið leggi til lyf, tæki og rannsóknarmenn. Kostnaðurinn við þetta verður, eftir því er næst verður komizt, yfir 30 þúsund krónur á yfirstandandi vetri. Annan kostnað, svo sem innigjöf á beitarfé, smölun, gæzlu fjárins, aðstoð o. fl., er eðlilegast, að fjáreigendur annist sjálfir eða greiði að öllu leyti.

Um 9., 10. og 11. gr.

Þessar greinar miða að því, að sýkt og grunað fé sé aðskilið frá heilbrigðu fé svo sem frekast er unnt. Jafnframt sé reynt að sporna við því, að fé smitist úr fjárhúsum eða þröngum girðingarhólfum.

Um 13. gr.

Lagt er til, að nefndinni sé heimilt að halda eftir nokkrum hluta af bótunum fyrir það fé, er fargað er samkvæmt fyrirmælum nefndarinnar, svo það verði síður að eyðslueyri. Fé þetta greiði nefndin þegar veikinni er útrýmt á heimilinu, og verður þá handbært bóndanum til fjárkaupa eða uppeldis.

Um 14. gr.

Ekki þykir ástæða til að styrkja sérstaklega þá, sem lógað hefir verið hjá 10% eða minna af ærstofninum. Slík áföll eru ekki meiri en oft kemur fyrir af öðrum sjúkdómum, sem bændur verða að bera bótalaust.

Þá er ennfremur lagt til, að vaxtatillag og jarðræktarstyrkur falli að jafnaði niður, er eitt ár er liðið frá því veikinni var útrýmt á heimilinu. Þetta ákvæði er sett vegna þess, að víðast er aðeins um að ræða tiltölulega fáar kindur á bæ. Mjög mörg heimili eru alveg laus við veikina og því auðvelt að fá fé keypt í skarðið. Það er því bæði eðlilegast og æskilegast, að þessari hjálparstarfsemi ljúki sem fyrst og að bændunum sé gert það kunnugt.

Frumvarp þetta og greinargerð er samið í samráði við Halldór Pálsson fjárræktarráðunaut.

Nd. 207. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um verðlag á vörum, nr. 70 31. desember 1937.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Næst á undan orðunum „heildsölu og smásölu“ í 1. gr. laganna bætist: umboðssölu.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Allar ákvarðanir sínar um hámarksverð eða hámarksálagningu skal verðlagsnefnd þegar í stað tilkynna ráðherra, sem sér um birtingu þeirra. Skulu ákvarðanir nefndarinnar koma í gildi jafnskjótt og þær hafa verið birtar, og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

Greinargerð.

Eins og umrædd lög eru nú, getur leikið nokkur vafi á því, að verðlagsnefnd hafi heimild til að setja hámarksákvæði um verð eða álagningu í umboðssölu, en þar sem það hefir komið í ljós við framkvæmd laganna, að slíkt getur talizt nauðsynlegt, er hér með lagt til, að verðlagsnefnd fái ótvírætt þessa heimild.

5. gr. nefndra laga er svo hljóðandi:

„Allar ákvarðanir sínar um hámarksverð eða hámarksálagningu skal verðlagsnefndin þegar í stað tilkynna ráðherra, er tilkynnir þær lögreglustjórum, sem síðan annast um, að þær verði birtar almenningi. Skulu ákvarðanir nefndarinnar koma í gildi jafnskjótt og þær eru birtar á hverjum stað og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.“

Við framkvæmd laganna hefir komið í ljós, að þessi aðferð um birtingu á ákvörðunum verðlagsnefndar er mjög erfið og kostnaðarsöm. Eðlilegast virðist, að birtingin sé á einni hendi, og mundi í flestum tilfellum nægja, að ráðuneytið birti ákvarðanirnar í Lögbirtingablaðinu og t. d. tvisvar í útvarpi. Er því hér með lagt til að breyta lögunum hvað þetta snertir.

Nd. 208. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á l. nr. 45 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

22. gr. laganna verði svo hljóðandi:

Nú hefir framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón bænda af völdum mæðiveikinnar, og skal hún þá skipta því fé, er fjárlög ákveða, í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum veikinnar, með hliðsjón af ástæðum og afkomumöguleikum, þannig að styrkur verði aukinn til þeirra bænda, sem hafa sérstaklega erfiðar ástæður vegna ómegðar, en lækkaður eða felldur niður styrkur til þeirra, sem hafa hans ekki þörf. Nánari ákvæði um skiptinguna skulu sett í reglugerð.

Nú virðist mæðiveikin vera í augljósri rénun hjá einstökum bændum, og er þá heimilt að styrkja þá til þess að koma sér upp fjárstofni og verja til þess fyrst og fremst því fé, sem þeim hefði annars borið samkv. 2. og 3. tölul. 19. gr., allt eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

Ed. 209. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Höskuldur Þórhallur Ladiger Þórhallsson tónlistarnemi í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
2. Kristiansen, Jentoft Kornelius, kaupmaður á Seyðisfirði, fæddur í Noregi.
3. Schröder, Vilhjálmur Hans Alfred, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
4. Sigurður Sigurðsson, nemandi í menntaskólanum í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
5. Stangeland, Hans Kornelius Pedersen, kaupmaður á Fáskrúðsfirði, fæddur í Noregi.
6. Weber, Bruno Victor Paul Georg, verzlunarmaður, Hellu, Rangárvöllum, fæddur í Þýzkalandi.

Ed. 210. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 1. gr. b-lið.

Aftan við fyrsta málsl. stafliðsins bætist:

Nú tekur sjómaður aflahlut að launum og selur hann öðrum en kaupgreiðanda, og færist þá ofangreind skylda yfir á hlutarkaupanda.

Sþ. 211. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á láni fyrir Ólafsfjarðarhrepp til rafveitubyggingar.

Frá Bernharð Stefánssyni, Einari Árnasyni, Erlendi Þorsteinssyni, Garðari Þorsteinssyni og Stefáni Stefánssyni.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Ólafsfjarðarhrepp lán til rafveitubyggingar, allt að 50 þús. kr. eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, þó ekki yfir þriðjung kostnaðarverðs.

Greinargerð.

Á Alþingi 1936 var samþykkt heimild til ríkisstjórnarinnar að ábyrgjast lán fyrir Ólafsfjarðarhrepp, allt að 50 þús. kr., til rafveitubyggingar. Það reyndust ekki þá tök á að nota þessa heimild, en nú hyggst Ólafsfjarðarhreppur að reisa rafstöð og virkja Garðsá, og mun hreppurinn hafa möguleika á að fá lán til byggingar stöðvarinnar, að nokkru erlendis, en til þess er ríkisábyrgð nauðsynleg.

Ólafsfjarðarhreppur hefir skrifað erindi til Alþingis og farið fram á þessa ábyrgðarheimild, og var þá tilætlunin, að ábyrgðarheimildin kæmi inn í fjárlög. Nú mun Alþingi hinsvegar verða frestað til hausts og þar með afgreiðslu fjárlaga. Ólafsfjarðarhreppi er hinsvegar nauðsynlegt að fá ábyrgðina heimilaða nú þegar, áður en Alþingi er frestað, þar eð tilætlun mun vera að hefja á þessu sumri undirbúning byggingar stöðvarinnar.

Ólafsfjarðarkauptún telur nú rúmlega 700 íbúa. Það fær nú rafmagn frá litilli olíumótorstöð. Til rafmagnsframleiðslunnar er notaður gamall bátamótor, eyðslufrekur og alveg ófullnægjandi. Er ástand stöðvarinnar hið versta. Hefir rafmagnseftirlitið nú lagt bann við, að stöðin verði rekin þannig framvegis.

Tilætlunin er að reisa stöðina við Garðsá, sem rennur niður í Ólafsfjarðarvatn, rúmlega 2 km. frá kauptúninu. Er áin talin mjög vel fallin til virkjunar, og mun hæfilegt að virkja ca. 200 hestöfl. Er gert ráð fyrir, að stöðin með raftaugarkerfi um kauptúnið muni kosta um 155 þús. krónur, að viðbættri þeirri hækkun, er gengisfall íslenzkrar krónu kann að hafa haft í för með sér. — Erlent efni mun kosta um helming þeirrar upphæðar.

Sþ. 212. Tillaga til þingsályktunar

um að selja eða leigja gæzluskipið Þór og vitabátinn Hermóð og um að byggja nýjan varðbát.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að selja eða leigja gæzluskipið Þór og vitabátinn Hermóð. Ennfremur að byggja hér á landi varðbát af svipaðri gerð og Óðinn. Gert er ráð fyrir, að Ægir og Óðinn, eða annar varðbátur eigi minni, annist gæzlu og björgun við Vestmannaeyjar á vertíð. Vitaflutningar og vörur til heimilisþarfa handa vitavörðum verði flutt, eftir því sem bezt verður við komið, með strandferðaskipunum eða á annan hátt.

Sþ. 213. Tillaga til þingsályktunar

um stuðning við Eimskipafélag Íslands, ef það byggir vöruflutningaskip hentugt til Ameríkuferða.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita eftir samkomulagi við stjórn Eimskipafélags Íslands um að það byggi, aðallega vegna Ameríkuferða, stórt vélskip til vöruflutninga, með nokkru farþegarúmi á þilfari. Ríkisstjórninni er heimilt að heita félaginu sanngjörnum rekstrarstyrk um allt að 10 ára skeið, í hlutfalli við þann rekstrarhalla, sem félagið kynni að verða fyrir á þessu skipi vegna Ameríkuferða.

Ed. 214. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 202 (Síldarverksmiðjur ríkisins).

Frá Árna Jónssyni.

Í stað „0,5%“ í niðurlagi tillögunnar komi: 0,7%.

Ed. 215. Lög

um breyting á lögum nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl).

Samhljóða þskj. 136.

Ed. **216. Lög**

um heimild til að taka eignarnámi eða leigunámi nýbýlið Varmahlíð í Skagafirði.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl).

Samhljóða þskj. 127, með þeirri leiðréttingu á prentvillu, að í stað „1937“ í 2. gr. kemur: 1917.

Ed. **217. Lög**

um breyting á lögum nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl).

Samhljóða þskj. 120.

Nd. **218. Lög**

um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl).

Samhljóða þskj. 2.

Ed. **219. Lög**

um viðauka við lög nr. 10 12. janúar 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

(Afgreidd frá Ed. 22. apríl).

Samhljóða þskj. 76.

Sþ. **220. Þingsályktun**

um náttúrufræðirannsóknir o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl).

Samhljóða þskj. 180.

Nd. **221. Nefndarálit**

um frv. til l. um viðauka við lög um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. apríl 1939.

Sveinbjörn Högnason, form.	Ásg. Ásgeirsson, fundaskr.	St. Stefánsson, frsm.

Steingr. Steinþórsson.

Nd. 222. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. um verðlag á vörum, nr. 70 31. des. 1937.

Frá Eysteini Jónssyni.

Á eftir 2. gr. frv. bætist ný grein, svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 223. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um verðlag á vörum, nr. 70 31. desember 1937.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Næst á undan orðunum „heildsölu og smásölu“ í 1. gr. laganna bætist: umboðssölu.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:
Allar ákvarðanir sínar um hámarksverð eða hámarksálagningu skal verðlagsnefnd þegar í stað tilkynna ráðherra, sem sér um birtingu þeirra. Skulu ákvarðanir nefndarinnar koma í gildi jafnskjótt og þær hafa verið birtar, og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 224. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:
22. gr. laganna orðist svo:
Nú hefir framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón bænda af völdum mæðiveikinnar, og skal hún þá skipta því fé, er fjárlög ákveða, í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum veikinnar, enda sé jafnframt höfð hliðsjón af afkomumöguleikum þeirra að öðru leyti.
Nú virðist mæðiveikin vera í augljósri rénun hjá einstökum bændum, og er þá heimilt að styrkja þá til þess að koma sér upp fjárstofni og verja til þess fyrst og fremst því fé, sem þeim hefði annars borið samkvæmt 2. og 3. tölul. 19. gr.
Í reglugerð skal nánar kveðið á um framkvæmdir þær, sem um ræðir í grein þessari.

Ed. 225. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Heimilt er að færa þessar aukavarðlínur til, enda þótt þær styttist eða lengist nokkuð við færsluna, ef nefndinni virðist það nauðsynlegt til þess að hindra útbreiðslu veikinnar.

2. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 7. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Nú hefir aukavarðlína verið sett samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og veikinnar ekki orðið vart innan hennar að minnsta kosti árlangt frá því girt var, og er þá framkvæmdanefnd mæðiveikivarnanna heimilt að ákveða, að varzlan meðfram varðlínunni og viðhald girðingar verði kostuð af ríkissjóði á sama hátt og varzlan meðfram aðalvarðlínum, enda greiði þá sauðfjáreigendur innan þessarar varðlínu gjald það, er um ræðir í síðari málsgrein 18. gr. Viðkomandi sveitir skulu eftir sem áður standa straum af stofnkostnaði girðingarinnar.

3. gr.

Aftan við 3. málsgrein 9. gr. laganna bætist:

Skulu þá dómkvaddir menn meta tjónið, er greiðist af hlutaðeigandi sveitarsjóði, enda séu varnirnar framkvæmdar að meira eða minna leyti í þágu þess sveitarfélags, annars greiði það hreppsfélag, er næst liggur og nýtur varnanna. Úrskurði matsmanna má áfrýja til yfirmats.

4. gr.

3. tölul. 19. gr. laganna skal orða svo:

Til greiðslu á styrk til framræslu vegna tún- eða engjaræktar, endurræktunar í túni, túnasléttunar og til garðræktar, er nemi þrefaldri þeirri fjárhæð, sem nú er greidd á verkeiningu samkvæmt jarðræktarlögunum, ef ekki er um vélavinnu að ræða, annars tvöfaldur styrkur. Til túnauka má greiða allt að jafnháum styrk og jarðræktarstyrknum nemur. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

Heimilt er að verja því styrktarfé, er fellur undir þennan lið, til vinnu við aðrar umbætur á jörðinni, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og að fengnu samþykki mæðiveikinefndar í hverju einstöku tilfelli.

5. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón bænda af völdum mæðiveikinnar, og skal hún þá skipta því fé, er fjárlög ákveða, í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum veikinnar, enda sé jafnframt höfð hliðsjón af afkomumöguleikum þeirra að öðru leyti.

Nú virðist mæðiveikin vera í augljósri rénun hjá einstökum bændum, og er þá heimilt að styrkja þá til þess að koma sér upp fjárstofni og verja til þess fyrst og fremst því fé, sem þeim hefði annars borið samkvæmt 2. og 3. tölul. 19. gr.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um framkvæmdir þær, sem um ræðir í grein þessari.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 226. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

Frá landbúnaðarnefnd.

Þorsteinn Þorsteinsson og Páll Zóphóníasson eru sammála um að mæla með því við hv. deild, að frumvarpið verði samþ. með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Orðin „og fiskmjöl“ í a-lið og c-lið falli burt.

Erlendur Þorsteinsson var ekki á fundi.

Alþingi, 24. apríl 1939.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 227. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breytingar á l. nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1939.

Erl. Þorsteinsson, form. Bj. Snæbjörnsson, fundaskr. Páll Hermannsson, frsm.

Ed. 228. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar á lagaákvæðum um verðtolla.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 24. apríl 1939.

Bernh. Stefánsson, form. Erl. Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Magnús Jónsson.

Nd. 229. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 11. júní 1938, um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa.

Frá Skúla Guðmundssyni, Finni Jónssyni og Pétri Ottesen.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Við 3. gr. laganna bætist nýr stafliður.
   d. Að engum föstum starfsmanni, sem vinnur hjá fyrirtækjunum í landi, séu greidd hærri árslaun en 10 þús. kr., eða sem því svarar fyrir hluta úr ári, þar með talin hverskonar þóknun og hlunnindi, sem starfsmanni eru veitt.
2. 2.—3. gr. verða 3.—4. gr.

Nd. 230. Breytingartillaga

við frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá Bergi Jónssyni.

Á milli 2. og 3. tölul. komi nýr liður, svo hljóðandi:
3. Nordling, Simon Albert, steinsmiður á Patreksfirði, fæddur í Svíþjóð.
Töluröð breytist samkv. því.

Ed. 231. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1939.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 232. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:
1. Höskuldur Þórhallur Ladiger Þórhallsson, tónlistarnemi í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
2. Kristiansen, Jentoft Kornelius, kaupmaður á Seyðisfirði, fæddur í Noregi.
3. Nordling, Simon Albert, steinsmiður á Patreksfirði, fæddur í Svíþjóð.

4. Schröder, Vilhjálmur Hans Alfred, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi.
5. Sigurður Sigurðsson, nemandi í menntaskólanum í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
6. Stangeland, Hans Kornelius Pedersen, kaupmaður á Fáskrúðsfirði, fæddur í Noregi.
7. Weber, Bruno Victor Paul Georg, verzlunarmaður, Hellu, Rangárvöllum, fæddur í Þýzkalandi.

Ed. 233. Nefndarálit

um frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýming hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til við háttvirta deild, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1939.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 234. Lög

um breytingar á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl).

Samhljóða þskj. 181.

Ed. 235. Frumvarp til laga

um breyting á 14. gr. laga nr. 1 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Verksmiðjurnar skulu greiða ½% af brúttó andvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar, þó ekki yfir 30% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár. Þær greiða ekki útsvar í bæjarsjóð eða sveitarsjóð né tekju- og eignarskatt. Heimilt er bæjar- eða sveitarsjóði að leggja á þær fasteignaskatt allt að 0,7%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 236. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

a. Á eftir orðunum „kjarnfóður“ í fyrsta málsl. 2. gr. laganna bætist: annað en síldarmjöl.
b. Orðið „síldarmjöl“ í sama málsl. fellur niður.
c. Á eftir 2. málsl. sömu lagagreinar bætist nýr málsliður:
Óheimilt er að selja síldarmjöl til fóðurs innanlands, nema fram hafi farið flokkun og mat á mjölinu. Tryggingarskírteini skal ætíð fylgja vörunni til kaupanda, þótt minna sé selt en 300 kg. Skal þar tilgreind efnasamsetning mjölsins og umbúðir jafnan merktar verksmiðjumerki.
d. 10. og 11. tölul. sömu lagagreinar falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1939.

Nd. 237. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á 14. gr. l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Finni Jónssyni.

Við 1. gr.
a. Á eftir orðinu „útsvar“ komi: né fasteignaskatt.
b. Síðasti málsl. („Heimilt er ... 0,7%“) falli niður.

Ed. 238. Frumvarp til laga

um breyting á 14. gr. laga nr. 1 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:
Verksmiðjurnar skulu greiða ½% af brúttó andvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar, þó ekki yfir 30% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár. Þær greiða ekki útsvar né fasteignaskatt í bæjarsjóð eða sveitarsjóð né tekju- og eignarskatt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 239. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á 14. gr. laga nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Bernharð Stefánssyni, Erlendi Þorsteinssyni og Árna Jónssyni.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
14. gr. laganna orðist svo:
Verksmiðjurnar skulu greiða ½% af brúttó andvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar, þó ekki yfir 30% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár. Þær greiða ekki útsvar í bæjarsjóð eða sveitarsjóð né tekju- og eignarskatt. Heimilt er bæjar- eða sveitarsjóði að leggja á þær fasteignaskatt allt að 0,7%.

Sþ. 240. Frumvarp til laga

um breyting á 14. gr. laga nr. 1 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:
Verksmiðjurnar skulu greiða ½% af brúttó andvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar, þó ekki yfir 30% af útsvörum viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags það ár. Þær greiða ekki útsvar í bæjarsjóð eða sveitarsjóð né tekju- og eignarskatt. Heimilt er bæjar- eða sveitarsjóði að leggja á þær fasteignaskatt allt að 0,7%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 241. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á 14. gr. l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Finni Jónssyni, Pétri Ottesen og Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr.
a. Á eftir orðinu „útsvar“ komi: né fasteignaskatt.
b. Síðasti málsl. („Heimilt er ... 0,7%“) falli niður.

Sþ. 242. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um ríkisábyrgð á láni fyrir Sauðárkrókshrepp.

Frá fjárveitinganefnd.

Til hafnargerðar á Sauðárkróki hefir á tveimur undanförnum árum verið varið um 620 þús. krónum. Hafnargerðinni er þó enn ekki lokið. Til þess að ljúka við mannvirki þetta og koma því í nothæft ástand, meðal annars með því að koma upp

vatnsveitu í þarfir hafnarinnar, byggja aðgerðar- og síldarsöltunarpall til nota við höfnina, vantar enn 110 þús. krónur, og telja flutningsmenn tillögunnar þess engan kost að afla fjár til framhalds verksins nema ríkisábyrgð fáist fyrir láni, er tekið væri í þessu skyni. En þar sem svo stendur á, að fjárlög verða ekki afgreidd fyrr en í haust, en ærin nauðsyn á því að geta nú þegar eða sem fyrst byrjað á verkinu, svo því yrði lokið fyrir í hönd farandi síldarvertíð, þá þykir ekki mega fresta því að leita þessarar heimildar. Fjárveitinganefnd fellst á það, að nauðsynlegt sé að gera nú þegar eða sem fyrst fyrirhugaðar öryggisráðstafanir að því er það snertir að tryggja hafnargarðinn með grjótfyllingu við hann utanverðan, og eins getur nefndin fallizt á, að það þurfi að hraða byggingu vatnsveitunnar og aðgerðar- og síldarverkunarpallsins, svo starfsemi geti hafizt þarna sem allra fyrst, er gefi höfninni nokkrar tekjur.

Af þessum ástæðum mælir fjárveitinganefnd með því, að þingsályktunartillagan verði samþykkt, þó þannig, að upphæðin verði lækkuð um 15 þús. krónur, og er þá miðað við það, sem áætlað er, að það muni kosta að ljúka verkinu.

Samkvæmt framansögðu er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við hafnargerðina fari upp í 730 þús. kr. og gengið út frá því, að úr ríkissjóði verði greiddur styrkur til þessara framkvæmda, er nemi $^2/_5$ af þessari upphæð. En eins og nefndarálit þetta ber með sér, er kostnaðurinn við vatnsveituna og aðgerðar- og síldarsöltunarpallinn tekinn með í heildarupphæðinni, og er þar tekin upp sama regla og fylgt hefir verið að því er snertir hafnargerðirnar á Skagaströnd og í Hofsósi, og þykir nefndinni sanngjarnt, að styrkur sé veittur til vatnsveitu í þarfir hafnanna, en að þess verði þó gætt, að styrkur í slíkum tilfellum sé eingöngu miðaður við vatnsþörf þeirra.

Þá þykir fjárveitinganefnd rétt að vekja athygli á því, að ákvæðum þeim í lögum um hafnargerð á Sauðárkróki, að Skagafjarðarsýsla skuli ábyrgjast gagnvart ríkissjóði lán til hafnarinnar, hefir ekki verið framfylgt, en í þess stað hefir ríkisstjórninni í fjárlögum verið veitt heimild til þess að ábyrgjast lán í þessu skyni. En aftur á móti hefir verið ákveðið, að sýslusjóður Skagafjarðarsýslu legði fram 100 þús. krónur til hafnargerðarinnar, og væri sú upphæð óafturkræf. Af þessari upphæð munu nú þegar vera greiddar 70 þús. krónur. Fjárveitinganefnd lítur svo á, að ef tillaga þessi verður samþykkt og ef ríkisstjórnin notar heimildina, þá verði ábyrgðin því skilyrði bundin, að greiðslu á eftirstöðvum þessa framlags sýslufélagsins verði lokið á þessu ári.

Nefndin leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Í staðinn fyrir „125000 kr.“ í tillögugreininni komi: 110000 kr.

Alþingi, 25. apríl 1939.

Jónas Jónsson, form., frsm. H. Guðmundsson, fundaskr. Bjarni Bjarnason.
Þorst. Þorsteinsson. Helgi Jónasson. Bernh. Stefánsson.
Pétur Ottesen. Jón Pálmason.

Ed. 243. Lög

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl).

Samhljóða þskj. 68.

Ed. 244. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl).

Samhljóða þskj. 9.

Ed. 245. Lög

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl).

Samhljóða þskj. 232.

Ed. 246. Lög

um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl).

Samhljóða þskj. 182.

Ed. 247. Lög

um breyting á lagaákvæðum um verðtolla.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl).

Samhljóða þskj. 55.

Ed. 248. Lög

um breyting á lögum um verðlag á vörum, nr. 70 31. desember 1937.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl).

Samhljóða þskj. 223.

Ed. 249. Lög

um breyting á lögum nr. 45 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl).

Samhljóða þskj. 225.

Ed. 250. Lög

um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýmingu hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl).

Samhljóða þskj. 206.

Nd. 251. Lög

um breyting á lögum nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

(Afgreidd frá Nd. 25. apríl).

Samhljóða þskj. 236.

Sþ. 252. Þingsályktun

um verksmiðju til vinnslu á síldarlýsi.

(Afgreidd frá Sþ. 25. apríl).

Samhljóða þskj. 165.

Sþ. 253. Breytingartillögur

við till. til þál. á þskj. 211 [Rafveita í Ólafsfirði].

Frá Jörundi Brynjólfssyni, Bjarna Bjarnasyni, Bjarna Ásgeirssyni, Pétri Ottesen, Ólafi Thors, Sveinbirni Högnasyni og Helga Jónassyni.

1. Við tillgr. bætist:

Ennfremur ályktar Alþingi að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast gagnvart Reykjavíkurkaupstað, ef hann tekur að sér að koma upp raforkuveitum til Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar, Þykkvabæjar, Landeyja, Vestmannaeyja, Akraness, Borgarness, Keflavíkur, Garðs og Sandgerðis, til þess að veita þangað háspenntri raforku frá Sogsvirkjuninni og að starfrækja veiturnar til bráðabirgða, að þeim, sem síðar kynnu að hljóta rétt til orkuflutnings á þessum svæðum, verði gert skylt, er hann hefir öðlazt réttinn, að taka við línunum ásamt tilheyrandi mannvirkjum og endurgreiða Reykjavíkurkaupstað útlagðan kostnað, að frádreginni eðlilegri fyrningu, enda sé þá Reykjavíkurkaupstað skylt að afhenda þeim aðiljum línurnar. Á sama hátt sé ríkissjóði heimilt að taka við línunum og Reykjavíkurkaupstað skylt að láta þær af hendi, ef ríkisstjórnin óskar þess.

Takist ekki samningar við Reykjavíkurbæ um framkvæmd verksins, er ríkisstjórninni heimilt að leggja línurnar og starfrækja þær.

Til þessara framkvæmda heimilast ríkisstjórninni að taka lán, innanlands eða erlendis, eða ábyrgjast lán, sem tekið kann að verða í þessu skyni.

Ef rannsóknir þær, sem nú er verið að framkvæma um lausn rafveitumála Borgarfjarðarhéraðs, leiða það í ljós, að tiltækilegra muni og hagkvæmara að virkja Andakílsárfossa heldur en veita til héraðsins raforku frá Sogsvirkjuninni, þá er ríkisstjórninni heimilt að framkvæma þá virkjun ásamt lagningu rafmagnslína og taka til þess lán eða ábyrgjast lán, ef héraðsbúar annast framkvæmd verksins. Sama gildir og um Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjar, ef rannsóknir þær og áætlanir, sem nú er verið að framkvæma um virkjun Tungufoss í Rangá, leiða í ljós, að hagkvæmara muni að fá raforku þaðan til þessara staða.

2. Fyrirsögn till. orðist svo:

Till. til þál. um ríkisábyrgð á láni til raforkuveitu í Ólafsfirði og um framkvæmd raforkumála í Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjum, Gullbringusýslu og Borgarfjarðarhéraði.

Sþ. 254. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 253 [Rafveita í Ólafsfirði].

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 1. lið bætist ný málsgrein:

Er ætlazt til, að íhlutun og tilstyrkur ríkisstjórnar miðist við það, að hjálp ríkisins til rafveitnanna komi til framkvæmda í þeirri röð, að þau kauptún og þær sveitir, er fullnægja bezt skilyrðum að því er þarfir og kostnað snertir, sitji fyrir er til opinberrar hjálpar til framkvæmdanna kemur.

Sþ. 255. Þingsályktun

um stuðning við Eimskipafélag Íslands, ef það byggir vöruflutningaskip, hentugt til Ameríkuferða.

(Afgreidd frá Sþ. 26. apríl).

Samhljóða þskj. 213.

Sþ. 256. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á láni fyrir Sauðárkrókshrepp.

(Afgreidd frá Sþ. 26. apríl).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp allt að 110000 kr. viðbótarlán til hafnargerðar á Sauðárkróki, enda sé lánið tekið innanlands.

Sþ. 257. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á láni fyrir Ólafsfjarðarhrepp til rafveitubyggingar.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl).

Samhljóða þskj. 211.

Sþ. 258. Þingsályktun

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 19. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl).

Samhljóða þskj. 203.

Nd. 259. Frumvarp til laga

um skattfrelsi h/f Eimskipafélags Íslands vegna fyrirhugaðs farþega- og farmskips.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Ef h/f Eimskipafélag Íslands lætur smíða farþega- og farmskip, sem verði að minnsta kosti um 320 fet að lengd og fari á reynsluför um 17½ sjómílu á klukkustund, skal félagið undanþegið:

a) gjöldum til ríkissjóðs vegna innflutnings skipsins til Íslands, skrásetningar þess og þinglestrar eignarheimildarskjala um það, ásamt þar að lútandi stimpilgjöldum,
b) öllum sköttum og gjöldum af skipinu til ríkissjóðs eða annara opinberra sjóða í fyrstu tíu árin eftir að það byrjar siglingar.

2. gr.

Meðan félagið nýtur skattfrelsis þess, sem um ræðir í 1. gr., staflið b, er því óheimilt að selja skipið, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á árinu 1936 ákvað aðalfundur Eimskipafélags Íslands, að hafizt skyldi handa um undirbúning smíða á nýju farþega- og flutningaskipi, sem væri stærra en þau skip, sem félagið hafði þá og hefir í förum, og uppfyllti betur kröfur þær, sem nú eru gerðar um hraða og útbúnað á farþegaskipum, en þau skip gera, sem félagið á nú. Fól fundurinn félagsstjórninni undirbúning málsins, en verulegur skriður komst þó ekki á það fyrr en eftir aðalfund félagsins 1938. Á þeim fundi var endurnýjuð samþykkt fundarins 1936 um smíði skipsins og stjórn félagsins falið að koma málinu í framkvæmd. Ákvað félagsstjórnin, eftir athugun allra málavaxta, að láta smíða skipið, ef ríkisstjórnin gæfi fyrirheit um það, að vilja stuðla að því á Alþingi, að skipið yrði gjaldfrjálst til ríkissjóðs. Sneri félagsstjórnin sér síðan til atvinnumálaráðuneytisins með málaleitun út af þessu.

Með bréfi, dags. 3. nóvember 1938, gaf ráðuneytið fyrirheit um stuðning sinn við málið, ef félagsstjórnin gæti lagt fram áætlun um yfirfærslu skipverðsins, sem væri framkvæmanleg að áliti ríkisstjórnarinnar og gjaldeyrisnefndar, enda samþykkti ráðuneytið kaupsamninginn um skipið.

Ráðuneytið telur, að þeim skilyrðum, sem það setti fyrir stuðningi sínum við málið með téðu bréfi, hafi verið fullnægt af félagsstjórninni, og hefir því heitið félaginu að leggja til við Alþingi, að það styrki félagið til skipakaupanna á þann hátt, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ed. 260. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 7 11. marz 1930.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7 11. marz 1930 hljóði svo: Aðalfundur hlutafélagsins kýs fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu og fimm til vara á sama hátt, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að efni til samhljóða bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 12. júní s.l. og hér með fylgja, að öðru leyti en því, að ákvæði til bráðabirgða er fellt burt.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 7 11. marz 1930.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að í 6. gr. laga nr. 7 11. marz 1930 sé ákveðið, að kjósa skuli fimm menn í bankaráð Útvegsbanka Íslands h.f., en hinsvegar vanti í greininni ákvæði um kosningu varamanna bankaráðsmanna. Er því hætta á því að meiri hluti bankaráðsins geti orðið forfallaður og bankaráðið því ekki ályktunarfært. Samkvæmt þessu verðum Vér að telja brýna nauðsyn samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar að setja bráðabirgðalög um þetta efni. Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7 11. marz 1930 hljóði svo: Aðalfundur hlutafélagsins kýs fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu og fimm til vara á sama hátt, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á næsta aðalfundi Útvegsbankans skal kjósa varamenn fyrir alla fulltrúaráðsmenn til jafnlangs tíma og aðalfulltrúaráðsmennirnir, sem nú eru, eru kosnir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 12. júní 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Nd. 261. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 10 4. apríl 1939 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef gengi sterlingspunds gagnvart dollar breytist, þannig að færri dollarar verði í sterlingspundi en 4.15, skal sölugengi erlends gjaldeyris þó ákveðast þannig, að sölugengi dollars verði kr. $\frac{27.00}{4.15}$ og annars erlends gjaldeyris í samræmi við það.

2. gr.

Aftan við 3. gr. sömu laga komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er þó, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiða sjómönnum á ófriðartímum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að efni til samhljóða bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 18. sept. s.l. og hér með fylgja.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna ófriðarins í Norðurálfu, sem nú geisar, hafi viðhorfið breytzt mjög frá því, er var þegar lög nr. 10 4. apríl 1939 voru sett, og þykir því eigi rétt að ákveða nú sölugengi erlends gjaldeyris á þann hátt, sem gert er í 1. gr. þeirra laga. Ennfremur, að nú þykir ástæða til, sökum hins óvenjulega ástands, að heimila að greiða sjómönnum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu, þrátt fyrir bannið í 3. gr. sömu laga. - - Með því að svo er ástatt, sem að framan segir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. grein stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 10 4. apríl 1939 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef gengi sterlingspunds gagnvart dollar breytist, þannig að færri dollarar verði í sterlingspundi en 4.15, skal sölugengi erlends gjaldeyris þó ákveðast þannig, að sölugengi dollars verði kr. $\frac{27.00}{4.15}$ og annars erlends gjaldeyris í samræmi við það.

2. gr.

Aftan við 3. gr. sömu laga komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er þó, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiða sjómönnum á ófriðartímum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 18. september 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Nd. 262. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Á eftir 5. gr. laga nr. 70 31. des. 1937 komi ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi, og eftirfarandi greinatala breytist samkvæmt því:

Bannað er að hækka hundraðshluta álagningar á vörum fram yfir það, sem tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum fyrir 1. sept. síðastliðinn, nema með sérstöku leyfi verðlagsnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að efni til samhljóða bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 6. október s.l. og hér með fylgja.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir, að almennt verði hækkuð álagning á vörur. Sökum hins óvenjulega ástands, sem ófriðurinn hefir orsakað, teljum Vér brýna nauðsyn til þess að gefa út bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 70 31. des. 1937, hér að lútandi, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Á eftir 5. gr. laga nr. 70 31. des. 1937 komi ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi, og eftirfarandi greinatala breytist samkvæmt því:

Bannað er að hækka hundraðshluta álagningar á vörum fram yfir það, sem tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum fyrir 1. sept. síðastliðinn, nema með sérstöku leyfi verðlagsnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 6. október 1939.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Ed. **263. Frumvarp til laga**

um hitaveitu Reykjavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur rekur hitaveitu, sem hefir einkaleyfi til þess að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið, þar sem bæjarstjórn ákveður, og einkarétt til þess að selja heitt vatn til upphitunar á húsum, sem ná til hitaveitunnar. Bæjarstjórn setur reglugerð um rekstur hitaveitunnar, sem ríkisstjórnin staðfestir.

2. gr.

Þegar bæjarstjórnin hefir leitt heitt vatn frá jarðhitasvæði jarðanna Reykja og Reykjahvols í Mosfellssveit, getur bæjarstjórnin bannað, að hús, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá hitaveitunni.

Vatnshitunarkerfi, sem nú eru, eða sett verða í ný hús eða gömul, skulu þannig gerð, eða breytt svo, að þau megi tengja við hitaveituna.

3. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar vatnsæðar hitaveitunnar skuli lagðar um bæinn. Húseigendur kosta lagningu heimæða eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórn setur, en ríkisstjórn staðfestir, og skal ákveða gjaldið með hliðsjón af hitaþörf húseignarinnar. Heimæðarnar verða eign hitaveitunnar, sem sér um viðhald þeirra húseigendum að kostnaðarlausu.

Bæjarstjórn getur samið við húseiganda um að hann endurgreiði heimæðakostnaðinn, auk 6% ársvaxta, með jöfnum afborgunum á allt að 5 árum, enda hefir bæjarstjórn þá veðrétt í húseigninni, er gengur fyrir öllum samningsveðskuldum í eitt ár frá gjalddaga, og þarf ekki að þinglýsa þeim veðrétti.

4. gr.

Bæjarstjórn hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga sem henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar þær, sem húseigendur kosta, og tengja þær við kerfi hitaveitunnar, og skulu þeir fara eftir reglum, er bæjarstjórn setur.

Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá hitaveitunni inn í hús í bænum.

5. gr.

Hitaveita Reykjavíkur selur húseigendum heitt vatn til upphitunar húsa og annara nota eftir því, sem reglugerð ákveður, með verði, sem skal ákveðið í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ríkisstjórnin staðfestir.

6. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem vatnsleiðslur hitaveitunnar verða lagðar, svo og lóðareigendur og lóðarleigjendur í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem með þarf til þess að veita megi vatninu til Reykjavíkur og um bæinn, þar með talið grjóttak, malartekja og rista svo og mannvirki, og að þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hitaveitan kann að hafa í för með sér, gegn bótum fyrir landspjöll eftir fyrirmælum vatnalaganna.

7. gr.

Til tryggingar skuldbindingum, sem bæjarstjórnin tekur á sig, með samþykki ríkisstjórnarinnar, í því skyni að lögð verði hitaveita til bæjarins frá jarðhita-

svæðum Reykja og Reykjahvols, sem og til tryggingar lánum, sem bæjarstjórnin kann síðar að taka vegna þessara framkvæmda eða til reksturs hitaveitunnar, getur bæjarstjórnin sett allt fyrirtækið að veði.

Nær slík veðsetning til allra réttinda fyrirtækisins, þ. á. m. sérstaklega einkaréttinda samkvæmt 1. grein, svo og allra eigna, sem nauðsynlegar eru til þess að stofna fyrirtækið og starfrækja, sem eru: Vatn, vatnsréttindi og önnur hitaréttindi, land og réttindi til landsafnota, borholur, aðveituæðar til dælistöðva, dælistöð með öllum vélum, aðalleiðsla til Reykjavíkur, vatnsgeymar við Reykjavík, allar leiðslur um bæinn, þar á meðal heimæðar, mælar í húsum, bústaðir vélgæzlumanna við dælistöð og yfirleitt öll mannvirki, sem gerð eru vegna fyrirtækisins, með öllum endurbótum og viðaukum.

Veðsetningin öðlast fullt gildi við þinglestur í Reykjavík, hvar sem hinar veðsettu eignir fyrirtækisins eru.

Vanefni bæjarstjórnin skyldur sínar samkvæmt veðskuldbindingunni, skal veðhafa heimilt að taka fyrirtækið í sínar hendur og reka það fyrir eiginn reikning, eða fá öðrum rekstur þess í hendur, með öllum skyldum og réttindum, sem bæjarstjórn rak það, þar til úr vanefndum um greiðslu áfallinna vaxta og afborgana hefir verið bætt að skaðlausu, en auk þess er veðhafa heimilt að ganga að veðinu, ef hann kýs það heldur.

Komi til þess, að veðhafi eða nýr eigandi taki fyrirtækið í sínar hendur, geta þeir rekið það með sama rétti, sem bæjarstjórnin hafði, og getur hvorki bæjarstjórnin né önnur stjórnarvöld torveldað reksturinn á nokkurn hátt, og má þá ekki heldur leggja á hann nokkurt afgjald eða skatta, hvorki beint né óbeint.

Réttur veðhafa til að ganga að fyrirtækinu eða taka það í sínar hendur er þó bundinn því skilyrði, að hvenær sem er getur bæjarstjórnin leyst aftur til sín fyrirtækið með því að greiða veðhafanum eða hinum nýja eiganda áfallna vexti og afborganir að skaðlausu ásamt kostnaði þeirra við yfirtökuna og reksturinn, þar á meðal reksturstap þeirra.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, sem bæjarstjórn Reykjavíkur tekur til stofnunar hitaveitu samkvæmt lögum þessum, allt að 8,5 milljónum íslenzkra króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í annari mynt.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem verða settar samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41 14. maí 1938 og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um hitaveitu Reykjavíkur.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Félagsmálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að til þess að unnt verði að koma í framkvæmd og tryggja rekstur fyrirhugaðrar hitaveitu fyrir Reykjavík frá jarðhitasvæðum jarðanna Reykja og Reykjahvols í Mosfellssveit, sé nauðsynlegt að setja með bráðabirgðalögum ákvæði um stofnun og starfrækslu hitaveitunnar, svo og um ábyrgð ríkissjóðs á lánum, sem bæjarstjórn Reykjavíkur tekur til þessara framkvæmda, og um tryggingar lánveitanda fyrir lánunum. Samkvæmt þessu teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög um hitaveitu Reykjavíkur.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur rekur hitaveitu, sem hefir einkaleyfi til þess að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið, þar sem bæjarstjórn ákveður, og einkarétt til þess að selja heitt vatn til upphitunar á húsum, sem ná til hitaveitunnar. Bæjarstjórn setur reglugerð um rekstur hitaveitunnar, sem ríkisstjórnin staðfestir.

2. gr.

Þegar bæjarstjórnin hefir leitt heitt vatn frá jarðhitasvæði jarðanna Reykja og Reykjahvols í Mosfellssveit, getur bæjarstjórnin bannað, að hús, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá hitaveitunni.

Vatnshitunarkerfi, sem nú eru, eða sett verða í ný hús eða gömul, skulu þannig gerð, eða breytt svo, að þau megi tengja við hitaveituna.

3. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar vatnsæðar hitaveitunnar skuli lagðar um bæinn. Húseigendur kosta lagningu heimæða eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórn setur, en ríkisstjórn staðfestir, og skal ákveða gjaldið með hliðsjón af hitaþörf húseignarinnar. Heimæðarnar verða eign hitaveitunnar, sem sér um viðhald þeirra húseigendum að kostnaðarlausu.

Bæjarstjórn getur samið við húseiganda um að hann endurgreiði heimæðakostnaðinn, auk 6% ársvaxta, með jöfnum afborgunum á allt að 5 árum, enda hefir bæjarstjórn þá veðrétt í húseigninni, er gengur fyrir öllum samningsveðskuldum í eitt ár frá gjalddaga, og þarf ekki að þinglýsa þeim veðrétti.

4. gr.

Bæjarstjórn hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga sem henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar þær, sem húseigendur kosta, og tengja þær við kerfi hitaveitunnar, og skulu þeir fara eftir reglum, er bæjarstjórn setur.

Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá hitaveitunni inn í hús í bænum.

5. gr.

Hitaveita Reykjavíkur selur húseigendum heitt vatn til upphitunar húsa og annara nota eftir því, sem reglugerð ákveður, með verði, sem skal ákveðið í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ríkisstjórnin staðfestir.

6. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem vatnsleiðslur hitaveitunnar verða lagðar, svo og lóðareigendur og lóðarleigjendur í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem með þarf til þess að veita megi vatninu til Reykjavíkur og um bæinn, þar með talið grjóttak, malartekja og rista svo og mannvirki, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hitaveitan kann að hafa í för með sér, gegn bótum fyrir landspjöll eftir fyrirmælum vatnalaganna.

7. gr.

Til tryggingar skuldbindingum, sem bæjarstjórnin tekur á sig, með samþykki ríkisstjórnarinnar, í því skyni að lögð verði hitaveita til bæjarins frá jarðhitasvæðum Reykja og Reykjahvols, sem og til tryggingar lánum, sem bæjarstjórnin kann síðar að taka vegna þessara framkvæmda eða til reksturs hitaveitunnar, getur bæjarstjórnin sett allt fyrirtækið að veði.

Nær slík veðsetning til allra réttinda fyrirtækisins, þ. á m. sérstaklega einkaréttinda samkvæmt 1. grein, svo og allra eigna, sem nauðsynlegar eru til þess að stofna fyrirtækið og starfrækja, sem eru: Vatn, vatnsréttindi og önnur hitaréttindi, land og réttindi til landsafnota, borholur, aðveituæðar til dælistöðvar, dælistöð með öllum vélum, aðalleiðsla til Reykjavíkur, vatnsgeymar við Reykjavík, allar leiðslur um bæinn, þar á meðal heimæðar, mælar í húsum, bústaðir vélgæzlumanna við dælistöð og yfirleitt öll mannvirki, sem gerð eru vegna fyrirtækisins, með öllum endurbótum og viðaukum.

Veðsetningin öðlast fullt gildi við þinglestur í Reykjavík, hvar sem hinar veðsettu eignir fyrirtækisins eru.

Vanefni bæjarstjórnin skyldur sínar samkvæmt veðskuldbindingunni, skal veðhafa heimilt að taka fyrirtækið í sínar hendur og reka það fyrir eiginn reikning, eða fá öðrum rekstur þess í hendur, með öllum skyldum og réttindum, sem bæjarstjórn rak það, þar til úr vanefndum um greiðslu áfallinna vaxta og afborgana hefir verið bætt að skaðlausu, en auk þess er veðhafa heimilt að ganga að veðinu, ef hann kýs það heldur.

Komi til þess, að veðhafi eða nýr eigandi taki fyrirtækið í sínar hendur, geta þeir rekið það með sama rétti, sem bæjarstjórnin hafði, og getur hvorki bæjarstjórnin né önnur stjórnarvöld torveldað reksturinn á nokkurn hátt, og má þá ekki heldur leggja á hann nokkurt afgjald eða skatta, hvorki beint né óbeint.

Réttur veðhafa til að ganga að fyrirtækinu eða taka það í sínar hendur er þó bundinn því skilyrði, að hvenær sem er getur bæjarstjórnin leyst aftur til sín fyrirtækið með því að greiða veðhafanum eða hinum nýja eiganda áfallna vexti og afborganir að skaðlausu ásamt kostnaði þeirra við yfirtökuna og reksturinn, þar á meðal reksturstap þeirra.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, sem bæjarstjórn Reykjavíkur tekur til stofnunar hitaveitu samkvæmt lögum þessum, allt að 5,8 milljónum íslenzkra króna eða jafngildi þeirrar upphæðar í annari mynt.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem verða settar samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41 14. maí 1938 og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Marselisborg, 12. ágúst 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 264. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 9. janúar 1935, um verkamannabústaði.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Aftan við 3. mgr. 4. gr. laganna bætist orðin: Enda fullnægi félagið skilyrðum 6. gr. þessara laga.

2. gr.

Á undan 1. tölulið 6. gr. komi nýr töluliður, sem verður 1. töluliður, svo hljóðandi, enda breytast töluliðir greinarinnar samkvæmt því:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð 5 mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðs þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að félagsmálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að þar sem bæði ríkissjóður og sveitarsjóðir leggja fram miklar fjárhæðir árlega til styrktar byggingarfélögum verkamanna, auk þess, sem þeim eru veitt ýms önnur hlunnindi, þá sé full þörf á, að ríkisstjórnin hafi eftirlit með starfsemi félaganna, til þess að tryggt verði, að þau starfi lögum samkvæmt og

fyllsta réttlætis og hagsýni sé gætt í hvívetna. Samkvæmt þessu teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar bráðabirgðalög til umbóta á téðum lögum nr. 3 9. janúar 1935, um verkamannabústaði.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Aftan við 3. mgr. 4. gr. laganna bætist orðin: Enda fullnægi félagið skilyrðum 6. gr. þessara laga.

2. gr.

Á undan 1. tölulið 6. gr. komi nýr töluliður, sem verður 1, töluliður, svo hljóðandi, enda breytast töluliðir greinarinnar samkvæmt því:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð 5 mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðs þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 27. maí 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 265. Frumvarp til laga

um sölu og útflutning á vörum.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

2. gr.

Leyfi til útflutnings á íslenzkum vörum, sem veitt hafa verið af ríkisstjórninni eða einstökum stofnunum fyrir gildistöku þessara laga, eru úr gildi fallin.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka löggildingu ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur falið nefnd, er hún skipar, að fara með það vald, er henni er veitt samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, er við kemur framkvæmd þessara laga, þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 10 1. febrúar 1936, og bráðabirgðalög frá 29. ágúst 1939.

7. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100000 krónum, eða fangelsi ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals nr. 1 hér á eftir. Með bráðabirgðalögum 12. september 1939, sem prentuð eru á því fylgiskjali, voru bráðabirgðalög 29. ágúst 1939 numin úr gildi, og eru þau bráðabirgðalög prentuð sem fylgiskjal nr. 2 hér á eftir.

Fylgiskjal 1.

Bráðabirgðalög um sölu og útflutning á vörum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að sökum ófriðarins, er nú geisar í Norðurálfu, þurfi ríkisstjórnin að hafa fullkomnara eftirlit með sölu og útflutningi á öllum þeim vörum, sem flytja á burt af landinu, en áður hefir verið.

Telur atvinnumálaráðherra, að brýn nauðsyn sé til þess að setja um þetta efni bráðabirgðalög, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

2. gr.

Leyfi til útflutnings á íslenzkum vörum, sem veitt hafa verið af ríkisstjórninni eða einstökum stofnunum fyrir gildistöku þessara laga, eru úr gildi fallin.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka löggildingu ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur falið nefnd, er hún skipar, að fara með það vald, er henni er veitt samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, er við kemur framkvæmd þessara laga, þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 10 1. febrúar 1936, og bráðabirgðalög frá 29. ágúst 1939.

7. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100000 krónum, eða fangelsi ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfríhöll, 12. september 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Fylgiskjal 2.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á vörum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að sökum yfirvofandi ófriðarhættu sé þörf á heimild handa ríkisstjórninni til að banna útflutning á vörum. Verðum Vér að telja brýna nauðsyn til þess að setja bráðabirgðalög um þetta samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar. Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að banna að flytja út úr landinu vörur, sem hún telur nauðsynlegar. Ennfremur að upphefja áður veitt leyfi til útflutnings á þeim vörum, sem sérstakt leyfi ríkisstjórnarinnar hefir þurft til þess að flytja út.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða eða annara ákvæða, sem sett kunna að verða, varða sektum allt að 100000 krónum, og skal farið með mál út af þeim eins og almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á konungsskipinu „Dannebrog" í Kaupmannahöfn, 29. ágúst 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Nd.

266. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Ríkisstjórnin getur, er hún telur nauðsynlegt vegna yfirvofandi eða yfirstandandi ófriðar eða hliðstæðs ástands, fyrirskipað, að enginn megi láta neitt uppi við óviðkomandi menn um ferðir íslenzkra eða erlendra skipa.

Nú notar ríkisstjórnin heimild þá, sem henni er veitt í lögum þessum, og taka þá bannfyrirmæli hennar til allra upplýsinga um burtför skips úr höfn, um ferð þess frá einni höfn til annarar, um það hvar skipið er statt á hverjum tíma, um ákvörðunarstað þess og komu í höfn í ferð eða að lokinni ferð, svo og til allra upplýsinga um farm skips og farþega.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera allar þær ráðstafanir, sem henni þykir þurfa til þess að bannfyrirmæli þau, sem um ræðir í 1. gr., komi að haldi, þar á meðal að láta stöðva símskeyti um ferðir skipa, ef þurfa þykir.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 krónum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að vegna siglingahættu þeirrar, sem af stórveldaófriðnum stafar, sé nauðsynlegt að heimila ríkisstjórninni með bráðabirgðalögum, samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar, að banna upplýsingar um skipaferðir o. fl. Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur, er hún telur nauðsynlegt vegna yfirvofandi eða yfirstandandi ófriðar eða hliðstæðs ástands, fyrirskipað, að enginn megi láta neitt uppi við óviðkomandi menn um ferðir íslenzkra eða erlendra skipa.

Nú notar ríkisstjórnin heimild þá, sem henni er veitt í lögum þessum, og taka þá bannfyrirmæli hennar til allra upplýsinga um burtför skips úr höfn, um ferð þess frá einni höfn til annarar, um það hvar skipið er statt á hverjum tíma, um

ákvörðunarstað þess og komu í höfn í ferð eða að lokinni ferð, svo og til allra upplýsinga um farm skips og farþega.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera allar þær ráðstafanir, sem henni þykir þurfa til þess að bannfyrirmæli þau, sem um ræðir í 1. gr., komi að haldi, þar á meðal að láta stöðva símskeyti um ferðir skipa, ef þurfa þykir.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10000 krónum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 20. október 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. 267. Frumvarp til laga

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1937.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

		Áætlun kr.	Reikningur kr.
	I. Innborganir:		
1.	Tekjur samkv. 2. gr. fjárlaga	12605000.00	13822888.26
2.	— — 3. gr. A. —	2719860.00	3814322.42
3.	— — 3. gr. B. —	20450.00	36520.28
4.	— — 4. gr. —	507070.00	541223.98
5.	— — 5. gr. —	50000.00	80903.32
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	454051.00	2200166.12
7.	Greiðslujöfnuður	82880.00	
		16439311.00	20496024.38
	II. Útborganir:		
1.	Gjöld samkv. 7. gr. fjárlaga	1522000.00	1759070.71
2.	— — 8. gr. —	60000.00	60000.00
3.	— — 9. gr. —	225920.00	327102.24
4.	— — 10. gr. —	490446.00	508972.91
5.	— — 11. gr. A. —	1289620.00	1556848.31
6.	— — 11. gr. B. —	284000.00	321286.73
7.	— — 12. gr. —	774178.00	990638.18
8.	— — 13. gr. A. —	1572852.00	1910051.87
9.	— — 13. gr. B. —	618000.00	710083.46
10.	— — 13. gr. C. —	636450.00	690926.07
11.	— — 14. gr. A. —	378120.00	379367.68
12.	— — 14. gr. B. —	1641567.00	1918540.29

		Áætlun kr.	Reikningur kr.
13.	Gjöld samkv. 15. gr. fjárlaga	216160.00	211499.25
14.	— — 16. gr. —	3168050.00	3825267.15
15.	— — 17. gr. —	1544000.00	1397711.30
16.	— — 18. gr. —	336683.00	351690.45
17.	— — 19. gr. —	100000.00	314281.14
18.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	1581265.00	2812357.31
19.	Greiðslujöfnuður		450329.33
		16439311.00	20496024.38

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1937 verður lagður fyrir þetta Alþingi. Vísast til hans um alla nánari sundurliðun tekna og gjalda.

Sþ. 268. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1937.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1937, eru veittar kr. 1683406.73 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 1958846.81 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—14. gr. hér á eftir, samtals kr. 3637163.13.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstsjóður:

1.	Póststjórnarkostnaður	kr.	1661.15
2.	Pósthúsið í Reykjavík	—	51296.74
3.	Póstafgreiðslur	—	652.45
5.	Önnur gjöld	—	22325.97
	samtals	kr.	75936.31

af kr. 203160.02 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

2. Landssíminn:

a.	Til einkasíma í sveitum	kr.	14822.18
b.	1. Aðalskrifstofa landssímans	—	2835.14
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	—	43729.70
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	—	12181.93
	5. Bæjarsími Reykjavíkur og Hafnarfjarðar ..	—	64776.95
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	—	15349.06
	8. — á Seyðisfirði	—	3406.61
	9. — á Ísafirði	—	3088.94
	10. Símastöðin á Borðeyri	—	2406.31
	11. — í Vestmannaeyjum	—	5498.94
	12. — á Siglufirði	—	10807.26
c.	Eyðublöð o. fl.	—	5710.94
d.	Viðbót og viðhald	—	7830.24
e.	Ferðalög	—	625.70
f.	Viðhald símanna	—	65780.61

g.	Framhaldsgjald	kr.	4964.87
h.	Til kennslu	—	32.90
i.	Tillag til skrifstofu í Bern	—	868.61
j.	Burðargjald	—	3550.00
	samtals	kr.	268266.89

af kr. 278543.54 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

Eignabreytingar:

1.	Afborganir af lánum	kr.	309.92
2.	Til viðauka símakerfa	—	10897.05
3.	Til nýrra símalína	—	18597.35
4.	Talstöðvar í bátum	—	19153.92
5.	Til loftskeytastöðva í skipum	—	34044.15
6.	Fyrningarsjóður lagður í banka	—	27153.06
	samtals	kr.	110155.45

3. Áfengisverzlun ríkisins:

1.	Laun starfsmanna	kr.	4796.37
3.	Húsaleiga, ljós, hiti og annar kostnaður	—	8916.43
6.	Til menningarsjóðs	—	35000.00
7.	Lagt til hliðar fyrir útsvari	—	40000.00
	samtals	kr.	88712.80

af kr. 701663.79 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

4. Tóbakseinkasala ríkisins:

	Gjöld 1.—7.	kr.	5090.41

af kr. 91227.27 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

5. Ríkisútvarpið:

a.	1. Laun starfsmanna	kr.	24722.40
	2. Útvarpsefni	—	17433.17
	3. Skrifstofukostnaður	—	16701.92
	4. Húsaleiga, ljós og hiti	—	4107.31
	7. Ýms gjöld	—	5524.27
c.	Fyrning	—	4747.80
	samtals	kr.	73236.87

af kr. 59909.68 umfram fjárlagaáætlun á tekjum ríkisútvarpsins og kr. 95706.90 umfram fjárlagaáætlun á nettóhagnaði viðtækjaverzlunar ríkisins.

6. Viðtækjaverzlun ríkisins:

	Gjöld 1.—8.	kr.	103614.84

af kr. 269321.74 brúttóhagnaði af sölu viðtækja að frádregnum kr. 70000.00 áætluðum nettóhagnaði viðtækjaverzlunarinnar, er rynni til ríkisútvarpsins.

7. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

	Gjöld 1.—10.	kr.	444808.02

af kr. 499422.38 brúttóhagnaði prentsmiðjunnar.

8. Landssmiðjan:

	Gjöld 1.—7.	kr.	115228.35

af kr. 123553.86 brúttóhagnaði smiðjunnar.

9. Vífilsstaðabúið:

Gjöld 1.—5. ..... kr. 46024.34
en bruttótekjur búsins námu kr. 41563.31.

10. Kleppsbúið:

Gjöld 1.—5. ..... kr. 29146.11
en bruttótekjur búsins námu kr. 27083.14.

11. Reykjabúið:

Gjöld 1.—7. ..... kr. 37739.03
af kr. 49386.99 bruttótekjum búsins.

12. Raftækjaeinkasala ríkisins:

Gjöld 1.—6. ..... kr. 164979.10
af kr. 298489.36 bruttóhagnaði einkasölunnar, þegar frá hefir verið dreginn hluti bæjar- og sýslufélaga af nettóhagnaði.

13. Bifreiðaeinkasala ríkisins:

Gjöld 1.—8. ..... kr. 65865.22
af kr. 167257.96 bruttóhagnaði einkasölunnar, þegar frá hefir verið dreginn hluti bæjar- og sýslufélaga af nettóhagnaði.

14. Grænmetisverzlun ríkisins:

Gjöld 1.—3. ..... kr. 52111.01
af kr. 85092.75 bruttótekjum.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. B. er veitt:

Arnarhvoll:

Gjöld 2. ..... kr. 2491.98
af kr. 1780.00 tekjum umfram fjárlagaáætlun og kr. 431.94, sem sparast af fjárlagaáætlun á vöxtum af lánum, sem á húsinu hvíla.

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:
Vextir af lánum ríkissjóðs:

1.	Innlend lán	kr.	48498.15	
3.	Ensk lán	—	23992.26	
4.	Aðrir vextir	—	165134.95	
				kr. 237625.36

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I.	Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.:			
	2. Til utanferða ráðherra	kr.	809.66	
	3. a. 1. Atvinnumálaráðuneytið	—	1150.00	
	2. Dómsmálaráðuneytið	—	11544.06	
	4. Aðrir starfsmenn	—	1074.00	
	b. Annar kostnaður	—	29661.83	
	4. Ríkisféhirzla og bókhald:			
	a. Laun	—	1112.60	
	b. Annar kostnaður	—	1493.69	
	5. Pappír o. fl.	—	902.15	
	6. Útgáfa stjórnartíðindanna:			
	a. Þóknun fyrir ritstjórn	—	700.00	
	b. Pappír og prentun	—	2532.25	
	7. Umbót og viðhald á stjórnarráðshúsi	—	3625.32	
		Flyt kr.	54605.56	kr. 237625.36

	Flutt	kr. 54605.56	kr.	237625.36
II. Hagstofan:				
4. Húsaleiga	—	301.99		
6. Annar kostnaður	—	695.03		
III. Utanríkismál o. fl.:				
1. d. Til skrifstofuhalds	—	246.35		
2. Til meðferðar utanríkismála	—	4223.76		
4. Kostnaður við sambandslaganefnd	—	1250.00		
			—	61322.69
5. gr.				
Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:				
1. Hæstiréttur:				
b. Annar kostnaður	kr.	7199.28		
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	—	3408.48		
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:				
a. Laun og aðstoð	—	11205.00		
b. Húsaleiga o. fl.	—	260.00		
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:				
a. Laun og aðstoð	—	7907.14		
b. Húsaleiga o. fl.	—	1800.00		
c. Ýmisleg gjöld	—	3196.01		
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Rvík:				
a. Laun og aðstoð	—	6375.00		
c. Ýmisleg gjöld	—	10243.47		
7. Toll- og löggæzla:				
a. Í Reykjavík:				
1. Laun og aðstoð	—	14539.70		
2. Annar kostnaður	—	7729.08		
c. Vegaeftirlit:				
1. Laun	—	840.00		
2. Annar kostnaður	—	500.00		
8. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	—	33325.00		
9. Til landhelgisgæzlu	—	35194.09		
10. Til hegningarhússins í Reykjavík	—	795.54		
11. Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni	—	21343.00		
13. Sakamála- og lögreglumálakostnaður	—	21394.22		
14. Borgun til sjódómsmanna	—	528.00		
16. Kostnaður við löggildingu voga og mælitækja	—	8178.14		
18. Laun sáttasemjara í vinnudeilum	—	575.00		
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:				
1. b. Fyrir embættisskeyti	kr.	21532.09		
3. Til embættiseftirlitsferða	—	1162.15		
4. Gjöld til skattanefnda, yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar	—	14907.07		
5. Til ríkisskattanefndar	—	8240.00		
6. Eyðublöð o. fl.	—	5145.12		
			kr.	247522.58
6. gr.				
Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:				
Til læknaskipunar og heilbrigðismála:				
11. Landsspítalinn	kr.	35000.51		
12. Holdsveikraspítalinn	—	3594.38		
	Flyt	kr. 38594.89	kr.	546470.63

	Flutt	kr. 38594.89	kr.	546470.63
13. Kleppur: I. Gamli spítalinn		— 3866.62		
— II. Nýji spítalinn		— 36163.58		
14. Heilsuhælið á Vífilsstöðum		— 48475.45		
15. Heilsuhælið á Reykjum		— 3014.30		
16. Heilsuhælið í Kristnesi		— 7939.04		
18. Önnur gjöld:				
a. Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli		— 50.00		
m. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum		— 123.80		
r. Til styrktar mönnum, er þurfa gervilimi		— 6057.75		
w. Sjúkrastyrkur til Jakobs Lárussonar		— 155.50		
19. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		— 627.26		
			—	145068.19

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Vegamál:

I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:				
3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	kr.	2190.26		
4. Til aðstoðar og mælinga	—	19878.05		
5. Skrifstofukostnaður	—	2250.65		
II. Þjóðvegir:				
1. Kjósarvegur	—	39.40		
2. Hafnarfjallsvegur	—	173.43		
3. Hálsasveitarvegur	—	46.93		
4. Mýravegur	—	726.71		
5. Álftaneshreppsvegur	—	3.01		
6. Stykkishólmsvegur	—	10.24		
7. Ólafsvíkurvegur	—	4.13		
8. Saurbæjarvegur	—	32.68		
9. Suðurdalavegur	—	118.49		
10. Rauðasandsvegur	—	9.30		
11. Patreksfjarðarvegur	—	5.50		
14. Langadalsvegur	—	54.87		
15. Steingrímsfjarðarvegur	—	1623.21		
16. Kollafjarðarvegur	—	26.14		
17. Bitruvegur	—	21.22		
18. Holtavörðuheiðarvegur	—	489.67		
19. Hrútafjarðarvegur	—	606.32		
20. Vesturhópsvegur	—	64.71		
21. Húnvetningabraut	—	2.66		
22. Blönduhlíðarvegur	—	4.22		
23. Út-Blönduhlíðarvegur	—	3421.93		
24. Hofsósvegur	—	22.41		
25. Fljótavegur	—	18.33		
26. Siglufjarðarskarð	—	28.23		
27. Öxnadalsvegur	—	38.82		
28. Ljósavatnsskarðsvegur	—	78.49		
29. Kinnarbraut	—	3.21		
30. Kópaskersvegur	—	1.82		
	Flyt	kr. 31995.04	kr.	691538.82

	Flutt	kr.	31995.04	kr.	691538.82
31.	Raufarhafnarvegur	—	79.90		
32.	Þistilfjarðarvegur	—	175.68		
33.	Brekknaheiðarvegur	—	56.29		
34.	Bakkafjarðarvegur	—	315.87		
35.	Vopnafjarðarvegur	—	546.14		
37.	Úthéraðsvegur	—	82.34		
40.	Fáskrúðsfjarðarvegur	—	9.59		
42.	Berunesvegur	—	154.96		
43.	Til vega á Mýrum, Nesjum og Lóni	—	207.67		
44.	Síðuvegur	—	173.10		
45.	Mýrdalsvegur	—	189.27		
46.	Eyjafjallavegur	—	17.22		
48.	Landvegur	—	146.67		
49.	Gnúpverjahreppsvegur	—	129.31		
50.	Hrunamannahreppsvegur	—	393.20		
b.	Viðhald og umbætur	—	209094.31		
c.	Til þjóðvega af benzínskatti:				
1.	Til malbikunar á Elliðaárvegi	—	282.00		
3.	— Hafnarfjarðarvegar	—	11060.98		
4.	— Suðurlandsbrautar	—	22774.47		
6.	— Austurlandsvegar	—	105.30		
7.	— Geysisvegar	—	872.79		
9.	— Sogsvegar	—	2218.17		
III.	Til brúargerða	—	30001.58		
IV.	Til fjallvega	—	497.45		
VI.	Til sýsluvega:				
1.	Tillag til akfærra sýsluvega	—	131.20		
3.	Til sýsluvegasjóða eftir l. nr. 10 1923	—	17657.87		
X.	Styrkur til að halda uppi vetrarferðum	—	8460.02		
XIV.	Iðgjald til slysatryggingarinnar	—	2408.02		
	B. Samgöngur á sjó:				
1.	Til strandferða:				
a.	Ríkissjóðs	—	92783.46		
	C. Vitamál og hafnargerðir:				
I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:				
3.	Húsaleiga, ljós og hiti	—	361.88		
4.	Til skrifstofuhalds	—	5154.82		
5.	Ferðakostnaður og fæðispeningar	—	588.00		
III.	Rekstrarkostnaður vitanna	—	23950.20		
IV.	1. Sjómerki	—	497.30		
V.	Til áhaldakaupa	—	15794.52		
XIII.	Fyrning	—	5223.00		
				kr.	484589.59

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

	A. Kirkjumál:				
3.	Framlag til prestlaunasjóðs	kr.	14284.88		
	Flyt	kr.	14284.88	kr.	1176128.41

	Flutt	kr. 14284.88	kr. 1176128.41
B. Kennslumál:			
I. Háskólinn:			
l. Hiti, ljós og fleira		731.10	
m. 2. Ýmisleg gjöld		4165.62	
t. Rekstrarhalli rannsóknarstofu háskólans		20625.83	
II. Námsstyrkur erlendis:			
a. Til ísl. stúdenta erlendis	—	5.35	
III. Fræðslumálastjórnin:			
3. Skrifstofukostnaður		6776.36	
IV. Menntaskólinn í Reykjavík:			
a. Laun		12917.99	
c. 2. Til eldiviðar o. fl.		396.14	
3. Til viðhalds	—	3852.09	
5. Húsaleigustyrkur		2800.00	
7. Læknisþóknun		400.00	
9. Ýmisleg gjöld	—	3886.71	
10. Til verðlaunabóka	—	90.77	
V. Menntaskólinn á Akureyri:			
a. Laun		4357.78	
b. 1. Til aukakennara og stundakennslu	—	3552.00	
4. — eldiviðar og ljósa	—	2253.48	
7. — viðhalds	—	685.17	
8. — ýmislegra gjalda	—	1660.12	
VI. Kennaraskólinn:			
a. Laun	—	2348.55	
b. 1. Stundakennsla		4276.41	
2. Eldiviður og ljós		755.41	
5. Til viðhalds	—	837.46	
6. Ýmisleg gjöld	—	3228.02	
VII. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun	—	82.67	
c. 1. Til stundakennslu	—	5677.50	
4. Ýmisleg gjöld	—	1253.62	
5. Til áhaldakaupa	—	334.49	
6. Fyrning	—	4.00	
VIII. Vélstjóraskólinn:			
4. Ýmisleg gjöld	—	211.55	
7. Kostnaður vegna rafmagnsdeildar	—	450.54	
IX. Bændakennsla:			
1. Bændaskólinn á Hólum:			
c. 1. Til verklegs náms	—	313.50	
3. — eldiviðar og ljósa		1172.81	
4. Ýmisleg gjöld	—	1382.83	
d. Fyrning húsa	—	192.00	
2. Bændaskólinn á Hvanneyri:			
c. Önnur gjöld:			
4. Til viðhalds	—	3142.67	
5. Ýmisleg gjöld	—	2291.25	
d. Fyrning húsa	—	510.00	
X. Iðnfræðsla:			
g. Til verklegs náms erlendis		50.00	
Kostnaður við próf endurskoðenda	—	500.00	
	Flyt	kr. 112456.67	kr. 1176128.41

		Flutt	kr. 112456.67	kr. 1176128.41
XIII.	Almenn barnafræðsla:			
	1. Laun kennara við fasta skóla	—	108228.41	
	2. Laun farkennara	—	1583.34	
	3. Til farkennslu	—	3665.00	
	4. Styrkur til bygginga barnaskóla	—	2786.72	
	7. Til kennaranámskeiða	—	300.00	
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:			
	Alþýðuskólinn á Eiðum:			
	1. a. Laun	—	189.61	
	c. 1. Til kennsluáhalda	—	24.64	
	2. Til eldiviðar og ljósa	—	560.30	
	6. Til rafstöðvar	—	16171.63	
	d. Fyrning húsa	—	3.00	
	2. Til héraðsskóla:			
	a. Rekstrarstyrkur	—	12512.68	
	3. Til gagnfræðaskóla	—	28014.90	
	9. Til unglingafræðslu	—	5000.00	
XVI.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja	—	11204.77	
				— 302701.67

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmennta og lista:

1.	Landsbókasafnið:			
	a. Laun	kr.	75.00	
2.	Þjóðskjalasafnið:			
	a. Laun	—	337.50	
5.	Landsbókasafnshúsið:			
	a. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	—	2564.42	
60.	Kostnaður við friðun Þingvalla	—	4650.49	
				— 7627.41

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja:

1.	Til atvinnubóta	kr.	500.27	
7.	Tillag til Búnaðarbankans:			
	c. Til ræktunarsjóðs:			
	1. Afgjöld þjóðjarða	—	11529.72	
14.	Til skógræktar:			
	a. Laun	—	1015.00	
15.	Til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu	—	4896.72	
20.	Til veðurstofu Íslands:			
	b. Til aðstoðar	—	3354.50	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti o. fl.	—	669.93	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöð	—	134.85	
	h. Til jarðskjálftamælinga	—	71.25	
22.	Gjöld vegna laga um raforkuvirki	—	2238.35	
24.	Til landmælinga	—	7517.59	
26.	Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði	—	1800.00	
		Flyt	kr. 33728.18	kr. 1486457.49

	Flutt	kr. 33728.18	kr.	1486457.49
32.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:			
	a. 5 fiskiyfirmatsmenn	— 6.00		
	c. 4 kjötmatsmenn	— 775.00		
33.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra:			
	b. Skrifstofukostnaður	— 659.94		
	c. Ferðakostnaður	— 750.00		
34.	Til fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndum	— 1231.52		
36.	Kostnaður vegna sérstakra ráðstafana um inn- og útflutning	— 11269.48		
58.	Til vinnumiðlunar	— 8666.00		
59.	Til mæðrastyrksnefndar	— 1000.00		
70.	Húsameistari ríkisins:			
	a. Laun	— 2400.00		
	b. Skrifstofukostnaður	— 14380.00		
79.	Kostnaður við eftirlit með opinberum sjóðum	— 1000.00		
			—	75866.12

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

Til almennrar styrktarstarfsemi:

2.	Gjöld samkvæmt fátækralögum	kr. 2883.46		
7.	Til barnaverndar	— 900.00		
10.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis	— 730.97		
			—	4514.43

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:			
Eftirlaun og styrktarfé	—	15007.45	

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:			
Óviss útgjöld	—	186623.27	

14. gr.

Til gjalda samkvæmt þingsályktunum er veitt	—	190378.05	
	Samtals	kr.	1958846.81

Á s t æ ð u r

fyrir frumvarpi þessu eru í ríkisreikningi 1937, athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum ráðherra við þeim athugasemdum.

Nd. 269. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Skipa skal fimm manna nefnd, einn eftir tilnefningu hæstaréttar, og sé hann formaður, einn eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annan eftir tilnefningu Landssambands stéttarfélaganna og tvo eftir tilnefningu Vinnuveitendafélags

Íslands. Nefnd þessi skal gera yfirlit yfir framfærslukostnað í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar frá ársbyrjun 1939, eftir grundvallarreglum, sem nefndin setur að fengnum tillögum Hagstofu Íslands. Komi í ljós, að meðaltalsframfærslukostnaður í Reykjavík á mánuði, eftir marzmánuð 1939, hafi hækkað miðað við meðalframfærslukostnað mánuðina janúar—marz 1939, skal gildandi kaupgjald verkafólks og sjómanna hækka frá byrjun næsta mánaðar, sem nemur þeirri hækkun á framfærslukostnaði, sem orðið hefir. Gildir það kaup sem samningur milli atvinnurekenda og stéttarfélaga, nema annarhvor aðili vilji hafa annað kaupgjald. Skal hann þá tilkynna það innan mánaðar frá gildistöku þessara laga, ella gildir það sem samningur til þess tíma, sem ákveðinn hefir verið um samningstímalok í hlutaðeigandi vinnusamningum eða viðurkenndum töxtum, og með sömu reglum um uppsagnarfresti og síðara áframhald, er þar greinir. Séu engir samningar eða taxtar fyrir hendi, né séu sérstaklega þar um gerðir, skal samningstímabil þetta teljast eitt ár frá 1. janúar að telja, og framlengist um eitt ár í senn, nema sagt sé upp með eins mánaðar fyrirvara. Kaupgjald fastráðinna manna, sem hafa minna en 450 króna kaup á mánuði, eða sem svarar 5400 króna árstekjum, í Reykjavík og tilsvarandi lægra annarstaðar á landinu, skal hækka eftir sömu reglum og kaupgjald verkafólks og sjómanna samkvæmt þessari grein. — Ríkisstjórnin setur sérstakar reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Við ákvörðun kaups samkvæmt þessari grein skal sleppt broti úr eyri, ef það nær ekki hálfum, en annars hækkað í heilan eyri.

Kostnaður við nefnd þessa, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Í stað 3. gr. laganna, sem falli burt, komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (3. gr.): Ríkisstjórninni er heimilt að hækka meðalmeðlög af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum, eins og þau eru ákveðin með auglýsingu atvinnumálaráðuneytisins frá 27. okt. 1937, í samræmi við aukinn framfærslukostnað á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 14. maí 1940.

b. (4. gr.): Slysa- og dánarbætur, ellilaun og örorkubætur samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, nr. 74 31. des. 1937, skulu hækka hlutfallslega við aukinn framfærslukostnað frá 1. jan. 1940, samkvæmt 2. gr. þessara laga.

3. gr.

5. gr. laganna falli burt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er borið fram af þingmönnum Sósialistaflokksins, til að ráða bót á þeim megingöllum, sem eru á lögum um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, er samþykkt voru á vetrarþinginu, að því leyti, sem enn er hægt að bæta þau, en ekki er snert við gengisákvæðinu um íslenzka krónu, sem engin er von til, að fáist leiðrétting á eins og sakir standa.

Með fyrrnefndum lögum var lögfest kaupgjaldið í landinu eins og það var fyrir gengisfall íslenzkrar krónu síðastl. vor, með breytingu eftir framfærslukostnaði, sem ekki hefir komið enn til greina og er ætlazt til með lögunum, að komi aldrei fyrr en löngu eftir á, og þá aðeins að hálfu til tveim þriðju hlutum dýrtíðarauknigarinnar. Rétturinn var tekinn af verklýðssamtökunum til að ákveða sjálf eða semja um kaupgjald meðlima sinna og lögfest var áframhaldandi raunveruleg kauplækkun þeirra svo lengi sem lögin gilda. Ófriðurinn í Norðurálfu með allri þeirri dýrtíð, sem af honum og gengisfallinu leiðir, hefir gert allar þessar ráðstafanir að svo stórkostlegri árás á hinar vinnandi stéttir, að ómögulegt er lengur

að verja þær né halda þeim við öðruvísi en að neyð standi fyrir dyrum hjá öllum þorra launaþega landsins.

Frumvarpið heldur ákvæðunum um útreikning framfærslukostnaðar og um að gildandi kaupgjald skuli breytast samkvæmt dýrtíðinni, svo framarlega sem samningsaðilar álíta ekki með því skertan hlut sinn og óski heldur sérstakra vinnusamninga eða taxta, en þá er þeim heimil sú leið á venjulegan hátt. Er því endurviðurkenndur hinn forni réttur hinna frjálsu verklýðssamtaka til að taka sjálf ákvarðanir um kaupgjald sitt. En svo framarlega sem samtökin og atvinnurekendur una við reglur laganna um hækkun kaupgjalds, skulu þær gilda, en þá hækkar það líka mánaðarlega að fullu eftir framfærslukostnaði, og er því ekki um neina lögfesta kauplækkun að ræða, eins og í núverandi lögum, heldur aðeins lágmarkskaup launaþega, hvort heldur sem þeir eru í verklýðssamtökum eða ekki. Kaupgjald fastráðinna manna hækki eftir sömu reglum, ef mánaðarkaup þeirra er í Reykjavík ekki yfir 450 kr. og tilsvarandi annarstaðar, en með hækkun dýrtíðar má ekki telja lífvænlegt kaup minna í náinni framtíð.

Hinsvegar eru afnumin ákvæði 2. gr. laganna um bann gegn kaupbreytingum á annan hátt en samkvæmt útreikningi framfærslukostnaðar, og þar með einnig bannið gegn því að hækka kaup starfsfólks hins opinbera.

Í lögunum um gengisskráningu o. fl. var ekkert tillit tekið til þess, að meðalmeðlög og allar alþýðutryggingarbætur lækka stórlega, raunverulega, með hinni ört vaxandi dýrtíð. Frumvarp var flutt í efri deild á vorþinginu af Brynjólfi Bjarnasyni til að bæta úr þessu og varð ekki útrætt. Ákvæði þessa frumvarps um heimild til að hækka meðalmeðlög með óskilgetnum börnum og að slysa- og dánarbætur, ellilaun og örorkubætur skuli hækka hlutfallslega við aukinn framfærslukostnað, hafa verið tekin upp í frumvarp það, sem hér er fram lagt, enda orkar ekki tvímælis, að þeir, sem allra verst eru staddir, eru þeir, sem lifa á opinberri aðstoð, og fátækar mæður, sem hafa fyrir börnum að sjá, og er það lítt skiljanlegt, að löggjafarvaldið skuli láta hramma dýrtíðarinnar harðast skella á því fólki.

Þá nemur frumvarpið úr gildi ákvæðin um verðbreytingar innlendra landbúnaðarafurða eftir hækkun framfærslukostnaðar, og er verðákvörðunin látin fara til löglegra aðila þar um.

Með samþykkt þessa frumvarps mundi verða horfið frá því ráði að láta hinar fátæku og vinnandi stéttir einar bera meginhluta dýrtíðarinnar, en þeim tryggður nokkur jöfnuður í þessum málum.

Ed. 270. Frumvarp til laga

um að stríðsáhættuþóknun sjómanna skuli vera undanþegin skatti.

Flutningsm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Skipverjum á íslenzkum skipum skal heimilt að draga frá skattskyldum tekjum sínum alla þá stríðsáhættuþóknun, er þeir njóta samkvæmt gildandi samningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meðal sjómanna mun vera allmikil óánægja með það, hversu lág sú stríðsáhættuþóknun er, sem þeir verða aðnjótandi samkvæmt nýgerðum samningum, og kemur þetta tilfinnanlegast niður á þeim lægst launuðu. — En hvernig sem menn

annars líta á það mál, þá munu þó flestir vera sammála um, að ekki nái nokkurri átt, að álitlegur hluti þessara upphæða verði látinn renna til ríkis og bæjarfélaga með því að skattleggja áhættuþóknunina. Til þess að koma í veg fyrir þetta og tryggja, að öll áhættuþóknunin komi sjómönnum sjálfum til góða, er þetta frumvarp flutt.

Ed. 271. Breytingartillögur

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

I. Við 1. gr.	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. 4. kafli nr. 9 orðist svo:			
9 Hunang og hunangslíki ..... N	—	20	15
2. 13. kafli nr. 7 orðist svo:			
7 — annað	—	7	8
3. 15. kafli nr. 4 orðist svo:			
4 — hvalfeiti hert, svo og hert síldarlýsi ..	—	2	8
4. 15. kafli nr. 25 orðist svo:			
25 Smjörlíki og önnur tilbúin matarfeiti	—	7	30
5. 15. kafli nr. 26 orðist svo:			
26 Vax úr jurta- og dýraríkinu, einnig tilbúið, ót. a.	—	7	30
6. 27. kafli nr. 10 orðist svo:			
10 Benzól	—	7	8
7. 27. kafli nr. 11 orðist svo:			
11 Naftalín	—	7	8
8. 27. kafli nr. 12 orðist svo:			
12 Karbólsýra og kreósól	—	7	8
9. 27. kafli nr. 13 orðist svo:			
13 Tólúól, xylól, solventnafta, karbólolía, kreólín, kreósótolía, antracen og þesshättar efni eimd úr tjöru og steingerðum (fossilum) efnum, svo og tetrahydronaftalín og önnur hydrerings framleiðsla úr naftalíni, fenól og kreósól	1 kg.	7	8
10. 27. kafli nr. 23 orðist svo:			
23 Parafin (parafinvax), ceresin (jarðvax), montanvax, ósókerit og annað tilbúið vax, ót. a., einnig þótt þessar vörur séu blandaðar með steríni eða vaxi úr jurta- og dýraríkinu	—	7	8
11. 28. kafli nr. 6 orðist svo:			
6 — saltpéturssýra	—	7	8
12. 28. kafli nr. 7 orðist svo:			
7 — brennisteinssýra	—	7	8
13. 28. kafli nr. 8 orðist svo:			
8 — saltsýra	—	7	8
14. 28. kafli nr. 9 orðist svo:			
9 — fosfórsýra	—	7	8
15. 28. kafli nr. 10 orðist svo:			
10 — bórsýra	—	7	8
16. 28. kafli nr. 12 orðist svo:			
12 — maurasýra, oxalsýra, vínsýra og mjólkursýra	—	7	8

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
17.	28. kafli nr. 14 orðist svo:			
	14 — natríum hydroxyd (vítissódi)	—	2	
18.	28. kafli nr. 23 orðist svo:			
	23 — álún allskonar og alúmíníumsúlfat	—	7	8
19.	28. kafli nr. 24 orðist svo:			
	24 — bórax	—	7	8
20.	28. kafli nr. 25 orðist svo:			
	25 — glábersalt (natríumsúlfat)	—	7	8
21.	28. kafli nr. 33 orðist svo:			
	33 — vatnsglas (kalíum- og natríumsilikat) ..	—	7	8
22.	28. kafli nr. 35 orðist svo:			
	35 — klórkalk (bleikiduft) og perbóröt	—	7	8
23.	28. kafli nr. 37 orðist svo:			
	37 — sölt, maurasýru, ediksýru, sítrónsýru, oxalsýru, mjólkursýru, benzóësýru og salisylsýru	—	7	8
24.	28. kafli nr. 40 orðist svo:			
	40 — brennisteinskolefni, tetraklórkolefni, tríklórethylen o. þ. h. fljótandi klórsambönd	—	7	8
25.	28. kafli nr. 45 orðist svo:			
	45 — harpixolía, ót. a.	—	7	8
26.	28. kafli nr. 46 orðist svo:			
	46 — aceton	—	7	8
27.	28. kafli nr. 47 orðist svo:			
	47 — formalín	—	7	8
28.	28. kafli nr. 51 orðist svo:			
	51 — alkóhól, ót. a.	—	7	8
29.	30. kafli nr. 6 orðist svo:			
	6 Beinsverta og beinkol	—	7	8
30.	30. kafli nr. 7 orðist svo:			
	7 Kinrok (sót) og aðrir þvílíkir svartir litir, ót. a.	—	7	8
31.	30. kafli nr. 8 orðist svo:			
	8 Krít, möluð eða þvegin	—	1	8
32.	30. kafli nr. 9 orðist svo:			
	9 Þungspat, malað eða þvegið	—	7	8
33.	30. kafli nr. 10 orðist svo:			
	10 Baryumsúlfat tilbúið (blanc fix)	—	7	8
34.	30. kafli nr. 11 orðist svo:			
	11 Jarðlitir malaðir eða þvegnir, svo sem okkur, umbra o. þ. h.	—	7	8
35.	30. kafli nr. 13 orðist svo:			
	13 — blýhvíta	—	7	8
36.	30. kafli nr. 14 orðist svo:			
	14 — zinkhvíta	—	7	8
37.	30. kafli nr. 15 orðist svo:			
	15 — titanhvíta	—	7	8
38.	30. kafli nr. 16 orðist svo:			
	16 — últramarín	—	7	8
39.	30. kafli nr. 17 orðist svo:			
	17 — kóboltlitur	—	7	8
40.	30. kafli nr. 18 orðist svo:			
	18 — menja	—	7	8

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
41.	30. kafli nr. 19 orðist svo:			
	19 — aðrir	—	7	8
42.	30. kafli nr. 26 orðist svo:			
	26 Smjör- og ostalitur	—	7	8
43.	36. kafli nr. 3 orðist svo:			
	3 — sólaleður og bindsólaleður	—	7	8
44.	Á eftir nr. 32 í 44. kafla komi nýr liður, sem verður nr. 33 og orðist svo:			
	33 — vaxbornar umbúðir um frystan fisk til útflutnings			8
45.	47. kafli nr. 5 orðist svo:			
	5 — annað	—	20	15
46.	48. kafli nr. 7 orðist svo:			
	7 — annað	—	20	8
47.	Á eftir nr. 17 í 49. kafla komi tvö ný nr., sem verða nr. 18 og 19 og orðist svo:			
	a. **18** Leggingar, snúrur og aðrar þesskonar dregilvörur	—	20	60
	b. **19** Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	60
48.	Í fyrirsögninni fyrir nr. 16—19 í 60. kafla falli niður orðið „(sívöl)“.			
49.	72. kafli nr. 32 orðist svo:			
	32 Akkerisvindur, lóðarvindur, togvindur og aðrar skipavindur (spil), svo og stýrisvélar og hlutar til þessara tækja	—	2	8

II. Við 7. gr. Aftan við greinina komi: Lágmarksgjald af vörum, aðfluttum á annan hátt, skal vera kr. 0.50.

III. Við 13. gr. Aftan við 2. málsgr. greinarinnar bætist: svo og í hvaða mynt er reiknað, tegund, merki og númer umbúða, eða merki og númer á vörunni, ef hún er umbúðalaus, stykkjatölu og þunga þeirra með umbúðum. Allir töluliðir reikningsins skulu lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.

IV. Við 15. gr. Aftan við orðin „að afhenda viðtakanda vöru gegn því, að hann“ bætist: greiði gjald fyrir tollskoðun og.

Ed. 272. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Stéttarfélag skal opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eftir nánara ákveðnum reglum í samþykktum félagsins, enda sé þeim einum, sem í þeirri starfsgrein eru, heimil vera í félaginu. Félagssvæði má aldrei vera minna en eitt bæjar- eða sveitarfélag, enda sé í hverju bæjar- eða sveitarfélagi einungis eitt stéttarfélag fyrir hverja starfsgrein. Allir félagsmenn skulu hafa jafnan rétt til allra trúnaðarstarfa í félaginu og stéttarsamböndum, sem það er í, án tillits til stjórnmálaskoðana þeirra.

2. gr.

Á eftir fyrri málsl. fyrri mgr. 3. gr. laganna komi nýr málsl.: Fulltrúa stéttarfélaga til stéttarsambands skal kjósa með hlutfallskosningu, ef ⅕ hluti félaganna krefst þess.

3. gr.

3. mgr. 9. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og öllum er kunnugt, hefir megn sundrung ríkt meðal verkalýðsfélagsskaparins síðustu árin. Hver höndin er þar upp á móti annari, og gætir þess mest í hinum stærri félögum. Orsökin til þessara vandræða er sú, að tveir harðvítugir stjórnmálaflokkar berjast þar um yfirráðin, án þess að skeyta um, hvaða afleiðingu barátta þessi hefir fyrir verkalýðssamtökin í landinu. Frumvarp þetta er fram komið til þess að sporna á móti því, að einstaka stjórnmálaflokkar geti misnotað stéttarfélagssamtökin og til að verja þau frá algerðri tortímingu.

Frumvarpið felur í sér þrjú atriði, sem öll miða að því að ákveða með löggjöf aðalágreiningsmálin innan stéttarfélaga verkalýðsins. Þessi atriði eru: Eitt verkalýðsfélag á hverju félagssvæði. Engir aðrir en verkamenn séu meðlimir verkalýðsfélaganna, og loks, að skylda sé að viðhafa hlutfallskosningu til allra trúnaðarstarfa innan þess félags, þar sem ⅕ hluti félagsmanna æskir þess.

Vil ég nú í sem fæstum orðum gera grein fyrir mikilvægi þessara þriggja atriða fyrir verndun og þróun verkalýðssamtakanna.

Eins og nú er ástatt, er heimilt samkvæmt lögum að stofna eins mörg stéttarfélög innan sömu starfsgreinar eins og mönnum býður við að horfa. Ef minni hluti einhvers verkalýðsfélags er óánægður með gerðir meiri hlutans, þá getur hann rokið til og myndað nýtt verkalýðsfélag. Á sama hátt getur hvert atvinnufyrirtæki myndað utan um sig sitt verkalýðsfélag og hver stjórnmálaflokkur gert slíkt hið sama. Allir sjá, að slíkt fyrirkomulag sem þetta er ekki til framdráttar fyrir verkalýðssamtökin; en viðbúið er, að fjöldi verkamanna taki samt heldur þann kostinn að stofna nýtt félag heldur en að halda áfram að sæta því misrétti, sem nú ríkir innan félagsskaparins (sbr. þriðja atriðið, sem frv. fjallar um).

Sama gildir um annað atriðið. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt, að stéttarfélag hafi meðal sinna meðlima menn, sem alls ekki heyra stéttinni til, t. d. að verkamannafélag telji meðal sinna meðlima skrifstofumenn, embættismenn, útgerðarmenn eða stórkaupmenn, sem aldrei hafa lagt fyrir sig starf verkamannsins eða daglaunamannsins eða eru löngu hættir því. Enda er óhætt að fullyrða það, að engir þessara manna eru innan stéttarfélaga verkamanna af öðrum ástæðum en pólitískum og hljóta því að veikja félagsskapinn, þar sem sjónarmið þeirra eru annars eðlis en verkamannsins; enda nóg önnur félög til, sem stéttarfélagsmenn geta verið í, ef þeir vilja láta stjórnmál sig nokkru skipta.

Þriðja og síðasta atriðið er að lagfæra misrétti það, sem á sér stað innan verkalýðsfélaganna við kosningar í trúnaðarstöður þeirra. Eins og nú er ástatt, eru verkalýðssamtökin algerlega pólitísk, en þó þannig, að aðeins tveir flokkar, Alþýðuflokkurinn og Sameiningarflokkur alþýðu, ráða þar nær öllum málum. Flest verkalýðsfélaganna eru sennilega innan Alþýðusambands Íslands, en á fulltrúaþing þess má ekki kjósa aðra félagsmenn en þá, sem eru yfirlýstir jafnaðarmenn. Sameiningarflokkur alþýðu hefir stofnað sitt verkalýðssamband, sem hann segir, að eigi að vera ópólitískt, en engum, sem kunnugur er starfi kommúnista, dettur í hug að ætla, að þeir beiti sér fyrir ópólitískum félagsskap. Þess vegna hefir það verið svo til þessa, að þeir verkamenn, sem fylgt hafa öðrum stjórnmálaflokkum

en hér hafa verið nefndir, hafa nær engin áhrif getað haft um framkvæmd verkalýðsmálanna, hversu góðir félagsmenn sem þeir annars hafa verið. Þeir hafa samkvæmt lögum verið skyldaðir til að vera í verkalýðsfélagi og gjalda sín gjöld til þess, — gjöld, sem að nokkru leyti hafa farið til að breiða út og halda við stjórnmálastefnum, sem þeir hafa verið mótfallnir; en réttindi hafa þeir engin haft önnur en réttindi til vinnu, og þau oft mjög af skornum skammti. Slíkt og annað eins misrétti verður að breytast, og þá fyrst er hægt að segja, að stéttarfélagsskapurinn sé ópólitísks eðlis, þegar hver góður félagsmaður — án tillits til stjórnmálaskoðana — hefir rétt til að komast í hverja þá trúnaðarstöðu, sem félagið hefir upp á að bjóða, og þegar fjárframlög félagsmanna ganga öll til starfseminnar, en ekki til framdráttar einstökum stjórnmálaflokkum, sem oft og einatt eiga ekki nema að litlu leyti ítök í hugum félagsmanna. Jafnframt yrði þetta ákvæði, ef að lögum yrði, til þess að sameina öll verkalýðsfélögin í eitt samband og hindra þann klofning, sem nú þegar er orðinn innan verkalýðssamtakanna og hlýtur að vekja áhyggjur hjá hverjum þeim þjóðfélagsþegn, sem ann lýðræði og viðurkennir rétt stéttarfélagssamtakanna og vill heill þeirra í framtíðinni.

Nd. 273. Frumvarp til laga

um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín.

Flm.: Pétur Ottesen, Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason, Sveinbjörn Högnason, Helgi Jónasson, Gísli Sveinsson, Ólafur Thors.

1. gr.

Sláturfélagi Suðurlands veitist heimild til að innkalla stofnbréf þau, er út hafa verið gefin til félagsmanna, gegn því að afhenda félagsmönnum samtímis og bréfunum er skilað stofnfjárbækur fyrir innstæðu þeirra í stofnsjóði.

2. gr.

Auglýsing um innköllunina skal birt í Lögbirtingablaðinu á venjulegan hátt að minnsta kosti með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig skal auglýsa innköllunina í þeim vikublöðum eða dagblöðum, sem ætla má, að hafi verulega útbreiðslu á félagssvæðinu. Í auglýsingu skal skýrt kveðið á um eindaga afhendingar og það jafnframt tekið fram, að þau bréf, sem ekki hafa verið afhent á eindaga, skuli ógild vera og réttlaus.

3. gr.

Að innköllunarfresti liðnum skal Sláturfélagið færa inn í viðskiptabækurnar stofnfjáreign félagsmanna án tillits til þess, hvort bréfin hafa verið afhent eða eigi, enda fellur niður skylda félagsins til að innleysa bréfin, þótt þau komi síðar fram.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk Sláturfélags Suðurlands.

Reynslan hefir sýnt, að allmikil brögð eru að því, að bréf þau, sem gefin eru út fyrir eign þeirri, sem mönnum safnast í stofnsjóði félagsins, glatast. Til þess að eigendur slíkra bréfa missi ekki stofnfjáreign sína í félaginu verður að ógilda þau bréf með dómi, en það er ærið kostnaðarsamt.

Félagið hefir því ákveðið að breyta til um þetta, þannig að í stað þess að gefa út bréf fyrir stofnfjáreigninni, þá verði eign félagsmanna í stofnsjóði færð inn í bækur, en bréfin innkölluð með ákveðnum fyrirvara. Til þess að létta mönnum kostnað er farið fram á lagaheimild til þess að ógilda í einu lagi þau bréf, sem ekki koma þá í leitirnar, með þeim hætti, er í frv. greinir.

Ed. 274. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 7 11. marz 1930 [Útvegsbankinn].

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og borið saman við gildandi lög og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „marz 1930“ komi: um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.
2. Við fyrirsögnina bætist: um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Alþingi, 6. nóv. 1939.

Bernh. Stefánsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson.

Nd. 275. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

6. gr. A. II. laga nr. 46 15. júní 1926 orðist eins og hér segir:

II. Félög. Þar til teljast: Félög með ótakmarkaðri ábyrgð og félög með takmarkaðri ábyrgð, svo sem hlutafélög og gagnkvæm ábyrgðarfélög, og samvinnufélög. Þegar útsvar hefir verið lagt á félag, má ekki leggja útsvar á félagsmann þess vegna eigna hans í félaginu né tekna, er félagið greiðir útsvar af.

Undanþegin útsvari eru:

a. Félög, sem með lögum eru leyst undan útsvari.
b. Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmálafélög, trúarbragðafélög o. s. frv.
c. Félög, sem að vísu reka atvinnu, en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almenningsheilla samkvæmt samþykktum sínum.

2. gr.

14. gr. laganna verður svo hljóðandi:

Sveitarstjórn gerir um hver áramót skrá yfir þá gjaldþegna, er hún hyggur sig eiga að fá hluta af útsvari frá, greiddan af annari sveit. Sendir sveitarstjórn síðan

skrána sveitarstjórn þeirri, er hlut á að máli, ásamt upplýsingum um atvinnu hvers, kaup, tekjur og eignir þar í sveit, vinnutíma, dvalartíma o. s. frv. Sveitarstjórnir senda hver sína skrá að lokinni aðalniðurjöfnun til atvinnumálaráðherra með athugasemdum sínum, og skiptir hann útsvörunum.

3. gr.

Upphaf 17. gr. laganna, orðin: „Í kaupstað jafna niður jafnaðarmanna ... í forföllum aðalmanna", skal hljóða svo:

Í kaupstöðum jafna fimm manna nefndir niður útsvörum. Skulu nefndarmenn, og jafnmargir til vara, kosnir hlutbundinni kosningu af bæjarstjórn til þriggja ára í senn.

4. gr.

1. málsgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, er greiða á útsvar, skal fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert senda niðurjöfnunarnefnd skýrslu um tekjur sínar á næstliðnu ári og eignir í lok þess árs, og um sérhvað það, er telja má, að máli skipti við ákvörðun útsvars hans. Skýrslur þessar skulu venjulega gerðar á þar til gerð eyðublöð, er niðurjöfnunarnefnd lætur mönnum í té.

5. gr.

Í stað orðsins „yfirskattanefnd" í síðustu málsgr. 22. gr. laganna kemur: sýslunefnd eða bæjarstjórn.

6. gr.

23. gr. laganna verður svo hljóðandi:

Nú vill maður ekki una úrskurði niðurjöfnunarnefndar, og má hann þá skjóta máli sínu til úrskurðar sýslunefndar, ef útsvarið var lagt á í hreppi, en bæjarstjórnar í kaupstað. Skal kæran vera komin til forseta bæjarstjórnar eða oddvita sýslunefndar áður 4 vikur eru liðnar frá dagsetningu úrskurðar niðurjöfnunarnefndar. Bæjarstjórn eða sýslunefnd fellir úrskurð í málinu á næsta fundi sínum eftir að kæran kom fram. Þó má fresta úrskurði allt að mánaðar tíma, til þess að afla upplýsinga um málið.

Fyrirmæli 18. gr. og 22. gr. taka til bæjarstjórna og sýslunefnda. Er og niðurjöfnunarnefndum, bæði í hreppi og kaupstað, skylt að veita bæjarstjórn eða sýslunefnd upplýsingar um útsvarsálagninguna.

Úrskurðum bæjarstjórna og sýslunefnda út af útsvarskærum má gjaldþegn vísa til atvinnumálaráðherra. Skal það þá gert áður liðnar eru 8 vikur frá því er úrskurður bæjarstjórnar eða sýslunefndar féll.

7. gr.

24. grein laganna og 26. grein laganna falla niður.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Lög nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.
2. 38. gr. laga nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög, svo og önnur lagafyrirmæli, sem kom í bága við lög þessi.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Þegar niðurjöfnunarnefndir hafa ákveðið útsvar hvers gjaldanda, skal árið 1940 bæta við útsvar hvers útsvarsgreiðanda 15% af upphæð útsvarsins, árið 1941 12%, árið 1942 9%, árið 1943 6%, og árið 1944 3%. Upphæðir þessar skulu sveitarstjórnir

innheimta með útsvörunum og greiða óskertar ríkissjóði á því ári, sem þær voru lagðar á. Sveitarstjórnirnar bera ábyrgð á innheimtunni.

Greinargerð.

Aðaltekjustofn sveitarfélaga og bæjarfélaga hér á landi er útsvör, en útsvörin eru tekjuskattur og eignarskattur.

Með síhækkandi tekju- og eignarskatti til ríkisins hefir ríkissjóður seilzt fast til þessa tekjustofns á síðari árum, þótt margir séu þeirrar skoðunar, að sveitarfélögin ættu að fá að sitja að honum ein. Á þessum sömu árum hefir komið í ljós, að mörg sveitarfélög hafa ekki getað fengið tekjur á móti nauðsynlegum gjöldum, og afleiðingin orðið sú, að fjölmörg þeirra hafa orðið að leita aðstoðar ríkisins.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að ríkið láti sveitarfélögunum eftir að öllu leyti þær tekjur, sem nást með álagningu tekjuskatts og eignarskatts, þ. e.: útsvörum. En sökum þess að ríkissjóður má illa við því nú, að missa nokkrar þær tekjur, er hann hefir haft, er ætlazt til, að þessi breyting gerist smátt og smátt á næstu 5 árum, eins og greinir í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Sveitarútsvör voru árið 1937 7,2 millj. kr. á öllu landinu. Má gera ráð fyrir, að árið 1940 verði þau um 8 millj. króna. Yrði þá hlutur ríkissjóðs af þessum tekjustofni það ár 1,2 millj. kr., en færi síðan minnkandi, þar til hann hyrfi með öllu eftir 5 ár.

Það er að mestu tvíverknaður að láta bæði skattanefndir og niðurjöfnunarnefndir vera starfandi. Hvorartveggja vinna að því að leggja tekjuskatt og eignarskatt á sömu gjaldendur á sama tíma eftir sömu grundvallarreglum, aðrar fyrir ríkissjóð, hinar fyrir sveitarsjóð. Skattanefndirnar kostuðu árið 1937 um 110 þús. kr. Kosta nú eflaust ekki undir 120 þús. kr. á ári. Þetta fé greiðir ríkissjóður að mestu leyti fyrir tvíverknað.

Annað aðalatriði þessa frumvarps er það, að samvinnufélög skuli gjalda útsvör eftir sömu reglum og önnur útsvarsskyld félög.

Á síðustu árum hefir það færzt mjög í vöxt, að atvinnufyrirtæki, sem til er stofnað, hvert helzt er í verzlun, iðnaði eða sjávarútvegi, starfi sem samvinnufélög. Stafar þetta af því, að samvinnufélög eru að mestu undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti til ríkisins, þótt þessi fyrirtæki hafi að öðru leyti í engan stað erfiðari rekstrarskilyrði eða ástæður, en njóti á ýmsa lund mikilsverðrar aðstoðar ríkisins fram yfir aðra gjaldþegna. Þetta leiðir til þess, að atvinnurekstur, sem ekki er rekinn á samvinnugrundvelli, verður að þoka fyrir samvinnufélögunum. Í mörgum sveitarfélögum hafa þetta verið aðalútsvarsgreiðendurnir. En þegar þeir hverfa úr sögunni og það, sem í staðinn kemur, tekur ekki á sig skyldur þeirra í útsvarsgreiðslum, lendir útsvarsþunginn á smáborgurum, er ekki rísa undir honum, en sveitarfélögin lenda í fjárhagsvandræðum.

Ed. 276. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 13 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Höfundur hver hefir eignarrétt á því, er hann hefir samið. Hann hefir því innan þeirra takmarka, sem lög þessi setja, einkarétt á að birta og gefa út rit sín skrifuð, prentuð eða margfölduð á annan þvílíkan hátt, svo og til þess að sýna þau á leik-

sviði og lesa þau upp. Höfundur hefir og einkarétt á að gefa út ræður og fyrirlestra, er hann hefir haldið (sbr. þó 2. málsgr. 8. gr. og niðurlag 13. gr.).

2. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

Tónskáld hafa sama rétt á tónsmíðum sínum sem höfundar á ritum.

Sama rétt hefir og höfundur á allskonar myndum og uppdráttum.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 11 22. október 1912, um breyting á lögum 20. október 1905 um rithöfundarétt og prentrétt.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt af allsherjarnefnd eftir beiðni félagsmálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir og skýringar:

Tilgangur þessa lagafrumvarps er sá, að breyta lögum nr. 13 20. október 1905 þann veg, að Ísland geti gengið í Bernarsambandið. Breytingarnar eru í því fólgnar, að 3. málsl. 1. gr. laganna er felldur niður, og ennfremur er felldur niður 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. téðra laga. Þá eru ákvæði laga nr. 11 frá 1912 tekin upp í lagafrumvarp þetta.

Til frekari skýringa fer hér á eftir greinargerð frá Bandalagi íslenzkra listamanna um nauðsyn þess, að Ísland gangi í Bernarsambandið.

Erlend samvinna. Úrelt ákvæði íslenzkra laga um eignarrétt höfunda á verkum sínum valda því, að Ísland getur ekki fengið upptöku í Alþjóðasamband rithöfunda (Bernarsambandið). Sömu úreltu lagaákvæði gera Íslendingum ennfremur ókleift að fá viðurkenningu sem fullgildir þátttakar í sameiginlegu starfi norrænna rithöfunda um réttar- og hagsmunamál sín, enda hafa komið fram eindregnar áskoranir frá rithöfundafélögum bræðraþjóðanna, þess efnis, að við uppfylltum þau grundvallarskilyrði, sem útheimtast til upptöku í hið alþjóðlega rithöfundasamband. — Samskonar áskoranir hafa einnig komið fram viðvíkjandi tónskáldum, sem eiga hér óskilið mál með rithöfundunum.

Hagsmunir íslenzkra höfunda. Með því að standa utan Bernarsambandsins eru íslenzkir rithöfundar með öllu sviptir eignarrétti verka sinna, hvar sem er í heiminum utan Íslands. Eftir því sem þýðingar íslenzkra ritverka og flutningur íslenzkrar tónlistar eykst erlendis, verður íslenzkum höfundum óhjákvæmilegra að hafa eignarrétt verka sinna tryggðan samkvæmt alþjóðalögum.

Siðferðislegar og menningarlegar ástæður. Auk þess getur það ekki talizt samboðið Íslendingum sem menningarþjóð að búa við löggjöf, sem er svo langt á eftir löggjöf annara þjóða í þessum efnum, að hún gerir okkur óhlutgenga annarstaðar í heiminum. Því hefir verið haldið fram, að með því að standa utan Bernarsambandsins væri íslenzkum bókaútgefendum auðveldara að taka erlend verk traustataki til útgáfu hér á landi, en þetta er ekki siðferðislegur rökstuðningur, heldur með öllu ósamboðinn siðmenningarþjóð. En í þeim tilfellum, þar sem íslenzkir þýðendur hafa sýnt erlendum höfundum þá almennu kurteisi að biðja um leyfi til að þýða verk þeirra, hafa kröfur höfundanna um fjárhagslega þóknun yfirleitt ekki verið neinar, þar sem útlendir höfundar gera ekki ráð fyrir, að land með svo lága íbúatölu gefi arð af bókum svo teljandi sé. Þýðingarleyfin hafa því verið veitt af menningarlegum ástæðum, en ekki fjárhagslegum, og svo mundi verða, þótt við værum í alþjóðasambandinu.

Af þessu mætti vera augljóst, að hagsmunirnir við upptöku okkar í alþjóðasamband rithöfunda eru Íslendinga megin einvörðungu.

Fylgiskjal.

Þýðing á bréfi Bernarsambandsins til Bandalags ísl. listamanna.

SKRIFSTOFA ALÞJÓÐASAMBANDSINS
til verndar bókmennta- og listaverkum.

Bern 14. janúar 1937.

Herra Jón Leifs,
formaður bandalags ísl. listamanna,
Am Wiesengrund,
Rehbrücke (Potsdam 2).

Herra formaður.

Við höfum þann heiður að svara bréfi yðar frá 10. janúar.

Engin málaleitun hefir verið borin fram við okkur á þessum síðustu tímum um inngöngu Íslands í Alþjóðasambandið til verndar bókmennta- og listaverkum.

Að okkar áliti gæti þessi innganga farið fram á grundvelli núgildandi íslenzkra laga um höfundarétt frá 20. okt. 1905, er hefir verið breytt í einu atriði (2. gr. 2. málsgr.) með auglýsingu 22. okt. 1912.

Lög yðar gera ráð fyrir, að því er snertir rétt til þýðinga (4. gr.), vernd, er samsvarar þeirri vernd, er fyrsti Bernarsamningurinn frá 1886 gerir ráð fyrir, í skilningi Parísar-viðbótarsamkomulagsins frá 1896. En Bernarsamningurinn, er var síðast endurskoðaður í Róm 2. júní 1928, heimilar einmitt nýjum þátttakendum í samningnum að áskilja sér, að því er snertir réttinn til þýðinga á tungu eða tungur landsins, fyrirvara, sem er í því fólginn að halda lausninni frá 1896. Ísland gæti því gengið í sambandið án þess að þurfa að breyta lögum sínum um þetta atriði. Það væri nóg, að Ísland notfærði sér réttinn til fyrirvara, sem gert er ráð fyrir í 25. gr. 3. málsgr., in fine Rómar-samkomulagsins.

Hinsvegar eru tvö atriði, þar sem við sjáum mótsögn milli laga yðar og Bernarsamningsins, er var síðast endurskoðaður í Róm.

1) Þessi samningur leyfir ekki, að notkun og framkvæmd á höfundarétti séu háðar skilyrðum eða reglum. Nú er rétturinn til upplesturs á Íslandi háður reglu (sjá 1. gr. laganna frá 1905). Það þyrfti þess vegna að nema hana úr gildi eða lýsa því ótvírætt yfir, að hún gildi ekki um höfunda þá, er tilheyra Sambandinu, en slíkt mundi skapa órétt, er torvelt yrði að fá íslenzka höfunda til þess að sætta sig við, þar sem þeir mundu sæta óhagstæðari meðferð.
2) 2. gr. 1. málsgr. íslenzku laganna gerir ráð fyrir frelsi til þess að syngja eða leika opinberlega söngva eða dansa, er hafa áður verið gefnir út, svo og einstaka hluta útgefinna verka. Slík takmörkun á höfundarétti er vissulega andstæð anda hins endurskoðaða Bernarsamnings. Ef til vill væri hægt að ganga lengra og segja, að þar sem um hljómverk er getið í samningnum meðal þeirra verka, er samningsaðilum ber að veita vernd, þá sé það að heimila frjálsa notkun dansa og söngva, er þegar hafa verið gefnir út, og yfirleitt frjálsa notkun brota úr hljómverkum, neitun á vernd, neitun ósamrýmanleg verndarskyldunni, sem gert er ráð fyrir í samningnum. Þarna virðist okkur einnig vera þörf breytingar á lögum yðar.

(Kveðjur).

Skrifstofa Alþjóðasambands bókmennta og lista.

Forstjórinn
sign. (ólæsilegt nafn).

Nd. 277. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 40 24. nóv. 1893, um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Lög nr. 40 24. nóv. 1893 eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðan árið 1893 hefir verið löggiltur verzlunarstaður á Reykjatanga við Hrútafjörð. Enginn hefir þó sett á stofn verzlun þar á þessu tímabili, og bendir það til þess, að ekki hafi verið brýn þörf að löggilda staðinn til verzlunar.

Fyrir 10 árum var hafin bygging héraðsskóla á Reykjatanga, og hefir hann starfað síðan 1930. Skólinn keypti tangann af ríkinu árið 1934. Með því er þó tæplega fullnægt landþörf skólans, og gæti það valdið óþægindum, ef nokkuð af landi hans yrði tekið til afnota fyrir verzlun. Til þess að fyrirbyggja það, er hér lagt til, að lögin frá 1893 um löggildingu verzlunarstaðar við Reykjatanga verði úr gildi felld, enda er ekki fyrirsjáanleg þörf fyrir verzlunarrekstur á þessum stað.

Ed. 278. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 7 11. marz 1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7 11. marz 1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka, hljóði svo:

Aðalfundur hlutafélagsins kýs fimm manna fulltrúaráð með hlutfallskosningu og fimm til vara á sama hátt, en fulltrúaráðið ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra, laun og ráðningarkjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 279. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið, sem er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin um þetta efni 18. sept. síðastl. Leggur hún til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Aftan við 2. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:

Síðasta málsgr. 4. gr. laga nr. 10 4. apríl 1939 falli niður.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 9. nóv. 1939.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr. Steingr. Steinþórsson.

Sigurður Kristjánsson. Stefán Stefánsson.

Nd. **280. Frumvarp til laga**

um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAPITULI

Tollskráin.

1. gr.

Af öllum vörum, sem fluttar eru til landsins, skal greiða aðflutningsgjöld eftir fyrirmælum eftirfarandi tollskrár, enda séu þær ekki undanþegnar þeim gjöldum í tollskránni sjálfri, 2. gr. þessara laga eða öðrum sérstökum lögum.

Meðan viðskiptasamkomulag það, sem um ræðir í 18. gr., er í gildi, skal þó greiða aðflutningsgjöld af vörum þeim, sem taldar eru í þeirri grein, eftir því, sem þar segir.

Tollskrár nr.	I. FLOKKUR **Lifandi dýr og afurðir úr dýraríkinu.**	Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	1. kafli. **Lifandi dýr, nema fiskar, krabbar og skeldýr.**			
1	Fuglar	1 kg	7	30
2	Geitfé	—	7	30
3	Hestar	—	7	30
4	Kanínur	—	7	30
5	Nautgripir	—	7	30
6	Sauðfé	—	7	30
7	Svín	—	7	30
	Refir:			
8	— silfurrefir	—	7	30
9	— aðrir	—	7	30
10	Minkar	—	7	30
11	Hundar	—	7	30
12	Önnur lifandi dýr, ótalin annarstaðar (ót. a.)	—	7	30
	2. kafli. **Flesk og annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, ót. a.**			
	Kjöt, nýtt, kælt eða fryst, ót. a.:			
1	— af fuglum	1 kg	7	30
2	— af nautgripum	—	7	30
3	— af sauðfé	—	7	30
4	— af svínum	—	7	30
5	— hvalkjöt	—	7	
6	— hvalrengi	—	7	30
7	— annað	—	7	30
	Kjöt, saltað, reykt eða þurrkað, ót. a.:			
8	— af fuglum	—	7	30
9	— af nautgripum	—	7	30
10	— af sauðfé	—	7	30
11	— af svínum	—	7	30
12	— hvalkjöt	—	7	
13	— hvalrengi	—	7	30
14	— annað	—	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	Nautgripatungur, ót. a.:			
15	— nýjar, kældar eða frystar	1 kg	7	30
16	— reyktar, saltaðar eða þurrkaðar	—	7	30
	Flesk, ót. a.:			
17	— nýtt, kælt eða fryst	—	7	30
18	— reykt, saltað eða þurrkað	—	7	30
	3. kafli. **Fiskur, krabbar, skeldýr og ætir hlutar af þeim, ót. a.**			
	Síld:			
1	— ný	tollfrjáls		
2	— ísvarin eða fryst	1 kg	7	30
3	— söltuð, þurrkuð eða reykt	—	7	30
4	Fiskur, ót. a., nýr eða saltaður	tollfrjáls		
5	Fiskur, ót. a., ísvarinn, frystur, þurrkaður eða reyktur	—	7	30
	Krabbar og skeldýr, ót. a.:			
6	— humar	—	7	30
7	— ostrur	—	7	30
8	— rækjur	—	7	30
9	— önnur	—	7	30
	4. kafli. **Mjólkurafurðir, egg og hunang.**			
	Mjólk og rjómi:			
1	— niðursoðið	1 kg	7	30
2	— þurrkað	—	7	30
3	— annað	—	7	30
4	Smjör	—	7	30
5	Ostur	—	7	30
	Egg:			
6	— ný	—	7	30
7	— eggjarauður, eggjahvítur og eggjahlaup (emulsion)	—	7	30
8	— eggjaduft	—	7	40
9	Hunang og hunangslíki N	—	20	15
	5. kafli. **Hráefni úr dýraríkinu, ót. a.**			
1	Ambra, ömbrulíki og tinktúrur úr þeim efnum	1 kg	7	40
	Bein og horn, óunnin:			
2	— fílabein og rostungstennur	—	7	30
3	— önnur	—	7	30
4	Svínshár	—	7	8
5	Dúnn og fiður	—	7	30
6	Dýrablóð, fljótandi eða þurrt	—	7	30
	Fjaðrir, óunnar, til skrauts:			
7	— strútsfjaðrir	—	120	80
8	— aðrar	—	120	80

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
9	Fuglshamir og hlutar af þeim með fjöðrum, sem óunnir eru eða hafa sætt þeirri meðferð, sem nauðsynleg er, til að varðveita þá frá skemmdum meðan á flutningi stendur, þó svo framarlega sem þeir ekki verða taldir til loðskinna	1 kg	7	30
10	Mannshár, óunnið	—	7	30
11	Kórallar, skjaldbökuskeljar, skelplata og aðrar skeljar, óunnar	—	7	30
12	Langar og þarmar, einnig tilbúnir, svo og sundmagar	—	7	30
13	Moskus og moskuslíki og tinktúrur úr þeim efnum	—	7	40
14	Svampar (porifera)	—	7	30
15	Önnur hráefni og úrgangsefni úr dýraríkinu, ót. a., svo og dauð dýr, óhæf til neyzlu	—	7	30

II. FLOKKUR
Afurðir úr jurtaríkinu.

6. kafli.
Lifandi jurtir, blóm, blöð og aðrir afskornir jurtahlutar, nýir, þurrkaðir eða líkt meðfarnir.

	Jurtir lifandi:			
1	— trjáplöntur og trjárunnar til gróðursetningar	1 kg	7	10
2	— rabarbari	—	7	10
3	— aðrar	—	7	30
4	Þurrkaðar jurtir	—	7	70
	Blóm, blöð og aðrir afskornir jurtahlutar, ót. a.:			
5	— lifandi	—	7	70
6	— þurrkað, litað eða líkt meðfarið	—	7	70
7	Kransar og vendir úr lifandi eða þurrkuðum blómum	—	7	70
8	Blómlaukar	—	7	30

7. kafli.
Grænmeti, belgávextir, rótarávextir og ætisveppir.

	Grænmeti, belgávextir og rótarávextir, ót. a.:			
	— nýtt:			
1	— — kartöflur	50 kg	200	
2	— — gulrætur, rauðrófur og aðrar rófur	1 kg	7	30
3	— — laukur	—	7	30
4	— — hvítkál, rauðkál og blómkál	—	7	30
5	— — annað kál	—	7	30
6	— — baunir, ertur og linsur			8
7	— — aðrir belgávextir	—	7	30
8	— — arrowrót	—	7	30
9	— — kerfill	—	7	30
10	— — annað	—	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	— þurrkað:			
11	— — baunir, ertur og linsur	1 kg		8
12	— — annað	—	7	50
13	Ætisveppir	—	7	50
	8. kafli.			
	Ávextir til neyzlu, nýir og þurrkaðir.			
	Ávextir nýir:			
1	— ananas	1 kg	7	30
2	— appelsínur	—	7	30
3	— bananar	—	7	30
4	— bláber	—	7	30
5	— einiber	—	7	30
6	— epli	—	7	30
7	— ferskjur	—	7	30
8	— grapefruit	—	7	30
9	— hindber	—	7	30
10	— jarðarber	—	7	30
11	— kirsiber	—	7	30
12	— mandarínur	—	7	30
13	— melónur	—	7	30
14	— múltuber	—	7	30
15	— perur	—	7	30
16	— plómur	—	7	30
17	— ribsber	—	7	30
18	— sítrónur	—	7	30
19	— sólber og stikilsber	—	7	30
20	— tituber	—	7	30
21	— vínber	—	7	30
22	— aðrir	—	7	30
	Ávextir þurrkaðir:			
23	— apríkósur	—	7	50
24	— blandaðir ávextir	—	7	50
25	— bláber	—	7	50
26	— döðlur	—	7	50
27	— epli	—	7	50
28	— ferskjur	—	7	50
29	— fíkjur	—	7	50
30	— kirsiber	—	7	50
31	— kúrennur	—	7	50
32	— perur	—	7	50
33	— rúsínur	—	7	50
34	— sveskjur	—	7	50
35	— aðrir	—	7	50
	Hnetur, heilar eða muldar:			
36	— kókoshnetur og mjöl úr þeim	—	7	30
37	— aðrar	—	7	30
38	Möndlur	—	7	30
39	Hnetukjarnar og aðrir ávaxtakjarnar, ót. a.	—	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	9. kafli. **Kaffi, te og krydd.**			
	Kaffi:			
1	— óbrennt ..... N	1 kg	80	10
2	— brennt eða brennt og malað ..... N	—	100	10
3	Te ..... N	—	210	20
4	Pipar	—	7	40
5	Negull	—	7	40
6	Allrahanda	—	7	40
7	Kardemómur	—	7	40
8	Kúmen	—	7	40
9	Lárviðarlauf	—	7	40
10	Múskathnetur og múskatblóm	—	7	40
11	Kanill og kanilblóm	—	7	40
12	Sinnep	—	7	40
13	Anís og stjörnuanís	—	7	40
14	Vaniljustengur	—	7	40
15	Karrí	—	7	40
16	Kapar	—	7	40
17	Annað krydd, ót. a.	—	7	40
	10. kafli. **Korn, ómalað.**			
1	Hveiti	1 kg	2	8
2	Rúgur			2
3	Ris með hýði eða án ytra hýðis			2
4	Bygg			8
5	Hafrar			2
6	Maís			8
7	Annað ómalað korn			8
	11. kafli. **Kornvörur til manneldis, malt, maltextrakt, sterkja og glútín.**			
	Mjöl:			
1	— úr hveiti	1 kg	2	8
2	— úr rúgi			2
3	— úr ris			8
4	— úr byggi			8
5	— úr höfrum			2
6	— úr maís			8
7	— annað, ót. a.			8
	Grjón:			
8	— úr hveiti	1 kg	2	8
9	— úr byggi			8
10	— úr höfrum			2

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
11	— úr ris			2
12	— önnur, ót. a.			8
	Mjöl úr baunum, ertum og öðrum belgávöxtum:			
13	— úr baunum og ertum			8
14	— annað			8
15	Kartöflumjöl			8
16	Malt			8
17	Maltín (ölbruggunarefni)	1 kg	50	40
18	Maltextrakt	—	7	30
19	Sterkja, ót. a.	—	7	30
20	Sagógrjón, þar með tapíóka, einnig tilbúin			15
21	Sagómjöl, mjöl úr arrowrót og tapíókarót			15
22	Klíð			8
23	Glútín			8
	12. kafli. **Fræ, plöntugró, hálmur, hey, humall, jóhannesarbrauð, kopra, maté og síkoríurætur.**			
	Fræ og plöntugró:			
1	— blómfræ			2
2	— grasfræ			2
3	— annað			2
4	Hálmur			8
5	Hey			8
6	Humall	1 kg	7	8
7	Jóhannesarbrauð	—	7	30
8	Kókoskjarnar (kopra)	—	7	30
9	Maté	—	210	20
	Síkoríurætur:			
10	— óbrenndar	—	7	8
11	— brenndar, en ómalaðar	—	7	50
	13. kafli. **Hráefni til framleiðslu á litunar- og sútunarefnum, gúmmí, harpix og kamfóra.**			
1	Jurtir og jurtahlutar, svo sem börkur, til litunar eða sútunar	1 kg	7	8
	Gúmmí, gúmmíharpix, annað harpix og náttúrlegt balsam, ót. a.:			
2	— gúmmí arabikum	—	7	30
3	— skellakk	—	7	15
4	— kólófónium	—	7	8
5	— benzoëharpix	—	7	8
6	— myrra	—	7	8
7	— annað	—	7	8
8	Kamfóra, einnig tilbúin	—	7	8

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	14. kafli. **Efni til körfu- og burstagerðar, húsgagnatróð og önnur hráefni úr jurtaríkinu, ót. a.**			
	Efni úr jurtaríkinu til bursta- og körfugerðar o. þ. h. iðnaðar, ót. a.:			
1	— bast	1 kg	7	8
2	— greinar, kókostægjur og aðrar jurtatrefjar, ót. a.	—	7	8
3	— spanskreyr og annar reyr, svo og bambus, ót. a.	—	7	8
4	— strá og sef	—	7	8
5	— annað	—	7	8
	Húsgagnatróð og annað tróð úr jurtaríkinu, ót. a.:			
6	— kapok	—	7	8
7	— viðarhár	—	7	8
8	— þang	—	7	8
9	— annað	—	7	8
10	Hráefni og úrgangsefni úr jurtaríkinu, ót. a.	—	7	8
	III. FLOKKUR **Feiti, feitar olíur, smjörlíki og vax úr jurta- og dýraríkinu.**			
	15. kafli. **Feiti og feitar olíur, ót. a., smjörlíki og vax úr jurta- og dýraríkinu.**			
	Feiti og feitar olíur úr dýraríkinu, ót. a.:			
1	— svínafeiti (lard) og gæsafeiti	1 kg	7	30
2	— tólg	—	7	30
3	— oleomargarine	—	7	30
4	— hvalfeiti, hert, svo og hert síldarlýsi	—	2	8
5	— spik og lifur úr fiski og öðrum sjávardýrum	—	7	30
6	— önnur dýrafeiti, ót. a.	—	7	30
7	— hvalolía, svínaolía (lardoil) og aðrar olíur úr dýraríkinu, ót. a.	—	7	30
8	— olíur og lýsi úr fiski og öðrum sjávardýrum, ót. a.	—	7	30
	Feiti og feitar olíur úr jurtaríkinu, ót. a.:			
9	— kókosfeiti, óhreinsuð (kókosolía)	—	2	8
10	— kókosfeiti, hreinsuð og hert	—	2	8
11	— ólívuolía (viðsmjör)	—	7	30
12	— pálmakjarnaolía	—	2	8
13	— línolía	—	2	8
14	— baðmullarfræsolía	—	2	8
15	— jarðhnetuolía	—	2	8
16	— sesamolía	—	2	8
17	— soyuolía	—	2	8
18	— risínusolía (laxerolía)	—	7	8
19	— önnur jurtafeiti, ót. a.	—	7	8

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
20	Olíur og feiti, sem taldar eru í nr. 4, 9, 10, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18 og 19, sem með innstu umbúðum vega ekki yfir 15 kg.	1 kg	7	30
21	Degras, einnig tilbúið	—	2	8
	Olein og aðrar feitisýrur:			
22	— sterín	—	7	8
23	— aðrar	—	2	8
24	Glyserin	—	7	30
25	Smjörlíki og önnur tilbúin matarfeiti	—	7	30
26	Vax úr jurta- og dýraríkinu, einnig tilbúið, ót. a.	—	7	30

IV. FLOKKUR
Matvælaframleiðsla, drykkjarvörur og tóbak.

16. kafli.
Framleiðsla úr kjöti, fiski, kröbbum og skeldýrum.

1	Pylsur allskonar	1 kg	7	30
2	Kjötextrakt, fastur eða fljótandi	—	7	30
	Önnur framleiðsla, að nokkru eða öllu úr kjöti, ót. a.:			
3	— niðursoðin	—	7	30
4	— önnur	—	7	30
	Fiskhrogn:			
5	— styrjuhrogn (kaviar), einnig stæld	—	7	50
6	— önnur	—	7	30
	Framleiðsla úr fiski, kröbbum og skeldýrum, ót. a.:			
7	— niðursoðin	—	7	30
8	— önnur	—	7	30

17. kafli.
Sykur, sykurvörur og lakkrís.

	Sykur:				
1	— strásykur	N	1 kg	20	10
2	— höggvinn sykur (molasykur)	N	—	20	10
3	— sallasykur (flórsykur)	N	—	20	10
4	— púðursykur	N	—	20	10
5	— steinsykur (kandís)	N	—	20	10
6	— toppasykur	N	—	20	10
7	— síróp, ót. a.	N	—	20	15
8	— þrúgusykur (glykose) fastur og fljótandi	N	—	20	15
9	— melasse		—	2	8
10	— vaniljusykur		—	7	40

Tollskrár nr.			Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	Sykurvörur:				
11	— marzipan, ósykrað		1 kg	20	30
12	— marzipan, sykrað	N	—	420	35
13	— brjóstsykur	N	—	420	35
14	— munngúmmí (tyggigúmmí)	N	—	420	35
15	— töggur (karamellur)	N	—	420	35
16	— aðrar	N	—	420	35
17	Lakkrís, ósykraður	N	—	20	30
18	Lakkrísvörur og sykraður lakkrís	N	—	140	35
	18. kafli. **Kakó og framleiðsla úr því.**				
	Kakóbaunir:				
1	— óbrenndar	N	1 kg	50	8
2	— brenndar	N	—	70	8
3	Kakódeig	N	—	140	8
4	Kakóduft	N	—	70	15
5	Kakósmjör	N	—	70	8
6	Kakómalt	N	—	70	20
7	Suðusúkkulaði	N	—	210	35
8	Átsúkkulaði allskonar, svo sem súkkulaðihúðað munngæti (kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marzipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði og möndlusúkkulaði	N	—	420	35
9	Súkkulaðihúð	N	—	210	35
10	Aðrar vörur úr kakó, ót. a.	N	—	420	35
	19. kafli. **Framleiðsla úr mjöli eða sterkju.**				
	Mjöl eða sterkja, tilreitt sem fæða fyrir börn og sjúka eða til notkunar við matargerð, einnig þótt í vörurnar sé blandað kakó eða súkkulaði:				
1	— barnamjöl		1 kg	7	30
2	— bökunarduft (lyftiduft)		—	7	30
3	— búðingsduft		—	7	30
4	— annað		—	7	30
5	Rís og aðrar korntegundir og rótarávextir, steikt, gufusoðið eða tilreitt á annan svipaðan hátt		—	7	30
6	Makkarónur, makkarónudeig, núðlur og svipaðar deigvörur		—	7	30
7	Altarisbrauð (oblátur), allskonar		—	7	30
	Allskonar brauðvörur:				
8	— ef þær eru sætar, kryddaðar, eða í þeim er kakó, súkkulaði, ávextir eða hunang		—	7	30
9	— kringlur, tvíbökur og skonrok		—	7	30

Tollskrár nr.		Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
10	— aðrar	1 kg	7	30
11	Fóðurkex	—	7	8
	Aths. Brauðvörur, sem í er meira en 50% af súkkulaði eða kakó, skulu taldar vörur úr þeim efnum, svo skulu og brauðvörur, sem í er meira en 50% sykur, taldar sykurvörur.			
	20. kafli.			
	Framleiðsla úr ávöxtum, grænmeti, belgávöxtum og rótarávöxtum, ót. a., svo og úr sveppum.			
	Ávextir:			
1	— lagðir í edik eða annan súr, saltaðir eða kryddaðir á annan hátt, ót. a.	1 kg	7	50
	— s y k r a ð i r :			
2	— — súkkat	—	7	50
3	— — aðrir N	—	420	35
4	— niðursoðnir	—	7	50
5	Aldinsulta og aldinhlaup (gelé)	—	7	50
6	Aldinmauk (marmelade)	—	7	50
7	Pulp og safi úr ávöxtum, ósykraður	—	7	30
8	Pectin (sultuhleypir)	—	7	30
9	Saft úr ávöxtum og jurtahlutum	—	7	50
10	Önnur framleiðsla úr ávöxtum, ót. a.	—	7	50
	Grænmeti, belgávextir og rótarávextir, ót. a.:			
11	— lagt í edik eða annan súr, saltað eða kryddað á annan hátt	—	7	50
12	— niðursoðið	—	7	50
13	Önnur framleiðsla úr grænmeti, belgávöxtum og rótarávöxtum, ót. a.	—	7	50
14	Sveppir, niðursoðnir eða tilreiddir á annan hátt	—	7	50
	21. kafli.			
	Ýmsar fæðutegundir.			
1	Kaffibætir og kaffilíki allskonar N	1 kg	180	10
2	Kaffiextrakt N	—	100	30
3	Soya	—	7	30
4	Tómatsósa	—	7	30
5	Kryddsósur allskonar, súpuefni í pökkum og súputeningar	—	7	30
	Allskonar ger, nema lyftiduft:			
6	— pressuger	—	7	8
7	— þurrger	—	7	8
8	— annað	—	7	8
9	Litað sykurvatn með kjörnum	1 l	210	10
10	Aðrar fæðutegundir, ót. a.	1 kg	7	30

Tollskrár nr.			Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
	22. kafli.				
	Drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.				
	Gosdrykkir:				
1	— límonaði og sítrónuvatn	N	1 l	45	10
2	— sódavatn	N	—	45	10
3	— aðrir	N	—	45	10
	Öl allskonar:				
4	— maltöl	N	—	90	10
5	— annað	N	—	90	10
	Þrúguvín, ót. a.:				
6	— hvítvín	N	—	140	10
7	— rínarvín	N	—	140	10
8	— rauðvín	N	—	140	10
9	— freyðivín	N	—	140	10
10	— kínavín	N	—	280	10
11	— madeira	N	—	280	10
12	— malaga	N	—	280	10
13	— portvín	N	—	280	10
14	— sherry	N	—	280	10
15	— tokajer	N	—	280	10
16	— vermouth	N	—	280	10
17	— muscatell	N	—	280	10
18	— önnur	N	—	280	10
	Brennd vín og önnur vín með áfengismagni frá 21% til 47% að rúmmáli:				
19	— whisky	N	—	420	10
20	— koniak	N	—	420	10
21	— romm	N	—	420	10
22	— genéver	N	—	420	10
23	— brennivín (aqua vitæ)	N	—	420	10
24	— punch	N	—	420	10
25	— anisvín	N	—	420	10
26	— cocktails	N	—	420	10
27	— likjörar	N	—	420	10
28	— bitterar	N	—	420	10
29	— önnur	N	—	420	10
	Brennd vín og önnur vín með áfengismagni frá 47% til 71% að rúmmáli:				
30	— romm	N	—	560	10
31	— cocktails	N	—	560	10
32	— likjörar	N	—	560	10
33	— bitterar	N	—	560	10
34	— önnur	N	—	560	10
	Brennd vín og aðrir vökvar, ót. a., með áfengismagni frá 71% að rúmmáli:				
35	— hreinn vínandi (spiritus)	N	—	700	10
36	— mengaður vínandi	N	—	280	10

Tollskrár nr.			Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
37	— önnur	N	1 l	700	10
38	Ávaxtavín, ót. a., og óáfeng vín	N	—	210	10
	23. kafli.				
	Skepnufóður og úrgangsefni frá matvælaframleiðslu, ót. a.				
1	Fóðurmjöl úr kjöti, einnig þótt í því séu jurtaefni		1 kg	2	8
2	Fóðurmjöl úr fiski og fiskúrgangi, einnig þótt í því séu jurtaefni		—	2	8
	Olíukökur og mjöl úr þeim:				
3	— úr hörfræi				8
4	— úr baðmullarfræi				8
5	— úr jarðhnetum				8
6	— úr kókoshnetum				8
7	— úr pálmakjörnum				8
8	— úr rapsfræjum				8
9	— úr soyabaunum				8
10	— annað				8
11	Melassefóður		1 kg	2	8
12	Blöndur af korntegundum og öðrum efnum, ót. a., sem eingöngu verða notaðar sem skepnufóður				8
Forstöðumaður hins almenna vinnuskóla ríkisins hafi að árslaunum 6000 kr.

Kostnaður vegna ferða hans til eftirlits og leiðbeininga í einstökum vinnuskólum greiðist eftir reikningi.

Skylt er forstöðumanni að stýra vinnuflokki í allt að 2 mánuði á ári, ef fræðslumálastjórnin krefst þess.

Framkvæmdir vinnuskólanna.

7. gr.

Framkvæmdir vinnuskóla skulu vera þjóðnytjaverk, svo sem:

1. Nýbýlaræktun.
2. Fyrirhleðslur og áveitur.
3. Skógrækt.
4. Sandgræðsla.
5. Lendingarbætur fyrir báta í litlum kauptúnum eða verstöðvum, sem ekki geta staðið straum af slíkum framkvæmdum.
6. Lendingarbætur fyrir flugvélar, einkum í kauptúnum og sveitum.
7. Fjallvegir milli héraða og ferðamannaleiðir til afskekktra, fagurra og skemmtilegra staða.
8. Íþróttasvæði, sólskýli, sundlaugar og lögun á sjávarströnd til sundiðkana nálægt kaupstöðum, kauptúnum, öðru þéttbýli og sumargististöðum.
9. Vernd og viðhald náttúruminja og fornra mannvirkja. Aðstoð við vísindalegar rannsóknir rannsóknarleiðangra, fyrst og fremst í þágu atvinnuveganna, en einnig þegar um er að ræða hverskonar rannsóknir á eðli landsins og íbúa þess, svo sem rannsóknir í landafræði, jarðfræði, veðurfræði, dýrafræði, mannfræði, heilbrigðisfræði, einnig fornleifarannsóknir o. s. frv.
10. Hverskonar almenn hjálparstarfsemi, sem þörf er á vegna hættu eða skemmda af náttúrunnar völdum.

Þegar sérstaklega stendur á vegna ófyrirsjáanlegra atvika, svo sem eldsvoða, óþurrka, flóða o. s. frv., skal stjórn vinnuskólanna heimilt að senda vinnuflokka til aðstoðar einstaklingum.

Lengd námstíma, húsakynni, vinna og nám.

8. gr.

Kennslumálaráðherra ákveður árlegan starfstíma einstakra vinnuskóla, að fengnum tillögum forstöðumanns. Hvert námskeið í vinnuskóla standi þó eigi skemur en í 2 — tvo — mánuði.

9. gr.

Við val verkefna skal höfð hliðsjón af því, hvort unnt sé að hagnýta sem bækistöð fyrir einstaka vinnuskóla húsakynni, sem eru í eign hins opinbera, svo sem hús barna- eða unglingaskóla o. s. frv.

10. gr.

Vinnuskólapiltar skulu daglega vinna líkamlega vinnu í 6 stundir. Auk þess skal einni stund varið til fræðslu um lögmál vinnunnar og vinnutækni, eða sögu þjóðarinnar og náttúru landsins. Kennslan skal miða að því að glæða áhuga nemendanna á félagslífi og samstarfi, bindindi um skaðlegar nautnir, vinnu, frelsi þjóðarinnar og lýðræði. Einni stund skal og daglega varið til íþróttastarfsemi, og skal sérstök áherzla lögð á félagslegar íþróttir, leikfimi, glímu og sund.

11. gr.

Vinnuskólapiltar skulu fá ókeypis húsnæði, eða vist í skýlum eða tjöldum, fæði, kennslu og afnot ytri vinnufata, þar á meðal skófatnaðar og hlífðarfata. Auk þess skulu þeir fá greitt kr. 0.50 fyrir hvern virkan dag, er námskeiðið hefir staðið.

Nemendur.

12. gr.

Inntökuskilyrði í vinnuskóla eru þessi:

1) að umsækjandi sé fullra 18 ára, en yngri en 22 ára.
   Ef rúm leyfir og forstöðumaður telur ástæðu til, má þó veita undanþágu frá þessum aldursákvæðum, enda sé umsækjandi fullra 16 ára eða eigi fullra 24 ára.
2) að umsækjandi hafi — að áliti læknis — heilbrigði til að stunda nám og vinnu í skólanum og sé eigi haldinn af næmum sjúkdómi.

13. gr.

Á meðan skólinn stendur yfir skulu nemendur vera háðir lækniseftirliti, enda er læknishjálp við skólann ókeypis fyrir þá og greiðist af skólanum, að svo miklu leyti sem þeir eru ekki tryggingarskyldir í lögboðnu sjúkrasamlagi, er skylt sé að greiða sjúkrakostnað þeirra.

14. gr.

Að loknu námi skal hverjum nemanda afhent skírteini, er sýni, hversu hann hafi leyst námið og störf af hendi, og skal haga gjöf vitnisburðar samkv. nánari ákvæðum reglugerðar.

Þeir, sem lokið hafa námi í vinnuskóla og hlotið loflegan vitnisburð, skulu síðar, að öðru jöfnu, ganga fyrir vinnu hjá hinu opinbera.

Kostnaður. Reglugerðir.

15. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði. Ef verk, sem unnin eru samkv. 7. gr., eru leyst af hendi í þágu einstakra bæjar- eða sveitarfélaga og samkvæmt beiðni þeirra, skal þeim þá skylt að greiða nokkurn hluta kostnaðar, eða allt að helmingi, samkv. nánari ákvæðum reglugerðar, enda gangi umsækjendur búsettir í því bæjar- eða sveitarfélagi fyrir öðrum um vist í þeim vinnuskóla, er verkið vinnur.

16. gr.

Kennslumálaráðherra setur allar reglugerðir, er lúta að einstökum ákvæðum laga þessara og framkvæmd þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

17. gr.

Fyrst um sinn, eða unz öðruvísi verður ákveðið með lögum, skulu piltar, sem unnið hafa að framleiðslu- eða ræktunarstörfum í sveit eigi skemur en í 6 — sex — mánuði frá 16—22 ára aldri og hafa hlotið loflegan vitnisburð húsbænda sinna, njóta sömu réttinda og jafnaldrar þeirra, er lokið hafa námi í vinnuskóla (sbr. 14. gr.), enda hafi fyrirmælum reglugerðar vinnuskólanna um gjöf vitnisburðar verið fylgt og hann staðfestur af óvilhöllum mönnum, er fræðslumálastjórnin viðurkennir.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta fyrir tilmæli forsætisráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera breytingartillögur. Nefndin hefir aflað kostnaðaráætlunar, sem prentuð er hér með sem fylgiskjal, ásamt ýmsum skýringum.

Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð.

Frumvarp þetta hefir Lúðvig Guðmundsson skólastjóri samið, eftir að hafa dvalið erlendis á vegum ríkisstjórnarinnar og kynnt sér þessi mál. Auk þess hefir nefnd sú, er kennslumálaráðuneytið skipaði á síðastliðnu sumri til þess að endurskoða fræðslulöggjöfina, haft frumvarpið til athugunar og gert á því nokkrar breytingar. Er frumvarpið nú í þeirri mynd, sem nefndin gekk frá því. Í nefnd þessari eiga sæti Jakob Kristinsson fræðslumálastjóri, Sigurður Thorlacius skólastjóri og Jónas Jónsson skólastjóri.

Ef árangurinn af rekstri vinnuskólans, sem frumvarpið fjallar um, verður æskilegur, er gert ráð fyrir, að hann verði upphaf almennrar þegnskylduvinnu hér á landi. Mun starfsemi vinnuskólans afla verðmætrar reynslu um það, hvers megi yfirleitt vænta af þegnskylduvinnu hér.

Meginrökin fyrir stofnun slíks skóla sem þessa er að finna í fyrirlestrum, sem Luðvig Guðmundsson flutti fyrir nokkru í ríkisútvarpið. Voru fyrirlestrar þessir á fyrra hluta þings sendir fjölritaðir til allra alþingismanna, og þykir því ekki ástæða til að taka þá upp í þessa greinargerð.

Fylgiskjal I.

Áætlun um kostnað við úthald 64 pilta vinnuskólaflokks.

Áætlunin er gerð af Luðvig Guðmundssyni með aðstoð vegamálaskrifstofunnar.

Verkefni: Nýræktarstörf og vegagerð.

Vinnutími: 6 mánuðir (184 dagar, þar af 160 dagar virkir), 7 stunda vinna á dag.

Húsakynni: Leiguhúsnæði, t. d. skólahús, sem til er nálægt vinnustaðnum.

Vinnupiltar: 64 piltar, flestir 18—22 ára að aldri. Fjórir piltanna annist flokksstjórn undir umsjón verkstjóranna. 15 piltar, auk flokksstjóra, eru í hverjum vinnuflokki.

Aðrir starfsmenn: Forstöðumaður, 2 verkstjórar og bryti.

I. Kaupgreiðsla og vasapeningar:			
1. Kaup forstöðumanns í 186 daga, 18.00 á dag ..	kr.	3348.00	
2. — 1. verkstjóra í 166 d., 16.00 á d.	—	2656.00	
3. — 2. verkstjóra í 160 d., 12.00 á d.	—	1920.00	
4. — bryta í 190 d., 9.00 á d.	—	1710.00	
5. Vasapeningar 60 pilta í 160 d., 0.50 á d.	—	4800.00	
6. — 4 flokksstjóra úr hópi vinnupilta, 160 d. á 1.00 á d.	—	640.00	
			kr. 15074.00

II. Fríðindi:			
1. Fæði 64 pilta í 184 d. og fæði bryta í 190 d. á 1.60 á d.	kr.	19145.60	
2. Leiga eftir eldavél, eldhús- og matreiðsluáhöld o. þ. h.	—	400.00	
3. — eftir 68 rúmstæði með rúmfatnaði, á 25.00	—	1700.00	
4. — — húsnæði í 6 mánuði, 100.00 á mán.	—	600.00	
5. Slit vinnu- og skófatnaðar á 64 pilta, 45.00	—	2880.00	
6. Slit hlífðarfata á 64 pilta, 20.00	—	1280.00	
7. Sjúkragögn	—	100.00	
8. Flutningur manna að og frá vinnustað, 68 manns á 15.00	—	1020.00	
9. — matvæla og áhalda	—	500.00	
10. Eldsneyti	—	500.00	
11. Símgjöld, ferðalög og ófyrirséð	—	300.40	kr. 28426.00
III. Annar kostnaður:			
1. Leiga eftir 20 hesta í 130 d., 1.00 á d.	—	2600.00	
2. Hagaganga 20 hesta í 150 d., 0.10 á d.	—	300.00	
3. Leiga eftir kerrur, aktýgi, handverkfæri o. þ. h.	—	2000.00	
4. Hestajárn o. fl.	—	100.00	— 5000.00
		Samtals	kr. 48500.00

Fylgiskjal II.

Áætlun frá vegamálaskrifstofunni yfir kostnað við úthald 60 manna vinnuflokks í 4 mánuði (frá miðjum maí til miðs september, 102 virkir dagar).

1. **Kaup verkamanna:**			
50 verkamenn fullg. í 100 d. = 5000 dv. á 9.00	kr.	45000.00	
6 drengir í 100 d. = 600 dv. á 7.00	—	4200.00	
4 flokkstjórar í 100 d. = 400 dv. á 12.00	—	4800.00	kr. 54000.00
2. **Kaup hesta:**			
24 hestar í 100 d. = 2400 dv. á 1.00	kr.	2400.00	
Gæzla hestanna utan vinnutíma	—	300.00	
Hagaganga 24 hesta í 122 d., 0.10 pr. hest	—	300.00	— 3000.00
3. Verkamannakostnaður:			
Miðað er við leigu og árlegan viðhaldskostnað:			
Eldavél, pottar, könnur, katlar, föt o. fl.	kr.	300.00	
Eldsneyti, 4 tonn kol á 60.00, timburrusl 60.00	—	300.00	
Olía til upphitunar, sérstakl. á fjöllum	—	200.00	
Flutningar á matvælum, ekið um o. fl., miðað við 60 km. vegalengd, 1 ferð á viku í 18 v. 36.00		650.00	
Flutningur á verkamönnum að og frá vinnu vor og haust, ca. 10 bílferðir á 36.00	—	360.00	
Kaup og fæðiskostnaður 3 matreiðslukvenna í 370 daga á 6.00	—	2200.00	
Ferðir verkamanna til heimila sinna annan hvern sunnudag, 4 kr. á mán. í 4 mán. fyrir 60 menn ca.		1000.00	
Leiga fyrir skúra til borðhalds og matvælageymslu (matreiðslu- og borðunarskúra)	—	400.00	

Rúmstæði, tjaldgólf o. fl.	kr.	300.00	
Kaup verkamanna að og frá vinnu, 120 dv. á 9.00 ..	—	1100.00	
Ýmislegt óvíst	—	190.00	
			kr. 7000.00
4. Áhöld:			
Ca. 6% af 57 þús. kr.			— 3500.00
5. Verkstjórn:			
Reikningshald, símakostnaður			— 2500.00
			Samtals kr. 70000.00

Kostnaðaráætlun við að kaupa að nýju áhöld til matreiðslu og borðhalds, ásamt skúrum til þess að matreiða og borða í fyrir 60 manna flokk:

Skúrar, eldhús og borðstofa	kr. 2000.00
Eldavél 300.00, pottar 150.00, könnur, katlar o. fl. 250.00	— 700.00
65 rúmstæði á 10.00	— 650.00
23 tjaldbotnar úr borðvið á 20.00	— 460.00
Ýmislegt	— 190.00
Samtals	kr. 4000.00

Ed. 287. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Flm.: Magnús Gíslason, Ingvar Pálmason, Erlendur Þorsteinsson.

1. gr.

56. gr. 2. málsgr. hljóði svo:

Lögfræðingar þeir, sem stundað hafa málflutning fyrir héraðsdómi sjálfstætt, eða sem fulltrúar hæstaréttarmálflutningsmanna, minnst 3 ár samfleytt fyrir 1. janúar 1937, skulu vera undanþegnir prófraun þeirri, er um ræðir í 1. málsgrein. Lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið í dómaraembætti, eða skipa má í föst dómarasæti samkvæmt 32. gr., skulu einnig undanþegnir umræddri prófraun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með 56. gr. téðra laga er tekinn af þeim lögfræðingum, sem voru starfandi málfærslumenn við héraðsdóm, þegar lögin gengu í gildi, réttur til að starfa þar áfram eftir 1. janúar 1940, ef þeir hafa ekki þá lokið prófraun þeirri, er greinin getur um. Nokkrir þessara málfærslumanna munu nú þegar hafa lokið þessari raun, en hinir eru margir, sem ekki hefir enn gefizt tækifæri til að fullnægja þessu skilyrði fyrir áframhaldandi málflutningi fyrir héraðsdómi. Stafar þetta af því, að þeir hafa ekki haft mál til meðferðar, er hæf þættu til prófflutnings, og getur hæglega liðið langur tími þar til þeir fá slík mál til flutnings. Á þetta sérstaklega við um þá málflutningsmenn, sem lítið hafa að gera, eða þá, sem hafa málflutning í hjáverkum, en þessir lögfræðingar, sumir með þung heimili, þola síst, að réttindin séu af þeim tekin.

Með framangreindu ákvæði er algerlega brotið í bága við þá meginreglu, sem

fylgt hefir verið í atvinnulöggjöf síðari ára, að skerða í engu atvinnuréttindi manna eftir eldri löggjöf, enda þótt strangari reglur séu settar um að öðlast slík réttindi framvegis. Má þar nefna t. d. lög nr. 18/1927, um iðju og iðnað, 27. gr., lög nr. 47/1932, um lækningaleyfi, 22. gr., og lög nr. 104/1936, um atvinnu við siglingar, sem öll innihalda ákvæði um það, að þeim réttindum, sem menn höfðu er lögin gengu í gildi, skuli þeir halda óskertum. Verður ekki fundin nein skynsamleg ástæða fyrir því, hvers vegna gilda skuli strangari reglur um málflutning fyrir héraðsdómi en annan atvinnurekstur.

Í frumvarpinu er þó ekki farið fram á annað en að þeir, sem stundað hafa málflutning minnst 3 ár samfleytt áður en lögin gengu í gildi, fái að halda réttindum sínum.

Það er algengt, að lögfræðingar, sem gegnt hafa lengi sýslumanns- eða bæjarfógetaembætti, eða öðrum ábyrgðarmiklum lögfræðistörfum, hafi málflutning að atvinnu eftir að þeir hafa látið af embætti. Virðist sem þessir menn eigi að hafa heimild til að mæta fyrir héraðsdómi, án þess að þurfa fyrst að ganga undir próf það, er hér ræðir um. Getur dregizt fyrir þeim eigi síður en öðrum að fá nægilega mörg prófmál til flutnings, enda þótt þeir hefðu nóg af öðrum málum, sem þeir þyrftu að flytja fyrir héraðsdómi. Ákvæðið um prófraunina getur því orðið þessum mönnum mjög bagalegt. Auk þess má gera ráð fyrir, að sumum þeirra, t. d. rosknum og reyndum sýslumönnum og bæjarfógetum, lögmanninum í Reykjavík, prófessorum við lagadeild háskólans og hæstaréttardómurum, væri fremur ógeðfellt að þurfa að ganga undir slíkt próf sem þetta, áður en þeim yrði treyst til að flytja mál fyrir héraðsdómi, sem hver ólöglærður maður gat tekið að sér áður en lög nr. 85 frá 1936 gengu í gildi.

Samkvæmt lögum eiga héraðsdómarar að veita málfærslumönnum fyrir héraðsdómi löggildingu. Sýnist lítið samræmi vera í því að veita þeim slíkt úrskurðarvald, en meina þeim jafnframt að flytja mál fyrir héraðsdómi, nema þeir áður leysi af hendi prófraun þá, er lögin gera ráð fyrir.

Nd. 288. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

A. Á eftir 1. gr. frv. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. 2. gr. laganna orðist svo:

Skipa skal fimm manna nefnd, einn eftir tilnefningu hæstaréttar, og sé hann formaður, einn eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annan eftir tilnefningu Landssambands stéttarfélaganna og tvo eftir tilnefningu Vinnuveitendafélags Íslands. Nefnd þessi skal gera yfirlit yfir framfærslukostnað í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar frá ársbyrjun 1939, eftir grundvallarreglum, sem nefndin setur að fengnum tillögum Hagstofu Íslands. Komi í ljós, að meðaltalsframfærslukostnaður í Reykjavík á mánuði, eftir marzmánuð 1939, hafi hækkað miðað við meðalframfærslukostnað mánuðina janúar—marz 1939, skal gildandi kaupgjald verkafólks og sjómanna hækka frá byrjun næsta mánaðar, sem nemur þeirri hækkun á framfærslukostnaði, sem orðið hefir. Gildir það kaup sem samningur milli atvinnurekenda og stéttarfélaga, nema annarhvor aðili vilji hafa annað kaupgjald. Skal hann þá tilkynna það innan mánaðar frá gildistöku þessara laga, ella gildir það sem samningur til þess tíma, sem ákvæðinn hefir verið um samningstímalok í hlutaðeigandi

vinnusamningum eða viðurkenndum töxtum, og með sömu reglum um uppsagnarfresti og síðara áframhald, er þar greinir. Séu engir samningar eða taxtar fyrir hendi, né séu sérstaklega þar um gerðir, skal samningstímabil þetta teljast eitt ár frá 1. janúar að telja, og framlengist um eitt ár í senn, nema sagt sé upp með eins mánaðar fyrirvara. Kaupgjald fastráðinna manna, sem hafa minna en 450 króna kaup á mánuði, eða sem svarar 5400 króna árstekjum, í Reykjavík og tilsvarandi lægra annarstaðar á landinu, skal hækka eftir sömu reglum og kaupgjald verkafólks og sjómanna samkvæmt þessari grein. — Ríkisstjórnin setur sérstakar reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Við ákvörðun kaups samkvæmt þessari grein skal sleppt broti úr eyri, ef það nær ekki hálfum, en annars hækka í heilan eyri.

Kostnaður við nefnd þessa, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

2. 3. gr. laganna falli burt.

B. Á eftir 2. gr. frv. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. Á eftir 4. gr. laganna komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. Ríkisstjórninni er heimilt að hækka meðalmeðlög af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum, eins og þau eru ákveðin með auglýsingu atvinnumálaráðuneytisins frá 27. okt. 1937, í samræmi við aukinn framfærslukostnað á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 14. maí 1940.
   b. Slysa- og dánarbætur, ellilaun og örorkubætur samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, nr. 74 31. des. 1937, skulu hækka hlutfallslega við aukinn framfærslukostnað frá 1. jan. 1940, samkvæmt 2. gr. þessara laga.
2. 5. gr. laganna falli burt.

Ed. 289. Frumvarp til laga

um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ákvæði þessara laga ná til þeirrar stríðsáhættuþóknunar, sem greidd er samkvæmt eftirtöldum samningum, ásamt þeim breytingum, er á þeim kunna að vera gerðar:

a. Samningur milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis í tilefni af núverandi stríðsástandi í Evrópu. Samningur þessi er dagsettur 12. október 1939.
b. Samkomulag milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og Sjómannafélaga Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Patreksfjarðar um kjör meðlima ofanskráðra sjómannafélaga í siglingum um stríðsáhættusvæði. Samkomulag þetta er undirritað 10. október 1939.
c. Samningur milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og Félags íslenzkra loftskeytamanna í tilefni af núverandi stríðsástandi í Evrópu. Samningurinn er undirritaður 13. október 1939.
d. Samningur milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og Vélstjórafélags Íslands um stríðstryggingu og áhættuþóknun. Samningurinn er dagsettur 12. október 1939.
e. Samningur milli sjómannafélaganna: Sjómannafélags Reykjavíkur, Vélstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskeytamanna og

Matsveina- og veitingaþjónafélags Íslands annarsvegar og skipafélaganna: Eimskipafélags Íslands h/f, Skipaútgerðar ríkisins, Eimskipafélags Reykjavíkur h/f, Útgerðarfélags K.E.A. h/f og Eimskipafélagsins Ísafoldar h/f hinsvegar, um stríðsáhættuþóknun og stríðstryggingu vegna yfirstandandi Norðurálfuófriðar. Dagsetning samnings þessa er 7. október 1939.

2. gr.

Áhættuþóknanir þær, er um ræðir í 1. gr., skulu vera undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari að hálfu leyti, þannig að við ákvörðun skatts og útsvars hjá hverjum einstökum gjaldanda, sem hlut á að máli, skal draga 50% af umræddri áhættuþóknun frá skattskyldum eða útsvarsskyldum tekjum hans, áður en tekjuskattur og útsvar er reiknað. Hið sama gildir um ákvörðun lífeyrissjóðsgjalds samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, nr. 74 31. des. 1937, 49. gr. 2.

3. gr.

Við ákvörðun um réttindi ofangreindra aðila til þeirra hlunninda, sem sjúkrasamlag veitir samkvæmt 24. gr. laga um alþýðutryggingar, nr. 74 31. des. 1937, skal eigi tekið tillit til umræddrar áhættuþóknunar, en eingöngu miðað við aðrar skattskyldar tekjur gjaldanda.

4. gr.

Allir þeir skattgreiðendur, sem áhættuþóknunar hafa notið, eru skyldir að telja til tekna á skattframtölum sínum áhættuþóknunina að öllu leyti, án frádráttar, ásamt öðrum launum sínum. Í launauppgjöfum stofnana og atvinnurekenda til skattstofu og skattanefnda skal gera sérstaklega grein fyrir áhættuþóknun hvers einstaks gjaldanda. Um rannsóknar- og úrskurðarvald skattstjóra, skattanefnda og niðurjöfnunarnefnda viðvíkjandi þessum málum gilda ákvæði skattalaga og útsvarslaga, eftir því sem við á.

5. gr.

Fjármálaráðuneytið setur frekari ákvæði um framkvæmd laga þessara, ef þurfa þykir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af fjárhagsnefnd efri deildar, eftir beiðni fjármálaráðherra, og fylgja eftirfarandi athugasemdir frumvarpinu:

Í sambandi við samninga á milli útgerðarmanna og sjómanna um kaup og kjör í siglingum, eftir að styrjöldin hófst, varð það að samkomulagi á milli þessara aðila og ríkisstjórnarinnar, að stjórnin færi þess á leit við Alþingi, að helmingur af umsaminni stríðsáhættuþóknun skipverja yrði undanþegin sköttum og gjöldum, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Ríkisstjórnin var þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri, að hún gæfi slíkt fyrirheit, til þess að samningar með þessum aðilum mætti takast, og er frumvarpið því flutt af fjárhagsnefnd eftir beiðni ríkisstjórnarinnar.

Fylgiskjal I.

Sjómannafélögin: Sjómannafélag Reykjavíkur, Vélstjórafélag Íslands, Stýrimannafélag Íslands, Félag ísl. loftskeytamanna og Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands annarsvegar og skipafélögin: Eimskipafélag Íslands h/f, Skipaútgerð ríkisins, Eimskipafélag Reykjavíkur h/f, Útgerðarfélag K.E.A. h/f og Eimskipafélagið Ísafold h/f hinsvegar gera með sér svofelldan

SAMNING

um stríðsáhættuþóknun og stríðstryggingu vegna yfirstandandi Norðurálfuófriðar:

1. gr. Stýrimenn, vélstjórar og loftskeytamenn, sem teljast yfirmenn, fái uppbætur sem hér skal greina:

a) Fyrir siglingar á pólskar og þýzkar hafnir er greitt 200% í uppbót. Þessi uppbót er reiknuð frá byrjun þess sólarhrings, þegar skipið fer framhjá Falsterbo, og hættir í lok þess sólarhrings, þegar skipið fer aftur framhjá Falsterbo á vesturleið. Ef skipið fer frá þýzkri eða pólskri höfn til annarar Eystrasaltshafnar, er þó hætt að greiða uppbótina þegar skipið fer yfir línuna Memel—Falsterbo. Ef skipið fer frá þýzkri eða pólskri höfn í gegnum Stórabelti eða Litlabelti, er hætt að greiða uppbótina þegar skipið fer inn í Stórabelti eða Litlabelti, eða öfugt. Fyrir siglingar annarstaðar í Eystrasalti er greidd 100% uppbót.

b) Fyrir siglingar á Norðursjónum og Atlantshafinu er greidd 200% uppbót milli 12. gr. austl. lengdar og 20. gr. vestl. lengdar, 65. gr. norðl. breiddar og 30. gr. norðl. breiddar. Þessi uppbót er greidd frá byrjun þess sólarhrings, þegar skipið fer inn á hættusvæðið, og til loka þess sólarhrings, þegar skipið fer út úr hættusvæðinu.

c) Fyrir siglingar til landa í Miðjarðarhafinu, sem ekki eiga í stríði, er greidd 100% uppbót. Fyrir siglingar til landa í Miðjarðarhafinu, sem eru í ófriði, er greidd 200% uppbót. Uppbótin byrjar þegar siglt er framhjá Gibraltar resp. (eða) Port Said.

d) Fyrir siglingar innan svæðis, sem markast af 65. gr. N.br. og 10. gr. N.br., 70. gr. V. lengdar og 20. gr. V. lengdar, skal greiða 100% áhættuþóknun.

2. gr. Áhættuþóknun samkvæmt 1. gr. skal greiða fyrir þann tíma, sem skip er statt innan áhættusvæðis, nema meðan það liggur í höfnum hlutlausra þjóða, að undanteknum höfnum Belgíu og Hollands. Fyrir slíka dvöl skal greidd áhættuþóknun, sbr. 1. gr. a-lið. — Strandsiglingar við Ísland eru undanskildar áhættuþóknun.

3. gr. A. Að öðru leyti en því, sem ræðir um í 3. gr. B, 4. gr. og 5. gr., skal til grundvallar útreikningi á áhættuþóknun leggja mánaðarlaun þau, sem skipverjum eru greidd samkvæmt gildandi samningum, að meðtöldum öllum aukagreiðslum. Áhættuþóknun reiknast þó ekki á yfirvinnukaupi.

3. gr. B. Hásetar og kyndarar fá áhættuþóknun samkvæmt 1. gr., þó þannig, að í stað 200% komi 250% og í stað 100% komi 125%. Þóknunin miðast við 235 króna mánaðarkaup hjá hásetum og 275 króna kaup hjá kyndurum.

4. gr. Áhættuþóknun þjóna á fyrsta og öðru farrými, aðstoðarmatsveina og þernu skal vera samkvæmt því, sem gilt hefir eða gilda kann á samskonar dönskum skipum.

Leggja skal undir félagsdóm, hvort 4. gr. samnings Eimskipafélags Íslands frá 3. maí 1938 og 6. gr. samnings Skipaútgerðar ríkisins frá 26. maí 1935 við Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands skuli gilda um tölu starfsfólks þrátt fyrir þá nýju aðstöðu, sem ófriðurinn hefir skapað.

5. gr. Áhættuþóknun viðvaninga miðast við 158 króna mánaðarkaup, óvaninga við 108 króna mánaðarkaup, skipsdrengja við 70 króna mánaðarkaup og káetu- og messudrengja við fastakaup þeirra og er á hinu meira áhættusvæði 300% og á hinu minna áhættusvæði 150%.

6. gr. Áhættuþóknun greiðist skipverja meðan hann er í þjónustu útgerðar, hvort heldur hann er lögskráður eða farþegi á leið til eða frá skipi. — Skipstjón af völdum ófriðar telst falla undir ákvæði 41. gr. sjómannalaganna.

7. gr. Ef Ítalía gerist ófriðaraðili, telst allt Miðjarðarhaf hið meira áhættusvæði, að undanteknum spönskum höfnum. Sama gildir fyrir Eystrasalt norðan Falsterbo—Memel, ef Rússland gerist ófriðaraðili gagnvart Vesturveldunum.

8. gr. Þegar skip siglir úr einu áhættusvæði á annað, gildir hærri áhættuþóknunin allan sólarhringinn.

Ákvæði samnings þessa um áhættusvæði og áhættuþóknun skulu gilda frá og með 6. september 1939, en önnur ákvæði hans frá undirskriftardegi.

9. gr. Til viðbótar hinni lögboðnu tryggingu hjá Tryggingarstofnun ríkisins skulu útgerðarfélögin tryggja skipverja sérstakri stríðstryggingu fyrir örorku og dauða.

Áhöfn skal stríðstryggja á þeim skipum, sem eru stríðstryggð.

Örorkubætur, ef um fulla örorku er að ræða, skulu eigi vera lægri en kr. 22000.00 samkvæmt hinni sérstöku stríðstryggingu og hlutfallslega fyrir skerða örorku.

Örorkubætur mega greiðast sem lífeyrir. Lægstu dánarbætur skulu vera kr. 12000.00, til ekkju með eitt barn kr. 17000.00, og til ekkju með tvö börn eða fleiri kr. 21000.00. Þó skal þessi sérstaka stríðstrygging á yfirmönnum ekki fara niður úr kr. 18000.00.

Fjölskylduástæður manna í byrjun ferða skulu lagðar til grundvallar fyrir tryggingunum.

10. gr. Skipaútgerðarfélögin saman annarsvegar og stéttarfélögin saman hinsvegar geta sagt upp samningi þessum með 30 daga fyrirvara.

Reykjavík, 7. október 1939.

Sjómannafélag Reykjavíkur.
Sigurjón Á. Ólafsson (sign.)
Vélstjórafélag Íslands.
Þorst. Árnason (sign.)
Stýrimannafélag Íslands.
Jón Axel Pétursson (sign.)
Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands.
Janus Halldórsson (sign.)
F. h. Félags ísl. loftskeytamanna.
Geir Ólafsson (sign.)
H/f Eimskipafélag Íslands.
G. Vilhjálmsson (sign.)
F. Skipaútgerð ríkisins.
Pálmi Loftsson (sign.)
F. Eimskipafélag Reykjavíkur h/f.
Theódór Jakobsson (sign.)
F. h. Útgerðarfélags KEA h/f.
R. Sigurðsson (sign.) skv. umb.
Eimskipafélagið Ísafold h/f.
G. Guðjónsson (sign.)

Fylgiskjal II.

Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og sjómannafélög Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Patreksfjarðar gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

um kjör meðlima ofanskráðra sjómannafélaga í siglingum um stríðshættusvæði. Samkomulag þetta er gert í samræmi við ákvæði 21. gr. gerðardómsúrskurðar 21. marz 1938:

1. gr. Áhættuþóknun reiknast frá því að skip siglir framhjá Reykjanesi eða Langanesi á útleið. Fari skip til útlanda af svæðinu sunnan nefndra staða, reiknast áhættuþóknunin frá því skipið leggur af stað. Áhættuþóknun reiknast til þess tíma, er skipið siglir framhjá nefndum stöðum á uppleið eða byrjar veiðar eða kemur í höfn sunnan Reykjaness eða Langaness.

Meira en hálfur sólarhringur á áhættusvæðinu reiknast sem heill, en minni hluti úr sólarhring sem hálfur.

Innan þessa svæðis teljast ekki veiðar byrjaðar, nema því aðeins, að þær séu stundaðar yfir 12 klukkustundir.

Áhættuþóknunin er 250% og miðast við kr. 232.00 mánaðarkaup á togara, sem stundar veiðar og siglir með aflann, og kr. 270.00 mánaðarkaup á togara, sem eingöngu kaupir fisk eða er leigður til flutninga.

2. gr. Skipverjar þeir, er þetta samkomulag nær til, eru tryggðir fyrir kr. 15000.00 fyrir dauða eða örorku af völdum ófriðar eða af ósönnuðum orsökum umfram hina lögboðnu ríkistryggingu.

3. gr. Þeir, sem ekki sigla til útlanda á togara, sem veiðir, miðað við 17 manna áhöfn — (samkv. fyrri samningum) — skulu halda mánaðarkaupi sínu. Það skal á valdi skipstjóra, hve margir sigla, þó ekki færri en 12. Gert er ráð fyrir, að þeir, er fiskveiðar stunda, sigli til skiptis.

4. gr. Skipstjón af völdum ófriðar telst falla undir ákvæði 41. gr. sjómannalaganna.

5. gr. Samkomulag þetta gengur í gildi frá undirskriftardegi og getur hvor aðili sagt því upp með 30 daga fyrirvara.

(Undirskriftir.)

Fylgiskjal III.

SAMNINGUR

milli Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og Vélstjórafélags Íslands um stríðstryggingu og áhættuþóknun.

Stríðstrygging.

1. gr. Meðlimir F. Í. B. vátryggja á sinn kostnað hvern vélstjóra fyrir kr. 18000.00 fyrir dauða eða örorku af völdum ófriðar, eða af ósönnuðum orsökum, umfram hina lögboðnu ríkistryggingu.

Upphæð þessi greiðist aðstandendum viðkomandi vélstjóra, ef hann ferst af slíkum ástæðum, eða honum sjálfum, ef hann slasast svo mikið, að hann verði óvinnufær.

Áhættuþóknun.

2. gr. Áhættuþóknun skal greiða sem hér segir:

1. Áhættuþóknun 1. vélstjóra reiknast 200% af mánaðarkaupinu (kr. 300.00 pr. mán.) Selji skipið aflann fyrir meira en £ 3000/0/0, reiknast aðeins 100% af fasta kaupinu, en selji skipið fyrir £ 4000/0/0, fellur áhættuþóknunin af fasta kaupinu niður. 2. vélstjóri 200% af föstu mánaðarkaupi, það er af kr. 450.00.
2. Áhættuþóknun reiknast frá því að skip siglir framhjá Reykjanesi eða Langanesi á útleið. Fari skip til útlanda af svæðinu sunnan nefndra staða, reiknast áhættuþóknun frá því skipið leggur af stað. Áhættuþóknun reiknast til þess tíma, er skipið siglir framhjá nefndum stöðum á uppleið eða byrjar veiðar eða kemur í höfn sunnan Reykjaness eða Langaness.

   Meira en hálfur sólarhringur á áhættusvæðinu reiknast sem heill, en minni hluti úr sólarhring sem hálfur.

3. gr. Tapist afli skipsins af völdum ófriðar, en eigendur aflans hafa vátryggt hann fyrir því tapi, skulu aflaverðlaun 1. vélstjóra reiknast af vátryggingarupphæð aflans.

4. gr. Sé skipið eingöngu á flutningum (t. d. með bátafisk), greiðist áhættuþóknun til 1. vélstjóra með 200% af kr. 600.00 mánaðarkaupi.

5. gr. Skipstjón af völdum ófriðar telst falla undir ákvæði 41. gr. sjómannalaganna.

6. gr. Samningur þessi gengur í gildi í dag, 12. okt., og getur hvor aðili um sig sagt honum upp með mánaðar fyrirvara.

Viðauki frá Vélstjórafélagi Íslands.

Samningur þessi er gerður á þeim grundvelli, að ríkisstjórn Íslands hefir lofað, að 50% af stríðsáhættuþóknun vorri verði skattfrjáls til ríkis og bæjar, og ákvæði gengisskráningarlaganna, nr. 10 4. apríl 1939, sem ræða um launakjör yfirmanna á íslenzkum botnvörpuskipum, verði úr gildi numin.

Af aflaverðlaunum reiknast það áhættuþóknun 1. vélstjóra, sem laun þeirra hækka við hækkaðar ísfisksölur. Miðað skal við meðaltal s. l. þriggja ára, samkvæmt skýrslu Fiskifélags Íslands, í hvoru landinu fyrir sig, Bretlandi og Þýzkalandi.

Ennfremur í trausti þess, að Alþingi verði við hinni sanngjörnu kröfu vorri, að öll áhættuþóknun verði skattfrjáls, eða leysi málið á annan viðunandi hátt.

Reykjavík, 12. október 1939.

Vélstjórafélag Íslands.
(Undirskrift.)
Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda.
(Undirskrift.)

Nd. 290. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

.Á eftir 1. gr. komi ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
Í 8. gr. laganna, á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta", bætist: lengd dráttarlína.

Alþingi, 14. nóv. 1939.

Finnur Jónsson, form. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Sig. E. Hlíðar, frsm.
Bergur Jónsson. Sig. Kristjánsson.

Nd. 291. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936.

Flm.: Gísli Sveinsson, Thor Thors, Jón Pálmason, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

17. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Ákvæði laganna til bráðabirgða falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. áþekkt þessu hefir oftar en einu sinni verið borið fram á Alþingi, síðan hin nýju jarðræktarlög komust á, án þess að afgreitt yrði. Mætti af ýmsu ætla, að þetta mál fengi greiðari undirtektir nú.
Nánar í framsögu.

Nd. 292. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.
Fyrir orðin „1. sept. síðastliðinn" komi: 1. sept. 1939.

Nd. 293. Breytingartillögur

við frv. til l. um hlutarútgerðarfélög.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

1. Síðari málsl. 15. gr. falli burt.
2. Orðin „skipaútgerð ríkisins" í 16. gr. falli burt.

Nd. 294. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá Emil Jónssyni.

1. Á eftir 1. grein komi ný grein, er verði 2. grein, svo hljóðandi:
   a) Í stað orðanna „júlí—desember“ í 5. málslið 2. gr. laganna komi: nóvember—desember.
   b) Í stað orðanna „eftir sömu reglu“ í sama málslið komi: að fullu.
   c) Í stað „300“ og „3600“ í niðurlagi fyrstu málsgr. sömu greinar laganna komi: 450 og 5400.
2. 2. gr. verði 3. gr. og 3. gr. verði 4. gr.

Nd. 295. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. nóv. 1939.

Bergur Jónsson, form.	Vilm. Jónsson, fundaskr.	Garðar Þorsteinsson, frsm.
Sveinbjörn Högnason.	Thor Thors.	

Nd. 296. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um fræðslu barna, nr. 94 frá 19. júní 1936.

Flm.: Bjarni Bjarnason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Á eftir síðustu málsgr. 18. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Þar til fimleikahús hafa verið reist við skóla utan kaupstaða, er heimilt að greiða úr ríkissjóði ⅓ húsaleigu þeirrar, sem greidd er vegna íþróttakennslu skólaskyldra barna, enda taki kennslumálastjórnin húsið gilt og úrskurði um hámarksleigu, sem ríkissjóður tekur þátt í að greiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í kauptúnum og víðar í þéttbýli hafa verið reist skólahús, ýmist með eða án fimleikahúss. Ríkið styrkir byggingar þessar að ⅓ kostnaðar. Víða eru skólahúsin notuð sem samkomuhús, einkum þó fimleikahúsin. Á öðrum stöðum er þannig háttað, að samkomuhús hreppsins er einnig notað fyrir fimleikakennslu, ef ekkert íþróttahús er þar til. Hvað sem um þetta fyrirkomulag má segja, þá er þetta þannig í reyndinni.

Í frv. þessu er farið fram á, að ríkið greiði ⅓ húsaleigu þeirrar, sem greidd er vegna íþróttakennslu skólaskyldra barna, sem fram fer í samkomuhúsinu, svo sem nánar er tiltekið í frv.

Ed. 297. Breytingartillaga

við frv. til laga um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 2. gr. Í stað orðanna „skal draga 50% af umræddri áhættuþóknun“ komi: skal draga alla umrædda áhættuþóknun.

Ed. 298. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 5. gr. laga nr. 70 31. des. 1937 komi ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi, og eftirfarandi greinatala breytist samkvæmt því:

Bannað er að hækka hundraðshluta álagningar á vörum fram yfir það, sem tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum fyrir 1. sept. 1939, nema með sérstöku leyfi verðlagsnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 299. Breytingartillaga

við frv. til laga um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 2. gr. Síðasti málsliður greinarinnar fellur niður.

Ed. 300. Frumvarp til laga

um stríðsslysatryggingu sjómanna.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Skylt skal að tryggja þá sjómenn, sem slysatryggðir eru samkvæmt 8. gr. 1. málsgr. tölul. 1. a. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, fyrir slysum af völdum ófriðar. Tryggingin nær til þeirra skipa, sem sigla á svæðum, er félagsmálaráðherra ákveður á hverjum tíma með reglugerð.

2. gr.

Atvinnurekendum og öðrum þeim, er bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, skal skylt, auk

hinnar lögboðnu tryggingar samkvæmt áður nefndum lögum, að kaupa sérstaka stríðstryggingu hjá stríðstryggingarfélagi íslenzkra skipshafna fyrir skipshafnir þær, sem sigla á svæðum þeim, sem ákveðin hafa verið samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Bætur fyrir slys af völdum ófriðar skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:

a. Auk þeirra dagpeninga, sem ákveðnir eru í 10. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag frá því slysið vildi til í allt að 52 vikur samtals.

b. Auk þeirra örorkubóta, sem ákveðnar eru í 10. gr. fyrrnefndra laga, skal greiða kr. 22000.00 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%. Örorkubætur má greiða sem árlegan lífeyri, ef örorkan er metin 50% eða meiri.

c. Auk þeirra dánarbóta, sem ákveðnar eru í 11. gr. fyrrnefndra laga, greiðast dánarbætur samkvæmt eftirfylgjandi töflu:

	Ekkja (ekkill)	Börn innan 16 ára	Foreldrar	Samt.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna, eða ef þau falla undir ákvæði næstu málsgreinar. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn.

Ef hinn látni eftirlætur sér engan af framantöldum vandamönnum eða erfingjum, greiðist erfingjum hans eða dánarbúi kr. 12000.00 samtals.

4. gr.

Að öðru leyti fer eftir reglum laga og reglugerðar um stríðstryggingarfélag íslenzkra skipshafna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa sjómannafélögin gert samning við útgerðarfélögin um stríðstryggingu skipshafnanna, og eru samningar þessir talsvert mismunandi, eftir því hvort um er að ræða sjómenn á flutningaskipum eða fiskiskipum, en það virðist næsta óeðlilegt.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa verið sett sérstök lög um stríðstryggingar skipshafna, og hefir stríðstryggingin þar verið sett í samband við hina almennu slysatryggingu.

Í Danmörku hefir gangur þessara mála verið sá, að aðilar komu sér fyrst saman um trygginguna í aðaldráttum, en síðan voru sett lög á þeim grundvelli.

Hér er ætlazt til, að farin verði svipuð leið. Að vísu er þetta frumvarp ekki að öllu leyti samhljóða hvorugum þeirra samninga, sem gerðir hafa verið, vegna þess að verulegur munur er á þeim, heldur reynt að fara bil beggja. Auk þess er reynt að gera ákvæðin um bætur fyllri og ákveðnari heldur en er í samningunum og einnig að sníða þær meira eftir okkar slysatryggingarlögum.

Nánar í framsögu.

Nd. 301. Frumvarp til laga

um viðauka við jarðræktarlög, nr. 101 23. júní 1936.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

1. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætast nýjar málsgreinar:

Styrk þann úr ríkissjóði, er greiða skal samkvæmt II.—V. tölulið, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, heimilt að lækka fyrir eitt ár í senn um ákveðinn hundraðshluta, þó aldrei yfir 50%, og skal þá fjárhæð sú, er lækkuninni nemur, notuð til styrktar kaupum á áburði, sem bændum er brýn þörf á að afla sér umfram heimafenginn áburð til viðhalds tún- og garðarækt. Ákveðið skal í síðasta lagi 20. febrúar ár hvert, hvort heimild þessi skuli notuð, og kemur slíkt því aðeins til greina, að verð á tilbúnum áburði hafi hækkað að minnsta kosti um 15% frá meðalverði því, er á honum var á árunum 1937—1939, miðað við sölustaði innanlands.

Nú er ákveðið að nota heimild þessa, og eiga þá þeir, sem tilkall eiga til ríkissjóðsstyrks fyrir framkvæmdir þær, er í I.—V. tölulið getur, einnig rétt á styrk til áburðarkaupa, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, er Búnaðarfélag Íslands setur, en landbúnaðarráðherra staðfestir. Aldrei má styrkur til áburðarkaupa nema hærri fjárhæð en samsvarar hækkun þeirri, er orðið hefir á verði áburðarins frá meðalverði áranna 1937—1939, og ársstyrkur til eins býlis ekki vera hærri en 380 kr.

2. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist: og tekur ákvæði þetta einnig til áburðarkaupastyrks, ef til kemur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðan jarðræktarlögin voru sett, hafa ýmsar framkvæmdir, sem styrkur er veittur til úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum, aukizt svo ört, að viðhorfið er orðið allt annað og stórbreytt á sviði landbúnaðarins frá því, er áður var. Á þetta ekki sízt við um tún- og garðrækt. Hin mikla aukning og útfærsla á túnum og matjurtagörðum hefir orðið þess valdandi, að bændur hafa orðið nauðbeygðir til að afla sér allmikils aðkeypts áburðar til viðhalds nýræktinni, sem oft er unnin á mögru landi og þurftarfreku til áburðar. Þegar þess er gætt, að árleg kaup á tilbúnum áburði munu nú nema 500—600 þús. kr., verður manni jafnframt ljóst, hver nauðsyn er á, að þessi þáttur til viðhalds jarðræktinni (tilbúinn áburður) sé tryggður af hálfu þess opinbera, bæði að því er útvegun og verðlag snertir.

Horfir mál þetta nú þannig við, að allar líkur eru til þess, að verðlag á tilbúnum áburði hækki gífurlega frá því, er verið hefir, og var það þó á síðasta ári orðið svo hátt, að mörgum bóndanum mun hafa reynzt fullerfitt að afla sér vörunnar, en

gerði það þó umfram getu, til að komast hjá því, að jarðræktin eyðilegðist aftur af áburðarskorti. En nú má gera ráð fyrir, að bændum verði með öllu ógerningur að kaupa hinn tilbúna áburð án þess að hlaupið verði undir bagga með þeim, og vegna þeirrar nauðsynar, sem þar er fyrir hendi, er frumvarp þetta borið fram. Væri æskilegt, að hagur ríkissjóðs væri svo góður, að leið væri til að styrkja bændur til áburðarkaupa án þess að skerða þann styrk, sem þeim má að gagni verða á öðrum sviðum, en slík bjartsýni er ekki leyfileg. Frumvarp þetta er þannig aðeins heimild til tilfærslu á styrk jarðræktarlaganna, þar sem tekið er af ýmsu, sem nauðsyn er að styrkja, en veitt er til annars, þar sem ennþá meiri nauðsyn er að hlaupa undir baggann. Þótti rétt að láta styrkskerðinguna ekki ná til þess, sem veitt er til umbóta á áburðarhirðingu, því að allt, sem þar má að gagni verða, stefnir að sama markmiði og frv. þetta.

Heimild frumvarpsins getur, ef til kemur, auðvitað því aðeins komið til framkvæmda, að stríðsástandið geri ekki alla aðdrætti á þeirri vöru, sem um er að ræða, ókleifa. Það verður að teljast réttmætt að láta heimildina ekki gilda, nema hækkun á áburðarverði reynist veruleg íþynging. Einnig er eðlilegast, að styrkur til áburðarkaupa nái einungis til hækkunarverðs, og á það að vera nokkur trygging fyrir því, að enginn geri sér að leik að afla sér meiri áburðar en þörf krefur. Hámarksupphæð til eins býlis er að vísu álitamál, en hámark verður þar að setja.

Nánari reglur er ætlazt til, að hlutaðeigandi stjórnarvöld setji, enda verður ekki hjá því komizt.

Þó að gera megi ákvæði frumvarps þessa að ýmsu leyti að álitamáli, er eitt þó víst, að Alþingi verður að taka málefni þetta til meðferðar og úrlausnar, og það án undandráttar.

Ed. 302. Frumvarp til laga

um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist: Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnum.

2. gr.

Síðasta málsgr. 7. gr. laganna („Nú vill framfærslumaður taka á heimili sitt .... á heimili framfærslumanns.“) fellur niður.

3. gr.

Í stað „atvinnumálaráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

4. gr.

Á eftir orðunum „meðlag barna með foreldrum“ í 9. gr. laganna kemur: kjörbarna með kjörforeldrum.

5. gr.

Úr síðari málsl. 1. málsgr. 12. gr. laganna falla niður orðin: „og greiðir almenn gjöld“.

6. gr.

13. gr. laganna skal orða svo:

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flytur í, þegar er hann hefir tekið sér þar lögheimili, nema öðruvísi sé fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annari

sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annari slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Meðan hann dvelur þar á hann framfærslurétt í þeirri sveit, er hann átti framfærslurétt í, er slík dvöl hans hófst, en öðlast framfærslurétt í heimilissveit sinni að dvölinni lokinni, er hann hefir komizt af styrklaust í 2 ár óslitið. Sá, er dvalið hefir í skóla, öðlast þó þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er hann tekur sér lögheimili í að skólavistinni lokinni.

7. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Nú flyzt milli sveita maður, er þegið hefir framfærslustyrk á síðustu 2 árum áður en hann flutti, og skal hann þá halda óbreyttri sveitfesti, þar til hann hefir komizt af styrklaust í 2 ár óslitið í hinni nýju heimilissveit.

8. gr.

a. Í stað „heimilissveit“ á 4 stöðum í 14. gr. laganna kemur: framfærslusveit.
b. Í stað „lögheimili“ í 2. málsgr. sömu lagagr. kemur: framfærslurétt.

9. gr.

a. Aftan við fyrri málsgr. 15. gr. laganna bætist: og lögskyldur framfærslumaður sé ekki fær um að ala önn fyrir barninu meðgjafarlaust.
b. Á eftir orðunum „meiri meðgjafar en meðalmeðlags“ í síðari málsgr. sömu lagagreinar kemur: og foreldri er ekki fært um að ala önn fyrir barni án meðgjafar.

10. gr.

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú er dönskum ríkisborgara veittur framfærslustyrkur hér á landi, og skal ríkissjóður þá endurgreiða dvalarsveit hans að fullu allan þann styrk, er honum er veittur, ef hann hefir dvalið þar skemur en eitt ár, en að 7/10 hlutum, ef hann hefir dvalið þar eitt ár eða lengur.

11. gr.

21. gr. laganna skal orða svo:

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis, og skal þá endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Kostnaður við heimflutning frá útlöndum greiðist sömuleiðis úr ríkissjóði fyrir þann styrkþega og skyldulið hans, sem ofangreindir umboðsmenn annast, ef kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt greiddur.

12. gr.

Í stað „atvinnumálaráðherra“ í niðurlagi 23. gr. laganna kemur: ráðherra.

13. gr.

Í stað orðsins „ekkjan“ í niðurlagi 24. gr. laganna kemur: barnið.

14. gr.

Aftan við 25. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Framfærslusveit sú, er maður ekkjunnar átti er hann andaðist, skal endurgreiða heimilissveit hennar meðlögin, ef hún krefst úrskurðar um meðlagsgreiðslu innan 2 ára frá andláti mannsins. Komi krafa hennar síðar fram, skal sú sveit endurgreiða meðlögin, er ekkjan átti framfærslurétt í er hún fyrst krafðist úrskurðarins.

15. gr.

26. gr. laganna fellur niður.

16. gr.

a. Á eftir orðinu „hlutfallskosningu“ í 2. málsgr. 29. gr. laganna kemur: Jafnmargir skulu kosnir til vara.
b. Næstsíðasta málsgr. sömu lagagr. orðist svo:
Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil annara fastra nefnda bæjarstjórnar.

17. gr.

Í stað orðanna „sé lagður þeim á heimili þeirra“ í 1. málsl. 39. gr. laganna kemur: sé veittur þeim.

18. gr.

Síðasta málsgr. 41. gr. laganna orðist svo:
Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra, nema um stundarsakir sé vegna atvinnusóknar.

19. gr.

Aftan við 2. málsgr. 48. gr. laganna bætist: Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn, ef hún krefst, kaup eða aflahlut framfærsluþurfa, sem hún telur ekki kunna með fé að fara. Leitað getur framfærsluþurfi úrskurðar yfirvalds, ef hann telur sig misrétti beittan, og má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.
Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefir greitt framfærsluþurfa eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

20. gr.

Á eftir 48. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):
Heimilt er framfærslunefndum og hreppsnefndum að fá hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum styrkþega og vinnuskýrslum hjá vinnumiðlunarskrifstofum, er þær telja þörf á. Einnig er bönkum og sparisjóðum skylt að gefa framfærslunefndum og hreppsnefndum upplýsingar um viðskipti styrkþega og þeirra, sem framfærsluskyldir eru við þá.
Þeim upplýsingum, sem þannig eru fengnar, skal haldið leyndum, nema talið verði um að ræða misferli af hálfu styrkþega eða framfærsluskyldra.

21. gr.

50. gr. laganna skal orða svo:
Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara, hvert sem er innanlands, í viðunanlega vist, eða til atvinnurekstrar við viðunanleg skilyrði, eða vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um, án sveitarstyrks, að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þó hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra framfærslusveitar, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til. Úrskurði lögreglustjóra má skjóta til ráðherra.
Á sama hátt getur framfærslusveit styrkþega látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga með barni hans skilgetnu eða óskilgetnu, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu á vinnuhæli ríkisins, og á-

kveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af fangelsisvistinni.

22. gr.

Á eftir 54. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Nú er manni veittur framfærslustyrkur utan þeirrar sveitar. er hann á framfærslurétt í, og skal framfærslusveit hans þá endurgreiða styrkinn að ⅔ hlutum, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í þessum lögum. Þó skulu greiðslur eftir yfirvaldsúrskurði endurgreiðast að fullu.

Ríkissjóður ábyrgist þessar endurgreiðslur.

23. gr.

Aftan við 55. gr. laganna bætist: og ábyrgist ríkissjóður greiðsluna.

24. gr.

Á eftir 55. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og greinatala breytist samkvæmt því):

Kröfur um endurgreiðslu á framfærslustyrk, sem eitt sveitarfélag á á hendur öðru, skal gera innan 6 vikna frá styrkveitingu, ella fellur endurkröfurétturinn niður.

25. gr.

Í stað tveggja síðustu málsgreina 58. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú hefir dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns greitt úrskurðað barnsmeðlag samkvæmt ákvæðum þessara laga og sifjalaga, og skal þá framfærslusveit sú, er barnsfaðir á, er meðlagið féll í gjalddaga, skyld að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk veittan barnsföður.

Hafi dvalarsveit barnsmóður eigi fengið meðlag endurgreitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað barnsföður, eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, er þeirri sveit heimilt, er hann kemur síðar fram, að ganga að þeim framfærsluhéruðum, er hann kann að hafa átt meðan ekki náðist til hans.

26. gr.

59. gr. laganna skal orða svo:

Skylt er barnsföður að endurgreiða meðlag með barni sínu — skilgetnu eða óskilgetnu — framfærslusveit sinni eða þeirri sveit, er greitt hefir það fyrir hann til dvalarsveitar barnsins, móður þess eða annars framfærslumanns, sé hann þess umkominn að dómi sveitarstjórnar.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn samkvæmt kröfu hennar kaup eða aflahlut manna þeirra, er um ræðir í 1. málsgr., til lúkningar úrskurðuðum meðlögum.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á meðlagsskuldinni, allt að þeirri upphæð, er hann hefir greitt barnsföður, eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

27. gr.

Í stað „heimilissveit“ í 60. gr. laganna kemur: framfærslusveit.

28. gr.

Í stað „heimilissveitar“ í 61. gr. laganna kemur: framfærslusveitar.

29. gr.

62. gr. laganna skal orða svo:

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið samkv. meðlagsúrskurði, eða býr ógift með karlmanni, er telja verður fyrirvinnu heimilisins, og fellur þá sjálfkrafa úr gildi réttur hennar til að krefjast meðlagsgreiðslna af heimilissveit sinni, nema stjúpfaðir barnsins eða sá maður, er móðirin býr með, sé framfærsluþurfi, en þá skal framfærslusveit barnsföður endurgreiða meðlagið. Sé barnsfaðirinn dáinn, skal fara um greiðslu meðlagsins sem segir í 61. gr., svo fremi stjúpfaðirinn eða sá maður, er móðirin býr með, er framfærsluþurfi.

30. gr.

Í stað orðanna „að krefjast endurgreiðslu“ í upphafi 63. gr. laganna komi: að krefja styrkþega endurgreiðslu.

31. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir þurfamanni eða atvinnuleysingja verið ráðstafað af framfærslunefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað, og vinnur hann sér þá eigi sveit í hinu nýja héraði fyrr en í fyrsta lagi að 6 árum liðnum. Ber þeirri sveit, er ráðstafaði honum til dvalar, að kosta framfærslu hans fyrstu 4 árin, ef með þarf, hvort sem hann þarf árlegan styrk eða ekki, og eftirleiðis þangað til hann hefir komizt af tvö ár óslitið án framfærslustyrks.

Dvalarsveit er skylt að greiða innflytjandanum nauðsynlegan styrk, ef hann óskar þess fremur en að hafa bein skipti við framfærsluhérað sitt, en skylt er framfærsluhéraði að endurgreiða þann styrk að fullu. Ber ríkissjóður ábyrgð á skilvísri endurgreiðslu styrksins til dvalarsveitarinnar.

32. gr.

Upphaf 66. gr. laganna orðist svo:

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 2 ár eru liðin frá því að hann fluttist til þess framfærsluhéraðs, er hann á heima í, án þess um ráðstöfun samkv. 65. gr. sé að ræða, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann, ef ástæða er til, rannsaka eftirfarandi atriði:

33. gr.

67. gr. laganna skal orða svo:

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 65. gr., skal þeirri sveit, er hann flutti úr, skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk meðan hann dvelur þar.

Sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komizt hjá því að biðja um framfærsluhjálp fyrstu tvö árin.

34. gr.

68. gr. laganna skal orða svo:

Nú verður sveitarstjórn uppvís að því, að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags, og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 65. gr., og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit mannsins.

35. gr.

a. Í stað orðanna „1. marz“ í fyrri málsgr. 69. gr. laganna kemur: 1. júní.
b. Í stað „atvinnumálaráðuneytisins“ í sömu lagagr. kemur: ráðuneytisins.

36. gr.

a. Í stað „15. júnímánaðar“ í 70. gr. laganna kemur: 15. júlímánaðar.
b. Í stað „atvinnumálaráðuneytinu“ í sömu lagagr. kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðanna „tollstjóranum í Reykjavík“ í sömu lagagr. kemur: skattstjóranum í Reykjavík.

37. gr.

Í stað „atvinnumálaráðuneytið“ í 72. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

38. gr.

73. gr. laganna skal orða svo:

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærslukostnaðar í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, þannig, að hvert sveitarfélag greiðir meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki að frádregnum 10% og fær endurgreidda ⅔ hluta þess, sem umfram er. Minni upphæð en 100 krónur greiðist þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

Hrökkvi tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga ekki til þess að endurgreiða fátækrajöfnunarfé, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar, þar til full endurgreiðsla er fengin samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

39. gr.

74. gr. laganna skal orða svo:

Nú eru skýrslur þær, er um getur í 69. og 70. gr. eigi komnar til ráðuneytisins á þeim tíma, sem þar er tiltekinn, og skal þá með símskeyti eða á annan fulltryggan hátt tilkynna hreppsnefndum, bæjarstjórnum og embættismönnum þeim, sem þar eru tilgreindir, að skýrslur þeirra skuli afhendast fyrir nánar tiltekinn dag.

Nú verður misbrestur á því, að skýrslur komi þrátt fyrir tilkynningu samkvæmt 1. málsgr., og skal þá við útreikning nota tilsvarandi skýrslu síðastliðins árs, en hreppar þeir og kaupstaðir, sem vanrækslu hafa sýnt, missa rétt til endurgreiðslu fyrir það ár, þó þeir ættu tilkall til hennar samkvæmt útreikningi.

40. gr.

a. Í stað „Atvinnumálaráðuneytið“ í upphafi 75. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað „1. júlí“ í sömu lagagr. kemur: 1. ágúst.

41. gr.

Í stað „Atvinnumálaráðuneytið“ í upphafi 76. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

42. gr.

Næst á eftir 79. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.
b. Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál framfærslulaga, nr. 135 frá 1935, lagfæra og samræma allar tilvitnanir og gefa þau út svo breytt.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkvæmt beiðni félagsmálaráðherra.

Nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um einstakar greinar frv. og frv. í heild. Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi athugasemdir og skýringar:

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði 28. sept. s. l. „til þess að athuga breytingar á framfærslulögunum og framkvæmd og skipun

framfærslumála, og þá með sérstakri hliðsjón af því, að dregið verði úr þunga framfærslunnar fyrir bæjar- og sveitarfélögin". Í nefnd þessa voru skipaðir Sverrir Gíslason oddviti, Jón Brynjólfsson skrifstofustjóri og Bjarni Benediktsson prófessor. Fyrir nefndina var lagt að starfa í samráði við og undir leiðsögn eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, Jónasar Guðmundssonar, en auk þess skyldi hún hafa sér til ráðuneytis þá Friðjón Skarphéðinsson bæjarstjóra í Hafnarfirði og Ólaf Sveinbjörnsson fulltrúa framfærslumála í Reykjavík.

Tími sá, er nefndinni hefir verið ætlaður til starfa, hefir verið ærið skammur. Nokkuð bætir þar þó úr, að þegar í upphafi voru nefndinni fengin til athugunar frumvörp, sem fulltrúar nokkurra sveitarstjórna sömdu á s. l. vetri, og var gert ráð fyrir því af ráðherra, að þessi nefnd legði þau frumvörp til grundvallar starfi sínu, og hefir svo að miklu leyti verið gert.

Öll nefndin er sammála um það, að höfuðgalli núverandi ástands sé sá, að vegna þess að fólkið sækir um of á einstaka staði, svo að þar skapast atvinnuleysi, þá verði sveitarþyngsli þessara staða svo mikil, að þeir geti ekki undir risið. Hér við bætist það, að þeir, sem þegar eru orðnir þurfalingar, auka enn vandræðin með því að sækja í margmennið til þess að hverfa þar, ef svo má segja. Loks hefir vald sveitarstjórna verið skert svo mjög, að hæpið er, að þær hafi vald til nauðsynlegra aðgerða á þeim erfiðleikatímum, er nú steðja að.

Þegar skyggnzt er um eftir úrræðum til bóta á því ástandi, sem nú er, verður einna fyrst fyrir að athuga, hvort ekki sé rétt að gera landið allt að einu framfærsluhéraði. Afnám sveitfestitímans, sem ákveðið var með framfærslulögunum 1935, sýnist mjög stuðla að því, að þessi skipun væri upp tekin. Má raunar segja, að fyrir henni votti í ákvæðum laga 1935 um jöfnunarsjóð, sem ætlaður er til þess að jafna kostnað milli framfærsluhéraða. Um það er að vísu deilt, hvort sú jöfnun sé fyllilega réttlát, og er því einkum haldið fram af Reykjavíkur hálfu, að svo sé ekki. En hætt er við, að sú skipun, sem allir telji réttláta, finnist seint í þessum efnum. Og ef sveitarstjórnir eiga að halda áfram meðferð þessara mála, svo sem hér á landi hefir ætíð verið, þá er ljóst, að einhverskonar jöfnunarsjóður hlýtur að vera einkenni þess, að í raun og veru sé landið eitt framfærsluhérað. En ef ríkið sjálft á að taka þessi mál í sínar hendur og framfærslustyrkir eiga beint að greiðast úr ríkissjóði fyrir milligöngu stjórnskipaðra manna um land allt, er tvímælalaust, að þessu mundi fylgja slík röskun á allri vald- og tekjuskiptingu ríkis- og sveitarstjórna, að slíku verður ekki á komið fyrr en eftir miklu rækilegri íhugun en nú hefir verið kostur á. Enda er það ljóst, að þótt landið allt væri gert eitt framfærsluhérað, þá er þar með engan veginn leystur sá vandi, hvernig eigi að sporna gegn þeirri hættu, sem þjóðfélaginu öllu stafar af hinum óeðlilegu flutningum fólks til einstakra staða í landinu.

Annað úrræði, sem til athugunar hefir komið, er að taka af nýju upp sveitfestina. A. m. k. einn nefndarmanna, Bjarni Benediktsson, telur æskilegt, að svo væri gert. Slíkt hefir samt ekki þótt fært, enda sveitfestitíminn afnuminn 1935 vegna þess, að hann þótti ekki framar við eiga. Mundi sveitfestitími heldur ekki geta spornað gegn því atvinnuleysisböli, sem stafar af hinum óeðlilegu fólksflutningum byggðarlaga á milli.

Að öllu þessu athuguðu hefir þótt réttast að láta meginatriði framfærslulaga frá 1935 haldast enn um sinn óbreytt, en reyna að sníða af helztu vankantana. Má þar til einkum telja ákvæðin um, að þeir, sem þegar hafa þegið af sveit, skipta yfirleitt um framfærslusveit jafnskjótt og þeir flytja. Ennfremur að vald sveitarstjórna er nú um of skert, svo að erfiðara er um heppilega framkvæmd en ella mundi. Jafnframt því, sem tillögur eru bornar fram til að bæta úr þessu, er svo gert ráð fyrir, að flutt verði sérstakt frumvarp til þess að koma í veg fyrir tjón af óeðlilegum flutningum fólks á milli byggðarlaga.

Nefndin hefir tekið til athugunar ýmsar aðrar breytingar heldur en hér koma fram, þó að ekki hafi orðið samkomulag um þær. T. d. álítur Sverrir Gíslason,

að regla sú, sem sett er í 72. gr. framfærslulaga um jöfnun framfærslukostnaðar, ætti meira að miðast við skattskyldar tekjur og skuldlausar eignir en nú er. Þá hefir Jón Brynjólfsson talið ástæðulaust, nema því aðeins, að 72. gr. væri breytt, að breyta ákv. 73. gr. í þá átt, að Reykjavík komist undir sömu jöfnunarákvæði og önnur sveitarfélög.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þetta að segja:

Um 1. gr.

Þar sem kjörforeldri er skylt að ala upp og framfæra kjörbarn sem sitt eigið barn, þykir eðlilegt, að kjörbörn séu einnig skyld að sjá fyrir kjörforeldrum sínum, ef þau eru þess umkomin, svo og, að kjörforeldri sé með sama skilyrði skylt að sjá fyrir kjörbarni sínu, þótt það sé orðið 16 ára. Aftur á móti hefir ekki þótt ástæða til að taka upp samskonar ákvæði um stjúpbörn, þar sem allt getur verið óvissara um samband þeirra og stjúpforeldris.

Um 2. gr.

Eftir núgildandi ákvæðum losnar framfærslumaður alveg undan framfærsluskyldu sinni, ef styrkþegi að ástæðulausu neitar að setjast að á heimili hans. Með þessu er mjög ýtt undir, að tylliástæður séu fram bornar af hálfu styrkþega til þess að velta framfærsluskyldunni af vandamanni hans og yfir á sveitina. Slíkt er ótækt og því sjálfsagt að fella 3. mgr. 7. gr. framfærslulaganna úr gildi þegar af þeirri ástæðu. En um hitt, að úrskurður sé fenginn á hendur framfærslumanni og hann skyldaður til að greiða í peningum, er ljóst, að efnahagur alls þorra manna er hér á landi slíkur, að honum er ómögulegt að greiða stórfé út af heimilunum, þó að vel megi standa undir lögskyldum, ef fullnægja má þeim viðurgerningi á heimili. Við þessa þjóðfélagshætti verður að miða ákvæði laganna. Ætti það og að vera því hættuminna sem hér er um vandamenn að ræða, og ótækt að láta krit þeirra í milli verða almenningi í landinu til útgjalda. En svo verður í raun og veru, þó að formleg skylda sé lögð á framfærslumann til að greiða það, sem hann getur ekki af höndum innt út af heimili sínu.

Um 3. gr.

Orðabreyting til samræmis, sbr. aths. við 35. gr.

Um 4. gr.

Ákvæðið er sjálfsögð afleiðing þess, sem í 1. gr. var lagt til.

Um 5. gr.

Vitað er, að engan veginn fer ætíð saman fast aðsetur og greiðsla almennra gjalda á þeim stað. Ákvæðið um almenn gjöld skapar því einungis óvissu og er til hins verra. Hinsvegar er þetta auðvitað eitt af því, sem taka verður tillit til, þegar gera skal sér ljóst, hvort um fast aðsetur sé að ræða, en sem beint skilorð á það ekki við. Er því sjálfsagt að fella það niður.

Um 6. gr.

Hér er ráð fyrir því gert, að sú meginregla haldist eftir sem áður, að enginn sveitfestitími sé, heldur öðlist maður þegar framfærslurétt á einhverjum stað, þegar maður hefir tekið sér þar lögheimili. Hinsvegar er niður fellt fyrirmælið um, að þessi regla taki einnig til þeirra, sem þegar eru á styrk, og er rætt um þá í næstu grein á eftir. Þá er berum orðum tekið fram, að maður öðlist ekki framfærslurétt með dvöl sinni á einhverjum stað til lækninga eða heilsubótar. Þetta er alveg samsvarandi dvöl á sjúkrahúsi og á heilsuhæli, og sjálfsagt að láta hið sama gilda um hvorttveggja. Mun og eðlilegast að líta svo á, að sú regla gildi nú þegar, en til frekara öryggis er rétt að segja þetta ótvírætt.

Nýmæli er þar á móti það, að sá, er einhverstaðar hefir átt slíka dvöl, vinni sér ekki framfærslurétt þar, sem hann tekur sér heimili að dvölinni lokinni, fyrr en hann hefir komizt af styrklaust í tvö ár óslitið. Þetta ákvæði er nauðsynlegt vegna þess, að reynslan sýnir, að menn, sem verið hafa á spítölum og öðrum slíkum stofnunum, setjast mjög oft að nærri þeim að dvölinni lokinni. Getur það og verið mönnum þessum allsendis nauðsynlegt, því að þótt þeir séu að nafni til vinnufærir, þá getur mjög á ýmsu oltið um það, og þeim í alla staði verið hentara að breyta sem minnst um dvalarstað. En þessi dvöl þeirra er í rauninni beint framhald af hinni fyrri og rétt að láta sömu reglur gilda. Hvernig sem á er litið, er mjög ósanngjarnt að skylda þá sveit, er þeir setjast að í, til þess að taka við framfærslu þeirra, meðan alveg er óvíst, nema þær ástæður, er í upphafi leiddu til dvalar þeirra, taki sig upp af nýju. Hafa og komið fram kvartanir um, að t. d. væri amazt við fyrrverandi berklasjúklingum nærri berklahælunum af ótta við, að þeir yrðu þar til sveitarþyngsla. Með því að láta þá halda fyrri framfærslusveit án tillits til þess, hvar þeir settust að, mundi úr þessu bætt. Öll rök hníga því að því, að þessir menn haldi sinni fyrri sveit þangað til verulegar líkur eru að því færðar, að þeir séu orðnir sæmilega heilir. En það, að þeir hafa komizt styrklaust af í 2 ár, bendir mjög sterklega í þá átt.

Um 7. gr.

Einn af verstu göllunum á núgildandi framfærslulöggjöf er sá, að þeir, sem eru á styrk, vinna sér framfærslusveit um leið og þeir hafa einhverstaðar tekið sér lögheimili. Slíkt ákvæði mun vera einsdæmi og er t. d. ekki í dönsku framfærslulöggjöfinni, er þó gengur mjög langt í þá átt að afnema sveitfestitíma, og höfð var að þessu leyti til hliðsjónar við setningu framfærslulaganna 1935. Með þessu ákvæði laganna er beinlínis ýtt undir sveitarstjórnir að koma þurfamönnum af sér á aðrar sveitir. Við slíku er raunar reynt að gera annarstaðar í lögunum, en bæði er, að þvílíkar tiltektir sveitarstjórnar er mjög erfitt að sanna, þó að á hvers manns vitorði séu, og að viðurlög laganna eru allsendis ófullnægjandi. En einnig þó að svo standi á, að sveitarstjórn eigi engan þátt í flutningi þurfamanns, þá er ákvæðið engu að síður mjög varhugavert, því að þurfamenn vilja miklu síður dvelja í hinum fámennari héruðum, þar sem öllum er kunnugt um hagi þeirra og með hverjum hætti þeir komast af. Þeir sækja því allir á hina fjölmennu staði, þar sem minna ber á þeim og ekki er verulega eftir þeim tekið. En með þessum hætti verður þurfamannaþunginn á hinum fjölmennari stöðum lítt bærilegur, og sveitarfélögin sigast hvert af öðru undan honum. Loks er á það að líta, að með þessu safnast þurfamennirnir þangað, sem dýrast er að framfæra þá, og kemur það vitanlega áður en lýkur niður á þjóðfélaginu öllu.

Verður því ekki um það deilt, að núgildandi ákvæði eru ótæk og að þótt sveitfestitími eigi ekki almennt við, þá sé hann óumflýjanlegur, þegar svo stendur á, sem hér um ræðir. Um það má vitanlega deila, hversu langur hann skuli vera, en minna en 2 ár koma naumast til greina. Þá þykir og sjálfsagt að láta hið sama ganga yfir þá, sem á styrk voru skömmu áður en þeir fluttu, og hina, sem einmitt þá eru styrkþegar. Ella væri sveitarstjórnum í lófa lagið að ýta af sér margra ára styrkþegum með því að neita þeim um styrk og neyða þá þannig til að flytja.

Ef halda á þeirri reglu almennt að hafa engan sveitfestitíma, verður að gera frá henni þær undantekningar, er komi í veg fyrir algera upplausn í þjóðfélaginu.

Um 8. gr.

Orðabreytingar, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 9. gr.

Í sjálfu sér má um það deila, hvort heppileg séu ákvæði 15. gr. framfærslulaganna um, að fósturforeldrar geti haldið barni fyrir lögskyldum framfærslu-

manni, sem barnaverndarnefnd eða hreppsnefnd telur ekki óhæfan til að ala barnið upp. En hitt er alveg fráleitt, að láta þetta verða til þess, að sveitarsjóður greiði meðgjöf, sem hann slyppi frá, ef barnið væri hjá lögskyldum framfærslumanni. Hér er farið fram á að leiðrétta þetta, og er þess að gæta, að þrátt fyrir það helzt vitanlega heimild til þess að taka barn af lögskyldum framfærslumanni, ef hann telst óhæfur til uppeldisins. Breytingarnar valda barninu því engu tjóni, heldur einungis losa sveitarsjóð við óþörf útgjöld.

Um 10. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli og er í samræmi við það, sem í Danmörku gildir um íslenzka ríkisborgara. Þykir fara bezt á því, að í báðum ríkjunum gildi um þetta hliðstæðar reglur, enda munu þessi sérákvæði ekki haldast lengur en jafnréttisávæði sambandslaganna.

Um 11. gr.

Núgildandi fyrirmæli 21. gr. framfærslulaganna ganga lengra um greiðsluskyldu íslenzka ríkisins á styrk veittum erlendis til íslenzkra ríkisborgara en tíðkanlegt er. Lagt er til, að upp verði tekin sama regla og önnur ríki fylgja í þessu efni, og sýnist það sjálfsagt.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Eftir núgildandi lögum er miðað við meðalmeðlag, þar sem ekkjan á heima, þó að barnið eigi heima annarstaðar. Kostnaðurinn fer vitanlega eftir heimili barnsins, og er því auðsætt, að við það ber að miða.

Um 14. gr.

Til samræmis við ákvæðin um, að sá, sem þiggur styrk, vinni sér ekki nýja sveit með flutningi sínum, verður að setja hliðstæð fyrirmæli um ekkjur, sem fengið hafa meðlagsúrskurði með börnum sínum. Ef endanleg greiðsluskylda á úrskurðinum ætti sem nú að hvíla á þeirri sveit, sem heimili þeirra hverju sinni er í, mundi það valda því, að þær væru öðrum fremur hraktar á milli sveita, og hafa í för með mér margskonar ranglæti. Eðlilegast er, eins og hér er gert, að leggja yfirleitt hina endanlegu greiðsluskyldu á þá framfærslusveit, er maðurinn átti, er hann andaðist, án tillits til síðari flutninga ekkjunnar. En hafi ekkjan komizt af um langt skeið meðlagslaust og flutt brott úr þessari sveit, mundi þó ósanngjarnt að láta hana greiða. Þess vegna er fyrirmælið um, að sú framfærslusveit, er ekkjan á, þegar hún krefst meðlagsins, skuli ætíð, án tillits til síðari flutninga, greiða það, ef hún krefst þess þegar meira en tvö ár eru liðin frá dauða mannsins.

Að því leyti, sem ekkjan kann hinsvegar jafnframt meðlögunum að þurfa á eiginlegum framfærslustyrk að halda, hagga þessi fyrirmæli engu frá almennu reglunni um, hvaða sveit skuli greiða hann. Réttarstaða ekkju verður yfirleitt betri vegna þessa ákvæðis, en ekki lakari.

Um 15. gr.

Ákvæði 26. gr. laganna er óþarft vegna fyrirmæla 29. gr. frv., og þykir því betur fara að fella lagagreinina niður.

Um 16. gr.

Rétt þykir að hafa beina heimild fyrir kosningu varamanna, þar sem hún er nauðsynleg og tíðkuð.

Eðlilegt er, að kjörtímabil framfærslunefndar sé hið sama og annara fastra nefnda, er bæjarstjórn kýs. Flokkahlutföll og aðstæður allar geta breytzt á svo

löngum tíma sem kjörtímabili bæjarstjórnar, og er engin ástæða til að miða við það um þessa nefnd fremur en aðrar.

Um 17. gr.

Á neyðartímum er hugsanlegt, að skattgreiðendur geti ekki innt af hendi miklar peningagreiðslur til framfærslumála, en séu þó færir um að láta í té mat o. þ. h. á heimilum sínum. Þó að þessi háttur væri á hafður, mundi það enganveginn leiða til þess, að heimilum styrkþega yrði sundrað, því að banninu gegn slíku er haldið. Breytingin mundi þvert á móti hafa í för með sér, að illa stæðum sveitarfélögum yrði fært að láta styrkþegum í té samskonar viðurværi og skattþegnar þess fá, þó að beinar fjárgreiðslur til þeirra væru útilokaðar.

Um 18. gr.

Eins og fyrr segir, er sjálfsagt að halda banninu gegn því að leysa upp heimili og skilja hjón samvistum. Þetta bann má þó ekki verða til þess, að menn geti skotið sér undan eðlilegri atvinnusókn, t. d. fara í ver, kaupavinnu, vegavinnu o. þ. h., með því að segja, að slíkt hefði samvistaslit í för með sér. Rétt er, að þetta sé berum orðum fram tekið, þó að það vafalaust felist í núgildandi lögum.

Um 19. gr.

Ef til vill felst ákvæði þetta í fyrirmæli framfærslulaganna um, að sveitarstjórnum sé heimilt að fara með fjárkröfur styrkþega á hendur öðrum mönnum. Þar sem nokkur vafi hefir þó þótt á þessu leika, er réttara að taka það berum orðum fram, enda er styrkþega jafnframt fenginn réttur til að skjóta ágreiningi um þetta til yfirvalds, en síðan má bera hann undir ráðherra. Að þessu leyti er réttarstaða styrkþega því gerð betri en ella væri, en hitt auðsjáanlega öllum til hagsbóta, að þeim styrkþegum, sem ekki kunna með kaup sitt að fara, sé varnað þess að sólunda því. Nauðsynleg afleiðing þessa fyrirmælis er það, að kaupgreiðendur, sem vanrækja að hlýða fyrirmælum sveitarstjórnar í þessu efni, ábyrgist þá vanrækslu.

Um 20. gr.

Nokkuð hefir á því borið, að styrkþegar hafa reynt að leyna tekjum af vinnu, sem þeir hafa haft. Ekki er heldur alveg óþekkt, að þeir hafi skotið peningum undan. Ákvæði þessarar greinar eru til þess ætluð, að hægara sé að koma í veg fyrir þetta.

Um 21. gr.

Núgildandi fyrirmæli hafa ekki þótt veita sveitarstjórnum nógu rúma heimild til þess að vísa styrkþegum til vinnu. Ekki er nógu skýrt kveðið á um, að heimilt sé að koma mönnum í vinnu utan heimilissveitar þeirra. Er slíkt þó alveg nauðsynlegt hér á landi, þar sem vinnu er að fá á mismunandi stöðum eftir árstíðum. Þá er kaupgjaldsákvæði núgildandi laga einnig óljóst og óheppilegt. Virðist helzt miðað við kaupgjald á heimili styrkþega, þó að sjálfsagt væri, ef ákvæðinu væri haldið, að miða við vinnustaðinn. En rétt er að fella þetta ákvæði alveg niður, vegna þess að oft mundi svo ástatt, að styrkþegi hefði ekki fulla starfskrafta, og er kaupgjaldsákvæðið þá óheppilegt. Niðurfelling ákvæðisins hefir hinsvegar í för með sér enga hættu á, að sveitarstjórn misbeiti valdi sínu, því að styrkþegi getur skotið máli sínu til lögreglustjóra framfærslusveitar, og þaðan má áfrýja málinu til ráðherra. Áfrýjunarrétturinn til ráðherra er nýr og er til aukins öryggis.

Í 2. mgr. er berum orðum tekið fram, að heimildin til að láta barnsföður í vinnu eða fangelsi taki jafnt til feðra skilgetinna sem óskilgetinna barna. Þetta er gert vegna úrskurðar lögreglustjóra í Reykjavík og stjórnarráðs í gagnstæða átt, og er með þessu komið í veg fyrir allan frekari misskilning um efnið.

Um 22. gr.

Framfærslulögin leggja í ýmsum samböndum skyldu á sveitarfélag til þess að annast greiðslur fyrir annað sveitarfélag. Hér á hið greiðsluskylda sveitarfélag ekki um neitt að velja. Það verður að inna greiðsluna af hendi, hvort sem það vill eða ekki, og jafnvel þó að það hafi margreynt hitt sveitarfélagið að óskilsemi. Þegar svo stendur á, er það eðlilegast, að sá, sem leggur því greiðsluskylduna á herðar, ábyrgist, að endurgreiðsla fari fram. Hér er því lagt til, að ríkið ábyrgist þessar greiðslur milli sveitarfélaga. Til ábyrgðarinnar kemur vitanlega ekki fyrr en reynt hefir verið á venjulegan hátt að ná greiðslunni hjá því sveitarfélagi, sem endanlega skyldi greiða. Áhætta ríkissjóðs í þessu efni er heldur ekki ýkja mikil, þar sem ríkið á að inna ýmsar greiðslur af hendi til sveitarfélaganna, t. d. úr jöfnunarsjóði, og getur því skuldajafnað. En hvað sem um það er, þá leiðir það af ákvæðum þessa frumvarps um sveitfestitíma í einstökum tilfellum, þar sem hann er óumflýjanlegur, að tryggja verður, að sveitarfélögin fái kröfur sínar á önnur sveitarfélög greiddar. Að vísu er hægt að hugsa sér, að sveitarflutningar væru teknir upp af nýju og þannig komið í veg fyrir, að nokkrar verulegar skuldir stofnuðust sveitarfélaga á milli. En ekki hefir þótt fært að leggja þetta til, og er þá ekki um annað úrræði að ræða en ábyrgð ríkissjóðs.

Á hinn bóginn verður vitanlega að búa svo um, að sú sveit, þar sem styrkþegi er, verði ekki óþarflega ríf á styrkveitingar í skjóli þess, að hún fái þær endurgreiddar. Þess vegna er það gert að meginreglu, að hún fái einungis endurgreidda ⅔ hluta þess, sem hún hefir greitt. Með því er henni veitt verulegt aðhald, en þó ekki um of illa að henni búið, þar sem hún á greiðslu á þessu vísa, gangstætt því, sem nú er. Þegar sveitarstjórn hefir engin áhrif á, hversu styrkurinn verður hár, svo sem er þegar um yfirvaldsúrskurð er að ræða, er hinsvegar engin hætta á óþarfaeyðslu af hennar hálfu, og er því ætlazt til, að þá haldi hún fullum endurgreiðslurétti.

Um 23. gr.

Hér er um að ræða hjálp til styrkþega í neyð, þar sem óþörf eyðslusemi af hálfu þeirrar sveitar, er fyrst innir greiðsluna af hendi, sýnist ekki komast að. Er því lagt til, að hún haldi fullum endurgreiðslurétti og að ríkið ábyrgist greiðsluna að fullu.

Um 24. gr.

Rétt þykir að setja stuttan fyrningarfrest á kröfur sveitarfélaga á milli, til þess að þær liggi ekki óhæfilega lengi í salti og komi fyrst fram seint og um síðir.

Um 25. gr.

Nú er sú sveit, þar sem barnsfaðir á lögheimili þegar greiðslu er krafizt, endanlega skyld til að greiða meðlagið. Réttara sýnist að miða við *gjalddaga* meðlagsins, og er lagt til, að svo verði gert.

Sjálfsagt er, að sú sveit, er barnsfaðir hverju sinni hefir átt framfærslurétt í, greiði meðlög hans, þó að kröfu hafi ekki strax verið hægt að gera á hendur því, vegna þess að óvíst var, hvar barnsfaðir var niður kominn. Fyrirmælið hefir minni þýðingu en ella vegna þess, að barnsfaðir mun eftir frumvarpinu yfirleitt halda þeirri sveit, er hann átti, þegar greiða varð fyrsta meðlagið fyrir hann. Ákvæðið getur samt stundum átt við, og er því rétt að taka það upp.

Um 26. gr.

Í þessari grein er kaupgreiðendum barnsfeðra gert að skyldu að greiða kaupið til sveitarstjórnar, eftir kröfu hennar, eftir sömu reglum og um aðra styrkþega gildir. Þó er hér að engu miðað við, hvort barnsfaðir kann með fé að fara eða ekki, heldur er heimildin veitt gegn öllum barnsfeðrum. Hefir og reynslan sýnt, að gegn þeim er þörf á harðari ráðum en öðrum.

Um 27. og 28. gr.

Orðabreytingar, sem ekki þarfnast skýringa.

Um 29. gr.

Grein þessi ákveður, að ef móðir barns giftist, skuli hún því aðeins fá greiðslur samkvæmt meðlagsúrskurði, að stjúpfaðirinn sé framfærsluþurfi. Þetta leiðir af því, að stjúpfaðirinn er framfærsluskyldur, og er í samræmi við hæstaréttardóma, sem gengið hafa um þetta mál. Hinsvegar stoðar ekki að gera rétt kvenmanna betri, ef þær í stað þess að giftast taka einungis saman við mann og búa með honum í því skyni að halda meðlögum sínum. Þess vegna er lagt til, að sama regla skuli um hvorttveggja gilda, og er svo ákveðið t. d. í dönskum lögum. Ætlazt er til, að ákvæðið eigi jafnt við um meðlög með börnum ekkna sem önnur meðlög.

Um 30. gr.

63. gr. framfærslulaganna á vitanlega einungis við um það, hvenær styrkþegi sé ekki skyldur til að endurgreiða styrk, en fjallar alls ekki um fjárskipti sveitarstjórna. Er lagt til, að þetta verði sagt svo skýrt, að ekki verði um villzt.

Um 31. gr.

Hér er ráð fyrir því gert, að styrkþegar flytji sveitarfélaga á milli að tilhlutun sveitarfélaga, án þess að nokkur launung sé á það lögð. Má vel svo fara, að á næstu árum kveði meira að slíkum aðgerðum en gert hefir til þessa. Því að full þörf sýnist vera að beina einhverju af því fólki, sem safnazt hefir á þá staði, þar sem það hefir ekki neitt að gera og er þar því einungis sjálfum sér og öðrum til tjóns, þangað, sem lífvænlegra er.

Þegar svo stendur á, sýnist rétt, að sú sveit, sem styrkþega ráðstafar, standi undir öllum kostnaði við hann, á meðan hann er að koma undir sig fótunum á nýja staðnum. Er því svo ákveðið, að hann geti því aðeins unnið sér framfærslurétt í hinni nýju sveit, að hann komist af styrklaust í 2 ár óslitið eftir að hann hefir dvalið þar í 4 ár. Ætlazt er til þess, að dvalarsveitin fái að fullu endurgreiddan kostnað þann, er hún kann að hafa af styrkþega á meðan hann heldur hinni fyrri sveit, og að ríkissjóður ábyrgist þær greiðslur.

Um 32. gr.

Lengdur er fresturinn í upphafi 66. gr. úr 4 mánuðum í 2 ár, þannig að rannsókn á að fara fram, ef maður verður styrkþurfi á fyrstu tveim árum, sem hann dvelur í einhverri sveit. Jafnframt er gert ráð fyrir, að rannsóknin fari því aðeins fram, að þörf sé á henni, og er það sjálfsagt.

Um 33. gr.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum sleppur sú sveit betur við þurfaling sinn, sem með brögðum og undirferli ráðstafar honum í aðra sveit, heldur en sú, sem enga dul dregur á, að hún eigi þátt í flutningi hans. Í fyrra tilfellinu verður sveitin að sjá fyrir styrkþega einungis í 3 ár, og vitanlega eingöngu í þeim tilfellum, þegar misferli sveitarstjórnar sannast, en í síðara tilfellinu ætíð meðan hann þarf á óslitnu sveitarframfæri að halda. Þvílík verðlaun á óheiðarleikanum ná vitanlega ekki neinni átt. Hér er þvert á móti lagt til, að ef slíkt misferli af hálfu sveitarstjórnar eða einstakra áhrifamanna sveitarfélags sannast, þá skuli það endurgreiða allan þann styrk, sem maður þarfnast í því sveitarfélagi, sem honum var ýtt til. Skiptir þá ekki máli, hvort maður hefir þurft að halda á óslitnu framfæri eða ekki. Ennfremur er lagt til í samræmi við næstu grein á undan, að í stað 4 mánaða frests komi tveggja ára frestur, og er það sjálfsagt.

Um 34. gr.

Látið er haldast til frekara öryggis, að ríkissjóður skuli greiða dvalarsveit allan þann kostnað, sem hún verður fyrir, þegar svo stendur á sem hér segir. Í

þessu tilfelli þarf dvalarsveitin alls ekki að krefja hina, heldur annast ríkissjóður greiðsluna þegar í stað, en hann fær svo endurgreiðslurétt á hitt sveitarfélagið.

Um 35. gr.

Hér er lagt til, að frestur sá, sem hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafa til að skila skýrslum sínum, sé lengdur til 1. júní. Er það af þeim sökum, að skýrslur þessar hafa ekki borizt á þeim tíma, sem tiltekinn er í lögunum, og sýslumönnum því falið að safna þeim. Ætlazt er til, að ráðuneytið geti náð öllum skýrslum fyrir 1. júní.

Þá er og gert ráð fyrir, að alstaðar í lögunum komi orðið „ráðuneytisins“ í stað „atvinnumálaráðuneytisins“, og þykir það betur fara vegna þeirrar skiptingar, sem nú er orðin á ráðuneytunum.

Um 36. gr.

Um a- og b-lið þeirrar greinar vísast til þess, er segir í athugasemdum við 35. gr., því sama átsæða er fyrir hendi um þessar skýrslur og þær, er þar getur.

Hinsvegar er rétt, að það sé skattstjórinn en ekki tollstjórinn í Reykjavík, sem skilar skýrslum þessum, því hann hefir þær undir höndum og vinnur úr þeim.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Með breytingu þessari er gert ráð fyrir því, að Reykjavík, sem samkvæmt gildandi lögum fær jöfnun síðar en önnur sveitarfélög, komist undir sömu jöfnunarákvæði og önnur sveitarfélög landsins. Eru ástæðurnar fyrir því að hafa hana sér í flokki minni, er fullkomin jöfnun er framkvæmd og ekki lengur bundin við einar 250 þús. krónur í því skyni, svo sem áður var. Rétt þykir að láta 10% frádráttarákvæðið halda sér í lögunum, vegna þess að með því móti verður meira af fé jöfnunarsjóðs varið eftir reglu 72. gr. en annars yrði, og verður að telja, að það sé réttmætt.

Þá er og niðurlagi greinarinnar breytt á þann veg, að verði jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, sem nú hefir verið falið hlutverk þessa kafla laganna með lögum nr. 69 frá 1937, ekki séð fyrir nægum tekjum, skuli ríkissjóður greiða það, sem á vantar til þess að fullkomin jöfnun fáist.

Um 39. gr.

Viðurlög þau, er gilda nú, ef skýrslum er ekki skilað á réttum tíma, eru dagsektir, sem sýslumenn eða bæjarfógetar ákveða. Þessum viðurlögum mun aldrei hafa verið beitt, þótt dregizt hafi lengi að senda skýrslur. Þau eru því gagnslaus. Um það, ef dráttur verður á skýrslum sýslumanns og bæjarfógeta, eru engin viðurlög, enda óviðkunnanlegt að setja slík.

Hinsvegar er rétt, ef um vanrækslu verður að ræða, að sveitarfélög þau, sem í hlut eiga, missi tilkall til greiðslna úr sjóðnum, og að nota megi tölur þeirra sveitarfélaga frá næsta ári á undan, svo ekki tefjist reikningsskil þess vegna.

Um 40. gr.

Þarfnast ekki skýringa að öðru en því, að breytinguna undir b-lið leiðir af breytingum þeim, sem lagt er til, að gerðar verði í 35. og 36. gr.

Um 41. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 303. Frumvarp til laga

um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá 1. janúar 1940 skal tekju- og eignarskattur af vaxtaeignum og tekjum af þeim samkvæmt 2. gr. innheimtur á þann hátt, sem lög þessi ákveða, og kallast sá hluti skattsins, sem þannig er innheimtur, vaxtaskattur.

2. gr.

Til vaxtafjár samkvæmt lögum þessum telst:

a. Innstæður hjá bönkum, sparisjóðum, innlánsdeildum félaga og öðrum lánsstofnunum.
b. Opinber verðbréf. Teljast þar til bankavaxtabréf, ríkisskuldabréf, skuldabréf bæjar- og sveitarsjóða og stofnana þeirra, og önnur slík verðbréf, útgefin af opinberum stofnunum eða fyrirtækjum.
c. Skuldabréf, víxlar og aðrar fjárkröfur, sem tryggðar eru með veði í fasteign að einhverju eða öllu leyti, eða með tryggingarbréfi í fasteign.

Um ákvörðun vaxtatekna af ofangreindum eignum fer eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt.

3. gr.

Ákvæði þessara laga ná ekki til vaxtaeigna eða vaxtatekna þeirra aðilja, sem eru undanþegnir slíkri skattskyldu samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, og heldur eigi til þeirra vaxtaeigna, þar sem vaxtagreiðandi er erlendis heimilisfastur.

Stofnanir og félög, sem hafa gefið út opinber verðbréf, er um ræðir í 2. gr. b-lið, skulu halda skrá um þann hluta slíkra verðbréfa, sem er í eigu skattfrjálsra aðilja á hverjum tíma, enda tilkynni þeir hlutaðeigandi stofnunum um verðbréfaeign sína, ella eru þeir eigi undanþegnir skattgreiðslu. Skal afrit af þeirri skrá afhent hlutaðeigandi skattanefnd (skattstjóra).

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um það, hverra sannana skuli krefjast fyrir því, að um skattfrjálst vaxtafé sé að ræða.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita einstökum stofnunum og félögum undanþágu að einhverju eða öllu leyti frá því að haga skattgreiðslum sínum samkvæmt þessum lögum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Vaxtaskattur skal nema 25% af hinni skattskyldu vaxtahæð.

5. gr.

Gjalddagi vaxtaskatts af öllum vaxtabréfum er gjalddagi vaxta, en af innstæðum í bönkum og öðrum lánsstofnunum er gjalddagi 31. des. ár hvert, eða þegar endanlegt vaxtauppgjör fer fram. Skattskyldar vaxtatekjur skal reikna frá síðasta gjalddaga skattsins, og í fyrsta sinn frá þeim tíma, sem síðasti gjalddagi hefði verið, ef lögin hefðu verið í gildi.

6. gr.

Vaxtagreiðandi skal halda eftir vaxtaskatti, sbr. þó síðustu málsgrein. Gildir þetta jafnt um allar lánsstofnanir og stofnanir, sem hafa gefið út opinber verðbréf, og útgefendur eða skuldara einstakra veðskuldabréfa eða umboðsmenn þeirra. Skal vaxtagreiðandi standa skil á skattinum til viðkomandi skattheimtumanns samkvæmt 7. gr. innan eins mánaðar frá gjalddaga skattsins, og skal hann láta fylgja greinar-

gerð um, hvernig skatturinn er reiknaður. Vaxtagreiðandi afhendir móttakanda vaxta kvittun fyrir skattgreiðslunni.

Vanræki vaxtagreiðandi að halda eftir vaxtaskatti, skal krefja vaxtamóttakanda um skattupphæðina, en vaxtagreiðandi er þó jafnframt ábyrgur fyrir skattinum, þar til hann er að fullu greiddur.

Lánsstofnanir, sem hafa á hendi innheimtu afborgana og vaxta af skuldabréfum þeirra aðilja, sem skattskyldir eru, skulu halda eftir og standa skil á vaxtaskatti af umræddum bréfum í stað skuldunauta.

7. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta vaxtaskatt samkvæmt fyrirmælum 6. gr. Fylgir skattinum lögtaksréttur.

8. gr.

Kvittanir fyrir greiðslu vaxtaskatts hjá hverjum einstökum gjaldanda skulu afhentar þeim í tvíriti. Skulu skattgreiðendur láta kvittanasamritin fylgja skattframtölum sínum til skattanefndar (skattstjóra).

Skattanefndir — í Reykjavík skattstjóri — skulu, jafnhliða skattskrá, gera skrá yfir alla þá gjaldendur, sem eftir skattframtölunum fyrir undanfarið ár hafa haft vaxtatekjur samkvæmt 2. gr. þessara laga, og vaxtaskattgreiðslu þeirra samkvæmt framlögðum kvittunum, enda séu tekjurnar framtaldar. Þessi vaxtaskattskrá afhendist innheimtumanni tekju- og eignarskatts áður en innheimta hans er hafin, og vaxtaskattgreiðslur samkvæmt henni dragast frá þeim tekju- og eignarskatti, sem innheimta ber samkvæmt skattskrá. Nemi vaxtaskattsfjárhæð gjaldanda samkvæmt ofangreindu meiru en honum hefir verið gert að greiða í tekju- og eignarskatt, skal sá mismunur endurgreiddur.

9. gr.

Eftirlit með greiðslu vaxtaskatts hafa skattanefndir (skattstjóri). Skulu innheimtumenn láta skattanefndum í té skrá um greiðslu vaxtaskatts undanfarið ár, og skulu skránni fylgja greinargerðir skattgreiðenda, stofnana og annara gjaldenda.

Um rannsóknar- og úrskurðarvald skattanefnda samkvæmt þessum lögum, kærur, kæruúrskurðun og viðurlög gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, sbr. þó 11. gr. hér á eftir.

10. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga og eftirlit með þeim.

Bráðabirgðaákvæði.

11. gr.

Á tveimur fyrstu árum eftir að lög þessi öðlast gildi skal eigi beita refsiákvæðum 47. gr. og 48. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt að því er snertir vaxtatekjur og vaxtaeignir, er greiða ber skatt af samkvæmt lögum þessum. Vaxtaskatt af undandregnum eignum eða tekjum er þó eigi heimilt að draga frá skattskyldum tekjum, þegar skattur er á lagður.

Nd. 304. Frumvarp til laga

um eftirlit með sveitarfélögum.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Finnur Jónsson.

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir orðið **sveitarstjórn** bæði bæjarstjórn og hreppsnefnd, **sveitarfélag** merkir hrepp og kaupstað, **sveitarsjóður** hrepps- og bæjarsjóð, og **sveitarmálefni** merkir málefni hreppsfélags og bæjarfélags.

II. KAFLI
Um verksvið eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna.

2. gr.

Félagsmálaráðherra hefir yfirstjórn allra sveitarmálefna í landinu. Hann skipar eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna og setur honum erindisbréf. Ennfremur er ráðherra heimilt að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi eftirlit með sveitarstjórnarmálefnum í umdæmi sínu undir yfirstjórn eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna.

Ráðherra ákveður laun eftirlitsmanns og þóknun til trúnaðarmanna, og greiðist hvorttveggja úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga. Úr sama sjóði greiðist og skrifstofukostnaður eftirlitsmanns og annar kostnaður við eftirlit með sveitarfélögum samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Félagsmálaráðuneytið hefir á hendi söfnun allra skýrslna, er snerta málefni sýslu- og sveitarfélaga, þar á meðal allar skýrslur um framfærslumál, tillög til tryggingarmála, svo og annara þeirra skýrslna og upplýsinga, sem nauðsynlegar eru til þess að rétt yfirlit fáist um málefni þeirra.

Sama ráðuneyti safnar upplýsingum um fjárhag allra bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga landsins, svo fyrir liggi á hverjum tíma svo glögg vitneskja sem auðið er um fjárhag þeirra. Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna má fela að hafa söfnun skýrslna þessara á hendi.

4. gr.

Álits eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna skal leitað um öll málefni sveitarfélaga, sem undir félagsmálaráðuneytið falla og snerta fjárhags- og framfærslumál þeirra. Félagsmálaráðuneytið getur falið eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af, en senda skal eftirlitsmaður ráðuneytinu ársfjórðungslega skrá um þau mál, er þannig eru afgreidd.

Álits og tillagna eftirlitsmanns skal sérstaklega leitað um skiptingu og úthlutun á því fé, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta.

5. gr.

Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna er skylt að veita sveitarstjórnum þá aðstoð og ráðleggingar, er hann getur þeim í té látið, varðandi fjárhagsmál þeirra, framfærslumál og hver önnur mikilsverð sveitarmálefni, sem til hans er leitað með.

Hann skal og gera tillögur til ráðuneytisins um hvert það málefni, er sveitarfélag varðar og hann kemst að í starfi sínu, ef hann telur, að betur mætti fara á annan veg eða úr þurfi að bæta.

6. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna annast útreikninga á jöfnunarfé því, sem bæjum og hreppum er greitt samkv. l. nr. 69/1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Hann hefir umsjón með því, að jöfnunarfénu sé varið svo sem lög mæla fyrir, ráðherra ákveður, eða því ráðstafað samkvæmt fyrirmælum sveitarfélaganna.

7. gr.

Nú er sveitarfélag, sem greiðslu á að fá úr jöfnunarsjóði, í vanskilum gagnvart ríkissjóði eða ríkisstofnunum, öðrum sveitarfélögum, sjúkrahúsum, eða stendur ekki í skilum með lán, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, og er þá rétt að halda eftir greiðslunni úr jöfnunarsjóði og verja fénu til greiðslu á þeim skuldbindingum sveitarfélagsins, sem í vanskilum eru, að því leyti sem þörf er á eða greiðslan til hrekkur.

8. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna skal afla sér glöggs yfirlits um skuldir sveitarfélaganna og viðskipti þeirra við lánsstofnanir, ríkissjóð eða opinbera sjóði og opinberar stofnanir, og skipti þeirra sín á milli, og reyna svo sem föng eru á að koma því til leiðar, að þau standi í skilum með skuldbindingar sínar, og halda þeim til skilsemi á þann hátt, er í hans valdi stendur.

Ef sveitarfélag vanrækir fjárhagsskuldbindingar sínar gagnvart opinberum sjóðum, lánsstofnunum eða öðrum þeim, er í 1. málsgr. getur, og það lætur sér eigi segjast við gefnar áminningar eftirlitsmanns, er honum skylt að gera tillögur til ráðherra um, að ákvæðum IV. kafla þessara laga, um að setja megi sveitarfélag undir eftirlit, verði beitt gagnvart sveitarfélaginu.

III. KAFLI

Um fjárþröng sveitarfélaga.

9. gr.

Sveitarfélagi, sem er í svo mikilli fjárþröng, að það telur sér ekki fært að standa í skilum, ber að snúa sér til félagsmálaráðuneytisins um aðstoð, ef ætla má, að ekki rætist úr í náinni framtíð, og skal þá veita því aðstoð samkvæmt fyrirmælum laga þessara.

10. gr.

Beiðni um aðstoð skal hafa legið fyrir til umræðu í bæjarstjórn eða hreppsnefnd og skulu hafa farið fram um hana tvær umræður. Beiðni skal fram lögð í ályktunarformi, og hljóti hún meiri hluta greiddra atkvæða á tveim löglega boðuðum fundum, telst hún samþykkt. Ef um hreppsfélag er að ræða, skal álitsgerð sýslunefndar eða sýslumanns fylgja ályktuninni.

Að samþykkt þeirri lokinni skal símleiðis eða bréflega tilkynna ráðuneytinu efni ályktunarinnar svo greinilega sem verða má.

11. gr.

Nú hefir ráðherra borizt beiðni samkvæmt 10. gr., og skal þá eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna falið að rannsaka fjárreiður og hag sveitarfélagsins og gefa ráðuneytinu skýrslu um málið.

12. gr.

Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna skal kynna sér nákvæmlega allan hag bæjar- eða hreppsfélagsins og athuga í samráði við sveitarstjórn, hvort fjárhags-

örðugleikum verði af létt með því að draga úr gjöldum eða auka tekjur eða hvorttveggja. Telji eftirlitsmaður það fært án þess að vanræktar séu skyldur sveitarfélagsins eða íbúum þess íþyngt um of, skal hann bera málið undir sveitarstjórn og síðan senda ráðherra tillögur sínar. Ráðherra sker þá úr, hvort fylgja skuli tillögum eftirlitsmanns að nokkru eða öllu leyti eða hvort sveitarfélaginu skuli látin í té frekari aðstoð eftir lögum þessum.

13. gr.

Nú verður ekki bót ráðin á fjárhagsörðugleikum sveitarfélags með þeim hætti, sem í 12. gr. segir, og skal þá eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna reyna að koma á samkomulagi milli sveitarstjórnar og skuldheimtumanna sveitarfélagsins um greiðslu skulda með eða án greiðslufrests og með eða án eftirgjafar eða vaxtalækkunar. Í þeim tilgangi getur eftirlitsmaður kallað saman skuldheimtumenn eða umboðsmenn þeirra, þar sem hentast þykir. Á fundi þeim skal fyrir liggja glögg skýrsla um skuldir sveitarfélagsins og eignir, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar, svo að sem gleggst megi sjá raunverulegan hag sveitarfélagsins.

Ef samkomulag næst milli aðila á fundinum eða á annan hátt, er málinu lokið.

14. gr.

Nú næst ekki samkomulag samkvæmt 13. gr., og skal eftirlitsmaður þá, telji hann það nauðsynlegt vegna fjárhagsafkomu sveitarfélagsins, enda verði ekki á annan veg úr bætt, láta birta þrisvar í Lögbirtingablaðinu áskorun til allra þeirra, sem fjárkröfur eiga á sveitarfélagið, þar með taldar ábyrgðir, um að lýsa kröfum sínum fyrir honum með sex vikna fyrirvara frá síðustu birtingu auglýsingarinnar. Skal í auglýsingunni tekið fram, að allar ótryggðar kröfur falli niður ógildar, ef þeim er ekki lýst innan hins tiltekna frests. Ef skuldareigandi, sem ekki hefir lýst viðurkenndri kröfu innan hins tiltekna frests, síðar meðan á samningaumleitunum stendur færir líkur fyrir því, að hann hafi eigi átt kost á að sjá auglýsinguna, svo sem vegna fjarveru, sjúkdóms o. s. frv., er eftirlitsmanni heimilt að taka kröfu hans til greina. Að öðru leyti falla niður þær kröfur, sem eigi er lýst innan hins tiltekna frests.

Sé ekki lýst öllum þeim kröfum, sem sveitarstjórn hefir tilfært sem skuldir sveitarfélagsins, skal sannprófa, hvort framtal hennar er rétt.

15. gr.

Að innköllunarfresti liðnum skal eftirlitsmaður, svo fljótt sem því verður við komið, semja frumvarp til skuldaskila fyrir sveitarfélagið, ef hann telur, að það þurfi að fá eftirgjafir.

Í frumvarpinu skulu taldar sér í flokki þær skuldir, sem samningunum er eigi ætlað að ná til, og getið tryggingа fyrir þeim, og í öðrum flokki þær skuldir, sem ætlazt er til, að samið sé um.

Þá skal og skilmerkilega getið, hve háan hundraðshluta sveitarfélaginu er ætlað að greiða af skuldum þeim, er samningar ná til.

16. gr.

Þegar eftir að samningsuppkast það er fullsamið, sem í 15. gr. getur, skal eftirlitsmaður, með ábyrgðarbréfi eða símskeyti, tilkynna það öllum þeim lánardrottnum, er kröfu hafa lýst, og boða þá á fund með hæfilegum fyrirvara. Samtímis skal sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags tilkynnt efni samningsins. Þangað til fundurinn er haldinn skal frumvarp eða staðfest afrit af því liggja skuldheimtumönnum til sýnis í skrifstofu eftirlitsmanns.

17. gr.

Telji eftirlitsmaður, að fengnum öllum upplýsingum, nauðsynlegt að fá samningum um veðtryggð lán sveitarfélaga breytt hvað vaxtakjör og greiðslutíma snertir,

og ennfremur að eftirgjöf fáist að meira eða minna leyti á veðtryggðum og óveðtryggðum skuldum sveitarfélags eða lánum, sem sérstök ábyrgð er fyrir, getur eftirlitsmaður gert það að skilyrði fyrir stuðningi samkvæmt lögum þessum, að þær breytingar fáist á þeim lánum, sem eftirlitsmaður telur nauðsynlegar til þess, að frambúðarlausn fáist á skuldamálum sveitarfélagsins. Til breytinga á lánskjörum veðtryggðra skulda og eftirgjafa á þeim þarf þó ætíð samþykki hlutaðeigandi veðhafa eða skuldareiganda. Sama er um lán, sem tryggð eru með ábyrgð sýslunefndar, ríkissjóðs eða annara.

18. gr.

Á skuldheimtumannafundi þeim, er í 16. gr. getur, skal eftirlitsmaður leggja fram samningsfrumvarp, svo og efnahagsreikning sveitarfélagsins og áætlun um tekjur þess og gjöld, er eftirlitsmaður hefir samið og lögð hefir verið fyrir sveitarstjórn til álita. Skuldheimtumenn eiga heimtingu á að fá sérhverjar upplýsingar um hag sveitarfélagsins, er eftirlitsmaður getur í té látið. Þeim er og heimilt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið, og skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði sérstaklega. Verði þær samþykktar, hefir eftirlitsmaður heimild til að taka frumvarpið aftur, ef hann telur þær verulegu máli skipta. Að öðrum kosti ber eftirlitsmaður frumvarpið undir atkvæði skuldheimtumanna þegar að loknum umræðum og atkvæðagreiðslum um breytingartillögur.

19. gr.

Hljóti frumvarpið atkvæði svo margra skuldheimtumanna, að þeir hafi ráð yfir meira en helming fjárhæðar þeirra krafna, er samningum er ætlað að ná til, hefir eftirlitsmaður heimild til að lýsa því yfir, að afgreiðsla þess sé fyrst um sinn bindandi, einnig fyrir þá skuldheimtumenn, er greitt hafa atkvæði móti því eða eigi mætt á fundi. Leysir það þá sveitarfélagið undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem undan er skilin í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefðu átt endurgjaldskröfu á hendur sveitarfélaginu fyrir greiðslu skuldarinnar.

20. gr.

Nú er samningur samþykktur á skuldheimtumannafundi, og skal hann þá, svo fljótt sem verða má, lagður fyrir ráðherra til staðfestingar. Hljóti samningurinn staðfestingu ráðherra, er hann bindandi fyrir alla, er hlut eiga að máli.

Eftirlitsmaður skal því næst sjá um, að gengið verði frá nýjum lánsskjölum og að breytingar, er gerðar hafa verið á veðlánum og öðrum lánum sveitarfélaga, verði rétt færðar upp í nýju efnahagsyfirliti sveitarfélagsins, er hann semur og afhendir sveitarstjórn.

21. gr.

Samningur haggar ekki heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hefir sett fyrir kröfum á skuldunaut, nema slíkt hafi verið gert að skilyrði samkv. 17. gr.

22. gr.

Samningurinn hefir engin áhrif á þær kröfur, er hér greinir, samanber þó ákvæði 17. gr.:

1. Skuldir tryggðar með fasteignaveði, þó því aðeins, að skuldarupphæð nemi eigi meiru en verðmæti veðsins. Sé skuldin hærri en verðmæti veðsins samkvæmt mati, er fyrir liggur við samningsgerðina, framkvæmdu af dómkvöddum mönnum, ná samningar til þess hluta skuldarinnar, sem fer fram úr verði veðsins.
2. Skuldir tryggðar með handveði. Gildir að öllu hið sama um þær og hinar, sem taldar voru undir 1. lið.
3. Forgangskröfur samkv. 8. kap. skiptalaganna að því leyti, sem við getur átt.

4. Skuldir tryggðar með sjálfsvörzluveði í lausafé. Um þær gildir sama og þær, sem taldar eru undir 1. lið.

23. gr.

Frá því er sveitarfélag hefir sent beiðni þá, er getur í 10. gr., til ráðuneytisins og þangað til samkomulagsumleitunum er endanlega lokið má sveitarfélagið eigi greiða skuldheimtumönnum skuldir, sem áður eru stofnaðar, hvort sem þær eru fallnar í gjalddaga eða eigi.

Sveitarstjórn er og óheimilt að selja eignir sveitarfélagsins eða láta af hendi verðbréf þess eða lausafé meðan samningaumleitanir fara fram. Er eftirlitsmanni skylt að hafa trúnaðarmann sinn til eftirlits með sveitarstjórn, meðan samningar fara fram, geti hann eigi sjálfur komið því við.

24. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að verja megi úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga árlega, meðan þess er þörf, allt að 100 þúsund krónum til þess að greiða fyrir skuldaskilum illa stæðra sveitarfélaga. Getur ráðherra ákveðið, að nokkurn hluta þeirrar fjárhæðar, sem þarf, megi veita sem styrk til sveitarfélagsins, er eigi sé endurkræfur, en nokkurn hlutann sem lán, er sveitarfélaginu beri að greiða ásamt vöxtum á tilteknum tíma. Ráðherra getur ákveðið, að lánið sé vaxta- og afborgunarlaust tiltekinn tíma, ef hann telur það nauðsynlegt vegna fjárhags sveitarfélagsins.

25. gr.

Nú leitar sveitarfélag, sem ríkissjóður hefir tekizt á hendur ábyrgð fyrir, aðstoðar samkvæmt lögum þessum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ákveða:

1. Að vextir og afborganir, sem ríkissjóður hefir lagt út vegna sveitarfélagsins, skuli gefið eftir að einhverju eða öllu leyti.
2. Að veita sveitarfélögum undanþágu frá greiðslum vaxta og afborgana annarshvors eða hvorstveggja tiltekinn tíma, af lánum, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir.
3. Að taka að sér svo mikið af láni sveitarfélags, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, sem nauðsyn krefur, til þess að sveitarfélagið komist á fjárhagslega tryggan grundvöll.
4. Að heimila stjórn kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga að veita eftirgjafir á lánum sveitarfélaga í þeim sjóði, ef þess er talin þörf, og taki þá ríkissjóður að sér greiðslu þess hluta árstillags sveitarfélagsins til kreppulánasjóðs, sem niður verður felldur.
5. Að heimila stjórn bjargráðasjóðs Íslands að gefa eftir vexti og afborganir lána um ákveðinn tíma, eða fella lán að fullu niður hjá þeim sjóði.
6. Að gefa eftir veðrétt, er ríkissjóður hefir í eign eða eignum sveitarfélags. Eiga ákvæði 1.—3. liðar jafnt við um innlend sem erlend lán, er sveitarfélag hefir tekið og ríkissjóður er í ábyrgð fyrir.

26. gr.

Nú er sýslusjóður í ábyrgðum fyrir lánum sveitarfélags, er aðstoðar leitar samkvæmt lögum þessum, og er sýslunefnd þá heimilt að gera ályktanir á sama hátt og segir í 25. gr., að því leyti er við getur átt, um skuldbindingar sínar gagnvart sveitarfélaginu.

Ennfremur er sýslunefnd heimilt að ákveða, frá ári til árs, að gefa megi eftir allt að ⅘ af sýslusjóðsgjaldi sveitarfélags, sem aðstoðar hefir leitað.

27. gr.

Aðför eða kyrrsetning getur ekki farið fram hjá sveitarfélagi, sem leitað hefir aðstoðar eftir lögum þessum. Þó má veðhafi í fasteign gera aðför.

28. gr.

Eignir sveitarfélags verða ekki teknar til gjaldþrotaskipta.

29. gr.

Ákvæði þessa kafla taka einnig til hverrar þeirrar stofnunar, sem rekin er á vegum sveitarfélags eða sveitarfélaga, annara en atvinnufyrirtækja, svo sem hafnarsjóða, sjúkrahúsa, vatnsveitna, rafstöðva, læknisbústaða o. s. frv. Rísi ágreiningur um, hvort fara skuli með mál þessara stofnana að því er lög þessi snertir, sveitarstjórn eða stjórnarnefnd þess fyrirtækis, sem aðstoðar er leitað fyrir, sker ráðherra úr. Aðstoðar má leita fyrir stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga, hvort heldur er eitt sér eða jafnframt því, að aðstoðar er leitað fyrir sveitarfélagið sjálft.

30. gr.

Sýslunefnd getur ákveðið, ef fjárhagur sýslufélagsins er mjög erfiður, að leita aðstoðar samkvæmt þessum kafla laganna, og fer þar um að öllu leyti eins og segir um sveitarstjórnir og sveitarfélög, og kemur þá alstaðar sýslunefnd fram í stað sveitarstjórnar, að því er við getur átt.

IV. KAFLI

Um að setja megi sveitarfélag undir eftirlit.

31. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að sveitarfélag skuli sett undir eftirlit, ef það vanrækir fjárhagslegar skuldbindingar sínar, eða ef þess af öðrum sökum þykir þurfa vegna fjárhags sveitarfélagsins eða vegna hagsmuna þeirra, er kröfur eiga á hendur því.

32. gr.

Sá, er skuldakröfu á eða eignast á hendur sveitarfélagi, og sé krafan ekki fulltryggð með veði, getur krafizt þess, að sveitarfélagið sé sett undir eftirlit, ef fyrir hendi eru eftirfarandi ástæður:

a. Bankar og aðrar viðurkenndar lánsstofnanir geta krafizt þess, að sveitarfélag sé tekið undir eftirlit, ef skuld sveitarfélags við lánsstofnunina hefir verið í vanskilum 6 mánuði eða lengur, enda hafi sveitarfélagið á þeim tíma verið krafið um skuldina eða tilkynnt, að hún væri fallin í gjalddaga.
b. Einstaklingar, félög, stofnanir, önnur sveitarfélög og aðrir, sem ekki geta talizt heyra undir a-lið þessarar greinar, geta krafizt þess, er þeir hafa fengið dóm eða úrskurð stjórnarvalda fyrir kröfu sinni á hendur sveitarfélaginu, ef krafan er ekki greidd eða um hana gerður nýr samningur fyrir aðfarardag, enda hafi dómi eða úrskurði ekki verið áfrýjað.

Ákvæði þessi taka einnig til skuldbindinga fyrirtækja og stofnana, er sveitarfélag eða sveitarfélög reka, eða rekin eru á vegum þeirra, annara en atvinnufyrirtækja, þó aðskilinn fjárhag hafi.

Kröfur um eftirlit skal bera fram við skiptaréttinn, sem fellir úrskurð um það, hvort skilyrði þau, er að framan greinir, eru fyrir hendi. Áður en úrskurður er upp kveðinn, skal rétturinn láta birta kröfuna fyrir oddvita bæjar- eða sveitarfélagsins með áritun um frest til andsvara. Ákveða skal minnst mánaðarfrest frá birtingu. Rétturinn leitar frekari umsagnar og upplýsinga, eftir því sem honum þykir þurfa.

Rétturinn skal senda ráðuneyti því, er í hlut á, útskrift af úrskurðinum.

33. gr.

Þegar úrskurður um það, að eftirlits verði krafizt, er orðinn bindandi, ákveður ráðherra, að eftirlit skuli hafið.

Ákvörðun um að hefja skuli eftirlit má þó fresta, ef ráðuneyti það, sem í hlut á, ákveður, að reynt skuli að leysa vandræði sveitarfélagsins samkvæmt reglunum í

undanfarandi kafla, og innan tveggja mánaða frá því úrskurður réttarins er orðinn bindandi boðar kröfuhafa á fund samkv. 13. gr. laga þessara.

Krafa um eftirlit fellur niður, ef sveitarfélagið og kröfuhafar koma sér niður á samkomulag, eða ef sveitarfélagið fær samninga samkv. ákvæðum þessara laga og samkomulagið eða samningarnir hafa öðlazt staðfestingu ráðherra.

34. gr.

Nú hefir ráðherra ákveðið, að sveitarfélag skuli sett undir eftirlit samkvæmt framansögðu, eða eftir fyrirmælum í 8. gr., og skal það tilkynnt með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, og telst eftirlit hafið frá þeim degi. Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna hefir eftirlitið á hendi.

Ráðherra getur skipað honum til aðstoðar tvo menn, ef hann telur þess þurfa, svo sem ef um er að ræða stórt bæjar- eða hreppsfélag, eða meiri háttar vandkvæði eru á að leysa fjárhagsmál sveitarfélagsins.

35. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir halda áfram að fara með mál sveitarfélags síns meðan það er undir eftirliti, með þeim takmörkunum, er leiðir af ákvæðum þessara laga.

36. gr.

Þegar búið er að setja sveitarfélag undir eftirlit, getur ráðherra ákveðið, að öll fjármál sveitarfélagsins skuli háð samþykki eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna. Getur eftirlitsmaður þá, ef ekki næst samkomulag um meðferð fjármála sveitarfélagsins milli eftirlitsmanns og sveitarstjórnar, tekið í sínar hendur innheimtu allra tekna, og yfir í hans hendur færist þá rétturinn til að ávísa fé úr sveitarsjóði og skuldbinda sveitarfélagið á annan hátt fjárhagslega. Hann hefir og úrskurðarvald um það, hvenær og hvernig niðurjöfnun útsvara fer fram, og um notkun annara tekjustofna, er sveitarfélagið hefir.

37. gr.

Þegar sveitarfélag hefir verið sett undir eftirlit og fjárhagur þess hefir verið athugaður af eftirlitsmanni og athugasemdir hans gerðar sveitarstjórn kunnar, skal sveitarstjórn semja fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélagið fyrir tiltekið tímabil, sem þó má eigi lengra vera en hálft annað ár. Skal eftirlitsmaður athuga nákvæmlega alla liði áætlunarinnar og ganga úr skugga um, að þeir séu í samræmi við reynslu síðustu ára.

38. gr.

Nú telur eftirlitsmaður, að tekjur sveitarfélags samkvæmt fjárhagsáætlun hrökkvi ekki til að standast útgjöldin, og er ráðherra þá heimilt að ákveða, að sveitarfélaginu skuli leyft að nota tekjustofn þann, er í 50. gr. getur, ef um kaupstað eða kauptún er að ræða.

Ennfremur er ríkisstjórn heimilt að ákveða, að af sveitarfélaginu skuli létt þar tilteknum útgjaldaliðum, og greiðast þeir þá úr ríkissjóði hinn tiltekna tíma, sem eigi má lengri vera en hálft annað ár í senn. Skal svo miklum greiðslum af létt, að sýnt þyki, að tekjur muni nægja fyrir þeim útgjöldum, sem eftir eru.

39. gr.

Þegar er samþykki ráðherra og ríkisstjórnar liggur fyrir um, að þær ráðstafanir megi gera, er í 38. gr. segir, skal eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna semja nýja fjárhagsáætlun fyrir sveitarfélagið, byggða á þeim grundvelli, og þegar hann hefir lokið við að semja áætlunina, skal hún send ráðherra til staðfestingar.

Staðfestingu ráðherra þarf einnig á fjárhagsáætlun, saminni af sveitarstjórn samkvæmt 37. gr., þó eigi komi til hjálpar þeirrar, er í 38. gr. getur.

40. gr.

Nú hefir ráðherra staðfest fjárhagsáætlunina, og er hún þá bindandi fyrir sveitarstjórn og eftirlitsmann, og má ekki greiða úr sveitarsjóði meira undir neinum lið áætlunarinnar en þar er ákveðið. Er reikningshaldari persónulega ábyrgur fyrir því, að þessa sé fyllilega gætt.

41. gr.

Reikningshaldi sveitarfélags, sem er undir eftirliti, skal svo fyrir komið, að ávallt megi sjá, hve mikið hefir verið greitt af hverjum lið áætlunarinnar.

Reikningshaldari sveitarfélagsins er skyldur til að gera sveitarstjórn aðvart um, ef hann telur, að svo langt sé komið útgjöldum á einhverjum áætlunarlið, að ætla megi, að hann þrjóti áður en reikningsárið er úti.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal reikningshaldari senda eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna eða trúnaðarmanni hans greinilega skýrslu um, hvað greitt hafi verið af hverjum lið áætlunarinnar og hvað inn hefir komið af tekjum.

42. gr.

Nú kemur það í ljós, að einhver liður fjárhagsáætlunarinnar muni of lágt áætlaður, eða óviðráðanleg atvik valda óeðlilegum útgjöldum, og skal þá sveitarstjórn taka málið fyrir á fundi og gera ályktun um hækkun þess útgjaldaliðar og jafnframt gera tillögur um, á hvern hátt tekna skuli aflað til að standast útgjöldin.

Tillögur þessar skulu bréflega eða símleiðis þegar í stað sendar eftirlitsmanni. Telji hann nauðsyn bera til þessara breytinga, leggur hann málið fyrir ráðherra, sem staðfesta verður slíka viðauka-áætlun áður en hún öðlast gildi.

43. gr.

Nú er fjárhagsáætlun samin og ekki hefir verið notuð heimild 38. gr. og það kemur í ljós, að tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum, og er ráðherra þá heimilt að veita sveitarfélaginu leyfi til að afla sér viðbótartekna samkv. 50. gr. laga þessara, ef um kaupstað eða kauptún er að ræða, létta af því útgjöldum samkv. 38. gr., eða með því að hækka að réttum hundraðshluta álögð útsvör í sveitarfélaginu. Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna hefir á hendi allt eftirlit með því, hvernig slík heimild er notuð, svo og annar skattaálöguréttur sveitarfélagsins.

44. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að sveitarfélag, sem er undir eftirliti, skuli tekið til skuldaskila samkvæmt ákvæðum 14.—25. gr. þessara laga.

45. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, reglur um meðferð þeirra málefna sveitarfélags, sem er undir eftirliti, og ekki geta fallið undir verksvið sveitarstjórnar, eða ekki fæst samkomulag um meðferð á milli eftirlitsmanns og sveitarstjórnar. Skulu þær reglur gilda tiltekinn tíma og falla úr gildi að honum loknum. Ráðherra má framlengja reglur þessar og breyta þeim eins og hann telur þörf á, svo lengi sem sveitarfélagið er undir eftirliti. Þær falla þó strax úr gildi, er sveitarfélagið losnar undan eftirliti, ef það verður fyrir þann tíma, er reglurnar áttu annars að gilda.

46. gr.

Eftirlitsmaður getur, að þar til fengnu samþykki ráðherra og eftir að sveitarstjórn hefir gefizt kostur á að segja þar um álit sitt, selt fasteignir og aðrar eignir sveitarfélags, sem er undir eftirliti, ef það þarf þeirra ekki með til starfsemi sinnar. Honum er og heimilt að leigja eignir slíks sveitarfélags eða fela öðrum rekstur þeirra, ef hann telur það muni betur fara en í höndum sveitarstjórnar.

47. gr.

Sérhver starfsmaður sveitarfélags, sem er undir eftirliti, er skyldur til að fara eftir þeim fyrirmælum og ákvörðunum, sem eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna eða umboðsmaður hans gefur. Ráðherra getur skipað aðra menn til að fara með störf í þágu sveitarfélagsins, þar á meðal oddvita eða bæjarstjóra, ef hann telur, að ekki náist nægilegur árangur á annan hátt, eða starfsmaður vinnur gegn fyrirskipunum eftirlitsmanns, framkvæmir þær ekki, eða fer ekki eftir fyrirmælum laga þessara og settra reglna.

48. gr.

Ef stjórn sveitarfélags, sem er undir eftirliti, stofnar til skulda án samþykkis eftirlitsmanns á meðan sveitarfélagið er undir eftirliti, verða þær skuldir eigi krafðar að lögum af sveitarfélaginu.

49. gr.

Þegar sveitarfélag hefir verið sett undir eftirlit samkvæmt lögum þessum, tekur eftirlitið jafnt til stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins sem sveitarfélagsins sjálfs. Þó getur ráðherra ákveðið, að eftirlitið taki ekki til þeirra, ef fjárhagur þeirra er svo góður, að enga nauðsyn ber til að láta eftirlitið taka til þeirra.

V. KAFLI.

Ýms ákvæði.

50. gr.

Kaupstað eða kauptúni, sem er undir eftirliti samkvæmt lögum þessum, eða fengið hefir skuldaskil samkvæmt ákvæðum II. kafla laga þessara og á við mikla fjárhagsörðugleika að stríða, getur ráðherra veitt heimild til álagningar vörugjalds á vörur þær, sem fluttar eru frá og til kaupstaðarins eða kauptúnsins. Má gjald þetta eigi vera hærra en vörugjald í hafnarsjóð er á þeim stað, sem heimildina fær, ef slíkt gjald er þar, en ef slíkt gjald er þar eigi, skal eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna semja vörugjaldsskrá fyrir kauptúnið eða kaupstaðinn með hliðsjón af vörugjaldsskrám nærliggjandi staða. Leyfi samkvæmt þessari grein má eigi veita til lengri tíma í einu en tveggja ára. Framlengja má ráðherra leyfin um önnur 2 ár, ef nauðsyn krefur að dómi sveitarstjórnar og eftirlitsmanns.

51. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að þar til fengnum tillögum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna, að í sveitarfélagi, sem er undir eftirliti, og í sveitarfélagi, sem fengið hefir skuldaskil samkvæmt lögum þessum, en á við erfiðan fjárhag að búa, skuli atvinnurekendur og aðrir þeir, er gjaldskylda menn til sveitarfélaga hafa í þjónustu sinni, skyldir til að halda eftir af kaupi þeirra eða aflahlut útsvörum þeirra, er hjá þeim vinna.

Vanræki atvinnurekendur þessa skyldu sína, eru þeir ábyrgir fyrir greiðslu útsvarshluta þess, er þeim ber að halda eftir.

52. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að hjá sveitarfélögum, sem svo er ástatt um, sem segir í 51. gr., skuli gjalddagar útsvara og annara tekna í sveitarsjóð vera svo margir, sem eftirlitsmaður telur heppilegt, þó eigi fleiri en 10 á ári, og að öll gjöld til sveitarfélagsins önnur en greiðsla fyrir rafmagn, gas, vatn og annað, er sveitarfélagið selur íbúum sínum, megi greiða með jöfnum afborgunum á hinum tilteknu gjalddögum. Með reglugerð, staðfestri af ráðherra, skal nánar ákveðið, hvernig beita skuli ákvæðum þessarar greinar og næstu greinar á undan.

53. gr.

Samþykki sýslunefndar þarf ekki til þeirra ráðstafana, sem taldar eru í 28. gr. sveitarstjórnarlaganna, þegar um er að ræða hreppsfélag, er sett hefir verið undir eftirlit samkvæmt lögum þessum, ef samþykki ráðherra er fengið fyrir þeim ráðstöfunum, er eftirlitsmaður telur nauðsynlegt að framkvæma.

54. gr.

Rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna um framkvæmdir mála eða önnur atriði samkvæmt lögum þessum, sker ráðherra úr þeim ágreiningi, en gilda skulu fyrirmæli eftirlitsmanns þar til ráðherra hefir hrundið þeim.

55. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 frá 19. júní 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga, III. kafli laga nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarfélaga, og lög nr. 30 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum.

Svo eru og úr gildi numin öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna, Jónasi Guðmundssyni, að tilhlutun og í samráði við félagsmálaráðherra, og flutt fyrir tilmæli hans. Fylgdu frv. svo hljóðandi athugasemdir:

Á undanförnum árum hefir það verið að koma æ betur í ljós, að það eftirlit, sem hið opinbera hefir með fjárhag og afkomu sveitarfélaganna, er ekki nægilegt. Alþingi hefir reynt að ráða nokkra bót á þessu á síðustu árum. Má þar til nefna, að 1933 voru sett lög um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga, og eru nokkur ákvæði þeirra laga tekin upp í þetta frumvarp.

Þá voru og, á Alþingi 1935, samþykkt lög um kreppulánasjóð bæjar- og sveitarfélaga, sem gerðu kleift að létta mjög skuldabyrði hreppsfélaganna, og loks voru 1937 sett lög um tekjur sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna. Þeim lögum var svo breytt nokkuð á fyrri hluta þings 1939.

Það eftirlit, sem að lögum er með fjármálastjórn hreppsfélaga, er hjá sýslunefndunum (sbr. sveitarstjórnarlög, aðallega 28. og 38. gr.), en eftirlit með fjárstjórn bæjarfélaganna er hjá ráðuneytinu.

Ekki verður annað sagt en að eftirlit þetta er mjög ófullkomið og heildarskýrslur um þessi mál mjög litlar til, nema hvað Hagstofa Íslands hefir á síðustu árum komið upp góðu yfirliti um fátækraframfærsluna í sambandi við styrk ríkisins til hennar. Meðan allt gengur vel og engin ytri eða innri áhrif verða þess valdandi, að mikil röskun eigi sér stað hjá sveitarfélögunum, getur þetta allt gengið vel, en þegar út af ber fyrir sveitarfélögunum, kemur í ljós, að þær reglur, sem til eru um það, hvernig að skuli farið, eru mjög ófullkomnar. Einu reglurnar, sem til eru, felast í lögunum frá 1933 um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga, og þau lög eru í sinni núverandi mynd allsendis ónóg, enda mun engu sveitarfélagi hafa verið hjálpað eftir fyrirmælum þeirra laga.

Lögin nr. 39 frá 1937, um eftirlit með fjárstjórn sveitarfélaga, eru einnig mjög ófullkomin. Að vísu er ráðherra heimilað þar að skipa sérstakan mann til þess að hafa á hendi eftirlit með sveitarfélögunum, og heimilað að víkja óhæfum oddvitum og bæjarstjórum frá störfum, en lengra ná þau svo ekki.

Öll fyrirmæli um það, hvernig hinum illa stæðu sveitarfélögum skuli hjálpað til þess að komast aftur á fjárhagslega tryggan grundvöll, vantar, og ekkert fé er

til þess ætlað í fjárlögum ríkisins að veita slíka hjálp, því jöfnunarféð, sem sveitarfélögunum er nú greitt úr ríkissjóði, skiptist milli þeirra eftir allt öðrum reglum en þeim, hvort þau eru í raun og veru fjárhagslega ósjálfbjarga.

Afleiðing þessarar vöntunar á nauðsynlegri löggjöf í þessu efni hefir orðið sú, að ríkissjóður hefir hvað eftir annað orðið að hlaupa undir baggann með sveitarfélögum, sem hafa verið að komast á vonarvöl, og er þar kunnasta dæmið Eskifjörður, sem um mörg ár hefir þurft sérstakan styrk úr ríkissjóði til þess fólk þar svelti ekki vegna getuleysis sveitarfélagsins.

Ástæðurnar fyrir hinum slæma fjárhag margra sveitarfélaga eru margar, og það yrði of langt mál að fara ýtarlega út í þær hér. Meginsökin er þó áreiðanlega atvinnubrestur um lengri eða skemmri tíma og það, að sveitarfélög, sem hafa reynt til þess að bæta úr atvinnuskortinum með ýmsum framkvæmdum, hafa við það komizt í skuldir, sem erfitt er að rísa undir.

Merkasta átakið, sem gert hefir verið til þess að bjarga fjárhag sveitarfélaganna, er áreiðanlega sú hjálp, sem þeim er veitt með löggjöfinni um kreppulánasjóð bæjar- og sveitarfélaga. Sú hjálp kemur flestum hreppsfélögum að fullu gagni, en bæjarfélögunum og stærstu kauptúnunum síður, vegna þess að ekki var heimild til að fella niður skuldakröfur hjá þeim.

Hefir því sótt í sama horfið aftur fyrir mörgum kaupstöðunum og kauptúnum, og full nauðsyn að stöðvazt verði á þeirri leið áður en það er um seinan.

Í utanför sinni í sumar kynnti eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna sér, svo sem tök voru á, hvernig þessum málum er fyrir komið hjá frændþjóð vorri Norðmönnum, en þeir hafa, eins og kunnugt er, átt í miklum erfiðleikum með sveitarfélög sín.

Reynslu þeirra í þessum efnum hefir eftirlitsmaðurinn notfært sér við samningu þessa frumvarps. Norðmenn settu hjá sér árið 1933 lög um skuldaferli bæjar- og sveitarfélaga, og fylgir með frumvarpi þessu þýðing á þeim lögum (fskj. I). Þau gengu úr gildi í júní 1938, en þá voru öll merkustu ákvæði þeirra tekin upp í sveitarstjórnarlögin norsku og gilda þannig áfram.

Frumvarp þetta er samið með okkar sérstöku þjóðfélagsaðstæður fyrir augum. Meginhugsun þess er sú, að reyna að tryggja, að nægilegt eftirlit eigi sér stað á hverjum tíma með sveitarfélögunum, og að þeim sveitarfélögum, sem af einhverjum ástæðum komast í þrot, sé unnt að hjálpa til þess að komast á réttan kjöl aftur.

Þessum þætti stjórnmálanna — sveitarstjórnarmálunum — hefir verið allt of lítill sómi sýndur til þessa, og er þó þetta sá þáttur opinbers lífs, sem að þýðingu allri fyrir þjóðfélagsheildina gengur næst sjálfum landsmálunum og grípur svo stórkostlega inn í þau, að fullkomin ástæða er fyrir Alþingi að tryggja, að sá þáttur bresti ekki. Ef vel ætti að vera, ætti ekki að koma fyrir, að sveitarfélag væri í vanskilum með lán sín og skuldbindingar. Á þessu er þó hinn mesti misbrestur. Svo virðist sem á síðustu árum hafi sumstaðar skapazt sá hugsunarháttur, að sjálfsagt væri að heimta allt af sveitarfélögunum, hvort sem ráð er fyrir því gert í áætlunum sveitarfélaganna eða ekki, að þau láti sig þau mál einhverju skipta. Ef reynt er að verða við slíkum kröfum án þess jafnframt sé sérstaklega séð fyrir tekjum, leiðir það til þess, að halli verður á búskapnum og vanskil verða á mörgum sviðum.

Væri rétt, að athugað yrði hér á landi, hvort ekki væri rétt að taka upp þá reglu Norðmanna, að fjárhagsáætlanirnar séu algerlega bindandi fyrir sveitarstjórnirnar, þ. e. að ekki megi á neinum lið fjárhagsáætlunar eyða meiru en þar er fyrir mælt, nema það sé sérstaklega samþykkt í sveitarstjórn og þá jafnframt ákveðið, hvernig tekna skuli aflað til að standast hin auknu útgjöld.

Það á áreiðanlega sinn mikla þátt í hinum slæma fjárhag margra sveitarfélaga, hversu lítið sveitarstjórnirnar fara eftir fjárhagsáætlunum, og þyrfti að fylgjast miklu betur með því en gert hefir verið hingað til.

Þegar eftirliti var komið á í Noregi, voru margir hræddir um, að það yrði til þess, að sveitarstjórnir köstuðu áhyggjum sínum um of á eftirlitsstjórnirnar

og hættu að sinna málefnum sveitarfélaganna. En það gagnstæða hefir orðið niðurstaðan. Sveitarstjórnum þykir minnkun að því að vera teknar undir opinbert eftirlit, þær langar ekkert til þess að sjá það auglýst í Lögbirtingablaðinu, að þær séu búnar að setja sveitarfélagið á höfuðið. Þær finna til þess, að þær eru þá ómyndugar að vissu leyti, og reyna að notfæra sér þá hjálp, sem til boða stendur, til þess að komast sem fyrst úr vandræðunum og verða myndugar að nýju.

Þegar litið er til þess, hve miklir fjármunir það eru, sem fara um hendur sveitarstjórna landsins, er það enn ein ástæðan til aukins eftirlits með þeim. Engar skýrslur eru til um það, hve miklar eru tekjur sveitarfélaganna í landinu, og sýnir það eitt bezt, hversu áfátt öllu eftirliti í þessum málum er.

Hve mikil útgjöld sveitarfélaganna eru og hvernig þau skiptast á hina einstöku útgjaldaliði, vita menn ekki heldur. Væri það þó vissulega mikilsvert, að þetta hvorttveggja lægi fyrir. En þó ekki sé með vissu um þetta vitað, þá er það fé áreiðanlega milli 5 og 10 milljónir króna, sem árlega fer um hendur oddvita og bæjarstjóra landsins, og annara trúnaðarmanna sveitarfélaganna.

Geta allir af því séð, að það er mikilsvert fjárhagsatriði frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, að fullkomið eftirlit eigi sér stað með fjárstjórn sveitarfélaganna.

Enn eitt er rétt að drepa á, sem mikla þýðingu hefir fyrir sveitarfélögin.

Flest sveitarfélög hafa meiri og minni fjárhagsskuldbindingar hér í Reykjavík, en þau eiga hér engan trúnaðarmann, sem þau geti falið það fyrir sig að sjá um, að þessum skuldbindingum sé í lagi haldið og tali máli þeirra fyrir nýmælum þeim, er þau hafa á prjónunum hverju sinni.

Má óhætt telja, að eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna mundi telja sér skylt að greiða fram úr vandræðum sveitarfélaganna á þessu sviði eins og hann gæti, og á þann hátt, sem samrýmzt gæti stöðu hans.

Frumvarp þetta er í 5 köflum, og skal nú vikið að þeim og hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Um I. kafla.

Kafli þessi er um skýringu á orðinu s v e i t, sem í lögunum er notað í ýmsum samböndum.

Um 1. gr.

Þess hefir ávallt verið að gæta meir og meir í löggjöf síðustu ára, að orðið sveit í ýmsum samsetningum er látið tákna hrepp eingöngu, og því myndast í löggjöfinni orðasambönd eins og „bæjar- og sveitarfélag“, „bæjar- og sveitarstjórn“, „bæjar- og sveitarsjóður“, o. s. frv.

Það er nauðsynlegt, að frá þessu verði horfið og merking orðsins „sveit“ og „sveitarfélag“ verði ákveðin og bundin við, að það sé sameiginlegt heiti bæjar- og hreppsfélaga. Í frumvarpi þessu er fylgt þeirri reglu að láta sveitarfélag merkja bæði hreppsfélag og bæjarfélag, eftir því sem við á.

Það virðist ekkert betra orð til í málinu, sem nær merkingunni í erlenda orðinu „kommune“ betur en orðið „sveit“, og er það því tekið hér upp og látið eiga við um hvorttveggja, hreppsfélögin og bæjarfélögin.

Um II. kafla.

Kafli þessi, sem er um verksvið eftirlitsmanns, svarar að nokkru til III. kafla í lögum nr. 69 frá 1937, með þeim breytingum, sem á honum voru gerðar á fyrri hluta yfirstandandi Alþingis. Kaflinn, eins og hann nú er, er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpi þessu (fskj. II).

Um 2. gr.

Greinin fjallar um skipun eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna. Er réttara, að honum sé sett erindisbréf að starfa eftir, þar sem fram eru teknir allir megindrættir í starfi hans. Útilokar það ekki, að ráðuneytið feli eftirlitsmanni hvert það verk annað, er sveitarfélaginu við kemur og heppilegt er, að hann hafi afskipti af.

Ákvæðinu um trúnaðarmenn er haldið, því nauðsynlegt getur verið að geta um stundarsakir falið trúnaðarmanni að koma fram fyrir hönd eftirlitsmannsins, ef erfitt er um ferðir, eða eftirlit þarf lengi að standa yfir, rannsókn fram að fara eða annað því um líkt.

Þá er og gert ráð fyrir, að allur kostnaður við störf eftirlitsmanns og trúnaðarmanna greiðist úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, og er það sanngjarnt, að sveitarfélögin sjálf borgi þannig hið nauðsynlega eftirlit og þau þægindi og þá hjálp, sem þeim kann að því að verða.

Um 3. gr.

Á skýrslum þeim, sem um ræðir í fyrri málsgrein þessarar greinar, byggist útreikningurinn á tillagi jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna. Er söfnun þeirra nú hjá ráðuneytinu, en gert er ráð fyrir, að eftirlitsmanni megi fela söfnunina, til þess söfnun þeirra gangi fljótara en hingað til hefir verið.

Um skýrslur þær, er í annari málsgr. getur, er það að segja, að litlum skýrslum er um þetta safnað. Reikningar sveitarfélaganna koma að vísu til hagstofunnar, en þeir koma oft mjög seint og erfitt úr þeim að vinna nema það sé gert jafnóðum, enda þá mest gagn að upplýsingum þeim, sem þar fást.

Um 4. gr.

Fyrri málsgrein þarfnast ekki skýringar, en um síðari málsgreinina er rétt að taka það fram, að nú er hliðstæð grein í lögum (lög nr. 69 frá 1937, 21. gr.) og ætla má, að eftirlitsmanni sé það kunnara en öðrum, hvar mest nauðsyn er til atvinnubóta og á hvern veg helzt ætti að verja því fé í hverju sveitarfélagi.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Nú er svo fyrir mælt í 11. gr. laga nr. 69 frá 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, að því fé, sem greitt er til jöfnunarsjóðs, skuli skipt milli sveitarfélaganna eftir ákveðnum allflóknum reglum.

Er sjálfsagt, að sá útreikningur sé framkvæmdur af eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna, enda hefir hann annazt hann nú í ár. Honum er og kunnugt um, hvar vanskil sveitarfélaganna eru mest og brýnasta nauðsyn ber til, að greitt verði fram úr fyrir þeim.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Fyrri málsgreinin miðar að því að tryggja, að eftirlitsmaður kynni sér sem bezt allar fjárhagsskuldbindingar sveitarfélaganna og fylgist með því, hvernig þau standa í skilum.

Síðari málsgreinin leggur honum þá skyldu á herðar, ef um mikla vanrækslu er að ræða hjá sveitarfélagi, að hlutast til um, að það verði tekið undir opinbert eftirlit. Er það nauðsynlegt gagnvart þeim sveitarstjórnum, sem láta allt reka á reiðanum og hyggja ekki að sér fyrr en um of seinan.

Um III. kafla.

Kafli þessi fjallar um það, hvernig að skuli farið, ef sveitarfélag lendir í fjárþröng án þess nauðsynlegt sé talið, að það verði tekið undir opinbert eftirlit. Eru upp í þennan kafla tekin mörg ákvæði laganna frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga, og mörg ákvæði úr kreppulánasjóðslögunum, sem beitt var, er sveitarfélögin voru gerð upp í kreppulánasjóði bæjar- og sveitarfélaga.

Um 9. gr.

Grein þessi svarar til 1. gr. í lögunum um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga frá 1933. Samkvæmt þeim lögum er sveitarfélagi þó aðeins heimilt að snúa sér til ríkisstjórnarinnar, en eftir þessari grein er því skylt að leita aðstoðar, ef sýnt er, að um langvarandi vandræði er að ræða í fjármálum þess.

Um 10. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að sérstök ályktun skuli samþykkt um það, er sveitarfélag leitar opinberrar aðstoðar, og að tvær umræður fari fram um það í bæjarstjórn. Sé rétt, að slíkt skref sé stigið að vel athuguðu máli og að ekki sé unnt á illa mættum fundi í einu vetfangi að afgreiða slíka samþykkt. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Grein þessi er að kalla samhljóða 5. gr. í lögunum frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga. Hún virðist ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa, nema hvað rétt er að benda á, að á fundi þeim, sem þar er talað um, er ekki um aðra lausn að ræða en frjálst samkomulag milli allra, sem kröfur eiga á sveitarfélagið, og sveitarstjórnarinnar eða eftirlitsmannsins. Virðist rétt að halda þessu stigi í lögunum, þó það muni að líkindum sjaldan duga til fullrar lausnar.

Greinin er að meginefni samhljóða 6. gr. í lögunum frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng hreppsfélaga.

Um 14. gr.

Með grein þessari og þeim, sem næst koma, er gert ráð fyrir, að stofnað sé til einskonar nauðasamninga fyrir sveitarfélag, sem í fjárþröng er.

Að efni til svarar grein þessi til 8. gr. í lögum nr. 78 frá 19. júní 1933, um kreppulánasjóð, en svo breytt sem við á, þegar um sveitarfélag er að ræða. Voru 8.—18. grein kreppulánasjóðslaganna notaðar við uppgjör sveitarfélaganna í kreppulánasjóði 1936 og 1937.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Hún svarar að efni til til 9. og 10. gr. kreppulánasjóðslaganna frá 1933.

Um 16. gr.

Greinin svarar til 11. gr. laga nr. 28 frá 1933 og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í þessari grein er eftirlitsmanni heimilað að gera það að skilyrði fyrir því, að sveitarfélag fái stuðning samkvæmt lögunum, að eigendur veðtryggðra skulda breyti þeim, ef hann telur þess þörf. Er hér um að ræða þann hluta skulda, eða þær skuldir, sem eru að fullu tryggðar, því samkvæmt síðari greinum fer um vantryggða skuld, að því sem umfram er veðið, eins og ótryggða skuld.

Er nauðsynlegt, að heimild sé til þessa, því skuldamál sveitarfélaga geta oft verið þannig vaxin, að það sé beinlínis nauðsynlegt vegna framtíðar sveitarfélags, sem illa er statt, að fá lánskjörum veðtryggðra lána breytt. Eigendur slíkra lána eiga og nokkuð undir því, að hagur sveitarfélagsins verði bættur, og því rétt, að það komi fram, ef þeir vilja standa á móti skynsamlegum breytingum lána, þó fulltryggð verði að teljast á þeim tíma, sem umleitanir fara fram. Hliðstæð grein þessari var í lögum um kreppulánasjóð bæjar- og sveitarfélaga.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þar sem gert er ráð fyrir því í 20. gr., að samningur um skuldaeftirgjafir öðlist ekki gildi fyrr en ráðherra hefir staðfest hann, er hér tekið fram, að yfirlýsing eftirlitsmanns um, að samningurinn sé bindandi fyrst um sinn, eigi við það tímabil, er líður frá því samþykkt fer fram á skuldaskilafundi og þar til ráðherra hefir staðfest samninginn. Er þetta nauðsynlegt til þess, að engar sérstakar aðgerðir af hálfu óánægðra skuldheimtumanna eigi sér stað á þessu tímabili. Að öðru leyti virðist greinin ekki þarfnast skýringa.

Vísast til skýringar við 19. gr. hvað fyrri málsgrein snertir. Síðari málsgrein þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Vísast til skýringar við 19. gr. hvað fyrri málsgrein snertir. Síðari málsgrein þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Hér er haldið því ákvæði, að ábyrgð, sem sett er fyrir skuld, haldist þó sveitarfélagið fái skuldina lækkaða eða eftirgefna. Haldast þannig t. d. ábyrgðir sýslu og ríkis fyrir láni sveitarfélags, þó sveitarfélagið gefist upp og geti ekki greitt skuld sína. Þó er heimilt samkvæmt 17. gr. að gera það að skilyrði fyrir aðstoð, að slíkar ábyrgðarkröfur verði felldar niður, og getur það oft verið nauðsynlegt, sérstaklega ef fátæk sýslufélög eiga í hlut. Annarstaðar í frumvarpi þessu (25. gr.) er gert ráð fyrir víðtækri heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að færa til rétts vegar skuldbindingar sveitarfélags, er ríkissjóður hefir tekizt á hendur ábyrgð fyrir.

Um 22. gr.

Í grein þessari eru taldar upp þær kröfur, er skuldaskilasamningur tekur ekki til, nema sérstaklega sé ráð fyrir því gert (17. gr.). Eru það þær skuldir, sem fullt veð er fyrir, og forgangskröfur samkvæmt skiptalögunum.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Ríkissjóður greiðir nú, samkvæmt lögum nr. 69 frá 1937, 700000 kr. á ári til jöfnunarsjóðs. Er þessu fé skipt milli sveitarfélaga landsins eftir reglum þeim, sem í þeim lögum getur, og reglum VIII. kafla framfærslulaganna.

Síðustu árin hefir komið betur og betur í ljós, að mörg sveitarfélög þurfa beinlínis hjálpar til þess að geta komið fjármálum sínum á traustari grundvöll. Er því rétt, að í lögum sé heimild til þess að kaupa illa stæðum sveitarfélögum skuldaskil, eða veita þeim hagkvæm lán til þessa.

Sama máli gegnir um ýms læknishéruðin, sem reynt hafa að koma sér upp læknisbústöðum með smásjúkraskýlum, og hefir ríkissjóður a. m. k. í tveim slíkum tilfellum orðið að hlaupa undir baggann, og nú liggur fyrir beiðni um, að gengið verði að tekjum og eignum 5 hreppa á Austurlandi út af slíkum skuldbindingum. Oft er það, sem fáar þúsundir duga til þess að fá sæmilegar eftirgjafir og lánum breytt í hagkvæmara horf. Er því rétt að leggja það á vald ráðherra, að verja megi nokkru fé á þennan hátt árlega, ef þess þarf.

Um 25. gr.

Ríkissjóður hefir hin síðustu ár tekizt á hendur mikið af ábyrgðum fyrir einstaka hreppa og kaupstaði.

Mest af þeim mun vera það vel tryggt, að ekki fellur á ríkissjóð. Hinsvegar

munu nokkur lán vera, sem ríkissjóður hefir orðið að taka að sér að standa straum af, og eins má búast við því, að svo kunni að fara í framtíðinni með lán þeirra sveitarfélaga, sem í fjárþröng kynnu að komast síðar meir. Er því rétt, að ríkisstjórnin hafi heimild í lögum til þess að gefa eftir eða breyta þessum lánum, og gæti það oft valdið úrslitum á skuldheimtumannafundi, ef ríkisstjórnin gæti komið þar fram sem aðili, en það er rétt, að hún geri það, þegar svo stendur á sem í grein þessari er ráðgert.

Hið sama er um bjargráðasjóð Íslands og kreppulánasjóð bæjar- og sveitarfélaga.

Um 26. gr.

Á sama hátt og ríkissjóður oft og einatt er í ábyrgðum fyrir hreppa og kaupstaði, eru sýslunefndir það einnig fyrir hreppa sýslunnar. Er því rétt, að sýslunefnd fái samskonar heimild til eftirgjafar og ríkisstjórnin, enda fullkomin nauðsyn oft á því, að ábyrgðarskuldir sýslunefndar fyrir hreppsfélag séu teknar með til fullnaðaruppgjörs um leið og hreppsfélagið fær sínar skuldir skrifaðar niður. Allt mælir með því, að sýslusjóður gefi eftir af sýslusjóðsgjaldi, ef hreppsfélag, sem illa er statt, þarf að fá hjálp annarstaðar frá.

Um 27. og 28. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa. Þær eru samhljóða 14. og 15. gr. í lögum nr. 63 frá 1933, um ráðstafanir út af fjárþröng sveitarfélaga.

Um 29. gr.

Nauðsynlegt er, að ákvæði þessara laga taki einnig til þeirra stofnana og fyrirtækja, sem rekin eru á vegum sveitarfélaganna, svo sem rafstöðva, sjúkrahúsa, hafnarmannvirkja o. s. frv. Ennfremur eru læknisbústaðirnir, sem oft eru sameign margra sveitarfélaga, illa staðir fjárhagslega og líklegir til að verða hreppsfélögunum til byrði, ef ekki verður úr bætt.

Rétt virðist og þegar það á við, að stjórnarnefnd fyrirtækis komi fram fyrir þess hönd, en ef ágreiningur er þar um, skuli ráðherra skera úr því, hver fara skuli með mál fyrirtækisins eða stofnunarinnar, sveitarstjórn eða stjórnarnefnd fyrirtækisins.

Um 30. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að illa stætt sýslufélag geti sótt um skuldaskil samkvæmt lögum þessum, og komi þá sýslunefnd fram sem sveitarstjórn ella gerir.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um IV. kafla.

Kafli þessi fjallar um það, að setja megi sveitarfélag undir eftirlit, ef það vanrækir fjárhagsskuldbindingar sínar.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Rétt þykir að hafa ákvæðin um, að krefjast megi þess, að sveitarfélag verði sett undir eftirlit, nokkuð strangari þegar um er að ræða einstaklinga, sem kröfur eiga á hendur þeim, heldur en þegar í hlut eiga opinberar lánsstofnanir. Þess vegna er gert ráð fyrir, að bankar og aðrar viðurkenndar lánsstofnanir geti krafizt slíks eftir að lán sveitarfélags hafa verið í vanskilum í 6 mánuði eða lengur án þess dómur gangi í málinu, en að einstaklingar og aðrir þeim hliðstæðir kröfuhafar þurfi dóm eða yfirvaldsúrskurð til þess að geta borið kröfuna fram.

Kröfuna skal bera fram við skiptaréttinn, sem fellir úrskurð um það, hvort skilyrði eru fyrir hendi um að krefjast þess, að sveitarfélag verði sett undir eftirlit.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 34.—36. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 37.—40. gr.

Í greinum þessum, sem fjalla um, hvernig fjárhagsáætlun sveitarfélags, sem tekið er undir eftirlit, skuli samin, er að því stefnt, að létta megi af sveitarfélögunum um tiltekinn tíma skuldbindingum, sem á þau hafa verið lagðar. Er þetta þó ekki heimilt til langs tíma og hugsunin sú, að sveitarfélagið verði látið hafa það, sem það getur undir staðið, og síðan bætt við það byrðunum, sem af var létt, þegar fram úr fer að rætast fyrir því.

Þá er og gert ráð fyrir, að kauptún og kaupstaðir fái leyfi til álagningar vörugjalds tiltekinn tíma, ef fjárhagurinn er brostinn. Verður varla í móti því mælt, þegar svo er komið.

Ráðherra þarf að staðfesta fjárhagsáætlanirnar, því þær verða að vera alveg bindandi fyrir sveitarstjórnina.

Um 41.—44. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringa.

Um 45. gr.

Rétt er að gera ráð fyrir því, að ágreiningur geti orðið milli eftirlitsmanns og sveitarstjórnar, og er þá sjálfsagt, að ráðherra geti sett reglur, er aðilar þessir fari eftir. Fjallar greinin um setning slíkra reglna og hve lengi þær gildi.

Um 46. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Nú eru í lögum ákvæði tilsvarandi þeim, er í þessari grein felast, að víkja megi oddvita og bæjarstjóra frá starfi, ef nauðsyn krefur, og skipa aðra í þeirra stað.

Um 48. gr.

Hér eru tekin af öll tvímæli um, að sveitarstjórn sveitarfélags, sem undir eftirliti er, geti gert bindandi fjárhagssamninga, nema samþykki eftirlitsmanns komi til.

Um 49. gr.

Sjálfsagt virðist, að eftirlit með sveitarfélagi taki til allra stofnana og fyrirtækja sveitarfélags, nema svo sé ástatt, að stofnanir þessar eða fyrirtæki séu svo vel stæð, að ekki þurfi slíks eftirlits, enda þá algerlega aðskilinn fjárhagur þeirra frá sveitarsjóði.

Um V. kafla.

Kafli þessi hefir inni að halda ýmisleg og næsta sundurleit ákvæði, sem ekki eiga heima í fyrri köflum og eru því tekin hér saman að lokum.

Um 50. gr.

Ekkert er líklegra en að veita þurfi sveitarfélagi um stund auknar tekjur, ef það hefir farið í skuldaskil eða verið tekið undir eftirlit. Er hér gert ráð fyrir, að heimila megi kauptúni að koma á hjá sér vörugjaldi, er þó má eigi hærra vera en vörugjald það, sem fyrir er til hafnarsjóðs. Leyfið má veita til tveggja ára, og ef ástæða er til, framlengja það um önnur tvö ár, en þá fellur það alveg niður. Er þetta ein sú léttasta og að ýmsu leyti eðlilegasta fjárhagshjálp, sem hægt er að veita sveitarfélagi.

Um 51. gr.

Grein þessi skýrir sig sjálf, en rétt er, að þetta atriði sé tekið með í frumvarp sem þetta, þar sem slíkt ákvæði mundi verða til að gera alla innheimtu opinberra gjalda miklu léttari fyrir sveitarfélagið, og það fá tekjur sínar betur greiddar. Er það ekki nema sanngjarnt, að atvinnurekendur hjálpi til, að því leyti sem þeir geta, að koma fjárhag sveitarfélagsins aftur á réttan kjöl.

Um 52. gr.

Um grein þessa má nokkuð sama segja og 51. gr. Gjalddögum má fjölga og deila öllu, er gjaldandi á að greiða samanlagt, niður á þessa gjalddaga. Mun það mörgum betur henta en að láta innheimta hjá sér stóra fúlgu í einu.

Um 53. gr.

Rétt þykir að taka það fram, að ekki skuli þurfa að leita samþykkis sýslunefndar til þeirra ráðstafana, þó framkvæmdar yrðu, sem taldar eru í 28. gr. sveitarstjórnarlaganna. Verður að telja, að sú röskun, sem kemst á öll mál þess sveitarfélags, er undir skuldaskil eða eftirlit fer, hljóti að hafa í för með sér, að ýmislegt verði að gera í fjármálum sveitarfélagsins, sem ekki ynnist tími til að bera undir sýslunefnd. Hinsvegar er alstaðar í frumvarpi þessu gert ráð fyrir, að unnið sé í samkomulagi við sýslunefnd eða oddvita hennar, þegar um slíka meðferð sveitarfélags er að ræða.

Um 54.—56. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

LÖG

frá 30. júní 1939 um skuldaferli bæjar- og sveitarfélaga m. m. í Noregi.

I. KAP.

Veðsetning eigna bæjar- eða sveitarfélaga, skuldheimta á hendur bæjar- eða sveitarfélögum m. m.

1. gr.

Bæjar- eða sveitarfélag getur ekki, svo að gilt sé að lögum, veðsett eignir sínar. Þó má til tryggingar andvirði eða láni, sem notað er til greiðslu á kaupverði, veðsetja fasteign, skip eða mannvirki, sem bæjar- eða sveitarfélag kaupir.

Sömuleiðis má veðsetja fasteign eða mannvirki til tryggingar láni, sem varið er til frekari nýtingar, stækkunar eða umbóta á fasteigninni eða mannvirkinu, eða til innkaupa á innstæðufjármunum handa fasteigninni eða mannvirkinu, til þess að leysa fyrri veðbönd af fasteigninni, eða til greiðslu á framlagi bæjar- eða sveitarfélagsins til hlutastofnfjár Hreppabanka Noregs, ef lánið er í þeim banka tekið. Sama gildir veðsetningu á skipi, ef auka skal útgerð eða aðra starfsemi.

Nú hefir bæjar- eða sveitarfélag komizt að nauðasamningum um niðurfærslu skulda sinna eða býður skuldaeigendum frjálsa samninga, sem ráðuneyti það, er í hlut á, hefir samþykkt, þá má — ef samningarnir taka svo til — veðsetja eignir bæjar- eða sveitarfélagsins til tryggingar því, að samningunum verði fullnægt, eða til tryggingar láni, sem tekið er til að koma þeim í framkvæmd.

Nú eignast bæjar- eða sveitarfélag opinber skuldabréf eða önnur skuldabréf, sem það hefir gefið út sjálft, og er því þá heimilt að setja þau sem tryggingu fyrir greiðslu andvirðisins.

Svo að veðsetning eða tryggingargjöf samkvæmt þessari grein sé gild, þarf til samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis. Hafi ráðuneytið á hana fallizt, verður hún ekki véfengd, svo sem riði hún í bág við ákvæði þessarar greinar.

2. gr.

Hvorki er hægt að gera fjárnám í eignum bæjar- eða sveitarfélags né leggja á þær löghald. Ekki nær þetta þó til þess, þegar gerð er aðför, eða annarar tryggingargerðar er leitað í munum til þess að fullnægja kröfum um andvirði þeirra eða kröfum um greiðslu fyrir vinnu eða vörur, ef krafan er tilkomin vegna stækkunar eða umbóta á munum þeim, sem leitað er tryggingar í, eða til frekari nýtingar þeirra.

3. gr.

Kröfur á hendur bæjar- eða sveitarfélagi má ekki færa til skuldajafnaðar við kröfur bæjar- eða sveitarfélagsins um skatta eða skyldur. Sama gildir um kröfur þess um borgun fyrir rafmagn, gas, vatn, göturæstingu eða aðrar svipaðar greiðslur, nema skuldarkrafan sé til komin fyrir framlag til rekstrar á þeirri bæjar- eða sveitarstofnun, er borgunin rennur til. Skuldajöfnuð má þó heimta, ef um er að ræða endurgreiðslukröfu fyrir ofgreidda skatta.

Banki getur ekki, nema öðruvísi sé um samið, fært kröfur sínar á hendur bæjar- eða sveitarfélagi til skuldajafnaðar við innieign bæjar- eða sveitarfélagsins í bankanum.

Kröfur bæjar- eða sveitarfélags um skatta eða skyldur má ekki framselja. Heimilt er þó að framselja amtinu útsvör, sem búið er að jafna niður, og öðlast það þá jafnvíðtækan lögtaksrétt til krafnanna sem bæjar- eða sveitarfélagið átti sjálft.

Heimilt er bæjar- eða sveitarfélagi, ef ráðuneyti það, er í hlut á, samþykkir, að framselja gjöld með þeim hætti, er fyrsta málsgrein hermir, ef stofnað er til kröfunnar til gjaldanna með samningi.

4. gr.

Bú bæjar- eða sveitarfélags verður ekki tekið til gjaldþrotameðferðar samkvæmt lögum frá 6. júní 1863 um gjaldþrot og meðferð þrotabúa og viðaukalögum við þau. Ekki verður heldur lögum frá 6. maí 1899 um opinbera nauðasamninga ásamt viðaukalögum við þau beitt við bæjar- eða sveitarfélög.

II. KAP.

Miðlun og umleitanir um nauðasamninga.

5. gr.

Bæjar- eða sveitarfélag, sem ekki er þess umkomið fjárhagslega að greiða skuldir, sem fallnar eru í gjalddaga, er skylt að tilkynna það ráðuneyti því, sem í hlut á. Svo er og, ef bæjar- eða sveitarfélag vill hefja samninga við skuldheimtumenn sína um greiðslu á skuldum, enda þótt bæjar- eða sveitarfélagið hafi ekki enn stöðvað greiðslur sínar.

6. gr.

Ráðuneyti það, sem í hlut á, úrskurðar, hvort hefja skuli miðlunartilraunir eða umleitanir um nauðasamninga samkvæmt reglum þeim, er greinir í þessum kapítula, milli bæjar- eða sveitarfélags og skuldheimtumanna þess.

Ef komið verður á miðlunartilraunum, skal kalla oddvita bæjar- eða sveitarfélagsins og þá skuldareigendur, sem vitað er um, saman á miðlunarfund, sem stjórnað skal af manni, sem ráðuneytið tilnefnir.

Ráðuneytið ákveður, hvernig til fundarins skuli boðað.

7. gr.

Miðlunartilraunum má halda áfram á mörgum fundum. Sé þess krafizt af einhverjum skuldareiganda, sem beiðzt hefir þess, að sett verði eftirlit samkvæmt 17. gr., verður þeim að vera lokið innan 6 mánaða. Heimilt er þó ráðuneytinu að framlengja frest þennan frekar, um allt að þrem mánuðum.

Bóka skal það, sem á fundum gerist, og skal bókin undirrituð af þeim, sem fundunum stjórnar, og að minnsta kosti einum umboðsmanni bæjar- eða sveitarfélagsins og einum manni af hendi kröfuhafa.

Ráðuneytið getur skipað allt að 3 manna nefnd til þess að rannsaka fjárhagsástæður bæjar- eða sveitarfélagsins og gefa skýrslu um þær ásamt skrá yfir eignir bæjar- og sveitarfélagsins og verðmæti þeirra, sem og yfir skuldir þess.

8. gr.

Leiði miðlunartilraunirnar til samkomulags milli bæjar- eða sveitarfélagsins og kröfuhafa, verður ráðuneytið að staðfesta samkomulagið, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn að samþykkja það með einföldum meiri hluta.

Ráðuneytið, eða sá, sem það til nefnir, skal tilkynna það kröfuhöfum þeim, er samkomulagið nær til. Tilkynnt skal þeim og, ef tillögur til samkomulags hafa ekki öðlazt staðfestingu eða náð samþykki.

9. gr.

Nú koma ekki fram tillögur til samkomulags, eða þær öðlast ekki staðfestingu eða ná ekki samþykki, og getur þá bæjar- eða sveitarfélagið sent ráðuneytinu tillögur um nauðasamninga við kröfuhafa.

Ráðuneytið getur kveðið svo á, að tillögur til samkomulags, sem ekki hafa náð fram að ganga, skuli skoðaðar sem tillögur til nauðasamninga, svo fremi sem þær samsvara kröfum 10. gr.

Nú krefst einn kröfuhafa, sem beiðzt hefir eftir, að eftirlit verði sett samkvæmt 17. gr., að svo verði gert, og skal þá eftirlit sett, hafi ekki innan mánaðar frá því miðlunartilraununum lauk komið fram tillaga um nauðasamninga, sem ráðuneytið úrskurðar, að leggja skuli fyrir kröfuhafa. Ráðuneytið getur enn framlengt frestinn um 1 mánuð.

10. gr.

Tillaga um nauðasamninga nær ekki til krafna, sem tryggðar eru með veði, að svo miklu leyti sem veðið hrekkur fyrir skuldinni, nema samþykki kröfuhafa komi til.

Tillaga um nauðasamninga nær ekki heldur til skuldbindinga, sem til eru komnar eftir að tillagan er fram borin, og ekki til þeirra krafna, er um getur í 30. gr. 1.—4. tölulið. Ráðuneytinu er heimilt að úrskurða, að nauðasamningatillaga skuli ekki ná til skuldbindinga, sem til eru komnar vegna lána, sem tekin eru beint hjá erlendum lánveitanda.

Að öðru leyti verður tillagan, eftir því sem föng eru á, að gera öllum kröfuhöfum jafnhátt undir höfði. Leggur ráðuneytið endanlegan úrskurð á, hvort svo hafi tekizt.

Ákvæðunum í 30. gr. laga frá 6. maí 1899 um nauðasamninga, 2., 3. og 4. málsgrein, svo og 34. gr. sömu laga, skal beitt með svipuðum hætti; þó verður 2. málsgrein 30. gr. (119. gr. gjaldþrotalaganna) því aðeins beitt, að skuldajöfnuður sé ekki útilokaður samkvæmt 3. gr. þessara laga. Þar með eru umleitanir um nauðasamninga taldar vera hafnar á þeim tíma, sem getur í 31. gr. 2. málsgr.

11. gr.

Ráðuneytið úrskurðar, hvort tillaga um nauðasamninga, sem fram er komin, skuli lögð fyrir kröfuhafa til atkvæðagreiðslu. Skal ráðuneytið þá hyggja að því, hvort nauðasamningarnir muni báðum hagfelldir, bæjar- eða sveitarfélaginu og kröfuhöfum, og hvort þeir muni ekki reynast ósanngjarnir í garð einstakra kröfuhafa.

Hafi verið skipuð nefnd, svo sem í 7. gr. hermir, skal hún segja álit sitt á nauðasamningatillögunni og hvort hún leggi til, að hún verði samþykkt.

Verði tillaga um nauðasamninga lögð fyrir kröfuhafa til atkvæðagreiðslu, skal það gert innan mánaðar frá því, að hún kom fram. Skal tillagan, að svo miklu leyti sem heimilisfang þeirra er kunnugt, send öllum kröfuhöfum, sem hún snertir. Ef tillagan um nauðasamninga snertir kröfur samkvæmt handhafaskuldabréfum, skal hún ásamt nauðsynlegum upplýsingum birt á þann hátt, sem ráðuneytið ákveður.

Frest þann, sem settur er í fyrirfarandi málsgrein, getur ráðuneytið lengt, ef þess eftir atvikum þykir þurfa, en þó ekki lengur en um 1 mánuð.

12. gr.

Atkvæðagreiðsla um tillögu um nauðasamninga fer fram skriflega, og skulu atkvæðin á tilteknum fresti send ráðuneytinu, eða þeim, sem það setur til þess.

Handhafar handhafaskuldabréfa verða að tilgreina númer skuldabréfsins og láta fylgja yfirlýsingu frá opinberum stjórnarvöldum eða banka þess efnis, að eigandinn hafi sýnt skuldabréf þau, er um ræðir í yfirlýsingunni. Handhafi verður að lýsa yfir því, að hann sé eigandi skuldabréfanna, og hann muni ekki selja þau fyrr en atkvæðagreiðslufrestur sé út runninn.

Ekki taka aðrir þátt í atkvæðagreiðslunni en kröfuhafar, sem tillagan um nauðasamninga nær til.

Sé krafa tryggð með veði, en óvíst er, hvort veðið hrökkvi fyrir skuldinni, má samkvæmt kröfu bæjar- eða sveitarfélagsins eða kröfuhafa eða ráðuneytisins láta meta, hvað mikill hluti kröfunnar skuli teljast ótryggður og taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Matið fremja 3 matsmenn, og skal formaður þeirra uppfylla þau skilyrði, er útheimtast til að vera dómari. Ráðuneytið skipar matsmennina. Ekki verður krafizt yfirmats. Að öðru skal farið eftir matslögunum frá 1. júní 1917. Virðing skógar má þó fram fara með þeim hætti, er ráðuneytið ákveður.

Kröfur, sem bundnar eru skilorði, sem enn er ekki uppfyllt, taka ekki þátt í atkvæðagreiðslunni. Ráðuneytið úrskurðar, hvort umþráttaðar kröfur skuli taka þátt í henni.

13. gr.

Tillaga um nauðasamninga er samþykkt, ef atkvæðisbærir kröfuhafar, sem fara með að minnsta kosti ¾ af upphæð krafna slíkra kröfuhafa, hafa greitt henni atkvæði.

Kröfur samkvæmt handhafaskuldabréfum skulu aðeins taldar með, ef handhafi hefir greitt atkvæði um tillöguna um nauðasamninga.

Þegar atkvæði eru talin, skal leggja kröfuupphæðina (höfuðstólinn) til grundvallar, að viðbættum vöxtum þeim, sem fallnir eru í gjalddaga, þegar tillagan um nauðasamningana var fram borin.

14. gr.

Ráðuneyti það, er í hlut á, sker úr um það, hvort nauðasamningurinn skuli staðfestur.

Tilkynning um staðfestinguna skal birt með sama hætti og segir í 11. gr. 3. málsgrein.

Úrskurði ráðuneytisins um staðfestingu á nauðasamningum getur kröfuhafi, sem þeir ná til, innan tveggja vikna skotið til málaskotsnefndar hæstaréttar, sem getur breytt úrskurði ráðuneytisins, ef lögleg skilyrði fyrir staðfestingu voru ekki fyrir hendi. Formgallar eru ekki nægilegt tilefni til breytingar, ef ætla verður, að gallarnir hafi engin áhrif haft á samþykkt nauðasamninganna.

Nú öðlast nauðasamningar ekki staðfestingu, og skal þá skipa eftirlit innan mánaðar, hafi krafa um eftirlit samkvæmt 17. gr. verið fram borin áður en miðlun og umleitanir um nauðasamninga voru fyrirskipaðar, eða meðan á þeim stóð, ef ráðuneytinu hefir verið tilkynnt það.

15. gr.

Meðan á miðlun eða umleitunum um nauðasamninga stendur, eða meðan frjálsir samningar hafa enn ekki verið uppfylltir, skal ráðuneytið hafa eftirlit með stjórn bæjar- eða sveitarfélagsins og því, að ekki séu gerðar ráðstafanir, er gangi á rétt kröfuhafa.

III. KAP.
Eftirlit.

16. gr.

Konungur getur ákveðið, að bæjar- eða sveitarfélag skuli sett undir eftirlit, ef það vanheldur fjárhagslegar skuldbindingar sínar, eða ef þess af öðrum sökum þykir þurfa vegna fjárhags bæjar- eða sveitarfélagsins eða vegna hagsmuna kröfuhafa.

17. gr.

Eigi maður skuldakröfu á hendur bæjar- eða sveitarfélagi, og sé krafan ekki fulltryggð með veði, getur hann krafizt þess, að bæjar- eða sveitarfélagið sé sett undir eftirlit, ef

a. kröfunni er ómótmælt, eða hún fullsönnuð og fallin í gjalddaga, og
b. skuldin ekki er greidd innan 6 mánaða frá því að áskorun um að greiða var birt oddvita bæjar- eða sveitarfélags, og tilkynning um það hefir verið send ráðuneyti því, er í hlut á.

Kröfur um eftirlit skal bera fram við skiptaréttinn, sem sker úr því með úrskurði, hvort skilyrðin eru fyrir hendi. Áður en úrskurður er upp kveðinn, skal rétturinn láta birta kröfuna fyrir oddvita bæjar- eða sveitarfélagsins með áritun um frest til andsvara. Ákveða skal minnst mánaðarfrest frá birtingu. Rétturinn leitar frekari umsagnar og upplýsinga, eftir því sem honum þykir þurfa. Úrskurður er kveðinn upp, og fer um málaskot eftir reglunum í þrætumálalögunum.

Rétturinn skal senda ráðuneyti því, er í hlut á, útskrift af úrskurðinum.

18. gr.

Þegar úrskurður um það, að eftirlits verði krafizt, er orðinn bindandi, ákveður konungur, að eftirlit skuli hafið.

Ákvörðun um, að hefja skuli eftirlit, má þó fresta, ef ráðuneyti það, sem í hlut á, stofnar til miðlunar og umleitana um nauðasamninga samkvæmt reglunum í undanfarandi kapítula, og innan tveggja mánaða frá því úrskurður réttarins er orðinn bindandi boðar kröfuhafa á miðlunarfund.

Frestun sú, er um gat, kemur þó ekki til greina, þegar krafa sú, er liggur til grundvallar fyrir beiðninni um eftirlit, byggist á uppfyllingu samnings, sem gerður er samkvæmt 8. gr., eða uppfyllingu nauðasamninga, staðfestra samkvæmt 14. og 32. gr.

Krafa um eftirlit fellur niður, ef bæjar- eða sveitarfélagið og kröfuhafar koma sér niður á samkomulag, eða ef bæjar- eða sveitarfélagið fær nauðasamninga, og samkomulagið eða nauðasamningarnir hafa öðlazt staðfestingu ráðuneytisins.

19. gr.

Nú hefir verið ákveðið að setja bæjar- eða sveitarfélag undir eftirlit, og hefir þá eftirlitsstjórn það á hendi. Konungur ákveður, hvað eftirlitsstjórn skuli vera mannmörg.

Sveitar- eða bæjarstjórn sú, er hlut á að máli, kýs einn mann í eftirlitsstjórnina. Hafi sveitar- eða bæjarstjórn ekki kosið á fresti, sem ráðuneytið hefir sett, má ráðuneytið tilnefna þennan mann.

Kröfuhöfum gefst kostur á að kjósa einn mann í eftirlitsstjórn. Kosning fer fram á fundi, sem ráðuneytið boðar til með mánaðar fresti. Þeim kröfuhöfum, sem

vitað er, hvar búa, skal sent bréflegt fundarboð um leið og tilkynnt er, að eftirlit sé hafið. Sé ekki kunnugt um heimilisfang allra kröfuhafa, skal ennfremur birta fundarboðið á þann hátt, er ráðuneytið ákveður. Greiði kröfuhafi, sem hefir umboð fyrir minnst helming af skuldum bæjar- eða sveitarfélagsins, tilteknum manni atkvæði, er hann kosinn. Ekki nær þetta til krafna, sem tryggðar eru með veði eða öðrum forgangsrétti, eða bundnar skilorði, sem ekki er uppfyllt. Þegar talin eru atkvæði, skulu ekki heldur taldar kröfur samkvæmt handhafaskuldabréfum, nema handhafi hafi sjálfur farið með atkvæðið. Til að geta greitt atkvæði verður kröfuhafi að koma sjálfur á kjörfund eða senda þangað umboðsmann með skriflegu umboði. Rísi deila um gildi kosningar, sker ráðuneytið úr. Hafi kosning ekki farið fram sem að ofan greinir, tilnefnir ráðuneytið eftirlitsstjórnarmann af hálfu kröfuhafa.

Konungur tilnefnir þann eða þá, sem þá eru ónefndir, og meðal þeirra formann.

Varamenn skulu kosnir eða tilnefndir fyrir hvern eftirlitstjórnarmann eftir sömu reglum og aðalmenn eru kosnir.

20. gr.

Hinir konungkjörnu eftirlitsstjórnarmenn skulu kosnir til 3 ára í senn, en kjósa má þó nýja menn í þeirra stað áður en sá tími er útrunninn.

Aðrir eftirlitsstjórnarmenn starfa fyrst um sinn. Sveitar- eða bæjarstjórnin getur kosið annan mann í stað þess manns, er fer með umboð bæjar- eða sveitarfélagsins. Kröfuhafar geta kosið annan mann í stað þess manns, er fer með umboð þeirra, ef kröfuhafar, sem hafa umboð fyrir að minnsta kosti fjórða part af skuldum bæjar- eða sveitarfélagsins (talið eftir reglunum í 19. gr.), heimta nýja kosningu. Fari svo, kallar formaður eftirlitsstjórnar saman fund, eins og getur í 19. gr., og kosningin fer fram eftir sömu reglum. Verði kosning ekki gild, getur ráðuneytið tilnefnt nýjan umboðsmann fyrir kröfuhafa.

21. gr.

Konungur kveður nánar á um verkaskiptinguna milli eftirlitsstjórnarmanna.

22. gr.

Þegar búið er að setja bæjar- eða sveitarfélag undir eftirlit, færist valdið til að skuldbinda bæjar- eða sveitarfélagið með undirskrift sinni yfir í hendur formanns eftirlitsstjórnar. Vald til að ávísa fé til útgjalda hefir formaður einn, og sá maður, er eftirlitsstjórnin, með samþykki ráðuneytisins, veitir rétt til þess fyrst um sinn að ávísa fé til útgjalda til ákveðinna þarfa bæjar eða sveitar.

Formaður tekur fyrir hönd bæjar- eða sveitarfélags við stefnubirtingum og tilkynningum, er að málaferlum lúta.

23. gr.

Sveitar- eða bæjarstjórn skal semja fjárhagsáætlun bæjar- eða sveitarfélagsins hæfilega löngu fyrir byrjun reikningsársins. Ráðuneytið gengur endanlega frá fjárhagsáætluninni og kveður á um skattaálögurétt bæjar- eða sveitarstjórnarinnar. Það getur og ákveðið, að jafnframt skuli ráðuneytið kveða á um aðrar ráðstafanir.

Sé búið að samþykkja ráðstöfun, eða ef ráðuneytið er búið að fallast á hana, gilda ekki um hana ákvæði annara laga um samþykkt í bæjar- eða sveitarstjórn með auknum meiri hluta, um upptöku máls að nýju eða um staðfestingu konungs eða annara yfirvalda.

Samþykktir sveitar- eða bæjarstjórna, er lúta að skattaálagningarrétti utan fjárlagaumræðu, eða að ákvörðun endurgjalds fyrir framlög til bæjar- eða sveitarþarfa, eru ógildar, nema komi til samþykki eftirlitsstjórnar. Sama gildir aðrar samþykktir, sem sveitar- eða bæjarstjórnir, bæjarráð eða nefndir eða stjórnir, sem skipaðar eru af bæjar- eða sveitarfélagi, hafi þær fjárhagslega þýðingu fyrir bæjar-

eða sveitarfélagið. Þegar um slík mál er að ræða, getur eftirlitsstjórnin einnig gert ályktanir, sem breyta samþykkt, eða þó engin samþykkt liggi fyrir.

Þegar búið er að staðfesta samþykkt, eða þegar eftirlitsstjórnin hefir tekið ákvarðanir, gilda ekki ákvarðanir annara laga um samþykkt með auknum meiri hluta eða um upptöku máls að nýju. Aftur á móti þarf staðfestingu konungs eða annara stjórnarvalda, þegar svo er ákveðið í öðrum lögum.

Lagaákvæðin um, að minni hluti geti lagt samþykkt sveitar- eða bæjarstjórnar fyrir konung, á ekki við, þegar samþykktin hefir verið staðfest af eftirlitsstjórninni eða ráðuneytinu.

24. gr.

Eftirlitsstjórnin getur, þegar sveitar- eða bæjarstjórn hefir verið gefinn kostur á að láta uppi álit sitt, og að fengnu samþykki ráðuneytisins, ákveðið, að selja skuli fasteignir eða aðrar eignir, sem bæjar- eða sveitarfélagið ekki þarf með til eflingar þeim framkvæmdum, er bæjar- eða sveitarfélagið á að annast um eftirlitstímann, eða reka eignirnar svo, að arðinum sé varið til að greiða kröfuhöfum.

25. gr.

Sérhver starfsmaður eða umboðsmaður bæjar- eða sveitarfélags er skyldur að fara eftir þeim ákvörðunum og fyrirskipunum, sem eftirlitsstjórnin eða ráðuneyti það, sem í hlut á, gefur.

Eftirlitsstjórnin getur, með samþykki ráðuneytisins, skipað aðra menn til að vinna störf, sem liggja undir starfsmenn eða umboðsmenn bæjar- eða sveitarfélags, eða nefnd eða stjórn skipaða af því. Þetta nær þó ekki til oddvita bæjarráðs, sveitar- eða bæjarstjórnar, eða nefnda, sem vinna að því einu að undirbúa mál fyrir þessi yfirvöld, og ekki heldur til kennara.

Skipun starfsmanna bæjar- eða sveitarfélaga, að undanteknum kennurum, skal staðfest af eftirlitsstjórninni eða formanni hennar. Með samþykki ráðuneytisins getur eftirlitsstjórnin haft veitingarvald á einstökum stöðum.

26. gr.

Áður en eftirlitsstjórnin ráðstafar málum svo sem getur í 23.—25. gr., skulu þau að jafnaði hafa legið fyrir bæjar- eða sveitaryfirvöldum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sveitar- eða bæjarstjórn, eða einn maður úr eftirlitsstjórninni, geta krafizt þess, að ákvörðun, sem gerð hefir verið eða staðfest af eftirlitsstjórninni, skuli lögð fyrir ráðuneytið, sem breytt getur henni, ef réttur þriðja manns er því ekki til fyrirstöðu.

Eftirlitsstjórnin gefur ráðuneytinu skýrslu fyrir hvert reikningsár um starf sitt og hag bæjar- eða sveitarfélagsins.

27. gr.

Á fyrsta skattári, sem hefst eftir að bæjar- eða sveitarfélag hefir verið sett undir eftirlit, er ekki, nema sveitar- eða bæjarstjórn samþykki, heimilt að ákveða hærri tekjuskatt en 18%, samkvæmt frádráttartöflu, er gefur þá niðurstöðu, að samanlagðar skattskyldar tekjur, þar með ekki taldar tekjur þeirra skattgreiðenda, sem búa utan takmarka bæjar- eða sveitarfélagsins, nemi að minnsta kosti 65% af áætluðum tekjum allra, sem búa innan takmarka bæjar- eða sveitarfélagsins. Á öðru, þriðja og síðari árum má hundraðstala skattsins á sama hátt ekki reiknast hærri en 17, 16 og 15%.

Sé notuð frádráttartafla, er lækkar skattinn meira en að ofan greinir, má hækka hundraðstölu skattsins, þó svo, að ekki má jafna niður hærri skattupphæð en hermir í fyrirfarandi málsgrein.

28. gr.

Konungur getur veitt bæjar- eða sveitarfélagi, sem er undir eftirliti, undanþágu frá ákvæðum laga og stórþingsályktana, sem og frá öðrum fyrirmælum, að svo miklu leyti sem ákvæði þessi hafa útgjöld fyrir bæjar- eða sveitarfélagið í för með sér, þó svo framarlega, sem undanþágan lýtur ekki að skyldum, sem ósanngjarnt væri að leysa bæjar- eða sveitarfélagið undan. Þetta nær þó ekki til skulda, sem þegar hvíla á bæjar- eða sveitarfélaginu. Ekki er heldur hægt með þessum hætti að ákveða, að greiðslur, sem bæjar- eða sveitarfélaginu ber að inna af hendi, skuli í staðinn greiddar ríkinu eða öðrum bæjar- eða sveitarfélögum.

29. gr.

Yfirvöld bæjar- eða sveitarfélags halda áfram að fara með mál bæjar- eða sveitarfélagsins meðan það er undir eftirliti, en þó með þeim takmörkunum, sem lög þessi hafa í för með sér.

30. gr.

Þegar bæjar- eða sveitarfélag er undir eftirliti, skal fullnægja eftirtöldum kröfum öðrum framar jafnóðum og þær falla í gjalddaga:

1) Kröfur skattgreiðenda um endurgreiðslu á ofborguðum skatti, og kröfur annara bæjar- eða sveitarfélaga um greiðslu á upphæðum, er lagðar hafa verið fyrir af skattgreiðendum til tryggingar skattgreiðslu.
2) Laun, eftirlaun og aðrar þóknanir til handa starfsmönnum og verkamönnum bæjar- eða sveitarfélags, svo og framlög, er bæjar- og sveitarfélögum ber að greiða til launa annara starfsmanna, og loks kröfur þær, sem getur í 1. gr. laga um forgangsrétt sérstakra krafna frá 31. maí 1912. Nú getur bæjar- eða sveitarfélag ekki staðið í fullum skilum með greiðslur þær, sem getur í 1.—4. tölulið þessarar greinar, og er þá ráðuneytinu heimilt að ákveða, að kröfur um áframhaldandi greiðslu á launum eða annari þóknun skuli ekki hafa forgangsrétt, ef skipað hefir verið í stöðuna áður en sveitar- eða bæjarfélagið var sett undir eftirlit.
3) Skattur til amtsins og löggreiðslur og endurgreiðslur til ríkisins og annara bæjar- eða sveitarfélaga fyrir reikningsár það, er eftirlitið var sett og síðari reikningsár, svo og endurgreiðslur til annara bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga, einnig fyrir síðari helming fyrirfarandi reikningsárs.
4) Útgjöld, sem lögboðin eru, eða af sérstökum ástæðum er heimilað að haldist, á fallin eftir að eftirlit var sett.

Kröfur þær, sem getur í 1.—4. tölulið eru innbyrðis jafnréttháar. Vextir og málskostnaður eru jafnrétthá aðalkröfunni, nema vextir af kröfum, sem getur í 3. tölulið.

Kröfum, sem eru tryggðar með veði, skal fullnægja, ef eftirlitsstjórn kveður svo á, að svo miklu leyti sem veðið samkvæmt reglunum í 4. málsgr. 12. gr. er talið hrökkva fyrir kröfunni. Ákvæðum 100. gr. gjaldþrotalaganna skal beita, eftir því sem við á.

Aðrar kröfur, sem fallnar eru í gjalddaga, skulu að ráðstöfun eftirlitsstjórnarinnar greiddar að tiltölu, eftir því sem bæjar- eða sveitarsjóður hrekkur til.

31. gr.

Ákvæðunum í 42.—44. gr., 46.—49. gr., 120. gr. 2. málsgr., 121.—122. gr. og 127. gr. gjaldþrotalaganna skal beitt, eftir því sem við á, þegar bæjar- eða sveitarfélag er sett undir eftirlit samkvæmt lögum þessum.

Frestir þeir, sem settir eru í 42.—44. gr. gjaldþrotalaganna, skulu hefjast með þeim degi, er:

a) áskorun um greiðslu var birt, sbr. 17. gr. b.
b) afráðið var að leitast fyrir um miðlun eða nauðasamninga, svo framarlega sem

ákveðið er að setja eftirlit samkvæmt 16. gr. Þó er fresturinn talinn hefjast, þegar ákveðið var að setja eftirlit, ef það hefir verið ákveðið án þess að fyrst hafi verið reynd miðlun.

Frestur sá, sem getur í 49. gr. gjaldþrotalaganna, skal vera þrír mánuðir, og talinn hefjast með þeim degi, er eftirlitið er ákveðið.

Ákvæðunum í 119. gr. gjaldþrotalaganna skal beitt, eftir því sem við á, að svo miklu leyti sem það er ekki útilokað með 3. gr. þessara laga. Í stað gjaldþrotsupphafs kemur sá tími, sem ákveðinn er í 2. stafl. þessarar greinar.

Fyrningarfrestum þeim, sem settir eru í fyrningarlögunum frá 21. júní 1896, er lokið, þegar búið er skriflega að tilkynna kröfuna til eftirlitsstjórnarinnar. Með *tilkynningunni hefst nýr fyrningarfrestur jafnlangur hinum fyrri.*

32. gr.

Þegar eftirlitsstjórnin hefir fengið yfirlit yfir hag bæjar- og sveitarfélagsins, sendir hún ráðuneyti því, er í hlut á, skýrslu um það, hvernig líklegt sé, að megi fullnægja skuldbindingum bæjar- eða sveitarfélagsins. Skýrslan skal lögð fyrir sveitar- eða bæjarstjórnina og send kröfuhöfum.

Komi sveitar- eða bæjarstjórn fram með tillögu til nauðasamninga, sem er í samræmi við reglurnar í 10. gr., skal eftirlitsstjórnin segja álit sitt á tillögunni og skýra frá því, hvort hún ráði til þess, að hún verði samþykkt. Ráðuneytið ákveður síðan, hvort nauðasamningatillagan skuli lögð fyrir kröfuhafa. Sé svo, skal ákvæðum 3. málsgreinar 11. gr. og 12.—14. gr. beitt, eftir því sem við á.

33. gr.

Konungur ákveður, nær eftirliti samkvæmt reglum þessa kapítula skuli af létt.

Hafi eftirlit verið ákveðið vegna þess, að kröfuhafi hafi beiðzt þess samkvæmt 17. gr., verður eftirlitinu ekki af létt, ef ekki kemur til samþykki kröfuhafa, nema krafa hans sé fallin niður vegna greiðslu, nauðasamninga eða af öðrum ástæðum.

IV. KAP.

Ýmisleg ákvæði.

34. gr.

Þóknun til eftirlitsstjórnarmanna í nefnd þeirri, er getur í 7. gr., svo og til matsmanna, sem getur í 12. gr., skal ákveðin af ráðuneyti því, er í hlut á. Hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag skal greiða hana, nema konungur ákveði, að hún að nokkru eða öllu leyti skuli greidd úr ríkissjóði. Sama gildir aðrar þóknanir, sem og kostnað, er leiðir af umleitunum um nauðasamninga eða eftirliti samkvæmt lögum þessum.

35. gr.

Ákvæðum laga þessara skal, eftir því sem við á, beitt, er hreppar eiga í hlut, Skulu þá hreppsnefndir gera ákvarðanir þær, er sveitar- og bæjarfélög annars skulu gera samkvæmt lögum þessum.

36. gr.

Ákvæðunum í 1.—3. gr. og 2. kap. þessara laga skal, eftir því sem við á, beitt við ömt, byggingarfélög, hafnarsjóði og félög og annarskonar samlög, sem aðeins bæjar- eða sveitarfélög eru þátttakendur í, og þar sem þátttakendur bera ábyrgð á skuldunum.

Konungur getur ákveðið, að öðrum ákvæðum laga þessara skuli einnig beitt við ömt, eftir því sem við á. Skal þá amtsráðið gera samþykktir þær, sem bæjar- og sveitarstjórnir annars skulu gera samkvæmt lögum þessum.

Konungur getur einnig ákveðið, að lögunum í heild sinni skuli, eftir því sem

við á, beita við aðrar af stofnunum þeim, sem getur í 1. málslið. Konungur ákveður þá, hver gera skuli samþykktir þær, sem sveitar- eða bæjarfélög annars gera samkvæmt lögum þessum.

37. gr.

Bæjar- eða sveitarfélög þau, sem eru undir eftirliti samkvæmt lögum nr. 18 22. júní 1928, þegar þessi lög ganga í gildi, skulu talin vera undir eftirliti samkvæmt lögum þessum. Hin fyrri eftirlitsstjórn starfar þá áfram samkvæmt reglum 20. gr.; þó skal skipa nýjan formann, svo fljótt sem unnt er eftir að lög þessi ganga í gildi.

38. gr.

Þegar bæjar- eða sveitarfélag er undir eftirliti samkvæmt reglum þessara laga, skal tíundi partur af amtsskattinum fyrir hvert reikningsár, sem bæjar- eða sveitarfélagið skuldaði 1. júlí 1928, vera jafnrétthár og kröfur þær, sem getur í 3. tölulið 30. gr.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933 og gilda til 1. júlí 1938. Að því, er bæjar- eða sveitarfélög snertir, sem eru undir eftirliti eða standa í nauðasamningaumleitunum samkvæmt lögum þessum, skulu lögin þó vera í gildi, unz ákveðið er að létta af eftirlitinu, eða þar til sá tími, er nauðasamningarnir ná til, er út runninn.

Fylgiskjal II.

III. kafli laga nr. 69 31. des. 1937, með innfærðum breytingum samkvæmt lögum nr. 30 12. júní 1939.

16. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að skipa eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, er starfi í atvinnumálaráðuneytinu. Ennfremur er atvinnumálaráðherra heimilt að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi eftirlit með sveitarstjórnarmálefnum í umdæmi sínu undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

Ráðherra ákveður þóknun fyrir störf eftirlitsmanns og trúnaðarmanna, og greiðist hún úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga.

17. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi söfnun allra skýrslna, er snerta framfærslumál hreppa og kaupstaða, tillög þeirra til tryggingarmála, svo og annara þeirra skýrslna og upplýsinga, er nauðsynlegar eru til þess að rétt yfirlit fáist um þessi atriði og um fjárhag þeirra.

18. gr.

Nú er bæjar- eða sveitarfélag, sem greiðslu á að fá úr jöfnunarsjóði, í vanskilum gagnvart ríkissjóði eða ríkisstofnunum, eða stendur ekki í skilum með lán, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, og er þá rétt að halda eftir greiðslunni úr jöfnunarsjóði og verja fénu til greiðslu á þeim skuldbindingum bæjar- og sveitarfélagsins, sem í vanskilum eru, að því leyti sem þörf er á eða greiðslan til hrekkur.

19. gr.

Atvinnumálaráðuneytið safnar upplýsingum um fjárhag allra bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga landsins, svo fyrir liggi á hverjum tíma svo glögg vitneskja sem auðið er um fjárhag þeirra. Eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna er skylt að veita bæjar- og sveitarfélögum þá aðstoð og ráðleggingar, er hann getur þeim í té látið, um fjárhagsmál þeirra, framfærslumál og önnur mikilsverð málefni, er til hans er leitað með.

20. gr.

Nú þarf sveitarfélag á sérstakri hjálp að halda fram yfir það, er í II. kafla getur, og getur ráðherra þá ákveðið, að sveitarfélagið skuli háð sérstakri umsjón eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna og sett, að fengnum tillögum hans, sérstakar reglur um meðferð málefna þess, er gildi tiltekinn tíma, þó eigi lengur en 1 ár í senn, og má þar ákveða, að ekkert megi greiða úr bæjar- eða sveitarsjóði nema með samþykki eftirlitsmanns eða umboðsmanns hans á staðnum. Getur þá atvinnumálaráðherra einnig vikið bæjarstjóra eða oddvita frá starfi og sett annan í hans stað til þess að fara með málefni bæjarins eða hreppsins, þó eigi lengur en 1 ár í senn.

21. gr.

Atvinnumálaráðherra skal leita álits og tillagna eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna um skiptingu og úthlutun á því fé, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta.

Nd. 305. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar frá 15. júní til 30. september ár hvert.

2. gr.

Í 8. gr. laganna, á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta", bætist: lengd dráttarlína.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 306. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám l. nr. 40 24. nóv. 1893, um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, og að fenginni umsögn sýslumanns Húnavatnssýslu og sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu leggur hún til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. nóv. 1939.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilm. Jónsson, fundaskr. Sveinbjörn Högnason.

Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

Ed. 307. Frumvarp til laga

um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Stofna skal vátryggingarfélag, sem heitir „Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna“, og er hlutverk þess að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenzkum skipum, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefir.

2. gr.

Til tryggingar á skuldbindingum þeim, sem félagið tekur á sig, skal sjá því fyrir áhættufé, sem nemur 600 þús. krónum. — Ábyrgist ríkissjóður 60% af áhættufénu, eigendur skipa þeirra, sem tryggja skipshafnir sínar frá byrjun hjá félaginu, 10%, en 30% af áhættufénu er lagt fram af þeim innlendum vátryggingafélögum, sem þátt taka í tryggingunni. Vátryggingafélögin þurfa þó ekki að leggja áhættufé sitt fram, ef þau skuldbinda sig til þess fyrirfram að taka að sér sinn hluta af hverri einstakri tryggingu, sem stríðstryggingafélagið tekur að sér á eigin áhættu, sbr. 4. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins og Brunabótafélagi Íslands er heimilt að taka að sér hluta af vátryggingu skipshafna samkvæmt lögum þessum, ásamt öðrum ábyrgðarfélögum.

Engir þeirra, sem taka þátt í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar umfram hið framlagða áhættufé. Á þetta einnig við tryggingafélög þau, sem taka að sér sinn hluta af hverri einstakri tryggingu.

3. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 mönnum. Tilnefnir ríkisstjórnin einn þeirra, og er hann formaður stjórnarinnar, annar er tilnefndur af eigendum skipa þeirra, sem eru í félaginu, en sá þriðji er tilnefndur af vátryggingafélögum þeim, sem taka þátt í tryggingunni eða hafa lagt félaginu áhættufé. Komi skipaeigendur eða vátryggingafélögin sér ekki saman um tilnefningu manna í stjórnina, skipar ríkisstjórnin þá. Stjórnin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum og ákveður starfstilhögun félagsins. Stjórnin ákveður sjálf laun sín, en þó skulu þau samþykkt af ríkisstjórninni.

4. gr.

Félagið má ekki taka í eigin ábyrgð dánartryggingu fyrir hærri upphæð en kr. 225000.00 alls á skipi í einni og sömu ferð. Ef þessi upphæð nægir ekki til fyrirskipaðrar eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, má félagið þó taka það, sem á vantar, með því að endurtryggja það.

5. gr.

Útgerðarmenn allra íslenzkra skipa, sem samkvæmt samningum eru skyldir til að tryggja skipshafnir sínar gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa, skulu tryggja þessa áhættu sína hjá félaginu, að svo miklu leyti sem félagið getur tekið hana að sér. Ef útgerðarmaður slíks skips hefir ekki verið með skipshöfn þess í tryggingu hjá félaginu og lagt fram áhættufé fyrir það, er félaginu heimilt að taka allt að 20% hærra iðgjald fyrir trygginguna en ella.

Nú lætur tryggingarskyldur útgerðarmaður farast fyrir að tryggja skipshöfn

sína, og skal hún þá eigi að síður talin tryggð, og á stríðstryggingafélagið sömu kröfu á iðgjaldinu og trygging hefði farið fram samkvæmt lögum þessum. Vanræksla útgerðarmanns á því að tryggja skipshöfn sína varðar sektum allt að 100000 krónum, og skal með mál út af slíku broti farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Iðgjöld ákveðast af stjórn félagsins í hvert sinn eftir áhættunni eins og hún er á hverjum tíma, þó ekki yfir 50% af iðgjöldum samkvæmt iðgjaldaskrá þeirri, sem gildir fyrir ófriðartryggingu hlutaðeigandi skips á sama tíma. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt.

7. gr.

Nú hefir félagið á einhverjum tíma orðið fyrir svo miklu tjóni, að helmingur af áhættufé þess er tapaður, og getur stjórn félagsins þá ákveðið að hækka iðgjöldin, eftir því sem nauðsyn krefur, þangað til jöfnuði er aftur náð.

8. gr.

Tekjuafgangi þeim, sem kann að verða þegar eignir og skuldbindingar félagsins hafa verið gerðar endanlega upp, skal skipt milli þeirra, sem lagt hafa fram áhættufé samkvæmt 2. gr., í sömu hlutföllum og áhættufjárframlög þeirra nema.

9. gr.

Skírteini og önnur skjöl varðandi tryggingar félagsins eru stimpilfrjáls. Ennfremur skal félagið undanþegið sköttum og útsvörum til ríkis og bæjarfélags.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um stríðtryggingafélag íslenzkra skipshafna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Félagsmálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að óhjákvæmilegt sé að tryggja skipshafnir á íslenzkum skipum gegn slysum af völdum stórveldaófriðarins og þyki rétt, að trygging þessi verði á innlendum höndum, til þess að spara erlendan gjaldeyri til iðgjaldagreiðslu. Telur ráðherrann nauðsynlegt að koma tryggingunni á þegar með bráðabirgðalögum samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Stofna skal vátryggingarfélag, sem heitir „Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna“, og er hlutverk þess að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenzkum skipum, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist, án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefir.

2. gr.

Til tryggingar á skuldbindingum þeim, sem félagið tekur á sig, skal sjá því fyrir áhættufé, sem nemur 600 þús. krónum. — Ábyrgist ríkissjóður 60% af áhættufénu, eigendur skipa þeirra, sem tryggja skipshafnir sínar frá byrjun hjá félaginu, 10%, en 30% af áhættufénu er lagt fram af þeim innlendum vátryggingafélögum, sem þátt taka í tryggingunni. Vátryggingafélögin þurfa þó ekki að leggja áhættufé sitt fram, ef þau skuldbinda sig til þess fyrirfram að taka að sér sinn hluta af hverri einstakri tryggingu, sem stríðstryggingafélagið tekur að sér á eigin áhættu, sbr. 4. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins og Brunabótafélagi Íslands er heimilt að taka að sér hluta af vátryggingu skipshafna samkvæmt lögum þessum, ásamt öðrum ábyrgðarfélögum.

Engir þeirra, sem taka þátt í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar umfram hið framlagða áhættufé. Á þetta einnig við tryggingafélög þau, sem taka að sér sinn hluta af hverri einstakri tryggingu.

3. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 mönnum. Tilnefnir ríkisstjórnin einn þeirra, og er hann formaður stjórnarinnar, annar er tilnefndur af eigendum skipa þeirra, sem eru í félaginu, en sá þriðji er tilnefndur af vátryggingafélögum þeim, sem taka þátt í tryggingunni eða hafa lagt félaginu áhættufé. Komi skipaeigendur eða vátryggingafélögin sér ekki saman um tilnefningu manna í stjórnina, skipar ríkisstjórnin þá. Stjórnin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum og ákveður starfstilhögun félagsins. Stjórnin ákveður sjálf laun sín, en þó skulu þau samþykkt af ríkisstjórninni.

4. gr.

Félagið má ekki taka í eigin ábyrgð dánartryggingu fyrir hærri upphæð en kr. 225000.00 alls á skipi í einni og sömu ferð. Ef þessi upphæð nægir ekki til fyrirskipaðrar eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, má félagið þó taka það, sem á vantar, með því að endurtryggja það.

5. gr.

Útgerðarmenn allra íslenzkra skipa, sem samkvæmt samningum eru skyldir til að tryggja skipshafnir sínar gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa, skulu tryggja þessa áhættu sína hjá félaginu, að svo miklu leyti sem félagið getur tekið hana að sér. Ef útgerðarmaður slíks skips hefir ekki verið með skipshöfn þess í tryggingu hjá félaginu og lagt fram áhættufé fyrir það, er félaginu heimilt að taka allt að 20% hærra iðgjald fyrir trygginguna en ella.

Nú lætur tryggingarskyldur útgerðarmaður farast fyrir að tryggja skipshöfn sína, og skal hún þá eigi að síður talin tryggð, og á stríðstryggingafélagið sömu kröfu á iðgjaldinu og trygging hefði farið fram samkvæmt lögum þessum. Vanræksla útgerðarmanns á því að tryggja skipshöfn sína varðar sektum allt að 100000 krónum, og skal með mál út af slíku broti farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Iðgjöld ákveðast af stjórn félagins í hvert sinn eftir áhættunni eins og hún er á hverjum tíma, þó ekki yfir 50% af iðgjöldum samkvæmt iðgjaldaskrá þeirri, sem gildir fyrir ófriðartryggingu hlutaðeigandi skips á sama tíma. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt.

7. gr.

Nú hefir félagið á einhverjum tíma orðið fyrir svo miklu tjóni, að helmingur af áhættufé þess er tapaður, og getur stjórn félagsins þá ákveðið að hækka iðgjöldin, eftir því sem nauðsyn krefur, þangað til jöfnuði er aftur náð.

8. gr.

Tekjuafgangi þeim, sem kann að verða þegar eignir og skuldbindingar félagsins hafa verið gerðar endanlega upp, skal skipt milli þeirra, sem lagt hafa fram áhættufé samkvæmt 2. gr., í sömu hlutföllum og áhættufjárframlög þeirra nema.

9. gr.

Skírteini og önnur skjöl varðandi tryggingar félagsins eru stimpilfrjáls. Ennfremur skal félagið undanþegið sköttum og útsvörum til ríkis og bæjarfélags.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Sorgenfriholl, 27. október 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

Ed. 308. Frumvarp til póstlaga.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

I. KAFLI
Umönnun og skil póstsendinga.

1. gr.

Póststjórnin veitir viðtöku til flutnings, umönnunar og skila:

a. *Bréfasendingum* með utanáskrift. Þar til teljast bréf, spjaldbréf, bréfspjöld (einföld og með fyrirframgreiddu svari), verzlunarskjöl, prent, sýnishorn af vöru og blandaðar sendingar (verzlunarskjöl, prent, sýnishorn af vöru eða tvennt af þessum tegundum í sömu umbúðum). Bréf, verzlunarskjöl og prent mega vega allt að 2000 g, sýnishorn af vöru allt að 500 g og blandaðar sendingar allt að 2000 g, ef ekki er í þeim sýnishorn af vöru, annars 500 g. Prentað mál með upphleyptu letri fyrir blinda menn má vega allt að 7000 g hver sending.
b. *Bögglum* með áletraðri utanáskrift.
c. *Skrásettum bréfapóstsendingum.* Öll þau bréf skulu vera skrásett, sem gjaldgeng mynt er lögð í, handhafaskuldabréf eða aðrar skuldajátningar, sem eru nýtar handhafa, án þess að verðupphæð sé tilgreind. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, sbr. 22. gr.
d. *Bréfapóstsendingum og bögglum með tilgreindu verði* með áletraðri uanáskrift. Tilgreint verð má ekki vera hærra en sannvirði innihaldsins. Fullt verð sendingar þarf ekki að tilgreina, nema beðizt sé talningar, þegar sendingin er látin á póst.
e. *Póstávisunum.*
f. *Póstkröfum* á bréfapóstsendingum og bögglum.
g. *Póstinnheimtum.*
h. *Blöðum og tímaritum,* sem menn skrifa sig fyrir. Til blaða og tímarita skal telja sérhvert blað eða rit, sem prentað er eða margfaldað, þegar það á að koma út einu sinni eða oftar á ári í heftum, sem hafa sameiginlegan titil og hvert fyrir sig vegur ekki yfir 500 g.

Póststjórnin setur með reglugerð (sbr. 26. gr.) ákvæði um nánari skilyrði fyrir því, að sendingar þær, sem taldar eru undir liðunum a—h, séu teknar til póstflutnings, meðal annars um stærð sendinganna, þyngd böggla, hámarksupphæð póstávísana, póstkrafna og póstinnheimtusendinga, svo og gerð eyðublaða og notkun.

2. gr.

Fyrir utan þau störf, sem nefnd eru í 1. gr., hefir póststjórnin heimild til að taka að sér önnur störf, sem samrýmanleg eru ætlunarverki hennar, og gera ákvarðanir, svo sem:

a. Að ákveða, hve langt frá pósthúsinu staðartaxti megi gilda.
   Þó getur staðartaxti eigi gilt fyrir lengri veg en 7 kílometra frá pósthúsi, nema innansveitar sé, og venjulega aðeins fyrir umdæmi hvers einstaks pósthúss, eða fyrir sendingar, sem eigi eru fluttar með pósti út úr pósthúsinu sjálfu. Staðartaxti má þó gilda um póstflutning milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.
b. Að ákveða, hvort útburður póstsendinga skuli framkvæmdur á kostnað póstsjóðs á vissum svæðum.
c. Útburð póstsendinga með hraðboða.
d. Blaðaáskriftir, sendingu útgefandaprents og póstáritun blaða og tímarita.
e. Útgáfu ferðapóstávísana.
f. Pósttékka- og póstfærslu-starfsemi (póstgiro).
g. Staðfestingu á innihaldi póstsendinga.
h. Vátryggingu fram yfir áritað verð.
i. Útgáfu skilríkisspjalda.
j. Útbýtingu á utanáskriftarlausum sendingum.
k. Flutning á farþegum og póstbögglum með bifreiðum.
l. Að ákveða aukagjald fyrir flutning póstsendinga loftleiðis.
m. Innheimtu á opinberum gjöldum, svo sem tollum og afnotagjöldum útvarps.
n. Sölu greiðslumerkja.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara starfa, svo og gjaldskrá fyrir þau, setur póststjórnin með reglugerð (sbr. 26. gr.).

3. gr.

Með póstum má ekki flytja:

a. Hluti, sem bannað er að dreifa út, eða hluti, sem að ytra útliti bera með sér eitthvað ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi.
b. Hluti, sem hætta er búin af að flytja, svo sem hluti, er auðveldlega getur kviknað í við núning, loftaðstreymi, þrýsting eða á annan hátt, sprenghætta og ætandi hluti, og hluti, sem sýkingarhætta getur stafað af, svo og daunilla hluti og hluti, sem sérstakir erfiðleikar eru á að flytja vegna þyngdar, lögunar eða ófullnægjandi umbúnaðar. Póststjórninni skal þó heimilt að veita undanþágu fyrir slíka hluti, ef komið er í veg fyrir hættu eða óhagræði af flutningi þeirra eins og frekast er unnt, með sérstökum ráðstöfunum, og ástæður að öðru leyti mæla með flutningnum.
c. Hluti þá til útlanda, sem bannaður er flutningur á samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, eða sérsamningum við önnur ríki.
   Leiki grunur á, að sendingu beri að útiloka frá póstflutningi, getur póststjórnin krafizt þess, að sendingin sé opnuð í viðurvist póstmanns af sendanda eða viðtakanda, ef svo ber undir. Sé kröfunni ekki sinnt, má póststjórnin neita sendingunni viðtöku eða, sé hún komin í hennar vörzlur, fara með hana eins og sendingu, sem eigi verður komið til skila.
   Sé þagað um innihald þesskonar sendinga eða rangt frá skýrt, á póststjórnin heimting á bótum frá sendanda fyrir skaða þann, sem kann að hljótast af flutningi sendinganna, auk þess sem sendandi skal látinn sæta sektum samkv. 22. gr., nema þyngri refsing liggi við.

4. gr.

Umönnun og skil póstsendinga, sem getið er um í 1. grein, nær til flutnings þeirra milli pósthúsa, til að safna þeim saman úr bréfakössum, láta þær í pósthólf, gera aðvart um þær og að bera þær út til viðtakenda á þeim stöðum, þar sem slíkum útburði er komið á (sbr. 2. gr. b.).

II. KAFLI

Einkaréttur póststjórnarinnar, þagnarskylda póstmanna, póstleynd m. m.

5. gr.

Póststjórnin hefir með þeim undantekningum, sem nefndar verða í þessari grein, einkarétt til flutnings innanlands og til útlanda á:

1. Lokuðum bréfum, hvert sem innihald þeirra kann að vera.
2. Öðrum lokuðum sendingum, er fullnægja skilyrðum til þess að vera veitt viðtaka í póst, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prent útfyllt með skrift.
3. Spjöldum með rituðum orðsendingum eða prentuðum og útfylltum með skrift.

   Slíkar sendingar, sem koma frá útlöndum og eiga að fara til viðtakenda í landinu eða flytjast áfram í transít yfir íslenzkt póstsvæði eða með íslenzku póstskipi, skulu þegar í stað afhentar póststjórninni.
4. Í bæjum, þar sem komið hefir verið á daglegum útburði póstbréfa, má enginn reka það sem atvinnu, að safna saman, flytja eða bera út bréfapóstsendingar, sem nefndar eru í 1. gr. a., c. og d.

Póstar, fylgdarmenn eða samferðamenn þeirra, yfirmenn, starfsmenn, skipverjar eða farþegar á póstskipum, vagnstjórar eða farþegar á sérleyfisbifreiðum og bifreiðum, sem hafa undanþágu frá sérleyfi, mega ekki flytja sjálfir eða hafa meðferðis utan pósttösku sendingar, sem nefndar eru í 1. gr. a. c. og d.

Þó eru þessar undanþágur:

a. Þegar sendingarnar eru frímerktar samkvæmt töxtum póststjórnarinnar og frímerkin síðan gerð ógild þannig, að póststjórnin verður ekki fyrir neinum tekjumissi, þótt sendingarnar séu sendar utan pósts.
b. Þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða fyrir mann, sem hann er háður.
c. Útgerðarmenn póstskipa, póstvagna og annara sérleyfisbifreiða og bifreiða með undanþágu frá sérleyfi mega nota þessi flutningatæki sín til þess að flytja bréf og peningasendingar í þágu útgerðarinnar einnar milli stjórnenda og starfsmanna og starfsmanna sín á milli.

Öllum óviðkomandi er óheimilt að nota merki póst- og símamálastjórnarinnar, póstlúður með stjörnu og örvum í gegn og með kórónu yfir.

Sömuleiðis er einstaklingum og stofnunum óheimilt að hengja upp á almannafæri kassa, er að lit, lögun og gerð eru áberandi líkir bréfakössum póststjórnarinnar.

6. gr.

a. Enginn, sem er í þjónustu póststjórnarinnar, má gefa nokkrum óviðkomandi manni neina vísbendingu um það, hvernig aðrir noti póstinn, né heldur veita neinum tækifæri til þess að útvega sér slíka vitneskju. Eigi má heldur neitt af því, sem látið er á póst til flutnings, opna né lesa af óviðkomandi mönnum. Þagnarskylda hvílir áfram á viðkomandi, þótt hann fari úr þjónustunni.
b. Sendingar, sem ekki verður komið til skila, má póststjórnin opna eingöngu í því skyni að komast eftir, hver sendandi sé, svo auðið sé að afhenda honum sendinguna. Skal þetta gert samkvæmt reglum, er póststjórnin setur. Póststjórninni er og heimilt að leyfa opnun sendinga á fyllilega tryggan hátt í öðr-

um tilfellum, þegar það er nauðsynlegt vegna flutnings þeirra eða til þess að rannsaka og koma í veg fyrir skemmdir, sem sending kann að verða fyrir í pósti.

c. Vald það, sem dómendum og lögreglustjórum er veitt að lögum til þess að krefjast í sérstökum tilfellum upplýsinga um notkun póstsins, opna póstsendingar til annara m. m., má eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar veita öðrum hliðstæðum yfirvöldum, einkum tollyfirvöldum, þegar nauðsynlegt þykir til framkvæmda á ákvæðum gildandi laga um eftirlit með inn- og útflutningi.

III. KAFLI
Um póstferðir og póstflutning.

7. gr.

Póststjórnin skal sjá um, að póstflutningur komist reglulega áfram, annaðhvort með þeim fargögnum, sem hún á sjálf, eða með öðrum farkosti, eftir því, sem hentast þykir, miðað við stærð og gildi sendinganna.

8. gr.

a. Hver sá, sem heldur uppi reglubundnum fólksflutningum á landi með sérleyfi eða sérstöku leyfi, er skyldur til, er þess er krafizt, að flytja póst milli endastöðvanna og póststöðvanna á leiðinni.

b. Póstflutninginn skal geyma á óhultum stað, þar sem óviðkomandi menn komast ekki að, og er útgerðarmanni eða félagi skylt að sjá um, að póstflutningnum sé skilað á rétta staði á réttum tíma.

c. Samkvæmt hinni almennu löggjöf um skaðabótaskyldu ber útgerðarmaður eða félag ábyrgð gagnvart póststjórninni á póstflutningnum, á meðan hann er í vörzlum hans.

9. gr.

a. Hvert skip, sem er íslenzk eign, eða skip, sem menn, búsettir hér á landi, hafa á leigu, er skyldugt til, þegar það er afgreitt frá höfn í útlöndum til Íslands, að láta pósthús þar á staðnum vita um för sína og taka bréfa- og blaðapóst til flutnings, ef þess er óskað.

Útgerðarmenn og skipstjóri bera ábyrgð á að þessu sé hlýtt.

b. Hvert skip, sem fer frá höfn á Íslandi til útlendra eða innlendra hafna, er skyldugt að taka til flutnings bréfa- og blaðapóst, ef þess er krafizt.

c. Sé skip í reglubundnum flutningaferðum, er það skyldugt til þess að taka til flutnings allskonar póstsendingar, og skal póststjórninni heimilt að hengja upp í skipum þessum læsta póstbréfakassa, þar sem hentugast þykir, og krefjast þess, að fyrir verðbréfa- og bögglapóst sé haldið auðu plássi allt að 3 teningsmetrum.

d. Útgerðarmenn og útgerðarfélög skipa, sem starfrækja reglubundnar flutningaferðir, skulu skyldir til í tæka tíð að senda póststjórninni áætlun um ferðir skipa sinna, svo og tilkynna henni tafarlaust allar þær breytingar, sem kunna að verða á áætluninni síðar.

e. Hafi póststjórnin annaðhvort við sérstakt tækifæri eða með almennri auglýsing fyrir þau skip yfirleitt, sem eiga leiðir á ákveðna staði, krafizt þess, að póstflutningur verði hafður meðferðis, þá skulu skipstjórar á skipum þessum, ef þau eru eigi höfð í reglubundnum flutningaferðum, segja til þess í tæka tíð á pósthúsinu á þeim stað, sem þeir byrja ferð sína frá, og í síðasta lagi 24 klukkustundum áður, hvaða dag og stund þeir ætla sér að halda í burt, og mega þeir þá ekki fyrr fara, nema póstflutningurinn sé kominn á skip.

f. Póstflutninginn skal geyma á óhultum stað, þar sem óviðkomandi menn komast ekki að honum. Verði skip fyrir áföllum eða strandi, ber skipstjóra

og skipshöfn að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til bjargar póstflutningnum og koma honum áleiðis til næsta pósthúss.

g. Neyðist skipstjóri til þess að leita annarar hafnar en þeirrar, er ferðinni var heitið til, skal hann tilkynna pósthúsinu á staðnum, eða ef ekkert pósthús er, lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, að hann hafi póstflutning meðferðis, og fara eftir ráðstöfunum þeim, sem þá kunna að verða gerðar og honum verður frá skýrt.

h. Þegar skipstjóri kemur á ákvörðunarstað, skilar hann tafarlaust póstflutningi og bréfakössum til pósthússins á staðnum.

i. Samkvæmt hinni almennu löggjöf um skaðabótaskyldu ber útgerðarmaður eða útgerðarfélag ábyrgð gagnvart póststjórninni á póstflutningnum frá því við honum er tekið til útskipunar og þar til hlutaðeigandi pósthús hefir tekið við honum gegn kvittun án athugasemda.

10. gr.

Loftför, sem afgreidd eru úr íslenzkri flughöfn, eru skyldug til, eftir áskorun póststjórnarinnar, að taka til flutnings bréfa- og blaðapóst, eftir því sem rúm og burðarmagn leyfir.

11. gr.

Verði landpóstar eða fargögn þau, sem póstur er fluttur með, fyrir slysum á leiðinni, eða þurfi þeir af öðrum ástæðum aðstoðar við til að halda áfram ferð sinni, skal hver og einn skyldur til þess þegar í stað, gegn sanngjarnri borgun, að veita alla þá hjálp og aðstoð, sem hann getur í té látið.

Skyldir eru menn að víkja úr vegi fyrir póstlest eða póstbifreiðum, þegar merki er gefið í hæfilegri fjarlægð.

12. gr.

Póststjórnin greiðir fyrir flutning sendinga þeirra, er hér um ræðir, sanngjarna borgun, miðað við flutningsgjald á öðrum vörum.

IV. KAFLI

Um burðargjöld og aðrar póstgreiðslur.

13. gr.

Ráðherra sá, er með póstmál fer, ákveður í gjaldskrá, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, ríkisburðargjaldið fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 1. gr. a—h.

Staðartaxta, burðargjald fyrir innansveitar- og innanbæjarsendingar, ákveður póststjórnin, sbr. 2. gr. a., svo og aukagjald, er taka skal fyrir verðsendingar og böggla, sem eigi hafa farið úr vörzlu póststjórnarinnar, en eiga að sendast lengri veg en utanáskrift segir, eða endursendast til upprunastaðar. Fyrir áfram- eða endursendingu annara sendinga en verðsendinga og böggla skal ekki greiða aukagjald. Fyrir bréf, sem eftir utanáskriftinni eiga aðeins að fara um svæði, sem staðartaxti gildir um, skal þó greiða viðbótargjald, ef bréfið á að fara út fyrir það svæði, og nemur viðbótargjaldið mismun burðargjaldanna, ef bréfið er fullfrímerkt fyrir staðartaxta. Sé slíkt bréf vanfrímerkt eða ófrímerkt, reiknast burðargjaldið samkvæmt ríkistaxta.

Burðargjöld þau, sem ákveðin eru samkvæmt þessari grein, skulu greidd fyrirfram fyrir: skrásett bréf, bréf með tilgreindu verði, böggla, póstávísanir, póstkröfur, móttökukvittanir, prent, sýnishorn af vörum, verzlunarskjöl, blindraprent, blöð og tímarit samkvæmt h-lið 1. gr., bréfspjöld og bréf, sem eru opin, eða utan á þau ritað, svo að móttakandi getur ráðið af því, hvað þau hafi inni að halda, sendingar til konungs og konungsættingja, sendingar til stjórnarvalda og sveitar- eða bæjarstjórna,

að undanskildum almennum bréfum, sem eru frá öðrum en þessum aðilum, þegar þau eru aðeins umbeðnar eða krafðar skýrslur eða umsagnir og sendandi hefir með eiginhandar undirskrift vottað það á sendingunni.

Sendendur eru skyldir til að greiða eftir á bæði burðargjald, sem af vangá kann að hafa láðst að krefja um, þegar sendingin er póstlögð, svo og burðargjald fyrir þær sendingar, sem eigi eru leystar út af viðtakendum, ef póststjórnin krefst þess.

Samkvæmt samningi við póststjórnina geta viðtakendur fengið sendar til sín óborgaðar bréfasendingar, og sendingar, sem annars eiga að vera fullborgaðar fyrirfram, gegn því að borga undir þær einfalt burðargjald. Póststjórnin getur, þegar svo ber undir, heimtað tryggingu fyrir greiðslu burðargjaldsins.

14. gr.

Gjaldfrjálsar innan hins íslenzka póstsvæðis skulu vera allar þær sendingar, sem samkvæmt alþjóðasamningum eru frígengar í alþjóðapóstþjónustunni. Ennfremur allar póst- og símaembættissendingar innan póst- og símastofnunarinnar.

Að öðru leyti er engin undantekning frá burðargjaldsskyldu.

Til þess að borga undir sendingar, sem ríkissjóður endurgreiðir burðargjaldið fyrir eftir reikningi, má nota þjónustufrímerki. Nánari reglur um þetta, svo og um reikningsskilin, skal setja í reglugerð þeirri, sem um getur í 26. gr.

15. gr.

Fyrir störf þau, sem nefnd eru hér á eftir, skal sendandi greiða gjöld, sem póststjórnin ákveður:

fyrir að leggja til lakk til innsiglis á sendingu,
fyrir að setja á merki, sem þörf er á,
fyrir að búa um peningabréf (þar með talið lakk til innsiglis),
fyrir að skrifa utan á sendingu,
fyrir að fylla út fylgibréf eða póstávísun.

Ennfremur er póststjórninni heimilt að ákveða og taka gjöld fyrir að annast, eftir beiðni viðtakanda, leiðréttingu á utanáskrift sendinga til þeirra, er þeir t. d. hafa bústaðaskipti um stundarsakir (í sumardvöl eða fríum), og fyrir að geyma böggla fram yfir tilsettan tíma.

16. gr.

Pósthúsin skulu láta sendendum ókeypis í té kvittanir fyrir skrásettum sendingum, sendingum með tilgreindu verði, póstávísunum, póstinnheimtubréfum, sendingum með þjónustufrímerkjum, og fyrir blöðum og tímaritum samkvæmt h-lið 1. greinar.

Kvittanir skulu látnar í té annaðhvort í póstkvittunarbækur, sem póststjórnin býr til og eiga að vera til sölu á pósthúsunum fyrir ákveðið verð, sem póststjórnin setur, eða á eyðublöð, sem póststjórnin gefur út.

Sé kvittað í póstkvittunarbók, ber sendanda sjálfum að færa sendingarnar inn í hana í rétta dálka. Einnig má krefjast þess af sendanda, að hann fylli sjálfur út kvittanaeyðublað eins og texti þess segir til um.

Séu margar sendingar frá sama sendanda til sama viðtakanda settar á póst samtímis, má póstmaður setja þær allar á sömu kvittun.

Fyrir almenn bréf og aðrar sendingar, sem ekki eru skrásettar eða engin ábyrgð er á, verða eigi heimtaðar kvittanir.

17. gr.

Burðargjald greiðist fyrirfram með því að nota gildandi frímerki, þar í talin álímd og áprentuð almenn frímerki og þjónustufrímerki og ástimplanir frímerkjavéla, sem póststjórnin löggildir.

Burðargjald fyrir blöð og tímarit samkvæmt 1. gr. h. skal greiða í peningum.

Sendendum ber sjálfum að frímerkja sendingar sínar.

Póststjórninni er heimilt að búa til eða láta búa til frímerki, spjaldbréf, bréfspjöld, umslög og því um líkt, með áprentuðum frímerkjum með þeim verðupphæðum, sem hún álítur haganlegt, og skulu þau vera til sölu á öllum pósthúsum.

Ennfremur er póststjórninni heimilt að láta prenta frímerki á umslög og bréfspjöld, sem búin eru til af einkafyrirtækjum, svo og að stimpla sendingar með frímerkjastimplum fyrir burðargjaldinu eða öðrum stimplum, er sýni, að það sé greitt.

Póststjórnin lætur búa til eyðublöð undir póstávísanir, póstkröfur, póstinnheimtur, fylgibréf, póstkvittanabækur m. m., og tiltekur verðið á þeim.

Fyrir bréfspjöld og önnur eyðublöð með áprentuðum frímerkjum er póststjórninni heimilt að bæta við hæfilegu álagi fyrir kostnaði.

Fyrir sölu á frímerkjum og eyðublöðum með áprentuðum frímerkjum greiðast samkvæmt reglum, er póststjórnin setur, 4 af hundraði.

Eyðublöð, sem keypt eru, verða ásamt frímerkjunum fyrir burðargjaldi sendingarinnar eign póststjórnarinnar um leið og þeim er skilað til flutnings, og eiga sendandi og viðtakandi aðeins rétt á að fá afklippingana við þessi eyðublöð.

Öllum er óheimilt að nota í öðrum viðskiptum en póstviðskiptum eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út og selur.

V. KAFLI

Afhending póstsendinga.

18. gr.

Sendandi hefir ráðstöfunarrétt yfir sendingu þeirri, sem hann hefir látið á póst, þangað til henni er skilað til viðtakanda, og getur hann þangað til krafizt þess, að hún sé endursend, afhent öðrum en þeim, sem utanáskriftin segir til um, eða ráðstafað henni á annan hátt.

19. gr.

a. Póstsendingar skal afhenda þeim, sem utanáskriftin segir til um, eða þeim, er viðtakandi hefir gefið umboð til þess að taka við sendingunni.

Um afhendingu póstsendinga til ópersónulegra viðtakenda, svo sem firma, hlutafélaga, stofnana o. s. frv., setur póststjórnin nánari fyrirmæli.

Fyrir afhendingu skrásettra sendinga, sendinga með tilgreindu verði, svo og fyrir útborgaðar póstávísanir, póstkröfu- og póstinnheimtuávísanir, skal póststjórnin krefjast löggildrar kvittunar.

b. Þessar sendingar má afhenda öðrum en þeim, er utanáskriftin segir til um:
   1. Sendingar frá eða til manna, sem eru í fangelsi, skal afhenda eftir því, sem reglugerð fangelsisins mælir fyrir, eða til rannsóknardómarans.
   2. Sendingar, sem dómarar eða lögreglustjórar eða önnur yfirvöld, er með sérstökum lögum hafa öðlazt slíkt vald, úrskurða að skuli afhentar sér, skal afhenda samkvæmt úrskurðunum.
   3. Sendingar til manna, sem eiga bú sín undir skiptum, má afhenda skiptaráðendum, að undanteknum almennum bréfum, sem eru áritуð „einkabréf“ eða á annan hátt bera með sér, að þau séu einkabréf.
   4. Sendingar til ómyndugra má afhenda þeim, sem að lögum hafa foreldra- eða fjárhaldsrétt yfir þeim.
   5. Um sendingar þær, sem ekki skal afhenda gegn kvittun, setur póststjórnin nánari reglur um, hvernig megi afhenda þær öðrum en viðtakanda og á hvaða hátt, t. d. láta þær í bréfakassa.

6. Póststjórnin setur einnig reglur um afhendingu sendinga, sem kvittun á að taka fyrir, þegar ekki næst til viðtakanda sjálfs til að gefa kvittunina, vegna einangrunar eða sóttnæmi.

c. Sendingar til manna, sem látnir eru, skal afhenda þeim, er búin hafa til meðferðar, nema sendandi með sérstakri ráðstöfun eða áritun á sendinguna, t. d. „persónulega", hafi tilkynnt, að sendingin skuli endursendast.

VI. KAFLI
Um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar.

20. gr.

Glatist skrásett bréf í vörzlum póststjórnarinnar, skal greiða sendanda allt að 60 kr. í skaðabætur.

Sé innihaldið glatað að nokkru eða öllu leyti og fullnægt hefir verið nánari skilyrðum, sem póststjórnin setur, má greiða skaðabætur, er samsvari tjóninu. Skaðabæturnar mega þó aldrei fara fram úr 60 krónum.

Glatist bréf með tilgreindu verði eða innihald þess að nokkru eða öllu leyti, meðan það er í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin skaðann, þó ekki fram yfir það, sem tilgreint var á bréfinu. Hafi innihaldið verið verðskjöl, sem hægt er að ógilda, getur póststjórnin sett það skilyrði fyrir skaðabótagreiðslu, að eignarrétturinn að samsvarandi upphæð verðskjalanna sé framseldur henni.

Komist það upp, að verð póstsendingar sé í sviksamlegum tilgangi talið hærra en það er í raun og veru, skal engar skaðabætur greiða.

Þegar póstávísanir, póstkröfur og póstinnheimtur hafa verið borgaðar póstmanni eftir settum reglum, ber póststjórnin ábyrgð á upphæðum þeirra, og hafi þær verið útborgaðar skökkum viðtakendum og póstmaður eigi sök á því, skal bæta fjárhæðina að fullu samkvæmt reglum þeim, sem gefnar verða í reglugerð þeirri, sem getur um í 26. gr.

Hafi póstkröfusendingin glatazt eða skaddazt, eða þá innihaldið glatazt allt eða eitthvað af því í vörzlum póststjórnarinnar, er eigi hægt að heimta upphæð póstkröfunnar, en skaðabæturnar verða að ákveðast eftir reglum þeim, sem settar eru í þessari grein um þá tegund sendinga, sem hún telst til.

Sé póstkröfusending afhent viðtakanda án þess að póstkrafan hafi verið innheimt, hefir sendandi rétt til að heimta, að póstkröfuupphæðin sé borguð sér af póststjórninni.

Týnist böggulsending eða skemmist eða glatist eitthvað af innihaldi hennar, meðan hún er í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin sendanda skaðann, þó ekki fram yfir 1 kr. fyrir hvert ½ kílógramm af þyngd sendingarinnar með umbúðum. En hafi verð verið tilgreint, má heimta skaðabætur eins og fyrr er sagt um bréf með tilgreindu verði.

Sé sending týnd með öllu, skal og borga aftur burðargjald það, sem greitt hefir verið.

Sendingar eru í vörzlum póststjórnarinnar frá því að þeim er veitt viðtaka á pósthúsinu og þar til þær eru afhentar eftir því sem utanáskriftin segir, eða sé staður sá, sem sendingin á að fara til, fyrir utan póstsvæði Íslands, þá þangað til hún er afhent hlutaðeigandi póststjórn erlendis til frekari fyrirgreiðslu. Glatist póstsending eða skemmist á erlendu póstsvæði, er póststjórninni skylt að bæta sendanda skaðann eftir því sem alþjóðasamningar segja, eða sérsamningar þeir, sem gerðir hafa verið við hlutaðeigandi land.

Skaðabætur greiðast ekki:

a. Þegar skaðinn kemur eingöngu af eðli þess, sem sent er, eða orsakast af illum umbúðum.

b. Þegar sending hefir eigi skaddazt að utan á umbúðum eða innsigli, svo að

því verði kennt um, að sendingin sjálf hafi skemmzt eða aflagazt; þó skal bæta þann skaða, sem verður á peningum og verðbréfum, hvort sem umbúðir eða innsigli eru ósköddud eða ekki, ef það fé var talið á pósthúsinu, þegar því var skilað þar.

c. Þegar skaðinn stafar af óviðráðanlegum atburðum, hernaði eða borgarastyrjöld (vis major).

Ráðherra getur gert undantekning frá þessu ákvæði með reglugerð.

Bætur þær, sem póststjórnin á að gjalda, eftir því sem nú er sagt, ná aðeins til verðs þess hlutar, sem glatazt hefir, eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemmdu munir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi eða peningaverðfall eða yfir höfuð neinar óbeinar afleiðingar skaðans, og skal eigi skylt að greiða bæturnar fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá því að póststjórnin fékk tilkynningu um vanskilin.

Bæturnar greiðast viðtakanda, þegar hann tekur við sendingunni, annars sendanda.

Póststjórnin er ekki skyldug til að greiða skaðabætur fyrir týndar sendingar eða peningaupphæðir, sem ekki er hægt að sýna póstkvittun fyrir, nema það komi í ljós af bókum póststjórnarinnar eða sannist á annan óyggjandi hátt, að sendingin hafi verið látin á póst.

Fyrir aðrar sendingar en þær, sem taldar eru í þessari grein, skal engar skaðabætur greiða.

21. gr.

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur burtu, ef þeirra er eigi krafizt hjá póststjórninni eða pósthúsi innan árs frá því, er sendingin var látin á póstinn eða peningaupphæðin innborguð.

VII. KAFLI

Um brot gegn póstlögunum.

22. gr.

Brot gegn ákvæðum 3., 5., 8., 9., 10. og 11. greinar varða sektum frá 5 til 500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Fyrir brot á 5. gr., um einkarétt póststjórnarinnar, skal auk sekta greiða venjulegt burðargjald fyrir hverja sendingu, sem flutt hefir verið ólöglega.

Þegar ákveða skal sekt á hendur sendanda, kemur mjög til greina, hvort hann sjálfur eða sá, sem flutti sendinguna, er í þjónustu póststjórnarinnar.

Valdi misferli af hálfu þeirra, sem annast póstflutninga á landi eða sjó, póststjórninni ábyrgðar til skaðabóta, skal hlutaðeigandi auk sektarinnar endurgjalda henni skaðabætur þær, sem hún á að inna af hendi.

Embættismenn eða sýslunarmenn, sem baka ríkissjóði meiri útgjöld fyrir burðargjald en þeim ber, skulu sæta 5 til 500 kr. sektum.

Fyrir brot gegn ákvæðum 1. greinar c skal greiða sekt, er sé fimmtungur af verði því, er leynt er, þó ekki yfir 20 krónur.

23. gr.

Póststjórnin ákveður sektir samkvæmt 22. gr., nema hún æski þess, að dómur gangi um málið án úrskurðar af hennar hálfu.

Fyrir brot á ákvæðum 5. greinar má ákveða sektina eftir atvikum á hendur sendanda eða þeim, sem flutt hefir sendinguna, eða þeim báðum.

Ef maður vill eigi una sekt, er póststjórnin hefir úrskurðað honum að greiða, getur hann krafizt innan hálfs mánaðar frá því að honum var birtur úrskurðurinn, að málið gangi til dómstólanna, og skal þá fara með það að hætti opinberra mála.

Póststjórninni er heimilt, ef ástæður mæla með, í einstökum tilfellum, að færa ofangreindar sektir niður eða gefa þær upp með öllu.

Ofangreindar sektir má fimmfalda þegar miklar sakir eru, auk þess sem póststjórninni er heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá póstsambandi um óákveðinn tíma, þannig að hvorki séu fluttar til þeirra póstsendingar eða frá þeim meðan sá tími stendur yfir.

Á sama hátt skal og póststjórninni heimilt að svipta menn póstsambandi, er gera sig seka í megnum vanskilum gagnvart henni.

Allar sektir og undandregið burðargjald renna í póstsjóð.

VIII. KAFLI
Ýmisleg ákvæði.

24. gr.

Póstsendingar þær, sem eigi er hægt að skila viðtakanda né endursenda sendanda, skal selja póstsjóði í hag, og setur póstmálaráðherra um það nánari fyrirmæli. Segi réttur eigandi til sín innan 3 mánaða, eftir að salan hefir farið fram, fær hann andvirðið vaxtalaust að frádregnum kostnaði.

Þegar greiða skal sekt, burðargjald eða skaðabætur út af einhverjum hlut, sem er í vörzlum póststjórnarinnar, er henni heimilt að halda honum eftir, eða því, sem hann hefir inni að halda, unz borgað er, og verði eigi borgað, að ráða með öllu yfir hlutnum, eða því, sem hann hefir inni að halda.

25. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera undanþágur frá ákvæðum þessara laga um innanríkissendingar, ef ákvæði um slíka undanþágu er tekið upp í alþjóðapóstsamninga eða sérsamninga, sem Ísland hefir undirskrifað.

26. gr.

Reglugerðir um framkvæmd á lögum þessum setur póststjórnin eftir þörfum.

27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin póstlög, nr. 5 7. maí 1921, og seinni lagaákvæði í sambandi við þau í lögum nr. 3 27. marz 1925, nr. 29 23. júní 1932 og nr. 89 26. apríl 1935, og ennfremur sérhver önnur ákvæði, sem koma í bága við reglur þær, sem settar eru í þessum lögum og ekki byggjast á samningi, sem Ísland er aðili að.

Greinargerð.

Núgildandi póstlög eru frá 7. maí 1921 að mestu leyti, og eru þannig tilkomin að texta póstlaga næstu á undan frá 16. nóv. 1907, ásamt síðari breytingum við hann, sem sé lögum nr. 22 2. nóv. 1914, lögum nr. 64 28. nóv. 1919, lögum nr. 19 18. maí 1920 og lögum nr. 5 7. maí 1921, var steypt saman í eina heild og gefin út sem póstlög þau, er nú gilda. Við lögin hafa síðan verið gerðar nokkrar breytingar, með lögum nr. 3 27. marz 1925 (um burðargjald undir póstávísanir, póstinnheimtur, skaðabætur o. fl.), lögum nr. 29 23. júní 1932 (breytingar á 1. málsgrein 2. gr. laganna, 4. gr., 6. gr., 11., 12. og 13. gr.) og lögum nr. 86 3. maí 1935 (breyting á blaðaburðargjaldi).

Með lögum nr. 40 14. júní 1929, um stjórn póst- og símamála, var 1. gr. póstlaganna frá 1921 numin úr gildi og byrja því núgildandi lög á 2. gr. þeirra laga.

Það er því hvorttveggja, að lögin, eins og þau nú eru, eru allóaðgengileg fyrir almenning og jafnvel póstmenn líka, og að í þeim kennir nokkurs ósamræmis í orðavali og skilgreiningu hugtaka, sem næsta eðlilegt er, þar sem stofninn er

alla leið frá 1872 (Tilskipun um póstmál á Íslandi). Þá er einnig þess að gæta, að með ári hverju, sem líður, hefir póststjórnin fengið æ fleiri viðfangsefni, sem að nokkru leyti hafa verið ákveðin með reglugerðarákvæðum, en sum hvergi. Framkvæmd ýmsra starfsgreina póstsins hefir ekki heldur orðið haldið innan ramma laganna, nema þá til örðugleika fyrir almenning, og má þar sérstaklega tilnefna ákvæðin um landburðargjald undir böggla.

Þar eð fyrir liggur að semja á ný og gefa út Leiðarvísi fyrir póstafgreiðendur og Reglugerð um notkun pósta, þótti póststjórninni nauðsyn bera til þess að ganga fyrst frá póstlögunum, og var þá annað tveggja, að prenta þau upp eins og þau liggja fyrir eða steypa þau um og þá, að eins miklu leyti og hægt er, í samræmi við póstlöggjöf annara landa, einkum Norðurlanda. Að því ráði hefir verið horfið og frumvarp þetta samið.

Um frumvarpið í heild og einstakar greinar þess skal þetta tekið fram:

Ákvæði um stjórn póstmálanna eru ekki tekin upp í lögin, en um það gilda nú sérstök lög, nr. 8 9. jan. 1935. Lögunum er skipt í kafla eins og í núgildandi póstlögum, og er efninu raðað niður þannig, að hver kafli sé heild út af fyrir sig.

I. kafli. Umönnun og skil póstsendinga.
II. — Einkaréttur póststjórnarinnar, þagnarskylda póstmanna, póstleynd.
III. — Póstferðir og póstflutningar.
IV. — Burðargjöld og aðrar póstgreiðslur.
V. — Afhending póstsendinga.
VI. — Skaðabótaskylda póststjórnarinnar.
VII. — Brot gegn póstlögunum.
VIII. — Ýmisleg ákvæði.

Fyrsti kafli núgildandi póstlaga hét: „Um stjórn póstmála“ og náði aðeins yfir 1. greinina, en hún var felld úr gildi 1929 með lögum um stjórn póst- og símamála, en nú gilda um það nýrri lög, frá 1935. Er því fyrirsögninni breytt í samræmi við það.

1. gr. er núverandi 2. gr. póstlaganna nokkuð breytt. Helztu breytingar eru þessar: a. „Lausum bréfum“ er breytt í „bréfapóstsendingar“ og svo nánari skilgreining á því, hvað í því felst samkvæmt skilgreiningu alþjóðapóstsamningsins. Upp í liðinn er tekið verzlunarskjöl (sem nú eru aðeins leyfð í viðskiptum við útlönd og innsveitis), blandaðar sendingar (verzlunarskjöl, prent og sýnishorn) og blindraprent. Þar sem Ísland leyfir þessar sendingategundir í viðskiptum við útlönd, virðist með öllu ástæðulaust að leyfa þær ekki einnig í innanlandsviðskiptum. Þá er bætt við einum lið, skrásettum bréfapóstsendingum, og tekið fram, hvenær skylda sé að hafa slíkar sendingar skrásettar.

2. gr. er núverandi 6. grein (sbr. lög nr. 29/1932) örlítið breytt og seinni málsgrein 4. gr. (sbr. lög nr. 29/1932). Eru í þessari grein talin upp þau störf, sem póststjórninni veitist heimild til að taka að sér. Eru sum þeirra þegar ákveðin í núgildandi lögum (lög nr. 29/1932), en síðan hafa fleiri bætzt við, svo sem blaðaáskriftir og flutningur útgefendaprents.

3. gr. er núverandi 5. gr., nokkuð aukin í samræmi við tilsvarandi fyrirmæli annara Norðurlanda.

4. gr. er samhljóða fyrri málsgrein núgildandi 4. gr. (lög nr. 29/1932), en þó lítið eitt vikið við.

5. og 6. gr. II. kafli um einkarétt póststjórnarinnar, þagnarskyldu póstmanna, póstleynd m. m. er nýr. Eru teknar upp í hann núgildandi 3. gr. í I. kafla og síðasta málsgrein 24. gr. í VI. kafla. Báðar greinar þessa kafla eru nokkuð auknar til samræmis við tilsvarandi ákvæði í nágrannalöndunum.

7. til 12. gr. III. kafli um póstferðir og póstflutning svarar til II. kafla í núgildandi lögum. Ákvæði 8. og 9. greina núgildandi laga eru gerð nokkru fyllri en þau eru nú. Þá er sett inn ný grein, 10. gr., um skyldu loftfara, er láta úr íslenzkri flughöfn, til að taka til flutnings bréfa- og blaðapóst eftir því sem þeim er fært, og er

það í samræmi við póstlöggjöf Dana. Ennfremur eru síðustu málsgreinar núgildandi 8. og 9. greinar settar saman í nýja grein, er verður 12. gr.

13. til 17. gr. IV. kafli um burðargjald og aðrar póstgreiðslur svarar til III. kafla núgildandi laga. Í stað þess að taka burðargjaldsákvæðin upp í sjálf lögin eins og áður var, er hér ætlazt til, að ráðherra, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, setji gjaldskrá um burðargjöld þau, sem nefnd eru í 11. og 12. gr. núgildandi laga, en um staðartaxta og önnur gjöld samkv. 2. gr. þessa frumvarps gilda sömu reglur og nú, þ. e. að póststjórnin ákveði þessi gjöld.

Með tilliti til hinnar tíðu röskunar, sem nú er á gengi íslenzkrar myntar, verður að teljast nauðsynlegt og eðlilegt, að ráðherra ákveði burðargjöldin í gjaldskrá, er hann setur, enda í fullu samræmi við símagjöld, sem ráðherra ákveður á hverjum tíma. Þetta gat ráðherra einnig gert samkv. 29. gr. gildandi póstlaga og virðist því engin ástæða til að taka gjaldskrána upp í sjálf lögin.

14. gr. svarar til 14. gr. í núgildandi lögum. Eru upp í þessa grein tekin ákvæði um, hverjar sendingar skuli vera gjaldfrjálsar og er þar fylgt ákvæðum alþjóðapóstsamningsins og hliðstæðri löggjöf Norðurlanda.

15. gr. svarar til núgildandi 15. greinar. Fellt er úr ákvæði 15. gr. stafl. a., að láta greiða sérstaklega fyrir kvittun fyrir sendingu, sem látin er á póst. Í alþjóðapóstsamningnum er beint tekið fram, að kvittanir fyrir ábyrgðar- og verðsendingum skuli látnar í té ókeypis, og er þá óviðkunnanlegt að hafa þetta í ákvæðum um innanlandssendingar eingöngu, enda skiptir það litlu máli.

Gjöld þau, sem nefnd eru í núgildandi 15. gr., eru numin burtu samkv. ákvæðum 13. gr.

Upp í greinina er tekin heimild fyrir póststjórnina til þess að annast um leiðréttingu á utanáskrift á sendingum til manna, sem hafa bústaðaskipti um stundarsakir (í sumarbústöðum eða í fríum), svo og fyrir að geyma böggulsendingar fram yfir tilsettan tíma.

16. grein svarar til a-liðs núgildandi 15. greinar og er hún nokkru fyllri en núgildandi ákvæði.

17. grein er núgildandi 13. grein aukin (sbr. lög nr. 29 1932).

18. og 19. gr. V. kafli um afhendingu póstsendinga er tekinn upp úr 25. gr. í VI. kafla gildandi póstlaga og allmjög aukinn. Þykir rétt, að ákvæði um afhendingu póstsendinga séu eins skýr og frekast má verða og þau því höfð í sérstökum kafla út af fyrir sig. Fyrri grein þessa kafla, 18. gr., kveður á um ráðstöfunarrétt sendanda yfir sendingunni.

19. gr. kveður á um, hverjum skuli afhenda póstsendingar, og er hún að mestu sniðin eftir löggjöf Dana um þessi efni.

20. og 21. gr. VI. kafli um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar svarar til IV. kafla í gildandi lögum og þarf ekki nánari skýringar.

22. og 23. gr. VII. kafli um brot gegn póstlögunum svarar til V. kafla í gildandi lögum um sama efni. Ákvæði 18., 19., 20. og 21. gr. gildandi laga eru dregin saman í eina gr., 22. gr. Ákvæði 22. gr. og 23. gr. gildandi laga eru einnig sett í eina grein. Fellt er burtu ákvæði í 23. gr. um að sektir í 18.—20. gr. falli til þess, sem ljóstrar brotunum upp.

VIII. kafli um ýmisleg ákvæði svarar til VI. kafla í gildandi lögum. Er í þennan kafla bætt við einni nýrri grein, 25. gr., um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að gera undanþágu frá ákvæðum þessara laga um innanríkissendingar, ef ákvæði um slíka undanþágu kynni að verða tekið upp í alþjóðapóstsamninginn eða sérsamninga, sem Ísland er aðili að.

Aðrar greinar þessa kafla þarfnast ekki skýringa.

Nd. **309. Breytingartillögur**

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá Ísleifi Högnasyni, Einari Olgeirssyni, Héðni Valdimarssyni.

			Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
I.	Við 1. gr.				
1.	9. kafli nr. 1—2 orðist svo:				
	1 — óbrennt	N	1 kg.	70	10
	2 — brennt eða brennt og malað	N	—	90	10
2.	10. kafli nr. 1 orðist svo:				
	1—7	tollfrjálst			
3.	11. kafli nr. 1 orðist svo:				
	1—15	tollfrjálst			
4.	15. kafli nr. 26 orðist svo:				
	26 Vax úr jurta- og dýraríkinu, einnig tilbúið		—	2	15
5.	17. kafli nr. 1—6 orðist svo:				
	1 — strásykur	N	—	17	10
	2 — höggvinn sykur (molasykur)	N	—	17	10
	3 — sallasykur (flórsykur)	N	—	17	10
	4 — púðursykur	N	—	17	10
	5 — steinsykur (kandís)	N	—	17	10
	6 — toppasykur	N	—	17	10
6.	25. kafli nr. 17 orðist svo:				
	17 Sement		100 kg.	20	
7.	28. kafli nr. 54 orðist svo:				
	54 Lyf	tollfrjáls			
8.	30. kafli nr. 13—19 orðist svo:				
	13 — blýhvíta		1 kg.	2	8
	14 — zinkhvíta		—	2	8
	15 — títanhvíta		—	2	8
	16 — últramarín		—	2	8
	17 — kóboltlitir		—	2	8
	18 — menja		—	2	8
	19 — aðrir		—	2	8
9.	36. kafli nr. 4—5 orðist svo:				
	4 — vatnsleður		—	7	8
	5 — annað		—	7	8
10.	37. kafli nr. 1 orðist svo:				
	1 Leðurstykki, tilsniðin, en ekki frekar unnin, ót. a., svo sem sólar, hælkappar og aðrar þvílíkar vörur		—	7	8
11.	40. kafli nr. 4, 9 og 35 orðist svo:				
	4 — oregonpine og pitchpine og munir úr þeim	tollfrjálsir			
	9 — beyki	tollfrjálst			
	35 Smíðatól og handverkfæri, ót. a.		—	2	2
12.	44. kafli nr. 20, 22 og 40 orðist svo:				
	20 Steinsilpappír og kalkerpappír		—		8
	22 Cellófanpappír, marmarapappír og annar pappír				8
	40 Skrifpappír, teiknipappír og annar þesskonar pappír, heftur en óáprentaður		—		8

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
13.	48. kafli nr. 7 orðist svo:			
	7 — annað	1 kg.	20	15
14.	49. kafli nr. 8 orðist svo:			
	8 — — úr hör	—	20	15
15.	51. kafli nr. 7—30 orðist svo:			
	7 — prjónavoð	—	20	20
	8 — sokkar og leistar	—	20	20
	9 — ytri fatnaður	—	20	20
	10 — nærfatnaður	—	20	20
	11 — vettlingar	—	20	20
	12 — aðrar	—	20	20
	13 — prjónavoð	—	20	20
	14 — sokkar og leistar	—	20	20
	15 — ytri fatnaður	—	20	20
	16 — nærfatnaður	—	20	20
	17 — vettlingar	—	20	20
	18 — aðrar	—	20	20
	19 — prjónavoð	—	20	20
	20 — sokkar og leistar	—	20	20
	21 — ytri fatnaður	—	20	20
	22 — nærfatnaður	—	20	20
	23 — vettlingar	—	20	20
	24 — aðrar	—	20	20
	25 — prjónavoð	—	20	20
	26 — sokkar og leistar	—	20	20
	27 — ytri fatnaður	—	20	20
	28 — nærfatnaður	—	20	20
	29 — vettlingar	—	20	20
	30 — aðrar	—	20	20
16.	52. kafli nr. 6—13 orðist svo:			
	6 — — — nærfatnaður	—	20	20
	7 — — — annar	—	20	20
	8 — — — nærfatnaður	—	20	20
	9 — — — annar	—	20	20
	10 — — — nærfatnaður	—	20	20
	11 — — — annar	—	20	20
	12 — — — nærfatnaður	—	20	20
	13 — — — annar	—	20	20
17.	54. kafli nr. 3 og 4 og nr. 5—10 orðist svo:			
	3 — úr leðri og skinni, ót. a.	—	20	30
	4 — úr vefnaði, flóka, sefi, strái, ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum	—	20	30
	5 — úr leðri með trébotnum	—	20	8
	6 — — stígvél	—	20	8
	7 — — skóhlífar	—	20	8
	8 — — annar	—	20	8
	9 — með kátsjúk- eða leðursólum og yfirhluta úr striga	—	20	8
	10 — tréskór	—	20	8
18.	59. kafli nr. 7 orðist svo:			
	7 Baðker, þvottaskálar, vaskar, salerni og þvagskálar o. þ. h. munir og hlutar til þeirra úr leir	—	2	15

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
19.	60. kafli nr. 24 orðist svo:			
	24 Glervarningur, eingöngu notaður við efnarannsóknir ..... tollfrjáls			
20.	63. kafli nr. 3, 41, 71—80 og 88 orðist svo:			
	3 Járn og stál í stöngum	1 kg.	2	
	41 Skrúfur, fleinar, boltar, skrúfboltar og rær ..	—	2	
	71 — axir allskonar	—	2	2
	72 — hamrar og sleggjur	—	2	2
	73 — sagir og sagarblöð	—	2	2
	74 — allskonar tengur, svo og kúbein, naglbítar, skrúflyklar, vír-, blikk- og járnklippur ..	—	2	2
	75 — horn (vinklar) og sirklar	—	2	2
	76 — heflar, hefiltennur, sporjárn, holjárn, höggpípur og telgijárn (svejshnífar)	—	2	2
	77 — borar allskonar, sílar og meitlar	—	2	2
	78 — múrskeiðar og múrbretti	—	2	2
	79 — þjalir og raspar	—	2	2
	80 — önnur	—	2	2
	88 Baðker, salerni og tilheyrandi vatnskassar (cistern), þvagskálar, þvottaskálar, eldhúsvaskar og hlutar til þeirra	—	2	15
21.	64. kafli nr. 22 orðist svo:			
	22 Smíðatól og þvílík handverkfæri	—	2	
22.	72. kafli nr. 38—64 orðist svo:			
	38 — til mjólkurvinnslu	—	2	2
	39 — til tóvinnu og ullarþvottar	—	2	2
	40 — til niðursuðu	—	2	2
	41 — til sútunar	—	2	2
	42 — til lýsishreinsunar	—	2	2
	43 — til fiðurhreinsunar	—	2	2
	44 — til síldar- og annars fiskiðnaðar, svo og hvalvinnslu	—	2	2
	45 — til frystingar	—	2	2
	46 — til námuvinnslu allskonar	—	2	2
	47 — aðrar	—	2	2
	48 — sjálfvirk löndunartæki	—	2	2
	49 — til blikk- og járnsmíða	—	7	2
	50 — til prentunar	—	7	2
	51 — til skógerðar	—	7	2
	52 — til kátsjúkiðnaðar	—	7	2
	53 — til trésmíða	—	7	2
	54 — til brauðgerðar	—	7	2
	55 — til pappírspokagerðar	—	7	2
	56 — til glergerðar	—	7	2
	57 — til smjörlíkisgerðar	—	7	2
	58 — til sápugerðar	—	7	2
	59 — til öngultauma- og færagerðar	—	7	2
	60 — til brjóstsykur- súkkulaði- og lakkrísgerðar	—	7	2
	61 — til öl- og gosdrykkjagerðar	—	7	2
	62 — til kaffibætisgerðar	—	7	2
	63 — aðrar	—	7	2
	64 Aðrar vélar, ót. a., og hlutar til þeirra	—	7	2

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
23.	73. kafli nr. 39—42, 46—54 og 73—79 orðist svo:			
39	— straujárn	1 kg.	2	10
40	— þvottavélar	—	2	10
41	— kvarnir	—	2	10
42	— eldhúsvélar, ót. a.	—	2	10
46	— borvélar	—	2	2
47	— slípi- og fágunarvélar	—	2	2
48	— dælur	—	2	2
49	— lóðhamrar	—	2	2
50	— fatapressur	—	2	2
51	— logsuðu- og logskurðartæki	—	2	2
52	— málmhúðunartæki	—	2	2
53	— kvarnir, ót. a.	—	2	2
54	— annað	—	2	2
73	— díatermitæki og terapíáhöld .. tollfrjálst			
74	— háfjallasólir ..... tollfrjálst			
75	— heyrnartæki ..... tollfrjálst			
76	— sótthreinsunartæki ..... tollfrjálst			
77	— tannlækningaáhöld ..... tollfrjálst			
78	— röntgentæki og hlutar til þeirra tollfrjálst			
79	— annað ..... tollfrjálst			
24.	76. kafli nr. 3 orðist svo:			
3	— 100—150 tonn brúttó eða stærri			2
	Aftan við nr. 3 bætist við nýr liður, er verður nr. 4,			
4	— 10—100 tonn brúttó			5

II. Við 3. gr.

Aftan við greinina bætist nýr stafliður svo hljóðandi:

Að heimta ekki aðflutningsgjald á vélum og verkfærum til nýrra iðngreina, sem hafa mikla þýðingu fyrir landið og nauðsyn þykir að verði slíkra hlunninda aðnjótandi.

Ed. 310. Breytingartillaga

við frv. til l. um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 2. gr.

1. málsl. greinarinnar hljóði svo: Áhættuþóknanir þær, er um ræðir í 1. gr., skulu vera undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þannig að við ákvörðun skatts og útsvars hjá hverjum einstökum gjaldanda, sem hlut á að máli, skal draga umrædda áhættuþóknun alla frá skattskyldum eða útsvarsskyldum tekjum hans, áður en tekjuskattur og útsvar er reiknað.

Nd. 311. Frumvarp til laga

um verkstjórn í opinberri vinnu.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Engum er heimilt að annast verkstjórn í opinberri vinnu, nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Hver sá getur fengið leyfi til þess að taka að sér verkstjórn samkvæmt 1. gr., er fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. Er fullra 25 ára.
2. Sannar, að hann hafi staðizt próf samkvæmt ákvæðum, er atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð, eða hefir starfað sem sjálfstæður verkstjóri eigi skemur en tvö síðustu árin áður en lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Eigi er skylt að hafa verkstjóra samkvæmt 1. og 2. gr.:

1. Þar sem færri vinna en 10 samtímis,
2. við búrekstur,
3. við minni háttar vegabætur í sveitum.

4. gr.

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi leyfisbréf samkvæmt lögum þessum. Fyrir leyfið greiðast 50 kr. í ríkissjóð.

5. gr.

Svipta má verkstjóra með dómi rétti til verkstjórnar um ákveðinn tíma, eða fyrir fullt og allt, ef hann:

1. Verður valdur að alvarlegum slysförum vegna vítaverðs gáleysis.
2. Gerist sekur um fjárdrátt eða annan óheiðarleik í starfi sínu gagnvart yfirboðurum sínum.
3. Gerir tilraun til þess vísvitandi að draga af tíma eða kaupi verkamanna eða á annan hátt gengur á rétt þeirra.
4. Er ölvaður við verkstjórn.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—500 krónum, sem renna í ríkissjóð.

7. gr.

Verkfræðingar þurfa ekki leyfi til verkstjórnar samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um þá, sem hafa meistararéttindi í iðngrein þeirri, sem þeir ætla að taka að sér verkstjórn í.

8. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk Verkstjórasambands Íslands og Verkstjórafélags Reykjavíkur, og fylgdu því frá þessum aðilum meðmæli frá ýmsum stofnunum og allýtarleg greinargerð.

Frumvarpinu var þó breytt nokkuð í nefndinni, sérstaklega á þann hátt, að eins og frv. er nú nær það aðeins til opinberrar vinnu, en eins og það kom frá félögunum var það allmiklu víðtækara.

Taldi nefndin réttara að takmarka, að minnsta kosti nú um sinn, þar til frekari reynsla fæst, ákvæði frumvarpsins við opinbera vinnu.

Nánar í framsögu.

Nd. 312. Frumvarp til laga

um mótak.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Bæjar- og sveitarfélög geta eitt ár í senn öðlazt rétt til þess að vinna mó í annara landi með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Bæjarfélag eða sveitar, sem öðlast vill rétt þann, er í 1. gr. getur, skal senda skriflega umsókn um það til atvinnumálaráðuneytisins.

Í umsókn skal vera:

1. Greinargerð um legu mólandsins, nafn eiganda þess eða forráðamanns, atvinnu hans og heimilisfang, svo og nafn ábúanda landsins.
   Nú er land í sameign, og skal þá greina alla eigendur. Ef land er eign félags eða stofnunar, nægir að greina formann eða forráðamann.
2. Lýsing á mólandinu og næsta umhverfi þess. Greint skal frá hverskonar mannvirkjum, skurðum og ræktunarástandi, hvaða not eigendur eða ábúendur hafa undanfarið haft af hinu umrædda svæði (heyskap, beit o. s. frv.). Umsókninni fylgi í 2 eintökum kort eða frumdráttur (riss) af svæði því, er um ræðir, þar sem sjálft mólandið er skýrt afmarkað.
3. Áætlun um mómagn það, sem umsækjandi ráðgerir, að tekið verði upp.
4. Hvort umsækjanda sé kunnugt um, að aðrir eigi rétt til mótaks á þessum stað, og þá hverjir.
5. Ástæður umsækjanda fyrir því, að hann telur sér nauðsynlegt að fá mótak á þeim stað, sem um er sótt. Skal þar tekið fram, hvort umsækjandi eigi eða hafi til afnota nothæft móland, eða hvort önnur mólönd gætu komið til greina.

Umráðendur landsins, sem nefndir eru í 1. tölul. þessarar greinar, eru skyldir til að veita umsækjanda nauðsynlegar upplýsingar, að því leyti sem þeim er unnt.

3. gr.

Nú hefir ráðuneytinu borizt umsókn samkvæmt 2. gr., og skal það þá tilkynna efni hennar réttum aðilum samkvæmt 1. tölul. 2. gr., svo og sýslumanni þeirrar sýslu, þar sem mólandið er, og ber honum að tilkynna það oddvitum annara bæjar- eða sveitarfélaga, sem ætla má, að hefðu hagsmuna að gæta í því sambandi. Æski þeir að fá mótak á sama stað, skulu þeir sækja um það innan mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar.

4. gr.

Að loknum umsóknarfresti tekur ráðuneytið umsóknirnir til athugunar, og skal sá öðlast, að öðru jöfnu, rétt til mótaks, sem flutningur á mónum yrði kostnaðarminnstur, enda eigi hann ekki, svo kunnugt sé, kost mótaks á öðrum jafnhentugum eða hentugri stað, og metur ráðuneytið það. Skal tilkynna umsækjanda leyfisveitinguna, svo og aðilum samkvæmt 1. tölul. 2. gr.

5. gr.

Þegar lokið er undirbúningi þeim, sem í 2.—4. gr. segir, skal mæla út handa umsækjanda hæfilegt móland, þó aldrei stærra en svo, að eftir verði a. m. k. 5000 teningsmetrar af mó í hverri landareign á hentugum stað handa ábúanda. Þá skal og velja heppilegt land til þurrkvallar og ákveða nauðsynlega framræsluskurði, vegi og önnur mannvirki vegna mótaksins utan mótakssvæðis. Gæta skal þess, að mótakssvæði megi að afloknu mótaki koma að sem fyllstum notum til ræktunar.

6. gr.

Gjald vegna mótaks samkvæmt lögum þessum skal ákveðið um land allt af 2 mönnum. Nefnir atvinnumálaráðuneytið annan og Búnaðarfélag Íslands hinn. Tveir varamenn skulu nefndir á sama hátt.

Matsmenn skulu tilkynna aðilum úrslit matsins þegar er verða má í ábyrgðarbréfi.

Skjóta má ákvörðun matsmanna til yfirmats. Yfirmatsmenn skulu vera þrír. Nefnir hæstiréttur formann yfirmatsnefndar og atvinnumálaráðherra og Búnaðarfélag Íslands sinn manninn hvort. Varamenn skulu nefndir með sama hætti.

Beiðni um yfirmat skal vera komin til yfirmatsmanna innan mánaðar frá því að aðilum varð kunnugt um matið. Ef einn eða annar aðila áfrýjar, er yfirmatsmönnum skylt að úrskurða einnig kröfur hins eða hinna, þótt hann eða þeir hafi ekki áfrýjað á réttum tíma.

Hafi annar en eigandi afnot jarðar, ákveða matsmenn, hvort og hvernig gjaldinu skuli skipt með þeim.

7. gr.

Umsækjandi greiðir allan kostnað af útmælingu og undirmati, þar með talin þóknun matsmanna. Matsmenn ákveða þátttöku hvers umsækjanda í ferðakostnaði.

Yfirmatsmenn ákveða, hvernig aðilar bera kostnað af yfirmati.

8. gr.

Sýslumaður sýslu þeirrar, þar sem mólandið er, sér um útmælingu þess. Skal hann fá trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands til að annast útmælingu, ef unnt er.

Hefja má móvinnsluna jafnskjótt sem útmæling hefir farið fram.

9. gr.

Þeim, er samkvæmt lögum þessum hefir öðlazt rétt til mótaks, er skylt:

1. Að selja ekki unninn mó dýrar en við kostnaðarverði, að viðbættum 10%. Skulu haldnir reikningar yfir reksturinn. Við hann má ekki reikna hærra kaupgjald en goldið er eftir gildandi kauptaxta á staðnum.
2. Að hefja mótak innan tímabils, sem sýslumaður ákveður, þegar útmæling fer fram, enda getur annar umsækjandi krafizt þess að fá mótak á þeim stað, ef út af er brugðið, nema gildar ástæður séu til að dómi ráðuneytisins.
3. Að valda eigi ónauðsynlegum átroðningi og greiða þóknun fyrir notkun hreppsvega eftir ákvörðun sýslumanns, svo og ábyrgjast skaða, er verða kann á skepnum vegna vanrækslu á ákvæðum 5. tölul. þessarar greinar.
4. Að sjá um, að mórinn sé tekinn í samfelldum gröfum, og gæta þess, að sem minnst fari til spillis.
5. Að skila unnu mólandi samsumars framræstu, plægðu og herfuðu.

10. gr.

Allur unninn mór og annvirki skal flutt burt, ef þess er kostur, fyrir 1. maí næsta ár eftir að mótakið hefir farið fram, nema móvinnandi fái réttindi til mótaks það ár eða öðruvísi semjist. Sé þessu ekki til að dreifa, getur aðili eftir þann tíma látið flytja þetta burtu á kostnað móvinnanda, eða hirt mó þann, sem eftir kann að liggja. Jafnan verður mór og annvirki að hafa verið flutt burt innan 30. júní árið eftir móvinnsluna.

11. gr.

Sæki sami móvinnandi aftur um mótekju á svæði samfelldu því landi, er honum var útmælt árið áður, á hann, meðan mótak er nóg, forgangsrétt að því.

Greinargerð.

Með frv. þessu er að því stefnt að greiða fyrir því, að bæjar- og sveitarfélög geti fengið aðgang að hentugu landi til mótekju.

Um undanfarin ár hefir notkun innlends eldsneytis farið minnkandi. Sauðatað hefir verið notað meira og meira til áburðar, eins og eðlilegt er, en jafnframt hefir dregið úr mótekju. Að sama skapi hefir kolainnflutningur aukizt, og hvílir hann nú allþungt á gjaldeyrisgetu þjóðarinnar, auk þess, sem hún er miklu meira en góðu hófi gegnir öðrum háð um svo brýnar nauðsynjar sem eldsneytið er.

Síðastliðið sumar tókst rannsóknanefnd ríkisins á hendur að rannsaka mótak í landinu. Þegar ófriðurinn skall á, var hert á þessum rannsóknum eins og verða mátti, þar sem auðsætt þótti, að kolainnflutningur mundi torveldast til muna eða jafnvel hindrast að fullu. Síðan hafa mómýrar verið mældar í nánd við flesta kaupstaði og kauptún á landinu, en atvinnudeild háskólans hefir efnagreint móinn og ákvarðað hitagildi hans. Rannsóknum þessum er raunar ekki lokið, en þó hafa þær leitt í ljós:

1) að í landinu er mótak svo mikið, að nægja mundi þjóðinni um nokkur þúsund ár með þeirri eldsneytisþörf, sem nú er, enda þótt mór væri notaður einvörðungu.
2) að í námunda við flesta kaupstaði og kauptún er nægilegt mótak til notkunar um langa framtíð.
3) að mórinn er yfirleitt góður og þolir samanburð við mó, sem unninn er erlendis með góðum árangri.
4) að allar líkur benda til þess, að með bættum vinnubrögðum megi framleiða hér mó, sem keppt geti við kol um verð á venjulegum tímum, og koma þar fyrst til álita þeir staðir, þar sem kol eru dýrust vegna hárra flutningsgjalda, gott móland nærtækt og markaður svo mikill, að vélavinna beri sig.

Með tilliti til þess, sem nú er talið, þykir augljóst, að stefna beri að því að auka mótekju í landinu, einkum á tímum slíkum sem þeim, er nú standa yfir, og er frv. þetta einn liður slíkrar viðleitni. Er þar gert ráð fyrir því, að bæjar- og sveitarfélög beiti sér fyrir mótaki, annaðhvort með því að reka það sjálf eða útvega það til afnota fyrir íbúa sína. Í mörgum kaupstöðum og kauptúnum fer það þrennt saman, að kol eru dýr, að eldsneytisþörfin er nægilega mikil til félagslegra aðgerða, og að sjá verður mönnum fyrir atvinnu. Virðist því eðlilegt, að á slíkum stöðum verði atvinnubótavinna látin ganga til þess að afla eldsneytis, að minsta kosti meðan ófriðurinn stendur yfir. Nú er það auðsætt, að árangur mótekjunnar veltur fyrst og fremst á mólandinu, hversu gott það er og nærtækt fyrir notanda, og er frv. ætlað að tryggja það, ef að lögum verður, að bæjar- og sveitarfélög geti fengið hentugt mótak við sanngjörnu verði. Meginefni frv. er á þessa leið:

1. Bæjar- og sveitarfélög geta öðlazt rétt til að vinna mó í annara landi eftir nánari reglum, sem settar eru í 2.—5. gr. Þó má eigi ganga nær mótaki neinnar jarðar en svo, að eftir sé mór að minnsta kosti til 100 ára, miðað við þá mótekju, sem áður hefir verið, og eigi má leyfið standa nema um eitt ár í senn.
2. Gjald fyrir mótak skal ákveða með mati, og er mælt fyrir um það í 6. gr. Til þess að fá samræmi í slíkt mat á hinum ýmsu stöðum þótti rétt að hafa matsmenn hina sömu um allt land, og skipi atvinnumálaráðherra annan, en Búnaðarfélag Íslands hinn, en ef til yfirmats kemur, skipi hæstiréttur þann þriðja. Er þá litið svo á, að atvinnumálaráðherra hafi hliðsjón af hagsmunum umsækjanda, en Búnaðarfélag Íslands líti á hag landeigenda fyrst og fremst, og að hæstiréttur sé óvilhallur og skipi oddamann, ef eigi hlítir við mat hinna tveggja.
3. Í 9. gr. 5. tölul. er þeim, sem fengið hefir móland til afnota, gert að skyldu að skila því fullbúnu til ræktunar. Þetta er næsta mikilsvert ákvæði fyrir þann, er

lætur slíkt land af hendi, og mætti virðast svo, sem það legði notandanum þunga kvöð á herðar. Svo er þó eigi, því að sjálfsagt er að gera ráð fyrir skipulegri mótekju með svonefndum stokkagröfum. En þegar þannig er hagað verkum, má heita, að hitt komi af sjálfu sér, að skila landinu ræktunarhæfu. Þarf eigi annað en plægja ruðninginn og herfa, og er það auðvelt verk og ódýrt. Má geta þess, að þannig er farið með móland erlendis að loknu mótaki, enda vilja margir láta af hendi móinn endurgjaldslaust að öðru leyti, ef þeir eiga nóg eftir handa sér og næstu eftirkomendum sínum, en fá mólandið framræst, brotið og að fullu unnið undir sáningu.
Að öðru leyti þykir eigi ástæða til að reifa frv. þetta í greinargerð.

Nd. 313. Frumvarp til laga

um hafnargerð í Stykkishólmi.

Flm.: Thor Thors.

1. gr.

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar í Stykkishólmi í Snæfellsnessýslu, samkv. áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt, $^2/_5$ kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 120000.00 — eitt hundrað og tuttugu þúsund krónur — gegn $^3/_5$ hlutum frá hafnarsjóði Stykkishólmshrepps.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 120000.00 — eitt hundrað og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Stykkishólms kann að taka, gegn ábyrgð Stykkishólmshrepps og sýslusjóðs Snæfellsnessýslu, en þó aldrei meira en $^2/_5$ kostnaðar við hafnargerðina. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hafnarnefndar Stykkishólms.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Stykkishólms. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Stykkishólms.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Stykkishólms. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal

beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til sveitarstjórnar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólms fer með stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eignum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa þrír menn, kosnir af hreppsnefnd Stykkishólms. Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára. Gengur einn úr árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefnd hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Stykkishólmshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 2% af magni afla skipa og báta, sem heima eiga í kauptúninu, svo og allra þeirra skipa og báta, er leggja þar afla á land.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarnefnd Stykkishólms semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2. a., b. og c.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin,

með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. tilmælum hreppsnefndar Stykkishólms og samkvæmt einróma áskorun þingmálafundar, sem haldinn var í Stykkishólmi 2. þ. m.

Í Stykkishólmi er nú hafskipabryggja úr timbri. Hún er nú yfir 30 ára gömul og orðin mjög feyskin. Er því nauðsynlegt að endurbyggja hana, og jafnframt er brýn nauðsyn að gera sérstaka bryggju fyrir smábáta. Um nauðsyn þessa verks vil ég vísa til bréfs frá oddvita Stykkishólms; þar segir svo m. a.:

„Endurbygging hafnarmannvirkjanna er knýjandi nauðsyn af þeim ástæðum, sem hér greinir:

1. Bólverkið frá landi og fram í Stykkið hvílir að nokkru leyti á steyptum stöplum, en að nokkru á tréstólpum. Burðartrén undir dekkinu eru nú 30 ára gömul; eru þau því orðin mjög feyskin. Tréstólparnir étast að neðan af einhverri átu, sem hér er í sjónum, og eru því nær ónýtir, dekkið er úr 2 tommu plönkum, og reynast þeir ónýtir, þar sem öll upp- og útskipun fer nú orðið fram á bílum. Af þessu leiðir, að viðhaldið er afardýrt, þar sem þetta er alltaf að bila. Einnig er steinstöpull, sem bólverkið hvílir á frammi í Stykkinu, að verða ónýtur, þar sem þriðji hluti hans er nú þegar hruninn.
2. Bólverkshausinn, sem skipin leggjast að, var endurbyggður 1922, þar sem hinn upprunalegi haus eyðilagðist af átu og í frostunum miklu 1916—17, en hann er nú þegar orðinn svo étinn, að hann getur ekki staðið nema nokkur ár. Hann var líka, er hann var endurbyggður, settur skakkt niður af byggingarmeistaranum, og þarf því að breyta legu hans. Við það vinnst meira pláss fyrir skip á höfninni — og fylla upp frá Stykkinu fram að hausnum — við það sparast mikið útlent efni.
3. Hreppsnefnd og hafnarnefnd hafa orðið ásáttar um að fylla upp Stykkið að austan og norðanverðu til að vinna þar pláss, einnig til að fá þar bryggju fyrir báta frá 8 tonnum og upp, sem stunda héðan veiðar eða leggja hér upp fisk, og er þetta sérstaklega nauðsynlegt, þar sem það er aðallífsskilyrði fyrir kauptúnið, að hér aukist útgerð, og hafa menn mikinn áhuga fyrir því, ef hægt er að bæta aðstöðu þeirra við losun.

Af ofangreindum ástæðum er það knýjandi nauðsyn að ráðast í endurbygginguna og hefjast handa nú þegar, þó verkið verði að sjálfsögðu ekki unnið nema á nokkrum árum, eftir því sem fé er fyrir hendi. Það, sem mest liggur á, er að endurbyggja bólverkið fram í Stykkið, og hefir nefndin í samráði við verkfræðing frá vitamálaskrifstofunni, sem hér kom í vor, samþykkt að láta steypa dekkið og stöpla í stað tréstólpanna á þeirri leið. Þetta kostar að sjálfsögðu mikið fé, en þetta verk þyrftum við að geta unnið á næsta sumri, því á þessum parti er bólverkið ónýtast.

Ég vil því hér með fyrir hönd hreppsnefndarinnar biðja yður, hr. alþingismaður, að flytja á næsta Alþingi frumvarp um, að Stykkishólmshöfn fái hafnarlög eins og aðrar hafnir, sem þegar hafa fengið þau, og að í næstu fjárlögum verði tekin upp styrkveiting til hafnarinnar. Endurbyggingin fer að sjálfsögðu fram eftir tillögum vitamálastjórnar og undir eftirliti hennar.

Vér viljum taka það fram, að Stykkishólmshöfn er tvímælalaust ein með allra beztu höfnum á landinu, því með góðum hafnarmannvirkjum kemur ekki það veður, að skipum sé nokkur hætta búin á henni. Hún er einnig aðalhöfnin hér að norðanverðu við Snæfellsnesið, og hér er hægt að leggja upp vörur fyrir allan Breiðafjörð, þó hvergi sé fært annarstaðar. Einnig mun hún verða aðalútflutningshöfnin fyrir sveitirnar sunnanfjalls, þegar vegasamband er komið yfir Kerlingarskarð. Stykkishólmur hefir verið og mun verða miðstöð Breiðafjarðar hvað út- og innflutning á vörum snertir."

Vitamálastjóri hefir látið fara fram rannsókn á þessu máli og komizt að þeirri niðurstöðu, að kostnaður við öll hafnarvirkin geti hæst orðið um 300 þús. krónur. En tilgangur hreppsnefndar er sá, að mannvirki þessi verði unnin smám saman, eftir því sem fé verður veitt til í fjárlögum og geta hreppsins leyfir.

Frv. þetta gerir ráð fyrir samskonar stuðningi Alþingis við hafnargerðina og veittur hefir verið öðrum hreppsfélögum á undanförnum árum.

Nd. 314. Frumvarp til laga

um rafveitulánasjóð.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist rafveitulánasjóður. Sjóðurinn er eign ríkisins.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög frá ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.
2. Árlegt gjald frá rafveitum, sem njóta ríkislána eða ríkisábyrgðar fyrir lánum, og skal gjald þetta vera 0,5% af láns- eða ábyrgðarupphæðinni eins og hún er í lok hvers árs fyrstu fimm ár lánstímans, 1% næstu fimm ár og síðan þannig hækkandi um 0,5% á fimm ára fresti.
3. Árlegt gjald frá lántakendum úr rafveitulánasjóði, 0,5% af lánsupphæðinni eins og hún er í lok hvers árs fyrstu fimm ár lánstímans, hækkandi um 0,5% á fimm ára fresti.
4. Vextir af sjóðnum, er leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Gjöld þau, er um getur í 2. og 3. lið 2. gr., skulu greiðast rafveitulánasjóði 31. des. ár hvert, og fylgir þeim lögtaksréttur.

4. gr.

Tilgangur rafveitulánasjóðs er að veita lán til einstaklinga, orkuveitufélaga, sveitarfélaga, bæjarfélaga og ríkis til að gera orkuver til raforkuvinnslu og raforkuveitur.

5. gr.

Lán úr rafveitulánasjóði mega nema allt að ⅘ stofnkostnaðar orkuvers eða orkuveitu, sem lán er veitt til. Venjulega skulu lánin ekki greidd út fyrr en orkuver og orkuveita er fullgert. Þó má greiða lán út að nokkru eða öllu leyti á meðan á framkvæmd verksins stendur, ef nægileg trygging er sett.

6. gr.

Til tryggingar fyrir lánum úr rafveitulánasjóði skal vera:

1. Orkuveitufyrirtæki það, er lán er veitt til, með öllum tilheyrandi mannvirkjum, réttindum og rekstrartekjum.
2. Ábyrgð hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélags, eða aðrar tryggingar, er stjórn sjóðsins metur gildar.

7. gr.

Lán úr rafveitulánasjóði má veita til allt að 23 ára. Mega þau vera afborganalaus fyrstu 3 árin af lánstímanum. Vextir skulu vera jafnháir vöxtum af lánum úr Ræktunarsjóði Íslands á hverjum tíma.

8. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefir á hendi ákvarðanir um lán úr rafveitulánasjóði og annast stjórn hans og rekstur, fyrir þóknun, er ákveðst með samkomulagi við ráðherra, og greiðist þóknunin úr sjóðnum.

9. gr.

Rafveitulánasjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

10. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og starfrækslu hans, m. a. um samþykki sérfróðra ráðunauta ríkisins til framkvæmda, sem lán eru veitt til, önnur skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum og útlánareglur.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefir ríkið veitt einstökum bæjarfélögum aðstoð til að koma upp raforkustöðvum, með því að ábyrgjast lán, sem tekin hafa verið til þeirra framkvæmda. Stærst af þeim orkuverum, sem þannig hafa verið reist með aðstoð ríkisins, er Sogsvirkjunin, sem Reykjavíkurbær hefir framkvæmt, en auk þess má nefna rafstöðvarnar á Ísafirði og Akureyri. Lán til allra þessara mannvirkja hafa verið tekin erlendis, gegn ríkisábyrgð.

Fyrir Alþingi liggja nú tillögur um opinbera aðstoð til þess að koma upp orkuveitum frá Sogsstöðinni til kauptúna og sveita á vestanverðu Suðurlandi, og ennfremur frá Akureyri um Eyjafjarðarsýslu. Má fastlega gera ráð fyrir, að Alþingi berist á komandi árum óskir um aðstoð til að koma upp rafveitum, eftir því sem rannsóknum á þeim efnum miðar áfram, og þar sem líklegt er, að víða á landinu séu skilyrði til þess, að rafvirkjun geti svarað kostnaði. Er eðlilegt, að slíkar óskir um aðstoð fjárveitingavaldsins til virkjunarframkvæmda komi fram, þar sem þegar hefir verið farið inn á þá braut að veita ríkisábyrgðir fyrir stórum lánum, sem stærstu kaupstaðir landsins hafa tekið til þessara framkvæmda.

Tæplega verður um það deilt, að varhugavert sé að auka skuldirnar við útlönd, jafnvel þó að um lántökur til nauðsynlegra framkvæmda væri að ræða. Er því sjálfsagt að athuga vel þá möguleika, sem kunna að vera fyrir hendi til þess að koma í framkvæmd nauðsynlegum umbótum í raforkumálunum og öðru, sem til framfara horfir, **án þess að auka skuldir þjóðarinnar erlendis.** Vitanlega eru takmörk fyrir því, hve mikið fjármagn er hægt að leggja árlega í slíkar framkvæmdir án lántöku, og það takmarkast einnig af þeim erlenda gjaldeyri, sem þjóðin getur á hverjum tíma varið til efniskaupa vegna nýbygginga. Að sjálfsögðu má því búast við, að bygging rafstöðva og dreifing raforku til kauptúna og þéttbyggðra sveita, sem hafa möguleika til að hagnýta raforkuna, taki langan tíma. En einmitt þess vegna er mjög nauðsynlegt, að nú þegar sé hafizt handa um söfnun innlends fjármagns til framkvæmdanna, svo að þær geti hafizt sem allra fyrst.

Í frumvarpi því, sem hér með fylgir, er ákveðið að stofna rafveitulánasjóð, sem hafi það markmið að veita lán til að koma upp orkuverum til raforkuvinnslu og orkuveitum. Er gert ráð fyrir, að ríkið leggi sjóðnum fé, en upphæð þess er ekki ákveðin í frumvarpinu, heldur verði hún ákveðin í fjárlögum á hverjum tíma. Ennfremur er ákvæði um árleg tillög í sjóðinn frá þeim fyrirtækjum, sem hafa fengið lán eða ábyrgðir ríkisins til að koma upp rafstöðvum, og miðast gjaldið við upphæðir lána og ábyrgða, eins og þær eru í lok hvers árs. Eru þessi árlegu gjöld aðeins 0,5% af upphæðinni fyrstu 5 ár lánstímans, en síðan hækkandi um 0,5% á fimm ára fresti. Þykir rétt að ákveða tillag þetta mjög lágt fyrstu árin, sem rafveiturnar eru starfræktar, meðan skuldabyrði þeirra er mest, en hækka það lítilsháttar síðar, eftir því sem vaxtagjöld þessara fyrirtækja fara minnkandi. Þá er ákvæði í frumvarpinu um, að þeir, sem fá lán úr sjóðnum, eigi að greiða gjöld til hans, sem reiknast á sama hátt. Vextir af sjóðnum leggist við höfuðstólinn.

Lán úr rafveitulánasjóði veitast einstaklingum, orkuveitufélögum, sveitarfélögum, bæjarfélögum og ríkinu, til að gera orkuver til raforkuvinnslu og raforkuveitur, allt að ⅘ stofnkostnaðar, og má veita lán til allt að 23 ára. Til tryggingar lánunum skal veðsetja orkuveitufyrirtæki, sem lán eru veitt til, og auk þess setja ábyrgðir

hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga, eða aðrar tryggingar, sem verða metnar gildar. Vextir af lánunum séu þeir sömu og af lánum úr ræktunarsjóði á hverjum tíma. Búnaðarbanki Íslands annist stjórn og rekstur sjóðsins.

Loks er í frumvarpinu ákvæði um, að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og starfrækslu hans.

Við samningu þessa frumvarps hefir verið höfð til athugunar löggjöf Norðmanna um gjöld af rafmagnsstöðvum og rafmagnssölu. Fyrrverandi atvinnumálaráðherra fékk snemma á þessu ári til athugunar gildandi lög í Noregi um þessi efni. Í bréfi til hans frá herra sendisveitarfulltrúa Vilhj. Finsen, dags. 9. apríl 1939, sem fylgdi norsku lögunum, segir á þessa leið um lagafyrirmælin m. a.:

„Hér í landi eru þrennskonar afgjöld af rafmagnsstöðvum og rafmagnssölu. Fyrst er „konsesjonsavgift", allt að 3 kr. pr. hestafl til ríkisins og allt að 4 kr. pr. hestafl til héraðsins. (Sjá bls. 10 og bls. 29 í lögunum.) Þá er „kraftleieavgift", allt að 3 kr. pr. hestafl (ca. 1 kr. per kw.), er ræðir um leigu á meira en 500 hestöflum. Og loks er „overföringsavgift" frá stöð til stöðvar, ca. 1 kr. pr. kw.

Afgjöldin fyrir einkaleyfin, hér að ofan nefnd fyrst, eru látin í sérstakan sjóð, sem nú er orðinn kr. 7445903.00. (Sjá St. prp. nr. 1 bls. 1 og bls. 15.) Nokkru úr sjóðnum er árlega varið til styrktar nýjum rafmagnsstöðvum og ýmsu í þarfir hinna eldri.

Hin gjöldin eru og lögð í sérstakan sjóð, en mér er tjáð af réttum hlutaðeigendum, að eigi sé farið að nota þá sjóði enn sem komið er. Enda nema afgjöld þessi miklu minnu en „konsesjonsafgjöldin". Þegar með þarf verður sjóðunum, eða einhverju úr þeim, varið til þess að útbreiða notkun raforku í Noregi."

Samkvæmt framansögðu taka Norðmenn gjöld af rafmagnsstöðvum og rafmagnssölu, sem m. a. er varið til að greiða fyrir útbreiðslu raforkunnar í landinu. Virðist eigi minni ástæða fyrir okkur að fara inn á þá braut og reyna á þann hátt að afla nokkurs fjár til þessara nauðsynlegu framkvæmda.

Í þessu sambandi má geta þess, að þau fyrirtæki, sem hafa fengið ábyrgð íslenzka ríkisins til rafstöðvabygginga og annara framkvæmda, hafa aldrei verið látin greiða áhættuþóknun vegna ábyrgðanna, sem þó hefði verið í alla staði eðlilegt. Standa þau þeim mun betur að vígi til þess að taka á sig þau tiltölulega litlu útgjöld, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Flutningsmaður þessa frumvarps treystir því, að þeir, sem þegar hafa fengið aðstoð ríkisins til rafstöðvabygginga, séu fúsir til að endurgjalda þá hjálp þjóðarheildarinnar með því að taka á sig lítilfjörleg útgjöld til þess að greiða fyrir því, að fleiri landsmenn geti sem fyrst orðið aðnjótandi þeirra mikilsverðu þæginda, sem rafmagnið veitir. Það er fullkomlega sanngjarnt, að þeir, sem fyrstir hafa fengið opinbera aðstoð til slíkra framkvæmda, greiði fyrir því, að nokkrir af þeim mörgu íbúum landsins, sem enn fara á mis við þessi gæði, geti hlotið þau. Og þó að slíkur sjóður geti ekki á næstu árum fullnægt eftirspurn eftir fjármagni til framkvæmda á þessu sviði, þá væri með stofnun hans hægt að tryggja byrjunarframkvæmdir og að árlega yrði unnið að útbreiðslu raforkunnar, án þess að stórum upphæðum yrði bætt við þær erlendu skuldir, sem nú hvíla á þjóðinni.

Ed. 315. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu og útflutning á vörum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. nóv. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Ed. 316. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með því óbreyttu.

Alþingi, 21. nóv. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason.	Magnús Gíslason.

Ed. 317. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar allt árið.

2. gr.

Í 8. gr. laganna, á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta“ bætist: lengd dráttarlína.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **318. Frumvarp til laga**

um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Hreindýr skulu friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum. Þó er ráðherra heimilt að láta veiða hreintarfa, ef sérstök ástæða virðist til. Ennfremur er ráðherra heimilt að veita mönnum leyfi til að handsama dýr til eldis.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa sérstakan mann eða menn til aðstoðar yfirvöldum landsins við eftirlit með, að lögum þessum sé hlýtt, og til þess að hafa að öðru leyti eftirlit með hreindýrum. Kostnaður, sem af þessu kann að leiða, greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. laga þessara varðar 200 króna sekt í fyrsta sinn fyrir hvert dýr, sem veitt er, og tvöfaldast sektin við hverja ítrekun brots, allt að 800 kr.

4. gr.

Fara skal með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, sem almenn lögreglumál. Sektir skulu hálfar falla til uppljóstrarmanns, en hálfar til sveitarsjóðs heimilissveitar hans.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi öll ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þau.

Greinargerð.

Síðastliðið sumar var að tilhlutun ríkisstjórnarinnar farinn leiðangur undir stjórn Helga Valtýssonar til þess að rannsaka, hve mikið af hreindýrum myndi hafast við á öræfunum norð-austanlands, en eins og kunnugt er, hafa hreindýrin hafzt þar við nú alllengi. Hinsvegar hvergi annarstaðar hérlendis svo vitað sé.

Hugmyndir manna um fjölda hreindýra og viðgang hafa verið mjög á reiki. Sumir hafa haldið, að hreindýrin skiptu hundruðum, næðu jafnvel þúsundi, en aðrir álitið, að þau væru fremur fá. Sumir töldu, að þeim færi fjölgandi, en aðrir héldu því fram, að þeim fækkaði stöðugt. Þeir, sem þátt tóku í umræddum leiðangri, telja nokkurnveginn öruggt, að þeir hafi komizt að því, hve mörg hreindýr hafist við á þessum slóðum. Er það álit leiðangursmanna, að dýrin séu um eitt hundrað að tölu, þar með taldir kálfar. Er það því augljóst mál, að hreindýrunum hefir mjög fækkað undanfarin ár, og að þau eru orðin mun færri en menn hafa gert ráð fyrir. Virðist hætta á, að hreindýrin deyi með öllu út hér á landi, og er það hinn mesti skaði og skömm, ef þannig tekst til. Enn er ekki að fullu athugað, hvern hag landsmenn gætu haft af hreindýrunum, ef rétt væri að farið. Komi það hinsvegar í ljós, að þau gætu verið landsmönnum mikil nytjadýr, væri það ómetanlegt tjón, að hafa látið hinn innlenda stofn líða undir lok. Virðist því brýn þörf á að gera allar ráðstafanir, sem hægt er, til þess að viðhalda stofninum og skapa skilyrði fyrir fjölgun hreindýranna.

Tillögur Helga Valtýssonar, sem annaðist um ofannefndan leiðangur, eru í aðalatriðum þessar:

1) Að framvegis verði haft sem nánast eftirlit með hreindýrahjörðinni, og miklu meira eftirlit með því að friðunarlögin séu haldin en verið hefir.

2) Að heimilt verði að fækka törfum í hreindýrahjörðinni, þar sem álíta verði, að tala þeirra sé of há í hlutfalli við stærð hjarðarinnar eins og hún nú er.

Í frumvarpinu er stuðzt við þetta álit og lagt til, að lögunum um friðun hreindýra verði breytt á þann hátt, að heimilt sé að láta skjóta ákveðna tölu tarfa, ef sérstök ástæða virðist til. Ennfremur að heimilt sé að skipa sérstakan mann eða menn til aðstoðar yfirvöldum við eftirlit með því, að friðunarlögunum sé framfylgt, og hafa að öðru leyti eftirlit með hreindýrastofninum. Ætti með þessu móti að vera hægt að afla meiri og betri þekkingar á lifnaðarháttum hreindýranna, líðan þeirra og ástæðum fyrir því, að dýrunum skuli ekki fjölga. Gæti slík þekking orðið að miklu liði við athugun á því, hvort ekki verður í framtíðinni unnt að hafa einhverjar nytjar af hreindýrunum.

Nánar í framsögu.

Nd. 319. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „40 þúsund krónur“ í lok 5. gr. laganna komi: 50 þúsund krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum 5. gr. í gildandi lögum um fiskveiðasjóð Íslands er hámark láns úr sjóðnum út á eitt skip 40 þúsund krónur. Afleiðing þessa hámarksákvæðis er sú, að lán út á stærri skip verða hlutfallslega miklu lægri heldur en lán, sem veitt eru til smærri skipa. Þykir því rétt að hækka hámark láns út á eitt skip um 10 þúsund krónur, m. a. með tilliti til gengisbreytingar, sem orðið hefir síðan lögin voru sett og til þess að skapa meira samræmi í lánveitingum til skipakaupa.

Ed. 320. Breytingartillaga

við frv. til l. um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 2. gr. 1. málslið. Í stað orðanna „að hálfu leyti“ komi: að öllu leyti.

Nd. 321. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um fræðslu barna, nr. 94 frá 19. júní 1936.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ.

Einn nefndarm., Pétur Halldórsson, skrifar undir með fyrirvara, og kveðst hann munu koma fram með brtt. við frv.

Alþingi, 21. nóv. 1939.

Bjarni Bjarnason, form., frsm.	Pálmi Hannesson, fundaskr.	Pétur Halldórsson, með fyrirv.
Ásgeir Ásgeirsson.	Gísli Sveinsson.	

Nd. 322. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. um fræðslu barna, nr. 94 frá 19. júní 1936.

Frá Pétri Halldórssyni.

Við 1. gr. Upphaf efnismálsgr. greinarinnar orðist svo:
Þar, sem fimleikahús eru tekin á leigu vegna barnafræðslunnar, er heimilt að ... o. s. frv.

Nd. 323. Frumvarp til laga

um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Flm.: Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Heilbrigðisnefnd skal vera í hverjum kaupstað, svo og í hverju kauptúni með yfir 500 íbúum. Á öðrum stöðum, hvort sem er í kauptúni eða sveit, skal vera heilbrigðisnefnd, er hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður, eða ef ráðherra mælir svo fyrir.
Umdæmi heilbrigðisnefndar skal aldrei vera meira en eitt sveitarfélag.

2. gr.

Í kaupstöðum er heilbrigðisnefnd skipuð 3 eða 5 mönnum. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Aðrir nefndarmenn eru kosnir af bæjarstjórn, og skal að minnsta kosti einn þeirra eiga sæti í bæjarstjórninni (í Reykjavík í bæjarráði).
Ef heilbrigðisnefnd í kaupstað er skipuð 5 mönnum, skal einn nefndarmanna vera verkfræðingur í þjónustu kaupstaðarins, sérfróður um heilbrigðitækni, ef völ er á slíkum manni.
Utan kaupstaða er heilbrigðisnefnd skipuð 3 mönnum, og á sama hátt og í kaupstöðum, nema hreppstjóri kemur í stað lögreglustjóra, ef hann er ekki búsettur í umdæmi nefndarinnar, og ef eins er ástatt um héraðslækni, skipar hreppsnefnd nefndarmann í hans stað eftir tillögum hans.
Þar, sem héraðslæknir á ekki sæti í heilbrigðisnefnd, er honum engu síður heimilt að sitja fundi nefndarinnar, og hefir hann þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Skal tilkynna héraðslækni í tækan tíma stund, stað og dagskrá hvers nefndarfundar. Sama gildir um fund í bæjar- eða sveitarstjórnum, þegar til umræðu eru mál varðandi heilbrigðissamþykkt eða önnur heilbrigðismál.

3. gr.

Heilbrigðisnefndir beita sér fyrir því, að settar séu heilbrigðissamþykktir fyrir umdæmi þeirra og að þær séu endurskoðaðar svo oft sem ástæða er til.
Í heilbrigðissamþykkt skulu vera almenn ákvæði um:

1) til hvers umdæmis samþykktin nái, og ef ekki er ætlazt til, að öllum ákvæðum samþykktarinnar sé beitt alstaðar í umdæminu, hver hluti umdæmisins sé undanskilinn og hverjum ákvæðum,
2) skipun, valdsvið og starfstilhögun heilbrigðisnefndar,
3) hreinlæti og þrifnað á lóðum og lendum, svo sem á götum, torgum, opnum eða umgirtum svæðum, fjörum, hafnarbökkum, túnum, görðum og lóðum kringum hús, hvort sem eru opinber eign eða einstakra manna. Síðan skal ákveða, hverjar heilbrigðisreglur skuli gilda um
4) vatn og frárennsli,

5) sorphirðing, salerni og þess háttar,
6) húsakynni fólks, hvort sem eru til íbúðar eða atvinnurekstrar, enda sé gætt samræmis við byggingarsamþykkt, ef fyrir er,
7) gripahús, svo og meðferð og gæzlu húsdýra, þar með taldir hundar (sbr. lög nr. 18 22. maí 1890 og lög nr. 8 4. júní 1924),
8) vinnustöðvar úti og inni (sbr. lög nr. 24 7. maí 1928 og reglugerðir samkvæmt þeim lögum), og mega heyra hér undir útgerðar-, fiski- og síldarverkunarstöðvar, skipaafgreiðslustöðvar, hverskonar verksmiðjur, verbúðir og verkamannaskýli vinnustofur iðnaðarmanna, skrifstofur og afgreiðslustofur, verzlunarbúðir o. s. frv.,
9) skóla og kennslustaði í samræmi við gildandi reglur um læknisefirlit með skólum og kennslustöðum,
10) kirkjur og hverskonar almenn samkomuhús,
11) framleiðslu og meðferð á matvælum og öðrum neyzluvörum (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, reglugerð nr. 17 22. febr. 1939 og aðrar reglugerðir samkvæmt þeim lögum). Hér undir heyrir meðal annars mjólkurframleiðsla, mjólkurstöðvar, mjólkursölustaðir, brauðgerðarhús, fisksala, sláturhús, kjötbúðir o. s. frv. Skal sérstaklega kveðið á um verksvið heilbrigðisnefndar til fullnægingar ákvæðum nefndra laga og reglugerða.

Þá skal kveðið á um
12) verksvið heilbrigðisnefndar að því leyti sem henni ber að aðstoða yfirvöld við sóttvarnir (sbr. lög nr. 66 19. júní 1933 og reglugerðir samkvæmt þeim lögum).

Í heilbrigðissamþykkt má ennfremur ákveða, hverjar heilbrigðisreglur skuli gilda um
13) almenn gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði (sbr. lög nr. 23 15. júní 1926),
14) almenn baðhús, þvottahús, rakarastofur, hárgreiðslustofur og hverskonar snyrtingarstofur,
15) íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhús, sundlaugar og þess háttar,
16) kirkjugarða (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932) og bálstofur (sbr. lög nr. 41 3. nóv. 1915),
17) sjúkrahús, barnahæli, elliheimili og tilsvarandi heilbrigðisstofnanir (sbr. lög nr. 30 19. júní 1933) og lækningastofur,
18) báta og skip, sem gerð eru út frá umdæmi því, er samþykktin nær til (sbr. lög nr. 58 14. júní 1929), hvort heldur er til veiða, vöruflutninga eða fólksflutninga, svo og bifreiða (sbr. lög nr. 70 8. sept. 1931) og tilsvarandi flutningatæki.

Ef heilbrigðisfulltrúi er ráðinn (sbr. 6. gr.), skal í heilbrigðissamþykkt setja
19) erindisbréf heilbrigðisfulltrúa.

Heilbrigðissamþykkt skal ljúka með því að greina
20) viðurlög við brotum gegn samþykktinni (sbr. 8. gr.).

Nú þykir ástæða til að kveða á um atriði í heilbrigðissamþykkt, er eigi verður heimfært undir neinn tölulið þessarar greinar, og skal þá engu síður heimilt að taka ákvæðið upp í samþykktina, ef það er sambærilegt við þau ákvæði, sem hér eru fyrirskipuð eða heimiluð.

Ákvæði heilbrigðissamþykktar skulu ætíð vera í sem fyllstu samræmi við ákvæði í sérstökum lögum eða reglugerðum um sama efni, og aldrei vægari en þau.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd semur með aðstoð héraðslæknis og lögreglustjóra frumvarp að heilbrigðissamþykkt eða frumvarp til breytinga á heilbrigðissamþykkt, ef um það er að ræða, og leggur fyrir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Þegar bæjarstjórn (hreppsnefnd) hefir samþykkt frumvarpið, afgreiðir hún það til ráðherra, er staðfestir það eða synjar því staðfestingar eftir tillögum landlæknis. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og endursendir þá ráðherra frumvarpið til bæjarstjórnar

(hreppsnefndar) með leiðbeiningum um, hverjar breytingar þurfi að gera á frumvarpinu, til þess að það geti öðlazt staðfestingu.

Staðfestar heilbrigðissamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir skulu sjá um, að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðissamþykkta, svo og ákvæðum í sérstökum lögum, sem heilbrigðisnefndum er falið að annast um framkvæmdir á.

Fyrirskipanir sínar og áminningar varðandi framkvæmd heilbrigðissamþykktar birtir heilbrigðisnefnd á þann hátt, sem títt er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað, sem í hlut á.

6. gr.

Í hverjum kaupstað skal bæjarstjórn ráða heilbrigðisfulltrúa eftir tillögum heilbrigðisnefndar, héraðslæknis og lögreglustjóra, og tekur hann laun úr bæjarsjóði. Heilbrigðisfulltrúinn annast, undir eftirliti héraðslæknis, alla daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd heilbrigðisnefndar, og hefir til þess ákveðinn starfstíma daglega, eftir nánari fyrirmælum í erindisbréfi.

Utan kaupstaða getur hreppsnefnd og ráðið heilbrigðisfulltrúa, ef heilbrigðisnefnd telur það æskilegt. Að öðrum kosti annast þar héraðslæknar (eða fulltrúar þeirra í heilbrigðisnefnd, sbr. 2. gr.) eftirlitsstarfsemina með aðstoð annara nefndarmanna.

7. gr.

Bæjarstjórn (hreppsnefnd) skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hverskonar ráðstafanir eða framkvæmdir, er varða heilbrigðismál á einn eða annan hátt.

8. gr.

Fyrir brot gegn staðfestri heilbrigðissamþykkt eða vanrækslu á að hlýða í tækan tíma fyrirskipunum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni má í henni ákveða sektir, allt að 1000 krónum, er renni í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Ef nokkur vanrækir að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefir fyrirskipað samkvæmt heilbrigðissamþykkt, er nefndinni og heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjar- eða sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, ef þörf gerist, með lögtaki.

9. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn heilbrigðissamþykktum, skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Jafnframt því, sem lög þessi öðlast gildi, falla úr gildi lög nr. 64 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög.

Greinargerð.

Lög nr. 64 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, þykja úrelt orðin, sérstaklega með tilliti til þess, hverjir vafningar eru á því fyrir sveitarfélög, sem eru ekki kaupstaðir eða kauptún eingöngu, að fá heilbrigðissamþykktir settar, með því að þá heyrir málið undir sýslunefndir, sem virðist óþarfa krókaleið.

Það hefir ætíð verið ljóður á þessum lögum, að í þeim er ekki vikið einu orði að því, hvað í heilbrigðissamþykktum eigi að standa. En þetta verður enn tilfinnanlegri galli eftir að fjöldi sérstakra laga hefir verið settur um einstök heilbrigðismálefni, sem áður hlutu að heyra eingöngu undir heilbrigðissamþykktir. Er allur þorri gildandi heilbrigðissamþykkta fyrir þetta orðinn í meira og

minna ósamræmi við heilbrigðislöggjöfina, auk þess sem mjög er áberandi, að þeir, sem nú vilja setja sér heilbrigðissamþykktir, eiga erfitt með að ganga svo frá þeim, að ekki stangist við gildandi lög, og er þetta næsta eðlilegt, þar sem um aðrar fyrirmyndir er ekki að ræða en hinar eldri úreltu heilbrigðissamþykktir.

Fyrir þetta hefir þótt ástæða til að taka lög þessi til endurskoðunar og fara fram á, að þau verði endurnýjuð í því formi, sem frumvarp þetta segir til um.

Verður hér á eftir gerð grein fyrir hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum er byrjað á að setja heilbrigðissamþykktir, en heilbrigðisnefndir taka fyrst til starfa samkvæmt þeim.

Hér er gert ráð fyrir, að byrjað verði á að skipa heilbrigðisnefndir, er síðan annist um, að heilbrigðissamþykktir verði settar.

Aðilar að heilbrigðissamþykktum gagnvart ríkisstjórninni eru hlutaðeigandi bæjarstjórnir eða hreppsnefndir, en aldrei sýslunefndir.

Það er nýmæli, að ráðherra geti lagt svo fyrir, að heilbrigðissamþykktir skuli setja. Getur átt sér stað, að talið verði, að almennings nauðsyn krefjist slíkrar ráðstöfunar, en hlutaðeigandi sveitarstjórn sinni því ekki af skeytingarleysi. Tíðast mundi þá verða, að héraðslæknir sá, er í hlut ætti, gerði rökstuddar tillögur til heilbrigðisstjórnarinnar, er síðan tæki afstöðu til málsins.

Tekið er fram, að umdæmi heilbrigðisnefndar skuli aldrei vera meira en eitt sveitarfélag, en hitt leiðir af sjálfu sér, að það getur verið minna. Kann oft að vera ástæða til, þar sem kauptún eða verstöð er hluti hreppsfélags, að setja heilbrigðissamþykkt fyrir kauptúnið eða verstöðina, án þess að hún nái til alls hreppsins. Líka er gert ráð fyrir, þegar svo stendur á (sbr. 3. gr. 1. tölul.), að samþykkt geti gilt að fullu fyrir hluta hreppsfélags, en að nokkru leyti fyrir annan hluta þess.

Um 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum eiga 3 menn sæti í heilbrigðisnefndum. Hér er gert ráð fyrir, að í kaupstöðum megi þeir einnig vera 5, að vísu aðallega með tilliti til Reykjavíkur. Það er einnig fyrst og fremst með tilliti til höfuðstaðarins, að vikið er að því, að aukin verði, ef unnt er, sérþekking meðal fulltrúa í heilbrigðisnefnd.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir, að skipun heilbrigðisnefnda verði óbreytt frá því, sem nú er. Þó er héraðslækni, ef hann er ekki í umdæmi heilbrigðissamþykktar og á fyrir það ekki sæti í heilbrigðisnefnd, ætlað að eiga tillögurétt um, hver skipaður verður í hans stað.

Um 3. gr.

Hér ræðir um, til hvers heilbrigðissamþykktir eigi eða megi ná, og svo ýtarlega sundurliðað, að til nokkurn veginn fullnægjandi leiðbeiningar geti orðið um samningu heilbrigðissamþykkta, enda vitnað til helztu laga, sem hafa verður til hliðsjónar, ef ekki á að stangast við þau.

Að sjálfsögðu er ekki ætlazt til, að hver heilbrigðissamþykkt sé svo ýtarleg, að hún taki til alls, sem hér er drepið á. Fer slíkt eftir staðháttum, enda farsælast, að hver samþykkt sé sem bezt við hæfi síns umdæmis og gíni ekki yfir meiru en aðstaða er til að halda uppi.

Um 4. gr.

Eins og mælt er fyrir í upphafi 3. greinar, á heilbrigðisnefnd að beita sér fyrir því, að heilbrigðissamþykkt verði sett fyrir umdæmi hennar og samþykkt endurskoðuð, svo oft sem ástæða er til. Hér greinir nánar frá undirbúningi og afgreiðslu heilbrigðissamþykkta, svo og breytinga á heilbrigðissamþykkt, ef um það er að ræða. Er þetta í aðalatriðum óbreytt frá því, sem nú er, að því undanteknu, að sýslunefndum er sleppt við afskipti af heilbrigðissamþykktum, og að beinlínis er tekið fram, að heilbrigðisnefnd semji frv. til heilbrigðissamþykktar og leggi

fyrir bæjarstjórn (hreppsnefnd). Á það er og lögð áherzla, að ekki aðeins héraðslæknir, heldur einnig lögreglustjóri sé nefndinni til fulltingis við samningu frumvarpsins, sem á að vera því til tryggingar, að sómasamlega sé frá því gengið, bæði frá heilbrigðisfræðilegu og lögfræðilegu sjónarmiði.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa og er í samræmi við það, sem tíðkazt hefir um valdsvið og starfstilhögun heilbrigðisnefnda.

Um 6. gr.

Hér er lagt svo fyrir, að heilbrigðisfulltrúa skuli ráða í öllum kaupstöðum til að annast fyrir hönd heilbrigðisnefnda daglegt eftirlit með því, að farið sé eftir fyrirmælum heilbrigðissamþykkta, og mun þetta tíðkast í nær öllum kaupstöðum. Utan kaupstaða er ekki gert ráð fyrir sérstökum heilbrigðisfulltrúum, fremur en hlutaðeigandi hreppsnefnd kann að þykja ástæða til.

Sjálfsagt þykir, að heilbrigðisnefnd, héraðslæknir og lögreglustjóri eigi tillögurétt um, hver ráðinn sé heilbrigðisfulltrúi.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Óbreytt ákvæði frá núgildandi lögum, að því undanskildu, að sektarhámark fyrir brot á ákvæðum heilbrigðissamþykktar er hækkað úr 200 kr. upp í 1000 kr.

Um 9. og 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 324. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

Flm.: Thor Thors.

1. gr.

Við 7. gr. laga nr. 100 11. júní 1938 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nemanda er óheimilt að vera félagi í sveinafélagi og er sveinafélögum bannað að hafa nemendur sem félaga sína.

2. gr.

Við 20. gr. sömu laga bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sömu hegningu skulu stjórnendur sveinafélaga sæta, þegar brotið er gegn ákvæðum 7. gr., og fer eins um sektarfé.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, 7. gr., er nemendum skylt að sýna ástundunarsemi og trúmennsku við námið og fylgja kennara sínum til starfa, eftir því sem vinnuþrek hans og kunnátta leyfir. Nánar er í þessu efni ákveðið í 4. gr. námssamninga, sem nú eru gerðir með staðfestingu lögreglustjóra og iðnfulltrúa, að nemandi skuli „sýna lærimeistara sínum trúmennsku, hlýðni og auðsveipni, hann skal fylgja lærimeistaranum að vinnu hans, svo sem vinnukraftar og kunnátta leyfa". Í 6. gr. námssamninganna er ennfremur ákveðið: „Lærimeistarinn á að kenna nemanda svo fljótt sem unnt er .... iðn þá, er hann hefir verið settur til, og láta sér annt um, að nemandinn taki þeim framförum í iðn sinni, að

hann, þá er kennslutíminn er á enda, geti hjálparlaust leyst af hendi ....“ tiltekið verk, eftir því, sem nánar er ákveðið í hverjum einstökum námssamningi.

Nú hefir á síðari árum mjög farið í vöxt, að sveinar í ýmsum greinum iðnaðarins hafa sótzt eftir því að ná nemendum í sveinafélög sín, til þess að nemendurnir væru háðir samþykktum sveinafélaganna, sérstaklega að því er snertir verkföll í vinnudeilum við meistarana, sem orðið hafa vegna krafna sveinanna um kaup hækkanir og bætt kjör að öðru leyti. Hafa sveinarnir á þann hátt þvingað nemendurna til hluttöku í verkföllum. En slík verkföll nemenda gagnvart lærimeisturunum eru að sjálfsögðu alveg ótvírætt brot á námssamningunum, enda hafa afleiðingarnar oft orðið þær, að lærimeistarar hafa sagt upp námssamningum vegna slíkra samningsrofa nemenda, sem hefir haft þær alvarlegu afleiðingar fyrir unglingana, að þeir hafa orðið að hverfa af þeirri braut í lífinu, sem þeir höfðu ætlað sér, og getur það jafnvel komið fyrir eftir margra missira nám.

Virðist því full þörf á því, að hér verði skorizt í leikinn af hendi löggjafarvaldsins

Ed. 325. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

6. gr. laga nr. 92 19. júní 1933 hljóði svo:

Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá ríkissjóður allan kostnað af þeirri ráðstöfun.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna hljóði svo:

Varalögreglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur. Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna koma 4 nýjar greinar, sem verða 8.—11. gr., svo hljóðandi:

a. (8. gr.). Er ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við lögreglulið bæjar samkvæmt 2. eða 6. gr. laga þessara, er lögreglulið þess bæjar, fast lið og varalið, skylt til að gegna löggæzlustörfum hvar á landinu sem er, ef sérstaklega stendur á og dómsmálaráðherra mælir svo fyrir, og ákveður hann þá, hver skuli stjórna liðinu, þegar það er sent úr einu lögsagnarumdæmi í annað.

   Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á staðnum, sem liðið er flutt frá.

b. (9. gr.). Ráðherra er heimilt að efna til námskeiðs í Reykjavík fyrir lögreglumenn.

   Ráðherra er og heimilt að leggja lögreglunni til nauðsynlegan útbúnað. Hann ákveður og, hver tæki lögreglumenn skuli nota.

c. (10. gr.). Í sveitum landsins og kauptúnum, þar sem lögreglulið er ekki starfandi, getur ráðherra löggilt sérstaka menn til þess, undir stjórn lögreglustjóra eða hreppstjóra, að halda uppi reglu á mannfundum og samkomum innan héraða. Heimilt er að efna til námskeiðs fyrir þessa menn.

d. (11. gr.). Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann setur og reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

4. gr.

8. gr. laganna, sem verður 12. gr., hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Ríkisstjórnin skal fella meginmál laga þessara inn í lög nr. 92 frá 19. júní 1933 og gefa þau svo út sem lög um lögreglumenn.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn, er gert ráð fyrir, að bæjarfélögin annist löggæzluna í aðalatriðum, og eru með 1. gr. nefndra laga lagðar skyldur á þeirra herðar í því efni, þótt ríkissjóður greiði ⅙ hluta kostnaðar. Jafnframt er svo fyrir mælt í 6. gr. laganna, að þegar sérstaklega stendur á og nauðsynlegt er fyrir öryggi bæjanna, skuli fjölga því lögregluliði, sem ákveðið er í 1. gr., og greiðir ríkissjóður þá helming kostnaðar af þeirri ráðstöfun. Ennfremur er svo fyrir mælt í lögum þessum, að tollgæzlumenn og skipverjar á varðskipum ríkisins skuli í vissum tilfellum starfa sem lögreglumenn, ef nauðsynlegt þykir.

Eins og ljóst verður af ákvæðum þessara laga, sem nú hafa í örstuttu máli verið rakin, er aðallöggæzluskyldan lögð á herðar bæjanna, en þó með aðstoð ríkisins að verulegu leyti. En sá galli hefir komið í ljós á þessum lögum í framkvæmd, að samfara löggæzluskyldu bæjarfélaganna er liðið óhreyfanlegt milli staða, ef svo má segja. Þessi ágalli hefir ekki einungis komið fram hér á landi hvað eftir annað, heldur einnig og ekki síður erlendis, og hefir úr því verið bætt með því að gera alla bæjalögreglu að ríkislögreglu. Er það lögreglulið flytjanlegt milli staða eftir þörfum. Ríkið greiðir þá allan kostnað við löggæzluna, en bæjarfélögin endurgjalda a. m. k. sumstaðar einhvern hluta kostnaðarins.

Það hefir ekki þótt fært að stíga þetta spor hér, að gera alla lögreglu að ríkislögreglu, svipað og tíðkast sumstaðar á Norðurlöndum. Hinsvegar hefir sú leið verið farin, að gera breytingar á gildandi lögum, sem sníða af þeim verstu annmarkana, og skal gerð grein fyrir þeim breytingum hverri fyrir sig.

Verulegur kostnaðarauki verður ekki við þessa breytingu.

Um 1. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar gr. frv. er gerð sú efnisbreyting á gildandi lögum, að þegar varalögreglumenn eru kvaddir til starfa, skal ríkissjóður greiða allan kostnað við þá ráðstöfun. Einnig er talið allt of seinvirkt að leita samþykkis bæjarstjórna í hvert sinn, sem auka þarf fasta liðið, en aðalatriðið er þó það, að þegar bætt er við varaliðsmönnum, þykir rétt, að ríkissjóður greiði kostnaðinn og að hlutaðeigandi ráðherra taki ákvörðun um, hvort liðið skuli aukið, enda er jafnframt svo fyrir mælt, að allt liðið, bæði aðal- og varalið, skuli vera flytjanlegt milli staða eftir þörfum. Verður það að teljast sanngjarnt vegna þess, að nú greiðir ríkissjóður samkvæmt þessu frv. allan kostnað við varaliðið, sem bæjarfélögin greiddu áður að hálfu.

Með þessu eru verstu annmarkarnir sniðnir af núgildandi lögum, og flutningur liðsins milli staða færður til samræmis við það, sem aðrar þjóðir hafa talið nauðsynlegt að gera, án þess þó að breyta allri bæjalögreglu í ríkislögreglu.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar gr., að lögreglumenn fái laun sín úr ríkissjóði, eru í samræmi við 1. gr. og þurfa ekki skýringa við.

Um 3. gr.

a. Þessi liður þarf ekki heldur skýringa við. Efni hans og tilgangur er skýrður með 1. gr. Er svo fyrir mælt, að löggæzluliðið verði hreyfanlegt milli staða, en þó að sjálfsögðu settur sá varnagli, að nægilega mikið lið verði eftir til þess að annast löggæzlu heima fyrir.
b. Eitt af hinu nauðsynlegasta er menntun lögreglumanna, og er því ákveðið, að koma megi upp námskeiðum í Reykjavík fyrir þá. Aðrar skýringar óþarfar.
c. Í þessum lið er nýmæli. Þar er svo fyrir mælt, að í sveitum landsins og kauptúnum, þar sem ekki er starfandi lögreglulið, geti ráðherra löggilt sérstaka menn til þess, undir stjórn lögreglustjóra eða hreppstjóra, að halda uppi lögum og reglu á samkomum innan sveitar. Það er á allra vitorði, að samkomur úti um sveitir og sjávarþorp, þar sem er lítil eða engin löggæzla, fara víða þannig úr hendi vegna drykkjuskapar, að ekki verður við unað. Þyrpist oft á þessar samkomur fjöldi aðkomufólks, sem hagar sér með þeim hætti, að fullkomin vanvirða er að. Er vaknaður mikill áhugi úti um sveitir fyrir því að koma í veg fyrir þetta. Ákvæði greinarinnar miða að því, að unnt sé að koma upp sjálfboðasveitum í þessum tilgangi.
d. Þarfnast ekki skýringa.

Um 4.—6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 326. Frumvarp til laga

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera lögmannsembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Lögmaður fer með dómsmál, önnur en opinber mál, skiptamál, fógetagerðir, uppboð, þinglýsingar, skráning firma, samvinnufélaga og hlutafélaga, notarialgerðir, yfirfjárráð, borgaralega hjónavígslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af lögmanni, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu búi, úrskurðun fátækramála og uppkvaðning meðlagsúrskurða, og alþingiskosningar.

3. gr.

Sakadómari fer með opinber mál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhússins.

4. gr.

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn, samanber þó 3. gr., strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

5. gr.

Tollstjóri hefir forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til tryggingarstofnunar ríkisins, þ. á m. slysatryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, mælingu og skrásetningu skipa, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

6. gr.

Ráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglur um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

7. gr.

Verzlunarstaðurinn Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

8. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða, skil á innheimtufé og innheimtulaun af uppboðsandvirði.

9. gr.

Lögmaður, sakadómari, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 krónur, en launin hækka eftir annað, fjórða og sjötta ár í þessari röð um 300 krónur, 300 krónur og 400 krónur, upp í 9000 krónur.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, er embættunum fylgja, og hundraðsgjöld eða önnur innheimtulaun, sem ákveðin eru í lögum, skulu renna til eigenda innheimtufjárins. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

10. gr.

Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma sérstök störf eftir því sem nauðsyn krefur.

11. gr.

Lög nr. 67 frá 7. maí 1928, um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, eru úr gildi felld.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Greinargerð.

Með lögum nr. 67 frá 7. maí 1928, um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, er svo fyrir mælt, að í Reykjavík skuli vera tollstjóraembætti, lögmannsembætti og lögreglustjóraembætti. Í nefndum lögum er einnig ákveðið, að dómsvaldið skuli í lögreglu- og sakamálum heyra undir lögreglustjóraembættið. Með lögum þessum var á sínum tíma stigið verulegt framfaraspor frá því sem verið hafði; m. a. var eftir hinni nýju skipan rannsóknum í lögreglu- og sakamálum komið fyrir á einum og sama stað frá því að rannsókn byrjar og þar til henni er lokið, og var það mikilsvert. Auk þess voru með lögunum aðskilin óskyld störf, til þess að embættismennirnir gætu snúið sér óskiptir hver að sínu starfi. Þó var á lögum þessum verulegur galli. Lögreglustjóraembættinu var látið fylgja hvorttveggja: **dómsvald** í saka- og lögreglumálum og **löggæzla.** Starf lögmannsins er aftur á móti takmarkað við dómarastarf í einkamálum, auk ýmissa umboðsstarfa. Líku máli gegndi um starf tollstjórans. Með lögreglustjóra var þetta ekki þannig. Hans embætti er raunverulega tvær starfsgreinar, sem hvarvetna skiptast milli tveggja embættismanna, enda hefir sú þróun orðið í embættisfærslu lögreglustjórans, að annarsvegar er dómarastarfið með tvo fulltrúa (rannsóknardómara) til aðstoðar, en hinsvegar löggæzlan með yfirlögregluþjón og varðstjóra til aðstoðar. Vegna þess, hve hér er um ólík störf að ræða, er nauðsynlegt að aðskilja þau og fela framkvæmd þeirra tveimur mönnum. Hvor starfsgreinin fyrir sig krefst sérstakrar kunnáttu, og erfitt að finna menn, sem færir eru til að leysa hvorttveggja vel af hendi. Auk þess þarf ólíka skapgerð og hæfileika til hvors starfans um sig.

Þótt þetta séu veigamiklar ástæður, vegur þó enn meira, hve óviðeigandi það er

í bæ eins og Reykjavík, þar sem störfin eru mjög umfangsmikil, að löggæzla og dómsvald sé í höndum sama manns. Slíkt á sér hvergi stað annarstaðar, og verða útlendingar, sem koma fyrir rétt, ekki lítið undrandi þegar þeir frétta, að lögreglustjóri eigi að kveða upp dóm yfir þeim.

Af þessum ástæðum er ekki mögulegt að draga það lengur að skipta lögreglustjóraembættinu í tvö embætti, auk þess sem ýmis störf eru færð á milli frá því, sem verið hefir.

Hæstiréttur hefir gengið frá frumvarpinu í því formi, sem það nú er.

Það skal að vísu játað, að þessar breytingar hafa nokkurn kostnaðarauka í för með sér, en þó eigi verulegan. Að svo miklu leyti sem skrifstofuhald flyzt til lögmanns eða tollstjóra, flyzt að sjálfsögðu það starfsfólk einnig, er störfin hefir haft með höndum hjá lögreglustjóra. Aðalkostnaðaraukinn verður því vegna launa þess embættismanns, sem við bætist, og e. t. v. nokkur húsaleigukostnaður. En hversu rík áherzla, sem lögð er á sparnað, þarf ekki að búast við, að komizt verði hjá auknum greiðslum vegna löggæzlu í Reykjavík, svo hröðum skrefum vex bærinn, enda telur hann nú um þriðjung allra landsmanna.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 2. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um það, að skráning samvinnufélaga, hlutafélaga og annara fyrirtækja, úrskurðir í fátækramálum og uppkvaðning meðlagsúrskurða skuli framvegis heyra undir lögmannsembættið, en þessi störf hafa áður heyrt undir lögreglustjóraembættið. Verður þessi ákvörðun að teljast eðlileg, þar sem hér er um einkamál að ræða, en hvorki lögreglu- né sakamál. Er þetta einnig að öðru leyti meira í samræmi við það, sem eðlilegt verður að teljast.

Um 3. gr.

Eins og gr. ber með sér, er starf dómarans algerlega afmarkað við rannsókn opinberra mála, bæði fyrir dómi og utan dóms, svo og dómsuppsögn, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og stjórn hegningarhússins.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein fer lögreglustjóri með löggæzlumálin yfirleitt og hefir á hendi stjórn lögreglunnar í Reykjavík.

Um 5. gr.

Störf tollstjórans eru hér ákveðin svipað því, sem verið hefir, en þó bætt við hans starf slysatryggingu sjómanna, lögskráningu skipshafna og skrásetningu skipa. Verður þetta í eðli sínu að teljast heyra fremur undir tollstjóra og lögreglustjóra, þar sem tollstjóri hefir á hendi alla gæzlu við höfnina, hvað skip snertir.

Um 6.—12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Að lokum er rétt að geta þess, að dómsmálaráðuneytið hefir, eftir að hæstiréttur hafði í aðalatriðum gengið frá frumvarpinu eins og það liggur hér fyrir, sent það *lagadeild háskólans, lögmanninum í Reykjavík, lögreglustjóranum og tollstjóranum* í Reykjavík til umsagnar, með svo hljóðandi bréfi:

„DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík. 19. október 1939.

Þetta ráðuneyti hefir að undanförnu haft það til athugunar, að gera breytingar á lögum nr. 67 7. maí 1928, um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík. Höfuðókost þessara laga hefir ráðuneytið talið þann, að dómsvald í lögreglu- og sakamálum og lögreglustjórn eru í höndum eins og sama manns. Af ýms-

um ástæðum getur þetta fyrirkomulag ekki talizt hagkvæmt, en ekki er þörf hér að færa fram rök fyrir því. Sendir ráðuneytið yður hér með frumvarp til laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík. Hafa hæstaréttardómararnir samið frumvarpið, og er þar leitazt við að koma skiptingu starfanna milli dómsvalds, löggæzlu og tollgæzlu þannig fyrir, að hagkvæmt og eðlilegt megi teljast. Óskar ráðuneytið umsagnar yðar um frumvarp þetta við fyrsta tækifæri."

Tvær umsagnir hafa ráðuneytinu borizt, og fara þær hér á eftir:

„LÖGMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. október 1939.

Ráðuneytið hefir með virðulegu bréfi, dags. 19. þ. m., óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, sem hæstaréttardómararnir hafa samið, en frumvarp þetta fylgdi umgetnu bréfi ráðuneytisins.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að lagt verði undir lögmannsembættið skráning firma, samvinnufélaga og hlutafélaga, úrskurðun fátækramála og uppkvaðning meðlagsúrskurða, en þessir málaflokkar hafa ekki hnigið undir embættið áður.

Ég vil þegar virðingarfyllst benda á það, að þessi auknu störf munu óhjákvæmilega hafa í för með sér talsverðan aukinn kostnað við embættisreksturinn, bæði hvað starfskrafta snertir og húsrúm, sem sniðið var í upphafi eftir brýnustu þörfum embættisins þá.

Það virðist ekki úr vegi, að skráning firma, samvinnufélaga og hlutafélaga sé falin lögmannsembættinu og jafnvel úrskurðun fátækramála. Hinsvegar tel ég, að eðlilegt hefði verið að flytja mál til faðernis óskilgetinna barna til sakadómarans, og myndi þeim málum þá fylgja uppkvaðning meðlagsúrskurða og innheimta þeirra, önnur en lögtök.

Meðferð mála til faðernis óskilgetinna barna ber á sér öll einkenni meðferðar lögreglumála. Dómari skal af sjálfsdáðum afla allra upplýsinga og ganga til skýringar málinu, og til þess nýtur hann aðstoðar lögreglunnar. Hann getur orðið að láta sækja aðila með valdi til að gefa skýrslu fyrir dómi, auk þess sem allar kvaðningar, bæði til aðila og vitna, fara fram eins og í opinberum málum með aðstoð lögreglunnar. Lögregluaðstoð skal hann fá til framkvæmdar blóðrannsóknar, ef með þarf. Við uppkvaðningu úrskurða, eftir að dómur er genginn, þarf einnig að leita á náðir lögreglunnar til þess að boða viðkomandi mann, sem úrskurða á til meðlagsgreiðslu, og til innheimtu meðlaga skal lögreglan veita aðstoð sína.

Það verður að teljast óeðlilegt að láta mál þessi fylgja lögmannsembættinu, sem hefir enga lögreglu sér til aðstoðar, og hlýtur því óhjákvæmilega að leiða til aukins kostnaðar, sem ekki yrði, ef málin væru látin heyra undir það embætti, sem hefir lögregluna til umráða og aðstoðar við allar rannsóknir, enda er það svo í nágrannalöndunum, að lögreglan framkvæmir rannsóknir í barnsfaðernismálum utan réttar með sama hætti og í opinberum lögreglumálum.

(Sign.) Björn Þórðarson."

„LÖGREGLUSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. október 1939.

Hið háa ráðuneyti hefir með bréfi, dags. 19. þ. m., sent mér til umsagnar frumvarp, er hæstaréttardómararnir hafa samið um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, og vil ég í tilefni af þessu taka fram eftirfarandi:

Um aðalefni frumvarpsins, skipun dómsvaldsins og lögreglustjórnarinnar, hefi ég rætt við forsætisráðherrann, og tel ég því ekki ástæðu til að fara nánar út í það hér.

Um skiptingu þess starfs, sem skrifstofa lögreglustjórans nú annast að öðru leyti, vil ég leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Samkvæmt frumvarpinu er lögmanninum falin skráning firma, samvinnufélaga og hlutafélaga. Lögreglustjórinn á aftur á móti að annast afgreiðslu verzlunarleyfa og löggilding verzlunarbóka. Þessi störf tel ég sjálfsagt að hafa hjá sama embættinu, og tel ég engu máli skipta, hvoru þessara embætta þau eru falin.

Tollstjóra er samkvæmt frumvarpinu falin skipaskráning og lögskráning sjómanna. Lögreglustjórinn á aftur á móti að hafa á hendi afgreiðslu atvinnuleyfa til sjómanna og löggilding skipsbóka. Þessi störf tel ég einnig sjálfsagt að hafa hjá sama embættinu, en engu máli skipta, hvort þau eru falin lögreglustjóra eða tollstjóra.

Innheimta slysatryggingargjalda sjómanna og lögskráning verður að fylgjast að, og er eðlilegt, að þau störf séu annaðhvort hjá lögreglustjóra eða tollstjóra.

Uppkvaðning meðlagsúrskurða er í frumvarpinu falin lögmanni. Er þetta eðlilegt, enda fer hann með dómsvald í barnsfaðernismálum. Sömuleiðis tel ég eðlilegt að leggja úrskurðun fátækramála undir lögmannsembættið.

Annars er ég þeirrar skoðunar, að sú uppskipting, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að gerð verði á skrifstofustörfum núverandi lögreglustjóraembættis, sé óþörf, og er það álit mitt, að þessi störf mættu óskipt fylgja öðruhvoru hinna nýju embætta, sakadómaraembættinu eða lögreglustjóraembættinu, enda munu ýmsir erfiðleikar verða á framkvæmd þessarar skiptingar, m. a. að því er snertir húsnæði þeirra embættismanna, sem við störfunum eiga að taka.

(Sign.) Jónatan Hallvarðsson,
settur.“

Ed. 327. Frumvarp til laga

um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Enginn má reka tilbúning á vörutegund, sem gjald ber af að greiða samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi áður fengið til þess leyfisbréf hjá tollyfirvaldi, þar sem framleiðslan fer fram.

Fyrir leyfisbréfið skal gjalda 100 kr. til bæjar- eða sveitarsjóðs.

Fjármálaráðuneytinu skal heimilt að setja um það ákvæði í reglugerð, hvaða skilyrðum skuli fullnægja áður en slíkt leyfisbréf megi láta í té.

2. gr.

Af vörum, sem búnar eru til hér á landi og taldar eru í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða innlent tollvörugjald eftir því, sem segir í skránni.

1. kafli.

Sykurvörur og lakkrís.

Gjaldskrár nr.	Vörutegund	Gjaldeining	Vörumagnsgjald Aurar
1	Marzipan, sykrað	1 kg	210
2	Brjóstsykur	—	210
3	Munngúm (tyggigúmmí)	—	210
4	Töggur (karamellur)	—	210
5	Sykraðir ávextir	—	210
6	Önnur sætindi	—	210
7	Lakkrís og lakkrísvörur	—	70

2. kafli.

Kakaóvörur.

Gjaldskrár nr.	Vörutegund	Gjaldeining	Vörumagnsgjald Aurar
1	Hreint súkkulaði allskonar, svo sem suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og súkkulaðihúð	1 kg	105
2	Átsúkkulaði allskonar, svo sem súkkulaðihúðað munngæti (kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marzipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði og möndlusúkkulaði	—	210
3	Kókosbollur	—	210
4	„Negrakossar“	—	210
5	Rjómalengjur	—	210

3. kafli.

Kaffibætir og kaffilíki.

1	Kaffibætir	1 kg	60
2	Kaffilíki allskonar	—	60

4. kafli.

Drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.

1	Gosdrykkir allskonar	1 l	15
2	Maltöl	—	15
3	Annað öl	1 l	30
4	Óáfeng vín	—	105
5	Aldinsöft	—	70
6	Límonaðisöft	—	70
7	Litað sykurvatn með kjörnum	—	70
8	Aðrir slíkir drykkir og vökvar	—	70

5. kafli.

Tóbaksvörur.

1	Vindlar	1 kg	1100
2	Vindlingar	—	1500

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur séu gjaldskyldar eftir lögum þessum, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

3. gr.

Vörumagnsgjald það, sem um ræðir í 2. gr., skal greiða eftir magni varanna án umbúða. Af vörum þessum skal reikna ¾ úr tolleiningu og þar yfir sem heila, ¼ allt að ¾ hálfa, en minna broti skal sleppt.

4. gr.

Vörugerðarmaður skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi tollyfirvalds áður en varan er látin burt, seld eða send til umboðssölu.

Fjármálaráðuneytið skal endurgreiða gjald, sem greitt hefir verið samkvæmt lögum þessum af vörum, sem fluttar hafa verið til útlanda til sölu þar, ef útflutningur varanna fer eftir reglum tolllaga um endursending vara og útflutningsskýrslur og skjöl þau, sem þeim eiga að fylgja, bera það með sér, að vörurnar séu sendar til útlanda til sölu þar.

5. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar verða eftir lögum þessum, er vörugerðarmaður lætur þær af hendi, skulu vera að veði fyrir gjaldinu, sektum og málskostnaði. Séu skil

ekki gerð, getur tollyfirvald selt þær birgðir af tilbúinni gjaldskyldri vöru, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi, sektum og málskostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má tollyfirvald krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til gjaldskyldrar vöru eða efnis í hana, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi, sektum og málskostnaði í öðrum eignum gjaldanda.

6. gr.

Fjármálaráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um húsrúm og útbúnað, þar sem vörugerðin fer fram, um geymslu á hráefnum og tilbúnum óafhentum vörum. um gerð og merking umbúða, um afhending og sölu varanna, um allt bókhald vörugerðar og hverjum viðurlögum það sæti, ef bækur eru ekki færðar eins og fyrir er mælt, eða ef þær eru eyðilagðar, um eftirlit til tryggingar gjaldheimtunni og annað það, er þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna.

Ennfremur má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir, svo og um missi leyfisbréfs til vörugerðar og hvernig framfylgja skuli slíkri leyfissviptingu. Heimta má vottorð, útbúið á þann hátt, er getur í 155. gr. hegningarlaganna, um framtal vöru.

7. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum.

Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því að hafa sagt rangt til um vörugerð sína, hráefni, birgðir, hversu mikið hann hefir látið af hendi, eða hann hefir selt af birgðum í heimildarleysi án þess að gjaldið sé greitt, og varðar það þá minnst 100 kr. sekt, og auk þess ber að greiða þrefalda upphæð gjalds þess, sem reynt hefir verið að draga undan. Nú verður eigi sannað, hve há sú upphæð hefir verið, og skal þá ákveða hið þrefalda gjald eftir málavöxtum.

8. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, eða gegn reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal gera reikning eftir reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50 31. maí 1927, lög nr. 70 28. des. 1934, lög nr. 127 31. des. 1935 og lög nr. 27 13. júní 1937.

Leyfisbréf til vörugerðar, er gefin hafa verið út samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk fjármálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um einstök atriði þess. Milliþinganefnd í skatta- og tollamálum hefir yfirfarið frumvarpið að tilhlutun fjárhagsnefndar og hefir ekkert haft við það að athuga efnislega. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Eftir núgildandi lögum er innlent tollvörugjald ákveðið sem hluti af aðflutningsgjaldi samkvæmt tolllögunum frá 1911 og síðari breytingum á þeim lögum. Aðflutningsgjaldið frá 1911 er, eins og kunnugt er, vörumagnstollur, sem er miðaður við þunga varanna án umbúða. Í tollskrárfrumvarpi því, sem liggur

fyrir þinginu, er gert ráð fyrir því, að lögin um aðflutningsgjaldið frá 1911 skuli numin úr gildi, en tvennskonar aðflutningsgjöld, vörumagnstollur og verðtollur, skuli vera á vörum þeim, sem gjaldskyldar eru eftir lögunum frá 1911 og síðari breytingum á þeim. Þar eð ekki er tilætlunin, að innlenda tollvörugjaldið hækki eða að það verði bæði vörumagnsgjald og verðgjald, er nauðsynlegt að breyta lögunum og ganga þannig frá þeim, að innlenda tollvörugjaldið verði eftirleiðis, eins og hingað til, miðað við vörumagnstoll, sem er miðaður við magn varanna án umbúða. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir þessu. Þá er og ætlazt til, að gerðar verði nokkrar smávægilegar, en nauðsynlegar breytingar á almennum ákvæðum laganna, og verður gerð grein fyrir því, hverjar þær eru, í athugasemdunum um einstakar greinar frumvarpsins. Loks er öllum ákvæðum laganna steypt saman í ein lög, en ákvæðin eru nú í fernum lögum. Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Ákvæðin í þessari grein svara til ákvæðanna í 1. gr. laganna nr. 50/1927. Í 1. gr. frumvarpsins er þó gert ráð fyrir, að tollyfirvöldin láti í té leyfisbréfin til tollvörugerðar, en ekki lögreglustjóri, eins og nú er. Það eru tollyfirvöldin, sem innheimta tollvörugjaldið og hafa með höndum eftirlitið með tollvörugerðum. Lögreglustjórnin hefir engin afskipti af þeim málum. Þá er lagt til, að fjármálaráðuneytinu verði heimilað með reglugerðarákvæðum að ákveða skilyrði, sem skuli fullnægja áður en tollvörugerð megi taka til starfa. Það hefir stundum komið fyrir, að menn hafa byrjað á tollvörugerð án þess að hafa aflað sér nauðsynlegra gagna, t. d. hráefna- og framleiðslubóka, og hefir þá tolleftirlitið ekki getað fylgzt með rekstrinum frá byrjun. Með heimild þessari á að vera hægt að ganga svo frá því, að þetta eigi sér ekki stað.

Um 2. gr.

Gjöldin eftir gjaldskránni eru miðuð við gjaldhæð vörumagnstollsins eftir tollskrárfrumvarpinu, sem er ákveðinn eftir magni varanna án umbúða. Er það í samræmi við það, sem nú er gert, og verður þá gjaldhæðin í flestum tilfellum eins og hún er nú með 12% gjaldaukanum. Undantekningarnar frá þessu, sem eru allar í samræmi við þær breytingar, sem leiðir af tollskrárfrumvarpinu, eru þessar: Gjaldið af lakkrís lækkar úr kr. 2.10 í kr. 0.70. Gjaldið af kaffibæti, kaffilíki, gosdrykkjum og maltöli hækkar um 1 eyri. Gjaldið af vindlum lækkar um kr. 0.20, en hækkar á vindlingum um kr. 0.44. Á undanförnum árum hefir ekkert verið framleitt af tóbaksvörum hér á landi. Á árinu 1938 og það, sem af er þessu ári, hefir ekkert verið framleitt af lakkrís.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar er í samræmi við núgildandi reglur.

Um 4. gr.

Svarar til 4. gr. laganna nr. 50/1927 og laga nr. 127/1935. Í lögunum frá 1935 er gert ráð fyrir undanþágu frá tollvörugjaldi fyrir þær tollvörutegundir, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar. Vegna ákvæðanna í 4. gr. laganna nr. 50/1927 er undanþága að þessu leyti ekki framkvæmanleg, enda hefir ákvæði þetta ekki verið framkvæmt á þann hátt, heldur með endurgreiðslu. Ákvæðið í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er í samræmi við þær reglur, sem fylgt hefir verið.

Um 5. gr.

Samhljóða 5. gr. laganna nr. 50/1927 að öðru leyti en því, að lagt er til, sem sjálfsagt þykir, að sömu reglur gildi um málskostnað og sektir.

Um 6. gr.

Er að öllu verulegu samhljóða 3. gr. laga nr. 70/1934. Nokkrum atriðum til tryggingar gjaldheimtunni er þó bætt við, t. d. heimild til að kveða á um geymslu hráefna og um viðurlög við því, ef birgðabækur eru eyðilagðar.

Um 7. gr.

Aðalbreytingin frá núgildandi 7. gr. laga nr. 50/1927 er sú, að ákvæðin um hámark sekta eru felld niður. Það þykir rétt, enda í samræmi við ákvæði laganna um tollheimtu og tolleftirlit, að hámark sekta fari eftir almennum reglum eða lögum nr. 13/1925.

Um 8. gr.

Samhljóða 8. gr. laga nr. 50/1927.

Um 9. gr.

Að efni til í samræmi við 9. gr. laga nr. 50/1927.

Um 10. og 11. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

Ed. 328. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 63 31. desember 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Á höfnum, þar sem ekki er tollstjóri, en fjármálaráðuneytið telur nauðsyn á að hafa tollheimtu og tolleftirlit, skal tollstjóri í því umdæmi, sem höfnin er, hafa umboðsmann. Ráðuneytið gerir skrá um það, hvar tollstjórar hafa aðsetur og á hvaða höfnum þeir hafa umboðsmenn, og birtir skrána í Lögbirtingablaðinu og B-deild Stjórnartíðindanna. Verði breytingar á skránni, auglýsir ráðuneytið það á sama hátt.

Þegar talað er um höfn í lögum þessum, er átt við höfn, þar sem tollstjóri er eða umboðsmaður tollstjóra.

2. gr.

Á eftir 1. málsgr. 5. gr. laganna bætast 2 nýjar málsgreinar:

Skipstjóra aðkomuskips, sem er innan landhelginnar, ber að sigla skipi sínu til ákvörðunarstaðar eins beina leið og eins hraðfara og ástæður leyfa.

Þá er tollstjórninni heimilt, ef henni þykir ástæða til, að mæla svo fyrir, að skip megi ekki liggja eða hafast að utan hafna innan landhelginnar.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ákveða má með reglugerð, að öll skip og flugför skuli á leið frá útlöndum, eða áður en lagt er af stað til útlanda, koma, nema tilneydd séu, á tilteknar hafnir eða flugvelli til að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi.

Verði slík reglugerð, sem hér er gert ráð fyrir, gefin út, skal hún ekki öðlast gildi fyrr en 3 mánuðum eftir að hún er gefin út, og skal senda hana umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk fjármálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um einstök atriði þess. Milliþinganefnd í skatta- og tollamálum hefir að tilhlutun fjárhagsnefndar farið yfir frumvarpið og hefir ekkert haft við það að athuga efnislega.

Frv. fylgdu eftirfarandi ástæður:

Með frumvarpinu er ætlazt til, að gerðar verði breytingar á þremur greinum laganna um tollheimtu og tolleftirlit, en við framkvæmd laganna hefir komið í ljós, að breytingar þessar eru nauðsynlegar. Við samning þessara breytinga hefir verið stuðzt við erlend lagafyrirmæli um þessi efni, en tollmálin eru ein þeirra mála, þar sem fylgja verður alþjóðareglum svo sem mögulegt er. Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir breyting á 3. gr. laganna, en eftir þeirri grein, eins og hún er nú, skulu tollyfirvöldin hafa umboðsmenn á öllum þeim löggiltum höfnum, þar sem þau hafa ekki sjálf aðsetur. Jafnan hefir verið litið svo á, að löggilt höfn og löggiltur verzlunarstaður væri það sama.

Fyrirmælið í 3. gr. tolllaganna, að tollyfirvöldin skuli hafa umboðsmenn á þeim löggiltum höfnum, þar sem þau hafa ekki sjálf aðsetur, var tekið eftir 5. gr. laganna nr. 65/1933, um sóttvarnir gagnvart útlöndum, en í 5. gr. þeirra segir, að sóttvarnarnefnd skuli vera á hverjum löggiltum verzlunarstað hér á landi, og að ef sýslumaður hafi ekki aðsetur á verzlunarstaðnum, skuli umboðsmaður hans þar vera formaður sóttvarnarnefndar og sóttgæzlumaður. Bæði um þetta fyrirmæli og um fyrrnefnd fyrirmæli í 3. gr. tolllaganna er það að segja, að þeim hefir ekki verið framfylgt alstaðar, og er það eðlilegt, þar sem telja má næsta ókleift að fullnægja þeim sumstaðar, og þar að auki hefir það enga þýðingu haft fyrir atvinnulífið, að þeim væri framfylgt þar. Er hér átt við þá löggilta verzlunarstaði, þar sem er engin föst verzlun eða atvinnurekstur, sem leiða af sér skipakomur. Sem dæmi þessara löggiltra verzlunarstaða nægir að nefna Maríuhöfn í Hvalfirði, Fjörð í Múlahreppi, Selvík í Skagafirði, Fjallahöfn í Axarfirði, Dyrhóla, Jökulsárós á Sólheimasandi og Holtsós undir Eyjafjöllum. Þessu til viðbótar skal á hinn bóginn á það bent, að til eru hér á landi hafnir, sem ekki eru löggiltar, en þar sem er verzlun og atvinnurekstur, sem leiða af sér skipakomur. Nægir í þessu sambandi að benda á Ingólfsfjörð og Hrísey. Það hafa að vísu verið gefin út lög um löggilding verzlunarstaðar við Syðstabæ í Hrísey, en þar sem takmörk verzlunarlóðarinnar hafa ekki verið ákveðin og birt, hafa lög þessi ekki öðlazt gildi. Það hafa vandræði af þessu hlotizt, og hefir m. a. þurft að endurgreiða skipakomugjöld af skipum, sem lágu við Syðstabæ og hreppstjóri fór út í.

Þýðing þess að lögum, að verzlunarstaður er löggiltur, er, auk þess, sem fyrr getur, aðallega sú, að þar má stofna fasta verzlun, að þá getur hver sá maður, sem rétt hefir til verzlunar hér á landi, fengið sér útmælda lóð til verzlunar þar, að sjávarútvegsmenn, sem búsettir eru hér á landi, geta fengið sér þar útmælda lóð til útvegs, að á lóðir eða húseignir, sem þar eru, má ekki leggja þá kvöð, að þær megi ekki nota til verzlunar eða annarar tiltekinnar atvinnu, að einstakir menn, sem kunna að eiga höfn, sem slíkur verzlunarstaður er við, mega ekki bægja neinum frá að leggja skipum sínum þar við akkeri, né frá aðgöngu að höfninni til þess að ferma eða afferma skip, að svo miklu leyti, sem það kemur ekki í bága við bryggjuafnot sjálfra þeirra, að slíkir menn megi ekki heldur varna stjórnarvöldum eða einstökum mönnum að gera hringa, landfestar eða önnur skipfestaráhöld þar á höfninni, sem slík áhöld eru nauðsynleg, og að þessir menn mega ekki banna öðrum að gera þar lendingarbætur eða aðrar umbætur, sem eru nauðsynlegar sjávarútvegi þar. Af þessari upptalningu sést það, að nauðsynin á að fá tiltekinn stað löggiltan sem verzlunarstað kemur í flestum tilfellum til áður en á staðnum

er stofnsett verzlun eða atvinnurekstur, sem leiða af sér skipakomur, og að það getur hæglega komið fyrir, að á stað, sem hefir verið löggiltur sem verzlunarstaður, komi aldrei verzlun eða atvinnurekstur, sem leiða af sér skipakomur. Það er því ekki rétt að skylda tollyfirvöldin til að hafa umboðsmenn á öllum þeim stöðum, sem hafa verið löggiltir sem verzlunarstaðir. Auk þess er það ekki með öllu hættulaust að gera ráð fyrir því í lögum, að á höfnum séu tollumboðsmenn, sem geti afgreitt skip, þar sem engir eru og ókleift getur verið að fylgjast með skipakomum.

Í nágrannalöndunum, t. d. í Noregi, er það tollráðuneytið, sem ákveður það, hvar tolltökustaðir (tollsteder) skuli vera. Hér er ætlazt til, að fjármálaráðuneytið ákveði það eftir þörfunum á hverjum tíma. Er það hliðstætt því, sem annarstaðar tíðkast.

Um 2. gr.

Fyrri viðbótin við 5. gr. laganna á að vera aðvörun til þeirra, sem hafa smygl í huga, og með henni á að skapa grundvöll undir refsiábyrgð, ef svo ber undir, að ekki verður hægt fyrir tolleftirlitið eða varðskipin að færa sannanir fyrir því, að smygl í land eða í önnur skip hafi átt sér stað utan hafna. Refsiábyrgðin lendir því á skipum, sem eru að sveima um í landhelginni, stöðva ferð sína eða taka krók á leið sína, sem þau geta ekki gefið fullnægjandi skýringar á. Fyrirmæli þetta er samhljóða 12. gr. norsku tolllaganna og hefir reynzt þar nauðsynlegt í baráttunni við smyglaraskip.

Með síðari viðbótinni við 5. gr. er það gert mögulegt að banna skipum, sem í eru tollvörur, að liggja eða hafast að utan hafna, þar sem engu tolleftirliti er hægt að koma við og því auðvelt að smygla tollvörum í land eða í önnur skip. Heimild þessi mun að sjálfsögðu ekki verða notuð, nema sérstaklega standi á, en reynslan hefir sýnt það, að nauðsynlegt getur verið, að í lögum sé til heimild sem þessi.

Um 3. gr.

Heimildin í 7. gr. hefir verið bundin við farþega- og vöruflutningaskip, en reynslan hefir sýnt það, að það getur ekki síður verið varhugavert að heimila öðrum skipum að afgreiða sig frá útlöndum á hinum smærri höfnum, þar sem engin sérstök tollgæzla er og ekki er hægt að koma við öruggri tollrannsókn, sem ekki verður framkvæmd nema af æfðum mönnum. Það er því lagt til, að heimildin geti tekið til allra skipa. Samskonar heimild í tolllögum nágrannaríkjanna er engum takmörkum háð, svo að hér á landi, þar sem ekki er eins öflug tollgæzla og þar, ætti því síður að vera ástæða til að takmarka hér þessa heimild.

Þá er gert ráð fyrir heimild til að fyrirskipa skipum að afgreiða sig til útlanda frá tilteknum höfnum. Það er afarþýðingarmikið, að þess sé vandlega gætt, að skip fari ekki héðan fyrr en full grein hefir verið gerð fyrir útflutningsfarmi. Reynslan hefir sýnt það, að slík rannsókn er oft ekki á valdi tollumboðsmanna á hinum smærri höfnum, og ef ástæða er til að rengja skýrslur um farm, getur oft verið ómögulegt að koma við rannsókn á farmi á þessum höfnum.

Ákvæðin um tilkynningarskylduna eru felld niður. Það þykir réttara, að ákvæðin um hana og yfirleitt ákvæðin um þau atriði, sem ræðir um í 7. gr. laganna, séu sett í reglugerð, og má þá fara eftir þörfunum á hverjum stað og tíma. Á ófriðartímum, eins og nú eru, er ekki rétt að leggja tilkynningarskyldu á skipin.

Loks er lagt til, að ákvæðið um það, að brot á reglugerðinni skuli ákveðin eftir lestatölu skipa og farþega- og vörurúmi flugtækja, skuli fellt niður. Það þykir rétt, að þessi refsing, eins og aðrar refsingar eftir lögunum, sé ákveðin af dómara eftir málavöxtum. Heimildin til að ákveða sektir fyrir brot gegn reglugerðinni er í 48. gr. laganna.

Um 4. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Ed. 329. Frumvarp til laga

um vinnutíma starfsstúlkna á heimilum.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Fyrirmæli þessara laga ná til allra þeirra kvenna, sem vinna að algengum störfum á heimilum, svo og til þeirra kvenna, sem ganga um beina, aðstoða við matreiðslu, þvotta og hreingerningu á sjúkrahúsum, veitingahúsum og öðrum þesskonar stofnunum.

2. gr.

Hámarksvinnutími þeirra kvenna, er um ræðir í 1. gr., skal vera 10 stundir á dag 6 daga vikunnar, eða alls 60 klukkustundir á viku. Starfsstúlka skal hafa einn heilan frídag í viku hverri, er ákveðinn skal eftir samkomulagi fyrirfram fyrir allan vistartímann, þó þannig, að a. m. k. annarhver frídagur sé sunnudagur.

Sú stúlka, sem starfað hefir a. m. k. einn mánuð í vist, á rétt á einum frídegi auk hinna vikulegu frídaga. Þegar um lengri vistráðningartíma er að ræða, skulu þessir frídagar veittir í einu lagi sem sumarfrí, þó þannig, að stúlka, sem ráðin er í ársvist, skal fá 14 daga sumarfrí alls. Ekki er heimilt að skerða laun stúlkna vegna þessara frídaga.

3. gr.

Nú vinnur starfsstúlka einhvern dag lengur en 10 klst., og á hún þá rétt á að fá umframvinnu sína greidda samkvæmt gildandi eftirvinnutaxta verkakvenna á staðnum. Heimilt er þó að semja um, að starfsstúlku sé eigi greidd eftirvinnan í peningum, en þá skal hún fá frí frá vinnu, er sé jafnlangt þeim stundafjölda, er hún hefir unnið umfram 10 stunda vinnudag eða 60 stunda vinnuviku, sé greiðsla eftirvinnu eða uppgjör framkvæmt vikulega.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varðar sektum frá 50—1000 krónum. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram komið vegna ítrekaðra óska frá stúlkum, sem vinna í húsum. Í starfsstúlknafélaginu „Sókn“ í Reykjavík hefir mál þetta oft verið rætt og samþykktir verið gerðar í þá átt að fá vinnustundafjölda stúlkna, sem vinna í vistum eða á veitingastöðum, takmarkaðan. Ennfremur samþykkti 5. landsfundur kvenna sumarið 1938 ályktun til ríkis og bæjarstjórna að hlutast til um að takmarka vinnustundafjölda stúlkna, sem vinna í húsum. Eins og nú er ástatt, er lítil von til þess, að stúlkurnar sjálfar af eigin rammleik geti komið fram þessari sjálfsögðu kröfu, vegna þess hve þær eru dreifðar og samtök þeirra veik. En það verður æ ljósara, að nauðsyn er á, að þetta mál verði afgreitt af löggjafanum, svo þessi vinnustétt megi verða aðnjótandi sömu réttinda og aðrar vinnustéttir landsins.

Nd. 330. Frumvarp til laga

um stofnun prófessorsembættis í uppeldisfræði og barnasálafræði í heimspekideild Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Í heimspekideild Háskóla Íslands skal stofna prófessorsembætti í uppeldisfræði og barnasálarfræði. Við veitingu embættisins skal höfð hliðsjón af því, að sá, er það fær, geti, ef á þarf að halda, tekið að sér að kenna stúdentum heimspekileg forspjallsvísindi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi samkvæmt ósk Sambands íslenzkra barnakennara og eftir meðmælum heimspekideildar háskólans. Var frv. þá afgreitt frá neðri deild, en dagaði uppi í efri deild. Er frv. nú flutt á ný í þeirri mynd, sem það var, þegar það var afgreitt til efri deildar.

Nd. 331. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 7 11. marz 1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 23. nóv. 1939.

Sveinbjörn Högnason, form. Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr., frsm. Steingr. Steinþórsson.
Sigurður Kristjánsson. St. Stefánsson.

Ed. 332. Nefndarálit

um frv. til laga um hitaveitu Reykjavíkur.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir farið yfir frumvarp þetta, sem borið er fram af félagsmálaráðherra samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Hún hefir einnig athugað breytingartillögur frá sama ráðherra við 7. og 8. gr. frumvarpsins og fallizt á að mæla með því, að það verði samþykkt með þeim breytingum. Auk þess telur nefndin rétt að gera breytingartillögu við 3. gr. frumvarpsins til betra orðalags. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. Við 3. gr. Í stað upphafs 2. málsgr., „Bæjarstjórn getur ... heimæðakostnaðinn“, kemur: Bæjarstjórn sér um lagningu heimæða og getur samið við húseiganda um, að hann greiði heimæðagjaldið.

II. Við 7. gr.

A. 4. mgr. orðist svo: Vanefni bæjarstjórnin skyldur sínar samkvæmt veðskuldbindingunni, skal veðhafa heimilt að taka fyrirtækið í sínar hendur og reka það fyrir eiginn reikning, eða fá öðrum rekstur þess í hendur, með öllum skyldum og réttindum, sem bæjarstjórn rak það, þar til hann hefir fengið kröfur sínar greiddar að skaðlausu, en auk þess er veðhafa heimilt að ganga að veðinu, ef hann kýs það heldur. Ef vanefndir stafa af óviðráðanlegum atvikum (force majeure) eða ófyrirsjáanlegum, afsakanlegum drætti, má bæta úr þeim með greiðslu svo fljótt sem verða má, og í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Er svo stendur á, verður því ekki leitað fullnustu í hitaveitunni, né hún tekin í hendur veðhafa til rekstrar, fyrr en þrír mánuðir eru liðnir frá því vanefndir urðu.

B. Í stað orðanna í 6. málsgr. „áfallna vexti og afborganir að skaðlausu ásamt“ komi: veðskuldina að skaðlausu með vöxtum og.

III. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allar skuldbindingar, sem bæjarstjórn Reykjavíkur tekst á hendur nú eða síðar vegna hitaveitu samkvæmt lögum þessum, allt að 9 milljónum danskra króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í annari mynt.

Alþingi, 22. nóv. 1939.

Bernh. Stefánsson, form., með fyrirv.	Magnús Jónsson, frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.

Sþ. 333. Tillaga til þingsályktunar

um fasteignaveðslán veðdeildar Landsbanka Íslands.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Jón Pálmason, Þorst. Þorsteinsson, Ingvar Pálmason, Páll Hermannsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það við stjórn veðdeildar Landsbanka Íslands, að lán út á fasteignir verði hér eftir veitt eftir sömu reglum, hvort sem fasteignin er í sveit, kauptúni eða kaupstað.

Greinargerð.

Veðdeild Landsbankans hefir lánað ⅖ hluta af virðingarverði húsa út á fyrsta veðrétt, og hefir lítil fyrirstaða verið fyrir því að fá slík lán. Hinsvegar hefir hún ekki lánað nema ¼ af virðingarverði húsa, ef þau eru á jörðum í sveit eða í smákauptúnum úti um land, og neitað um lán, ef um ójárnvarin timburhús er að ræða eða húsið stendur ekki á sjálfri verzlunarlóðinni í kauptúninu.

Þetta hefir orðið til þess, að bændur, sem þurft hafa að leita til veðdeildarinnar með lán, hafa ekki fengið nema lítið lán, samanborið við fasteignaeigendur í Reykjavík, og sama er að segja um fasteignaeigendur í ýmsum smærri kauptúnum. Þetta hefir jafnvel stundum orðið til þess, að menn, sem atvinnu hafa stundað í smásjávarþorpum, hafa ekki getað komið sér upp húsi handa sér og sínum og því orðið að flytja þaðan, og þá helzt til Reykjavíkur, enda þótt þar virðist nógu margir atvinnuleysingjar fyrir.

Með tillögunni er farið fram á það, að ráðherra sá, er hefir æðstu yfirráð yfir veðdeildinni, hlutist til um, að henni verði hér eftir stjórnað þannig, að allir eigi þar jafnan rétt til lántöku, sem þurfa að fá þar lán og hafa fasteign að veðsetja.

Nd. 334. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
3. málsgr. 4. gr. laganna falli niður.

Alþingi, 23. nóv. 1939.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm. Sveinbjörn Högnason.
Thor Thors. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 335. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Helgi Jónasson.

1. gr.

Niðurlag 16. gr. laganna („en hlutaðeigandi atvinnurekandi ... sektum.") orðist svo: en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að endurgreiða bætur þær, sem slysatryggingin kann að greiða vegna slysa, sem hinir ótryggðu en tryggingarskyldu menn verða fyrir, og auk þess sæta sektum.

2. gr.

Á eftir 3. málsgr. 24. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Nú lækka tekjur gjaldskylds manns, sem eigi hefir rétt til sjúkrahjálpar vegna þess, að hann hefir haft tekjur umfram það, er í fyrstu málsgr. segir. Skal hann þá fá rétt til sjúkrahjálpar frá 1. júlí, ef hann fyrir þann tíma færir sönnur á, að tekjur hans hafi á næsta almanaksári á undan farið niður fyrir áðurgreint hámark. Tilsvarandi ákvæði gilda, er tekjur samlagsmanns fara yfir fyrrgreint hámark.

3. gr.

26. gr. laganna orðist svo:
Í hverjum kaupstað skal starfa sérstakt sjúkrasamlag. Ráðherra skipar formann samlagsins og varaformann eftir tillögum tryggingarráðs, en bæjarstjórn kýs til viðbótar 2 eða 4 menn í stjórn og jafnmarga til vara, eftir því sem bæjarstjórn ákveður. Skal kosning þeirra jafnan fara fram eftir hverjar bæjar- eða sveitarstjórnarkosningar.

4. gr.

Á eftir 28. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og greinatalan breytist samkvæmt því):
Nú er heimavistarskóli fyrir fólk yfir 16 ára aldur starfandi í sveitarfélagi, þar sem eigi hefir verið stofnað sjúkrasamlag, og er þá ráðherra heimilt, ef meiri hluti nemenda og starfsfólks skólans óskar þess og Tryggingarstofnun ríkisins mælir með

því, að ákveða, að þar skuli stofna skólasjúkrasamlag, enda sé við stofnun þess fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Samlagið nái að jafnaði yfir einn skóla. Þó mega tveir eða fleiri skólar innan sama sveitarfélags vera um samlagið.
2. Allir nemendur og starfsmenn skólans, eldri en 16 ára, svo og þeir, sem skólavist hafa með sérstakri undanþágu frá því aldurstakmarki, sem eigi hafa rétt til sjúkrahjálpar sem meðlimir annara sjúkrasamlaga og eigi eru haldnir alvarlegum langvinnum, virkum sjúkdómi, hafa rétt og skyldu til að vera í samlaginu, svo og skyldulið starfsmanna. Þeir, sem hafa yfir 4500 króna skattskyldar árstekjur, fá því aðeins réttindi til sjúkrahjálpar, að þeir greiði tvöfalt iðgjald.
3. Meðlimatala samlagsins sé eigi lægri en 40 og dvalartími nemenda eigi skemmri en 6 mánuðir. Lágmarksréttindi séu þau, sem greinir í 30. gr. 1.—3. tölulið.
4. Trygging nemenda og starfsfólks, sem búsett er utan hreppsins, nær aðeins til kennslutímabilsins eða þess tíma, sem þeir dvelja á skólastaðnum, og gildir aðeins fyrir þá sjálfa, enda séu iðgjöld þeirra miðuð við, að þeir öðlist réttindi án biðtíma. Ef nemandi verður að hverfa af skólanum vegna veikinda eða er veikur þegar skólanum er slitið, er samlagsstjórn þó heimilt að greiða sjúkrakostnað fyrir hann allt að einum mánuði. Aðrir meðlimir halda tryggingunni við óslitið og geta látið hana ná til barna sinna.
5. Samlaginu sé heimilt að veita viðtöku mönnum, búsettum í nágrenni skólans, með sömu skyldum og réttindum og starfsfólki, búsettu á skólastaðnum.
6. Nánari ákvæði skal setja í samþykkt samlagsins, sem ráðherra staðfestir. að fengnum tillögum tryggingarstofnunarinnar.

Nú er skólasamlag stofnað samkvæmt því, er að framan segir, og greiðir þá ríkissjóður framlag í sjóð samlagsins, er nemur 50% greiddra iðgjalda frá nemendum og starfsfólki, sem búsett er utan hreppsins, og 25% af iðgjöldum annara samlagsmanna.

Sveitarsjóður greiðir í sjóð samlagsins upphæð, er nemur 25% af iðgjöldum samlagsmanna búsettra í hreppnum. Framlag ríkissjóðs og sveitarsjóðs má þó aldrei fara fram úr 10 krónum á ári frá hvorum aðila fyrir hvern meðlim.

5. gr.

Eftir 3. málsgr. 30. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem sjúkrasamlög hafa verið stofnuð samkvæmt þessum lögum og starfandi er skóli eða skólar fyrir fólk yfir 16 ára aldur, sem búsett er utan kaupstaðarins eða hreppsins, enda sé tala slíkra nemenda eigi lægri en 40, skal setja í samþykkt hlutaðeigandi samlags sérákvæði um iðgjaldagreiðslur slíkra utanhéraðsmanna, og skal miða iðgjaldið við það, að þeir öðlist réttindi án biðtíma. Tryggingin nái aðeins til þeirra sjálfra og aðeins til þess tíma, er þeir dvelja á skólastaðnum. Framlag ríkissjóðs til samlagsins vegna þessara nemenda skal vera 50% af iðgjaldagreiðslu þeirra.

6. gr.

Næstsíðasta málsgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Sjúkrasamlögum er heimilt að gera samninga um gagnkvæm réttindi og skyldur meðlima sinna, þannig að sjúkrasamlagsmeðlimir, sem dvelja mánuð eða lengur á samlagssvæði annars samlags, t. d. í atvinnu eða við nám, og þarfnast þar sjúkrahjálpar, njóti fullra meðlimsréttinda hjá sjúkrasamlagi dvalarstaðarins. Þegar slíkur samningur er gerður, fer um greiðslur til lækna, lyfjabúða, sjúkrahúsa og annara, sem láta sjúkrahjálp í té vegna slíkra meðlima, eftir sömu reglum og gilda um greiðslur fyrir meðlimi sjúkrasamlags dvalarstaðarins. Nú takast eigi slíkir samningar milli allra sjúkrasamlaga, og getur þá Tryggingarstofnun ríkisins, með samþykki ráðherra, sett reglur um, að slíkir meðlimir skuli njóta sömu réttinda og kjara á samlagssvæði annara samlaga og aðrir meðlimir þeirra, enda endurgreiði þá sjúkrasamlag þeirra þann kostnað, sem sjúkrasamlag dvalarstaðarins hefir vegna slíkra meðlima. Sama

máli gegnir um erlenda ríkisborgara, ef samningar eru gerðir samkvæmt 89. gr. þessara laga. Slíkir samningar um gagnkvæm réttindi samlagsmeðlima taka þó eigi til þeirra meðlima, er koma veikir eða í því skyni að leita sér lækninga á öðru samlagssvæði.

7. gr.

Aftan við 30. gr. laganna bætist: kostnað vegna kynsjúkdóma og ekki hælis- eða sjúkrahúsvist berklasjúklinga, sem smitunarhætta stafar af, né heldur geðveikrasjúklinga, sem eru hættulegir sér eða umhverfinu.

8. gr.

a. Aftan við 1. málsl. 36. gr. laganna bætist: Skal stjórn þess þá snúa sér til Tryggingarstofnunar ríkisins og leita aðstoðar hennar til þess að rétta við hag samlagsins.
b. Í stað „Skal stjórn þess þá“ í næsta málsl. sömu lagagr. komi: Jafnframt skal stjórnin gera.

9. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Ef tryggður maður veikist utan samlagssvæðisins, á hann rétt til sjúkrastyrks frá sjúkrasamlagi sínu, en þó eigi hærri en ef hann hefði notið hans á samlagssvæðinu.

Nú vill samlagsmaður leita sér læknishjálpar utan samlagssvæðisins, og er samlagsstjórn þá á sama hátt heimilt að greiða kostnað af þeirri læknishjálp, enda sæki samlagsmaður um það fyrirfram til samlagsins og fái meðmæli trúnaðarlæknis eða samlagslæknis, ef enginn er sérstakur trúnaðarlæknir.

10. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Nú flyzt tryggingarskyldur maður, sem er tryggður í sjúkrasamlagi, í umdæmi annars sjúkrasamlags. Verður hann þá tryggingarskyldur þar og öðlast full réttindi í því samlagi án biðtíma. Hafi hann greitt iðgjald fyrirfram til samlags þess, er hann var meðlimur í, fyrir lengri tíma en einn mánuð, skal sá hluti fyrirframgreiðslunnar, er fellur á tímann eftir flutninginn, ganga til þess samlags, sem við honum tekur. Tryggingarstofnun ríkisins getur sett nánari reglur um flutning meðlima milli sjúkrasamlaga, þar á meðal um slíka flutninga sjúkra manna.

11. gr.

2., 3. og 4. málsgr. 40. gr. laganna falli niður. Í stað þeirra komi:

Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld tryggingarskyldra, lögskráðra sjómanna, enda taki þá sjúkrasamlagið á sig áhættu þá, sem á útgerðarmanni hvílir samkv. 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, að svo miklu leyti sem hún fellur saman við hlunnindi þau, sem samlagið veitir samkvæmt samþykktum sínum.

Heimilt skal útgerðarmanni að semja við sjúkrasamlag um, að það taki að sér gegn aukagjaldi þá áhættu, sem útgerðarmaður ber samkvæmt sjómannalögum og umfram er þá áhættu, sem sjúkrasamlagið tekur á sig samkvæmt samþykktum sínum.

12. gr.

Á eftir „sökum sjúkdóms“ í fyrstu málsgr. 41. gr. laganna komi: eða slyss.

13. gr.

Aftan við 1. málsl. 42. gr. laganna bætist: ef hlutaðeigandi samlagsstjórn óskar þess.

14. gr.

1. málsgr. 50. gr. laganna orðist svo:

Undanþegnir hinni árlegu iðgjaldagreiðslu samkvæmt 49. gr. eru þó þeir, sem:

1. njóta örorkulífeyris úr Lífeyrissjóði Íslands,

2. njóta opinbers styrks samkvæmt ákvæðum laga um styrkveitingar til þeirra manna, sem haldnir eru alvarlegum langvinnum sjúkdómum,
3. dvelja í fangelsum, vinnuhælum eða öðrum slíkum stofnunum samkvæmt opinberri ráðstöfun,
4. greiða iðgjöld samkvæmt sérákvæðum 62. gr. hér á eftir.

15. gr.

a. Á eftir orðunum „gera skrá“ í 1. málsgr. 61. gr. laganna komi: í tveimur eintökum.
b. 2. málsl. 2. málsgr. orðist svo:
Annað eintak gjaldskrárinnar sendist síðan lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), sem annast innheimtuna, hitt eintakið Tryggingarstofnun ríkisins.

16. gr.

a. 2. málsl. 1. málsgr. 62. gr. laganna orðist svo: Embættismenn og barnakennarar greiða framvegis iðgjöld í sjóði þessa eftir sömu reglum og áður, enda eru þeir og konur þeirra ekki tryggingarskyld samkvæmt ákvæðum þessara laga um elli- og örorkulífeyri.
b. 2. málsgr. sömu lagagr. orðist svo:
Um gjaldskyldu sjóðfélaga í eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka Íslands samkv. lögum nr. 10 15. apríl 1928 og sjóðfélaga í eftirlaunasjóði Útvegsbanka Íslands fer eftir 49. gr. síðustu málsgr.

Greinargerð.

Fyrir yfirstandandi Alþingi liggur frumvarp til laga um breyting á lögum um alþýðutryggingar, og eru flutningsmenn þess Haraldur Guðmundsson, Jakob Möller og fl. þessa frumv. Fjallar það aðallega um stofnun skólasamlaga, en auk þess eru nokkrar smávægilegar breytingar á lögunum, sem aðallega snerta framkvæmd þeirra. Frumvarp þetta með tilheyrandi greinargerð er tekið að mestu óbreytt upp í frumvarp það, sem nú er lagt fyrir Alþingi, en nokkrum breytingartillögum hefir verið bætt við. Eru þær í samræmi við tillögur, sem samþykktar voru á fulltrúafundi sjúkrasamlaganna, sem haldinn var í Reykjavík dagana 19.—21. júní 1939.

Síðan lögin um alþýðutryggingar gengu í gildi hafa oftar en einu sinni borizt umleitanir til tryggingarstofnunarinnar frá alþýðuskólum í sveitum, þar sem farið hefir verið fram á, að skólasamlög yrðu viðurkennd og þeim veittur ríkisstyrkur. Samkvæmt lögum um alþýðutryggingar er eigi heimilt að styrkja slík samlög, þar sem lögin alls ekki ná til annara sjúkrasamlaga en þeirra, sem lögboðin eru í kaupstöðum, og samlaga utan kaupstaða, sem ná yfir eitt hreppsfélag eða fleiri og allir hreppsbúar eru skyldir til að vera í. Samkv. lögum nr. 103/1933, um sjúkrasamlög, er numin voru úr gildi með lögum um alþýðutryggingar, var hinsvegar heimild til að lögskrá sjúkrasamlög fyrir skóla, að fullnægðum vissum skilyrðum, og áttu þau þá rétt til styrks úr ríkissjóði á sama hátt og önnur samlög.

Það verður að teljast að ýmsu leyti eðlilegt og sanngjarnt, að skólasamlögum verði á ný veittur ríkisstyrkur, þar sem almenn sjúkrasamlög hafa ekki verið stofnuð, og nemendum í skólum, þar sem almenn sjúkrasamlög eru fyrir, veitt nokkur sérstaða í samþykktum samlaganna. Í fyrsta lagi hlýtur að sjálfsögðu að verða nokkur bið á því, að samlög verði stofnuð um land allt, þar sem þau eru ekki beinlínis lögboðin. Hinsvegar gætu skólasamlög orðið til þess að auka á vinsældir sjúkratrygginga og þannig orðið undanfari almennra sjúkrasamlaga. Ennfremur má benda á, að nemendur í unglingaskólum hafa mörgum öðrum fremur þörf fyrir sjúkratryggingar, m. a. vegna meiri sýkingarhættu í sambandi við þéttbýli og nána samveru, og auk þess getur kostnaður af sjúkdómum komið mjög hart niður á heimilum unglinganna, er hann bætist við þann aukakostnað, sem þau hafa af sjálfri skólavistinni.

Reglur sjúkrasamlaganna um biðtíma o. fl. eru ekki miðaðar við þarfir skóla-

fólks, sem e. t. v. dvelur aðeins 6—8 mánuði á sjúkrasamlagssvæðinu, og mælir það einnig með því, að sett verði sérákvæði um iðgjaldagreiðslur slíkra utanhéraðsmanna.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram:

Um 1. gr.

Núgildandi ákvæði 16. gr. hafa reynzt mjög erfið í framkvæmd, og er því lagt til, að tekið sé upp samskonar ákvæði og gilti í hinni upprunalegu slysatryggingu sjómanna.

Um 2. gr.

Nauðsynlegt er að hafa skýr tímamörk, þegar samlagsmaður missir eða öðlast réttindi vegna breytinga á tekjum, yfir eða undir hámark, frá ári til árs.

Um 3. gr.

Í núverandi ákvæðum um stjórn samlaganna er ekki gert ráð fyrir varamönnum, og getur það verið mjög óþægilegt, ef stjórnarmeðlimir eru langdvölum utan samlagssvæðis, sem oft getur komið fyrir. Ennfremur þykir ástæðulaust, að skipt sé um menn í stjórn á hverju ári, og er talið eðlilegt, að þeir séu kosnir til jafnlangs tíma og bæjar- eða sveitarstjórnir þær, sem kjósa þá.

Um 4. gr.

Á fylgiskjalinu er yfirlit um nemendafjölda í æðri skólum skólaárið 1938/39, sem fræðslumálaskrifstofan hefir látið í té. Það þykir ekki fært, að meðlimatala skólasamlaga sé lægri en 40, enda geta þá velflestir skólarnir notað sér ákvæði laganna, að undanteknum húsmæðraskólunum, sem því aðeins geta það, að talsverður hópur starfsmanna og skylduliðs þeirra bætist við.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að í kaupstöðum og hreppum, þar sem stofnuð hafa verið sjúkrasamlög innan alþýðutryggínganna og skólar starfa með verulegum fjölda nemenda, sem búsettir eru utan samlagssvæðisins, séu sett sérstök ákvæði í samþykktir samlaganna, m. a. um að slíkir meðlimir öðlist réttindi án biðtíma.

Um 6. gr.

Núgildandi ákvæði gerir ráð fyrir gagnkvæmum samningum á milli samlaganna um meðlimsréttindi samlagsmanna, sem dvelja á öðru samlagssvæði. Talsverðir erfiðleikar geta verið á því, að slíkir samningar komist á, sérstaklega eftir því, sem samlögunum fjölgar. Virðist því ekki óeðlilegt að gefa tryggingarstofnuninni heimild til, með samþykki ráðherra, að setja reglur, er komi í stað slíks samnings, enda sé því samlagi, sem tekur á móti meðlimum annars samlags til bráðabirgða, tryggð endurgreiðsla á þeim kostnaði, sem það kann að hafa þeirra vegna. Ennfremur er skýrar ákveðið á um það, að þau réttindi, sem slíkir meðlimir njóta, jafngildi að öllu leyti meðlimsréttindum hjá samlagi dvalarstaðarins.

Um 7. gr.

Vegna ágreinings, sem upp hefir komið um það, hvort sjúkrasamlögum beri skylda til að greiða kostnað vegna kynsjúkdóma, eru hér tekin af öll tvímæli um það og sömuleiðis lagt til, að þau greiði ekki sjúkrahús- eða hælisvist berklasjúklinga, sem smitunarhætta stafar af. Lækningar kynsjúkdóma og hælisvist smitandi berklasjúklinga eru heilbrigðisráðstafanir, sem álitnar eru fyrst og fremst nauðsynlegar vegna almenns öryggis, og því eðlilegt, að hið opinbera greiði fyrir þær, að svo miklu leyti, sem efnahagur sjúklinganna leyfir það ekki, að þeir geri það sjálfir.

Um 8. gr.

Vegna hins nána sambands, sem er á milli samlaganna og tryggingarstofnunarinnar, þykir rétt, að þau snúi sér í öllum tilfellum fyrst til hennar, ef gera þarf ráðstafanir til þess að rétta við hag samlaganna, og þannig hefir það orðið í framkvæmd.

Um 9. gr.

Eins og 38. gr. er orðuð nú, mætti e. t. v. skilja hana þannig, að samlögunum bæri skilyrðislaust að greiða hverja þá sjúkrahjálp, sem samlagsmaður kynni að hafa notið utan samlagssvæðis, hvort sem hann hefði getað fengið slíka hjálp á samlagssvæðinu eða ekki, en slíkt hefir vitanlega aldrei verið tilætlunin. Er því lagt til, að greinin sé orðuð ótvíræðara en áður og samlagsstjórnum gefið tvímælalaust vald til þess að koma í veg fyrir, að ákvæði hennar sé misnotað.

Um 10. gr.

Í stað þess að nú er gert ráð fyrir í lögunum, að samlagsmaður, er flytur á annað samlagssvæði, skuli hafa rétt til sjúkrahjálpar á því tímabili, sem hann hefir greitt iðgjald fyrir, og verður þá ekki tryggingarskyldur í öðru samlagi fyrr en tryggingartími hans er útrunninn þar, sem hann áður var (sbr. niðurlag 39. gr.), er hér lagt til, að hann verði þegar tryggingarskyldur á þeim stað, er hann flytur til, en samlagið, sem tekur við honum án biðtíma, fái þá iðgjaldagreiðslu, sem kann að hafa verið greidd fyrirfram, umfram 1 mánuð.

Þetta virðist að öllu leyti eðlilegra og einfaldara, þar sem núgildandi ákvæði geta bakað samlögunum óþarfa útgjöld og umstang án þess hinir tryggðu séu betur settir.

Um 11. gr.

Núgildandi ákvæði 40. gr., 2., 3. og 4. málsgr., hafa reynzt lítt framkvæmanleg. Gert er ráð fyrir, að útgerðarmenn semji við samlögin um, að þau taki að sér áhættu þá, sem þeir bera samkv. 27. og 28. gr. sjómannalaganna. Aðeins eitt samlag (sjúkrasamlag Ísafjarðar) hefir gert slíka samninga, og þó ekki við alla útgerðarmenn staðarins, enda er mjög óhægt um slíka samninga, þegar mjög margir aðilar eiga í hlut, jafnvel svo hundruðum skiptir innan eins samlagssvæðis, eins og í Vestmannaeyjum. Hinsvegar er endurkröfuréttur samlaganna hvergi nærri fullnægjandi fyrir þau, meðal annars vegna þess, hvernig samningum við lækna er háttað. Samlögin greiða víðast fastagjald til lækna fyrir hvern samlagsmann, en eiga aðeins „endurkröfurétt á útgerðarmenn á þeim kostnaði, sem það kann að hafa greitt vegna veikinda skipverja", en fastagjaldið er greitt einnig fyrir þá, sem ekki veikjast. Afleiðingin hefir því orðið sú, að sjómennirnir hafa yfirleitt verið látnir greiða fullt iðgjald, enda þótt það sé ekki tilgangur laganna. Einnig mun hitt og alltítt, að sjómenn hafi ekki haldið við tryggingunni vegna þess, að þeir telji sig tryggða hjá útgerðinni. Það er því óhjákvæmilegt að breyta áðurnefndum ákvæðum, og virðist einfaldasta leiðin sú, að útgerðarmenn taki að sér að greiða iðgjöld lögskráðra sjómanna. Þarf ekki að gera ráð fyrir, að það auki kostnað útgerðarmanna miðað við það, að sjómennirnir væru ótryggðir, þar sem allur kostnaður verður þá að greiðast eftir taxta. Samlögin njóta auk þess opinbers styrks, og færist því nokkuð af kostnaðinum raunverulega yfir á hið opinbera.

Um 12. gr.

Enda þótt ætla megi, að ákvæði greinarinnar nái einnig til sjúkdóma af völdum slysa, þykir samt rétt að taka það skýrt fram.

Um 13. gr.

Er í samræmi við framkvæmd laganna, en rétt þykir að taka af öll tvímæli.

Um 14. gr.

Það virðist óeðlilegt, að þeir, sem svo stendur á um, er segir í greininni, þ. e. þeir, er njóta örorkulífeyris, opinbers styrks, dvelja í fangelsum o. s. frv. eða greiða iðgjöld til annars sjóðs, skuli greiða iðgjald til lífeyrissjóðs Íslands, en nú verða þeir því aðeins undanþegnir þeirri skyldu, að „allt undanfarið ár" hafi staðið svo á fyrir þeim, er fyrr segir.

Um 15. gr.

Skrá þá, er hér um ræðir, er nauðsynlegt að hafa í tveimur eintökum, annað fyrir Tryggingarstofnun ríkisins, hitt fyrir innheimtumenn.

Um 16. gr.

Fyrri breyting er aðeins orðalagsbreyting, þar sem núverandi orðalag gæti valdið misskilningi. Um síðari breytinguna er það að segja, að óttast má, að eftirlaunasjóðir annara stofnana komi fljótlega með kröfur um samskonar undanþágu og eftirlaunasjóðum bankanna er veitt, en þeim virðist hinsvegar full sanngirni sýnd, þótt þeir komi undir hið almenna ákvæði 49. gr. laganna.

Fylgiskjal.

Nemendafjöldi í æðri skólum skólaárið 1938—1939.

Í héraðssk. Reykholti	100
- — Núpi	47
- — Reykjanesi (Ísaf.)	42
- — Reykjum	60
- — Laugum	74
- alþýðusk. að Eiðum	49
- — Laugarvatni	169
- bændaskólunum	110
- menntask. í Reykjavík	259
- — á Akureyri	280
- kennaraskólanum	81
- iðnskólanum í Reykjavík	220
- iðnskólum utan Reykjavíkur	250
- verzlunarskólanum	300
- samvinnuskólanum	52
- stýrimannaskólanum	70
- vélstjóraskólanum	20
- kvennaskólunum	175
Húsmæðraskólar:	
Staðarfelli	22
Ísafirði	15
Laugalandi	28
Laugum	18
Hallormsstað	25
Vík í Mýrdal	0
Hveragerði	13
Í gagnfræðask. í Reykjavík	260
- — Reykvíkinga	139
- — Flensborg, Hafnarf.	120
- — á Ísafirði	80
- — á Ísafirði, vinnudeild	20
- — Siglufjarðar	62
- — Akureyrar	92
- — Neskaupstaðar	28
- — — kvölddeild	22
- — Vestmannaeyja (meðalt. 60)	70
- unglingaskólum	650
- hljómlistarskólanum	53
- alþýðusk. Reykjavíkur	55

Nd.

336. Nefndarálit

um frv. til íþróttalaga.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefir ekki orðið einhuga um afgreiðslu þessa máls. Undirritaður meiri hluti vill láta frv. ná fram að ganga með nokkrum breytingum. Þó ritar Gísli Sveinsson undir nál. með fyrirvara gagnvart brtt., sem fram kunna að koma í málinu. Hann telur sig ekki mótfallinn löggjöf um þetta efni, en hefði þó kosið frv. á ýmsan hátt öðruvísi en það nú er, og ennfremur meiri undirbúningstíma.

Minni hluti nefndarinnar, Pétur Halldórsson, skilar sérstöku nál.

Meiri hlutinn gerir nú þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr.
   a) Í stað „Kennslumálaráðherra“ komi: Fræðslumálastjórnin.
   b) Í stað „ráðherra“ komi: fræðslumálastjórninni.
2. Við 3. gr.
   a) Í stað „ráðherra“ í 1. málsl. komi: kennslumálaráðherra.
   b) 2. málsl. orðist svo: Hann skal ráðinn af fræðslumálastjórn til þriggja ára í senn, og greiðast laun hans úr ríkissjóði.
3. Við 6. gr. Orðin „nema til útbreiðslu miði“ í lok greinarinnar falli niður.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Þessir aðilar geta notið styrks úr íþróttasjóði:
   1. Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.), Ungmennafélag Íslands (U. M. F. Í.), svo og félög og félagasambönd innan vébanda þeirra.
   2. Bæjar-, sveitar- eða sýslufélög og skólar.
   3. Samtök þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölul. þessarar greinar, svo sem íþróttasamtök slík, er ræðir um í 25. gr. laga þessara.
5. Við 8. gr.
   a) Orðin „um það“ í 1. málsgr. falli niður.
   b) Í stað „eftirfarandi“ í upphafi 2. málsgr. komi: þess.
6. Við 9. gr. Í stað „og er hún háð samþykki ráðherra“ komi: og skal hún staðfest af fræðslumálastjórninni.
7. Við 13. gr.
   a) Orðið „árlegum“ í 2. málsgr. falli niður.
   b) Aftan við greinina bætist: Fræðslumálastjórninni er heimilt að veita skólahéruðum undanþágu frá sundskyldu skólabarna fyrstu fimm árin frá því, er lög þessi öðlast gildi, þar sem nauðsyn krefur.
8. Við 13., 15., 20., 21. og 23. gr. Í stað „ráðherra“ í greinum þessum komi: fræðslumálastjórn.
9. Við 20. gr. Orðin „í Reykjavík minnst hálfs mánaðar tíma“ í 2. málsgr. falli niður.
10. Við 21. gr. Í stað orðanna „skulu prófa“ í 1. málsgr. komi: skulu annast próf.
11. Við 22. gr. Fyrsti málsliður orðist svo:
    Við héraðsskóla, einn eða fleiri, skal halda uppi sérdeildum til íþróttakennslu, og skulu nemendur, sem til þess þykja fallnir að dómi skólastjóra, eiga kost á að stunda þar nám eftir eins vetrar dvöl í héraðsskóla eða öðrum skóla jafngildum.
12. Við 24. gr.
    a) Orðin „viðurkennd landssambönd ... Ungmennafélags Íslands (U. M. F. Í.)“ falli niður.

b) Í stað „Í. S. Í.“ í 1. málsgr. komi: íþróttasamband Íslands.
c) Aftan við greinina bætist: Þó getur íþróttanefnd mælt svo fyrir, að enginn megi taka þátt í keppni í tilteknum íþróttagreinum, nema læknir hafi áður skoðað hann.

13. Við 25. gr.
a) Orðið „landfræðilegri“ í 1. málsl. falli niður.
b) Í stað „fræðslumálastjóra“ í 5. málsl. komi: fræðslumálastjórnar.

14. Við 26. gr.
a) Fyrir orðið „eru“ í 2. tölul. komi: séu.
b) Orðin „og getur íþróttanefnd . . skoðað hann“ falli niður.

15. Við 27. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Skylt er bæjar-, sveitar- og sýslufélögum o. s. frv.

16. Við 31. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 24 23. júní 1932, um próf leikfimi- og íþróttakennara, reglugerð nr. 79 11. júlí 1934, um sama efni, svo og önnur ákvæði eldri laga og reglugerða, er brjóta í bága við þau.
Til þess að koma upp mannvirkjum eða fá ráð á fasteignum, sem lög þessi mæla fyrir um, skal veittur fimm ára frestur frá gildistöku þeirra.

Alþingi, 24. nóv. 1939.

Bjarni Bjarnason, form.	Pálmi Hannesson, fundaskr., frsm.	Gísli Sveinsson, með fyrirv.
	Ásg. Ásgeirsson.	

Nd. 337. Frumvarp til laga

um hlutarútgerðarfélög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Markmið hlutarútgerðarfélaga er að reka fiskveiðar á hlutaskiptagrundvelli og annast í sambandi við þær innkaup á vörum, hagnýtingu afla, sölu hans o. fl.

2. gr.

Nú vilja menn stofna hlutarútgerðarfélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 5 menn eða fleiri verða ásáttir um stofnun slíks félags og bindast samtökum um að gerast meðlimir þess, skulu þeir, að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar til félagsstofnunarinnar, setja félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar ríkisstjórnarinnar á þeim.
Breytingar á samþykktum hlutarútgerðarfélags ná því aðeins gildi, að ríkisstjórnin staðfesti þær.

3. gr.

Félagar hlutarútgerðarfélags geta þeir einir orðið, sem ráðast hjá félaginu, á skip þess eða í landi. Með samþykki lögmæts félagsfundar má auk þess taka inn í félagið menn, sem styrkja vilja það með þátttöku sinni, þótt eigi séu þeir ráðnir starfsmenn félagsins.
Óheimilt er að ráða fasta starfsmenn hjá félaginu í landi eða skipverja á skip þess, nema þeir um leið gerist félagar og undirriti yfirlýsingu um, að þeir hlýði lög-

um félagsins eins og þau eru á hverjum tíma. Undantekningu má þó gera frá þessu að því er snertir ráðningu skipverja í forföllum annara, ef brýn nauðsyn krefur.

Inngangseyrir sé 10 krónur frá hverjum félagsmanni, er renni í varasjóð.

4. gr.

Sérhver meðlimur hlutarútgerðarfélags ber takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, að upphæð 300 krónur.

Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, sem deyr, ber ábyrgð samkvæmt þessari grein á skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en tvö ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema risið hafi mál út af skuld, er stofnuð var á meðan hann var í því, er bíði úrskurðar dómstólanna.

5. gr.

Í hlutarútgerðarfélagi skulu skipverjar og aðrir fastir starfsmenn ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla, og skal hlutur vera full greiðsla fyrir vinnu þeirra. Fyrirkomulag hlutaskiptanna skal ákveðið í samþykktum félagsins. Veiðarfæra og beitukostnaður, kol, olía og salt greiðist af óskiptum afla.

6. gr.

Í varasjóð hlutarútgerðarfélags greiðist árlega 1% af óskiptum ársafla. Í varasjóð skal greiða árlegan tekjuafgang félagsins, og skulu ársvextir lagðir við höfuðstólinn. Tekjuhalli, sem verða kann hjá hlutarútgerðarfélagi, greiðist úr varasjóði.

Fé varasjóðs má nota sem veltufé í þarfir félagsins.

7. gr.

Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skal vera ákvæði um tryggingarsjóð, er hafi það markmið að tryggja félagsmönnum, sem vinna hjá félaginu, lágmarkstekjur, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem félagið setur. Skal sú reglugerð samþykkt af bæjar- eða sveitarstjórn, þar sem félagið á heima, og staðfest af ríkisstjórninni. Tekjur sjóðsins skulu vera þær, er hér segir:

1. Árlegt gjald, 1% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð afla upp úr skipi.
2. Árlegt tillag frá hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi, er nemi jafnhárri upphæð og gjald samkvæmt tölulið 1 verður árlega.

Heimilt er að ákveða, að tillög í sjóðinn skuli vera hærri en að framan greinir, ef þurfa þykir, enda sé það samþykkt af hlutarútgerðarfélaginu og viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn.

Tryggingarsjóður skal ávaxtaður í banka eða annari tryggri peningastofnun, og skulu vextir af honum lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

Hlutarútgerðarfélag eða stjórn þess getur ekki ráðstafað innstæðu tryggingarsjóðs, og óheimilt er að skerða sjóðinn til lúkningar skuldum félagsins, en hætti félagið störfum, skal sjóðurinn ávaxtaður áfram á nafni hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, sem getur notað innstæðu hans til að greiða tillög í tryggingarsjóði annara hlutarútgerðarfélaga, sem þar starfa.

8. gr.

Fjárreiðum hvers einstaks skips hlutarútgerðarfélags skal haldið aðgreindum í bókum félagsins.

9. gr.

Félagsfundur hefir æðsta vald í málefnum hlutarútgerðarfélags. Einn aðalfund skal halda árlega, og aukafundi þegar félagsstjórn telur þess þörf. Ennfremur er félagsstjórn skylt að boða til aukafundar, ef ¼ félagsmanna krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Atkvæðisrétt á félagsfundum hafa allir meðlimir félagsins. Félagsfundir eru lögmætir, ef helmingur félagsmanna er mættur. Sé fundur ekki lögmætur sökum

fámennis, skal boða til nýs fundar, og er hann þá lögmætur án tillits til þess, hve margir eru mættir. Á fundum ræður meiri hluti atkvæða úrslitum mála, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félaganna. Til funda sé boðað með minnst viku fyrirvara.

10. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn og endurskoðendur og varamenn þeirra, sem allir séu félagsmenn. Í samþykktum félags skal ákveða tölu stjórnarnefndarmanna og kjörtíma þeirra. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi, og ræður afl atkvæða úrslitum mála, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Stjórnin fer með málefni félagsins milli funda, samkvæmt lögum þessum og samþykktum félagsins, og bera stjórnendur ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins.

Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum félagsins beri saman við bækur þess, enda hafa þeir aðgang að öllum bókum og skjölum á hvaða tíma sem er, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Ennfremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta, að félaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin svo fljótt sem þörf krefur, en takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar. Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

Á aðalfundi skal árlega leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir næstliðið reikningsár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikningana, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fara fram, eftir þeim reglum, sem fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal að nýju boða til fundar, sem tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

11. gr.

Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skulu ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr félaginu og tilgreindar ástæður, er heimili brottrekstur félagsmanns.

12. gr.

Hlutarútgerðarfélag, sem er löglega stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlazt réttindi á hendur mönnum með samningi og aðrir á hendur því. Skrásetningu annast lögreglustjóri, þar sem félagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar. Félag skal tilkynnt til skrásetningar innan mánaðar frá stofnun þess. Í tilkynningu skal greina þessi atriði:

1. Heiti félags, heimili og varnarþing.
2. Dagsetning félagssamþykkta.
3. Full nöfn, stöðu og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
4. Hver heimild hafi til að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undirskrift sé hagað.
5. Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins í 2 eintökum og lögboðin gjöld. Sé um útibú að ræða, skal það einnig tilkynnt. Ef samþykktum félags er breytt, eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar.

Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu unz úr er bætt. Rétt er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtingablaðinu á kostnað tilkynnanda.

13. gr.

Hlutarútgerðarfélagi skal slita, ef ályktun um það er samþykkt á 2 lögmætum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna. Skilanefnd, kosin af félagsfundi, fer með mál félagsins meðan á félagsslitum stendur. Skilanefnd kemur í stað stjórnar félagsins og hefir samskonar vald, skyldur og ábyrgð. Meðan skilanefnd stjórnar félagi gilda reglur laga þessara um félagsfundi, reikningsskil og endurskoðun. Félagsslit skal tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu félagsins.

Sömu aðiljar, sem ráða félagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið félagsbúið aftur afhent sér í hendur og haldið áfram starfsemi félagsins að nýju, en þar að lútandi ályktun skal vera samþykkt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um félagsslitin.

14. gr.

Gjöld fyrir störf þau, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð og eru þau, sem hér segir:

a. Fyrir skrásetningu félags, sem eigi hefir verið skrásett áður, 30 krónur.
b. Fyrir skrásetningu útibús 20 krónur.
c. Fyrir skrásetningu breytingar eða viðauka við eldri skrásetningu 15 krónur.
d. Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum.

15. gr.

Hlutarútgerðarfélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin greiðslu tekjuskatts til ríkisins af því fé, sem þau leggja í tryggingar- og varasjóði.

16. gr.

Hlutarútgerðarfélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu vera undir eftirliti ríkisstjórnarinnar, sem getur falið fiskveiðasjóði framkvæmd þess.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 338. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 105 23. júní 1936 [Iðja og iðnaður].

Flm.: Pálmi Hannesson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Umsjónarmönnum, dyravörðum og öðrum fastráðnum starfsmönnum við ríkisstofnanir er og heimilt að vinna algenga iðnaðarvinnu við slíkar stofnanir með umsjá húsameistara ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa flestar opinberar stofnanir fastráðna starfsmenn, dyraverði eða umsjónarmenn, sem meðal annars er ætlað að annast venjulegar viðgerðir

húss og áhalda. En samkvæmt ákvæðum iðnaðarlöggjafarinnar mega þessir menn eigi vinna neitt það verk, sem til iðnaðar getur talizt. Þetta hefir í för með sér óhagræði og aukinn kostnað fyrir stofnanirnar, er ekki virðist sanngjarnt, þar sem hið opinbera er þannig sett skör lægra en eigendur einkafyrirtækja, sem með lögunum er heimilað að vinna iðnaðarvinnu við hús sín og önnur mannvirki. Má líklegt telja, að þetta misræmi stafi af því, að þeir, er lögin settu, hafi eigi veitt því eftirtekt, og þykir rétt að leiðrétta það.

Nd. 339. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um fræðslu barna, nr. 94 frá 19. júní 1936.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir síðustu málsgr. 18. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Þar, sem fimleikahús eru tekin á leigu vegna barnafræðslunnar, er heimilt að greiða úr ríkissjóði ⅓ húsaleigu þeirrar, sem greidd er vegna íþróttakennslu skólaskyldra barna, enda taki kennslumálastjórnin húsið gilt og úrskurði um hámarksleigu, sem ríkissjóður tekur þátt í að greiða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 340. Breytingartillaga

við frv. til l. um sölu og útflutning á vörum.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

Aftan við greinina bætist: og með þeim skilyrðum, er hún setur.

Nd. 341. Frumvarp til laga

um samkomudag reglulegs Alþingis.

Flm.: Jón Ívarsson.

1. gr.

Reglulegt Alþingi skal saman koma ár hvert hinn 1. dag októbermánaðar, eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi konungur ekki ákveðið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkv. núgildandi stjórnarskrá er samkomudagur reglulegs Alþingis 15. febr. ár hvert, og hefir svo verið síðan árið 1920. Þetta ákvæði stjórnarskrárinnar er þó eitt af þeim, sem breyta má með lögum. Með frumvarpi þessu er lagt til, að Alþingi komi hér eftir saman til reglulegs fundar 1. okt. ár hvert. Ástæður til þess eru einkum þær, að reynsla hefir sýnt, að síðan 1933 hefir þinghald færzt yfir á haustið öll

árin, nema 1936 og 1938, þótt þing hafi ætíð verið kvatt saman á hinum ákveðna tíma. Aðalþingstörfum, svo sem afgreiðslu fjárlaga o. fl., hefir verið frestað til haustsins — síðara þings hvert ár. Þessar staðreyndir virðast benda í þá átt, að fjárlagaafgreiðsla sé heppilegar sett að haustinu heldur en fyrri hluta ársins, enda má telja eðlilegast, að fjárlög séu afgreidd sem næst byrjun þess fjárhagsárs, er þau eiga að gilda fyrir. Að haustinu, eða á síðustu mánuðum ársins, er það oftast komið greinilega í ljós, hversu atvinnuvegunum hefir farnazt á því ári, og er það þá auðveldara að gera þess grein, hversu háttað verði viðskiptum þjóðarinnar og hvers vænta megi um ríkistekjurnar árið á eftir.

Breyting þessi á þingtímanum ætti og að leiða til minni kostnaðar við þinghaldið, því að líkur má telja til þess, að hvert þing stæði skemmri tíma, ef það er háð á þeim tíma, sem hér er farið fram á, heldur en verið hefir að undanförnu. Ætlazt er til, ef frumvarp þetta verður að lögum, að næsta reglulegt Alþingi komi saman 1. okt. næstk., en þinghald í vetur falli niður.

Ed. 342. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám l. nr. 40 24. nóv. 1893, um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Nd. 343. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

Frv. þetta fer fram á að breyta ákvæðum vegalaganna um bætur fyrir jarðrask o. s. frv. þannig, að í stað þess, að núgildandi ákvæði skylda sýslusjóðina til þess að standast þann kostnað, þótt um þjóðveg sé að ræða, þá skuli ríkissjóður greiða slíkar bætur vegna vegagerðar milli héraða. Nefndin er á einu máli um það, að ef breyta á í nokkru þessum lagaákvæðum, sé sanngjarnast, með tilliti til allra ástæðna, að færa þau í það horf, að sá annist alla bótagreiðslu fyrir skemmdir vegna vegagerðar, sem að verkinu stendur, hvort sem er ríkissjóður, sýslusjóður eða hreppssjóður.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. frv. orðist svo:

Síðari málsgr. 24. gr. laganna orðist þannig:

Bætur fyrir jarðrask og landnám vegna þjóðvegar greiðast úr ríkissjóði og reiknast með kostnaði vegarins.

Alþingi, 27. nóv. 1939.

Helgi Jónasson, form.	Gísli Sveinsson, frsm.	Vilm. Jónsson, fundaskr.
Eiríkur Einarsson.	Skúli Guðmundsson.	

Nd. 344. Nefndarálit

um frumv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1937.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og borið það saman við ríkisreikninginn, hvern lið fyrir sig. Þá hefir nefndin einnig farið allnákvæmlega yfir ríkisreikninginn fyrir þetta ár, ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna, og telur, að þær gefi ekki sérstaka ástæðu til aðgerða Alþingis. Tveir nefndarmanna skrifa þó undir nefndarálit þetta með fyrirvara, og munu þeir gera grein fyrir honum við umræðu málsins.

Alþingi, 27. nóv. 1939.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. | Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr. | Sigurður Kristjánsson, með fyrirv.

Stefán Stefánsson, með fyrirv. | Steingr. Steinþórsson.

Ed. 345. Breytingartillaga

við frv. til laga um hitaveitu Reykjavíkur.

Frá Bernh. Stefánssyni.

Við 8. gr. Við greinina bætist: þó ekki yfir 90% af stofnkostnaði.

Nd. 346. Frumvarp til laga

um sölu og útflutning á vörum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar og með þeim skilyrðum, er hún setur.

2. gr.

Leyfi til útflutnings á íslenzkum vörum, sem veitt hafa verið af ríkisstjórninni eða einstökum stofnunum fyrir gildistöku þessara laga, eru úr gildi fallin.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að engir megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka löggildingu ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur falið nefnd, er hún skipar, að fara með það vald, er henni er veitt samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, er heimilt að skipa nánar fyrir um allt, er við kemur framkvæmd þessara laga, þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 10 1. febrúar 1936, og bráðabirgðalög frá 29. ágúst 1939.

7. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100000 krónum, eða fangelsi ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 347. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa.

(Afgreidd frá Ed. 27. nóv.).

Samhljóða þskj. 266.

Nd. 348. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 9. janúar 1935, um verkamannabústaði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

3. málsgr. 4. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Á undan 1. tölulið 6. gr. komi nýr töluliður, sem verður 1. töluliður, svo hljóðandi, enda breytast töluliðir greinarinnar samkvæmt því:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð 5 mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. töluliðs þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 349. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936.

Flm.: Jón Ívarsson.

1. gr.

Á eftir V. c. í 9. gr. laganna kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:

d. Geymsluhús fyrir kartöflur kr. 5.00 1 m.^{3} Húsin séu vönduð að gerð, örugg gegn frosthættu og rúmi að minnsta kosti 4000 kg. af kartöflum hvert.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Mæling og úttekt á kartöflugeymslum fer í fyrsta sinn fram á árinu 1940, og eru þær geymslur styrkhæfar, sem gerðar hafa verið síðan í ársbyrjun 1939.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefir garðræktin farið mikið vaxandi í landinu, og mun nú komið svo á þessu ári, að uppskera á kartöflum gerir sennilega meira en að samsvara því, sem þjóðin hefir árlega notað að undanförnu. Þegar uppskeran er orðin svo mikil sem nú, verður mikill hluti hennar að geymast lengur eða skemur, sumt langt fram á sumar. Skiptir því mjög miklu, að góðar geymslur séu til og öruggar fyrir frostum, bæði vegna þess hluta uppskerunnar, sem er verzlunarvara, en ekki síður vegna útsæðisins, sem nauðsyn ber til að vanda geymslu á.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að kartöflugeymslur verði styrkhæfar á sama hátt og heyhlöður. Virðist ekki ósanngjarnt að gera þessum nauðsynlega húsakosti við framleiðsluna jafnhátt undir höfði. Að sjálfsögðu þurfa geymslurnar að vera vel gerðar og öruggar til þess, sem þær eru ætlaðar, og mætti fela Búnaðarfélagi Íslands að setja reglur um frágang þeirra og gerð.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að sett sé stærðarlágmark sem skilyrði þess, að styrkur sé veittur, enda virðist ekki veruleg ástæða til að styrkja mjög litlar geymslur.

Ekki er tilætlunin að veita styrk til annara geymsluhúsa en þeirra, sem framleiðendur láta sjálfir reisa; koma því ekki undir þetta styrkákvæði kartöflugeymslur, sem verzlanir eða aðrir slíkir aðilar kunna að láta gera. — Það er vafalaust heppilegra að hlynna að því, að framleiðendur sjálfir geti geymt kartöfluuppskeruna á meðan hún bíður þess að verða seld, heldur en að kosta til stórra geymsluhúsa í þessu skyni í kaupstöðum og kauptúnum, því að hætt er við, að varan mundi með því verða verðhærri fyrir neytendurna, vegna meiri vinnukostnaðar þar en hjá framleiðendum.

Með bráðabirgðaákvæðinu er lagt til, að styrktar séu geymslur, sem gerðar hafa verið á þessu ári, en ekki eldri, og yrðu þær teknar út með jarðabótum, sem trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands mæla á næsta ári.

Nd. 350. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð í Stykkishólmi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Á eftir orðinu „tillögum“ kemur: vitamálastjórnar ríkisins og.
2. Við 7. gr. Síðasti málsl. orðist svo: Nefndarmenn skulu kosnir að afstöðnum hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum.
3. Við 10. gr.
   a. Fyrir orðin „af skipum“ í upphafi 2. tölul. komi: Gjöld af skipum.
   b. Stafliður f. í 2. tölul. falli burt.
   c. Á eftir „herskip“ í síðustu mgr. komi: varðskip, björgunarskip.
4. Við 11. gr. Niðurlag greinarinnar, á eftir orðunum „að leggja megi“, orðist svo: aukagjöld allt að 10% á hin ákveðnu gjöld af út- og innfluttum vörum. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 10. gr., má taka lögtaki.
5. Við 14. gr. Á eftir orðunum í 2. málsl. „kostur er á“ komi: svo.

Alþingi, 28. nóv. 1939.

Finnur Jónsson, form. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Bergur Jónsson, frsm.
Sigurður Kristjánsson. Sig. E. Hlíðar.

Nd. 351. Nefndarálit

um frv. til íþróttalaga.

Frá minni hluta menntamálanefndar.

Ég undirritaður hefi ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa máls.

Nefndinni hefir borizt erindi það frá Íþróttasambandi Íslands, sem prentað er hér á eftir sem fylgiskjal. Ég tel ekki fært að haga löggjöf um íþróttamál (ef hún annars þykir nauðsynleg) svo, að gengið sé gegn óskum Í. S. Í. í meginatriðum og legg því til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórninni takist að ná fullu samkomulagi við Íþróttasamband Íslands um íþróttalöggjöf, telur deildin rétt að fresta lagasetningu um þetta efni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. nóv. 1939.

Pétur Halldórsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 2. apríl 1939.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttekið frá yður 14. marz s.l. „Frumvarp til íþróttalaga", nr. 37 árið 1939, til umsagnar og athugunar.

Eftir að hafa haldið nokkra fundi um frumvarpið og athugað það gaumgæfilega höfum vér komizt að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sé að gera eftirtaldar breytingar á frumvarpinu:

1. **Að Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.) verði ákveðinn eini viðurkenndi (lögverndaði) aðilinn fyrir hina frjálsu íþróttastarfsemi í landinu, bæði inn á við og út á við.**

Ástæða vor fyrir þessu er sú, að Í. S. Í., sem stofnað er fyrir rúmum 27 árum síðan, eða þann 28. janúar 1912, af frjálsum samtökum ýmsra íþróttafélaga, hefir alla tíð, og eingöngu, unnið að framgangi íþróttamálanna í landinu. En markmið Í. S. Í. er:

að auka félögum, sem í því eru, afl og samtök, með því að félögin lúti öll sömu yfirstjórn og hlíti einum allsherjarreglum um allt það, sem að líkamsíþróttum lýtur.

að vera fulltrúi Íslands í öllum íþróttamálum gagnvart öðrum þjóðum, og

að styðja eftir megni íþróttir og allt það, sem horfir til líkamlegrar og andlegrar orku hinnar íslenzku þjóðar.

Að framanrituðu markmiði hefir Í. S. Í. unnið sleitulaust alla tíð, og vonum vér, að háttvirt Alþingi líti svo á, að þessi frjálsa íþróttastarfsemi Í. S. Í. hafi tekizt vonum framar, þegar allar aðstæður eru teknar til greina, og eins hinir fjárhagslegu erfiðleikar Sambandsins.

Þar sem nú háttvirt Alþingi hefir viðurkennt starfsemi Í. S. Í. með fjárveitingum sínum til Sambandsins, væntum vér og, að löggjafarvaldið vilji einnig lögvernda Í. S. Í. sem eina íþróttasamband landsins fyrir framangreint menningarstarf.

Þótt Samband ungmennafélaga Íslands (U. M. F. Í.) hafi alla tíð, frá stofnun þess, unnið að íþróttaiðkunum meðal sambandsfélaga sinna, þá hefir U. M. F. Í. auk þess mörg önnur **óskyld** menningarmál á stefnuskrá sinni, sem ekki varða íþróttamálin sérstaklega, og ennfremur hafa á síðari árum risið upp landssambönd eða bandalög, sem einnig hafa íþróttir á stefnuskrá sinni, ásamt öðrum nytsemdarmálum, eins og t. d. Bandalag íslenzkra skáta (B. Í. S.), og nú síðast farfuglahreyfingin. En þar sem Í. S. Í. er **eina** landssambandið, sem **eingöngu** hefir líkamsíþróttir á stefnuskrá sinni, og ekkert annað, þá lítum vér svo á, að Í. S. Í. beri réttilega viðurkenning löggjafans sem **eina lögverndaða íþróttasamband landsins**, bæði inn á við og út á við, og þar sem bæði skátafélög og ungmennafélag eru innan Í. S. Í., þá hafa félögin með því sýnt og sannað, að þau viðurkenna nauðsyn sérstaks íþróttasambands, sem eingöngu fjalli um þessi málefni, og hafi það hlutverk með höndum, að samræma íþróttastarfsemina í landinu, bæði bóklega og verklega, og vera fulltrúi Íslands um öll íþróttamál. En sambandsfélög Í. S. Í. eru nú 95 að tölu, með um 12 þúsund félagsmenn víðsvegar um landið, og auk þess 15 íþróttaráð.

Loks má geta þess, að öll félög, sem hafa líkamsíþróttir á stefnuskrá sinni, verða að lúta lögum, reglugerðum og fyrirmælum Í. S. Í. um allt það, er að íþróttamótum, kappraunum og íþróttasýningum lýtur.

Framanritaða höfuðbreytingu á frumvarpinu leyfum vér oss að vænta, að háttvirt menntamálanefnd taki til athugunar og úrlausnar og breyti frumvarpinu í samræmi við hana.

Aðrar breytingartillögur á frumvarpinu, sem vér teljum afaræskilegar, eru þessar:

Við 1. gr. Á eftir orðunum „auka heilbrigði manna“ komi: og hreysti.

Við 2. gr. komi til viðbótar, á eftir orðunum „og íþróttanefnd,“: og íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.).

Við 3. gr. Við greinina bætist: Íþróttafulltrúanum ber að starfa í samvinnu (samráði) við Í. S. Í. um alla starfsemi viðvíkjandi hinni frjálsu íþróttahreyfingu í landinu.

Við 4. gr. Á eftir orðunum í 1. málsgr. „og jafnmörgum til vara“ komi: Íþróttanefndin skal skipuð til þriggja ára. Við 2. lið sömu greinar bætist: Ásamt Íþróttasambandi Íslands (Í. S. Í.). Við 3. lið sömu greinar bætist: Allar reglugerðir, er varða hina frjálsu íþróttastarfsemi, skulu gerðar í samráði við Í. S. Í., og við síðustu málsgr. þessarar greinar, 3. lið, á eftir orðunum „en á þar eigi atkvæðisrétt“ strikist út þessi orð: „nema hann sé skipaður í nefndina“. En síðan kemur óbreytt: „Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd“.

Við 6. gr. Við greinina bætist: Allar styrkveitingar til sambandsfélaga Í. S. Í. skulu veittar í samráði við Í. S. Í.

Við 7. gr. 1. liður orðist svo: Í. S. Í. gerir tillögur um fjárstyrk til sambandsfélaga sinna.

Við 9. gr. bætist: Allar reglugerðir, er varða hina frjálsu íþróttastarfsemi í landinu, skulu sendar Í. S. Í. til umsagnar og samþykktar.

Við 14. gr. bætist: og skal sú kennsla vera samkvæmt glímureglum Í. S. Í. á hverjum tíma.

Við 16. gr. Í stað orðanna í upphafi greinarinnar: „Skólanemendum er óheimilt“ komi: Nemendum barnaskóla, sem hafa fullnægjandi íþróttakennslu í skólunum, er óheimilt að stunda íþróttaæfingar í félögunum utan skólanna, — o. s. frv. óbreytt.

Við 20. gr. bætist: Áhugamanna þjálfkennurum skal heimilt að kenna íþróttir innan vébanda Í. S. Í., að fengnu samþykki stjórnar Í. S. Í.

Við 24. gr. Í stað orðanna: „Viðurkennd landssambönd íþróttafélaga eru“ o. s. frv. komi: Viðurkennt landssamband íþróttafélaga er **Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.)**. — Áframhald setningarinnar falli niður. Því næst komi málsgreinin óbreytt: „Í íþróttamálum kemur Í. S. Í. fram af Íslands hálfu o. s. frv.

Við 26. gr. 3. liður orðist svo: Félögin séu í Í. S. Í. og greiði sambandinu tilskilin gjöld, sendi árlega fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul. Í stað „og getur íþróttanefnd ákveðið“ í 4. lið sömu gr., komi: og getur Í. S. Í. ákveðið, að enginn megi taka þátt í keppni, o. s. frv. (óbreytt).

Við 30. gr. Á eftir orðunum: „til úrskurðar íþróttanefndar“ bætist: eða Í. S. Í., sé um íþróttafélög að ræða, nema svo sé vaxinn, o. s. frv. (óbreytt).

Skýring: Þar sem hér að framan er rætt um íþróttafélög, er átt við öllu þau félög, sem hafa að einhverju leyti líkamsíþróttir á stefnuskrá sinni, eins og ungmennafélög, skátafélög, farfuglafélög.

Eftirmáli.

Eins og framanritaðar breytingartillögur vorar bera með sér, er það, sem fyrir oss vakir, að sem gleggst skilgreining á starfsemi Í. S. Í. annarsvegar og á íþróttakennslu skólanna hinsvegar komi sem greinilegast fram í frumvarpinu.

Það er álit vort, að allt það, sem viðkemur hinni frjálsu íþróttastarfsemi í landinu, eigi að koma til umsagnar og samþykktar Í. S. Í. á hverjum tíma. Það er verkefni Í. S. Í. að samræma íþróttastarfsemina í landinu, með útgáfu íþróttabóka, reglugerða og allskonar leiðbeiningum um íþróttir, kappleika og íþróttamót, sem varða alla þá, er taka virkan þátt í íþróttahreyfingunni, svo að allir keppi eftir sömu leikreglum, hvar sem er á landinu. Enda er verkefni Í. S. Í. einnig, fyrir utan það, sem fram er tekið í frumvarpinu, að staðfesta íslenzk met og skrásetja þau, skipuleggja íþróttamótin, löggilda íþróttabúninga félaganna, og yfirleitt að hafa á hendi hið faglega íþróttastarf í landinu.

Þá viljum vér geta þess, að það er af óhjákvæmilegri nauðsyn, að Í. S. Í. hefir gerzt fulltrúi Íslands í íþróttamálum, bæði inn á við og út á við, og hefir orðið að ganga í ýms alþjóða-íþróttasambönd, eins og t. d. Íþróttasamband áhugamanna (I. A. A. F.), Knattspyrnusambandið (F. I. F. A.), Sundsambandið (F. I. N. A.), svo og Fimleikasamband Norðurlanda (N. G. F.) og Róðrarsamband Norðurlanda (N. R. F.), til þess að íslenzkir íþróttamenn gætu fengið að keppa eða sýna íþróttir erlendis.

Á síðasta aðalfundi Í. S. Í., 23. og 24. júní 1938, var kosin sérstök nefnd til að athuga framtíðarskipulag Í. S. Í. og gera tillögur þar um. Ein af tillögum nefndarinnar er sú, að Í. S. Í. fái sérstakan framkvæmdarstjóra. Slík tilhögun mundi þýða aukin útgjöld fyrir Í. S. Í. Viljum vér því leggja það til, að hinn væntanlegi íþróttafulltrúi, sem frumvarpið fjallar um, yrði um leið framkvæmdarstjóri Í. S. Í., og yrði þess getið í skipunarbréfi hans og lagafrumvarpi þessu. Með þessu mundi sparast mikið fé, og enn nánara samstarf yrði milli þeirra aðila, sem yfirumsjón eiga að hafa með þessum menningarmálum, sem sé íþróttanefndinni, sem hefir umsjón með skólaíþróttunum og Í. S. Í. með hinni frjálsu íþróttastarfsemi. Samvinna milli þessara þriggja aðila er nauðsynleg og verður ávallt að vera sem allra bezt.

Þá viljum vér láta í ljós skoðun vora á öðrum liðum frumvarpsins. Vér mælum eindregið með því, að hert verði á íþróttakennslunni við kennaraskólann, og þá um leið á íþróttakennslunni við alla skóla landsins. Vér teljum, að einmitt skólarnir, og þá fyrst og fremst barnaskólarnir, eigi að hefja byrjunina á þessu uppeldis- og menningarmáli þjóðarinnar, og þegar kennararnir hafa verið búnir undir það starf sérstaklega í kennaraskólanum, þá virðist sem því ætti að vera borgið.

Hin bættu skilyrði til íþróttaiðkana við skólana, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru hin mesta nauðsyn, og mælum vér eindregið með henni. Í því sambandi viljum vér leyfa oss að benda á, að nauðsynlegt er að bæta sérstakri grein við III. kafla frumvarpsins, þar sem skólanemendum, er taka þátt í íþróttakeppni, sé gert að skyldu að láta lækni (íþróttalækni) skoða sig reglulega.

Þá viljum vér taka það fram, að vér teljum samvinnu þá, um byggingar á íþróttamannvirkjum, sem um getur í frumvarpinu, mjög æskilega, sem sé á milli íþróttafélaga, skóla, bæjarfélaga og sveitarstjórna. Með slíkri samvinnu allra aðila ætti að fást betri aðbúnaður til íþróttaiðkana og auðveldari í framkvæmd.

Um framkvæmd frumvarpsins og þeirra reglugerða, sem settar kunna að verða, fer að sjálfsögðu mikið eftir því fjármagni, sem íþróttanefndinni og Í. S. Í. verður ætlað. Og viljum vér eindregið benda á, að sá tekjustofn þarf að vera viss og öruggur; annars geta allar framkvæmdir tafizt og valdið á þann hátt mestu örðugleikum.

Að lokum væntum vér þess, að Í. S. Í. verði tryggt nægjanlegt fé til starfsemi sambandsins, og að það fari árlega vaxandi, eftir því sem tök eru á.

Í trausti þess, að þér takið hinar framangreindu tillögur vorar til athugunar og heppilegrar úrlausnar, kveðjum vér yður,

með vinsemd og virðingu,

f. h. Íþróttasambands Íslands

Ben. G. Wåge, forseti Í. S. Í. Erlingur Pálsson. Frímann Helgason. Sigurj. Pétursson.

Álít ofanritað í alla staði rétt. Tel hinsvegar 24. gr. frv. til íþróttalaga geta staðizt.

Ólafur Þorsteinsson
(með fyrirvara).

Ed. 352. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. nóv. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason.

Ed. 353. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. nóv. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Gíslason.

Ed. 354. Frumvarp til laga

um hitaveitu Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur rekur hitaveitu, sem hefir einkaleyfi til þess að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið, þar sem bæjarstjórn ákveður, og einkarétt til þess að selja heitt vatn til upphitunar á húsum, sem ná til hitaveitunnar. Bæjarstjórn setur reglugerð um rekstur hitaveitunnar, sem ríkisstjórnin staðfestir.

2. gr.

Þegar bæjarstjórnin hefir leitt heitt vatn frá jarðhitasvæði jarðanna Reykja og Reykjahvols í Mosfellssveit, getur bæjarstjórnin bannað, að hús, sem ná til hitaveitunnar, verði hituð með öðrum hætti en með vatni frá hitaveitunni.

Vatnshitunarkerfi, sem nú eru, eða sett verða í ný hús eða gömul, skulu þannig gerð, eða breytt svo, að þau megi tengja við hitaveituna.

3. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar vatnsæðar hitaveitunnar skuli lagðar um bæinn. Húseigendur kosta lagningu heimæða eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórn setur, en ríkisstjórn staðfestir, og skal ákveða gjaldið með hliðsjón af hitaþörf húseignarinnar. Heimæðarnar verða eign hitaveitunnar, sem sér um viðhald þeirra húseigendum að kostnaðarlausu.

Bæjarstjórn sér um lagningu heimæða og getur samið við húseiganda um, að hann

greiði heimæðagjaldið, auk 6% ársvaxta, með jöfnum afborgunum á allt að 5 árum, enda hefir bæjarstjórn þá veðrétt í húseigninni, er gengur fyrir öllum samningsveðskuldum í eitt ár frá gjalddaga, og þarf ekki að þinglýsa þeim veðrétti.

4. gr.

Bæjarstjórn hefir rétt til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga sem henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar þær, sem húseigendur kosta, og tengja þær við kerfi hitaveitunnar, og skulu þeir fara eftir reglum, er bæjarstjórn setur.

Engir aðrir en þeir, sem þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá hitaveitunni inn í hús í bænum.

5. gr.

Hitaveita Reykjavíkur selur húseigendum heitt vatn til upphitunar húsa og annara nota eftir því, sem reglugerð ákveður, með verði, sem skal ákveðið í gjaldskrá, er bæjarstjórn setur og ríkisstjórnin staðfestir.

6. gr.

Jarðeigendur, sem eiga land þar, sem vatnsleiðslur hitaveitunnar verða lagðar, svo og lóðareigendur og lóðarleigjendur í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, eru skyldir til að láta af hendi land og landsafnot, sem með þarf til þess að veita megi vatninu til Reykjavíkur og um bæinn, þar með talið grjóttak, malartekja og rista svo og mannvirki, og að þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hitaveitan kann að hafa í för með sér, gegn bótum fyrir landspjöll eftir fyrirmælum vatnalaganna.

7. gr.

Til tryggingar skuldbindingum, sem bæjarstjórnin tekur á sig, með samþykki ríkisstjórnarinnar, í því skyni að lögð verði hitaveita til bæjarins frá jarðhitasvæðum Reykja og Reykjahvols, sem og til tryggingar lánum, sem bæjarstjórnin kann síðar að taka vegna þessara framkvæmda eða til rekstrar hitaveitunnar, getur bæjarstjórnin sett allt fyrirtækið að veði.

Nær slík veðsetning til allra réttinda fyrirtækisins, þ. á m. sérstaklega einkaréttinda samkvæmt 1. grein, svo og allra eigna, sem nauðsynlegar eru til þess að stofna fyrirtækið og starfrækja, sem eru: Vatn, vatnsréttindi og önnur hitaréttindi, land og réttindi til landsafnota, borholur, aðveituæðar til dælistöðva, dælistöð með öllum vélum, aðalleiðsla til Reykjavíkur, vatnsgeymar við Reykjavík, allar leiðslur um bæinn, þar á meðal heimæðar, mælar í húsum, bústaðir vélgæzlumanna við dælistöð og yfirleitt öll mannvirki, sem gerð eru vegna fyrirtækisins, með öllum endurbótum og viðaukum.

Veðsetningin öðlast fullt gildi við þinglestur í Reykjavík, hvar sem hinar veðsettu eignir fyrirtækisins eru.

Vanefni bæjarstjórnin skyldur sínar samkvæmt veðskuldbindingunni, skal veðhafa heimilt að taka fyrirtækið í sínar hendur og reka það fyrir eiginn reikning, eða fá öðrum rekstur þess í hendur, með öllum skyldum og réttindum, sem bæjarstjórn rak það, þar til hann hefir fengið kröfur sínar greiddar að skaðlausu, en auk þess er veðhafa heimilt að ganga að veðinu, ef hann kýs það heldur. Ef vanefndir stafa af óviðráðanlegum atvikum (force majeure) eða ófyrirsjáanlegum, afsakanlegum drætti, má bæta úr þeim með greiðslu svo fljótt sem verða má, og í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Er svo stendur á, verður því ekki leitað fullnustu í hitaveitunni, né hún tekin í hendur veðhafa til rekstrar, fyrr en þrír mánuðir eru liðnir frá því vanefndir urðu.

Komi til þess, að veðhafi eða nýr eigandi taki fyrirtækið í sínar hendur, geta þeir rekið það með sama rétti, sem bæjarstjórnin hafði, og getur hvorki bæjar-

stjórnin né önnur stjórnarvöld torveldað reksturinn á nokkurn hátt, og má þá ekki heldur leggja á hann nokkurt afgjald eða skatta, hvorki beint né óbeint.

Réttur veðhafa til að ganga að fyrirtækinu eða taka það í sínar hendur er þó bundinn því skilyrði, að hvenær sem er getur bæjarstjórnin leyst aftur til sín fyrirtækið með því að greiða veðhafanum eða hinum nýja eiganda veðskuldina að skaðlausu með vöxtum og kostnaði þeirra við yfirtökuna og reksturinn, þar á meðal rekstrartap þeirra.

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allar skuldbindingar, sem bæjarstjórn Reykjavíkur tekst á hendur nú eða síðar vegna hitaveitu samkvæmt lögum þessum, allt að 9 milljónum danskra króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í annari mynt.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem verða settar samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41 14. maí 1938 og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 355. Frumvarp til laga

um vistarverur háseta á íslenzkum skipum, er sigla um hættusvæði á ófriðartímum.

Flm.: Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Vistarverur háseta, svefnklefar og matsalur, á skipi, sem siglir til erlendra hafna um svæði, þar sem hætta er á tundurduflum á ófriðartímum, mega eigi vera framar í skipum en það, að minnst ⅓ hluti af lengd skipsins sé fyrir framan þessar vistarverur.

2. gr.

Háseti sá, er heldur vörð á skipi, sem siglir um hættusvæði (tundurduflasvæði), skal hafa varðstöðu í þar til gerðri körfu eða skýli, sem tryggilega er fest í framsiglu skipsins.

3. gr.

Skipaskoðun ríkisins hefir með höndum eftirlit með framkvæmd þessara laga, og sér eftirlitið um, að ákvæðum þeirra sé framfylgt svo fljótt sem kostur er á.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 50000 króna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skipskaðar og manntjón af völdum tundurdufla, sem ýmist rekur laus um siglingaleiðir eða eru lögð í ákveðin svæði siglingaleiða af Evrópuþjóðum þeim, sem

nú eiga í ófriði, fer óðum í vöxt. Reynslan hefir sýnt, að þeim mönnum, sem dvelja í framhluta skips, er steytir á tundurdufli, er mest hætta búin. Enda þótt skipstjórar hafi þegar almennt tekið upp þá reglu að flytja vistarverur háseta í afturhluta skipa sinna, þykir okkur eigi tryggt, að ekki kunni að finnast undantekningar, og viljum að þetta sé lögskipað.

Vitað er um, að eitt skip, sem er í siglingum milli landa, Brúarfoss, hefir komið fyrir skýli í framsiglu fyrir varðmann. Fleiri skip hafa ekki slíkan umbúnað. Að sögn er slíkur umbúnaður kominn í öll brezk skip í framsiglu eða reiða. Varðmaður frammi á skipinu er jafnt dauðadæmdur og aðrir þeir, sem frammi á skipinu búa, ef skip steytir á tundurdufli. Vegna þessarar hættu munu varðmenn ekki halda sig eins framarlega og nauðsynlegt er til að sjá vel fram undan.

Nánar í framsögu.

Nd. 356. Lög

um breyting á lögum nr. 7 11. marz 1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

(Afgreidd frá Nd. 28. nóv.).

Samhljóða þskj. 278.

Nd. 357. Tillaga til þingsályktunar

vegna athugasemda yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins 1937.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að gæta fyllstu sparsemi í eyðslu til ferðalaga starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og að láta því aðeins greiða ferðakostnaðarreikninga, að starfsmaður hafi ferðazt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.
2. Að gæta fyllstu varfærni í útlánum ríkisstofnana, og gæta þess alveg sérstaklega, að áfengisverzlun ríkisins veiti ekki öðrum en útsölunum langa gjaldfresti.
3. Að gera ráðstafanir til þess, að ríkisbúin á Kleppi og Vífilsstöðum verði rekin hallalaust.
4. Að haga svo samningu lagafrumvarpa og reglugerða, sem ríkisstjórnin lætur semja, að fastir starfsmenn í stjórnarráðinu vinni þau verk að sem allra mestu leyti.

Greinargerð.

Minni hluti fjárhagsnefndar (SK og StSt) lítur svo á, að athugasemdir yfirskoðunarmanna séu yfirleitt á rökum byggðar. Nokkrar af aðfinnslunum eigi einungis við reikningsárið. Geta aðgerðir Alþingis þá ekki komið þar að liði. Ráðstafanir hafa og verið gerðar til umbóta á nokkrum þeim atriðum, sem að er fundið. Loks má gera ráð fyrir, að ýmislegt leiðréttist af sjálfu sér vegna breytinga þeirra, sem orðið hafa á ríkisstjórninni.

Svo er háttað um kostnað við rekstur ríkisútvarpsins, að ríkisstjórnin hefir gert ráðstafanir til verulegrar lækkunar á rekstrarkostnaðinum. Sama má segja um fangahælið á Litla-Hrauni. En flm. þessarar tillögu vilja þó benda á það, að hælið mun ekki vel í sveit sett, og væri ástæða til að rannsaka, hvort það ætti ekki að setjast niður á öðrum stað. Athugasemd yfirskoðunarm. við auglýsingakostnað ríkis-

stofnana er fyllilega réttmæt, miðað við árið 1937. En það mál mun hafa breytzt til umbóta.

En þrátt fyrir það, að leiðrétting er þegar fengin á sumu af því, sem að er fundið, og að líkur eru til, að breytingar til umbóta á fleiri atriðum séu í vændum án þess að Alþingi geri þar um sérstakar ályktanir, sér minni hlutinn sér þó ekki annað fært en að leggja til, að gerð sé ályktun um þau atriði, sem í tillögunni greinir.

Á síðustu árum hefir fjölgað mjög ört þeim stofnunum, sem reknar eru á kostnað og ábyrgð ríkisins. Utanferðir forráðamanna þessara stofnana eru mjög tíðar. Líklegt er, að sami maður gæti oft rekið erindi fleiri en einnar stofnunar, og þykir ástæða til að skora á ríkisstjórnina að sjá um, að þessar kostnaðarsömu ferðir séu ekki gerðar, nema brýn nauðsyn krefji. Í því felst þó eigi sú skoðun, að utanferðir í þágu ríkisstofnana geti fallið niður með öllu. Ferðalög innanlands í þágu ríkisstofnana hljóta að sjálfsögðu að verða mikil, sérstaklega vegna vegagerðar og símamála. En hafa ber þó glöggar gætur á því, að ekki eigi sér stað óþörf innanlandsferðalög á kostnað ríkisstofnana.

Skuldaflækjur ríkisstofnana eru alvarlegt áhyggjuefni. Skuldir stofnananna við útlönd eru orðnar til vansæmdar og horfa til alvarlegra vandræða. Þetta mun talið óviðráðanlegt og stafa af yfirfærsluvandræðum. En lánsverzlunin innanlands er annað vandræðamálið. Er ríkisstjórninni í sjálfsvald sett að varast þau víti. Vill minni hluti fjárhagsnefndar alveg sérstaklega vekja athygli ríkisstjórnarinnar á því, hve óviðeigandi er, að ríkið reki lánsverzlun í stórum stíl með áfengi.

Yfirskoðunarmennirnir hafa réttilega fundið að hallarekstri ríkisbúanna á Vífilsstöðum og Kleppi. Eru færð rök að því, að stjórnarnefnd ríkisspítalanna eigi aðalsökina á þessu. Eðlilegt er, að Alþingi láti í ljós vilja sinn um rekstur búanna. Er líklegt, að rétt sé sú skoðun yfirskoðunarmanna, að búin ættu að seljast á leigu. En að sjálfsögðu er það rannsóknarefni fyrir ríkisstjórnina, hvaða fyrirkomulag verður hagkvæmast.

Fundið er að því, hve miklu fé er varið til aðstoðar við samningu lagafrumvarpa og reglugerða, sem ríkisstjórnin lætur semja. Vitað er, að stjórnarráðið er vel mönnum skipað til þess háttar starfa. Er það því eðlileg krafa, að þessi verk séu að sem allra mestu leyti unnin í stjórnarráðinu.

Minni hl. fjhn. telur, að meðferð ríkisstjórnarinnar á atvinnubótafénu sé ekki í fullu samræmi við fyrirmæli Alþingis. En sökum þess að fjárlög fyrir næsta ár eru ekki afgreidd, og af þeim sökum ekki séð, hvernig fjárveitingu í þessu skyni verður hagað, er ekki lagt til, að Alþingi geri sérstaka ályktun um það efni.

Þær stórkostlegu fjárhæðir, sem yfirskoðunarmenn leggja til, að leitað sé aukafjárveitingar fyrir, sýna, að umframgreiðslum hefir lítt verið í hóf stillt. Þykir þó mega láta niður falla að gera ályktun um þetta almennt, þar til séð verður, hvort þetta breytist ekki af sjálfu sér.

Nd. 358. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 10 13. janúar 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka við síldarverksmiðju þá, sem heimilað var með lögum nr. 10 13. janúar 1938 að reisa á Raufarhöfn, þannig að hún geti unnið úr um 5000 málum síldar á sólarhring.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um

2500 mál síldar á sólarhring, auk þeirra 2400 mála, sem heimilað var að auka við verksmiðjurnar með téðum lögum.

2. gr.

Til þeirrar aukningar síldarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í téðum lögum og í 1. gr. þessara laga, heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni milljón og sjö hundruð þúsundum króna, eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri, til viðbótar þeirri einni og hálfri milljón króna, sem heimilað var að taka að láni með 2. gr. téðra laga.

3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinna stækkuðu verksmiðja fer að öðru leyti eftir lögum um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 10 13. janúar 1938 var ríkisstjórninni heimilað að láta reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn með 2400 mála afköstum á sólarhring. Verksmiðjan skyldi geta tekið til starfa árið 1938 eða 1939. Með sömu lögum var ennfremur heimilað að láta stækka síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði um 2400 mála afköst á sólarhring. Lántökuheimild í þessu skyni var ein og hálf milljón króna.

Ríkisstjórnin útvegaði strax í ársbyrjun 1938 lán í Englandi, að upphæð £ 27000 til stækkunarinnar á Siglufirði. Framkvæmd hennar var hafin þá þegar og gekk svo greiðlega, að henni var lokið fyrir byrjun síldarvertíðar 1938. Kostnaðarverð stækkunarinnar nam, að meðtöldu nýju mjölgeymsluhúsi og 2000 smálesta lýsisgeymi, kr. 606889.09.

Ríkisstjórnin taldi í ársbyrjun 1938 of nauman tíma til þess, að hægt væri að reisa hina nýju síldarverksmiðju á Raufarhöfn fyrir síldarvertíð það ár, og leitaði því ekki eftir láni til byggingar hennar jafnhliða og til stækkunarinnar á Siglufirði. Hinsvegar var lántökuheimild til byggingar verksmiðju á Raufarhöfn felld inn í lög nr. 42 14. maí 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til 12 milljón króna lántöku. Sú lántaka strandaði, svo sem kunnugt er, síðastl. ár. Var þá í lok ársins 1938 og í byrjun þessa árs leitað eftir sérstöku láni til byggingar Raufarhafnarverksmiðjunnar, en þær umleitanir báru ekki tilætlaðan árangur.

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins gerði hinn 24. sept. 1938 þá tillögu til ríkisstjórnarinnar, að hin nýja verksmiðja á Raufarhöfn skyldi verða með 5000 mála afköstum á sólarhring í stað 2400 mála. Rökstuddi verksmiðjustjórnin tillögu sína með því, 1) að stofnkostnaður stærri verksmiðjunnar yrði hlutfallslega ódýrari miðað við afköst, eða með þáverandi gengi kr. 1670300 á móti kr. 990300, 2) að rekstrarkostnaður yrði allmiklu lægri á hverju máli síldar hjá stærri verksmiðjunni, 3) að þörf væri fyrir afkastameiri verksmiðju á Raufarhöfn en heimildarlögin gerðu ráð fyrir.

Er þessi tillaga var komin fram, lýstu miðstjórnir Sjálfstæðisflokksins og jafnaðarmanna því yfir, að þær myndu mæla með því við þingmenn flokkanna, að þeir samþykktu á Alþingi heimild til þessarar stækkunar.

Síðastliðið sumar endurnýjaði stjórn síldarverksmiðja ríkisins tillögu sína um, að hin nýja síldarverksmiðja á Raufarhöfn skyldi verða með 5000 mála afköstum á sólarhring. Auk þess taldi verksmiðjustjórnin þörf á [5000—6500 mála] aukningu á afköstum síldarverksmiðja á Siglufirði. Var verksmiðjustjórnin sammála um að leggja til, að þar af skyldu afköst síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði aukin um 2500 mál á sólarhring, en greindi á um leiðir til frekari aukningar þar á staðnum. Ríkisstjórnin féllst á þessar tillögur verksmiðjustjórnarinnar um stækkun hinnar fyrirhuguðu verksmiðju á Raufarhöfn og á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði.

Þegar hér var komið, þótti sýnt, að nauðsynlegt myndi verða að hefjast tafarlaust handa, ef tryggt ætti að vera, að fyrirhugaðri stækkun yrði lokið fyrir næstu síldarvertíð, auk þess sem hinar iskyggilegu horfur á sviði alþjóðamála ýttu undir, að allur hraði væri á hafður. Ríkisstjórnin ákvað því, með hliðsjón af fyrri umsögnum miðstjórna Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins og eftir að hafa ráðfært sig við miðstjórn Framsóknarflokksins, að senda tafarlaust menn utan í þessum erindum, og völdust til fararinnar þeir Ásgeir Ásgeirsson bankastjóri og Jón Gunnarsson framkvæmdarstjóri. Hófu þeir ferð sína 21. ágúst síðastl. Tókst í þessari ferð að fá lán fyrir miklum hluta af erlendu efni og frekari lánstilboð. Einnig tókst að festa kaup á aðalvinnsluvélum til 5000 mála verksmiðju á Raufarhöfn og 2500 mála stækkunarinnar á Siglufirði, áður en verðhækkun varð á þeim vegna ófriðarins. Hefir alls verið keypt inn erlent efni til stækkunarinnar fyrir um kr. 1450000, eða um 85% af því erlenda efni, sem áætlað hefir verið, að þyrfti til þessara framkvæmda.

Í þessu frumvarpi er farið fram á aukna lántökuheimild fyrir kr. 1700000, eða alls kr. 3200000, í stað kr. 1500000 í lögum nr. 10 13. jan. 1938, til stækkunar á síldarverksmiðjum ríkisins. Þessi upphæð sundurliðast þannig:

Stækkun á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, framkvæmd 1938 ..	kr.	600000
Ný síldarverksmiðja á Raufarhöfn með 5000 mála afköstum á sólarhring	—	2000000
Stækkun á síldarverksm. ríkisins á Sigluf. um 2500 mála afköst á sólarh.	—	600000
Samtals	kr.	3200000

Ný síldarverksmiðja á Raufarhöfn með 5000 mála afköstum á sólarhring mun verða til mikils hagnaðar og hagræðis fyrir síldveiðiflotann, þó einkum fyrir hin smærri skip flotans. Ein auðugustu síldarmið landsins eru við Melrakkasléttu, í Þistilfirði og við Langanes, og liggur Raufarhöfn ágætlega við þessum miðum öllum. Hinsvegar er hvora leið í góðu veðri 10—20 klukkustunda lengri sigling, eftir því hve hraðskreið skipin eru, til Siglufjarðar en til Raufarhafnar af síldarmiðunum austan Raufarhafnar, eða í veiðiferð 20—40 stunda lengri sigling. Í slæmu veðri er þessi leið ófær smærri skipum. Vegna þessarar erfiðu aðstöðu hefir oft tapazt mikil veiði og margsinnis verið teflt á fremsta hlunn með öryggi skipa og skipshafna. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefir talið, að aflast muni a. m. k. 25% meira á viðskiptaskip þeirra við það, að hin nýja 5000 mála síldarverksmiðja á Raufarhöfn kæmist upp. Verður að vísu að telja, að eigi sé ólíklegt, að hér sé fulldjúpt í árinni tekið, og einnig ber að hafa hugfast, að þau ár, sem síldin aðallega veiðist vestan Siglufjarðar, verða notin af Raufarhafnarverksmiðjunni takmörkuð. En þrátt fyrir þetta er þó engum vafa undirorpið, að hyggilegt er, að verksmiðjan verði eigi afkastaminni en hér er ráð fyrir gert.

Sökum þess hve þátttaka í síldveiðunum hefir aukizt og aflaskilyrði batnað vegna fullkomnari útbúnaðar, þykir og rétt að auka afköst síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði um 2500 mál á sólarhring.

Nd. 359. Breytingartillaga

við frv. til laga um mótak.

Frá Pálma Hannessyni.

Aftan við frv. bætist ný grein, er verði 12. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed.

360. Frumvarp til laga

um mótak.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjar- og sveitarfélög geta eitt ár í senn öðlazt rétt til þess að vinna mó í annara landi með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Bæjarfélag eða sveitar, sem öðlast vill rétt þann, er í 1. gr. getur, skal senda skriflega umsókn um það til atvinnumálaráðuneytisins.

Í umsókn skal vera:

1. Greinargerð um legu mólandsins, nafn eiganda þess eða forráðamanns, atvinnu hans og heimilisfang, svo og nafn ábúanda landsins.
   Nú er land í sameign, og skal þá greina alla eigendur. Ef land er eign félags eða stofnunar, nægir að greina formann eða forráðamann.
2. Lýsing á mólandinu og næsta umhverfi þess. Greint skal frá hverskonar mannvirkjum, skurðum og ræktunarástandi, hvaða not eigendur eða ábúendur hafa undanfarið haft af hinu umrædda svæði (heyskap, beit o. s. frv.). Umsókninni fylgi í 2 eintökum kort eða frumdráttur (riss) af svæði því, er um ræðir, þar sem sjálft mólandið er skýrt afmarkað.
3. Áætlun um mómagn það, sem umsækjandi ráðgerir, að tekið verði upp.
4. Hvort umsækjanda sé kunnugt um, að aðrir eigi rétt til mótaks á þessum stað, og þá hverjir.
5. Ástæður umsækjanda fyrir því, að hann telur sér nauðsynlegt að fá mótak á þeim stað, sem um er sótt. Skal þar tekið fram, hvort umsækjandi eigi eða hafi til afnota nothæft móland, eða hvort önnur mólönd gætu komið til greina.

Umráðendur landsins, sem nefndir eru í 1. tölul. þessarar greinar, eru skyldir til að veita umsækjanda nauðsynlegar upplýsingar, að því leyti sem þeim er unnt.

3. gr.

Nú hefir ráðuneytinu borizt umsókn samkvæmt 2. gr., og skal það þá tilkynna efni hennar réttum aðilum samkvæmt 1. tölul. 2. gr., svo og sýslumanni þeirrar sýslu, þar sem mólandið er, og ber honum að tilkynna það oddvitum annara bæjar- eða sveitarfélaga, sem ætla má, að hefðu hagsmuna að gæta í því sambandi. Æski þeir að fá mótak á sama stað, skulu þeir sækja um það innan mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar.

4. gr.

Að loknum umsóknarfresti tekur ráðuneytið umsóknirnir til athugunar, og skal sá öðlast, að öðru jöfnu, rétt til mótaks, sem flutningur á mónum yrði kostnaðarminnstur, enda eigi hann ekki, svo kunnugt sé, kost mótaks á öðrum jafnhentugum eða hentugri stað, og metur ráðuneytið það. Skal tilkynna umsækjanda leyfisveitinguna, svo og aðilum samkvæmt 1. tölul. 2. gr.

5. gr.

Þegar lokið er undirbúningi þeim, sem í 2.—4. gr. segir, skal mæla út handa umsækjanda hæfilegt móland, þó aldrei stærra en svo, að eftir verði a. m. k. 5000 teningsmetrar af mó í hverri landareign á hentugum stað handa ábúanda. Þá skal og velja heppilegt land til þurrkvallar og ákveða nauðsynlega framræsluskurði, vegi og önnur mannvirki vegna mótaksins utan mótakssvæðis. Gæta skal þess, að mótakssvæði megi að afloknu mótaki koma að sem fyllstum notum til ræktunar.

6. gr.

Gjald vegna mótaks samkvæmt lögum þessum skal ákveðið um land allt af 2 mönnum. Nefnir atvinnumálaráðuneytið annan og Búnaðarfélag Íslands hinn. Tveir varamenn skulu nefndir á sama hátt.

Matsmenn skulu tilkynna aðilum úrslit matsins þegar er verða má í ábyrgðarbréfi.

Skjóta má ákvörðun matsmanna til yfirmats. Yfirmatsmenn skulu vera þrír. Nefnir hæstiréttur formann yfirmatsnefndar og atvinnumálaráðherra og Búnaðarfélag Íslands sinn manninn hvort. Varamenn skulu nefndir með sama hætti.

Beiðni um yfirmat skal vera komin til yfirmatsmanna innan mánaðar frá því að aðilum varð kunnugt um matið. Ef einn eða annar aðila áfrýjar, er yfirmatsmönnum skylt að úrskurða einnig kröfur hins eða hinna, þótt hann eða þeir hafi ekki áfrýjað á réttum tíma.

Hafi annar en eigandi afnot jarðar, ákveða matsmenn, hvort og hvernig gjaldinu skuli skipt með þeim.

7. gr.

Umsækjandi greiðir allan kostnað af útmælingu og undirmati, þar með talin þóknun matsmanna. Matsmenn ákveða þátttöku hvers umsækjanda í ferðakostnaði.

Yfirmatsmenn ákveða, hvernig aðilar bera kostnað af yfirmati.

8. gr.

Sýslumaður sýslu þeirrar, þar sem mólandið er, sér um útmælingu þess. Skal hann fá trúnaðarmann Búnaðarfélags Íslands til að annast útmælingu, ef unnt er.

Hefja má móvinnsluna jafnskjótt sem útmæling hefir farið fram.

9. gr.

Þeim, er samkvæmt lögum þessum hefir öðlazt rétt til mótaks, er skylt:

1. Að selja ekki unninn mó dýrar en við kostnaðarverði, að viðbættum 10%. Skulu haldnir reikningar yfir reksturinn. Við hann má ekki reikna hærra kaupgjald en goldið er eftir gildandi kauptaxta á staðnum.
2. Að hefja mótak innan tímabils, sem sýslumaður ákveður, þegar útmæling fer fram, enda getur annar umsækjandi krafizt þess að fá mótak á þeim stað, ef út af er brugðið, nema gildar ástæður séu til að dómi ráðuneytisins.
3. Að valda eigi ónauðsynlegum átroðningi og greiða þóknun fyrir notkun hreppsvega eftir ákvörðun sýslumanns, svo og ábyrgjast skaða, er verða kann á skepnum vegna vanrækslu á ákvæðum 5. tölul. þessarar greinar.
4. Að sjá um, að mórinn sé tekinn í samfelldum gröfum, og gæta þess, að sem minnst fari til spillis.
5. Að skila unnu mólandi samsumars framræstu, plægðu og herfuðu.

10. gr.

Allur unninn mór og annvirki skal flutt burt, ef þess er kostur, fyrir 1. maí næsta ár eftir að mótakið hefir farið fram, nema móvinnandi fái réttindi til mótaks það ár eða öðruvísi semjist. Sé þessu ekki til að dreifa, getur aðili eftir þann tíma látið flytja þetta burt á kostnað móvinnanda, eða hirt mó þann, sem eftir kann að liggja. Jafnan verður mór og annvirki að hafa verið flutt burt innan 30. júní árið eftir móvinnsluna.

11. gr.

Sæki sami móvinnandi aftur um mótekju á svæði samfelldu því landi, er honum var útmælt árið áður, á hann, meðan mótak er nóg, forgangsrétt að því.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 361. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám l. nr. 43 7. maí 1928, um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir haft málið til athugunar og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1939.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Steingr. Steinþórsson, fundaskr. Pétur Ottesen.
Jón Pálmason. Emil Jónsson.

Ed. 362. Breytingartillaga

við frv. til laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá Jónasi Jónssyni, Þorst. Þorsteinssyni og Bernh. Stefánssyni.

Við 10. gr. Greinin orðist þannig:
Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma sérstök störf, eftir því sem fyrir verður mælt í launalögum eða fé veitt til í fjárlögum. Embættismenn þessir og fulltrúar þeirra skulu skyldir að takast á hendur setudómarastörf án annarar endurgreiðslu en útlagðs ferðakostnaðar, enda haldi þeir launum sínum á meðan á setudómarastörfum þessum stendur.

Nd. 363. Breytingartillaga

við frv. til l. um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Sigurði Kristjánssyni.

Við 2. gr.
a) Í stað orðanna „að hálfu leyti“ komi: að öllu leyti.
b) Í stað orðanna „skal draga 50% af umræddri áhættuþóknun“ komi: skal draga alla umrædda áhættuþóknun.

Nd. 364. Frumvarp til íþróttalaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI
Um stjórn íþróttamála.

1. gr.

Í lögum þessum merkja íþróttir hverskonar líkamsæfingar, er stefna að því að auka heilbrigði manna, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp.

2. gr.

Fræðslumálastjórnin hefir yfirumsjón allra íþróttamála að því leyti, er ríkið lætur þau til sín taka. Til aðstoðar fræðslumálastjórninni um stjórn og framkvæmd íþróttamála er íþróttafulltrúi og íþróttanefnd.

3. gr.

Íþróttafulltrúi skal hafa alhliða þekkingu um íþróttamál og auk þess þekkingu á sviði almennra uppeldismála, enda starfar hann í sambandi við fræðslumálastjórn, eftir nánari ákvæðum, sem kennslumálaráðherra setur. Hann skal ráðinn af fræðslumálastjórn til þriggja ára í senn og greiðast laun hans úr ríkissjóði.

Íþróttafulltrúi skal hafa á hendi þessi störf:

1. Að hafa umsjón með íþróttastarfsemi í skólum.
2. Að vinna að útbreiðslu og eflingu íþrótta í landinu.
3. Að gera tillögur um framkvæmdir til eflingar íþróttum og hafa eftirlit með slíkum framkvæmdum.
4. Að veita íþróttafélögum og einstaklingum leiðbeiningar og aðstoð um íþróttamál.
5. Að safna skýrslum um íþróttastarfsemi í landinu.
6. Að gera tillögur um úthlutun fjár úr íþróttasjóði.
7. Annað það, sem honum er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Ráðherra setur íþróttafulltrúa erindisbréf.

4. gr.

Íþróttanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Kennslumálaráðherra skipar íþróttanefnd, og skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tillögum stjórnar íþróttasambands Íslands, en annar samkvæmt tillögum stjórnar ungmennafélags Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Nefndarmenn allir skulu vera búsettir í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Íþróttanefnd tekur eigi laun fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði. Kostnað við sérfræðilega aðstoð skal þó greiða úr íþróttasjóði.

Íþróttanefnd stjórnar íþróttasjóði og úthlutar fé úr honum eftir fyrirmælum laga þessara. Að öðru leyti skal nefndin hafa á hendi þessi störf:

1. Að vinna að eflingu íþróttamála, og getur hún gert tillögur um allt, sem að þeim lýtur.
2. Að vinna ásamt íþróttafulltrúa að því að koma skipulagi á íþróttamál í landinu.
3. Annað það, sem henni er falið í lögum þessum, eða verður falið með reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Íþróttafulltrúi á sæti á fundum íþróttanefndar, en á þar eigi atkvæðisrétt nema hann sé skipaður í nefndina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd.

II. KAFLI

Um íþróttasjóð.

5. gr.

Stofna skal sjóð til eflingar íþróttum í landinu, og nefnist hann íþróttasjóður. Alþingi veitir sjóðnum árlega fé til ráðstöfunar, eða sér honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt.

6. gr.

Styrkveitingar úr íþróttasjóði skulu miða að því að bæta skilyrði til íþróttaiðkana, og skal áherzla lögð á, að þær komi að sem almennustum notum.

Styrki má veita til:

1. Hverskonar mannvirkja og tækja, sem miða að bættum skilyrðum til íþróttaiðkana, einkum efniskaupa og aðstoðar kunnáttumanna.
2. Til íþróttaskóla og námskeiða.
3. Til útbreiðslu íþrótta og aukinnar íþróttamenntunar.

Eigi má veita styrki til venjulegra íþróttamóta né einstakra kappleika eða til verðlaunagripa, til rekstrarkostnaðar félaga eða til fastrar íþróttakennslu í almennum skólum, né ferðalaga íþróttafélaga.

7. gr.

Þessir aðilar geta notið styrks úr íþróttasjóði:

1. Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.), Ungmennafélag Íslands (U. M. F. Í.), svo og félög og félagasambönd innan vébanda þeirra.
2. Bæjar-, sveitar- eða sýslufélög og skólar.
3. Samtök þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölul. þessarar greinar, svo sem íþróttasamtök slík, er ræðir um í 25. gr. laga þessara.

8. gr.

Umsóknir um styrki úr íþróttasjóði skulu sendar íþróttanefnd samkvæmt reglum, er hún setur.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka tillit til þess:

1. Hve mikið framlag umsækjanda er í vinnu og fé.
2. Hve almenna þýðingu úthlutunin geti haft.
3. Hve heilbrigðisgildi framkvæmdar þeirrar, er styrks nýtur, er mikið.
4. Að stuðningurinn dreifist með tímanum sem jafnast um landið eftir fólksfjölda.
5. Að hve miklu leyti félögin standi undir rekstrarkostnaði sínum með iðgjöldum félagsmanna.

Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennra afnota, eftir því, sem við verður komið, en eigi má nota þau til neins þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþrótta.

9. gr.

Setja skal reglugerð um mannvirki þau, er styrks hafa notið eða njóta úr íþróttasjóði, og skal hún staðfest af fræðslumálastjórninni. Í reglugerð skulu vera ákvæði um stjórn mannvirkis, viðhald og notkun.

10. gr.

Nú vill einhver þeirra aðilja, sem taldir eru í 7. gr., koma upp íþróttamannvirki og fá til þess styrk úr íþróttasjóði, og skal hann þá leita samþykkis íþróttanefndar um gerð mannvirkis og stað. Skylt er íþróttanefnd að láta aðiljum ókeypis í té uppdrætti og aðrar leiðbeiningar um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa.

III. KAFLI

Um íþróttir í skólum.

11. gr.

Í öllum skólum landsins skulu íþróttir iðkaðar eftir því, sem mælt er fyrir í lögum þessum, eða reglugerðum, er ráðherra setur samkvæmt þeim.

12. gr.

Barnaskólum í kaupstöðum eða kauptúnum með 500 íbúum eða fleiri, svo og öllum æðri skólum, skal séð fyrir hæfu húsnæði með heitu og köldu baði og nauðsynlegum áhöldum til fimleikakennslu, og er hvorttveggja háð úrskurði íþróttafull-

trúa. Í barnaskólum í sveitum og kauptúnum með færri en 500 íbúum skal temja nemendum þær fimleikaæfingar, sem við verður komið í húsnæði skólanna, enda sé eigi völ á öðru húsnæði betra. Allir fastir barnaskólar og æðri skólar skulu hafa til umráða hæfilegt landsvæði eða leikvang til þess að iðka knattleiki og útiíþróttir.

13. gr.

Öll börn á landinu skulu læra sund, nema þau séu óhæf til þess, að dómi skólalæknis. Höfuðáherzlu skal leggja á að kenna bringu- og baksund og helztu aðferðir við björgunarsund og endurlífgun úr drukknunarástandi. Skal hver nemandi hafa lokið þessu námi fyrir 14 ára aldur og hafa leyst af hendi ákveðnar raunir í sundi og björgun, samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur.

Þar, sem sundlaugar eru svo nærri skólum, að sundiðkunum verði við komið samhliða öðru námi, skal ætla þeim tíma á stundaskrá skólanna. Að öðrum kosti skal kenna sund með námskeiðum, og skal hver nemandi eiga kost á hálfs mánaðar kennslu a. m. k. Þar, sem sækja skal langt til slíkra sundnámskeiða, skal ríkissjóður taka þátt í ferðakostnaði nemenda, eftir reglum, sem fræðslumálastjórn setur. Í öðrum skólum en barnaskólum skulu nemendur iðka sund, nema þeir teljist til þess óhæfir, að dómi skólalæknis, enda eigi þeir kost á sundkennslu og aðgang að sundlaug. Að loknu námi í skólanum skulu nemendur leysa af hendi prófraunir, er miðaðar séu við aldur þeirra og þroska. Fræðslumálastjórn setur nánari ákvæði um prófraunir þessar.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að veita skólahéruðum undanþágu frá sundskyldu skólabarna fyrstu fimm árin frá því, er lög þessi öðlast gildi, þar sem nauðsyn krefur.

14. gr.

Í öllum skólum skal leggja áherzlu á það, að nemendur fái tækifæri til að stunda útiíþróttir, eftir því sem fært þykir og staðhættir eru til. Ennfremur skulu piltar í öllum skólum eiga kost á tilsögn í íslenzkri glímu.

15. gr.

Nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis eru eigi færir um að taka þátt í hinum almennu íþróttaiðkunum skólanna, skal séð fyrir líkamsæfingum við þeirra hæfi, eftir því sem fært þykir. Fræðslumálastjórn setur að öðru leyti, eftir tillögum íþróttafulltrúa og íþróttanefndar, ákvæði um tilhögun og stundafjölda fimleikakennslu og annara íþróttaiðkana í skólum.

16. gr.

Skólanemendum er óheimilt að stunda íþróttaæfingar í félögum utan skólanna þann tíma árs, sem skólar starfa, nema með leyfi skólastjóra.

17. gr.

Í öllum barnaskólum og öðrum almennum skólum skal fara fram kennsla í heilsufræði. Leggja skal sérstaka áherzlu á heilsuvernd, gildi íþrótta og skaðsemi eiturnautna.

18. gr.

Háskólastúdentar skulu eiga kost á íþróttakennslu og íþróttaiðkunum, eftir nánari ákvæðum, sem ráðherra setur.

19. gr.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að láta gera íþróttamerki fyrir skóla, samkvæmt reglugerð, er kennslumálaráðuneytið setur um þau efni. Merkin skulu allir skólanemendur eiga kost á að fá fyrir lágt verð, er þeir hafa unnið tilskilið afrek og náð tilskilinni leikni.

IV. KAFLI
Um íþróttakennslu.

20. gr.

Enginn getur öðlazt réttindi sem sérkennari í íþróttum, né rekið íþróttakennslu sem atvinnu, nema hann hafi lokið íþróttakennaraprófi hér á landi eða öðlazt réttindi sem íþróttakennari áður en lög þessi tóku gildi.

Próf þetta skal taka í uppeldisfræði, kennslufræði og kennslu, íslenzku, líkamsfræði, leikfimi, sundi, íslenzkri glímu og þeim einmenningsíþróttum, sem tilskildar kunna að verða í reglugerð, sem ráðherra setur um prófið. Þeir einir hafa rétt til að ganga undir kennarapróf í íþróttum, sem stundað hafa nám við íslenzkan eða erlendan íþróttakennaraskóla minnst 9 mánuði og kynnzt kennslu í skólum og íþróttafélögum. Heimilt er fræðslumálastjórn að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef í hlut eiga kennarar, sem fengnir eru til þjálfunar um stundarsakir í einstökum íþróttagreinum, enda samþykki stjórn íþróttakennarafélags Íslands ráðningu þeirra.

21. gr.

Kennarar kennaraskólans í uppeldis- og kennslufræði og íslenzku skulu annast próf í þessum greinum við íþróttakennarapróf, og prófdómarar og kröfur skulu vera sömu við það og almennt kennarapróf.

Fræðslumálastjórn skipar prófdómendur í íþróttum.

22. gr.

Við héraðsskóla, einn eða fleiri, skal halda uppi sérdeildum til íþróttakennslu, og skulu nemendur, sem til þess þykja fallnir að dómi skólastjóra, eiga kost á að stunda þar nám eftir eins vetrar dvöl í héraðsskóla eða öðrum skóla jafngildum. Í íþróttadeildum þessum skal nemendum kennt að leiðbeina öðrum um íþróttaiðkanir, svo að þeir verði færir um leiðbeiningar í íþróttaiðkunum í heimahögum sínum. Nám í deildum þessum veitir að öðru leyti engin kennararéttindi.

23. gr.

Í kennaraskólanum skulu fimleikar og aðrar íþróttir vera skyldunámsgreinar, og skal kennslan vera bæði bókleg og verkleg. Íþróttakennsla skal jafnan vera ein grein kennaraprófs, og skal miða prófið við það, að kennarar verði færir um að veita tilsögn í íþróttum í barnaskólum og íþróttafélögum, þar sem ekki er völ á sérkennara. Fræðslumálastjórn setur með reglugerð nánari ákvæði um þær íþróttagreinar, sem stunda skal, tilhögun kennslu og kröfur við próf.

V. KAFLI
Um frjálsa íþróttastarfsemi.

24. gr.

Íþróttastarfsemi utan skólanna er falin frjálsu framtaki landsmanna, og fer fram í félögum og sem einstaklingsstarf, með þeim stuðningi, sem veittur er samkvæmt lögum þessum. Í íþróttamálum kemur Íþróttasamband Íslands fram af Íslands hálfu gagnvart öðrum þjóðum, nema að því leyti, sem ríkið gerir það sjálft.

Öll opinber íþróttakeppni skal fara fram samkvæmt reglum, sem Í. S. Í. setur, enda séu þær ætíð í samræmi við alþjóðaíþróttareglur. Þó getur íþróttanefnd mælt svo fyrir, að enginn megi taka þátt í keppni í tilteknum íþróttagreinum, nema læknir hafi áður skoðað hann.

25. gr.

Skipta skal landinu niður í íþróttahéruð eftir legu og aðstöðu til samvinnu um íþróttaiðkanir. Íþróttanefnd annast skiptingu þessa í samráði við

stjórnir Í. S. Í. og U. M. F. Í. Íþróttanefnd og íþróttafulltrúi skulu vinna að því, að allir aðilar um íþróttamál í íþróttahéraði hverju bindist samtökum um hagsmuni sína. Meðan aðilar þessir hafa eigi myndað slík samtök, skal íþróttanefnd skipa þriggja manna stjórnarnefnd í héraði hverju. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Í. S. Í. og annar samkvæmt tilnefningu stjórnar U. M. F. Í. og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu fræðslumálastjórnar. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður er umboðsmaður íþróttanefndar og íþróttafulltrúa í héraði sínu. Eigi þiggur hann laun fyrir það starf. Þá er héraðssamtök íþróttaaðila hafa myndazt, tekur stjórn þeirra við starfi nefndarinnar.

26. gr.

Til þess að félög séu viðurkennd til styrkveitinga samkvæmt lögum þessum, verða þau að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Inntaka manna í þau sé ekki bundin skilyrðum um trúar- eða stjórnmálaskoðanir.
2. Allir félagsmenn séu skyldir að greiða iðgjöld í sjóði félaganna.
3. Félögin séu í Í. S. Í. eða U. M. F. Í., greiði þeim tilskilin gjöld, sendi árlegar fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul.
4. Félögin hafi lækniseftirlit með íþróttamönnum sínum, eftir því sem við verður komið.

VI. KAFLI
Ýms ákvæði.

27. gr.

Skylt er bæjar-, sveitar- og sýslufélögum að leggja til endurgjaldslaust hentug lönd og lóðir undir íþróttamannvirki, sem styrkt eru úr íþróttasjóði, eða íþróttanefnd viðurkennir. Heimilt er að taka land til þessa eignarnámi, ef þörf krefur.

28. gr.

Ef félag eða skóli, sem fengið hefir opinberan styrk til mannvirkja eða íþróttatækja, leggst niður, skulu þessar eignir þess renna til íþróttasjóðs, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum eða reglugerðum. Íþróttanefnd sér um, að þær komi að notum til íþróttaiðkana á þeim stað, sem þær eru, eftir því sem ástæður leyfa.

29. gr.

Viðurkenndir skólar og íþróttafélög skulu hafa forgangsrétt að notkun íþróttamannvirkja og tækja, sem þegar eru til í landinu, eða byggð kunna að verða, að því leyti, sem eigendur nota þau ekki til íþróttaiðkana, enda sé greitt fyrir það sanngjarnt verð.

30. gr.

Ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á lögum þessum eða framkvæmdum þeirra, skal skjóta til úrskurðar íþróttanefndar, nema svo sé vaxinn, að hann heyri undir dómstóla.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 24 23. júní 1932, um próf leikfimi- og íþróttakennara, reglugerð nr. 79 11. júlí 1934, um sama efni, svo og önnur ákvæði eldri laga og reglugerða, er brjóta í bága við þau.

Til þess að koma upp mannvirkjum eða fá ráð á fasteignum, sem lög þessi mæla fyrir um, skal veittur fimm ára frestur frá gildistöku þeirra.

Nd. 365. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks og hrafns.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Næstu tvö ár (24 almanaksmánuði) eftir gildistöku laga þessara skal greiða eina krónu fyrir dráp hvers svartbaks (veiðibjöllu) og hvers hrafns.

Sá, er drepið hefir vargfugla þá, er hér greinir, skal sanna það fyrir hreppstjóra, sýslumanni eða bæjarfógeta, vilji hann hljóta laun fyrir samkv. ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir laun þau, er 1. gr. ákveður. En sýsla og hreppur, sem vargfuglar þessir eru drepnir í, skulu greiða ríkissjóði: sýslan 25% og hreppurinn 20% af launum. Auk þess skulu þeir, er æðardúnstekjur hafa, greiða ríkissjóði 50 aura fyrir hvert hreinsað kg. af æðardún, er þeim fellur næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Sá, sem eyða vill svartbak eða hröfnum með skotum, má gera það hvar sem er. Þó má það ekki gera á friðlýstum varplöndum né í nánd þeim, né heldur á friðlýstum höfnum, nema leyft sé af þeim, er þar á að ráða.

4. gr.

Skylt er hverjum búanda að eyða eggjum svartbaks og hrafns á ábýlislandi sínu og öðrum þeim löndum, er hann ræður yfir. Vanræksla þessarar skyldu varðar sektum, 50—300 kr. Sektir renna í sjóð sveitar þeirrar, er hlut á að máli.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er frestað framkvæmd laga nr. 66 23. júní 1936.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Veiðibjöllu og hrafni virðist fjölga mjög ört. Eru vargfuglar þessir orðnir landplága. Sýnilegast tjón vinna þeir í friðlýstum varplöndum, og er alveg augljóst, að þeir muni að mestu eða öllu leyti uppræta æðarvarp á landi hér á næstu áratugum, ef ekki verða gerðar alveg sérstakar ráðstafanir til að eyða þeim. Vitnisburðir þeirra, sem búa á varpjörðum eða í nágrenni við þær, eru örugg sönnun á þessu. En eigi þarf þeirra við til þess að komast að raun um, hvert stefnir í þessu efni. Hagskýrslur sýna, að arður af æðarvarpi hér á landi fer þverrandi, þrátt fyrir aukna kunnáttu í friðun og hirðingu varplanda.

Árið 1912 var útfluttur æðardúnn 4187 kg. En árið 1937 var flutt út aðeins 2491 kg. Hagskýrslurnar sýna, að þverrunin hefir orðið langörust síðastl. áratug.

Fjárhagslega og menningarlega séð væri það verulegt tjón, ef æðarvarp yrði upprætt hér á landi. Þó er það ekki einasta tjónið, sem veiðibjalla og hrafn valda. Annað fuglalíf fer mjög þverrandi, sérstaklega fækkar mjög vaðfuglum, andfuglum og rjúpum. En fuglategundir þessar eru til mikils yndisauka og nokkurs arðs.

En veiðibjalla lætur ekki við það sitja að leggjast á fugla. Er hún orðin umsvifamikill lambamorðingi, svo að á sumum jörðum drepum hún tugi lamba hvert vor.

Alþingi 1936 setti lög um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu). Lög þessi hafa ekki borið þann árangur, sem til var ætlazt. Mun aðalorsökin sú, að það fé, sem til höfuðs þeim er lagt samkv. þeim lögum, er of lítið. Höfum við flm. þessa frv. því tekið það ráð að hækka talsvert verðlaunin fyrir dráp þessara vargfugla, jafnframt að gera það frjálst hverjum manni að stunda veiðar þeirra fyrir það fé, sem til höfuðs þeim er lagt.

Gera má ráð fyrir, að af frumvarpinu, ef að lögum verður, leiði fyrst í stað nokkru meiri útgjöld fyrir ríkissjóð heldur en til er stofnað með lögunum frá 1936. En á það ber að líta, að þetta er ætlað til verndunar fornri og arðberandi atvinnugrein, og til þess að vernda náttúrugæði, sem bæði eru til menningar og prýði.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að lögin verði í gildi aðeins tvö ár, og að þá komi aftur til framkvæmda lögin frá 1936. Með þessu vilja flutningsmenn tryggja það, að landhreinsun þessari, sem til er stofnað með frumvarpinu, verði lokið á stuttum tíma.

Nd. 366. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 frá 19. júní 1933.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðari málsgr. 24. gr. laganna orðist þannig:

Bætur fyrir jarðrask og landnám vegna þjóðvegar greiðast úr ríkissjóði og reiknast með kostnaði vegarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 367. Lög

um sölu og útflutning á vörum.

(Afgreidd frá Nd. 30. nóv.).

Samhljóða þskj. 346.

Nd. 368. Breytingartillögur

við frv. til laga um verkstjórn í opinberri vinnu.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. 3. liður orðist svo:
   Við minniháttar vegabætur, þó fleiri séu að vinnu en 10.
   Ef ágreiningur rís um þennan lið, skal leggja hann undir úrskurð vegamálastjóra, ef um þjóðveg er að ræða, ella hlutaðeigandi sýslumann. Þó má skjóta úrskurði þeirra til ráðherra þess, sem fer með vegamál.
2. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist: Að öðru leyti eru þeir við verkstjórn háðir ákvæðum þessara laga.

Nd. 369. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar.

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni og Eiríki Einarssyni.

Við 16. gr. b-liður fellur niður.

Ed. 370. Tillaga til þingsályktunar

um störf félagsdóms.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að félagsdómur sé ætíð og á öllum tímum árs tilbúinn að vinna starf sitt, þegar málum er skotið til hans, og að dómurinn haldi hiklaust áfram dómstörfum við hvert það mál, sem heyrir undir verksvið hans og er skotið þangað til úrskurðar. Ef reynslan sýnir, að löggjöfinni um skipulag félagsdóms sé að einhverju leyti áfátt, svo að hann geti ekki þess vegna orðið við framangreindum kröfum, er þess vænzt, að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi tillögur um þær umbætur á skipulagi réttarins, sem telja mætti nauðsynlegar.

Greinargerð.

Félagsdómur tók sér mjög langt sumarleyfi nú í ár, og tafðist óhjákvæmileg afgreiðsla máls, sem lá fyrir réttinum, við það. Félagsdómur frestaði auk þess vinnu við mál þetta á mjög áberandi hátt, eftir að hinu langa sumarleyfi var lokið. Ef félagsdómur getur ekki hiklaust unnið að þeim málum, sem hann á að fjalla um, má búast við, að lítill verði árangur af starfi hans, einkum þar sem til er flokkur manna í landinu, sem árum saman og enn í dag fullyrðir, að verkamannastéttinni sé að öllu leyti affarasælast að sækja og vinna mál sín með handaflinu. — Ef félagsdómur liggur í dái á sumrin, mun ofbeldið vaka.

Nd. 371. Frumvarp til laga

um sölu á hálfum Víðidal inn af Langavatnsdal.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja Borgarhreppi í Mýrasýslu hálfan Víðidal (hálfan Víðidal allan) eins og hún hefir eignazt hann með makaskiptasamningi dags. 20. marz 1937.

2. gr.

Söluverðið sé 600 krónur og greiðist með 1/10 við afsal, en eftirstöðvarnar með jöfnum greiðslum á 28 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með makaskiptasamningi, dags. 20. marz 1937, skipti ríkisstjórnin á Staðartungu í Borghreppingaafrétti og Víðidal í sama afrétti við þáverandi eiganda Víðidals, Guðmund heitinn Daníelsson á Svignaskarði. Nokkrar deilur risu þá heima í héraði út af málum þessum, en þeim var til lykta ráðið með því, að Guðmundur heitinn og kona hans gáfu Borgarhreppi Staðartunguna eftir sinn dag, en leigja honum upprekstur þar til þess tíma, gegn umsömdu gjaldi. Víðidalinn hefir ríkisstjórnin nú leigt Borgarhreppi til afréttar, en báðir aðilar óska eftir því, að um hreina sölu gæti orðið að ræða á landi þessu til handa hreppnum, og er frumvarp þetta flutt til þess að afla slíkrar heimildar.

Nd. 372. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

3. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til vátryggingar allt að 250 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þróun vélbátaútvegsins hneigist ómótmælanlega í þá átt, að auka stærð skipanna, og má því bráðlega búast við því, að þau takmörk, sem sett eru í gildandi lögum um vátryggingu fiskiskipa, hvað stærð þeirra snertir, séu of þröng, enda eru til nokkur fiskiskip hérlendis nú, sem eru að stærð milli þeirra skipa, sem tryggingarheimild vátryggingarfélaganna nær til, og togara og flutningaskipa, eða milli 150 og 250 smál. brúttó, en eru þó hér á landi nær útilokuð frá vátryggingu, nema um algerðan skipstapa sé að ræða. Er óneitanlega eitthvað bogið við það, að fiskiskipaeigendur þurfi að leita til erlendra vátryggingarfélaga um vátryggingu fiskiskipa sinna sökum þess, að ekki sé hægt að fá þau tryggð í innlendum vátryggingarstofnunum. Slíkt ástand lýsir hvorki þjóðlegum metnaði né sparnaði á erlendum gjaldeyri.

Á það skal bent, að breyting sú, sem hér er farið fram á að gerð sé á gildandi lögum, er aðeins heimild, og ef hún kæmi til framkvæmda, gætu iðgjöld af vátryggingarupphæð þessara skipa orðið samningsatriði milli vátryggingarfélaganna og endurtryggingarfélagsins.

Þess má og geta, að fjórðungsþing fiskideilda Norðlendingafjórðungs, haldið á Akureyri 18.—20. f. m., samþykkti einróma áskorun til Alþingis um að fá heimildarákvæði 3. gr. l. um vátryggingarfélög vélbáta frá 13. jan. 1938 breytt í það horf, sem hér er farið fram á.

Nd. 373. Nefndarálit

um frv. til l. um rafveitulánasjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir haft frumvarp þetta til allrækilegrar athugunar og orðið ásátt um að mæla með, að það verði samþykkt. Tveir nefndarmenn, SK og ÁÁ, áskilja sér þó rétt til þess að bera fram breytingartillögur.

Alþingi, 4. des. 1939.

Sveinbjörn Högnason, form. Ásg. Ásgeirsson, fundaskr., með fyrirvara. Steingr. Steinþórsson, frsm.
St. Stefánsson. Sigurður Kristjánsson.

Ed. 374. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar á framfærslulögum, nr. 35 frá 31. des. 1935.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir haft frv. þetta til meðferðar á allmörgum fundum og borið það saman við gildandi lög. Telur nefndin, að allmargar breytingar, er frv. gerir ráð fyrir, að gerðar verði á framfærslulögunum, séu nauðsynlegar, sérstaklega eins og nú horfir við um atvinnu- og afkomumöguleika í landinu. Er nefndin öll því meðmælt, að frv. verði samþykkt. Nokkrar breytingar leggur nefndin þó til, að gerðar verði á frv., en fullt samkomulag hefir samt ekki náðst innan nefndarinnar um, hverju beri að breyta og hvernig. Er nefndin því skipt um breytingartillögurnar, sem koma fram á sérstöku þingskjali. Öll nefndin stendur að 3. og 4. breytingartillögu og a-lið 9. tillögu. Að öðrum breytingum á þingskjalinu standa ýmist einn eða tveir nefndarmenn, og mun nánari grein verða gerð fyrir þeim undir umræðum í deildinni.

Alþingi, 4. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. Magnús Gíslason.

Ed. 375. Breytingartillögur

við frv. til laga um breytingar á framfærslulögum, nr. 35 frá 31. des. 1935.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 9. gr. Greinin falli niður.
2. Við 16. gr. b-liður greinarinnar falli niður.
3. Við 18. gr. Aftan við greinina bætist: Um ágreining út af ákvörðun sveitarstjórnar í þessu efni fer á sama hátt og fyrir er mælt í 21. gr.
4. Við 19. gr. Í stað „yfirvalds“ í síðasta málsl. greinarinnar komi: lögreglustjóra.

5. Við 21. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Þeim, sem þiggur framfærslustyrk og er vinnufær að dómi læknis og ekki getur sjálfur útvegað sér starf, er skylt að fara til atvinnurekstrar við venjuleg skilyrði hvar sem atvinnu er að fá á landinu, sem sveitar- eða bæjarstjórn útvegar honum og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um án sveitarstyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum, enda fullnægi starf það, sem honum er útvegað, að minnsta kosti framfærsluþörf meðalheimilis. Skylt er honum að hlíta fyrirmælum bæjar- eða sveitarstjórnar fyrst um sinn, enda þótt hann vilji ekki kannast við, að vinna sú, er honum var boðin, sé honum fullnægjandi til framfærslu heimilisins eða honum um megn að vinna. Málið getur hann kært til lögreglustjóra framfærslusveitar, er sker úr því eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verkalýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til. Úrskurði lögreglustjóra má skjóta til ráðherra.
6. Við 22. gr. Síðasta málsgr. falli niður.
7. Við 23. gr. Greinin falli niður.
8. Við 29. gr. Á eftir fyrra málsl. greinarinnar komi nýr málsl., svo hljóðandi: Ráðskonu eða vinnukonustarf telst ekki falla undir þetta ákvæði.
9. Við 31. gr.
   a. Upphaf meginmálsgreinarinnar orðist þannig:
      Nú hefir styrkþega verið ráðstafað o. s. frv.
   b. Síðari málsl. 2. málsgr. falli niður.

Ed. 376. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarpið er flutt í þeim tilgangi að greiða fyrir innheimtu útsvara, en sívaxandi örðugleikar bæjarstjórna og hreppsnefnda í þessu efni horfa til vandræða. Tilgangi þessum er ætlað að ná með því, að færa innheimtuna að mjög verulegu leyti yfir á herðar kaupgreiðenda í landinu, hvort heldur þeir hafa fastlaunað fólk í þjónustu sinni eða daglaunamenn.

Að athuguðu ráði hefir nefndin fallizt á að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt sem tilraun til úrlausnar á þessu vandamáli, með þeim breytingum, sem hún leggur til, að á því verði gerðar, sem að efni til beinast flestar í þá átt, að tryggja rétt útsvarsgreiðenda fyrir því, að haldið verði eftir af kaupi þeirra meiru fé en útsvarinu nemur eða að tekið verði útsvar af launum, sem ekki gera betur en hrökkva fyrir nauðsynlegu lífsviðurværi útsvarsgreiðanda. Nefndin hefir einnig fellt inn í frumvarpið breytingartillögu þingmanns Vestmannaeyinga, Jóhanns Jósefssonar, er varðar skyldur þeirra, er aflahlut kaupa, til að halda eftir útsvarshluta seljanda.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að menn á föstum launum og ýms fyrirtæki, nánar tilgreind í frumvarpinu, greiði útsvör sín mánaðarlega, miðað við fyrsta dag næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun hefir farið fram og allt til ársloka.

Má að þessu telja nokkurt hagræði fyrir þessa gjaldendur og líklegt, að mælist vel fyrir. Formaður nefndarinnar hefir viljað ganga feti framar. Vill hann lögfesta 10 gjalddaga á útsvörum, þannig að útsvörin greiðist mánaðarlega á 10 mánuðum frá fyrsta degi að telja hins næsta mánaðar eftir niðurjöfnun.

Meiri hluti nefndarinnar hefir ekki viljað fallast á þetta, þar sem útsvarsgreiðslan mundi með því móti lenda yfir á næsta gjaldár, en hann telur brýna nauðsyn á,

að lögfest sé, að útsvör skuli greidd að fullu á gjaldárinu. Hefir formaður nefndarinnar óbundnar hendur um að bera fram breytingartillögu í samræmi við skoðun sína á málinu.

Nefndinni er það ljóst, að nokkur vandkvæði munu verða á framkvæmd þessarar löggjafar í fyrstu, en þess er að vænta, er festa kemst á framkvæmdina, að nokkur bót verði ráðin á því ástandi, sem nú er, svo að allir aðilar megi vel við una.

Þá hefir nefndin gert nokkrar breytingar á frumvarpinu að formi til, sem ekki þykir ástæða til að skýra hér nánar, en gerð verður grein fyrir í framsögn.

Alþingi, 4. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Magnús Gíslason, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.

Ed. 377. Breytingartillögur

við frumv. til l. um breyt. á l. um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Á eftir 27. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

Heimilt er hreppsnefnd með samþykki sýslunefndar og bæjarstjórn með samþykki ráðherra að ákveða gjalddaga og innheimtu á útsvörum sem hér segir:

a. Frá byrjun næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið er sérhver kaupgreiðandi, sem hefir fasta starfsmenn í þjónustu sinni, hvort sem kaup þeirra greiðist vikulega, mánaðarlega eða á annan hátt, skyldur til að halda eftir af kaupinu fyrir hvern mánuð upphæð, er nægi til fullnaðargreiðslu á útsvarinu fyrir næstu áramót, miðað við jafnar greiðslur mánaðarlega til ársloka.

Vilji bæjarstjórn eða hreppsnefnd haga innheimtunni eins og að framan segir, er þeim skylt að senda hverjum kaupgreiðanda, í tæka tíð eftir niðurjöfnun útsvara, tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem hann hefir í þjónustu sinni, og krefjast þess, að hann haldi eftir áskildri upphæð af kaupinu.

Ber bæjarstjórn eða hreppsnefnd að láta kaupgreiðanda í té tvíritaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glöggt, að um útsvarsgreiðslu sé að ræða. Kaupgreiðanda er skylt að láta útsvarsgreiðanda slíka kvittun í té í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila um leið og hann afhendir útsvarsgreiðslurnar til bæjar- eða hreppssjóðs.

b. Nú hefir kaupgreiðandi í þjónustu sinni daglaunafólk, farmenn, fiskimenn, ákvæðisvinnufólk eða annað starfsfólk, sem ekki er á föstu árskaupi eða mánaðarkaupi, og skal hann þá skyldur til, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd tilkynnir honum, eftir sömu reglum og í a-lið segir, að halda eftir við hverja útborgun sem útsvarshluta allt að 10% af kaupi útsvarsgreiðanda. Ekki má krefja útsvarshluta af manni, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans, að dómi framfærslunefndar. Ekki er skylt að halda eftir útsvarshluta af minni útborgunarupphæð en 40 kr., enda líði þá minnst vika á milli útborgana.

Geri menn út til fiskjar í félagi upp á hlut, eða stundi aðra atvinnu í félagi með sama greiðslufyrirkomulagi, ber formanni fyrirtækisins að halda eftir vegna útsvarsgreiðslu allt að 10% af fé því, sem hver útsvarsgreiðandi ber úr býtum.

Nú tekur fiskimaður aflahlut af launum og selur hann öðrum, og færist þá ofangreind skylda yfir á kaupanda aflahlutar.

Ákvæðið gildir þar til kaupþiggjandi eða hlutarmaður hefir lokið útsvarsgreiðslu sinni, enda þótt komið sé nýtt gjaldár, en heimilt er að innheimta hjá honum eftirstöðvar útsvarsins með lögtaki eða á annan hátt, þegar sýnt er, að fullnaðarskil fást ekki á þennan hátt fyrir gjaldárslok. Sé heimildargrein þessi notuð, má ekki reikna dráttarvexti af útsvörum þeim, er undir hana heyra, á því gjaldári, sem útsvörin eru á lögð.

c. Upphæðum þeim, sem innheimtast samkvæmt a-lið og b-lið þessarar greinar, heldur kaupgreiðandi sérgreindum sem geymslufé og stendur skil á þeim til bæjar- eða sveitarsjóðs a. m. k. mánaðarlega. Formaður fyrirtækis hlutarmanna stendur bæjar- eða sveitarsjóði skil á útsvarsgreiðslum þeirra, þegar útborganir hluta fara fram.

Nú ber svo til, að útsvarsgreiðandi hefir verið krafinn af kaupgreiðanda, einum eða fleirum, um hærri upphæð en útsvar hans nam á gjaldárinu, og er bæjarsjóði eða sveitarsjóði þá skylt að endurgreiða þá upphæð til viðkomandi útsvarsgreiðanda eða heimilis hans, ekki síðar en viku eftir að bæjar- og sveitarsjóði barst hún.

Útsvarsgreiðandi á í þessum tilfellum aldrei kröfu á kaupgreiðanda um endurgreiðslu, en bæjar- eða sveitarsjóði er jafnan skylt að endurgreiða útsvarsgreiðanda, án tillits til, hvort kaupgreiðandi hefir staðið í skilum eða ekki. Hið sama gildir, ef útsvarsgreiðandi hefir kært útsvar sitt og fengið það lækkað.

d. Verzlanir, iðnfyrirtæki, skráð útgerðarfélög og önnur sambærileg útsvarsskyld fyrirtæki, hvort sem er einstakra manna eign eða félaga, skulu greiða útsvör sín mánaðarlega, og fellur fyrsta mánaðargreiðsla í gjalddaga 1. dag næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið. Hin mánaðarlega greiðsluupphæð reiknast út á þann hátt, að deila mánaðafjölda þeim, sem eftir er af gjaldárinu, þegar niðurjöfnun er lokið, í útsvarsupphæðina.

Vanræki kaupgreiðandi eða formaður skil samkv. a-, b- og c-lið þessarar gr., má taka upphæðir þær, er honum ber að sjá um greiðslu á, lögtaki hjá honum sjálfum.

2. Á eftir 1. gr. kemur ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

3. málsgr. 29. gr. laganna fellur niður.

Nd. 378. Breytingartillögur

við frv. til íþróttalaga.

Frá Pétri Halldórssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „auka heilbrigði manna“ komi: og hreysti.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „og íþróttanefnd“ komi: íþróttanefnd og íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.).
3. Við 3. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Íþróttafulltrúi skal skipaður samkvæmt tilnefningu íþróttasambands Íslands úr hópi félaga þess. Hann skal hafa alhliða þekkingu (o. s. frv.).
   b. Við greinina bætist ný málsgrein:
      Íþróttafulltrúi starfar í náinni samvinnu við Í. S. Í., og skal hann hafa á hendi framkvæmdastjórn fyrir sambandið, ef þess er óskað af hálfu íþróttasambands Íslands.

4. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „og skal einn nefndarmanna ... ungmennafélags Íslands“ í 1. málsgr. komi: og skulu tveir nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu íþróttasambands Íslands.
   b. Á eftir orðunum „Á sama hátt skal skipa varamenn.“ komi: Íþróttanefndin er skipuð til þriggja ára í senn.
5. Við 7. gr.
   a. 1. tölul. orðist þannig:
      Íþróttasamband Íslands og félög og sambönd innan þeirra samtaka.
   b. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Rétt er íþróttanefnd að leita álits Í. S. Í. um allar styrkveitingar.
6. Við 9. gr. Við greinina bætist: Allar reglugerðir, er varða hina frjálsu íþróttastarfsemi í landinu, skulu sendar Í. S. Í. til umsagnar og samþykktar.
7. Við 14. gr. Við greinina bætist: Skal sú kennsla fara fram samkvæmt glímureglum Í. S. Í. á hverjum tíma.
8. Við 16. gr. Í stað orðanna „Skólanemendum er óheimilt ... utan skólanna“ komi: Nemendum barnaskóla, er hafa fullnægjandi íþróttakennslu í skólunum, er óheimilt að stunda íþróttaæfingar í félögum utan skólanna.
9. Við 17. gr. Á eftir orðunum „áherzlu á“ komi: fræðslu um.
10. Við 20. gr. Við greinina bætist: Þjálfkennurum skal heimilt, þótt ekki hafi þeir íþróttakennarapróf, að kenna íþróttir í íþróttafélögum að fengnu samþykki Í. S. Í.
11. Við 23. gr. Á undan síðasta málsl. komi: Undanþegnir íþróttakennslu í kennaraskólanum skulu þeir karlmenn, sem með læknisvottorði sýna fram á, að sú kennsla henti þeim ekki, sem og þær konur, er þess æskja skriflega.
12. Við 26. gr. 3. tölul. orðist þannig: Félögin séu í íþróttasambandi Íslands og greiði sambandinu tilskilin gjöld, sendi árlega fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul.
13. Við 28. gr. Í stað orðanna „opinberan styrk“ komi: styrk úr íþróttasjóði.
14. Við 30. gr. Á eftir orðunum „til úrskurðar íþróttanefndar“ bætist: eða Í. S. Í., sé um íþróttafélag að ræða.

Nd. 379. Tillaga til þingsályktunar

vegna ríkisreikningsins 1937 og athugasemda endurskoðenda við hann.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Alþingi ályktar:

A. Að skora á ríkisstjórnina:
   1. Að hafa eftirlit með, að skrifstofukostnaður einstakra embætta fari ekki óhæfilega mikið fram úr áætlun fjárlaga, enda sé hann þar jafnan ákveðinn í sem nánustu samræmi við þörf hvers embættis um sig.
   2. Að koma í veg fyrir, að rekstrarhalli einstakra stofnana (sbr. rannsóknarstofu háskólans), sem ekkert er ætlað fyrir í fjárlögum, sé greiddur athugasemdalaust af ríkinu.
   3. Að sjá svo til, að ríkisbúunum á Kleppi og Vífilsstöðum sé reiknað fullt verð fyrir afurðir sínar, sem þau afhenda sjúkrahúsum ríkisins.

B. Að skora á yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna að gæta þess í hvívetna, að gera athugasemdir sínar svo hlutlausar sem auðið er, án pólitiskrar eða persónulegrar áreitni, þannig að einn sé ekki vittur fyrir það. sem þagað er yfir hjá öðrum, og að samskonar athugasemdir séu gerðar við sömu yfirsjónir, hver sem í hlut á.

Greinargerð.

Minni hl. fjárhagsnefndar, þeir SK og StSt, hafa flutt tillögu til þingsályktunar vegna athugasemda yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1937, án þess að hafa áður borið það undir fjárhagsnefnd í heild og þar sem aðeins eru teknar af handahófi aðfinnslur yfirskoðunarmanna, og þá vitanlega helzt þær, sem þeim geðjast bezt til að deila á andstæðinga sína. Hinsvegar er ekki gætt að benda á miklu stórfenglegri veilur, ef þær eru hjá „réttum" aðilum. — Þetta er að vísu nokkur vorkunn, þar sem sá endurskoðandinn, sem athugasemdirnar hefir gert, einn sér, hefir haft þessa sömu aðferð við að taka upp athugasemdir sínar, eins og nánar skal bent á síðar, í sambandi við síðari hluta tillögu þessarar. Vegna þessa vill meiri hl. fjárhagsn. (þeir SvbH, StgrSt og ÁÁ) benda á fleiri atriði í ríkisreikningnum, sem engu er síður ástæða til fyrir Alþingi að láta sig nokkru skipta en þau, sem nefnd tillaga bendir á. Skrifstofukostnaður flestra embætta, og þá einkum í Reykjavík, hefir farið fram úr fjárveitingu fjárlaga. Hinar einu undantekningar, sem meiri hl. nefndarinnar hefir rekizt á frá þessu, er fjármálaráðuneytið, sem hefir notað minna en fjárveiting var fyrir, og skrifstofa landlæknis, sem hefir fylgt fjárveitingu nákvæmlega. Hinsvegar hefir skrifstofa og stjórn vegamála farið rúm 23 þús. fram úr fjárveitingu, eða um 37%. Skrifstofukostn. lögmanns og laun hefir farið 22% fram úr fjárveitingu. Skrifstofukostn. og laun hjá lögreglustjóranum í Reykjavík hefir farið 32% fram úr fjárveitingu. Pósthúsið í Reykjavík 32% o. s. frv. Hinsvegar má benda á fyrirtæki eins og víneinkasöluna og tóbakseinkasöluna, sem hafa farið mjög nærri þeirri fjárveitingu, sem þeim var ætlað til þessa, eða um 3% aðeins hvor um sig fram yfir. Nú er meiri hl. nefndarinnar að vísu kunnugt um, að hert var á eftirliti með áætlun fjárlaga og greiðslum vegna kostnaðar embætta 1938 af fyrrv. ríkisstjórn, en eigi að síður þykir ástæða til að gera skýra ályktun um þetta efni.

Þá virðist rekstrarhalli rannsóknarstofu háskólans, um 20 þús. kr., vera ærið hár, og væri ekki óeðlilegt, að Alþingi óskaði eftir betra eftirliti um þann rekstur en verið hefir, þegar hið opinbera er þannig látið greiða hallann, hvernig sem hann er til kominn.

Ríkisbúin á Kleppi og á Vífilsstöðum hafa sýnt nokkurn rekstrarhalla, Kleppsbúið 2062.97 kr., sem er 7% af rekstrarútgjöldum þess, og Vífilsstaðabúið 4461.03 kr., sem er 10% af rekstarútgjöldum þess. En þess ber að gæta, að bú þessi afhenda framleiðslu sína, sem er aðallega mjólk, til ríkisspítala á verði, sem er allmikið undir markaðsverði nú, og styrkja þannig rekstur sjúkrahúsanna á þann hátt. Þeir, sem nú hafa leyfi til sölu ógerilsneyddrar mjólkur beint til neytenda, selja hana á 40 aura hvern lítra. Hinsvegar afhenda ríkisbúin, sem verða að fullnægja sömu skilyrðum og þeir, er undanþágu njóta, mjólk sína á 28 au. hvern lítra. Þótt sölukostnaður og dreifingar sé einhver vitanlega, er ekki hægt að hugsa sér, að hann sé svo mikill sem hér um ræðir, enda þótt búin greiði ekki verðjöfnunargjald.

Þessi útkoma búanna á Vífilsstöðum og Kleppi sýna því ekki raunverulegan rekstur þeirra fyrir ríkið, og má telja sjálfsagt, að það sé fært á réttan hátt. Væri þetta athugandi áður en tekin væri ákvörðun um að selja búin á leigu og láta sjúkrahúsin síðan kaupa mjólkina á miklu hærra verði.

Þá er loks síðasta atriði tillögunnar. Þegar litið er á athugasemdir endurskoðenda ríkisreikninganna, þá einkum þær, sem einn þeirra (JPálm) hefir gert einn sér, þá kemur í ljós, að flestar þeirra eru ýmist vanhugsaðar, hlutdrægar eða af hinu mesta handahófi gerðar. Skal hér bent á örfá atriði þessu til sönnunar:

1. Þegar endurskoðandinn hefir fundið að því, að fiskimálanefnd hafi ekki borið sig beint fjárhagslega hvað rekstri viðvíkur, og fengið það svar, að til þess hafi ekki verið ætlazt fyrst og fremst með stofnun hennar, heldur hafi hún átt að gera sölutilraunir og annað til eflingar markaði fyrir fiskafurðir, þar sem vitanlega varð að leggja fé í hættu, eins og með allar byrjunartilraunir, þá kemst endur-

skoðandinn að þessari reikningslegu(!) niðurstöðu: Að það, sem tilfært sé í athugasemd sinni, sé „sönnun fyrir þeirri **alkunnu vissu**, að það sé aldrei heppileg ráðstöfun að taka velferðarmál framleiðslunnar úr höndum aðilanna sjálfra og þeirra félagsskapar". Á víst að skilja það á þann veg, að alkunn vissa sé, að starf fiskimálanefndar hafi gert fiskimönnum og öðrum, sem hún hefir unnið fyrir, ógagn eitt, enda þótt vitað sé, að mjög er það starfi fiskimálanefndar að þakka, að opnazt hafa nýir og góðir sölumöguleikar fyrir fisk nú á þessum varhugaverðu og hættulegu tímum. Önnur röksemdafærsla er hér ekki við höfð. Má merkilegt telja, ef Alþingi telur slíkt sæmandi trúnaðarmönnum sínum, sem ætlað er að leggja tölulegar niðurstöður, en ekki órökstutt orðaglamur, fyrir þingið í tillögum sínum.

2. Eins og áður er tekið fram, fór rekstrarkostnaður tóbakseinkasölunnar 3% fram úr áætlun fjárlaga, en skrifstofu- og launagreiðslur hjá vegamálastjóra fór 37% fram úr áætlun fjárlaga. Um hið fyrra segir yfirskoðunarmaðurinn Jón Pálmason, þar sem aðeins er um 3% að ræða:

„Launahækkunar virðist ekki hafa verið nein þörf, og þarf að fyrirbyggja, að framkvæmdin á því sviði sé ekki gagnstæð vilja Alþingis. Athugasemdinni er því skotið til gerða Alþingis."

En í síðara tilfellinu, þar sem umframgreiðslan er 37%, segir sami yfirskoðunarmaður:

„Athugasemdin miðar við þá kröfu, að fjárlög séu haldin að **mestu**, og er til athugunar framvegis."

M. ö. o., þeim starfsmanninum, sem fer 3% fram úr með stofnun sína, honum er sagt, að fjárlög séu til þess að þau séu haldin og vísað til aðgerða Alþingis að refsa honum á viðeigandi hátt. En hinum starfsmanninum, sem fer 37% fram yfir fjárveitingu, honum er sagt, að athugasemdin við fjárreiður hans sé aðeins til að benda á, að fjárlög séu haldin að mestu, og það skuli hann athuga framvegis. En að Alþingi eigi að veita honum aðhald eins og hinum fyrri, sem fór fram yfir fjárlög 3%, það er fellt niður með öllu. — Nú er enginn annar munur á þessum greiðslum sjáanlegur en sá, að annarsvegar er pólitískur andstæðingur yfirskoðunarmanns Jóns Pálmasonar og syndgar um 3% á greiðslum sínum. Hinsvegar er pólitískur skoðanabróðir hans og syndgar 37% á sínum greiðslum. En það virðist valda þessum mismunandi athugasemdum. Sá fyrri fær skýrt tilkynnt: lögin í gildi og dómur Alþingis um brotið. Hinn síðari: Lögin í gildi að mestu, og þarf því ekki dómur um það að ganga. Svo mikinn mun gerir þetta í augum yfirskoðunarmannsins, hver pólitísk trú embættismannsins er, að samherji hans má syndga 34% fram yfir andstæðing hans, og verða þó sýkn saka, en andstæðingurinn ákærður.

Af slíku má nefna miklu fleira. Skal aðeins bent á eftirfarandi:

Umframgreiðslur fjögra skólanna hafa verið í heild:

Menntaskólans í Reykjavík	16%
Menntaskólans á Akureyri	14—
Kennaraskólans í Reykjavík	27—
Stýrimannaskólans í Reykjavík	30—

Þetta fer yfirskoðunarmaður þannig með, að menntaskólinn í Reykjavík er einn tekinn úr og á hann bent í þessum efnum, þó að hann sé næstlægstur um umframgreiðslur, og verður ekki önnur ástæða fundin en sú, að forstöðumaður þessa skóla er þm. Framsóknarflokksins og því andstæðingur yfirskoðunarmannsins, en hinir forstöðumennirnir munu vera skyldari yfirskoðunarmanninum í skoðunum, og því er þeim sleppt við athugasemd.

Þá hneykslast yfirskoðunarmaður mjög á rekstrarhalla tveggja ríkisbúa, eins og áður er nefnt, og nemur samtals ca. 6500 kr., en hann minnist ekki einu orði á rekstrarhalla rannsóknarstofu háskólans, sem er 20675 kr., og er hún þó talin selja allt til bænda með sæmilega háu verði, sem þeir þurfa að fá hjá henni og ekki gert ráð fyrir

neinum halla í fjárlögum. Hér verður ekki séð önnur ástæða hjá yfirskoðunarmanninum en sú sama og áður, að annarsvegar er samherji hans, en hinsvegar andstæðingur.

Þannig má rekja áfram fyrir þann, sem kynnt hefir sér vinnubrögðin hjá þessum yfirskoðunarmanni, og er það vægast sagt þau vinnubrögð, sem ósæmileg verða að teljast hjá slíkum starfsmanni.

Er þess að vænta, að Alþingi víti slíkt og gefi endurskoðendum sínum aðhald um að vinna verk sín með meiri vandvirkni, ábyrgðartilfinningu og óhlutdrægni en þessi vinnubrögð yfirskoðunarm. JPálm bera með sér að þessu sinni.

Nánar í framsögu.

Nd. 380. Frumvarp til laga

um hafnargerð í Stykkishólmi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar í Stykkishólmi í Snæfellsnessýslu, samkv. áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt, ⅖ kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 120000.00 — eitt hundrað og tuttugu þúsund krónur — gegn ⅗ hlutum frá hafnarsjóði Stykkishólmshrepps.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 120000.00 — eitt hundrað og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Stykkishólms kann að taka, gegn ábyrgð Stykkishólmshrepps og sýslusjóðs Snæfellsnessýslu, en þó aldrei meira en ⅖ kostnaðar við hafnargerðina. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum vitamálastjórnar ríkisins og hafnarnefndar Stykkishólms.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Stykkishólms. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Stykkishólms.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir til-

lögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Stykkishólms. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til sveitarstjórnar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólms fer með stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eignum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa þrír menn, kosnir af hreppsnefnd Stykkishólms. Nefndarmenn skulu kosnir að afstöðnum hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefnd hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Gjöld af skipum og bátum, er hafna sig á Stykkishólmshöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarnefnd Stykkishólms semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip, varðskip, björgunarskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a., b. og c.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin,

með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukagjöld allt að 10% á hin ákveðnu gjöld af út- og innfluttum vörum. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, svo að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 381. Lög

um afnám laga nr. 40 24. nóv. 1893, um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga.

(Afgreidd frá Ed. 4. des.).

Samhljóða þskj. 277.

Ed. **382. Frumvarp til laga**

um héraðsskóla.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Héraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, Reykjum í Hrútafirði, Varmahlíð í Skagafirði, Laugum í Reykjadal, Laugarvatni í Árnessýslu og Reykholti í Borgarfirði. Skólar þessir eru sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og réttindi þessara laga, nema samþykki stofnenda komi til.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að veita skólunum í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu og Varmahlíð í Skagafirði um 5 ára skeið réttindi héraðsskóla, þó að námstíminn þar verði styttri á hverju ári en í lögum þessum segir, vegna erfiðleika á því að sjá þessum skólum fyrir nægilegum húsakosti.

Ákvæði þessara laga skulu, að því er snertir skipulag kennslunnar, einnig ná til Eiðaskóla.

2. gr.

Héraðsskólar skulu veita æskumönnum landsins fjölbreytta fræðslu á þjóðlegum grundvelli. Þeir skulu miða starf sitt við að búa nemendur undir athafnalíf við íslenzk lífskjör, með vinnukennslu, bóknámi og íþróttum. Auk þess skulu héraðsskólarnir á sumrin starfrækja eða láta starfrækja gistihús fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og leitast við að hafa allan aðbúnað svo fullkominn, sem samræma má fjárhagslegu öryggi stofnananna. Þar, sem því verður við komið, skal héraðsskólunum séð fyrir nægilegu landrými til að geta haft með höndum margvíslega ræktun og fjölbreyttan landbúnað.

3. gr.

Héraðsskólar skulu vera samskólar pilta og stúlkna. Nemendur, sem ríkið greiðir fyrir kennslugjald, mega ekki vera yngri en svo, að stúlkur verði 16 ára, en piltar 17 ára fyrri námsveturinn í skólunum. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær og ekki fleiri en þrjár. Námið skiptist í verklega kennslu, bóknám og íþróttir. Jafnskjótt og því verður við komið, vegna húsrúms til vinnukennslu og nauðsynlegra áhalda, skal verklega námið vera 12 stundir á viku að minnsta kosti og miðast við að gera vinnulagna pilta búhaga og æfa stúlkur við öll venjuleg heimilisstörf kvenna. Bæði piltar og stúlkur skulu halda hreinu skólahúsinu, vinnustofum skólans og heimavistum. Ennfremur annast nemendur alla framreiðslu við máltíðir og þvott á borðbúnaði skólans.

Í bóklegum fræðum skal leggja megináherzlu á kennslu móðurmálsins og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju. Þá skal kenna Íslandssögu og mannkynssögu, með yfirliti um stjórnarhætti landsins og meginstefnur í þjóðskipulagi hinna áhrifamestu þjóða, en í landafræði yfirlit um álfur og lönd, en þó einkum um Ísland. Í náttúrufræði skal kenna um heimsbygginguna og þróunarfræðina. Ennfremur einfaldan reikning, létta bókfærslu og söng. Í íþróttum skal leggja áherzlu á þær greinar líkamsmenntunar, sem bæði eru heilsusamlegar og auðveldast að æfa hér á landi. Erlend tungumál má ekki kenna í héraðsskólunum öðrum nemendum en þeim, sem staðizt hafa sérstakt próf í íslenzkum fræðum, eftir reglum, sem fræðslumálastjórnin setur.

Leggja skal stund á, að allir nemendur í héraðsskólunum hafi daglega nokkra útivist.

4. gr.

Námstími í aðaldeildum héraðsskóla er 6 mánuðir ár hvert og kennslustundir hvers nemanda eigi færri en 6 daglega að meðaltali. Próf skulu haldin í lok hvers skólaárs. Prófdómarar skulu tilnefndir af fræðslumálastjórninni.

5. gr.

Fimm manna skólanefnd hefir á hendi stjórn og umsjón hvers héraðsskóla, undir yfirumsjón fræðslumálastjórnar. Félög stofnenda, ábyrgðarmanna og sýslunefndir, sem lagt hafa stofnfé til skólanna, skulu kjósa fjóra af skólanefndarmönnum, en fimmta manninn skipar fræðslumálastjórnin, og skal hann vera formaður. Skólanefndarmenn skulu kosnir og skipaðir til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn eftir lögum þessum fyrir sumarmál 1940. Nánari fyrirmæli um kosningu í skólanefnd skulu sett af kennslumálaráðherra.

6. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, og skal hann ráðinn með eins árs uppsagnarfresti. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning og uppsögn skólastjóra.
2. Að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en til ráðningar þarf samþykki skólanefndar. Skólanefnd má segja upp kennara með 6 mánaða fyrirvara, en leita skal hún áður álits skólastjóra.
3. Að ákveða laun skólastjóra og kennara.
4. Að hafa á hendi yfirstjórn á fjármálum skólans.
5. Að gera með skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, sem fræðslumálastjórn samþykkir.
6. Að sjá um samningu skýrslu um kennslu og próf.
7. Að ákveða um önnur efni, er skólann varða, í samráði við skólastjóra.

7. gr.

Skólastjóri og kennarar héraðsskóla eru fastir starfsmenn skólans árlangt, með 4 vikna sumarleyfi. Skólastjóri hefir yfirumsjón með öllum rekstri skólans og alls atvinnurekstrar á skólajörðinni. Honum ber að hafa eftirlit með gistihúshaldi á sumrin, og alveg sérstaklega, að gætt sé hirðusemi og góðrar reglu bæði utan húss og innan. Kennurum skólans ber að styðja skólastjóra í orði og verki við að halda hreinlæti og góðri reglu á skólaheimilinu. Skólanefnd ákveður árlega, í samráði við skólastjóra, hverskonar störf kennaralið skólans skuli inna af hendi við andlega eða líkamlega vinnu hvert vor og sumar, þegar kennsla fer ekki fram í skólanum.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 krónur í árlegan rekstrarkostnað til hvers héraðsskóla fyrir 15 fyrstu reglulega nemendur skólans, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því. Hver nemandi greiðir 60 króna kennslugjald vetrarlangt og auk þess þóknun til skólans fyrir húsnæði og ljós, 45 krónur. Þegar verklegt nám er hafið í héraðsskóla eftir fyrirmælum þessara laga, leggur ríkissjóður fram 25 kr. vegna hvers nemanda í efni til kennslunnar, og eignast skólinn og skólabúið þá hluti, sem þannig eru gerðir. Nemendur, sem skara fram úr í verklegu námi, mega smíða hluti fyrir sig síðustu þrjá mánuði seinni eða síðasta skólavetrar, en verða að leggja sér til efni sjálfir.

9. gr.

Nú eru haldin námskeið við héraðsskóla í bóklegum efnum, búnaði, smíðum, hússtjórn eða íþróttum, eigi skemur en 3 vikur og standi kennsla eigi skemur en 6 stundir daglega, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 kr. fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda greiði hann fyrir sama tíma að minnsta kosti 2 krónur.

Þar sem því verður við komið, skal starfrækja kennslubú í sambandi við héraðsskóla og halda námskeið í jarðyrkju og góðri meðferð búpenings. Sömuleiðis skal koma á fót við héraðsskólana svo fullkomnu sérnámi í húsagerð og smíði ein-

faldra húsgagna, að nemendur, sem þar hafa stundað nám, geti staðið fyrir að reisa venjulegar byggingar og smíða innanstokksmuni fyrir heimili í sveitum landsins.

10. gr.

Ríkisstyrk, kennslugjöldum og húsaleigu skal verja til greiðslu kennslu, kennsluáhalda og til viðhalds á byggingum og munum skólans.

11. gr.

Nú fækkar nemendum í héraðsskóla um þriðjung eða meira vegna ósjálfráðra atvika, sem eru þó ekki þess eðlis, að ástæða sé til að leggja skólann niður, og má þá í tvö ár greiða skólanum styrk úr ríkissjóði eftir mati fræðslumálastjórnar, allt að meðaltali þriggja síðustu ára áður en fækkunin byrjaði.

12. gr.

Reikningar hvers héraðsskóla skulu endurskoðaðir árlega af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af skólanefnd, en hinn af fræðslumálastjórn, báðir til þriggja ára í senn. Birta skal árlega skýrslu um rekstur og störf hvers héraðsskóla, undirritaða af endurskoðendum.

13. gr.

Stofnkostnaður héraðsskóla, þar með talinn kostnaður vegna kaupa eða leigu á jarðnæði skólans og byggingar til rekstrar skólans, skal greiddur að ¾ úr ríkissjóði, en að ¼ hluta af stofnendum í héraði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum eða Alþingi heimilar, að ríkissjóður taki að sér af stofnskuldum skólanna, eftir að lög þessi eru komin í gildi.

14. gr.

Í reglugerð hvers héraðsskóla skal ákveða ýtarlega um kennsluefni og allt fyrirkomulag kennslunnar. Þar skal ennfremur ákveðið um aga nemenda og ástæður til brottrekstrar, svo og um verkefni, skyldur og réttindi skólastjóra og kennara.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerðir héraðsskóla skulu endurskoðaðar á árinu 1940 og færðar til samræmis ákvæðum laga þessara. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. júlí og reglugerðirnar hafa hlotið samþykki fræðslumálastjórnar fyrir 1. september.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun kennslumálaráðherra.

Nú eru liðin 10 ár síðan Alþingi samþykkti lögin um héraðsskóla, og má telja kominn tíma til, að þessi löggjöf verði endurskoðuð. Það er mál manna, að héraðsskólarnir íslenzku séu hér um bil einu framkvæmdir í uppeldismálum seinni tíma hér á landi, þar sem kenni nokkurra nýjunga, sem telja mætti, að verið gætu til fyrirmyndar stærri og ríkari þjóðum. Ber þar mest til í því efni, að allir skólarnir nema einn hafa verið byggðir á jarðhitastöðum, og hafa þau náttúrugæði valdið því, að þessir skólar hafa getað orðið fjölbreyttari en aðrar menntastofnanir í landinu og orðið nothæfar til almannaþarfa svo að segja á öllum tímum árs. Á þessum undangengnu 10 árum hafa flestir þessir skólar verið annaðhvort stækkaðir til mikilla muna eða reistir af nýju. Þeir hafa orðið fjölsóttir og vinsælir. Þar hafa starfað allmargir duglegir og áhugasamir kennarar. Mikil og margháttuð reynsla er fengin á þessum árum. Í endurskoðun þeirri, sem hér er leitazt við að gera, er byggt á þessari reynslu, en þó er hitt fleira, sem betur á heima í reglugerð skólanna heldur en í stofnlögum þeirra.

Héraðsskólarnir eru samkvæmt gildandi lögum sjö, og Eiðaskóli raunverulega

hinn áttundi. Reykjanesskóli er ekki enn fullgerður, og Varmahlíðarskóli ekki enn tekinn til starfa. En bæði Alþingi og Varmahlíðarfélagið í Skagafirði hafa sýnt svo mikinn áhuga á þeim málum, bæði með heimild Alþingis til að taka gistihúsið í Varmahlíð eignarnámi og þá ekki síður með hinni stórmyndarlegu sundlaug, sem Skagfirðingar hafa reist í Varmahlíð á undangengnum tveim árum, að telja má fullvíst, að kennsla byrji þar innan skamms. Rétt þykir að veita Varmahlíð og Reykjanesi sömu undanþágu vegna erfiðleika þeirra, sem verða um byggingarframkvæmdir meðan stendur á núverandi styrjöld.

Eiðaskóli hefir sérstöðu í þessum efnum, af sögulegum ástæðum, en rétt þykir að gera ráð fyrir, að kennsla hans verði með reglugerð samræmd kennslu héraðsskólanna, eftir því sem ástæður leyfa.

Reynslan hefir sýnt, að héraðsskólarnir verða að vera mjög fjölbreyttar stofnanir um starfshætti. Þar fer fram kennsla nokkur hundruð ungmenna að vetrinum til. Með vorinu hverfa þeir til heimila sinna til margháttaðra starfa. Þá byrja í héraðsskólunum margskonar námskeið fyrir innlenda og einstaka sinnum fyrir erlenda menn. Þar eru haldnir stórir fundir og mannfagnaður fyrir héraðsbúa, þar sem skólinn er. Að sumrinu er gistihúshald í flestum skólunum, og verður sennilega að vera í þeim öllum, þegar samgöngur hefjast aftur milli Íslands og útlanda að styrjöldinni lokinni. Einn af skólunum, Laugarvatn, er nú þegar langfjölmennasti og mest sótti gististaður á öllu landinu meðan stendur á sumarleyfum skrifstofufólks og gestakoma er mest til landsins að sumrinu til. En bæði á Laugarvatni og í hinum héraðsskólunum hefir skólanefndirnar brostið fé til að geta búið skólana svo úr garði, að þeir gætu orðið svo fullkomnir gististaðir sem þjóðin þarf með. Er þetta sízt furðulegt, þar sem hin mikla kreppa skall á eftir 1930, þegar þessir skólar voru svo að segja að byrja. Skólahúsin víða hvergi nærri fullgerð, skuldir á byggingum og hvorki héruðin eða landið höfðu eins og þá stóð á getu til að leggja fram nauðsynlegt fé til að koma þessum stofnunum í viðunanlegt horf. En þrátt fyrir alla erfiðleika hafa forráðamenn héraðsskólanna samt bætt þeirra hag á undanförnum árum, svo að nú er sýnt, að þeir verða í framtíðinni langstærstu og beztu samkomustaðirnir í dreifbýlinu. Á hinn bóginn er fullsýnt, að það borgar sig ekki að leggja í sumargistihús á Íslandi, þó að gestastraumur sé í svo sem tvo mánuði. Þrastalundur við Sogsbrúna er góð sönnun í þessu efni. Gistihúsið er mjög myndarlegt, á prýðilegum og mjög fjölförnum stað. Þegar búið var að verðfella þessa eign um helming við eigendaskipti virtist hún geta borið sig sem sumargistihús, en fyrr ekki.

Sæmd þjóðarinnar og metnaður krefst þess, að hér á landi séu til allmargir stórir og myndarlegir gististaðir utan kaupstaðanna, bæði vegna innlendra og erlendra manna. Þjóðinni er nauðsynlegt, að ferðamenn, innlendir og útlendir, geti ferðazt um landið og haft aðgang að gististöðum, sem svara kröfum samtíðarinnar. Þjóðin í heild sinni getur grætt á því, að erlendir ferðamenn fari mikið um landið. Hver ferðamaður skilur eftir allmikið fé í landi, sem hann ferðast um. En án viðunanlegra gististaða ferðast erlendir menn ekki um neitt land, svo að hagnað megi hafa af.

Héraðsskólarnir á heitu stöðunum hafa alveg sérstök skilyrði til að geta verið góðir og skemmtilegir gisti- og dvalarstaðir fyrir sumargesti og langferðamenn. Núpur og Eiðar hafa líka mörg skilyrði til að vera stærstu gististaðir hvor í sínu héraði, þó að jarðhitann vanti. Því valda hin góðu húsakynni. Þar og í jarðhitaskólunum vantar ekki nema herzlumuninn til þess að hægt sé að koma þessum stofnunum í það horf, að þar geti verið sumargistihús, sem fullnægja þörf byggðanna og geta að sumu leyti verið fullkomnari en gerist hjá stærri og ríkari þjóðum.

Ef Alþingi heimilar ríkisstjórninni að bera ábyrgð á ¾ af stofnkostnaði þessara skóla, þá myndi vera létt af þeim allri verulegri skuldabyrði og þeim gert kleift að fullgera byggingar sínar, og alveg sérstaklega að eignast þá húsmuni og húsbúnað, sem nú vantar tilfinnanlega í nálega allar þessar byggingar. Auk þess verður vegna

vinnukennslunnar að koma upp einföldum vinnustofum fyrir karla og konur á héraðsskólunum og fá þangað smíðaáhöld, vefstóla, saumavélar o. s. frv. Allt þetta er alveg sérstaklega nauðsynlegt, ef æskan á að fá uppeldi, sem þjóðin þarfnast. En á hinn bóginn verður stórum auðveldara að koma héraðsskólunum í það horf, sem hér er stefnt að, þegar þeir ráða árlega yfir miklu vinnuafli, þeirra sem stunda verklega námið. Aðalsteinn Eiríksson skólastjóri í Reykjanesi hefir sýnt í verki, undir erfiðum kringumstæðum, hversu byggja má skólaheimili að mjög verulegu leyti með vinnu nemenda, sem vinna að verklegu námi í skólanum.

Hér er gert ráð fyrir, að námið í héraðsskólunum sé þrískipt: Fjölbreytt vinnukennsla fyrir pilta og stúlkur, vekjandi bóklegt nám og margháttaðar íþróttir.

Vinnunám pilta yrði fyrst og fremst einfalt steinsmíði, trésmíði og járnsmíði. Nemendur myndu steypa steina að vetrinum til í margskonar hús, sem skólinn þarf með, þar á meðal kennarabústaði, íþróttahús, vinnustofur, heimavistarhús og peningshús. Á vorin væri byggt úr þessum steinum, settir í gluggar og hurðir, sem nemendur hefðu smíðað, og húsinu komið undir þak. Næsta haust byrja nemendur á að slétta veggi að innan, gera skilrúm, koma fyrir hurðum og síðast að mála og veggfóðra, allt undir eftirliti kennara. Í smiðjunni yrði kennt að gera skeifur og aðra einfalda hluti, sem með þarf á hverju heimili, en í trésmíðatímum að gera amboð, litlar ferðakistur, hillur, einfalda stóla, bekki og borð. Jafnframt yrði smíðakennarinn að kenna piltum að gera við allt, sem bilaði í húsum skólans, eins og hásetar á skipum vinna að því að mála og fægja skipin, þar sem þeir vinna. Í mörgum skólum og heimilum er herbergjum og hlutum illa við haldið. Hver einasti maður verður að geta bjargað sér og sínu heimili í þeim efnum.

Nám kvenna verður að sínu leyti að vera miðað við innanhússtörfin, við hreinlæti í umgengni, að gera einfaldan mat og bera hann hreinlega fram, prjóna, sauma og vefa. Einni nýjung þyrfti að bæta við nám kvenna í sem flestum skólum, en það er meðferð ungbarna og að umgangast og kenna litlum börnum. Móðurstarfið er þýðingarmest af öllum verkum konunnar, og það er mikil vanræksla af hálfu þjóðfélagsins, að láta undir höfuð leggjast að hjálpa ungum konum til að búa sig undir að geta myndað hreinleg og myndarleg heimili og alið vel upp börn sín.

Í bóklegu námi héraðsskólanna er mest nauðsyn að draga úr námi erlendra tungumála, en auka móðurmálskennsluna. Í svo margmennar stofnanir eins og héraðsskólarnir eru koma fjölmargir nemendur, sem hafa fremur litla lestrarlöngun og lesa lítið eftir að þeir eru komnir út í lífsbaráttuna, bæði á sínu eigin máli og enn minna á erlendum málum, nema þá það léttmeti, sem eins vel mætti vera ólesið. Á hinn bóginn hefir hin lítilfjörlega byrjun á erlendum málum oft mjög ill áhrif á meðferð móðurmálsins. Námstíminn í héraðsskólunum er auk þess svo stuttur og vinnukennslan og íþróttirnar það tímafrekar, að nemendur þar geta alls ekki stundað erlent tungumálanám, nema þeir hafi til þess mjög góða hæfileika og mikinn undirbúning í móðurmálinu. Það er ætlazt til, að fræðslumálaskrifstofan ákveði með prófreglugerð, hvaða þekkingu nemandi í héraðsskóla verður að hafa í móðurmálinu til að mega stunda erlent tungumálanám þar. Er ætlazt til, að þeir nemendur þekki aðalefni í Íslendingasögum, Sturlungu, Heimskringlu og hafi lesið það helzta, sem til er eftir mestu skáld 19. og 20. aldarinnar. Auk þess verða þeir nemendur að kunna öll frumatriði íslenzkrar málfræði og skrifa ritvillulítið íslenzkt mál. Þeir nemendur í héraðsskóla, sem ekki geta staðizt slíkt próf í móðurmálinu, hafa ekki þann undirbúning, sem með þarf til að hafa skynsamlega ástæðu til að byrja nám erlendra tungna. Hið sama má að vísu segja um nemendur í fleiri skólum, og má vænta, að þeir ágallar verði leiðréttir þar líka áður langt um líður. Hin aukna vinnukennsla kemur hér í stað fánýtrar byrjunar á erlendum tungum. Kennsla í sögu landsins, mannkynssögu og um stjórnarhætti þjóða nú á dögum er óhjákvæmilegur lærdómur fyrir borgara í frjálsu landi. En sögukennslan má ekki vera endurtekning á námsefni barnaskólanna, heldur glöggt yfirlit um tímabil og stefnur. Í yfirlitinu

um þjóðfélagsmál þarf að sýna ýtarlega muninn á lýðræðisskipulaginu, sem hinar færustu þjóðir hafa skapað með margra alda baráttu, og hinum léttfengnu örvinglunartiltækjum sigraðra og niðurbrotinna þjóða, sem gripið hafa í augnablikserfiðleikum til hinnar mestu kúgunar, sem sagan hermir frá. Í náttúrufræði má gera ráð fyrir, að unglingar viti nokkuð um jurtir, dýr og mannslíkamann. Þar sem endranær þarf að leggja stund á meginatriðin, sem eru undirstaðan í andlegu lífi menntaðra nútímamanna. Bezt myndi að kenna í fyrirlestrum sögu heimsins frá sjónarhól þróunarkenningarinnar. Þá koma í réttri röð frumdrættir úr stjörnufræði, jarðfræði, efnafræði, eðlisfræði, líffræði og að lokum sálarfræði. Þar væru vegamót, því að hér er gert ráð fyrir, að ungu stúlkunum í héraðsskólunum verði kennd undirstöðuatriðin um sálarlíf barna, í því skyni, að þær verði betur færar til að ala upp og kenna sínum eigin börnum. Ekki má heldur gleyma þörf ungra manna til að taka þátt í heimilismyndun. Meðan ungu stúlkurnar læra um meðferð lítilla barna, þurfa ungir Íslendingar að nema um skyldur karlmanna til að gera heimilin samstæð og venjuföst. Kvöldvökur með upplestri fyrir alla, meðan aðrir vinna hver fyrir sig, líkt og tíðkaðist í gömlu baðstofunum, geta enn átt við í heimavistarskólum og síðar á heimilunum.

Kennslan í reikningi og bókfærslu þarf að miðast við daglega lífið og kröfur þess. Venjulega eru unglingar, sem koma í héraðs- og gagnfræðaskólana, búnir að týna niður miklu af því, sem farið er yfir í barnaskólunum. Sennilega er þar farið yfir meira en börnin skilja. Ef miðað er við þarfir hins daglega lífs, þarf hver sæmilega menntaður maður ekki á meiri kunnáttu í reikningi að halda heldur en því, að kunna einskonartölur, tugabrot, að nota metrakerfið og kunna að reikna algengustu flatarmyndir og byrjunaratriðin í rúmmálsfræði. Nokkur bókfærslukunnátta er hverjum manni nauðsynleg.

Söngurinn á jafnan að vera þýðingarmikið atriði í héraðsskólum, og er líka kenndur með miklum dugnaði og áhuga í mörgum þeirra. Söngurinn er ómetanlegur til þroska á margan veg, m. a. við réttan framburð móðurmálsins, til að fjörga skólalífið og til að halda heilsusamlegum aga. Þó hafa miklar og mjög hastarlegar öfgar gerzt í söngnámi í flestum skólum landsins. Kennararnir hafa lagt hina mestu stund á margraddaðan söng, líkast því sem verið væri að ala upp kórsöngvara, sem ættu að eyða æfi sinni til að fara borg úr borg og syngja fyrir nýjum og nýjum áheyrendum. Mörgum nemendum hefir orðið svo mikið um þessa einhliða tamningu, að þegar þeir koma úr skólunum, þora þeir ekki að syngja hver með sínu nefi, eins og glaðir menn og hraustir gera annars, hvar sem þeir hittast og setjast í sólskinsblett í heiði. Þessi misskilningur í sönguppeldi Íslendinga orkar því, að samhliða síaukinni söngkennslu dvínar söngur í heimahúsum, í kirkjum og á almennum mannfundum. Í fjölbyggðum héruðum, þar sem margir hafa tekið þátt í og vanizt kórsöng, er svo komið, að fólk þorir ekki annað en að fá söngflokk úr næsta kaupstað eða kauptúni til að aðstoða prestinn við jarðarfarir.

Þessu má ekki svo fram fara, og í endurbættum reglugerðum fyrir héraðsskóla yrði að ákveða, að aldrei mætti í þessum skólum eyða meira en þriðjungi af söngkennslutímanum í kórsöng, og að megináherzlan í söngkennslunni yrði að vera fólgin í því, að búa nemendur undir að taka auðveldlega þátt í almennum söng í kirkjum og á mannfundum, og þá ekki sízt á heimilunum, sem ættu að verða aftur sterk og mikils virði í hugum allra dugandi manna í landinu.

Íþróttirnar skipa nú virðulegan sess í héraðsskólunum, einkum þeim, sem hafa bæði leikfimihús og sundlaugar. Nálega allir nemendur verða vel syndir og fá aukinn smekk fyrir hreinlæti. Leikfimi- og dansæfingar gera æskuna djarfmannlega og mjúka í hreyfingum. Er sýnilega mjög mikill munur á ungmennum úr héraðsskólunum í þessu efni, ef framkoma þeirra er borin saman við jafnaldra þeirra, sem ekki fá tækifæri til að iðka íþróttir. Skautaferðir og skíðagöngur geta verið almennar íþróttir í mörgum héraðsskólum. Hinir lagtækari nemendur ættu að geta smíðað sér sjálfir skíði í skólunum, en vafasamt er, hvort leggja ætti stund á að hafa jafnan hin dýru

útlendu tábönd. Unga fólkið á Íslandi má ekki um alla hluti venja sig á að kaupa dýra hluti frá útlöndum, þar sem vel má komast af með einfaldari og ódýrari tæki.

Ein mikil ávirðing og með öllu óafsakanleg hefir orðið í íslenzku íþróttalífi á 20. öldinni, og það er niðurlæging íslenzkrar glímu. Þetta nær líka til héraðsskólanna, þó að einstakir skólastjórar, eins og t. d. Bjarni Bjarnason á Laugarvatni, hafi aldrei látið þessa merkilegu íþrótt falla í gleymsku og dá í sínum skóla. Einstöku áhugasamir kennarar við aðra skóla hafa reynt að kenna glímu, en langvíðast hefir henni verið gleymt. Landnámsmennirnir fluttu þessa íþrótt með sér til Íslands frá Noregi. Hún var rækt með kostgæfni af ungum mönnum á hinum myrku niðurlægingartímum. Hún var höfuðskemmtun ungra námsmanna á Hólum, Skálholti og Bessastöðum. Hvarvetna í byggðum landsins var glíma æfð fram yfir síðustu aldamót. Glíman var hin eina almenna íþrótt Íslendinga í þúsund ár, og nú er hún nálega týnd öllum almenningi. Seint munu brezkir æskumenn leggja knattspyrnu á hilluna, þó að íþróttanýjungar berist frá öðrum löndum. En Íslendinga skortir mjög þolgæði og tryggð við gamlar minningar á borð við nábúana á Bretlandseyjum.

Íslenzk glíma var særð holundarsári, þegar beltin voru tekin upp af nokkrum sérstökum orkumönnum snemma á þessari öld. Með því gerbreyttist glíman. Í stað léttleikans, sem einkennt hafði þessa íþrótt í margar aldir, komu nú tröllaukin bolabrögð. Sterkir, harðæfðir menn tóku veikari leiknauta í fang sér eins og þegar kolalyfta læsir nokkur vagnhlöss af eldsneyti í greipum sínum. Beltið er nálega búið að drepa íslenzka glímu. Nú á að kasta glímubeltinu út í yztu myrkur og sýna þann þjóðarmetnað að láta glímuna vera í öndvegi meðal íslenzkra íþrótta og kenna hana á þann hátt, sem forfeðurnir hafa varðveitt íþróttina frá því á landnámsöld. Hinir endurbættu héraðsskólar munu fá þá skyldu lagða sér á herðar, að hefja íslenzka glímu af nýju til vegs og virðingar.

Í héraðsskólalögunum var sú nýjung gerð, að ætla ungum mönnum úr nemendafélögum héraðsskólanna að geta fengið trygg sæti í stjórnum skólanna. Þá var gert ráð fyrir, að nemendum myndi þykja svo vænt um skólaheimili sín, að frá þeim og leiðtogum úr hópi gamalla nemenda mætti vænta mikils áhuga um skóla þann, er þeir höfðu dvalið í. Þetta hefir ekki reynzt svo, og skólarnir eru enn of ungir til þess, að nemendur þaðan hafi ennþá svo fasta aðstöðu um mannaforráð í átthögum sínum, að ástæða sé til að halda því formi. Er þess vegna hér lagt til, að stofnendur og sýslunefndir velji eins og í upphafi skólanefndarmenn, nema formanninn. Að sjálfsögðu koma gamlir nemendur síðar í stjórn skólanna, en þá koma þeir af því, að þeir eru áhrifamenn í héraði, en ekki eingöngu sem gamlir nemendur. Er hér gert ráð fyrir, að skólanefndir við alla héraðsskólana verði endurskipaðar í vetur, vegna þess að skólarnir breytast að verulegu leyti með lögum þessum, auk þess sem þeir verða allir að endurskoða reglugerðir sínar fyrir næsta haust.

Fram að þessu hafa héraðsskólarnir yfirleitt ekki beinlínis gert ráð fyrir, að skólastjóri og kennarar hafi þurft að dvelja á skólaheimilinu nema vetrartímann, og ef til vill verið. Sumstaðar hafa skólanefndirnar leigt óviðkomandi mönnum skólahúsin til gistihúshalds yfir sumarmánuðina. Kaupgreiðsla til starfsmanna skólanna hefir verið bundin við vetrarmánuðina.

Reynslan hefir sýnt, að þessu má ekki svo fram fara. Það þarf að tengja skólastjóra og kennara við skólana allt árið. Það er vandasamt að gera þann stað að fyrirmyndarheimili fyrir ungt fólk, sem er svo að segja lagður í eyði hálft árið. Hér er stefnt að því, að skólastjóri og kennarar hafi heimili og starfssvið á skólaheimilinu bæði vetur og sumar, að fráteknu ákveðnu sumarleyfi. Það er fullsannað, að í sveit er ekki hægt að vera iðjulaus, hvorki vetur eða sumar. Ef kennari við héraðsskóla fær nægilegt lífibrauð af vetrarstarfi sínu og ráfar um eins og skuggi á sumrin, þá leiðist honum lífið, og lærisveinar skólans finna, að hann á ekki heima í starfslífi sveitanna. Enginn maður getur verið raunverulega æskilegur starfsmaður við héraðsskóla, nema hann sé sívinnandi, líkamlega eða andlega vinnu, og að hann hafi nautn

af að vinna. Þessir skólar þurfa hrausta og lífsglaða athafnamenn í starfslið sitt, af því að tilgangurinn er að gera nemendurna að hraustum og áhugasömum mönnum.

Við hvern héraðsskóla verður að hafa búskap. Sumstaðar á við, að skólinn sjálfur starfræki stórbú. Kennarar hafa þá víða skilyrði til garðræktar og gróðurhúsaræktar. Á öðrum stöðum eru skilyrðin á þann veg, að hver kennari hefir smábú fyrir sig og sinnir því á sumrin, en hefir eftirlit með því á vetrum. Þar, sem gistihús er rekið, þarf venjulega skólastjóra eða tiltekinn kennara til að hafa yfirumsjón með rekstrinum. En auk þess eru fjölmörg störf í skólans þágu fyrir kennarana, svo sem að sinna skógrækt og garðyrkjuskálum, starfa að byggingum og smíðum vegna skólans, eða að rita í þágu skólans bækur til afnota við kennsluna. Þar sem skólastjóri og kennarar dvelja á skólastaðnum sumarlangt og vinna að því að fegra staðinn og bæta, þá verður skólinn með þeim hætti það, sem hann á að vera, ekki aðeins stærsta heimilið í héraðinu, heldur líka gott og heilsusamlegt heimili.

Eitt af því, sem þarf að skipuleggja í hverjum héraðsskóla, er að allir kennarar taki höndum saman um að sinna nemendum, líka utan kennslustundanna. Skólastjóri og kennarar verða að skiptast á um að sitja 2—3 til borðs með nemendum, þó að þeir hafi annars heimili fyrir sig. Ef kennarar sitja ekki til borðs með nemendum, og það fleiri en einn, kemur sjóbúðarbragur á samlíf þeirra og þeir læra ekki einu sinni venjulega mannasiði við borðhald. Á sama hátt ber skólanefndum að leggja á hendur kennara að vera til aðstoðar og umsjónar í heimavistum nemenda og í svefnloftum, ef þau eru til. Þetta er fram tekið hér af því, að síðan kennarastéttin gerðist fjölmenn, hefir tekið að brydda á þeim hugsunarhætti, að kennarinn væri aðeins verkamaður fyrir ákveðið kaup í tímavinnu hjá mannfélaginu. En þar, sem sá hugsunarháttur ríkir, verður lítið um uppeldisáhrifin í skólunum.

Það einkenni á héraðsskólaskipulaginu, sem ég fékk lögfest fyrir 10 árum, að skólanefnd geti sagt upp starfsmönnum við héraðsskóla, er hyrningarsteinn undir hinum uppeldislegu áhrifum. Ef einhver kennari eða skólastjóri fyllir ekki sitt sæti, er það bæði skylda og réttur skólanefndar að fá annan hæfan í hans stað. Og þar sem stefnt er að því, að hver héraðsskóli verði eitt samstætt heimili, þó að heimilin séu mannmörg, þá er auðskilið, hve þýðingarmikið það er, að skólinn geti jafnan valið úr sannstarfhæfum mönnum við hið vandamikla skóla- og uppeldisstarf.

Um leið og minnzt er á fjármál héraðsskólanna þykir rétt að benda á, hve mikil undantekning þeir eru á hinni miklu ríkisrekstraröld. Héruðin leggja fram myndarlegan skerf til skólabygginganna. Nemendur, þótt fátækir séu, borga húsaleigu og kennslugjald. Ríkið greiðir visst gjald fyrir hvern nemanda. Ef skólinn er ógeðfelldur nemendum, hætta umsóknir. Skólinn verður fásóttur, fær litlar tekjur og getur ekki staðizt samkeppni. Skólanefnd lætur þá alla eða einhverja af starfsmönnunum fara og reynir að fá heppilegri menn í þeirra stað. Í ríkisskólunum er þessu öðruvísi varið. Þar greiðir ríkissjóður til skólanna fast árgjald, þó að þeir séu vanræktir. Og kennararnir hafa embætti og laun til lífstíðar, þó að nemendur vilji hvorki heyra þá né sjá. Á þennan hátt eru héraðsskólarnir sjálfvirkir. Skipulag þeirra tryggir, að ef lítt hæfir menn koma að skólunum, þá verði þeir að víkja fyrir öðrum, sem eru hæfari.

Í sambandi við aukna vinnukennslu er hér gert ráð fyrir nokkru föstu framlagi í efni handa nemendum til að vinna úr fyrir skólann. Tilgangurinn er sá, að með þessu móti byggi kennarar og nemendur skólana, eins og munkar reistu klaustur miðaldanna. Fyrir efnistillag ríkissjóðs kaupir skólinn steinlím, mótavið, timbur í húsgögn, veggfóður, málningarvörur, vefjargarn og efni í prjónavöru. Þannig er séð fyrir þörfum karla og kvenna. Á þennan hátt rísa smátt og smátt hinar nauðsynlegu byggingar, með öllum nauðsynlegum húsgögnum til að bæta úr hinum margháttuðu þörfum skólaheimilanna.

Héraðsskólarnir geta ekki látið sér nægja þá verklegu kennslu eina, sem veitt er með bóknámi og íþróttum. Þeir þurfa að geta haft einskonar smíðadeild, til að fóstra upp allskonar handiðnarmenn fyrir dreifbýlið. Laugaskóli hefir um nokkur ár haft

mjög myndarlegan smíðaskóla fyrir Þingeyinga, en húsrúm hefir vantað til að geta fullnægt hinni miklu eftirspurn. Skólanefnd Reykholtsskóla hefir nálega lokið við mikið smíðahús í Reykholti, og eiga bændur í dalnum mikinn þátt í því og ætla að senda þangað syni sína til smíðanáms. Við alla hina héraðsskólana vantar enn tilfinnanlega húsrúm fyrir þessa kennslu. Þjóðin hefir fram að þessu verið svo áhugalítil í þessum efnum, að við stærsta búnaðarskóla landsins, á Hvanneyri, er eftir hálfrar aldar kennslustarf engin aðstaða til smíðakennslu, en nú er byrjað að vinna að því að bæta úr þessari eftirminnilegu vöntun.

Ef unnt verður að draga stórlega úr hinu tilgangslitla tungumálanámi fyrir allan þorra manna í héraðsskólunum og koma þar á stofn fjölbreyttri verklegri kennslu fyrir pilta og stúlkur, og auk þess sérnámi í smíðum fyrir iðnaðarmenn sveitanna, en auknu húsmæðranámi fyrir ungar stúlkur, þá mun ekki leika á tveim tungum um hina stórfelldu menningarþýðingu þessara stofnana.

Verkefni fyrir þá, sem stunda smíðar sem sérnám í héraðsskólunum, væri að nokkru leyti heima á staðnum, en að verulegu leyti í því fólgið, að kennarinn fari með vinnuflokk sinn og byggi fyrir bændur í umhverfinu. Vennerström, landshöfðingi í Vermalandi í Svíþjóð, hefir slíkan smíðaskóla í höll einni í fylkinu og lætur nemendur fara á þann hátt til að hjálpa bændum að byggja ódýrt nauðsynleg hús. En þegar náminu væri lokið, hefði dreifbýlið fengið handiðnarmenn með margbreytta æfingu og þekkingu, og einmitt á þann hátt þurfa smiðir sveitanna að vera, ef sveitafólkið á að geta byggt án þess að setja efnahag sinn í hættu.

Þegar Alþingi veitti fé til hins fyrsta héraðsskóla 1923, var gert ráð fyrir, að héraðið legði fram $^3/_5$ af byggingarkostnaði, en ríkið $^2/_5$. Mörg héruð lögðu út í stórar og myndarlegar skólabyggingar á næstu árum og sýndu mikinn stórhug og dirfsku í framkvæmdum sínum. Árið 1929 tókst mér að fá þessu hlutfalli breytt, þannig að ríkið lagði fram helming. Skömmu síðar kom kreppan, og urðu allar framkvæmdir þá erfiðar. Það varð héruðunum ofurefli að leggja fram þetta tillag, og hefir þess vegna ekki tekizt að ljúka nauðsynlegum framkvæmdum við nokkurn héraðsskóla. Þó að Mýramenn og Borgfirðingar sýndu þá fáheyrðu rausn að leggja úr fátækum sýslusjóðum 30 þús. kr. frá hvorri sýslu í Reykholtsskóla, þá varð að taka það fé mestallt að láni og afborga á löngum tíma. En fyrir þennan stórhug héraðsbúa og framlag ríkissjóðs tókst að skapa Reykholt eins og það er nú, eina veglegustu og fegurstu byggingu landsins, þar sem 100 nemendur dvelja á hverjum vetri og fjöldi ferðamanna getur gist að sumrinu til, þegar skólinn hefir fengið aðstöðu til að bæta úr mörgum ágöllum, fá betri vatnsleiðslur, meira kalt vatn í skólann, ýmiskonar umbót á húsinu og mikið af nýjum húsgögnum, rúmfatnaði og borðbúnaði. Ég hefi tekið Reykholt af því að fórn héraðsins er svo mikil og alkunn, og þó ekki nóg. Reykholt og alla hina skólana vantar herzlumuninn til að geta verið vinnuskólar fyrir 600—700 pilta og stúlkur hvern vetur, og á sumrin gistihús, sem uppfylla sanngjarnar kröfur allra þeirra gesta, sem ástæða er að taka tillit til á Íslandi.

Þess vegna legg ég til, að Alþingi breyti enn hlutfallinu og taki á bak ríkisins $^3/_4$ af stofnkostnaði þessara skóla, og hjálpi um leið til að koma á hinni verklegu kennslu á næstu missirum. Héruðin geta ekki tekið á sig meiri byrðar en $^1/_4$ af stofnkostnaðinum. Fólk úr öllum héruðum sækir skólana. Á sumrin verða þeir að vera aðalgistihús landsins, en til þess vantar þá nú tilfinnanlega viðunandi útbúnað, þó að sá aðbúnaður nægi allvel nemendum, sem eiga að venjast sparnaði í lífsvenjum. Allir héraðsskólarnir eru nú í tilfinnanlegum skuldum, og geta hinir smærri alls ekki haldið við byggingum og munum svo sem vera ætti, því að gamlar skuldir gleypa of mikið af tekjunum. Ef Alþingi lögfesti þessa tillögu, myndi ríkið taka að sér skuldir þær, sem nú eru á skólunum, og forystumenn þeirra eiga þá langtum hægri leik en nú, með þeirri hjálp, sem leiðir af vinnukennslunni, að koma skólunum í það horf, sem þeir þurfa að komast til að geta fullnægt sínu margþætta verkefni.

Engin þjóð hefir jafngóð skilyrði til að eignast fullkomnar menntastofnanir fyrir fátæka æskumenn eins og Íslendingar með héraðsskólum við jarðhita. Gufan og heita

vatnið eru undraverð náttúrugæði. Vegna þeirra getur íslenzk æska haft í þessum skólum rúmgóð og fjölbreytt gistihús, alltaf hlý og björt. Þar er hægt að hafa sannarleg fyrirmyndarheimili. Þar getur farið saman andleg vakning, bókleg fræðsla, verkleg menntun og svo fjölbreytt líkamsmenntun, sem ókunn hefir verið hér á landi nema hjá forráðastétt þjóðveldistímans. En þessir staðir geta auk þess, ef þeim er sýndur nokkur sómi, að langmestu leyti bætt úr gistihúsaþörf landsmanna utan kaupstaðanna. Það er alls enginn vegur í sýnilegri framtíð til að fá viðunanleg sumargistihús í dreifbýli á Íslandi, nema í héraðsskólunum. Og án slíkra gistihúsa hlýtur fegurð byggðanna að miklu leyti að vera lokuð fyrir erlendum gestum. Sveitabýlin hafa yfirleitt enga aðstöðu til að mæta gestaþörf nútímans. Til þess eru byggingar í sveitum of dýrar og hinn beini hagnaður af gistingum of lítill, þó að metnaður þjóðarinnar krefjist þess, að til séu stórir gististaðir í flestum hinum stærri héruðum.

Það er liðinn meira en aldarfjórðungur síðan ég ritaði í blað ungmennafélaganna um flestallar þær tillögur um uppeldis- og menningarmál, sem ég ber fram í þessari greinargerð. Með héraðsskólalögunum 1929 var lögð undirstaða að miklum framkvæmdum í rétta átt. En eftir 10 ára reynslu finn ég, að enn vantar allmikið á, að hinni upphaflegu hugsjón sé náð. Ég vænti, að þjóðin beri gæfu til að fullgera á næstu missirum þann þátt í uppeldismálunum, sem er eðlilegt áframhald af þúsund ára menningu í byggðum landsins, en á hinn bóginn í fullkomnasta samræmi við fullkomnasta uppeldi, sem hinar ríku og fjölmennu menntaþjóðir stefna að, þar sem þeim tekst bezt, að undirbúa æskuna fyrir hið vandamikla starfslíf samtíðarinnar.

Ed. 383. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 377 [Útsvör].

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við a-lið 1. málsgr. Á eftir orðunum „að halda eftir af kaupinu fyrir hvern mánuð“ orðist niðurlag málsgreinarinnar svo: að undanskildum júlímánuði og desembermánuði, upphæð, er nægi til fullnaðargreiðslu á útsvarinu á 10 mánuðum, miðað við jafnar greiðslur mánaðarlega.

Nd. 384. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 10 13. janúar 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   1. gr. laganna verði svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa nýja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, er vinni úr 5000 málum síldar á sólarhring og verði útbúin tækjum til fljótvirkrar losunar. Skal byggingu verksmiðjunnar eftir föngum hagað þannig, að síðar verði auðvelt að koma þar við stækkun.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjunum á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um 4900 mál síldar á sólarhring.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   2. gr. laganna verði svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að þrem milljónum og tvö hundruð þúsundum króna, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. 3. gr. frv. falli niður.
4. 4. gr. verður 3. gr.
5. Fyrirsögn frv. verður:
   Frv. til laga um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði

Alþingi, 5. des. 1939.

Finnur Jónsson, form. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Bergur Jónsson, frsm.
Sig. E. Hlíðar. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 385. Nefndarálit

um frv. til laga um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Þrír nefndarmanna (ÁÁ, SK og StgrSt) áskilja sér þó rétt til að bera fram breytingartillögur við það.

Alþingi, 4. des. 1939.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. Ásg. Ásgeirsson, fundaskr. Sigurður Kristjánsson.
St. Stefánsson. Steingr. Steinþórsson.

Ed. 386. Breytingartillögur

við frumv. til laga um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé.

Frá Þorst. Þorsteinssyni og Páli Zóphóníassyni.

1. Við 5. gr. Orðin „en af innstæðum í bönkum og öðrum lánsstofnunum er gjalddagi 31. des. ár hvert“ falli niður.
2. Við 6. gr.
   a. Á eftir orðunum „Skal vaxtagreiðandi standa skil á skattinum“ bætist: af verðbréfum og skuldabréfum, sbr. b- og c-lið 2. greinar.
   b. Á eftir 1. málsgr. kemur ný málsgr., er orðist svo:
      Fjármálaráðuneytið ákveður í reglugerð innheimtufyrirkomulag og gjalddaga á vaxtaskatti af innstæðufé í bönkum og öðrum lánsstofnunum, sbr. a-lið 2. gr., þar sem m. a. er ákveðið, að lánsstofnanirnar skuli halda vaxtaskattinum sem geymslufé og greiða af því innlánsvexti til innstæðueiganda.

Nd. 387. Breytingartillaga

við frv. til íþróttalaga.

Frá Thor Thors.

Við 12. gr. Í stað „500“ á 2 stöðum í greininni komi: 400.

Nd. 388. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Håkonsen, Gustav Ragnar, vélstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Hammer, Sigvard Antoni Andreason, verkamaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
3. Haraldsen, Gottfred, húsgagnabólstrari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
4. Kaaber, Ludvig Emil, bankastjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
5. Lüders, Georg Oluf Emil Liedarzick, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

Sþ. 389. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1940.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitingan. hafði starfað allmikið að athugun á fjármálaástandi landsins á fyrri hluta yfirstandandi þings. En vegna hins tvísýna útlits um stríð eða frið þótti núverandi ríkisstjórn ekki gætilegt að ganga frá afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár, fyrr en á síðustu mánuðum þessa árs, og var þingi frestað til hausts af þeim ástæðum. Fjárveitinganefnd byrjaði starf sitt nokkrum dögum áður en þing kom saman í haust. Var þá viðhorf mjög breytt. Kalla mátti, að komið væri á heimsstríð. Ótal ný verkefni höfðu borizt að höndum ríkisstjórnarinnar. Hún hafði orðið að gera allmargar óhjákvæmilegar ráðstafanir, sem kostuðu útgjöld úr ríkissjóði. Á hinn bóginn var mjög óvíst um verzlunarástandið, og er sízt hægt að segja, að nokkurt öryggi sé fengið í þeim efnum, heldur hið gagnstæða.

Nefndin leit svo á, að mjög gæti brugðið til beggja vona um verzlunina við útlönd og tekjur landsmanna til einstaklingsafkomu og skattgreiðslumöguleika. Mætti að vísu svo fara, að um stund yrði nokkur verðhækkun á einstökum söluvörum, en mjög væri sá möguleiki óviss og hverfull. Hitt væri fullvíst, að allar erlendar vörur mundu hækka í verði, og hafa sumar þeirra nú þegar hækkað stórmikið.

Fjárveitinganefnd taldi því óhjákvæmilegt að búast við erfiðum tímum fyrir ríkissjóð og yrði því að spara á ýmsa lund og fella niður útgjaldaliði, sem margir myndu vilja láta standa á fjárlögum. Ríkisstjórnin var á sömu skoðun og gaf nefndinni bendingar, sem fóru í þessa átt. Hefir nefndin tekið þær til greina og starfað á þeim grundvelli, sem þannig var markaður.

Fjárveitinganefnd var það jafnframt ljóst, að ekki yrði unnt að komast af með þann sparnað, sem gera mætti á hinum lausu liðum fjárlaganna, ef þrengdi að ríkisbúinu. Flestar hinar stærri útgjaldaupphæðir fjárlaganna eru bundnar með sérstök-

um lögum, og mörg þeirra grípa djúpt inn í atvinnulíf og afkomu þjóðarinnar. Ef tekjur ríkissjóðs þverra, er ekki um annað að gera en breyta slíkum lögum að verulegu leyti og sætta sig við minni útgjöld til ýmiskonar mannfélagsþarfa heldur en verið hafa um nokkur undanfarin ár. Í þessu skyni hefir nefndin unnið að frumvarpi um bráðabirgðabreyting nokkurra laga vegna núverandi styrjaldarástands. Mun frumvarp um þetta efni lagt fyrir þingið um sama leyti og breytingartillögur þær, sem liggja fyrir um fjárlögin. Margar af þessum tillögum snerta ekki fjárlögin beinlínis. En þær snerta hag þjóðarbúsins alveg sérstaklega eins og nú stendur á, þar sem vel má vera, að skipti við önnur lönd verði bundin hinum mestu örðugleikum um nokkur næstu ár.

Nefndin ákvað að hafa að þessu sinni þau vinnubrögð, að taka við 2. umr. fjárlaganna fremur fáa liði, en þó helzt hina stærri af þeim, sem kalla mátti hreyfanlega án lagabreytinga. Nefndin hefir fyrst talið rétt að gera þær leiðréttingar á gjaldaliðunum, sem leiðir af aukinni dýrtíð og að því, er tekur til vaxta og afborgana vegna gengislækkunarinnar. Landið hefir aukið skuld erlendis vegna nýbyggingar Esjunnar. Skrifstofu varð að setja á stofn í New York vegna siglinga til Ameríku og nýrra viðskipta í Vesturheimi, er kostar mikið fé, en ef dæma má af fyrri reynslu um sendimann landsins þar, má telja líklegt, að skrifstofan geti haft nokkrar beinar tekjur fyrir milligöngu í verzlunarefnum, ekki sízt með tilliti til síldarsölunnar.

Heima fyrir leiðir nokkur útgjöld af fjölgun stjórnardeilda og ráðherra. Auk þess hefir orðið að efna til útgjalda vegna óhjákvæmilegra styrjaldarráðstafana. Matvælaskömmtunin kostar allmikið fé, verðlagsnefnd sömuleiðis, húsaleigunefnd o. s. frv. Verða allir þessir liðir teknir með við þessa umr.

Fjármálaráðuneytið og raunar ríkisstjórnin öll taldi óhjákvæmilegt að reyna að lækka útgjöldin til mjög verulegra muna. Nefndin var sammála ríkisstjórninni um þetta og vill í því skyni gera allmargar tillögur um útgjaldalækkanir, sem margar, ef ekki flestar, eru þess eðlis, að þær eru bráðabirgðaúrræði vegna styrjaldarástandsins.

Breytingartill. þær, sem fjárveitingan. flytur við þessa umræðu, eru ekki margar og snerta aðeins fáar greinar fjárl.frv. Við 3. umr. mun nefndin flytja allmargar breytingartill. til viðbótar þeim, er nú eru bornar fram. Skal nú gerð nokkur grein fyrir þeim brtt., sem bornar eru fram við einstakar gr. frv.

2. gr.

Undanfarið hefir því nær allt útflutningsgjaldið verið greitt til fiskimálasjóðs. Fjárveitingan. gerir nú tillögu um, að greiðslan til sjóðsins falli niður. Að vísu er þar með skert nokkuð starfsemi sú, er fiskimálanefnd hefir haft með höndum, en fjvn. telur þó, að vegna nauðsynlegs sparnaðar verði þær framkvæmdir að bíða.

3. gr.

Við þessa umr. gerir nefndin aðeins eina brtt. við 3. gr., en hún er sú, að lækka framlag til einkasíma í sveitum úr 20 þús. kr. í 10 þús. Er það vitanlega gert fyrst og fremst í því skyni að spara innflutning og erlendan gjaldeyri, auk þess sem búast má við, að nú sé miklum erfiðleikum bundið að fá innflutt nauðsynlegt efni til þessara framkvæmda.

7. og 8. gr.

Hækkanir á 7. og 8. gr. stafa af gengisbreytingunni og kaupum á Esju.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu breytast vaxtagreiðslur í 7. gr. þannig:

Dönsk lán, hækkun	89409 kr.
Ensk lán, hækkun	198627 —
Vextir af lausaskuldum	104200 —
Samtals	382236 kr.

Borðfé konungs hækkar um 15 þús. kr.

9. gr.

Nefndin leggur til, að alþingiskostnaður lækki um 40 þús. kr. Er það byggt á því, að ekki verði prentaður umræðupartur Alþingistíðindanna næsta ár. Getur þessi sparnaður þó því aðeins orðið, að samþykkt verði að fresta því ákvæði þingskapanna, sem fyrirskipar að prenta þingtíðindin, en nefndin mun gera ráðstafanir til, að tillaga um það verði borin fram í lagafrv. Ennfremur gerir nefndin ráð fyrir, að ekki muni verða haldinn fundur á næsta ári í þingmannasambandi Norðurlanda, og leggur því til, að þær 20 þús. kr., sem áætlaðar eru í þessu skyni, falli niður.

10. gr.

Óhjákvæmilegt er að hækka fjárveitinguna til ráðherralauna um 20 þús. vegna þeirrar ráðherrafjölgunar, sem nú er orðin. Kostnaður við utanríkismál hækkar vegna gengisbreytingar um 23500 kr.

Síðasta brtt. við þessa gr. er um 75 þús. kr. fjárveitingu vegna verzlunarfulltrúa í Ameríku.

11. gr.

Við þessa grein hefir nefndin gert þessar breytingartill.:

Toll- og löggæzla utan Reykjavíkur lækki um 20 þús. Líklegt þykir, að skipakomur til landsins minnki til stórra muna vegna yfirstandandi ófriðar og megi því draga úr kostnaði við tollgæzluna.

Nefndin hefir reynt að koma við mjög verulegum sparnaði á útgjöldum við landhelgisgæzluna og strandferðirnar. Vegna styrjaldarinnar má gera ráð fyrir, að fisk- og síldveiði erlendra þjóða verði miklu minni hér við land næsta ár heldur en venjulega. Mætti þá segja, að gæzlan yrði fremur björgunarstarfsemi en landhelgisvarzla, meðan svo háttar. Í stað þess, að landhelgisgæzlan mun í ár fara upp í 800 þús. kr., vill nefndin leggja til, að næsta ár yrði ekki eytt nema 400 þús. kr. í þessu skyni. Á vertíð yrðu Ægir og Óðinn einir við starfið, en með vorinu yrði Ægi lagt í höfn og ekki gripið til hans fyrr en á næstu vertíð, nema til björgunarstarfsemi. Yfir sumarmánuðina þykir nefndinni sennilegt, að stjórnin mundi geta fengið Sæbjörgu á leigu með viðunanlegum kjörum og jafnframt stutt björgunarfélagið; á þann hátt yrðu Óðinn og Sæbjörg þá við björgun og gæzlu um sumarmánuðina.

Til að létta á kostnaði hefir nefndin ritað ríkisstjórninni bréf og ráðið fastlega til að taka Þór til fiskflutninga til útlanda eða láta hann á einhvern hátt koma að gagni í framleiðslunni, og hefir stjórnin tekið líklega í málið.

12. gr.

Með því að útlit er fyrir, að ekki verði unnt að ráðast í byggingu bálstofu eins og sakir standa, leggur n. til, að liðurinn falli niður.

13. gr.

Nefndin hefir leitazt við að benda á sparnaðartillögur í sambandi við strandferðirnar. Eimskipafélagið hefir boðizt til að halda við sömu siglingum með ströndum fram, þó að styrkur ríkissjóðs yrði lækkaður um helming. Sparast þar 80 þús. kr. Esja nýja er stórum fljótari í ferðum heldur en fyrirrennari hennar. Auk þess brennir hún olíu, sem væntanlega mun hækka minna en kol, og ennfremur hefir þetta nýja skip stærra lestar- og farþegarúm heldur en gamla Esja. Af þessum ástæðum mun hún geta flutt stórum meira af vörum og farþegum. Er ekki áætlaður nema 100 þús. kr. rekstrarhalli á Esju, auk afborgana og vaxta, og er þar um mjög verulegan sparnað að ræða.

Nefndin telur mjög æskilegt, að unnt verði að hafa Súðina til flutninga til útlanda nokkurn hluta ársins, sérstaklega sem kæliskip. Hefir ríkisstjórnin látið rannsaka, hvort ekki væri tiltækilegt að láta setja kælitæki í skipið og láta það ganga

nokkrar ferðir til útlanda með frystar vörur, og hefir nefndin mælt með þeirri breytingu. Nefndin gerir samt ráð fyrir, að Súðin mundi fara ferðir með ströndum fram við og við, þegar svo mikið væri um flutninga, að skip Eimskipafélagsins og Esja hefðu ekki undan. Talið er líklegt, að tekjur af siglingum til annara landa mundu alltaf vega á móti þeim tekjuhalla, sem yrði af Súðinni í strandferðum.

Nefndin leggur til, að fjárveiting til sjómælinga verði lækkuð um helming, og eftir athugun virðist 10 þús. kr. nægileg fjárveiting. Ennfremur leggur nefndin til, að fjárveiting til flugmála verði aðeins 20 þús. kr.

16. gr.

Nefndin hefir gert tillögu um að lækka allverulega nokkra útgjaldaliði í 16. gr. Er þar um að ræða framlag til ýmissa atvinnugreina. Nefndin hefði gjarnan viljað, að þessir liðir hefðu fengið að standa óbreyttir, en vegna þess erfiða ástands, sem nú er, sá hún sér ekki annað fært en að bera fram þessar lækkunartillögur. Ýmsar af þessum upphæðum eru bundnar með lögum og því ekki hægt að fella þær niður eða breyta þeim nema lagabreyting komi til. Fjárveitingan. mun gera ráðstöfun til, að bornar verði fram till. um lagabreytingu, sem snerta þau atriði. Þessar lækkunartillögur geta því ekki komið til atkvæða, fyrr en þær lagabreytingar hafa verið samþykktar. Nefndin vildi þó bera fram þessar brtt. nú við 2. umr., til þess að alþingismenn geti betur áttað sig á, hvað fyrir liggur í þessu efni. Lækkunartillögur nefndarinnar við 16. gr. nema samtals 197600 kr.

Þá leggur nefndin til, að fjárveiting til verðlagsnefndar verði hækkuð um 5 þús. kr. og ennfremur, að tekin verði upp fjárveiting til skömmtunarskrifstofu, kauplagsnefndar og húsaleigunefndar. Er hér um að ræða skrifstofur og nefndir, sem þegar hafa verið stofnaðar og eru nú starfandi vegna yfirstandandi ófriðar og dýrtíðar, og nemur sú hækkun alls 100 þús. kr.

Ríkisstjórnin hafði gert þá tilbreytni á fjárlagafrumvarpinu, að færa nálega alla persónustyrki og listamannalaun af 15. og 18. grein í eitt, og ætlaðist til, að menntamálaráðið úthlutaði þeirri upphæð fyrir landsins hönd. Nefndin gekk nokkru lengra í þessu efni og tók einnig hina eldri menn af 18. gr. Er þar aðeins eftir einn maður, sem Alþingi samdi sérstaklega við fyrir nokkrum árum. Þrír menn aðrir, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, Einar Benediktsson og Helgi Pétursson, eru fluttir til í fjárlögum, án þess að gera breyting á kjörum þeirra. Með þessum hætti er spöruð allmikil upphæð frá frv. stjórnarinnar, þar sem teknir eru í hina föstu fjárveitingu allmargir menn, sem jafnmikil ástæða er til að hlynna að eins og hinum, sem tillaga var um að færa af framannefndum greinum.

Með því að veita í einu lagi fé til rithöfunda, skálda og listamanna, er fjárhæðin ákveðin fyrir það ár. Í höndum þingsins verður fjárhæðin jafnan óákveðin og háð því, hve fast er sótt mál einstakra umsækjenda. Fjárhæðin á þessum lið hefir farið síhækkandi á undanförnum árum, og mun svo enn fara, ef haldið er sama skipulagi. Í öðru lagi hafa umræður og atkvæðagreiðsla um einstök skáld verið til leiðinda fyrir þingið. Má í því skyni benda á hinar þrálátu deilur um verðleika Valdimars Briems, Þorsteins Erlingssonar, Einars Kvarans og Jóns Trausta, meðan þeir menn voru starfandi í landinu, og hefir hinu sama farið fram á seinni árum, þótt aðrir menn eigi nú í hlut. Meðan styrkir til einstakra manna eru í tugatali í fjárlögum, er þingið eins og umsetin borg, þar sem fjöldi manna sækir stöðugt á að koma vinum og vandamönnum á framfæri. Mun mörgum þingmönnum þykja betra að vera lausir við þann áróður.

Fjárveitinganefnd telur rétt, að menntamálaráð hafi leyfi til að nota allan styrk eða nokkuð af styrk til málara og myndhöggvara til að kaupa af þeim verk fyrir ríkið. Mun mörgum listamönnum kærara að geta á þann hátt unnið fyrir landið, heldur en að fá styrk úr ríkissjóði, án þess að geta komið við beinu endurgjaldi.

Í framsögu verður gerð nokkru nánari grein fyrir framangreindum breytingartillögum.

Alþingi, 5. desember 1939.

Jónas Jónsson, form. Emil Jónsson, fundaskr. Bjarni Bjarnason, frsm.

Helgi Jónasson, með fyrirvara um 15. og 18. gr. Bernharð Stefánsson. Jón Pálmason.

Sig. E. Hlíðar, með fyrirvara um 15. og 18. gr. Pétur Ottesen. Þorst. Þorsteinsson.

Sþ. 390. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1940.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	13. Liðurinn orðist svo: Útflutningsgjald	460000
2.	—	3. —	A. Sundurliðun 2. Landssíminn II. a. (Einkasímar í sveitum). Fyrir „20000“ kemur	10000
3.	—	7. —	2. (Vextir af dönskum lánum). Fyrir „19300“ kemur	107333
4.	—	7. —	3. (Vextir af enskum lánum). Fyrir „1128100“ kemur	1326727
5.	—	7. —	4. (Vextir af lausaskuldum). Fyrir „306778“ kemur	410978
6.	—	8. —	(Borðfé Hans Hátignar konungsins). Fyrir „60000“ kemur	75000
7.	—	9. —	1. (Alþingiskostnaður). Fyrir „240000“ kemur	200000
8.	—	9. —	3. (Kostnaður við fund þingmannasambands Norðurlanda). Liðurinn fellur niður.	
9.	—	10. —	I. 1. a. (Stjórnarráðið. Laun ráðherra). Fyrir „30000“ kemur	50000
10.	—	10. —	III. 1. a. (Sendiráð í Khöfn. Laun sendiherra). Fyrir „10000“ kemur	12500
11.	—	10. —	III. 1. b. (Sendiráð í Khöfn. Húsaleiga). Fyrir „7000“ kemur	8500
12.	—	10. —	III. 1. c. (Sendiráð í Khöfn. Kostnaður við embættið). Fyrir „25000“ kemur	31250
13.	—	10. —	III. 1. d. (Sendiráð í Khöfn. Skrifstofuhald). Fyrir „20000“ kemur	25000
14.	—	10. —	III. 2. (Meðferð utanríkismála). Fyrir „25000“ kemur	32000
15.	—	10. —	III. 3. (Ríkisráðskostnaður). Fyrir „4000“ kemur	5000
16.	—	10. —	III. 5. Nýr liður: Verzlunarfulltrúi í Ameríku	75000
17.	—	11. —	A. 7. b. 1. (Toll- og löggæzla utan Reykjavíkur. Laun). Fyrir „51000“ kemur	48000

18. Við 11. gr. A. 7. b. 2. (Toll- og löggæzla utan Rvíkur. Annar kostnaður).
Fyrir „39000“ kemur 22000
19. — 11. — A. 11. (Landhelgisgæzla).
Liðurinn orðist svo:
Til landhelgisgæzlu 400000
20. — 12. — 16. (Bygging bálstofu í Reykjavík).
Liðurinn fellur niður.
21. — 13. — B. 1. a. (Strandferðir ríkissjóðs).
Liðurinn orðist svo:
a. Ríkissjóðs 205000
(Þar af fyrning 105000, sjá 20. gr.).
22. — 13. — B. 1. b. (Eimskipafélagið).
Fyrir „162000“ kemur 82000
23. — 13. — C. XII. (Til sjómælinga).
Fyrir „20000“ kemur 10000
24. — 13. — D. (Flugmál).
Stafliðurinn orðist svo:
Til flugmála 20000
25. — 16. — 7. b. (Verkfærakaupasjóður).
Fyrir „60000“ kemur 25000
26. — 16. — 9. a. (Byggingar- og landnámssjóður).
Fyrir „200000“ kemur 125000
27. — 16. — 13. (Tilbúinn áburður).
Liðurinn fellur niður.
28. — 16. — 20. (Kláðalækningar).
Fyrir „8000“ kemur 3000
29. — 16. — 26. (Landmælingar).
Fyrir „40000“ kemur 10000
30. — 16. — 30. (Til loðdýraræktar).
Liðurinn orðist svo:
Til loðdýraræktar samkv. l. nr. 38 1937 10000
31. — 16. — 69. (Fiskveiðasjóður Íslands).
Fyrir „60000“ kemur 30000
32. — 16. — 73. (Verðlagsnefnd).
Fyrir „25000“ kemur 30000
33. — 16. — 73. Nýir liðir:
a. Kostnaður við skömmtunarskrifstofu ríkisins 85000
b. Kostnaður við kauplagsnefnd 4000
c. Kostnaður við húsaleigunefnd 6000
34. — 18. — II. a. 2. Nýr liður:
Einar Benediktsson 5000
35. — 18. — II. g. (Rithöfundar og listamenn).
Stafliðurinn orðist svo:
Sigurður Nordal samkvæmt samningi 2000
36. — 18. — II. i. 15. Nýr liður:
Bríet Bjarnhéðinsdóttir 1000
37. — 22. — I. Nýr liður:
Að greiða dr. Helga Péturss allt að 5000 kr. á árinu 1940.

Nd. 391. Frumvarp til laga

um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

a. Í stað 1. málsl. 3. málsgr. 3. gr. laganna kemur:
Nú byggir landsdrottinn ekki jörð sína fyrir 15. marz, og skal honum þá skylt, að viðlagðri allt að 3000 kr. sekt til ríkissjóðs, að bjóða sveitarstjórn að ráðstafa ábúð á jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta, en hver aðili um sig getur krafizt yfirmats samkv. 53. gr.

b. Aftan við sömu málsgr. bætist: Mál út af brotum gegn ákvæðum þessarar málsgreinar skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Reynslan hefir sýnt, að full þörf er á því, til þess að tryggja það, að jarðir fari ekki í eyði, ef annars er kostur, að herða á ákvæðum núgildandi laga um, að sveitarstjórn sé boðin ráðstöfun ábúðar á jörðum, sem landsdrottinn getur ekki byggt eða vill ekki byggja.

Nánar í framsögu.

Nd. 392. Nefndarálit

um frv. til laga um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið og athugað frumvarp þetta allrækilega og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. 3. málsgr. orðist þannig:
Nú vill annar eða einhver jarðeigenda hagnýta hvera- eða laugaorku, sem er sameiginleg, en hinn eða hinir ekki, og skal þá sá eða þeir, er hagnýta vilja, eiga rétt á, annaðhvort að fá orkuna keypta eftir mati eða taka hana á leigu, sem ákveðin sé með mati, þó þannig, að í báðum tilfellum hafi sá eða þeir, sem ekki vilja hagnýta orkuna, eftir nægilega orku til heimilis- og húsþarfa. Hvor leiðin farin sé, þegar þannig stendur á sem í þessari málsgr. segir, skal vera á valdi þess eða þeirra, sem orkuna eiga. En mannvirkjum skal haga þannig, að sá eða þeir, sem ekki taka þátt í verkinu ... o. s. frv.
2. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: önnur en þau, sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.
3. Við 6. gr. 2. og 3. málsgr. orðist þannig:
Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum laga nr. 55 15. júní 1926, þó þannig, að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt, að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

Nú hefir sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur innan 5 ára frá því, er kaup voru gerð, og skal þá ríkissjóður eiga fyrsta forkaupsrétt, er svo stendur á.

4. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
Ríkissjóður á rétt til að taka hvera- eða laugaorku jarðar eignarnámi til almenningsþarfa, en gæta skal þess, að jarðeigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega orku til nauðsynja sinna, til eigin heimilis- og búsþarfa. Um eignarnámið fer eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.
5. Við 8. gr. Greinin falli niður.
6. Við 9. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
Nú er hvera- eða laugaorka tekin eignarnámi (sbr. 7. gr.), og eru þá landeigendur og leiguliðar ... o. s. frv.

Alþingi, 6. des. 1939.

Bergur Jónsson, form.	Sveinbjörn Högnason, frsm.	Vilm. Jónsson, fundaskr.
Thor Thors.	Garðar Þorsteinsson.	

Ed. 393. Nefndarálit

um frv. til laga um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og samþ. að mæla með því. Hinsvegar hefir ekki gefizt tækifæri til þess að tala við stjórn tryggingarfélagsins. Mun nefndin gera það milli umræðna og væntanlega bera fram breytingartill. við 3. umræðu.

Alþingi, 6. des. 1939.

Bernh. Stefánsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson.

Ed. 394. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Heimilt er hreppsnefnd með samþykki sýslunefndar og bæjarstjórn með samþykki ráðherra að ákveða gjalddaga og innheimtu á útsvörum sem hér segir:

a. Frá byrjun næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið er sérhver kaupgreiðandi, sem hefir fasta starfsmenn í þjónustu sinni, hvort sem kaup þeirra greiðist vikulega, mánaðarlega eða á annan hátt, skyldur til að halda eftir að kaupinu fyrir hvern mánuð, að undanskildum júlímánuði og desembermánuði, upphæð, er nægi til fullnaðargreiðslu á útsvarinu á 10 mánuðum, miðað við jafnar greiðslur mánaðarlega.

Vilji bæjarstjórn eða hreppsnefnd haga innheimtunni eins og að framan segir, er þeim skylt að senda hverjum kaupgreiðanda, í tæka tíð eftir niðurjöfnun útsvara, tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem hann hefir í þjónustu sinni, og krefjast þess, að hann haldi eftir áskildri upphæð af kaupinu.

Ber bæjarstjórn eða hreppsnefnd að láta kaupgreiðanda í té tvíritaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glöggt, að um útsvarsgreiðslu sé að ræða. Kaupgreiðanda er skylt að láta útsvarsgreiðanda slíka kvittun í té í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila um leið og hann afhendir útsvarsgreiðslurnar til bæjar- eða hreppssjóðs.

b. Nú hefir kaupgreiðandi í þjónustu sinni daglaunafólk, farmenn, fiskimenn, ákvæðisvinnufólk eða annað starfsfólk, sem ekki er á föstu árskaupi eða mánaðarkaupi, og skal hann þá skyldur til, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd tilkynnir honum, eftir sömu reglum og í a-lið segir, að halda eftir við hverja útborgun sem útsvarshluta allt að 10% af kaupi útsvarsgreiðanda. Ekki má krefja útsvarshluta af manni, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans, að dómi framfærslunefndar. Ekki er skylt að halda eftir útsvarshluta af minni útborgunarupphæð en 40 kr., enda líði þá minnst vika á milli útborgana.

Geri menn út til fiskjar í félagi upp á hlut, eða stundi aðra atvinnu í félagi með sama greiðslufyrirkomulagi, ber formanni fyrirtækisins að halda eftir vegna útsvarsgreiðslu allt að 10% af fé því, sem hver útsvarsgreiðandi ber úr býtum.

Nú tekur fiskimaður aflahlut af launum og selur hann öðrum, og færist þá ofangreind skylda yfir á kaupanda aflahlutar.

Ákvæðið gildir þar til kaupþiggjandi eða hlutarmaður hefir lokið útsvarsgreiðslu sinni, enda þótt komið sé nýtt gjaldár, en heimilt er að innheimta hjá honum eftirstöðvar útsvarsins með lögtaki eða á annan hátt, þegar sýnt er, að fullnaðarskil fást ekki á þennan hátt fyrir gjaldárslok. Sé heimildargrein þessi notuð, má ekki reikna dráttarvexti af útsvörum þeim, er undir hana heyra, á því gjaldári, sem útsvörin eru á lögð.

c. Upphæðum þeim, sem innheimtast samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, heldur kaupgreiðandi sérgreindum sem geymslufé og stendur skil á þeim til bæjar- eða sveitarsjóðs a. m. k. mánaðarlega. Formaður fyrirtækis hlutarmanna stendur bæjar- eða sveitarsjóði skil á útsvarsgreiðslum þeirra, þegar útborganir hluta fara fram.

Nú ber svo til, að útsvarsgreiðandi hefir verið krafinn af kaupgreiðanda, einum eða fleirum, um hærri upphæð en útsvar hans nam á gjaldárinu, og er bæjarsjóði eða sveitarsjóði þá skylt að endurgreiða þá upphæð til viðkomandi útsvarsgreiðanda eða heimilis hans, ekki síðar en viku eftir að bæjar- og sveitarsjóði barst hún.

Útsvarsgreiðandi á í þessum tilfellum aldrei kröfu á kaupgreiðanda um endurgreiðslu, en bæjar- eða sveitarsjóði er jafnan skylt að endurgreiða útsvarsgreiðanda, án tillits til, hvort kaupgreiðandi hefir staðið í skilum eða ekki. Hið sama gildir, ef útsvarsgreiðandi hefir kært útsvar sitt og fengið það lækkað.

d. Verzlanir, iðnfyrirtæki, skráð útgerðarfélög og önnur sambærileg útsvarsskyld fyrirtæki, hvort sem er einstakra manna eign eða félaga, skulu greiða útsvör sín mánaðarlega, og fellur fyrsta mánaðargreiðsla í gjalddaga 1. dag næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið. Hin mánaðarlega greiðsluupphæð reiknast út á þann hátt, að deila mánaðafjölda þeim, sem eftir er af gjaldárinu, þegar niðurjöfnun er lokið, í útsvarsupphæðina.

Vanræki kaupgreiðandi eða formaður skil samkv. a-, b- og c-lið þessarar greinar, má taka upphæðir þær, er honum ber að sjá um greiðslu á, lögtaki hjá honum sjálfum.

2. gr.

3. málsgr. 29. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

Í stað orðsins „gestarétti“ í síðustu málsgr. 29. gr. laganna komi: bæjarþingi eða aukarétti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 395. Lög

um breyting á lögum nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.).

Samhljóða þskj. 298.

Ed. 396. Lög

um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.).

Samhljóða þskj. 273.

Nd. 397. Breytingartillaga

við frv. til íþróttalaga.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 3. gr. 2. málsl.

Á eftir orðunum „til þriggja ára í senn“ kemur: að fengnum tillögum íþróttanefndar

Ed. 398. Frumvarp til laga

um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands o. fl.

Flm.: Jónas Jónsson, Þorst. Þorsteinsson, Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, skipa þriggja manna bjargráðanefnd til eins árs í senn til að hafa á hendi framkvæmdir til framleiðslubóta og bjargráða undir yfirstjórn ráðherra.

Nefndin gerir tillögur um og hefir á hendi:

1. Ráðstöfun á fé því, sem veitt er í fjárlögum til framleiðslubóta og bjargráða í erfiðu árferði. Fé þessu skal varið til atvinnuaukningar, einkum til garðræktar, hagnýtingar fiskúrgangs til áburðar, þaratekju, framræslu lands, fyrirhleðslu, lendingarbóta, eldiviðarvinnslu, smíði smábáta, byggingar húsa úr innlendu efni, svo sem vikri og torfi, vegagerðar og annara hagnýtra framkvæmda, og til þess að stuðla að því, að atvinnulausu fjölskyldufólki verði komið fyrir á sveitaheimilum.
2. Ráðstöfun atvinnulausra verkfærra framfærsluþurfa, er sveitarstjórn hefir ekki komið í vinnu. Heimilt er að ráðstafa slíkum mönnum til starfs hvar sem er á

landinu, á heimili, til atvinnufyrirtækja og í vinnuflokka undir opinberri stjórn eða með öðrum hætti. Nefndin semur um starfskjör þeirra, sem á þennan hátt er ráðstafað, og hefir fullnaðarúrskurðarvald um vinnuskyldu allra þeirra, sem hún eða sveitarstjórn ráðstafar til vinnu.

Stjórnarráðið skal annast skrifstofustörf fyrir nefndina. Búnaðarfélag Íslands skal veita nefndinni hjálp við að koma mönnum fyrir í vinnu á sveitaheimilum.

Meðan ákvæði þessi eru í gildi skal, að því er Reykjavík snertir, frestað framkvæmd laga nr. 4 9. jan. 1935, um vinnumiðlun, og síðari viðauka við þau lög.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að skipa svo fyrir, að á íslenzkum skipum megi vera færri skipstjórnarmenn og vélamenn en skylt er samkvæmt l. nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og síðari breytingum á þeim lögum. Ekki mega þó færri slíkir menn vera á íslenzkum siglinga- og fiskiskipum en samskonar skipum norskum.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni, meðan núverandi ófriður í Norðurálfu varir, að ákveða tölu matreiðslu- og þjónustufólks á farþegaskipum í millilandasiglingum.

4. gr.

Óheimilt er að setja skorður við tölu iðnnema í nokkurri grein, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar, og ákveður hún þá, hverjar þær skuli vera.

5. gr.

Ákvæði 12. og 13. gr. l. nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofu í þágu atvinnuveganna við Háskóla Íslands, falla úr gildi, þar til öðruvísi verður ákveðið.

Rannsóknarnefnd ríkisins, skipuð til þriggja ára í senn eftir tilnefningu 3 stærstu flokka þingsins, skal, á meðan svo stendur, hafa á hendi stjórn stofnunarinnar og þess hluta af rannsóknarstofu Háskóla Íslands, sem hefir með höndum rannsóknir í þágu atvinnuveganna, svo og framkvæmd matvælarannsóknanna. Ríkisstjórnin ræður starfsmenn við framangreindar stofnanir, að fengnum tillögum rannsóknarnefndar ríkisins. Laun þeirra manna, sem starfa að þessum rannsóknum, skulu ákveðin í fjárlögum.

6. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið skal leggja niður ferðaskrifstofu ríkisins, og falla á meðan niður 1.—6. gr. l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins, en gjald það, sem innheimt er samkvæmt 7. gr., skal renna í ríkissjóð, enda sé úr honum varið svipaðri upphæð, að fengnum tillögum fjárveitinganefndar, til að bæta aðbúð á gististöðum og auka hreinlæti á ferðamannaleiðum.

7. gr.

Hreinar tekjur ríkisstofnana, annara en síldarverksmiðja, skulu mánaðarlega greiddar til ríkisféhirðis, en þó skulu laun fastra starfsmanna þeirra öll vera greidd af ríkisféhirði með þeim hætti, að hver stofnun fái mánaðarlega í einu lagi greidd laun starfsmanna hennar, og sjái hún síðan um greiðslu til hvers einstaks starfsmanns.

8. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið skulu eftirfarandi ákvæði koma í stað 3. gr. l. nr. 68 28. des. 1934, um ríkisútvarp:

Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra. Skal honum falið að annast daglega stjórn og fjárreiður útvarpsins, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð, er ráðherra setur.

Ráðherra er heimilt að gera fréttastofu útvarpsins að sérstakri deild, undir stjórn útvarpsráðs. Ennfremur er ráðherra heimilt að semja við blöð lýðræðisflokkanna um þátttöku í starfrækslu fréttastofunnar, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð, er ráðherra setur.

Ráðherra ræður starfsmenn útvarpsins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Laun starfsfólks útvarpsins skulu, þar til launalög eru sett, ákveðin í fjárlögum.

9. gr.

Óheimilt skal forráðamönnum ríkisstofnana, þar með taldir bankar, að ráða fasta starfsmenn, nema að undangengnu samkeppnisprófi, og hafi auglýstur umsóknarfrestur eigi verið skemmri en einn mánuður, þar sem úr því var skorið, hver hæfastur væri til starfsins af umsækjendum. Ríkisstjórnin setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þessi próf.

10. gr.

Óheimilt er forstjórum ríkisstofnana að ráða nokkurn til starfs við þær til annars en venjulegrar daglaunavinnu, nema með samþykki ráðherra. Svo skal þeim og óheimilt að greiða nokkrum starfsmanni aukaþóknun, hvort sem um er að ræða hreina launaviðbót eða greiðslu fyrir aukavinnu, né á annan hátt breyta launakjörum án samþykkis ráðherra.

11. gr.

Fresta skal að prenta umræðupart þingtíðindanna fyrir árið 1940.

12. gr.

Aukatekjur, aðrar en ríkissjóðstekjur, er tilfalla þeim embættismönnum, og starfsmönnum þeirra, er fá goldinn skrifstofukostnað eftir reikningi og þeir fá greiddar vegna embættis síns eða stöðu, skulu teljast skrifstofum þeirra til tekna.

13. gr.

Í skrifstofum ríkisins og í ríkisfyrirtækjum skal daglegur vinnutími vera a. m. k. frá kl. 9 árdegis til kl. 6 síðdegis, að frádregnum 1½ klukkutíma. Þó getur forstjóri látið vinna á öðrum tíma dags, þar sem vaktaskipti eru höfð við vinnuna. Á tímabilinu frá 15. júní til 15. sept. skal vinnutími á laugardögum a. m. k. vera 4 stundir.

14. gr.

Meðan núverandi ófriður í Norðurálfu varir, skal kennslumálaráðherra heimilt:

a. Að stytta hinn árlega kennslutíma í barnaskólum landsins og draga þannig úr útgjöldum við skólahaldið.
b. Að sameina fámenn fræðsluhéruð um einn og sama kennara, þar sem því verður við komið. Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða, að fjölga skuli kennslustundum í íslenzku, tekin upp og aukin vinnu- og iþróttakennsla, en minnka að sama skapi kennslu í öðrum bóklegum fræðigreinum.

15. gr.

Í menntaskólana í Reykjavík og á Akureyri skal ekki veita inngöngu yngri nemendum en 15 ára að aldri.

Við inntökupróf í 1. bekk menntaskólanna skal leggja megináherzlu á kunnáttu nemendanna í íslenzku og íslenzkum bókmenntum, og skal kennslumálaráðherra setja um það nánari fyrirmæli í reglugerð.

16. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum háskólaráðs og menntamálaráðs, að ákveða, hve margir nýir nemendur skuli á ári hverju fá inntöku í Háskóla Íslands.

Ákvörðun þessi skal miðuð við það, að árlega útskrifist svo margir sérfróðir menn í þeim fræðigreinum, sem þar eru kenndar, að fullnægt sé þörfum þjóðarinnar.

Nú sækja fleiri um inngöngu í háskólann en hæfilegt þykir samkv. því, sem að framan greinir, og skal þá ráðherra kveða á í reglugerð, að fengnum tillögum háskólaráðs, um skilyrði fyrir inngöngu.

17. gr.

Lækka skal afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, niður í 20 krónur.

18. gr.

Skylt skal öllum ríkisstofnunum, fyrirtækjum, sem eru stofnsett með sérstökum lögum til almannaþarfa, bæjar- og sveitarfélögum og fyrirtækjum og stofnunum, sem styrks njóta úr ríkissjóði, eða hafa í stjórn fulltrúa, sem ríkisstjórnin skipar, að senda Alþingi fyrir lok janúarmánaðar ár hvert ýtarlega skýrslu um tilkostnað við starfsmannahald og starfrækslu á undangengnu ári. Skal í þessari skýrslu tilgreina nöfn allra starfsmanna hjá hverri stofnun og fyrirtæki, annara en daglaunamanna, tilgreina föst laun þeirra af almannafé, aukalaun, eftirvinnu, uppbætur, hverskonar hlunnindi, ágóðahlut og ferðakostnað. Auk þess skal tilgreina sundurliðuð útgjöld við húsnæði, ljós og hita hverrar stofnunar. Fjárveitinganefnd getur falið endurskoðendum ríkisreikninganna eða endurskoðanda fjármálaráðuneytisins að fullgera skýrsluna með athugun á bókhaldi hlutaðeigandi fyrirtækis.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjárveitinganefnd hefir, jafnframt fjárlögunum, unnið að frumvarpi um bráðabirgðabreytingu á nokkrum eldri lögum. Sumar breytingarnar eru í sambandi við ráðgerða niðurfærslu á útgjöldum við framkvæmdir, sem falla að meira eða minna leyti niður vegna dýrtíðar og siglingateppu. Aðrar breytingar lúta að því að koma fólki, sem er atvinnulaust eða atvinnulítið, að framleiðslustörfum, þar sem vantar vinnukraft. Þá hafa á undanförnum árum verið samþykkt nokkur lög, sem í reyndinni hafa orðið til erfiðleika fyrir ýmsar greinar framleiðslunnar, og þykir ástæða til að heimila í þeim efnum nokkrar breytingar meðan styrjöldin varir.

Þá hefir á allmörgum undangengnum árum verið mikil og almenn ásókn að komast frá framleiðsluvinnu að launuðum störfum, og helzt við innivinnu af ýmsu tægi. Að vísu eru laun þessara manna oft mjög lág, en þó sýnast þeir heldur una við sitt, og reyna þá ekki allsjaldan að bæta aðstöðu sína með ýmiskonar aukalaunum, fremur en að sinna framleiðslustörfum. Í þessu frv. er leitazt við að finna eðlilega leið til að velja starfsfólk eftir hæfileikum fremur en kunningsskap til vinnu fyrir þjóðfélagið. Ennfremur er ætlazt til, að laun manna í þjónustu ríkisins verði ákveðin af Alþingi, og þegar þess þarf með milli þinga, af ríkisstjórninni, en ekki af öðrum aðilum.

Launakjör manna hjá ríkinu, bæjarfélögum og ýmsum opinberum fyrirtækjum eru mjög misjöfn, og skapar sá mismunur óánægju, sem von er til. Hér er gert ráð fyrir, að Alþingi fái árlega glöggar skýrslur um launakjör og launagreiðslur í landinu. Á þeim heimildum er hægt að gera löggjöf um nýtt skipulag á launamálum, sem sniðið væri eftir gjaldgetu þjóðfélagsins og gætt eðlilegs samræmis milli hinna ýmsu starfsgreina.

Nokkrar af tillögunum snerta uppeldis- og skólamál, og er þar leitazt við að benda á leiðir, sem henta betur þjóðfélaginu heldur en eldra fyrirkomulag. Alveg sérstaklega er þjóðin farin að finna til missmíða við þá tilhögun uppeldismálanna, að skapa offramleiðslu í ýmsum sérfræðilegum starfsgreinum, með ærnum tilkostnaði, án þess að þjóðfélagið hafi sýnilega þörf fyrir alla hina sérfróðu menn.

Nefndin mun síðar bæta við einstökum tillögum undir meðferð málsins, þar á meðal um nokkur atriði, er snerta heilbrigðismálin.

Að öðru leyti verður af hálfu manna úr fjárveitinganefnd gerð grein fyrir einstöku atriðum viðvíkjandi frv. í framsögu og við meðferð málsins í deildinni.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun meiri hluta fjárveitinganefndar af þeim nefndarmönnum, er sæti eiga í deildinni, en flutningsmenn áskilja sér óbundin atkvæði um einstök atriði frv. Ennfremur áskilja þeir sér rétt til að bera fram breytingartillögur.

Nd. 399. Nefndarálit

um frv. til l. um jöfnunarsjóð aflahluta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin telur æskilegt, að komið verði á slíkum tryggingum, sem gert er ráð fyrir í frv., og er því fylgjandi, að löggjöf verði sett um það efni. Hinsvegar telja einstakir nefndarmenn nauðsynlegt, að nokkrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu, og áskilja sér því rétt til að bera fram brtt. Fer fylgi einstakra nefndarmanna við frv. eftir því, hverja afgreiðslu væntanlegar brtt. fá, og hvort samkomulag verður á Alþingi um að taka á fjárlög þau útgjöld, sem samþykkt frv. hefir í för með sér fyrir ríkissjóð.

Alþingi, 7. des. 1939.

Finnur Jónsson, form.	Skúli Guðmundsson, fundaskr.	Sigurður Kristjánsson, frsm.
	Sig. E. Hlíðar.	Bergur Jónsson.

Ed. 400. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 9. janúar 1938, um verkamannabústaði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 7. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason. með fyrirv.

Ed. 401. Frumvarp til íþróttalaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI
Um stjórn íþróttamála.

1. gr.

Í lögum þessum merkja íþróttir hverskonar líkamsæfingar, er stefna að því að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp.

2. gr.

Fræðslumálastjórnin hefir yfirumsjón allra íþróttamála að því leyti, er ríkið lætur þau til sín taka. Til aðstoðar fræðslumálastjórninni um stjórn og framkvæmd íþróttamála er íþróttafulltrúi og íþróttanefnd.

3. gr.

Íþróttafulltrúi skal hafa alhliða þekkingu um íþróttamál og auk þess þekkingu á sviði almennra uppeldismála, enda starfar hann í sambandi við fræðslumálastjórn, eftir nánari ákvæðum, sem kennslumálaráðherra setur. Hann skal ráðinn af fræðslumálastjórn til þriggja ára í senn, að fengnum tillögum íþróttanefndar, og greiðast laun hans úr ríkissjóði.

Íþróttafulltrúi skal hafa á hendi þessi störf:

1. Að hafa umsjón með íþróttastarfsemi í skólum.
2. Að vinna að útbreiðslu og eflingu íþrótta í landinu.
3. Að gera tillögur um framkvæmdir til eflingar íþróttum og hafa eftirlit með slíkum framkvæmdum.
4. Að veita íþróttafélögum og einstaklingum leiðbeiningar og aðstoð um íþróttamál.
5. Að safna skýrslum um íþróttastarfsemi í landinu
6. Að gera tillögur um úthlutun fjár úr íþróttasjóði.
7. Annað það, sem honum er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Ráðherra setur íþróttafulltrúa erindisbréf.

4. gr.

Íþróttanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Kennslumálaráðherra skipar íþróttanefnd, og skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tillögum stjórnar íþróttasambands Íslands, en annar samkvæmt tillögum stjórnar ungmennafélags Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Íþróttanefndin er skipuð til þriggja ára í senn. Nefndarmenn allir skulu vera búsettir í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Íþróttanefnd tekur eigi laun fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði. Kostnað við sérfræðilega aðstoð skal þó greiða úr íþróttasjóði.

Íþróttanefnd stjórnar íþróttasjóði og úthlutar fé úr honum eftir fyrirmælum laga þessara. Að öðru leyti skal nefndin hafa á hendi þessi störf:

1. Að vinna að eflingu íþróttamála, og getur hún gert tillögur um allt, sem að þeim lýtur.
2. Að vinna ásamt íþróttafulltrúa að því að koma skipulagi á íþróttamál í landinu.
3. Annað það, sem henni er falið í lögum þessum, eða verður falið með reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Íþróttafulltrúi á sæti á fundum íþróttanefndar, en á þar eigi atkvæðisrétt nema hann sé skipaður í nefndina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd.

II. KAFLI

Um íþróttasjóð.

5. gr.

Stofna skal sjóð til eflingar íþróttum í landinu, og nefnist hann íþróttasjóður. Alþingi veitir sjóðnum árlega fé til ráðstöfunar, eða sér honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt.

6. gr.

Styrkveitingar úr íþróttasjóði skulu miða að því að bæta skilyrði til íþróttaiðkana, og skal áherzla lögð á, að þær komi að sem almennustum notum.

Styrki má veita til:
1. Hverskonar mannvirkja og tækja, sem miða að bættum skilyrðum til íþróttaiðkana, einkum efniskaupa og aðstoðar kunnáttumanna.
2. Til íþróttaskóla og námskeiða.
3. Til útbreiðslu íþrótta og aukinnar íþróttamenntunar.

Eigi má veita styrki til venjulegra íþróttamóta né einstakra kappleika eða til verðlaunagripa, til rekstrarkostnaðar félaga eða til fastrar íþróttakennslu í almennum skólum, né ferðalaga íþróttafélaga.

7. gr.

Þessir aðilar geta notið styrks úr íþróttasjóði:
1. Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.), Ungmennafélag Íslands (U. M. F. Í.), svo og félög og félagasambönd innan vébanda þeirra.
2. Bæjar-, sveitar- eða sýslufélög og skólar.
3. Samtök þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölul. þessarar greinar, svo sem íþróttasamtök slík, er ræðir um í 25. gr. laga þessara.

8. gr.

Umsóknir um styrki úr íþróttasjóði skulu sendar íþróttanefnd samkvæmt reglum, er hún setur.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka tillit til þess:
1. Hve mikið framlag umsækjanda er í vinnu og fé.
2. Hve almenna þýðingu úthlutunin geti haft.
3. Hve heilbrigðisgildi framkvæmdar þeirrar, er styrks nýtur, er mikið.
4. Að stuðningurinn dreifist með tímanum sem jafnast um landið eftir fólksfjölda.
5. Að hve miklu leyti félögin standi undir rekstrarkostnaði sínum með iðgjöldum félagsmanna.

Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennra afnota, eftir því, sem við verður komið, en eigi má nota þau til neins þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþrótta.

9. gr.

Setja skal reglugerð um mannvirki þau, er styrks hafa notið eða njóta úr íþróttasjóði, og skal hún staðfest af fræðslumálastjórninni. Í reglugerð skulu vera ákvæði um stjórn mannvirkis, viðhald og notkun.

10. gr.

Nú vill einhver þeirra aðilja, sem taldir eru í 7. gr., koma upp íþróttamannvirki og fá til þess styrk úr íþróttasjóði, og skal hann þá leita samþykkis íþróttanefndar um gerð mannvirkis og stað. Skylt er íþróttanefnd að láta aðilum ókeypis í té uppdrætti og aðrar leiðbeiningar um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa.

III. KAFLI
Um íþróttir í skólum.

11. gr.

Í öllum skólum landsins skulu íþróttir iðkaðar eftir því, sem mælt er fyrir í lögum þessum, eða reglugerðum, er ráðherra setur samkvæmt þeim.

12. gr.

Barnaskólum í kaupstöðum eða kauptúnum með 400 íbúum eða fleiri, svo og öllum æðri skólum, skal séð fyrir hæfu húsnæði með heitu og köldu baði og nauðsynlegum áhöldum til fimleikakennslu, og er hvorttveggja háð úrskurði íþróttafulltrúa. Í barnaskólum í sveitum og kauptúnum með færri en 400 íbúum skal temja

nemendum þær fimleikaæfingar, sem við verður komið í húsnæði skólanna, enda sé eigi völ á öðru húsnæði betra. Allir fastir barnaskólar og æðri skólar skulu hafa til umráða hæfilegt landsvæði eða leikvang til þess að iðka knattleiki og útiíþróttir.

13. gr.

Öll börn á landinu skulu læra sund, nema þau séu óhæf til þess, að dómi skólalæknis. Höfuðáherzlu skal leggja á að kenna bringu- og baksund og helztu aðferðir við björgunarsund og endurlífgun úr drukknunarástandi. Skal hver nemandi hafa lokið þessu námi fyrir 14 ára aldur og hafa leyst af hendi ákveðnar raunir í sundi og björgun, samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur.

Þar, sem sundlaugar eru svo nærri skólum, að sundiðkunum verði við komið samhliða öðru námi, skal ætla þeim tíma á stundaskrá skólanna. Að öðrum kosti skal kenna sund með námskeiðum, og skal hver nemandi eiga kost á hálfs mánaðar kennslu a. m. k. Þar, sem sækja skal langt til slíkra sundnámskeiða, skal ríkissjóður taka þátt í ferðakostnaði nemenda, eftir reglum, sem fræðslumálastjórn setur. Í öðrum skólum en barnaskólum skulu nemendur iðka sund, nema þeir teljist til þess óhæfir, að dómi skólalæknis, enda eigi þeir kost á sundkennslu og aðgang að sundlaug. Að loknu námi í skólanum skulu nemendur leysa af hendi prófraunir, er miðaðar séu við aldur þeirra og þroska. Fræðslumálastjórn setur nánari ákvæði um prófraunir þessar.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að veita skólahéruðum undanþágu frá sundskyldu skólabarna fyrstu fimm árin frá því, er lög þessi öðlast gildi, þar sem nauðsyn krefur.

14. gr.

Í öllum skólum skal leggja áherzlu á það, að nemendur fái tækifæri til að stunda útiíþróttir, eftir því sem fært þykir og staðhættir eru til. Ennfremur skulu piltar í öllum skólum eiga kost á tilsögn í íslenzkri glímu. Skal sú kennsla fara fram samkvæmt glímureglum Í. S. Í. á hverjum tíma.

15. gr.

Nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis eru eigi færir um að taka þátt í hinum almennu íþróttaiðkunum skólanna, skal séð fyrir líkamsæfingum við þeirra hæfi, eftir því sem fært þykir. Fræðslumálastjórn setur að öðru leyti, eftir tillögum íþróttafulltrúa og íþróttanefndar, ákvæði um tilhögun og stundafjölda fimleikakennslu og annara íþróttaiðkana í skólum.

16. gr.

Skólanemendum er óheimilt að stunda íþróttaæfingar í félögum utan skólanna þann tíma árs, sem skólar starfa, nema með leyfi skólastjóra.

17. gr.

Í öllum barnaskólum og öðrum almennum skólum skal fara fram kennsla í heilsufræði. Leggja skal sérstaka áherzlu á fræðslu um heilsuvernd, gildi íþrótta og skaðsemi eiturnautna.

18. gr.

Háskólastúdentar skulu eiga kost á íþróttakennslu og íþróttaiðkunum, eftir nánari ákvæðum, sem ráðherra setur.

19. gr.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að láta gera íþróttamerki fyrir skóla, samkvæmt reglugerð, er kennslumálaráðuneytið setur um þau efni. Merkin skulu allir skólanemendur eiga kost á að fá fyrir lágt verð, er þeir hafa unnið tilskilið afrek og náð tilskilinni leikni.

IV. KAFLI
Um íþróttakennslu.

20. gr.

Enginn getur öðlazt réttindi sem sérkennari í íþróttum, né rekið íþróttakennslu sem atvinnu, nema hann hafi lokið íþróttakennaraprófi hér á landi eða öðlazt réttindi sem íþróttakennari áður en lög þessi tóku gildi.

Próf þetta skal taka í uppeldisfræði, kennslufræði og kennslu, íslenzku, líkamsfræði, leikfimi, sundi, íslenzkri glímu og þeim einmenningsíþróttum, sem tilskildar kunna að verða í reglugerð, sem ráðherra setur um prófið. Þeir einir hafa rétt til að ganga undir kennarapróf í íþróttum, sem stundað hafa nám við íslenzkan eða erlendan íþróttakennaraskóla minnst 9 mánuði og kynnzt kennslu í skólum og íþróttafélögum. Heimilt er fræðslumálastjórn að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef í hlut eiga kennarar, sem fengnir eru til þjálfunar um stundarsakir í einstökum íþróttagreinum, enda samþykki stjórn íþróttakennarafélags Íslands ráðningu þeirra.

21. gr.

Kennarar kennaraskólans í uppeldis- og kennslufræði og íslenzku skulu annast próf í þessum greinum við íþróttakennarapróf, og prófdómarar og kröfur skulu vera sömu við það og almennt kennarapróf.

Fræðslumálastjórn skipar prófdómendur í íþróttum.

22. gr.

Við héraðsskóla, einn eða fleiri, skal halda uppi sérdeildum til íþróttakennslu, og skulu nemendur, sem til þess þykja fallnir að dómi skólastjóra, eiga kost á að stunda þar nám eftir eins vetrar dvöl í héraðsskóla eða öðrum skóla jafngildum. Í íþróttadeildum þessum skal nemendum kennt að leiðbeina öðrum um íþróttaiðkanir, svo að þeir verði færir um leiðbeiningar í íþróttaiðkunum í heimahögum sínum. Nám í deildum þessum veitir að öðru leyti engin kennararéttindi.

23. gr.

Í kennaraskólanum skulu fimleikar og aðrar íþróttir vera skyldunámsgreinar, og skal kennslan vera bæði bókleg og verkleg. Íþróttakennsla skal jafnan vera ein grein kennaraprófs, og skal miða prófið við það, að kennarar verði færir um að veita tilsögn í íþróttum í barnaskólum og íþróttafélögum, þar sem ekki er völ á sérkennara. Undanþegnir íþróttakennslu í kennaraskólanum skulu þeir karlmenn, sem með læknisvottorði sýna fram á, að sú kennsla henti þeim ekki, sem og þær konur, er þess æskja skriflega. Fræðslumálastjórn setur með reglugerð nánari ákvæði um þær íþróttagreinar, sem stunda skal, tilhögun kennslu og kröfur við próf.

V. KAFLI
Um frjálsa íþróttastarfsemi.

24. gr.

Íþróttastarfsemi utan skólanna er falin frjálsu framtaki landsmanna, og fer fram í félögum og sem einstaklingsstarf, með þeim stuðningi, sem veittur er samkvæmt lögum þessum. Í íþróttamálum kemur Íþróttasamband Íslands fram af Íslands hálfu gagnvart öðrum þjóðum, nema að því leyti, sem ríkið gerir það sjálft.

Öll opinber íþróttakeppni skal fara fram samkvæmt reglum, sem Í. S. Í. setur, enda séu þær ætíð í samræmi við alþjóðaíþróttareglur. Þó getur íþróttanefnd mælt svo fyrir, að enginn megi taka þátt í keppni í tilteknum íþróttagreinum, nema læknir hafi áður skoðað hann.

25. gr.

Skipta skal landinu niður í íþróttahéruð eftir legu og aðstöðu til samvinnu um íþróttaiðkanir. Íþróttanefnd annast skiptingu þessa í samráði við stjórnir Í. S. Í. og U. M. F. Í. Íþróttanefnd og íþróttafulltrúi skulu vinna að því, að allir aðilar um íþróttamál í íþróttahéraði hverju bindist samtökum um hagsmuni sína. Meðan aðilar þessir hafa eigi myndað slík samtök, skal íþróttanefnd skipa þriggja manna stjórnarnefnd í héraði hverju. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Í. S. Í. og annar samkvæmt tilnefningu stjórnar U. M. F. Í. og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu fræðslumálastjórnar. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður er umboðsmaður íþróttanefndar og íþróttafulltrúa í héraði sínu. Eigi þiggur hann laun fyrir það starf. Þá er héraðssamtök íþróttaaðila hafa myndazt, tekur stjórn þeirra við starfi nefndarinnar.

26. gr.

Til þess að félög séu viðurkennd til styrkveitinga samkvæmt lögum þessum, verða þau að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Inntaka manna í þau sé ekki bundin skilyrðum um trúar- eða stjórnmálaskoðanir.
2. Allir félagsmenn séu skyldir að greiða iðgjöld í sjóði félaganna.
3. Félögin séu í Í. S. Í. eða U. M. F. Í., greiði þeim tilskilin gjöld, sendi árlegar fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul.
4. Félögin hafi lækniseftirlit með íþróttamönnum sínum, eftir því sem við verður komið.

VI. KAFLI

Ýms ákvæði.

27. gr.

Skylt er bæjar-, sveitar- og sýslufélögum að leggja til endurgjaldslaust hentug lönd og lóðir undir íþróttamannvirki, sem styrkt eru úr íþróttasjóði, eða íþróttanefnd viðurkennir. Heimilt er að taka land til þessa eignarnámi, ef þörf krefur.

28. gr.

Ef félag eða skóli, sem fengið hefir styrk úr ríkissjóði eða íþróttasjóði til mannvirkja eða íþróttatækja, leggst niður, skulu þessar eignir þess renna til íþróttasjóðs, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum eða reglugerðum. Íþróttanefnd sér um, að þær komi að notum til íþróttaiðkana á þeim stað, sem þær eru, eftir því sem ástæður leyfa.

29. gr.

Viðurkenndir skólar og íþróttafélög skulu hafa forgangsrétt að notkun íþróttamannvirkja og tækja, sem þegar eru til í landinu, eða byggð kunna að verða, að því leyti, sem eigendur nota þau ekki til íþróttaiðkana, enda sé greitt fyrir það sanngjarnt verð.

30. gr.

Ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á lögum þessum eða framkvæmdum þeirra, skal skjóta til úrskurðar íþróttanefndar, nema svo sé vaxinn, að hann heyri undir dómstóla.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 24 23. júní 1932, um próf leikfimi- og íþróttakennara, reglugerð nr. 79 11. júlí 1934, um sama efni, svo og önnur ákvæði eldri laga og reglugerða, er brjóta í bága við þau.

Til þess að koma upp mannvirkjum eða fá ráð á fasteignum, sem lög þessi mæla fyrir um, skal veittur fimm ára frestur frá gildistöku þeirra.

Ed. 402. Breytingartillögur

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Jónasi Jónssyni, Bernharð Stefánssyni og Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 1. gr.

1. Á eftir 8. lið bætast nýir liðir:
   a. Á árinu 1940 lækkar framlag ríkissjóðs til byggingar- og landnámssjóðs, sbr. 3. gr. laga nr. 76 11. júní 1938, um 75000 kr.
   b. Á árinu 1940 leggur ríkissjóður ekki fram til fiskveiðasjóðs Íslands nema 30000 kr., sbr. 2. gr. II. í lögum nr. 99 11. júní 1938.
2. Við 12. lið (Tilbúinn áburður).
   Liðurinn fellur niður.
3. Við 16. lið (Verkfærakaupasjóður).
   Fyrir „60000" kemur: 25000.
4. Á eftir 16. lið bætist nýr liður:
   Heimild sú til greiðslu úr ríkissjóði á 400000 kr. til fiskimálasjóðs af útflutningsgjaldi sjávarafurða, sem veitt er samkv. 13. gr. laga nr. 75 31. des. 1937, fellur niður á árinu 1940.

Nd. 403. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja spildu úr landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eiganda og ábúanda jarðarinnar Þórisstaða í Svínadal, eftir mati dómkvaddra manna, spildu úr landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, á svonefndum Kúvallareyrum, allt að 30 ha. að stærð, enda sé andvirði hins selda lands varið til túnbóta á prestssetursjörðinni Saurbæ.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bóndinn á Þórisstöðum í Svínadal, Ólafur Magnússon, flutti fyrir nokkrum árum byggð sína frá hinu forna býli Þórisstöðum og reisti af grunni nýtt býli yzt í Þórisstaðalandi, við landamerki Saurbæjar. Hefir Ólafur, sem er hinn mesti dugnaðar- og atorkubóndi og á margt uppkominna mannvænlegra barna, byggt þarna forkunnar vel. Eru hús öll úr steinsteypu, og hefir hann þegar ræktað þarna allstórt tún. Ástæðan til þess, að Ólafur flutti byggð sína, var einkum sú, að túnið á Þórisstöðum er sundurgrafið af lækjum og auk þess mjög halllent, svo að þar varð ekki við komið neinni vélavinnu. Auk þess var þar mjög erfitt um útgræðslu sökum stórgrýtis.

Við hið nýja býli vantar nú orðið hentugt ræktunarland. Túnið, sem búið er að rækta þar, liggur alveg að Saurbæjarlandi, einmitt þeirri landspildu, sem hér er farið fram á, að Ólafur fái keypta. Er hluti af því landi sæmilegt ræktunarland, þó víðast sé þar nokkuð grunnur jarðvegur. Er það mjög þýðingarmikið fyrir framtíðarbúskap á þessu nýja og myndarlega býli, að eigandi þess geti eignazt land þetta

til túnræktar, enda mundi þess ekki langt að bíða, að þar sæjust vegsummerki, ef landið kæmist í eign Ólafs bónda.

Landspilda sú, er hér um ræðir, er í mikilli fjarlægð frá Saurbæ, liggur að norðanverðu við háls þann, sem er á milli Svínadalsins og Hvalfjarðarstrandarinnar. Presturinn í Saurbæ er því samþykkur fyrir sitt leyti, að þessi landspilda verði seld, en óskar eftir, að andvirði landsins verði varið til túnbóta heima á staðnum, og eru ákvæði um það tekin upp í frv.

Ed. 404. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. des. 1939.

Ingvar Pálmason, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Bj. Snæbjörnsson.

Nd. 405. Nefndarálit

um frv. til l. um sölu á hálfum Víðidal inn af Langavatnsdal.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir tekið málið til athugunar og einróma fallizt á að mæla með samþykkt þess. Nefndin vill einungis vekja athygli deildarinnar á því, að misritazt hefir í 1. gr. frv. svo og greinargerð ártalið 1927 í staðinn fyrir 1937, sem er það rétta. Óskast þetta leiðrétt í prentun.

Alþingi, 8. des. 1939.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Steingr. Steinþórsson, fundaskr. Jón Pálmason.

Pétur Ottesen. Emil Jónsson.

Nd. 406. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá Pétri Ottesen.

Á eftir 1. gr. kemur ný grein, sem verður 2. gr., og breytist greinatalan samkvæmt því:

Fyrir orðin „eitt ár“ í 3. málsgr. 31. gr. laganna kemur: tvö ár.

Nd. 407. Frumvarp til laga

um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Frá 1. janúar 1940 skal tekju- og eignarskattur af vaxtaeignum og tekjum af þeim samkvæmt 2. gr. innheimtur á þann hátt, sem lög þessi ákveða, og kallast sá hluti skattsins, sem þannig er innheimtur, vaxtaskattur.

2. gr.

Til vaxtafjár samkvæmt lögum þessum telst:

a. Innstæður hjá bönkum, sparisjóðum, innlánsdeildum félaga og öðrum lánsstofnunum.
b. Opinber verðbréf. Teljast þar til bankavaxtabréf, ríkisskuldabréf, skuldabréf bæjar- og sveitarsjóða og stofnana þeirra, og önnur slík verðbréf, útgefin af opinberum stofnunum eða fyrirtækjum.
c. Skuldabréf, víxlar og aðrar fjárkröfur, sem tryggðar eru með veði í fasteign að einhverju eða öllu leyti, eða með tryggingarbréfi í fasteign.

Um ákvörðun vaxtatekna af ofangreindum eignum fer eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt.

3. gr.

Ákvæði þessara laga ná ekki til vaxtaeigna eða vaxtatekna þeirra aðilja, sem eru undanþegnir slíkri skattskyldu samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, og heldur eigi til þeirra vaxtaeigna, þar sem vaxtagreiðandi er erlendis heimilisfastur.

Stofnanir og félög, sem hafa gefið út opinber verðbréf, er um ræðir í 2. gr. b-lið, skulu halda skrá um þann hluta slíkra verðbréfa, sem er í eigu skattfrjálsra aðilja á hverjum tíma, enda tilkynni þeir hlutaðeigandi stofnunum um verðbréfaeign sína, ella eru þeir eigi undanþegnir skattgreiðslu. Skal afrit af þeirri skrá afhent hlutaðeigandi skattanefnd (skattstjóra).

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um það, hverra sannana skuli krefjast fyrir því, að um skattfrjálst vaxtafé sé að ræða.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita einstökum stofnunum og félögum undanþágu að einhverju eða öllu leyti frá því að haga skattgreiðslum sínum samkvæmt þessum lögum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Vaxtaskattur skal nema 25% af hinni skattskyldu vaxtahæð.

5. gr.

Gjalddagi vaxtaskatts af öllum vaxtabréfum er gjalddagi vaxta, eða þegar endanlegt vaxtauppgjör fer fram. Skattskyldar vaxtatekjur skal reikna frá síðasta gjalddaga skattsins, og í fyrsta sinn frá þeim tíma, sem síðasti gjalddagi hefði verið, ef lögin hefðu verið í gildi.

6. gr.

Vaxtagreiðandi skal halda eftir vaxtaskatti, sbr. þó síðustu málsgrein. Gildir þetta jafnt um allar lánsstofnanir og stofnanir, sem hafa gefið út opinber verðbréf, og útgefendur eða skuldara einstakra veðskuldabréfa eða umboðsmenn þeirra. Skal vaxtagreiðandi standa skil á skattinum af verðbréfum og skuldabréfum, sbr. b- og c-lið 2. greinar, til viðkomandi skattheimtumanns samkvæmt 7. gr. innan eins mánaðar frá gjalddaga skattsins, og skal hann láta fylgja greinargerð um, hvernig

skatturinn er reiknaður. Vaxtagreiðandi afhendir móttakanda vaxta kvittun fyrir skattgreiðslunni.

Fjármálaráðuneytið ákveður í reglugerð innheimtufyrirkomulag og gjalddaga á vaxtaskatti af innstæðufé í bönkum og öðrum lánsstofnunum, sbr. a-lið 2. gr., þar sem m. a. er ákveðið, að lánsstofnanirnar skuli halda vaxtaskattinum sem geymslufé og greiða af því innlánsvexti til innstæðueiganda.

Vanræki vaxtagreiðandi að halda eftir vaxtaskatti, skal krefja vaxtamóttakanda um skattupphæðina, en vaxtagreiðandi er þó jafnframt ábyrgur fyrir skattinum, þar til hann er að fullu greiddur.

Lánsstofnanir, sem hafa á hendi innheimtu afborgana og vaxta af skuldabréfum þeirra aðilja, sem skattskyldir eru, skulu halda eftir og standa skil á vaxtaskatti af umræddum bréfum í stað skuldunauta.

7. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta vaxtaskatt samkvæmt fyrirmælum 6. gr. Fylgir skattinum lögtaksréttur.

8. gr.

Kvittanir fyrir greiðslu vaxtaskatts hjá hverjum einstökum gjaldanda skulu afhentar þeim í tvíriti. Skulu skattgreiðendur láta kvittanasamritin fylgja skattframtölum sínum til skattanefndar (skattstjóra).

Skattanefndir — í Reykjavík skattstjóri — skulu, jafnhliða skattskrá, gera skrá yfir alla þá gjaldendur, sem eftir skattframtölunum fyrir undanfarið ár hafa haft vaxtatekjur samkvæmt 2. gr. þessara laga, og vaxtaskattgreiðslu þeirra samkvæmt framlögðum kvittunum, enda séu tekjurnar framtaldar. Þessi vaxtaskattskrá afhendist innheimtumanni tekju- og eignarskatts áður en innheimta hans er hafin, og vaxtaskattgreiðslur samkvæmt henni dragast frá þeim tekju- og eignarskatti, sem innheimta ber samkvæmt skattskrá. Nemi vaxtaskattsfjárhæð gjaldanda samkvæmt ofangreindu meiru en honum hefir verið gert að greiða í tekju- og eignarskatt, skal sá mismunur endurgreiddur.

9. gr.

Eftirlit með greiðslu vaxtaskatts hafa skattanefndir (skattstjóri). Skulu innheimtumenn láta skattanefndum í té skrá um greiðslu vaxtaskatts undanfarið ár, og skulu skránni fylgja greinargerðir skattgreiðenda, stofnana og annara gjaldenda.

Um rannsóknar- og úrskurðarvald skattanefnda samkvæmt þessum lögum, kærur, kæruúrskurðun og viðurlög gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, sbr. þó 11. gr. hér á eftir.

10. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga og eftirlit með þeim.

Bráðabirgðaákvæði.

11. gr.

Á tveimur fyrstu árum eftir að lög þessi öðlast gildi skal eigi beita refsiákvæðum 47. gr. og 48. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt að því er snertir vaxtatekjur og vaxtaeignir, er greiða ber skatt af samkvæmt lögum þessum. Vaxtaskatt af undandregnum eignum eða tekjum er þó eigi heimilt að draga frá skattskyldum tekjum, þegar skattur er á lagður.

Sþ. 408. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1940.

Frá Finni Jónssyni og Bergi Jónssyni.

Við 2. gr. 13. Liðinn skal orða svo:

Útflutningsgjald	460000	
Þar af til fiskimálasjóðs	100000	
	———	360000

Sþ. 409. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1940.

Frá Magnúsi Gíslasyni, Helga Jónassyni, Vilmundi Jónssyni, Gísla Sveinssyni, Steingrími Steinþórssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 18. gr. II. g. (Rithöfundar og listamenn).

Við liðinn bætast þeir núlifandi menn, er stóðu á sama lið í fjárlögum 1939, en felldir eru niður í fjárlagafrumvarpi þessu, með sömu fjárhæðum til hvers um sig, sem í nefndum fjárlögum greinir.

Jafnframt lækkar 39. tölul. 15. gr. um samtölu þeirra fjárhæða, er við bætast samkvæmt þessu.

Ed. 410. Breytingartillaga

við frv. til l. um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

Við 29. gr. 2. málsgr. Í stað orðanna „nema stjúpfaðir barnsins eða sá maður, er móðirin býr með, sé framfærsluþurfi, en þá“ komi: ef stjúpfaðir barnsins eða sá maður, er móðirin býr með, á 5000 króna skuldlausa eign eða greiðir tekjuskatt, annars.

Nd. 411. Frumvarp til laga

um bann gegn landspjöllum af mannavöldum.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að banna sand- og malartöku og annað jarðrask, þar sem byggð og nytjalandi stafar mikil hætta af, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

2. gr.

Brot gegn banni, er sett kann að verða samkv. 1. gr., varðar sektum allt að 10000 kr. Skulu sektir renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið. Mál út af brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta búnaðarþingi var samþykkt ályktun um að vinna að því, að löggjöf væri sett um þetta efni. Tilefnið var upplýsingar, sem fyrir búnaðarþingi lágu um stórkostlegan háska, sem ýms mikilsverð gróðurlönd eru nú þegar í af völdum þeirrar starfsemi, sem um getur í 1. gr. frumv. Virðist það með öllu ótækt, að einstökum mönnum líðist að stofna eignum og lífsafkomu fjölda manna í hættu með slíku framferði, þó að það skapi þeim nokkrar tekjur í bili.

Ed. 412. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og jafnhliða frv. til breytinga á sömu lögum á þskj. 73. Hefir það orðið að samkomulagi innan nefndarinnar að mæla með frv. með þeim breytingum, að í stað 15. júní komi 1. júní og að upp í frv. verði tekið efni frv. á þskj. 73 í heildarformi.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til frekari breytinga.

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 1. gr.

a. Í stað „15. júní“ komi: 1. júní.

b. Aftan við greinina bætist:

Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði.

Alþingi, 9. des. 1939.

Ingvar Pálmason, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., með fyrirv.	Bjarni Snæbjörnsson, með fyrirv.

Ed. 413. Breytingartillögur

við frv. til laga um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

Frá félagsmálaráðherra.

1. Við 2. gr. 1. málsgr. orðist svo:

Til tryggingar á skuldbindingum þeim, sem félagið tekur á sig, skal sjá því fyrir áhættufé, sem nemur kr. 600000.00. Ábyrgist ríkissjóður 60% af áhættufénu, eigendur skipa þeirra, sem tryggja skipshafnir sínar frá byrjun hjá félaginu, 10%, en 30% af áhættufénu er lagt fram af þeim innlendum vátryggingarfélögum, sem taka þátt í tryggingunni. Skipaeigendur geta þó síðar hækkað framlög sín, eða nýir bætzt við í félagið með áhættufjárframlag. Áhættufjárframlag má endurgreiða fyrir skip, sem hefir farizt eða er dæmt óbætandi, eða er hætt að þurfa að tryggja skipshöfn sína, að svo miklu leyti, sem ekki þarf að taka til áhættufjárins til greiðslu áfallinna slysabóta. Endurgreiðsla fæst þó ekki, ef ætla má, að tryggingarskyldan falli aðeins niður um stundarsakir. Vá-

tryggingarfélögin þurfa ekki að leggja áhættufé fram, ef þau skuldbinda sig til þess fyrirfram, að taka að sér sinn hluta af hverri einstakri tryggingu, sem stríðstryggingafélagið tekur að sér á eigin áhættu, sbr. 4. gr.

Skilyrði fyrir upptöku nýrra skipa skal setja í reglugerð.

2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Ákveða skal með reglugerð hámark þeirrar dánartryggingar, sem félagið má taka að sér á hverju skipi í einni og sömu ferð. Ef sú upphæð nægir ekki til fyrirskipaðrar eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar, með því að endurtryggja það, enda sé endurtrygging fáanleg hjá öruggu vátryggingarfélagi.

3. Við 5. gr. Í stað orðanna „sem samkvæmt samningum eru skyldir“ í 1. málsgr. komi: sem samkvæmt lögum eða samningum eru skyldir.

4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Iðgjöld ákveðast af stjórn félagsins í hvert sinn fyrir ákveðna ferð eða um ákveðinn tíma, eftir áhættunni eins og hún er á hverjum tíma, þegar trygging hefst eða er endurnýjuð og með hliðsjón af því, hvað samskonar tryggingar kosta erlendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt.

5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð, unz hann er orðinn 50% af áhættufé þess samkvæmt 2. gr. Ef tekjur félagsins hrökkva ekki fyrir bótum, skal greiða úr varasjóði það, sem á vantar, áður en áhættufé er skert. Ákveða skal með reglugerð, hvernig verja skuli tekjuafgangi, eftir að varasjóðurinn er orðinn 50% af áhættufénu. Af þeim hluta tekjuafgangs, sem ekki er lagður í varasjóð, skulu tryggingartakar fá að minnsta kosti 50%.

Verði félagið leyst upp, skal skipta nettóeign þeirri, sem eftir kann að verða, þegar eignir þess og skuldbindingar hafa verið gerðar endanlega upp, milli þeirra, sem lagt hafa fram áhættufé samkvæmt 2. gr., og tryggingartaka. Nánari ákvæði um skiptinguna skulu sett í reglugerð. Með reglugerð skal einnig setja ákvæði um ávöxtun innborgaðs áhættufjár og endurgreiðslu þess, einnig við eigendaskipti, kjörtímabil stjórnar og endurskoðun reikninga, ennfremur almennar reglur um vátryggingarskilyrðin, þar á meðal um viðurlög við því að gefa rangar upplýsingar.

Ed. 414. Breytingartillögur

við frv. til laga um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands o. fl.

Frá Jónasi Jónssyni.

Á eftir 18. gr. koma þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Þangað til öðruvísi er ákveðið skal 3. gr. laga nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, orðast svo:

Atvinnumálaráðherra skipar til eins árs í senn fimm manna nefnd til að hafa yfirstjórn um sérleyfisveitingar og fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt lögum þessum. Póstmálastjóri og vegamálastjóri skulu vera sjálfkjörnir í nefndina. Hinir þrír skulu útnefndir eftir tillögum þriggja stærstu þingflokkanna. Enginn nefndarmanna má eiga flutningabíl eða gistihús og ekki hafa beint eða óbeint sérhagsmuna að gæta um efni, sem snerta verkefni nefndarinnar. Atvinnumálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

b. Meðan núverandi styrjaldarástand varir skulu lögreglustjórar landsins gæta þess vel að leyfa ekki almennar samkomur með seldum aðgangi, þar sem borið hefir á aðsókn manna undir áhrifum áfengis, nema trygging sé fyrir, að þar sé nægileg lögregla til að hindra hverskonar óreglu.

c. Hver sá maður, karl eða kona, sem beiðist inngöngu í menntastofnanir, sem starfræktar eru af ríkinu eða styrktar af því, skal sanna með vottorði frá formanni búnaðarfélags þeirrar sveitar, sem hann dvaldi í, að umsækjandi hafi starfað að minnsta kosti eitt ár samfleytt að algengum heimilisstörfum í sveit eftir 13 ára aldur og hlotið þar góðan vitnisburð.

Ed. 415. Frumvarp til laga

um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 302, með þessum breytingum:

18. gr. hljóðar svo:

Síðasta málsgr. 41. gr. laganna orðist svo:

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra, nema um stundarsakir sé vegna atvinnusóknar. Um ágreining út af ákvörðun sveitarstjórnar í þessu efni fer á sama hátt og fyrir er mælt í 21. gr.

19. gr. hljóðar svo:

Aftan við 2. málsgr. 48. gr. laganna bætist: Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn, ef hún krefst, kaup eða aflahlut framfærsluþurfa, sem hún telur ekki kunna með fé að fara. Leitað getur framfærsluþurfi úrskurðar lögreglustjóra, ef hann telur sig misrétti beittan, og má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefir greitt framfærsluþurfa eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

Nd. 416. Frumvarp til laga

um friðun Eldeyjar.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Bjarni Ásgeirsson, Pálmi Hannesson,
Jörundur Brynjólfsson, Bergur Jónsson.

1. gr.

Bannað er að ganga á Eldey án leyfis ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Eigi má granda fuglum né eggjum á Eldey, jarðvegi né neinu því, er þýðingu hefir fyrir fuglalíf, né heldur má nokkrum öðrum hlutum spilla þar eða ræna.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, 500—5000 kr.
Brot gegn ákvæðum 2. gr. varða sektum, 100—10000 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Aðaltilgangur frumvarps þessa er að koma í veg fyrir það, að súlu verði gereytt hér á landi. Samkvæmt því, sem Magnús Björnsson náttúrufræðingur segir í Dýraverndaranum, 7. og 8. tbl. 1938 og 5. tbl. 1939, er þessi mikli og tigulegi fugl nær því aldauða, eða að minnsta kosti í mikilli hættu um aleyðingu. Verpir súla nú aðeins í þrem löndum: Stóra-Bretlandi, Norður-Ameríku og á Íslandi (örlitið í Færeyjum),

og eru varpstaðir hennar í þessum löndum aðeins 15—16 alls, þar af þrír á Íslandi: Eldey, Vestmannaeyjar og Grímsey. Telja fræðimenn, sem reynt hafa um nokkur ár að telja súluhreiður á öllum þessum varpstöðum, að til séu alls um 78 þúsund hjón. Þar af um 12 þúsund á Íslandi. Langflest í Eldey. Líkur eru færðar fyrir því, að tala þessi hvað Ísland snertir sé of há. En hvað sem því líður, er auðséð, að súlan er í hættu.

Súlan er varnarlítil gegn rángirni mannanna, þótt hún sé ágætur flugfugl. Hún er mjög eftirsótt af veiðimönnum vegna stærðarinnar (vegur 3—3½ kg.). Hún yfirgefur fljótt þá varpstaði, sem rændir eru, og safnast þá afarþröngt á þá staði, sem öruggastir eru. Brjóti menn sér leið á þá staði, geta þeir brytjað ungana niður gersamlega.

Viðkoman er mjög hægfara. Fuglinn er ekki kynþroska fyrr en 4—5 ára. Eiga þá hver hjón aðeins eitt egg á ári. Talið er, að um 40% unganna farist, áður en þeir verða fleygir, þó ekki komi til rán mannanna.

Hér á landi hefir súlan leitað fyrir sér með varpstaði, en móttökur verið þannig, að hún hefir strax flúið. Hefir hún aðallega safnazt í Eldey. En nú hafa menn fyrir nokkru fundið leið þangað til súludráps og gengið svo rösklega fram, að í sumar drápu menn þar í einum leiðangri 3000 súluunga. Komust þeir nauðulega þaðan með 1000 þeirra, en 2000 rotna niður á eynni, og bera bein þeirra íslenzkri menningu óskemmtilegt vitni.

Eldey er ríkiseign og almenningur. Þó munu engir eiga þar lögmætt tilkall til veiði.

Auk þess sem friðun Eldeyjar mundi skapa súlunni griðastað, er eyjan sjálf þess verð að vera friðaður staður. Er hún bæði sérkennileg og falleg, og líklegt einnig, að hún gæti orðið griðastaður fleiri náttúrugæða en súlunnar.

Ed. 417. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   6. gr. laga nr. 92 19. júní 1933 hljóði svo:
   Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meir en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá ríkissjóður allan þann kostnað, sem leiðir af aukninginni, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur ¼ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.
2. Við 2. gr. Í stað orðsins „laun“ í fyrri málsl. komi: þóknun.
3. Við 3. gr.
   a. Síðari málsgr. b-liðs (9. gr.) falli burt.
   b. d-liður (11. gr.) orðist svo: Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 9. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.

418. Frumvarp til fjárlaga

fyrir árið 1940.

(Eftir 2. umr.).

I. KAFLI

Tekjur:

Árið 1940 er ætlazt til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Ætlað er á, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Fasteignaskattur	445000	
2.	Tekjuskattur og eignarskattur	1720000	
3.	Hátekjuskattur	222000	
4.	Lestagjald af skipum	55000	
			2442000
5.	Aukatekjur	665000	
6.	Erfðafjárskattur	56000	
7.	Vitagjald	490000	
8.	Leyfisbréfagjöld	28000	
9.	Stimpilgjald	585000	
10.	Stimpilgjald af ávísunum og kvittunum	75000	
11.	Bifreiðaskattur	410000	
12.	Benzinskattur	305000	
			2614000
13.	Útflutningsgjald kr. 460000		
	Þar af til fiskimálasjóðs — 450000		
		10000	
	Af fé þessu skal 50 þús. kr. varið til styrktar þeim, er kaupa nýja vélbáta til fiskveiða, smíðaða innanlands, og veitist styrkurinn samkvæmt ákvörðun fiskimálanefndar, með samþykki atvinnumálaráðherra.		
14.	Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	1200000	
15.	Tóbakstollur	1500000	
16.	Kaffi- og sykurtollur	1245000	
17.	Annað aðflutningsgjald	72000	
18.	Vörutollur	1555000	
19.	Verðtollur	1400000	
20.	Gjald af innfluttum vörum	1530000	
			8512000
	Flyt	. . .	13568000

	kr.	kr.
Flutt	. . .	13568000
21. Gjald af innlendum tollvörum		500000
22. Skemmtanaskattur		135000
23. Veitingaskattur		100000
Samtals ...	. . .	14303000

3. gr.

	kr.	kr.
A.		
Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:		
1. Rekstrarhagnaður póstsjóðs	31000	
2. — landssímans	558000	
3. — áfengisverzlunar	1384000	
4. — tóbakseinkasölu	630000	
5. — ríkisútvarps	32800	
6. — ríkisprentsmiðju	50000	
7. — landssmiðju	10000	
8. — bifreiðaeinkasölu	63000	
9. — raftækjaeinkasölu	100100	
		2858900
Samtals ...	. . .	2858900
Sundurliðun.		
1. Póstsjóður.		
I. Tekjur		780000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður	55600	
2. Pósthúsið í Reykjavík	242000	
3. Önnur pósthús:		
a. Póstafgreiðslur 142000		
b. Bréfhirðingar 23000		
	165000	
4. Póstflutningur	215000	
5. Önnur gjöld	67260	
6. Fyrning	4140	
		749000
Fært á 3. gr. A. 1	. .	31000

		kr.	kr.
2. Landssíminn.			
I. Tekjur			2430000
II. Gjöld:			
a. Til einkasíma í sveitum		10000	
b. Til starfrækslu landssímanna m. m.			
1. Kostnaður af aðalskrifstofu landssímans	99000		
2. Ritsímastöðin í Reykjavík	234000		
3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	45000		
4. Stuttbylgjustöð í Reykjavík	75000		
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	520000		
6. Áhaldahúsið	20000		
7. Ritsímastöðin á Akureyri	67000		
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	67000		
9. Ritsímastöðin á Ísafirði	39000		
10. Símastöðin á Borðeyri	19000		
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum	36000		
12. Símastöðin á Siglufirði	41000		
13. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	140000		
		1402000	
Uppbót á launum greiðist eftir sömu reglum og 1939, enda færist þær greiðslur á framangreinda liði viðkomandi stöðva.			
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		60000	
d. Viðbót og viðhald stöðvanna		70000	
e. Kostnaður af ferðalögum etc.		10000	
f. Viðhald landssímanna		240000	
g. Framhaldsgjald		28000	
h. Til kennslu handa símamönnum		2000	
i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		3000	
j. Ýms gjöld		10000	
Þar af 1000 krónur til fyrrv. símaverkstjóra, eftir tillögum símamálastjóra.			
k. Fyrning á húsum og áhöldum		31000	
l. Burðargjald		6000	
			1872000
Fært á 3. gr. A. 2		. . .	558000
Eignabreytingar.			
Út.			
I. Afborgun af lánum L. M. Ericsson, Marconi o. fl.			170000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa			45000
III. Til talstöðva í báta og skip			20000
IV. Til loftskeytastöðva í skip			15000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II. 1		. . .	250000

		kr.	kr.
3. Áfengisverzlun ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			1700000
II. Gjöld:			
Laun starfsmanna og vinnulaun		143000	
Útsvar		70000	
Framlag til Menningarsjóðs		35000	
Annar kostnaður		60000	
Fyrning á fasteign og áhöldum		8000	
			316000
Fært á 3. gr. A. 3		. . .	1384000
4. Tóbakseinkasalan.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			815000
II. Gjöld:			
Laun	77720		
Annar kostnaður	62280		
		140000	
Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.		45000	
			1850000
Fært á 3. gr. A. 4		. . .	630000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		450000	
b. Aðrar tekjur		80000	
			530000
II. Gjöld:			
a. Starfræksla:			
1. Starfsmannalaun	110200		
2. Útvarpsefni	83000		
3. Skrifstofukostnaður	57000		
4. Húsaleiga, ljós, hiti	32000		
5. Til útvarpsstöðva	150000		
6. Til hleðslu- og viðgerðarstöðva og til að greiða fyrir útvarpsnotum	20000		
7. Óviss gjöld	15000		
		467200	
b. Vextir	30000		
c. Fyrning á húsi og vélum	50000		
		80000	
			547200
Tap		. . .	17200
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		132000	
b. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	41360		
2. Annar kostnaður	40640		
		82000	
			50000
Fært á 3. gr. A. 5		. . .	32800
Eignabreytingar:			
Afborgun af láni til stækkunar (sjá 20. gr. Út I. 2. b.) ..		. . .	75000

		kr.	kr.
6. Ríkisprentsmiðjan.			
I. Tekjur (prentvinna)			520000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna	35000		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	280000		
		315000	
2. Efnivörur		84500	
3. Vélarekstur og viðhald		15000	
4. Vextir		7000	
5. Annar kostnaður		32500	
6. Fyrning		16000	
			470000
Fært á 3. gr. A. 6		. . .	50000
7. Landssmiðjan.			
I. Tekjur:			
1. Ágóði á vörum		15000	
2. — á járnsmíðadeild		75000	
3. — á trésmíðadeild		5600	
4. — á járnsteypu		4000	
			99600
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna		30000	
2. Vextir		11000	
3. Afsláttur og skuldatöp		7000	
4. Annar kostnaður		29600	
5. Fyrning		12000	
			89600
Fært á 3. gr. A. 7		. . .	10000
8. Bifreiðaeinkasala.			
I. Tekjur		150000	
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	18900		
2. Húsaleiga, hiti o. fl.	7500		
3. Vextir	14000		
4. Annar kostnaður	19600		
		60000	
			90000
Frá dregst hluti bæjar- og sýslufélaga 30%			27000
Fært á 3. gr. A. 8		. . .	63000

		kr.	kr.
9. Raftækjaeinkasala.			
I. Tekjur		300000	
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna	82000		
2. Húsaleiga, hiti o. fl.	16000		
3. Annar kostnaður	59000		
		157000	
			143000
Frá dregst hluti bæjar- og sýslufélaga 30%			42900
Fært á 3. gr. A. 9		. . .	100100
B.			
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1. Tekjur af jarðeignum á Stokkseyri og Eyrarbakka			6000
2. Arnarhvoll:			
a. Tekjur		60000	
b. Gjöld:			
1. Vextir	20584		
2. Ýmiskonar rekstrarkostnaður	33776		
3. Fyrning hússins (sjá 20. gr.)	3640		
		58000	
			2000
Samtals ...		. . .	8000

4. gr.

Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

	kr.	kr.
1. Vextir af bankavaxtabréfum og jarðræktarbréfum		10000
2. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af 3000000		180000
3. Vextir af veðd.bréfum Búnaðarbankans, 6% af 1260000		75600
4. Aðrir vextir		240000
Samtals ...	. . .	505600

5. gr.

Óvissar tekjur eru taldar 50000 kr.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1940 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		225822
2. Dönsk lán		107333
3. Ensk lán		1326727
4. Vextir af lausaskuldum		410978
Samtals ...	. . .	2070860

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		75000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		240000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		3750
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2170
Samtals ...	. . .	245920

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	50000		
b. Til risnu	6000		
		56000	
2. Til utanferða ráðherra		6000	
3. Stjórnarráðið:			
a. Laun:			
1. Atvinnumálaráðuneytið	37000		
2. Dómsmálaráðuneytið	31700		
3. Fjármálaráðuneytið	49500		
4. Skrifstofa utanríkismála	19800		
5. Aðrir starfsmenn	13000		
	151000		
b. Annar kostnaður	45000		
		196000	
4. Ríkisféhirzla og bókhald:			
a. Laun	33350		
b. Annar kostnaður	8650		
		42000	
5. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga		4000	
6. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	700		
b. Til pappirs og prentunar	20000		
c. Til kostnaðar af sendingu með póstum	2000		
		22700	
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans		10000	
8. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)		2046	
			338746
II. Hagstofan:			
1. Laun samkvæmt launalögum		11000	
2. Önnur laun og aðstoð		30000	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		17000	
4. Prentun eyðublaða		3000	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.		6500	
6. Annar kostnaður		1500	
			69000
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendiherra	12500		
b. Húsaleiga	8500		
c. Kostnaður við embættið	31250		
d. Til skrifstofuhalds	25000		
		77250	
Flyt		77250	407746

	kr.	kr.
Flutt	77250	407746
2. Til meðferðar utanríkismála	32000	
3. Ríkisráðskostnaður	5000	
4. Kostnaður af sambandslaganefnd	2000	
5. — vegna samninga við erlend ríki	40000	
6. Verzlunarfulltrúi í Ameríku	75000	
		231250
Samtals ...	. . .	638996

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
A.			
Dómgæzla og lögreglustjórn.			
1. Hæstiréttur:			
a. Laun		32000	
b. Annar kostnaður		18000	
			50000
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra			133000
3. Laun hreppstjóra			45000
4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:			
a. Laun		35600	
b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting		5500	
c. Ýmis gjöld		6500	
			47600
5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:			
a. Laun og aðstoð		115210	
b. Húsaleiga, ljós og hiti		8400	
c. Ýmis gjöld		14000	
			137610
6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:			
a. Laun		39000	
b. Ljós, hiti og ræsting		12200	
c. Ýmis gjöld		14000	
			65200
7. Toll- og löggæzla:			
a. Í Reykjavík:			
1. Laun og aðstoð	78600		
2. Annar kostnaður	50000		
		128600	
Flyt ...		128600	478410

		kr.	kr.
	Flutt	128600	478410
b.	Utan Reykjavíkur:		
	1. Laun 48000		
	2. Annar kostnaður 22000		
		70000	
c.	Eftirlit á vegum:		
	1. Laun 5400		
	2. Annar kostnaður 10000		
		15400	
			214000
8.	Bifreiðaeftirlit:		
	a. Laun 16000		
	b. Annar kostnaður 18000		
		34000	
	÷ Prófgjöld og skoðunargjöld	19000	
			15000
9.	Hluti ríkissjóðs af kostnaði við lögregluna í Reykjavík		50000
10.	Skrifstofukostnaður sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra		153000
11.	Til landhelgisgæzlu		400000
12.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangahúsa		15000
	(Þar af fyrning 1770 kr., sjá 20. gr.).		
13.	Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni:		
	a. Rekstrarhalli	60000	
	b. Kostnaður við verklegar framkvæmdir fyrir ríkið ..	10000	
	(Þar af fyrning 5300, sjá 20. gr.).		
			70000
14.	Sakamálakostnaður og lögreglumála		70000
15.	Borgun til sjódómsmanna		2000
16.	Til setu- og varadómara		10000
17.	Löggildingarstofan:		
	a. Laun 18000		
	b. Annar kostnaður 7500		
	c. Til áhaldakaupa 1000		
		26500	
	÷ Tekjur	14000	
			12500
18.	Kostnaður við sáttatilraunir í vinnudeilum		4000
19.	Kostnaður við félagsdóm		8000
	Samtals A	. . .	1501910

		kr.	kr.
	B.		
	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1.	Burðareyrir og embættisskeyti:		
	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	55000	
	b. Fyrir embættisskeyti	85000	
			140000
2.	Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra ríkisfasteigna		24000
3.	Til embættiseftirlitsferða		6000
4.	Gjöld til skattanefnda, yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar:		
	a. Skattstofan í Reykjavík 60000		
	÷ hluti bæjarsjóðs, ⅓ af 54000 kr. 18000		
		42000	
	b. Skattanefndir	40000	
	c. Fasteignamat	120000	
			202000
5.	Til ríkisskattanefndar		16000
6.	Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		40000
	Samtals B	. . .	428000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

			kr.	kr.
1.	Laun			224700
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi			8000
3.	Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn, eftir reikningum			12550
	Í Borgarneshéraði:			
	Kolbeinsstaðahreppur	200		
	Eyjahreppur	200		
	Í Ólafsvíkurhéraði:			
	Staðarsveit	200		
	Breiðavíkurhreppur	300		
	Neshreppur utan Ennis	300		
	Í Stykkishólmshéraði:			
	Eyrarsveit	500		
	Miklaholtshreppur	200		
	Skógarstrandarhreppur	250		
	Í Dalahéraði:			
	Skarðs- og Klofningshreppur, 150 kr. til hvors	300		
	Fellsstrandarhreppur	200		
	Saurbæjarhreppur	200		
	Í Reykhólahéraði:			
	Gufudalssveit	250		
	Flyt	3100	. . .	245250

		kr.	kr.
Flutt	3100	. . .	245250
Í Flateyjarhéraði:			
Múlahreppur	250		
Í Patreksfjarðarhéraði:			
Rauðasandshreppur	150		
Barðastrandarhreppur	150		
Í Flateyrarhéraði:			
Suðureyrarhreppur	300		
Í Ögurhéraði:			
Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur	750		
Styrkurinn skiptist milli nefndra hreppa í hlutfalli við kostnað þeirra við læknisvitjanir.			
Í Hesteyrarhéraði:			
Grunnavíkurhreppur	300		
Sléttuhreppur	300		
Í Reykjarfjarðarhéraði:			
Árneshreppur (sé héraðið læknislaust)	600		
Í Hólmavíkurhéraði:			
Óspakseyrarhreppur	200		
Í Miðfjarðarhéraði:			
Bæjarhreppur	300		
Í Blönduóshéraði:			
Vindhælishreppur fyrir norðan Björg	200		
Í Sauðárkrókshéraði:			
Skefilsstaðahreppur	200		
Í Hofsóshéraði:			
Haganeshreppur	150		
Holtshreppur	150		
Í Húsavíkurhéraði:			
Flateyjarhreppur	200		
Grímseyjarhreppur	400		
Í Öxarfjarðarhéraði:			
Fjallahreppur	200		
Presthólahreppur, til læknisvitjana af Austur-Sléttu	300		
Styrkur til þess að hafa lækni á Raufarhöfn um síldveiðitímann	1000		
Í Þistilfjarðarhéraði:			
Sauðaneshreppur, vegna læknisvitjana frá Skálum og nágrenni þeirra	200		
Skeggjastaðahreppur	200		
Í Hróarstunguhéraði:			
Borgarfjarðarhreppur	300		
Í Fljótsdalshéraði:			
Jökuld.hr. (vegna byggðar í Möðrudalsheiði)	200		
Í Seyðisfjarðarhéraði:			
Loðmundarfjarðarhreppur	150		
Flyt	10250	. . .	245250

		kr.	kr.
Flutt	10250	. . .	245250
Í Norðfjarðarhéraði:			
Mjóifjörður	300		
Í Berufjarðarhéraði:			
Breiðdalshreppur	300		
Í Hornafjarðarhéraði:			
Hofshreppur	400		
Í Síðuhéraði:			
Skaftártunguhreppur	300		
Álftavershreppur	250		
Í Mýrdalshéraði:			
Austur-Eyjafjallahreppur	200		
Í Rangárhéraði:			
Vestur-Eyjafjallahreppur	200		
Í Eyrarbakkahéraði:			
Selvogshreppur	150		
Í Grímsneshéraði:			
Þingvallahreppur	200		
Samtals	12550		
4. Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi, Mosfellssveit, Þingvallasveit og Reykjavíkurhéraði, utan kaupstaðarins, og fari eftir taxta héraðslækna			1200
5. Til augnlækningaferða samkv. l. nr. 12 1934			2400
6. Styrkur til tannlæknis Vilhelms Bernhöfts í Reykjavík			800
7. Styrkur til háls-, nef- og eyrnalæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík			800
Styrkur læknanna Vilhelms Bernhöfts og Ólafs Þorsteinssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hvor um sig, segi stúdentum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 4 sinnum á mánuði, og gefi skýrslu um það.			
8. Til Benedikts Tómassonar, til að nema geðveikrafræði erlendis			1500
9. Landsspítalinn			
A. Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
1. Laun	162000		
2. Matvæli	126000		
3. Lyf og sáraumbúðir	25000		
4. Ljós og eldsneyti	27000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	47000		
6. Viðhald húsa og fastra muna	25000		
7. — lausra muna (þar með fatnaður) ..	17000		
8. Fatnaður og vefnaðarvara	13000		
9. Skattar og tryggingar	5000		
Flyt	447000	. . .	251950

		kr.	kr.
Flutt	447000	. . .	251950
10. Sími og skrifstofa	7000		
11. Röntgenfilmur og röntgenáhöld	32000		
12. Ýmis gjöld	4000		
13. Fyrning	27000		
		517000	
Þar frá dregst:			
1. Daggjöld sjúklinga	332000		
2. Geislalækn. (tekjur af röntgendeild) ..	54000		
3. Skurðstofugjald o. fl.	16000		
		402000	
Rekstrarhalli		115000	
B. Til ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólans, þar í fæði ljósmæðranema		9500	
			124500
10. Holdsveikraspítalinn:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
1. Laun		18600	
2. Matvæli		12500	
3. Lyf og umbúðir		1700	
4. Ljós og eldsneyti		15000	
5. Þvottur og hreinlætisvara		1200	
6. Fatnaður allur		1000	
7. Viðhald húsa og fastra muna		4000	
8. Viðhald lausra muna		1000	
9. Sími og skrifstofa		700	
10. Skattar og tryggingar		2400	
11. Flutningskostnaður		800	
12. Ýmisleg gjöld		1500	
13. Fyrning		4500	
			64900
11. Geðveikrahælið á Kleppi:			
I. Gamli spítalinn:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
1. Laun	28000		
2. Matvæli	45200		
3. Lyf og umbúðir	1400		
4. Ljós og hiti	13000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	5200		
6. Viðhald húsa og fastra muna	4500		
7. Viðhald lausra muna	1000		
8. Sími og skrifstofa	1500		
9. Flutningskostnaður	2300		
10. Skattar og tryggingar	1400		
11. Fatnaður allur	3000		
12. Ýmis gjöld	1000		
13. Fyrning	3100		
		110600	
Flyt		110600	441350

		kr.	kr.
Flutt		110600	441350
Tekjur:			
Daggjöld sjúklinga:			
27300 sjúkradagar á 5,00	136500		
Tekjuafgangur		25900	
	136500	136500	
II. Nýi spítalinn:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
1. Laun	65000		
2. Matvæli	81000		
3. Lyf og sáraumbúðir	12000		
4. Ljós og hiti	24000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	12500		
6. Viðhald húsa og fastra muna	7000		
7. Viðhald lausra muna	3000		
8. Sími og skrifstofa	2500		
9. Flutningskostnaður	4000		
10. Skattar og tryggingar	2000		
11. Fatnaður allur	10000		
12. Ýmis gjöld	3500		
13. Fyrning	3400		
		229900	
Tekjur:			
Daggjöld sjúklinga:			
45000 sjúkradagar á 5,00	225000	225000	
			4900
12. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:			
Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:			
1. Laun	83000		
2. Matvæli	154000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	12000		
4. Ljós og eldsneyti	42000		
5. Þvottur og hreinlætisvara	25000		
6. Viðhald húsa og fastra muna	8000		
7. Viðhald lausra muna	10000		
8. Fatnaður	6000		
9. Sími og skrifstofa	5500		
10. Flutningskostnaður	3000		
11. Röntgenfilmur og áhöld	1500		
12. Ýmis gjöld	4000		
13. Fyrning	3500		
		357500	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Daggjöld sjúklinga, 62000 sjúkradagar á 5,00		310000	
			47500
Flyt		. . .	493750

		kr.	kr.
	Flutt	. . .	493750
13.	Heilsuhælið í Kristnesi:		
	Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:		
	1. Laun 41600		
	2. Fæði 50000		
	3. Lyf og hjúkrunargögn 5000		
	4. Ljós og hiti 13500		
	5. Þvottur og hreinlætisvara 4500		
	6. Viðhald húsa og fastra muna 7000		
	7. Viðhald lausra muna 4000		
	8. Fatnaður 3000		
	9. Sími og skrifstofa 1500		
	10. Skattar og tryggingar 1400		
	11. Flutningskostnaður 3000		
	12. Ýmis gjöld 2500		
	13. Fyrning 7500		
		144500	
	Þar frá dregst:		
	Daggjöld sjúklinga, 25800 sjúkradagar á 5.00	129000	
			15500
14.	Önnur gjöld:		
	a. Styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli ..	13000	
	b. Til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða í Ögurhéraði, Reykhólahéraði og Hesteyrarhéraði, allt að kr. 1200 til hvers	3600	
	c. Bólusetningarkostnaður	2000	
	d. Gjöld samkv. lögum nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	15000	
	e. Gjöld samkv. lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ..	2000	
	f. Til kynsjúkdómalæknis	5400	
	g. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	5000	
	h. Til annara heilbrigðisráðstafana	2000	
	i. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum, gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að	18000	
	Heilsuverndarstöð, sem styrks vill verða aðnjótandi, skal reka berklavarnastarfsemi undir yfirstjórn og eftirliti berklayfirlæknis ríkisins og haga störfum sínum öllum eftir reglum, er heilbrigðisstjórnin samþykkir.		
	j. Styrkur til Súgfirðinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu	1000	
	k. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launabót annarsstaðar að	300	
	l. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	3000	
	Flyt	70300	509250

	kr.	kr.
Flutt	70300	509250
m. Til Páls Sigurðssonar fyrrv. héraðslæknis, biðlaun	1800	
n. Til ýmsra sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis	7500	
		79600
15. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra		65000
		653850
Þar frá dregst samkv. tölul. 11. I.:		
Tekjuafgangur gamla spítalans á Kleppi		25900
Samtals	. . .	627950

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

		kr.	kr.
A.			
Vegamál.			
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
1. Laun vegamálastjóra ..... enda sé hann ráðunautur stjórnarinnar í vatnamálum.		7200	
2. Laun aðstoðarverkfræðings		5910	
3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi		6000	
4. Til aðstoðarmanna og mælinga		38000	
5. Skrifstofukostnaður		21000	
			78110
II. Þjóðvegir.			
a. Til nýrra akvega:			
1. Kjósarvegur	4000		
2. Hafnarfjallsvegur	5000		
3. Álftaneshreppsvegur	7500		
4. Útnesvegur	4000		
5. Stykkishólmsvegur	4000		
6. Suðurdalavegur	6000		
7. Saurbæjarvegur	3000		
8. Geiradals- og Reykhólasveitarvegur ..	2500		
9. Barðastrandarvegur	3000		
10. Rauðasandsvegur	2000		
11. Patreksfjarðarvegur til Bíldudals	5000		
12. Botnsheiðarvegur	5000		
Flyt	51000	. . .	78110

		kr.	kr.
Flutt	51000	. . .	78110
13. Bolungavíkurvegur	2500		
14. Langadalsvegur	3500		
15. Kaldrananesvegur	3000		
16. Strandavegur	4000		
17. Kollafjarðarvegur	3000		
18. Bitruvegur	4000		
19. Borðeyrarvegur	2500		
20. Holtavörðuheiðarvegur	4000		
21. Miðfjarðarvegur	2000		
22. Vestur-Húnavatnssýsluvegur	4000		
23. Vesturhópsvegur	2500		
24. Húnvetningabraut	5000		
25. Blönduhlíðarvegur	3000		
26. Út-Blönduhlíðarvegur	5000		
27. Hofsósvegur	5000		
28. Fljótavegur	3500		
29. Stífluvegur	5000		
30. Ólafsfjarðarvegur	3500		
31. Svalbarðsstrandarvegur	4000		
32. Kinnarbraut	3500		
33. Kelduhverfisvegur	5000		
34. Kópaskersvegur	3000		
35. Raufarhafnarvegur	4000		
36. Langanesvegur	2000		
37. Brekknaheiðarvegur	3500		
38. Bakkafjarðarvegur	2500		
39. Upphéraðsvegur	2000		
40. Úthéraðsvegur	6000		
41. Borgarfjarðarvegur	2000		
42. Breiðdalsheiðarvegur	3000		
43. Norðfjarðarvegur	6000		
44. Fáskrúðsfjarðarvegur frá Reyðarfirði	9000		
45. Breiðdalsvegur	4500		
46. Berunesvegur	2500		
47. Geithellnahreppsvegur	2000		
48. Lónsvegur	1500		
49. Inn-Nesjavegur vestan Hornafjarðarfljóta	1500		
50. Mýravegur hjá Brunnhól og Suðursveitarvegur hjá Borgarhöfn	3000		
51. Öræfavegur	2000		
52. Skaftártunguvegur	3500		
53. Mýrdalsvegur	4000		
54. Eyjafjallavegur	5000		
55. Landvegur	4000		
56. Hrunamannahreppsvegur	7000		
57. Gnúpverjahreppsvegur	3000		
		215000	
Flyt		215000	78110

		kr.	kr.
	Flutt	215000	78110
b.	Viðhald og endurbætur	750000	
c.	Til þjóðvega af benzínskatti:		
1.	Til malbikunar á Elliðaárvegi, allt að	50000	
2.	— Hafnarfjarðarvegar, allt að	50000	
3.	— Suðurlandsbrautar, allt að	65000	
4.	— Sogsvegar	15000	
5.	— Vatnsskarðsvegar	45000	
6.	— Austurlandsvegar, allt að	10000	
7.	— vega út frá Akureyri	13500	
XV. Að ábyrgjast fyrir Eskifjarðarhrepp 5000 króna lán til endurbóta á rafveitu, enda fái ríkissjóður 1. veðrétt í rafveitunni fyrir fjárhæðinni.

23. gr.

Stjórn landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1940, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglum sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og færist fjárhæðin á rekstursreikning skipaútgerðar ríkisins.

Stjórn búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra búnaðarbankans, og dýrtíðaruppbót að auk.

Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr., og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

Stjórn samábyrgðar Íslands heimilast að greiða frú Elísabetu Gunnarsson, ekkju Jóns Gunnarssonar, 1000 króna lífeyri.

Stjórninni er heimilt að greiða Sigurði Hjálmarssyni stýrimanni 600 kr., og færist fjárhæðin á rekstursreikning skipaútgerðar ríkisins.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá alþingi 1939 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 419. Nefndarálit

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og mælir með, að það verði samþykkt. Nefndin hefir einnig athugað breytingartillögur á þskj. 402, en einstakir nefndarmenn hafa ekki að svo stöddu tekið afstöðu til þeirra.

Alþingi, 11. des. 1939.

Bernh. Stefánsson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Nd. 420. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja spildu úr landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1939.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Steingr. Steinþórsson, fundaskr.	Pétur Ottesen, frsm.
	Emil Jónsson.	Jón Pálmason.

Ed. 421. Nefndarálit

um frv. til laga um mótak.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1939.

Erl. Þorsteinsson, form.	Bjarni Snæbjörnsson, fundaskr., frsm.	Páll Hermannsson,

Nd. 422. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá Jóni Pálmasyni.

Aftan við frvgr. bætist:

6. Sövik, Oskar, rafveitustjóri á Blönduósi, fæddur í Noregi.

Nd. 423. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 9. des. 1939.

Sveinbjörn Högnason, form. Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr. Stefán Stefánsson, frsm.

Sigurður Kristjánsson. Steingr. Steinþórsson.

Nd. 424. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka við síldarverksmiðju þá, sem heimilað var með lögum nr. 10 13. janúar 1938 að reisa á Raufarhöfn, þannig að hún geti unnið úr um 5000 málum síldar á sólarhring.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um 2500 mál síldar á sólarhring, auk þeirra 2400 mála, sem heimilað var að auka við verksmiðjurnar með téðum lögum.

2. gr.

Til þeirrar aukningar síldarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í téðum lögum og í 1. gr. þessara laga, heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni milljón og sjö hundruð þúsundum króna, eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri, til viðbótar þeirri einni og hálfri milljón króna, sem heimilað var að taka að láni með 2. gr. téðra laga.

3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinna stækkuðu verksmiðja fer að öðru leyti eftir lögum um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 425. Frumvarp til laga

um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum. Óheimilt er hvera- eða landeiganda með sama hætti að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, er hverinn þeytir frá sér, eða afrennsli laugar, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hveri og laugar eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó 4. gr.

Hann hefir rétt til að stífla frárennsli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan án þess hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sérstök hætta stafar af.

4. gr.

Nú liggja landamerki um hverasvæði, þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugavatns liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá með mati skorið úr því, hvern hlutfallslegan rétt hver jörð hefir til jarðhitaorkunnar.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir að öðru leyti um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill annar eða einhver jarðeigenda hagnýta hvera- eða laugaorku, sem er sameiginleg, en hinn eða hinir ekki, og skal þá sá eða þeir, er hagnýta vilja, eiga rétt á, annaðhvort að fá orkuna keypta eftir mati eða taka hana á leigu, sem ákveðin sé með mati, þó þannig, að í báðum tilfellum hafi sá eða þeir, sem ekki vilja hagnýta orkuna, eftir nægilega orku til heimilis- og búsþarfa. Hvor leiðin farin sé, þegar þannig stendur á sem í þessari málsgr. segir, skal vera á valdi þess eða þeirra, sem orkuna eiga. En mannvirkjum skal haga þannig, að sá eða þeir, sem ekki taka þátt í verkinu, megi síðar hagnýta sér þann hluta orkunnar, sem hann eða þeir eiga tilkall til, án þess að breyta þurfi mannvirkjum að mun, og kostnað, sem leiðir af slíkri tilhögun, skal sá eða þeir, er síðar koma til, greiða. Nú hagnýtir sá eða þeir, er ekki tóku þátt í mannvirkjagerð, sér síðar orkuna og nota mannvirkin, og skal hann eða þeir þá taka þátt í stofnkostnaði og viðhaldi. Framanskráð ákvæði gilda með afbrigðum eftir atvikum, ef nokkrir landeigendur, þegar um fleiri en tvo er að ræða, vilja hagnýta sér orkuna, en hinn eða hinir ekki. Ef ágreiningur rís um atriði þau, er að framan greinir, sker mat úr.

5. gr.

Nú vill jarðareigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörðu að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu fyrr en það hefir verið álitið af matsmönnum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðareigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför land-

seta að innleysa þau mannvirki, er ábúandi hefir gert til hagnýtingar hveraorku, önnur en þau, sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

6. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um kaup á slíkum réttindum fer sem um landkaup.

Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum laga nr. 55 15. júní 1926, þó þannig, að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt, að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

Nú hefir sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur innan 5 ára frá því, er kaup voru gerð, og skal þá ríkissjóður eiga fyrsta forkaupsrétt, er svo stendur á.

7. gr.

Ríkissjóður á rétt til að taka hvera- eða laugaorku jarðar eignarnámi til almenningsþarfa, en gæta skal þess, að jarðeigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega orku til nauðsynja sinna, til eigin heimilis- og búsþarfa. Um eignarnámið fer eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

8. gr.

Nú er hvera- eða laugaorka tekin eignarnámi (sbr. 7. gr.), og eru þá landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

9. gr.

Ríkið hefir rétt til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða bíði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í té við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

10. gr.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er, eða jarðhitasvæði eiga, er heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans. Skal ríkið veita mönnum slíka aðstoð ókeypis, eftir því sem ástæður leyfa og fé er veitt til þess í fjárlögum. Á sama hátt skal ríkið veita mönnum aðstoð um samning kostnaðaráætlunar um notkun jarðhitans.

11. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem nytja jarðhita, fer að öðru leyti, að því er við getur átt, eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923, um notkun vatnsorku, og eftir ákvæðum laga nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vélum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

12. gr.

Um matsgerðir þær, er getur í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum vatnalaga, nr. 15 frá 1923.

13. gr.

Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 426. Frumvarp til laga

um viðauka við lög um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ef nokkur fjárhæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins eða stofnkostnaði þess, telst sú fjárhæð til skattskyldra tekna þess á því ári.

Ofangreint ákvæði um frádrátt á tillagi í varasjóð gildir einnig um útgerðarfyrirtæki íslenzkra línuveiðaskipa og vélbáta á árunum 1939—1942.

2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr stafliður:

d. Að engum föstum starfsmanni, sem vinnur hjá fyrirtækjunum í landi, séu greidd hærri árslaun en 10 þús. kr., eða sem því svarar fyrir hluta úr ári, þar með talin hverskonar þóknun og hlunnindi, sem starfsmanni eru veitt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 93 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni:

Lög um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja.

Ed. 427. Nefndarálit

um frv. til póstlaga.

Frá samgöngumálanefnd.

Frumvarp það til póstlaga, sem hér er á ferðinni, hefir sérstaklega þrennskonar tilgang: 1) Færð eru saman í eina heild þau póstlagafyrirmæli, er nú gilda, 2) tekin eru upp í frv. ýms reglugerðaákvæði og stjórnarvaldafyrirmæli, er starfað hefir verið eftir undanfarið, og 3) bætt er við nýmælum, er til umbóta þykja horfa, einkum eftir fyrirmyndum í póstlögum á Norðurlöndum.

Samgöngumálanefnd hefir athugað frv. á nokkrum fundum. Á einum fundinum komu 2 póstmenn og ræddu við nefndina, aðallega um ákvæði 14. gr. frv., og óskuðu breytinga á henni. Síðar sendu 13 póstmenn nefndinni bréf um sama efni.

Eftir ósk n. kom póst- og símamálastjóri á fund til viðtals um frv. Áður hafði hann ritað n. bréf og óskað þar eftir smábreytingum. Brtt. þær, er nefndin flytur, eru að mestu leyti útbúnar af honum.

Samgöngumálanefnd leggur það til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 9. gr.
   a. Upphaf á d-lið verði þannig: Útgerðarmenn, útgerðarfélög og skipstjórar skipa, sem starfrækja o. s. frv.
   b. e-liður orðist svo: Útgerðarmenn, skipstjórar og afgreiðslumenn skipa þeirra, er sigla úr íslenzkri höfn eða milli íslenzkra hafna og eigi eru í

áætlunarferðum (reglubundnum flutningaferðum), skulu skýra pósthúsinu á höfnum þeim, er skip hefir viðkomu á, frá ferð þess, hvaða dag og stund það ætli að halda burtu, og skal taka póst til flutnings, ef þess er óskað. Hafi hlutaðeigandi pósthús krafizt þess, að póstflutningur verði fluttur með skipinu, má það ekki fara fyrir þann tíma, sem ákveðinn hefir verið, nema póstflutningurinn sé áður kominn á skip.

c. Í stað orðanna „til pósthússins“ í h-lið komi: á pósthúsinu.

2. Við 10. gr. Orðin „sem afgreidd eru úr íslenzkri flughöfn“ falli burt.
3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Póststjórnin greiðir fyrir flutning sendinga þeirra, er hér um ræðir, sanngjarna borgun, miðað við flutningsgjald á öðrum vörum, þó ekki hærri en 10 aura fyrir hvert kílógramm, nema sérstaklega sé um samið.

4. Við 23. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:

Allar sektir og undandregið burðargjald má innheimta með aðför, og rennur hvorttveggja í póstsjóð.

5. Aftan við 27. gr. komi ný gr., er verður 28. gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 11. des. 1939.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Árni Jónsson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson.

Ed. 428. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám l. nr. 43 7. maí 1928, um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefir nefndin athugað, og er hún sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. des. 1939.

Páll Zóphóníasson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Nd. 429. Lög

um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun.

(Afgreidd frá Nd. 11. des.).

Samhljóða þskj. 289.

Ed. 430. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar hefir fallizt á að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hlutinn, Sigurjón Ólafsson, áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frv.

Alþingi, 11. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., með fyrirvara.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Ed. 431. Breytingartillögur

við frumv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr.

A. 8. tölul. fellur niður, og breytast töluliðir eftir því.
B. Fyrir „62000 kr.“ í 11. tölul. kemur: 70000 kr.
C. 17. tölul. fellur niður.

Ed. 432. Lög

um breyting á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði.

(Afgreidd frá Ed. 12. des.).

Samhljóða þskj. 348.

Nd. 433. Frumvarp til laga

um birtingu efnahagsreikninga.

Flm.: Einar Olgeirsson og Ísleifur Högnason.

1. gr.

Hlutafélög, samvinnufélög, önnur félög, fyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga og einstaklingar, sem reka verzlun, útgerð, iðnað eða aðra atvinnu, eru bókhaldsskyld og skulda bönkum og sjóðum hér á landi samtals 150000 krónur eða meira í árslok, skulu árlega birta efnahagsreikninga sína. Séu reikningar afhentir stjórnarráðinu til birtingar eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsársins. Reikningunum skal fylgja vottorð skattanefndar (í Reykjavík skattstofu) um, að þeir séu í samræmi við skattaframtal.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið annast birtingu efnahagsreikninga samkv. 1. gr. Ráðuneytið ákveður með reglugerð form reikninganna, hvernig þeir eiga að vera sundurliðaðir og annað, sem snertir framkvæmd laga þessara.

Ráðuneytinu er heimilt að krefja þá aðila, sem um getur í 1. gr., um rekstrarreikninga eða einstaka liði úr rekstrarreikningum, til birtingar, ef ástæða þykir til.

3. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að krefjast borgunar fyrir birtingu efnahagsreikninga. Það ákveður söluverð reikninganna, skipar fyrir um, hver stjórnarvöld skuli fá þá ókeypis og hvað gera skuli til að gera almenningi sem auðveldast að kynnast reikningunum.

4. gr.

Ráðuneytið heldur sérstakan reikning yfir árlegar tekjur og gjöld reikningsútgáfunnar. Ef tekjuhalli verður, telst hann með skrifstofukostnaði stjórnarráðsins, en verði tekjuafgangur, telst hann með tekjum ríkissjóðs.

5. gr.

Ráðuneytið getur hvenær sem er krafið banka og sjóði um skýrslu yfir lánveitingar.

6. gr.

Við vanrækslu þeirrar skyldu, að senda reikninga til birtingar, getur stjórnarráðið ákveðið dagsektir, unz úr er bætt. Úrskurði ráðuneytisins um dagsektir verður ekki áfrýjað. Gefi einhver ranga eða villandi skýrslu um efnahag sinn, varðar það sektum frá 100 til 50000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Sektir skal innheimta með aðför.

7. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á þingi 1938 af þeim Skúla Guðmundssyni og Gísla Guðmundssyni. Vísast til greinargerðar þess frumvarps hvað hin einstöku atriði þess snertir.

1938 var frumvarp þetta stöðvað í efri deild, eftir að hafa gengið gegnum neðri deild. Orsökina til þess, að frumvarpið var svæft, má óhætt rekja til andstöðu landsbankastjórnarinnar og bandamanna hennar í þinginu gegn því, að efnahagsreikningar skuldugra fyrirtækja séu birtir.

En það, sem gerir það nauðsynlegt, að frumvarp þetta nú er flutt á ný, er það, sem síðan hefir gerzt. Þeir flokkar í þinginu, sem áður börðust fyrir því, að efnahagsreikningar skuldugra fyrirtækja væru birtir, hafa myndað stjórn með eigendum og erindrekum skuldugustu fyrirtækjanna og lagt hinar þyngstu álögur á þjóðina til að tryggja gróða til handa þessum fyrirtækjum. Jafnframt hefir mikill hluti þessara skuldugu fyrirtækja, sem sé togaraútgerðarfélögin, verið gerður skattfrjáls.

Þjóðin á því meiri heimtingu nú en nokkru sinni fyrr á að fá að fylgjast með efnahag þeirra fyrirtækja, sem þjóðarféð aðallega er lánað til, ekki sízt þar sem meiri hætta er nú en nokkru sinni á, að reynt verði að dylja hana þess sanna í þessu efni, þar sem þrír stærstu þingflokkarnir nú eru orðnir samábyrgir um rekstur skuldugustu fyrirtækjanna.

Ed. 434. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

Frá Magnúsi Jónssyni og Jónasi Jónssyni.

1. Við 21. gr. Aftan við 1. efnismálsgrein 21. gr. bætist: en ráðherra getur falið nefnd þriggja manna, er þrír stærstu þingflokkar tilnefna, að úrskurða í sinn stað.
2. Við 42. gr. Á eftir greininni kemur:

Ákvæði um stundarsakir.

Ráðherra getur heimilað sveitarstjórn að leggja hömlur á rétt manna til að setjast að í sveitarfélagi. Þar, sem heimild þessari hefir verið beitt, skal öllum óheimilt að setjast að, nema sveitarstjórn hafi orðið við umsókn þeirra um það. Þeir, er sveitarstjórn synjar um leyfi til að setjast þar að, geta þó skotið synjuninni til þriggja manna nefndar, sem þrír stærstu þingflokkar tilnefna, og hefir hún þá fullnaðarúrskurðarvald um, hvort leyfi skuli veitt eða ekki.

Nú tekur maður sér heimildarlaust aðsetur í sveitarfélagi, er ákvæði fyrri málsgr. gilda um, og heldur hann þá þeirri framfærslusveit, er hann áður átti, en öðlast ekki framfærslurétt í þeirri sveit, er hann sezt að í, enda er heimilt að flytja hann með lögregluvaldi á vegum framfærslusveitar hans.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, m. a. um tilkynningar um búferlaskipti, umsóknir um leyfi til að setjast að, fresti til úrskurðunar þeirra, málskot, viðurlög gegn þeim, er stuðla að ólögmætum flutningum, og annað, er nauðsynlegt er til að ákvæðin komi að gagni. Í reglugerð skal heimilt að undanþiggja þá, er flytja vilja á vegu framfærsluskyldra vandamanna sinna, sem þess eru umkomnir að framfæra þá.

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til starfsmanna ríkisins.

Fyrirmæli þessi gilda til ársloka 1942.

Ed. 435. Breytingartillögur

við frv. til l. um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands o. fl.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

1. Á eftir 1. gr. frv. bætist ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

   Þar til öðruvísi verður ákveðið skal sú breyting verða á skipun fiskimálanefndar, sbr. l. nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., að í nefndinni skulu vera 3 menn og 3 menn til vara. Ríkisstjórnin skipar þá til þriggja ára í senn, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna. Atvinnumálaráðherra skipar formann nefndarinnar. Þóknun nefndarmanna skal vera 10 kr. fyrir hvern fund, enda taki þeir ekki önnur laun fyrir starfann.
2. Á eftir 7. gr. frv. bætist ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

   Ríkisstjórninni skal heimilt að ráða einn framkvæmdarstjóra yfir allar einkasölur ríkisins. Skal hann skipaður af fjármálaráðherra. Ráðherra setur reglur um ráðningu annara starfsmanna, starfshætti o. þ. h., með það fyrir augum, að sem mestum sparnaði verði við komið í rekstrinum. Laun fastra starfsmanna skulu ákveðin í fjárlögum.

Nd. 436. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 23. júní 1936 [Iðja og iðnaður].

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir yfirfarið frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dyravörðum og öðrum umsjónarmönnum við ríkisstofnanir er og heimilt að vinna algenga iðnaðarvinnu til viðhalds slíkum stofnunum undir eftirliti húsameistara ríkisins.

Alþingi, 12. des. 1939.

Emil Jónsson, form. — Gísli Sveinsson, fundaskr. — Pálmi Hannesson, frsm.

Bjarni Ásgeirsson. — Sigurður Kristjánsson.

Nd. 437. Nefndarálit

um frv. til l. um almennan vinnuskóla ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefir á fundum sínum athugað og rætt frumvarp þetta um almennan vinnuskóla. Einstakir nefndarmenn áskildu sér við flutning málsins rétt til þess að gera brtt. og hafa enn sama fyrirvara, en nefndin öll er sammála um að láta málið koma undir álit og umræðu hv. deildar, hvort sem frv. næði samþykki eða ekki á þingi.

Alþingi, 12. des. 1939.

Bjarni Bjarnason, form., frsm. Pálmi Hannesson, fundaskr. Gísli Sveinsson.
Ásg. Ásgeirsson. Pétur Halldórsson.

Ed. 438. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 431 (Bráðabirgðabreyting nokkurra laga).

Frá Páli Zóphóníassyni.

Á eftir c-lið komi:

til vara: Aftan við 17. tölulið bætist: Þó skal ríkissjóður greiða til ræktunarsjóðs 1% af jarðræktarbréfum þeim, sem eru í eigu annara en Búnaðarbanka Íslands.

Nd. 439. Nefndarálit

um frv. til berklavarnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 13. gr. 1. málsgr. greinarinnar orðist svo:

Ekki má vista barn til fósturs eða langdvalar á heimili, nema borið sé undir héraðslækni (heilsuverndarstöð) og ekki sé ástæða til að ætla, að smitandi berklaveiki sé á heimilinu.

Alþingi, 12. des. 1939.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm. Sveinbjörn Högnason.
Garðar Þorsteinsson. Thor Thors.

Nd. 440. Frumvarp til laga

um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Stofna skal vátryggingarfélag, sem heitir „Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna“, og er hlutverk þess að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenzkum skipum, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefir.

2. gr.

Til tryggingar á skuldbindingum þeim, sem félagið tekur á sig, skal sjá því fyrir áhættufé, sem nemur kr. 600000.00. Ábyrgist ríkissjóður 60% af áhættufénu, eigendur skipa þeirra, sem tryggja skipshafnir sínar frá byrjun hjá félaginu, 10%, en 30% af áhættufénu er lagt fram af þeim innlendum vátryggingarfélögum, sem taka þátt í tryggingunni. Skipaeigendur geta þó síðar hækkað framlög sín, eða nýir bætzt við í félagið með áhættufjárframlag. Áhættufjárframlag má endurgreiða fyrir skip, sem hefir farizt eða er dæmt óbætandi, eða er hætt að þurfa að tryggja skipshöfn sína, að svo miklu leyti, sem ekki þarf að taka til áhættufjárins til greiðslu áfallinna slysabóta. Endurgreiðsla fæst þó ekki, ef ætla má, að tryggingarskyldan falli aðeins niður um stundarsakir. Vátryggingarfélögin þurfa ekki að leggja áhættufé fram, ef þau skuldbinda sig til þess fyrirfram, að taka að sér sinn hluta af hverri einstakri tryggingu, sem stríðstryggingafélagið tekur að sér á eigin áhættu, sbr. 4. gr.

Skilyrði fyrir upptöku nýrra skipa skal setja í reglugerð.

Tryggingarstofnun ríkisins og Brunabótafélagi Íslands er heimilt að taka að sér hluta af vátryggingu skipshafna samkvæmt lögum þessum, ásamt öðrum ábyrgðarfélögum.

Engir þeirra, sem taka þátt í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar umfram hið framlagða áhættufé. Á þetta einnig við tryggingafélög þau, sem taka að sér sinn hluta af hverri einstakri tryggingu.

3. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 mönnum. Tilnefnir ríkisstjórnin einn þeirra, og er hann formaður stjórnarinnar, annar er tilnefndur af eigendum skipa þeirra, sem eru í félaginu, en sá þriðji er tilnefndur af vátryggingafélögum þeim, sem taka þátt í tryggingunni eða hafa lagt félaginu áhættufé. Komi skipaeigendur eða vátryggingafélögin sér ekki saman um tilnefningu manna í stjórnina, skipar ríkisstjórnin þá. Stjórnin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum og ákveður starfstilhögun félagsins. Stjórnin ákveður sjálf laun sín, en þó skulu þau samþykkt af ríkisstjórninni.

4. gr.

Ákveða skal með reglugerð hámark þeirrar dánartryggingar, sem félagið má taka að sér á hverju skipi í einni og sömu ferð. Ef sú upphæð nægir ekki til fyrirskipaðrar eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar, með því að endurtryggja það, enda sé endurtrygging fáanleg hjá öruggu vátryggingarfélagi.

5. gr.

Útgerðarmenn allra íslenzkra skipa, sem samkv. lögum eða samningum eru skyldir til að tryggja skipshafnir sínar gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa, skulu tryggja þessa áhættu sína hjá félaginu, að svo miklu leyti sem félagið getur tekið hana að sér. Ef útgerðarmaður slíks skips hefir ekki verið með skipshöfn þess í tryggingu hjá félaginu og lagt fram áhættufé fyrir það, er félaginu heimilt að taka allt að 20% hærra iðgjald fyrir tryggginguna en ella.

Nú lætur tryggingarskyldur útgerðarmaður farast fyrir að tryggja skipshöfn sína, og skal hún þá eigi að síður talin tryggð, og á stríðstryggingafélagið sömu kröfu á iðgjaldinu og trygging hefði farið fram samkvæmt lögum þessum. Vanræksla útgerðarmanns á því að tryggja skipshöfn sína varðar sektum allt að 100000 krónum, og skal með mál út af slíku broti farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Iðgjöld ákveðast af stjórn félagsins í hvert sinn fyrir ákveðna ferð eða um ákveðinn tíma, eftir áhættunni eins og hún er á hverjum tíma, þegar trygging hefst eða er endurnýjuð, og með hliðsjón af því, hvað samskonar tryggingar kosta erlendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt.

7. gr.

Nú hefir félagið á einhverjum tíma orðið fyrir svo miklu tjóni, að helmingur af áhættufé þess er tapaður, og getur stjórn félagsins þá ákveðið að hækka iðgjöldin, eftir því sem nauðsyn krefur, þangað til jöfnuði er aftur náð.

8. gr.

Tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð, unz hann er orðinn 50% af áhættufé þess samkvæmt 2. gr. Ef tekjur félagsins hrökkva ekki fyrir bótum, skal greiða úr varasjóði það, sem á vantar, áður en áhættufé er skert. Ákveða skal með reglugerð, hvernig verja skuli tekjuafgangi, eftir að varasjóðurinn er orðinn 50% af áhættufénu. Af þeim hluta tekjuafgangs, sem ekki er lagður í varasjóð, skulu tryggingartakar fá að minnsta kosti 50%.

Verði félagið leyst upp, skal skipta nettóeign þeirri, sem eftir kann að verða, þegar eignir þess og skuldbindingar hafa verið gerðar endanlega upp, milli þeirra, sem lagt hafa fram áhættufé samkvæmt 2. gr., og tryggingartaka. Nánari ákvæði um skiptinguna skulu sett í reglugerð. Með reglugerð skal einnig setja ákvæði um ávöxtun innborgaðs áhættufjár og endurgreiðslu þess, einnig við eigendaskipti, kjörtímabil stjórnar og endurskoðun reikninga, ennfremur almennar reglur um vátryggingarskilyrðin, þar á meðal um viðurlög við því að gefa rangar upplýsingar.

9. gr.

Skírteini og önnur skjöl varðandi tryggingar félagsins eru stimpilfrjáls. Ennfremur skal félagið undanþegið sköttum og útsvörum til ríkis og bæjarfélags.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed.

441. Frumvarp til póstlaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI
Umönnun og skil póstsendinga.

1. gr.

Póststjórnin veitir viðtöku til flutnings, umönnunar og skila:

a. *Bréfasendingum* með utanáskrift. Þar til teljast bréf, spjaldbréf, bréfspjöld (einföld og með fyrirframgreiddu svari), verzlunarskjöl, prent, sýnishorn af vöru og blandaðar sendingar (verzlunarskjöl, prent, sýnishorn af vöru eða tvennt af þessum tegundum í sömu umbúðum). Bréf, verzlunarskjöl og prent mega vega allt að 2000 g, sýnishorn af vöru allt að 500 g og blandaðar sendingar allt að 2000 g, ef ekki er í þeim sýnishorn af vöru, annars 500 g. Prentað mál með upphleyptu letri fyrir blinda menn má vega allt að 7000 g hver sending.
b. *Bögglum* með áletraðri utanáskrift.
c. *Skrásettum bréfapóstsendingum.* Öll þau bréf skulu vera skrásett, sem gjaldgeng mynt er lögð í, handhafaskuldabréf eða aðrar skuldajátningar, sem eru nýtar handhafa, án þess að verðupphæð sé tilgreind. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, sbr. 22. gr.
d. *Bréfapóstsendingum og bögglum með tilgreindu verði* með áletraðri utanáskrift. Tilgreint verð má ekki vera hærra en sannvirði innihaldsins. Fullt verð sendingar þarf ekki að tilgreina, nema beðizt sé talningar, þegar sendingin er látin á póst.
e. *Póstávísunum.*
f. *Póstkröfum* á bréfapóstsendingum og bögglum.
g. *Póstinnheimtum.*
h. *Blöðum og tímaritum,* sem menn skrifa sig fyrir. Til blaða og tímarita skal telja sérhvert blað eða rit, sem prentað er eða margfaldað, þegar það á að koma út einu sinni eða oftar á ári í heftum, sem hafa sameiginlegan titil og hvert fyrir sig vegur ekki yfir 500 g.

Póststjórnin setur með reglugerð (sbr. 26. gr.) ákvæði um nánari skilyrði fyrir því, að sendingar þær, sem taldar eru undir liðunum a—h, séu teknar til póstflutnings, meðal annars um stærð sendinganna, þyngd böggla, hámarksupphæð póstávísana, póstkrafna og póstinnheimtusendinga, svo og gerð eyðublaða og notkun.

2. gr.

Fyrir utan þau störf, sem nefnd eru í 1. gr., hefir póststjórnin heimild til að taka að sér önnur störf, sem samrýmanleg eru ætlunarverki hennar, og gera ákvarðanir, svo sem:

a. Að ákveða, hve langt frá pósthúsinu staðartaxti megi gilda.
   Þó getur staðartaxti eigi gilt fyrir lengri veg en 7 kílometra frá pósthúsi, nema innansveitar sé, og venjulega aðeins fyrir umdæmi hvers einstaks pósthúss, eða fyrir sendingar, sem eigi eru fluttar með pósti út úr pósthúsinu sjálfu. Staðartaxti má þó gilda um póstflutning milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.
b. Að ákveða, hvort útburður póstsendinga skuli framkvæmdur á kostnað póstsjóðs á vissum svæðum.
c. Útburð póstsendinga með hraðboða.
d. Blaðaáskriftir, sendingu útgefandaprents og póstáritun blaða og tímarita.
e. Útgáfu ferðapóstávísana.

f. Pósttékka- og póstfærslu-starfsemi (póstgiro).
g. Staðfestingu á innihaldi póstsendinga.
h. Vátryggingu fram yfir áritað verð.
i. Útgáfu skilríkisspjalda.
j. Útbýtingu á utanáskriftarlausum sendingum.
k. Flutning á farþegum og póstbögglum með bifreiðum.
l. Að ákveða aukagjald fyrir flutning póstsendinga loftleiðis.
m. Innheimtu á opinberum gjöldum, svo sem tollum og afnotagjöldum útvarps.
n. Sölu greiðslumerkja.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara starfa, svo og gjaldskrá fyrir þau, setur póststjórnin með reglugerð (sbr. 26. gr.).

3. gr.

Með póstum má ekki flytja:

a. Hluti, sem bannað er að dreifa út, eða hluti, sem að ytra útliti bera með sér eitthvað ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi.
b. Hluti, sem hætta er búin af að flytja, svo sem hluti, er auðveldlega getur kviknað í við núning, loftaðstreymi, þrýsting eða á annan hátt, sprenghætta og ætandi hluti, og hluti, sem sýkingarhætta getur stafað af, svo og daunilla hluti og hluti, sem sérstakir erfiðleikar eru á að flytja vegna þyngdar, lögunar eða ófullnægjandi umbúnaðar. Póststjórninni skal þó heimilt að veita undanþágu fyrir slíka hluti, ef komið er í veg fyrir hættu eða óhagræði af flutningi þeirra eins og frekast er unnt, með sérstökum ráðstöfunum, og ástæður að öðru leyti mæla með flutningnum.
c. Hluti þá til útlanda, sem bannaður er flutningur á samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, eða sérsamningum við önnur ríki.

Leiki grunur á, að sendingu beri að útiloka frá póstflutningi, getur póststjórnin krafizt þess, að sendingin sé opnuð í viðurvist póstmanns af sendanda eða viðtakanda, ef svo ber undir. Sé kröfunni ekki sinnt, má póststjórnin neita sendingunni viðtöku eða, sé hún komin í hennar vörzlur, fara með hana eins og sendingu, sem eigi verður komið til skila.

Sé þagað um innihald þesskonar sendinga eða rangt frá skýrt, á póststjórnin heimting á bótum frá sendanda fyrir skaða þann, sem kann að hljótast af flutningi sendinganna, auk þess sem sendandi skal látinn sæta sektum samkv. 22. gr., nema þyngri refsing liggi við.

4. gr.

Umönnun og skil póstsendinga, sem getið er um í 1. grein, nær til flutnings þeirra milli pósthúsa, til að safna þeim saman úr bréfakössum, láta þær í pósthólf, gera aðvart um þær og að bera þær út til viðtakenda á þeim stöðum, þar sem slíkum útburði er komið á (sbr. 2. gr. b.).

II. KAFLI

Einkaréttur póststjórnarinnar, þagnarskylda póstmanna, póstleynd m. m.

5. gr.

Póststjórnin hefir, með þeim undantekningum, sem nefndar verða í þessari grein, einkarétt til flutnings innanlands og til útlanda á:

1. Lokuðum bréfum, hvert sem innihald þeirra kann að vera.
2. Öðrum lokuðum sendingum, er fullnægja skilyrðum til þess að vera veitt viðtaka í póst, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prent útfyllt með skrift.

3. Spjöldum með rituðum orðsendingum eða prentuðum og útfylltum með skrift.
   Slíkar sendingar, sem koma frá útlöndum og eiga að fara til viðtakenda í landinu eða flytjast áfram í transít yfir íslenzkt póstsvæði eða með íslenzku póstskipi, skulu þegar í stað afhentar póststjórninni.
4. Í bæjum, þar sem komið hefir verið á daglegum útburði póstbréfa, má enginn reka það sem atvinnu, að safna saman, flytja eða bera út bréfapóstsendingar, sem nefndar eru í 1. gr. a., c. og d.

Póstar, fylgdarmenn eða samferðamenn þeirra, yfirmenn, starfsmenn, skipverjar eða farþegar á póstskipum, vagnstjórar eða farþegar á sérleyfisbifreiðum og bifreiðum, sem hafa undanþágu frá sérleyfi, mega ekki flytja sjálfir eða hafa meðferðis utan pósttösku sendingar, sem nefndar eru í 1. gr. a. c. og d.

Þó eru þessar undanþágur:

a. Þegar sendingarnar eru frímerktar samkvæmt töxtum póststjórnarinnar og frímerkin síðan gerð ógild þannig, að póststjórnin verður ekki fyrir neinum tekjumissi, þótt sendingarnar séu sendar utan pósts.
b. Þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða fyrir mann, sem hann er háður.
c. Útgerðarmenn póstskipa, póstvagna og annara sérleyfisbifreiða og bifreiða með undanþágu frá sérleyfi mega nota þessi flutningatæki sín til þess að flytja bréf og peningasendingar í þágu útgerðarinnar einnar milli stjórnenda og starfsmanna og starfsmanna sín á milli.

Öllum óviðkomandi er óheimilt að nota merki póst- og símamálastjórnarinnar, póstlúður með stjörnu og örvum í gegn og með kórónu yfir.

Sömuleiðis er einstaklingum og stofnunum óheimilt að hengja upp á almannafæri kassa, er að lit, lögun og gerð eru áberandi líkir bréfakössum póststjórnarinnar.

6. gr.

a. Enginn, sem er í þjónustu póststjórnarinnar, má gefa nokkrum óviðkomandi manni neina vísbendingu um það, hvernig aðrir noti póstinn, né heldur veita neinum tækifæri til þess að útvega sér slíka vitneskju. Eigi má heldur neitt af því, sem látið er á póst til flutnings, opna né lesa af óviðkomandi mönnum. Þagnarskylda hvílir áfram á viðkomanda, þótt hann fari úr þjónustunni.
b. Sendingar, sem ekki verður komið til skila, má póststjórnin opna eingöngu í því skyni að komast eftir, hver sendandi sé, svo auðið sé að afhenda honum sendinguna. Skal þetta gert samkvæmt reglum, er póststjórnin setur. Póststjórninni er og heimilt að leyfa opnun sendinga á fyllilega tryggan hátt í öðrum tilfellum, þegar það er nauðsynlegt vegna flutnings þeirra eða til þess að rannsaka og koma í veg fyrir skemmdir, sem sending kann að verða fyrir í pósti.
c. Vald það, sem dómendum og lögreglustjórum er veitt að lögum til þess að krefjast í sérstökum tilfellum upplýsinga um notkun póstsins, opna póstsendingar til annara m. m., má eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar veita öðrum hliðstæðum yfirvöldum, einkum tollyfirvöldum, þegar nauðsynlegt þykir til framkvæmda á ákvæðum gildandi laga um eftirlit með inn- og útflutningi.

III. KAFLI

Um póstferðir og póstflutning.

7. gr.

Póststjórnin skal sjá um, að póstflutningur komist reglulega áfram, annaðhvort með þeim fargögnum, sem hún á sjálf, eða með öðrum farkosti, eftir því, sem hentast þykir, miðað við stærð og gildi sendinganna.

8. gr.

a. Hver sá, sem heldur uppi reglubundnum fólksflutningum á landi með sérleyfi eða sérstöku leyfi, er skyldur til, er þess er krafizt, að flytja póst milli endastöðvanna og póststöðvanna á leiðinni.
b. Póstflutninginn skal geyma á óhultum stað, þar sem óviðkomandi menn komast ekki að, og er útgerðarmanni eða félagi skylt að sjá um, að póstflutningnum sé skilað á rétta staði á réttum tíma.
c. Samkvæmt hinni almennu löggjöf um skaðabótaskyldu ber útgerðarmaður eða félag ábyrgð gagnvart póststjórninni á póstflutningnum, á meðan hann er í vörzlum hans.

9. gr.

a. Hvert skip, sem er íslenzk eign, eða skip, sem menn, búsettir hér á landi, hafa á leigu, er skyldugt til, þegar það er afgreitt frá höfn í útlöndum til Íslands, að láta pósthús þar á staðnum vita um för sína og taka bréfa- og blaðapóst til flutnings, ef þess er óskað.

Útgerðarmenn og skipstjóri bera ábyrgð á að þessu sé hlýtt.

b. Hvert skip, sem fer frá höfn á Íslandi til útlendra eða innlendra hafna, er skyldugt að taka til flutnings bréfa- og blaðapóst, ef þess er krafizt.
c. Sé skip í reglubundnum flutningaferðum, er það skyldugt til þess að taka til flutnings allskonar póstsendingar, og skal póststjórninni heimilt að hengja upp í skipum þessum læsta póstbréfakassa, þar sem hentugast þykir, og krefjast þess, að fyrir verðbréfa- og bögglapóst sé haldið auðu plássi allt að 3 teningsmetrum.
d. Útgerðarmenn, útgerðarfélög og skipstjórar skipa, sem starfrækja reglubundnar flutningaferðir, skulu skyldir til í tæka tíð að senda póststjórninni áætlun um ferðir skipa sinna, svo og tilkynna henni tafarlaust allar þær breytingar, sem kunna að verða á áætluninni síðar.
e. Útgerðarmenn, skipstjórar og afgreiðslumenn skipa þeirra, er sigla úr íslenzkri höfn eða milli íslenzkra hafna og eigi eru í áætlunarferðum (reglubundnum flutningaferðum), skulu skýra pósthúsinu á höfnum þeim, er skip hefir viðkomu á, frá ferð þess, hvaða dag og stund það ætli að halda burtu, og skal taka póst til flutnings, ef þess er óskað. Hafi hlutaðeigandi pósthús krafizt þess, að póstflutningur verði fluttur með skipinu, má það ekki fara fyrir þann tíma, sem ákveðinn hefir verið, nema póstflutningurinn sé áður kominn á skip.
f. Póstflutninginn skal geyma á óhultum stað, þar sem óviðkomandi menn komast ekki að honum. Verði skip fyrir áföllum eða strandi, ber skipstjóra og skipshöfn að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til bjargar póstflutningnum og koma honum áleiðis til næsta pósthúss.
g. Neyðist skipstjóri til þess að leita annarar hafnar en þeirrar, er ferðinni var heitið til, skal hann tilkynna pósthúsinu á staðnum, eða ef ekkert pósthús er, lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, að hann hafi póstflutning meðferðis, og fara eftir ráðstöfunum þeim, sem þá kunna að verða gerðar og honum verður frá skýrt.
h. Þegar skipstjóri kemur á ákvörðunarstað, skilar hann tafarlaust póstflutningi og bréfakössum á pósthúsinu á staðnum.
i. Samkvæmt hinni almennu löggjöf um skaðabótaskyldu ber útgerðarmaður eða útgerðarfélag ábyrgð gagnvart póststjórninni á póstflutningnum frá því við honum er tekið til útskipunar og þar til hlutaðeigandi pósthús hefir tekið við honum gegn kvittun án athugasemda.

10. gr.

Loftför eru skyldug til, eftir áskorun póststjórnarinnar, að taka til flutnings bréfa- og blaðapóst, eftir því sem rúm og burðarmagn leyfir.

11. gr.

Verði landpóstar eða fargögn þau, sem póstur er fluttur með, fyrir slysum á leiðinni, eða þurfi þeir af öðrum ástæðum aðstoðar við til að halda áfram ferð sinni, skal hver og einn skyldur til þess þegar í stað, gegn sanngjarnri borgun, að veita alla þá hjálp og aðstoð, sem hann getur í té látið.

Skyldir eru menn að víkja úr vegi fyrir póstlest eða póstbifreiðum, þegar merki er gefið í hæfilegri fjarlægð.

12. gr.

Póststjórnin greiðir fyrir flutning sendinga þeirra, er hér um ræðir, sanngjarna borgun, miðað við flutningsgjald á öðrum vörum, þó ekki hærri en 10 aura fyrir hvert kílógramm, nema sérstaklega sé um samið.

IV. KAFLI

Um burðargjöld og aðrar póstgreiðslur.

13. gr.

Ráðherra sá, er með póstmál fer, ákveður í gjaldskrá, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, ríkisburðargjaldið fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 1. gr. a—h.

Staðartaxta, burðargjald fyrir innansveitar- og innanbæjarsendingar, ákveður póststjórnin, sbr. 2. gr. a., svo og aukagjald, er taka skal fyrir verðsendingar og böggla, sem eigi hafa farið úr vörzlu póststjórnarinnar, en eiga að sendast lengri veg en utanáskrift segir, eða endursendast til upprunastaðar. Fyrir áfram- eða endursendingu annara sendinga en verðsendinga og böggla skal ekki greiða aukagjald. Fyrir bréf, sem eftir utanáskriftinni eiga aðeins að fara um svæði, sem staðartaxti gildir um, skal þó greiða viðbótargjald, ef bréfið á að fara út fyrir það svæði, og nemur viðbótargjaldið mismun burðargjaldanna, ef bréfið er fullfrímerkt fyrir staðartaxta. Sé slíkt bréf vanfrímerkt eða ófrímerkt, reiknast burðargjaldið samkvæmt ríkistaxta.

Burðargjöld þau, sem ákveðin eru samkvæmt þessari grein, skulu greidd fyrirfram fyrir: skrásett bréf, bréf með tilgreindu verði, böggla, póstávísanir, póstkröfur, móttökukvittanir, prent, sýnishorn af vörum, verzlunarskjöl, blindraprent, blöð og tímarit samkvæmt h-lið 1. gr., bréfspjöld og bréf, sem eru opin, eða utan á þau ritað, svo að móttakandi getur ráðið af því, hvað þau hafi inni að halda, sendingar til konungs og konungsættingja, sendingar til stjórnarvalda og sveitar- eða bæjarstjórna, að undanskildum almennum bréfum, sem eru frá öðrum en þessum aðilum, þegar þau eru aðeins umbeðnar eða krafðar skýrslur eða umsagnir og sendandi hefir með eiginhandar undirskrift vottað það á sendingunni.

Sendendur eru skyldir til að greiða eftir á bæði burðargjald, sem af vangá kann að hafa láðst að krefja um, þegar sendingin er póstlögð, svo og burðargjald fyrir þær sendingar, sem eigi eru leystar út af viðtakendum, ef póststjórnin krefst þess.

Samkvæmt samningi við póststjórnina geta viðtakendur fengið sendar til sín óborgaðar bréfasendingar, og sendingar, sem annars eiga að vera fullborgaðar fyrirfram, gegn því að borga undir þær einfalt burðargjald. Póststjórnin getur, þegar svo ber undir, heimtað tryggingu fyrir greiðslu burðargjaldsins.

14. gr.

Gjaldfrjálsar innan hins íslenzka póstsvæðis skulu vera allar þær sendingar, sem samkvæmt alþjóðasamningum eru frígengar í alþjóðapóstþjónustunni. Ennfremur allar póst- og símaembættissendingar innan póst- og símastofnunarinnar.

Að öðru leyti er engin undantekning frá burðargjaldsskyldu.

Til þess að borga undir sendingar, sem ríkissjóður endurgreiðir burðargjaldið fyrir eftir reikningi, má nota þjónustufrímerki. Nánari reglur um þetta, svo og um reikningsskilin, skal setja í reglugerð þeirri, sem um getur í 26. gr.

15. gr.

Fyrir störf þau, sem nefnd eru hér á eftir, skal sendandi greiða gjöld, sem póststjórnin ákveður:

fyrir að leggja til lakk til innsiglis á sendingu,
fyrir að setja á merki, sem þörf er á,
fyrir að búa um peningabréf (þar með talið lakk til innsiglis),
fyrir að skrifa utan á sendingu,
fyrir að fylla út fylgibréf eða póstávísun.

Ennfremur er póststjórninni heimilt að ákveða og taka gjöld fyrir að annast, eftir beiðni viðtakanda, leiðréttingu á utanáskrift sendinga til þeirra, er þeir t. d. hafa bústaðaskipti um stundarsakir (í sumardvöl eða fríum), og fyrir að geyma böggla fram yfir tilsettan tíma.

16. gr.

Pósthúsin skulu láta sendendum ókeypis í té kvittanir fyrir skrásettum sendingum, sendingum með tilgreindu verði, póstávísunum, póstinnheimtubréfum, sendingum með þjónustufrímerkjum, og fyrir blöðum og tímaritum samkvæmt h-lið 1. greinar.

Kvittanir skulu látnar í té annaðhvort í póstkvittunarbækur, sem póststjórnin býr til og eiga að vera til sölu á pósthúsunum fyrir ákveðið verð, sem póststjórnin setur, eða á eyðublöð, sem póststjórnin gefur út.

Sé kvittað í póstkvittunarbók, ber sendanda sjálfum að færa sendingarnar inn í hana í rétta dálka. Einnig má krefjast þess af sendanda, að hann fylli sjálfur út kvittanaeyðublað eins og texti þess segir til um.

Séu margar sendingar frá sama sendanda til sama viðtakanda settar á póst samtímis, má póstmaður setja þær allar á sömu kvittun.

Fyrir almenn bréf og aðrar sendingar, sem ekki eru skrásettar eða engin ábyrgð er á, verða eigi heimtaðar kvittanir.

17. gr.

Burðargjald greiðist fyrirfram með því að nota gildandi frímerki, þar í talin álímd og áprentuð almenn frímerki og þjónustufrímerki og ástimplanir frímerkjavéla, sem póststjórnin löggildir.

Burðargjald fyrir blöð og tímarit samkvæmt 1. gr. h. skal greiða í peningum.

Sendendum ber sjálfum að frímerkja sendingar sínar.

Póststjórninni er heimilt að búa til eða láta búa til frímerki, spjaldbréf, bréfspjöld, umslög og því um líkt, með áprentuðum frímerkjum með þeim verðupphæðum, sem hún álítur haganlegt, og skulu þau vera til sölu á öllum pósthúsum.

Ennfremur er póststjórninni heimilt að láta prenta frímerki á umslög og bréfspjöld, sem búin eru til af einkafyrirtækjum, svo og að stimpla sendingar með frímerkjastimplum fyrir burðargjaldinu eða öðrum stimplum, er sýni, að það sé greitt.

Póststjórnin lætur búa til eyðublöð undir póstávísanir, póstkröfur, póstinnheimtur, fylgibréf, póstkvittanabækur m. m., og tiltekur verðið á þeim.

Fyrir bréfspjöld og önnur eyðublöð með áprentuðum frímerkjum er póststjórninni heimilt að bæta við hæfilegu álagi fyrir kostnaði.

Fyrir sölu á frímerkjum og eyðublöðum með áprentuðum frímerkjum greiðast samkvæmt reglum, er póststjórnin setur, 4 af hundraði.

Eyðublöð, sem keypt eru, verða ásamt frímerkjunum fyrir burðargjaldi

sendingarinnar eign póststjórnarinnar um leið og þeim er skilað til flutnings, og eiga sendandi og viðtakandi aðeins rétt á að fá afklippingana við þessi eyðublöð.

Öllum er óheimilt að nota í öðrum viðskiptum en póstviðskiptum eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út og selur.

V. KAFLI
Afhending póstsendinga.

18. gr.

Sendandi hefir ráðstöfunarrétt yfir sendingu þeirri, sem hann hefir látið á póst, þangað til henni er skilað til viðtakanda, og getur hann þangað til krafizt þess, að hún sé endursend, afhent öðrum en þeim, sem utanáskriftin segir til um, eða ráðstafað henni á annan hátt.

19. gr.

a. Póstsendingar skal afhenda þeim, sem utanáskriftin segir til um, eða þeim, er viðtakandi hefir gefið umboð til þess að taka við sendingunni.

Um afhendingu póstsendinga til ópersónulegra viðtakenda, svo sem firma, hlutafélaga, stofnana o. s. frv., setur póststjórnin nánari fyrirmæli.

Fyrir afhendingu skrásettra sendinga, sendinga með tilgreindu verði, svo og fyrir útborgaðar póstávísanir, póstkröfu- og póstinnheimtuávísanir, skal póststjórnin krefjast löggildrar kvittunar.

b. Þessar sendingar má afhenda öðrum en þeim, er utanáskriftin segir til um:
   1. Sendingar frá eða til manna, sem eru í fangelsi, skal afhenda eftir því, sem reglugerð fangelsisins mælir fyrir, eða til rannsóknardómarans.
   2. Sendingar, sem dómarar eða lögreglustjórar eða önnur yfirvöld, er með sérstökum lögum hafa öðlazt slíkt vald, úrskurða að skuli afhentar sér, skal afhenda samkvæmt úrskurðunum.
   3. Sendingar til manna, sem eiga bú sín undir skiptum, má afhenda skiptaráðendum, að undanteknum almennum bréfum, sem eru áritуð „einkabréf“ eða á annan hátt bera með sér, að þau séu einkabréf.
   4. Sendingar til ómyndugra má afhenda þeim, sem að lögum hafa foreldra- eða fjárhaldsrétt yfir þeim.
   5. Um sendingar þær, sem ekki skal afhenda gegn kvittun, setur póststjórnin nánari reglur um, hvernig megi afhenda þær öðrum en viðtakanda og á hvaða hátt, t. d. láta þær í bréfakassa.
   6. Póststjórnin setur einnig reglur um afhendingu sendinga, sem kvittun á að taka fyrir, þegar ekki næst til viðtakanda sjálfs til að gefa kvittunina, vegna einangrunar eða sóttnæmi.

c. Sendingar til manna, sem látnir eru, skal afhenda þeim, er búin hafa til meðferðar, nema sendandi með sérstakri ráðstöfun eða áritun á sendinguna, t. d. „persónulega“, hafi tilkynnt, að sendingin skuli endursendast.

VI. KAFLI
Um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar.

20. gr.

Glatist skrásett bréf í vörzlum póststjórnarinnar, skal greiða sendanda allt að 60 kr. í skaðabætur.

Sé innihaldið glatað að nokkru eða öllu leyti og fullnægt hefir verið nánari skilyrðum, sem póststjórnin setur, má greiða skaðabætur, er samsvari tjóninu. Skaðabæturnar mega þó aldrei fara fram úr 60 krónum.

Glatist bréf með tilgreindu verði eða innihald þess að nokkru eða öllu leyti, meðan það er í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin skaðann, þó ekki fram yfir það, sem tilgreint var á bréfinu. Hafi innihaldið verið verðskjöl, sem hægt er að ógilda, getur póststjórnin sett það skilyrði fyrir skaðabótagreiðslu, að eignarrétturinn að samsvarandi upphæð verðskjalanna sé framseldur henni.

Komist það upp, að verð póstsendingar sé í sviksamlegum tilgangi talið hærra en það er í raun og veru, skal engar skaðabætur greiða.

Þegar póstávísanir, póstkröfur og póstinnheimtur hafa verið borgaðar póstmanni eftir settum reglum, ber póststjórnin ábyrgð á upphæðum þeirra, og hafi þær verið útborgaðar skökkum viðtakendum og póstmaður eigi sök á því, skal bæta fjárhæðina að fullu samkvæmt reglum þeim, sem gefnar verða í reglugerð þeirri, sem getur um í 26. gr.

Hafi póstkröfusendingin glatazt eða skaddazt, eða þá innihaldið glatazt allt eða eitthvað af því í vörzlum póststjórnarinnar, er eigi hægt að heimta upphæð póstkröfunnar, en skaðabæturnar verða að ákveðast eftir reglum þeim, sem settar eru í þessari grein um þá tegund sendinga, sem hún telst til.

Sé póstkröfusending afhent viðtakanda án þess að póstkrafan hafi verið innheimt, hefir sendandi rétt til að heimta, að póstkröfuupphæðin sé borguð sér af póststjórninni.

Týnist böggulsending eða skemmist eða glatist eitthvað af innihaldi hennar, meðan hún er í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin sendanda skaðann, þó ekki fram yfir 1 kr. fyrir hvert ½ kílógramm af þyngd sendingarinnar með umbúðum. En hafi verð verið tilgreint, má heimta skaðabætur eins og fyrr er sagt um bréf með tilgreindu verði.

Sé sending týnd með öllu, skal og borga aftur burðargjald það, sem greitt hefir verið.

Sendingar eru í vörzlum póststjórnarinnar frá því að þeim er veitt viðtaka á pósthúsinu og þar til þær eru afhentar eftir því sem utanáskriftin segir, eða sé staður sá, sem sendingin á að fara til, fyrir utan póstsvæði Íslands, þá þangað til hún er afhent hlutaðeigandi póststjórn erlendis til frekari fyrirgreiðslu. Glatist póstsending eða skemmist á erlendu póstsvæði, er póststjórninni skylt að bæta sendanda skaðann eftir því sem alþjóðasamningar segja, eða sérsamningar þeir, sem gerðir hafa verið við hlutaðeigandi land.

Skaðabætur greiðast ekki:

a. Þegar skaðinn kemur eingöngu af eðli þess, sem sent er, eða orsakast af illum umbúðum.
b. Þegar sending hefir eigi skaddazt að utan á umbúðum eða innsigli, svo að því verði kennt um, að sendingin sjálf hafi skemmzt eða aflagazt; þó skal bæta þann skaða, sem verður á peningum og verðbréfum, hvort sem umbúðir eða innsigli eru ósköddud eða ekki, ef það fé var talið á pósthúsinu, þegar því var skilað þar.
c. Þegar skaðinn stafar af óviðráðanlegum atburðum, hernaði eða borgarastyrjöld (vis major).

Ráðherra getur gert undantekning frá þessu ákvæði með reglugerð.

Bætur þær, sem póststjórnin á að gjalda, eftir því sem nú er sagt, ná aðeins til verðs þess hlutar, sem glatazt hefir, eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemmdu munir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi eða peningaverðfall eða yfir höfuð neinar óbeinar afleiðingar skaðans, og skal eigi skylt að greiða bæturnar fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá því að póststjórnin fékk tilkynningu um vanskilin.

Bæturnar greiðast viðtakanda, þegar hann tekur við sendingunni, annars sendanda.

Póststjórnin er ekki skyldug til að greiða skaðabætur fyrir týndar sendingar eða peningaupphæðir, sem ekki er hægt að sýna póstkvittun fyrir, nema

það komi í ljós af bókum póststjórnarinnar eða sannist á annan óyggjandi hátt, að sendingin hafi verið látin á póst.

Fyrir aðrar sendingar en þær, sem taldar eru í þessari grein, skal engar skaðabætur greiða.

21. gr.

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur burtu, ef þeirra er eigi krafizt hjá póststjórninni eða pósthúsi innan árs frá því, er sendingin var látin á póstinn eða peningaupphæðin innborguð.

VII. KAFLI

Um brot gegn póstlögunum.

22. gr.

Brot gegn ákvæðum 3., 5., 8., 9., 10. og 11. greinar varða sektum frá 5 til 500 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Fyrir brot á 5. gr., um einkarétt póststjórnarinnar, skal auk sekta greiða venjulegt burðargjald fyrir hverja sendingu, sem flutt hefir verið ólöglega.

Þegar ákveða skal sekt á hendur sendanda, kemur mjög til greina, hvort hann sjálfur eða sá, sem flutti sendinguna, er í þjónustu póststjórnarinnar.

Valdi misferli af hálfu þeirra, sem annast póstflutninga á landi eða sjó, póststjórninni ábyrgðar til skaðabóta, skal hlutaðeigandi auk sektarinnar endurgjalda henni skaðabætur þær, sem hún á að inna af hendi.

Embættismenn eða sýslunarmenn, sem baka ríkissjóði meiri útgjöld fyrir burðargjald en þeim ber, skulu sæta 5 til 500 kr. sektum.

Fyrir brot gegn ákvæðum 1. greinar c skal greiða sekt, er sé fimmtungur af verði því, er leynt er, þó ekki yfir 20 krónur.

23. gr.

Póststjórnin ákveður sektir samkvæmt 22. gr., nema hún æski þess, að dómur gangi um málið án úrskurðar af hennar hálfu.

Fyrir brot á ákvæðum 5. greinar má ákveða sektina eftir atvikum á hendur sendanda eða þeim, sem flutt hefir sendinguna, eða þeim báðum.

Ef maður vill eigi una sekt, er póststjórnin hefir úrskurðað honum að greiða, getur hann krafizt innan hálfs mánaðar frá því að honum var birtur úrskurðurinn, að málið gangi til dómstólanna, og skal þá fara með það að hætti opinberra mála.

Póststjórninni er heimilt, ef ástæður mæla með, í einstökum tilfellum, að færa ofangreindar sektir niður eða gefa þær upp með öllu.

Ofangreindar sektir má fimmfalda þegar miklar sakir eru, auk þess sem póststjórninni er heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá póstsambandi um óákveðinn tíma, þannig að hvorki séu fluttar til þeirra póstsendingar eða frá þeim meðan sá tími stendur yfir.

Á sama hátt skal og póststjórninni heimilt að svipta menn póstsambandi, er gera sig seka í megnum vanskilum gagnvart henni.

Allar sektir og undandregið burðargjald má innheimta með aðför, og rennur hvorttveggja í póstsjóð.

VIII. KAFLI

Ýmisleg ákvæði.

24. gr.

Póstsendingar þær, sem eigi er hægt að skila viðtakanda né endursenda sendanda, skal selja póstsjóði í hag, og setur póstmálaráðherra um það nánari fyrir-

mæli. Segi réttur eigandi til sín innan 3 mánaða, eftir að salan hefir farið fram, fær hann andvirðið vaxtalaust að frádregnum kostnaði.

Þegar greiða skal sekt, burðargjald eða skaðabætur út af einhverjum hlut, sem er í vörzlum póststjórnarinnar, er henni heimilt að halda honum eftir, eða því, sem hann hefir inni að halda, unz borgað er, og verði eigi borgað, að ráða með öllu yfir hlutnum, eða því, sem hann hefir inni að halda.

25. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera undanþágur frá ákvæðum þessara laga um innanríkissendingar, ef ákvæði um slíka undanþágu er tekið upp í alþjóðapóstsamninga eða sérsamninga, sem Ísland hefir undirskrifað.

26. gr.

Reglugerðir um framkvæmd á lögum þessum setur póststjórnin eftir þörfum.

27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin póstlög, nr. 5 7. maí 1921, og seinni lagaákvæði í sambandi við þau í lögum nr. 3 27. marz 1925, nr. 29 23. júní 1932 og nr. 89 26. apríl 1935, og ennfremur sérhver önnur ákvæði, sem koma í bága við reglur þær, sem settar eru í þessum lögum og ekki byggjast á samningi, sem Ísland er aðili að.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 442. Lög

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 13. des.).

Samhljóða þskj. 319.

Ed. 443. Nefndarálit

um frv. til laga um héraðsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndarmenn eru allir á einu máli um það, að frv. gangi fram. Tveir nefndarmenn (ÁJ og SÁÓ) munu bera fram breytingartillögur um einstök atriði. ÁJ mun leggja til, að ákvæði 13. gr. frv. um að ríkið leggi fram ¾ af stofnkostnaði héraðsskóla breytist í það horf, sem nú er, að ríkið leggi fram helming stofnkostnaðar.

Alþingi, 13. des. 1939.

Jónas Jónsson,	Árni Jónsson,	Sigurjón Á. Ólafsson,
form., frsm.	fundaskr., með fyrirvara.	með fyrirvara.

Ed. 444. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. gr. frv. skal orða þannig:
2. málsgr. 56. gr. laganna hljóði svo:

Lögfræðingar þeir, sem stunda málflutning fyrir héraðsdómi í Reykjavík sjálfstætt eða sem fulltrúar hæstaréttarmálflutningsmanna, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu þó hafa rétt til að flytja þar mál áfram fyrst um sinn, en lokið skulu þeir hafa rauninni fyrir árslok 1940.

Nd. 445. Breytingartillögur

við frv. til almennra hegningarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 108. gr. Í stað orðanna í síðari málsgr. „er refsiverð" komi: varðar sektum.
2. Við 236. gr. Niðurlag 2. málsgr. orðist svo: þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.
3. Við 237. gr. Greinin orðist svo:
   Ef maður bregður manni brigzlum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt.

Nd. 446. Breytingartillögur

við frv. til laga um jöfnunarsjóð aflahluta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Af óskiptum afla hvers íslenzks veiðiskips, sem hefir hlutarráðningu (þ. e. skipshöfnin tekur kaup sitt í hlutdeild í afla), skal í lok hverrar vertíðar greiða 1% af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi, eftir að sameiginlegur kostnaður hefir verið dreginn frá. Útgerðarmaður stendur skil á gjaldinu, og skoðast það sem geymslufé eftir að skipti hafa farið fram. Fé þetta innheimta hreppstjórar og bæjarfógetar, hver í sínu umdæmi, og hefir gjaldið lögtaksrétt. Rennur það óskipt í sjóð, er nefnist jöfnunarsjóður aflahluta, og skal það sent sjóðsstjórninni að loknum skiptum eftir hverja vertíð.
2. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:
   Skip, sem gerð eru út í sama kaupstað eða sama hreppi, mynda sérstaka deild í jöfnunarsjóði, og skal halda fjárreiðum hverrar deildar aðskildum. Deildir þessar geta, með sérstökum samþykktum, ákveðið hærri iðgjöld en þau almennu og aflað sérsjóðum sínum annara tekna. Framlag ríkissjóðs til þeirra miðast þó alltaf við 1% af afla samkv. ákvæðum 1. og 2. gr.
3. Við 6. gr. Greinin fellur niður.
   Greinatala breytist samkv. atkvgr.

Nd. 447. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 446 [Jöfnunarsjóður aflahluta].

Frá Skúla Guðmundssyni og Bergi Jónssyni.

1. Við 1. brtt. Tillgr. orðist þannig:
   Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Í bæjar- eða sveitarfélagi, þar sem útgerð skipa er rekin á hlutaskiptagrundvelli (þ. e. skipshöfnin tekur kaup sitt í hluta af afla), skal stofna jöfnunarsjóð aflahluta, ef meiri hluti þeirra manna eða fyrirtækja, sem gera út skip með hlutarráðningu á þeim stað, og meiri hluti sjómanna á þeim skipum gera samþykkt þar um.
   Nú hefir jöfnunarsjóður aflahluta verið stofnaður, og skal þá greiða til sjóðsins 1% af óskiptum afla hvers íslenzks veiðiskips, sem gert er út með hlutarráðningu í viðkomandi kaupstað eða hreppi, miðað við verðmæti aflans í óverkuðu ástandi, eftir að sameiginlegur kostnaður hefir verið dreginn frá. Útgerðarmaður stendur skil á gjaldinu, og skoðast það sem geymslufé eftir að skipti hafa farið fram. Fé þetta innheimtir bæjarfógeti eða hreppstjóri, og hefir gjaldið lögtaksrétt. Gjaldið skal sent sjóðsstjórninni að loknum skiptum eftir hverja vertíð.
2. Við 2. brtt. Tillgr. orðist þannig:
   Á eftir 2. gr. kemur ný grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:
   Þeir útgerðarmenn og sjómenn, sem geta stofnað jöfnunarsjóð aflahluta samkvæmt 1. gr., geta með sérstökum samþykktum ákveðið hærra iðgjald til sjóðsins en það, sem ákveðið er í 1. gr., og aflað sjóðnum annara tekna. Framlag ríkissjóðs til sjóðsins miðast þó alltaf við 1% af afla samkv. ákvæðum 1. gr., sbr. 2. gr.

Nd. 448. Nefndarálit

um frv. til laga um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 2. gr.

a. Við 4. kafla 2 (maltöl). Fyrir „15“ kemur: 10.
b. Við 4. kafla 3 (annað öl). Fyrir „30“ kemur: 20.

Alþingi, 14. des. 1939.

Sveinbjörn Högnason, form. — Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr. — Sigurður Kristjánsson, frsm.

St. Stefánsson. — Steingr. Steinþórsson.

Sþ. 449. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til sparnaðar í launagreiðslum hins opinbera.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta endurskoða launalöggjöf landsins, í því skyni að lækka hálaun og draga úr óþörfum launagreiðslum, og sé sú regla upp tekin, að hámark árslauna sé 8000 krónur. Skal ríkisstjórnin leggja tillögur sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi.
2. Að láta gera nákvæma skýrslu um allar launagreiðslur hins opinbera og á grundvelli þeirra athugana að draga úr útgjöldum fjárlaganna, með afnámi óþarfra launaðra embætta og starfa og með því að láta allar óþarfar greiðslur niður falla.

Greinargerð.

Tillögur þessar þurfa ekki langra skýringa við. Allir tala nú um, að ástandið sé þannig, að nauðsyn beri til þess að grípa til gagngerðra sparnaðarráðstafana, meira að segja verði ekki hjá því komizt að draga stórlega úr útgjöldum, sem ekki orkar tvímælis um, að telja verður til allra óhjákvæmilegustu útgjalda ríkisins, ekki sízt á þessum tímum. T. d. hafa komið tillögur um að draga stórlega úr útgjöldum til opinberra framkvæmda, og hafa sumar þeirra verið samþykktar, enda þótt atvinnuleysi sé eins og það hefir mest verið og yfir vofi, að það aukist stórum, samtímis því, sem stöðugt fækkar úrræðum alþýðu manna til þess að geta framfleytt lífinu. — En hvað sem líður réttmæti þess, að nauðsyn beri til að draga úr útgjöldum ríkissjóðs venju fremur, þá er það víst, að öll alþýða til sjávar og sveita vill hafa ódýra ríkisstjórn, og er sammála um, að ef þarf að spara, þá á að byrja á því að draga úr hálaunum, „bitlingum", aukagreiðslum og allskonar óþörfum greiðslum, en hitt þykir alveg furðulegt, að ráðamenn þjóðarinnar skuli fyrst láta sér detta í hug að draga úr atvinnu og framkvæmdum af hálfu hins opinbera, en hirði ekkert um hitt, þótt hundruðum þúsunda af útgjöldum ríkisins sé varið til óþarfrar eyðslu.

Samkvæmt tillögum milliþinganefndar í launamálum 1934 var hægt að spara yfir 700 þúsund krónur. Litinn vafa teljum við á því, að við samvizkusamlega athugun myndi koma í ljós, að nú væri hægt að spara mun meira.

Nd. 450. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 frá 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er framkvæmdanefnd að fyrirskipa, samkvæmt óskum sveitarstjórnar eða upprekstrarfélags, breyting á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til heftingar útbreiðslu veikinnar.

Breytingar þessar skulu bornar undir stjórnir nærliggjandi sveitar- eða upprekstrarfélaga áður en þær eru fyrirskipaðar.

Breytingar þessar teljast ekki brot á fjallskilareglugerðum.

2. gr.

Aftan við síðari málsgr. 18. gr. laganna bætist: Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að fella niður tíu aura gjaldið í þeim hreppum, sem garnaveikin (Johnesveikin) hefir valdið tjóni.

3. gr.

a. Í stað orðanna „í árslok 1937“ í 1. tölul. 19. gr. laganna komi: í ársbyrjun árið áður en styrkurinn er veittur.
b. Í stað orðanna „Til sýslu- og hreppavega“ í upphafi 2. tölul. sömu lagagr. komi: Til vega.
c. Aftan við sömu lagagrein bætist:

Nú hefir mæðiveiki gengið í einhverju héraði og er komin á það stig, að ráðlegt telst að dómi framkvæmdanefndar, að fjárstofninum sé komið upp að nýju, og er henni þá heimilt, af fjárframlögum þeim, sem ákveðin eru í fjárlögum samkvæmt 2. og 4. lið í grein þessari, að styrkja þá fjáreigendur á mæðiveikisvæðunum, sem misst hafa fé sitt af völdum veikinnar, til þess að koma sér upp nýjum fjárstofni.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar, reglur þær, sem uppeldisstyrk þessum er úthlutað eftir.

Greinargerð.

Breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum nr. 45 frá 27. maí 1938, eru þessar:

1) Reynt að tryggja það, að ekki verði árekstur á milli samliggjandi sveitarstjórna eða upprekstrarfélaga vegna breytinga, sem gerðar kunna að verða á smölun og *réttum, sem lögin heimila*, að gerðar verði frá því, sem ákveðið er í viðkomandi fjallskilareglugerðum, með því að taka nærliggjandi hreppstjórnir eða stjórnir upprekstrarfélaga til ráðuneytis um breytingarnar.
2) Allsterkar kröfur hafa borizt frá þeim sveitarfélögum, þar sem garnaveikin hefir valdið tjóni, að þau verði leyst undan 10 aura gjaldi því, sem lögin ákveða á fjáreigendur utan mæðiveikisvæðanna til styrktar vörnunum. Nefndin sá ekki annað fært en að verða við kröfum þessum.
3) a. Skilyrði fyrir því, að bændur geti fengið vaxtatillag samkvæmt lögunum, er, að þeir hafi sannað skuldir sínar fyrir skattanefnd í árslok 1937. Ákvæði þetta var réttmætt þegar það var sett, en er nú orðið úrelt, sökum þess að það útilokar frá styrknum marga af þeim mönnum, er á síðari árum hafa misst fé sitt úr veikinni og ber því styrkur þessi jafnt og öðrum, sem lögin nú ná til.

b. Ákvæðinu um, að vegafé því, sem veitt er samkvæmt lögunum, skuli einungis varið til sýslu- og hreppavega, er breytt þannig, að heimilt skuli einnig að verja því til þjóðvega, þar sem það þykir af einhverjum ástæðum bezt henta.

c. Síðasta og veigamesta breytingin er sú, að ákveðið er að veita framkvæmdanefnd heimild til að breyta styrk þeim, sem lögin ákveða og veittur er í fjárlögum, í uppeldisstyrk á sauðfé í þeim héruðum, þar sem álitið er, að veikin hafi að mestu „rasað út“ og rétt telst að vinna að því að koma stofninum upp að nýju. Er það vitanlega það, sem stefna ber að — og eina færa leiðin til að tryggja áframhaldandi og lífvænlegan landbúnað í mörgum af sveitum þessum, ef það mætti takast. Framkvæmdanefnd hefir og þegar með samþykki ráðherra byrjað nokkuð á starfi þessu, en þar sem telja má hæpið, að til þess sé fullkomin heimild í lögunum eins og þau eru nú, telur landbúnaðarnefnd rétt og sjálfsagt að veita hana nú þegar skýrt og tvímælalaust.

Nánar í framsögu.

Ed. 451. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar allt árið. Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði.

2. gr.

Í 8. gr. laganna, á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta", bætist: lengd dráttarlína.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 452. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. Á eftir 2. málslið bætist við nýr málsliður: Þó er atvinnumálaráðherra heimilt, er sérstaklega stendur á, að veita þessum skipum leyfi til þessara veiða frá 1. sept. til ársloka.

Ed. 453. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1937.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1939.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Ed. 454. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á l. nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn.

Frá Ingvari Pálmasyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

6. gr. laga nr. 92 19. júní 1933 hljóði svo:

Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglu-

mönnum, og greiðir þá ríkissjóður allan þann kostnað, sem leiðir af auknigunni, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur ⅓ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.

2. Við 3. gr. Síðari málsgr. b-liðs (9. gr.) orðist þannig: Hann ákveður og, hver skuli vera einkenni og útbúnaður lögreglumanna.

Nd. 455. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

6. gr. laga nr. 92 19. júní 1933 hljóði svo:

Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá ríkissjóður allan þann kostnað, sem leiðir af aukningunni, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur ⅓ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.

2. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna hljóði svo:

Varalögreglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur. Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna koma 4 nýjar greinar, sem verða 8.—11. gr., svo hljóðandi:

a. (8. gr.). Er ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við lögreglulið bæjar samkvæmt 2. eða 6. gr. laga þessara, er lögreglulið þess bæjar, fast lið og varalið, skylt til að gegna löggæzlustörfum hvar á landinu sem er, ef sérstaklega stendur á og dómsmálaráðherra mælir svo fyrir, og ákveður hann þá, hver skuli stjórna liðinu, þegar það er sent úr einu lögsagnarumdæmi í annað.

Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á staðnum, sem liðið er flutt frá.

b. (9. gr.). Ráðherra er heimilt að efna til námskeiðs í Reykjavík fyrir lögreglumenn.

Hann ákveður og, hver skuli vera einkenni og útbúnaður lögreglumanna.

c. (10. gr.). Í sveitum landsins og kauptúnum, þar sem lögreglulið er ekki starfandi, getur ráðherra löggilt sérstaka menn til þess, undir stjórn lögreglustjóra eða hreppstjóra, að halda uppi reglu á mannfundum og samkomum innan héraða. Heimilt er að efna til námskeiðs fyrir þessa menn.

d. (11. gr.). Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann setur og reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

4. gr.

8. gr. laganna, sem verður 12. gr., hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Ríkisstjórnin skal fella meginmál laga þessara inn í lög nr. 92 frá 19. júní 1933 og gefa þau svo út sem lög um lögreglumenn.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Ed. 456. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni, Einari Árnasyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „allt árið“ í lok 2. málsl. komi: frá 1. júní til 20. september ár hvert.

Ed. 457. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu á hálfum Víðidal inn af Langavatnsdal.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta hefir nefndin athugað, og er hún sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1939.

Páll Zóphóníasson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Ed. 458. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1939.

Páll Zóphóníasson, form.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 459. Breytingartillaga

við frv. til laga um héraðsskóla.

Frá Árna Jónssyni.

Við 13. gr. Fyrir orðin „að ¾“ komi: að hálfu — og fyrir orðin „að ¼ hluta“ komi: að hálfu.

Nd. 460. Nefndarálit

um frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Á fyrri hluta þings fóru fjárhagsnefndir beggja deilda yfir frv. lið fyrir lið. Nefndirnar hafa og haft náið samstarf við milliþinganefndina í skatta- og tollamálum, sem samdi frv. Ýmsar breytingartillögur, sem nefndirnar voru allar sammála um, hafa þegar verið samþykktar í efri deild. Þær breytingartill., sem nú eru gerðar við frv., eru flestar frá milliþinganefndinni og allar gerðar í samráði við hana, og skal gerð grein fyrir þeim á þessa leið:

Um brtt. við 1. gr.

1. tillaga. Vísast til greinargerðar við nr. 2.

2. tillaga. Oxyd þessi eru talin nauðsynleg til þess að hægt sé að nota síldarlýsi til málningarframleiðslu. — Efni þau, sem talin eru í nr. 16—21, eru hliðstæð fyrrnefndum efnum og þykir því rétt, samræmis vegna, að lækka verðtoll á þeim.

3. tillaga. Hr. lyfjafræðingur Kristinn Stefánsson hefir, samkvæmt beiðni milliþinganefndarinnar, gert skrá, sem lögð verður til grundvallar verðtollsundanþágunni. Er hún samin þannig, að undir hana falli aðeins nauðsynlegustu lyf og lyfjaefni, að svo miklu leyti, sem þau eingöngu eða að mestu leyti eru notuð sem lyf og verða greind frá efnivörum til iðnaðar. Þau lyf eða lyfjaefni, sem fyrst og fremst eða jafnframt eru notuð sem efnivörur til iðnaðar, falla þá að sjálfsögðu undir önnur tollskrárnúmer, þar sem þau eiga heima samkvæmt eðli sínu.

4. tillaga. Þungspat er notað á sama hátt sem krít við málningarframleiðslu, þ. e. sem fyllingarefni, og þar af leiðandi rétt, að á því sé sami tollur.

5. tillaga. Vefnaður hefir verið talinn segldúkur, þótt hann væri impregneraður og litaður. Með niðurfellingunni er ætlazt til, að þetta haldist óbreytt.

6. tillaga. Hækkun til samræmis við aðra muni úr vefnaðarvöru.

7. tillaga. Þessi skófatnaður er ekki framleiddur hér á landi, en er hinsvegar mikið notaður af þeim, sem vinna framleiðslustörfin til lands og sjávar.

8. tillaga. Lækkun til samræmis við nr. 30 í 72. kafla.

9. tillaga. Sett til frekari skýringar á liðnum.

Um brtt. við 2. gr., stafl. m.

Rétt þykir að hafa tollívilnun til þeirra fyrirtækja, er hér eiga hlut að máli, í undanþáguformi, fremur en að lækka eða fella niður tollinn á viðkomandi tollskrárliðum, þar sem undir suma þá liði, er til greina kæmu, fellur ýmislegt annað, sem ekki er ástæða til að ívilna í tolli sérstaklega.

Um brtt. við 3. gr., stafl. c.

Til þess að verjast tjóni af völdum kartöflusýkinnar þarf að sprauta kartöflurnar með Bordeauxvökva; efnið í hann þarf að flytja inn. Þar sem nauðsynlegt er að útbreiða notkun þessa varnarlyfs, er rétt að hafa þessi efni tollfrjáls. — Nautgriparæktunarfélögin gera fiturannsóknir á mjólk og þurfa að nota til þess svonefndan Höjbergsvökva. Sanngjarnt virðist, að hann sé tollfrjáls.

Um brtt. við 18. gr.

Meðan enski samningurinn er í gildi verða raunverulega ekki tolluð, eftir nr. 17 í 48. kafla, önnur efni en þau, sem notuð eru nú til vinnufatagerðar, svo og nokkur efni úr baðmull til húfugerðar. Lækkun sú, sem snertir 35. lið 50. kafla, nær aðeins til efnis í regnkápur, sem hér eru búnar til, en samskonar erlendar kápur eru nú tollaðar samkvæmt enska samningnum með 18 aura vörumagnstolli pr. kg. og 15% verðtolli.

Um brtt. um ákvæði um stundarsakir.

a. Svo sem kunnugt er, kemur tollskráin til að gera talsverðar breytingar á núgildandi tollakerfi. Enda þótt með ákvæðum tollskrárfrumvarpsins sé reynt að létta undir með innlendri iðnaðarframleiðslu, eins og fært þykir, er hugsanlegt, að í frumvarpinu leyndust einhver þau ákvæði, þar sem ákveðið sé tiltölulega hærra aðflutningsgjald á efnivöru til iðnaðarframleiðslu en á tilsvarandi erlendri aðfluttri fullunninni iðnaðarvöru. Með bráðabirgðaákvæði þessu er ætlazt til, að opnuð sé leið fyrir fjármálaráðuneytið til að bæta úr þessu. Ákvæði þetta á þó aðeins að gilda til næstu þingloka. Innan þess tíma á Alþingi að geta verið búið að bæta úr nefndum hugsanlegum ágöllum, ef því þykir ástæða til.

b. Eins og að framan segir, kemur tollskráin til að gera talsverðar breytingar á núgildandi tollakerfi, en afleiðing af því verður sú, að töluverðan undirbúning þarf til að samlaga þessar breytingar öllu fyrirkomulagi í tollheimtunni og útbúa til afnota fyrir tollstarfsmenn og tollgreiðendur aðgengileg gögn, t. d. stafrófsskrá yfir tollskrána, til afnota við tollafgreiðslur og tollskýrslugerðir. Upphaflega var ætlazt til, að tollskráin kæmi til framkvæmda við næstu áramót, en þar eð tollskrárfrumvarpið verður tæplega afgreitt frá Alþingi fyrr en um áramótin og fyrr liggja ekki fyrir niðurstöður um meðferð einstakra ákvæða, getur svo borið undir, að framangreindum undirbúningi verði ekki lokið. Með bráðabirgðaákvæði þessu er ætlazt til, að fjármálaráðherra geti, þar til undirbúningi þessum í janúarmánuði næstkomandi er lokið, látið innheimta sömu aðflutningsgjöld og nú eru innheimt.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

I. Við 1. gr. BREYTINGUM:

	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. Nr. 16—21 í 28. kafla orðist svo:			
16 — ammoniakupplausn	1 kg.	7	8
17 — magnesíumoxyd og hydroxyd	—	7	8
18 — bariumoxyd og hydroxyd	—	7	8
19 — aluminíumoxyd og hydroxyd	—	7	8
20 — manganoxyd og hydroxyd	—	7	8
21 — blýoxyd, nema menja og blýhvíta	—	7	8
2. Á eftir nr. 21 í 28. kafla komi 3 ný númer, svo hljóðandi:			
22 — koboltoxyd og hydroxyd	1 kg.	7	8
23 — koparoxyd og hydroxyd	—	7	8
24 — kvikasilfuroxyd	—	7	8
3. 28. kafli nr. 54 orðist svo:			
Lyf:			
54 — nauðsynlegustu lyf samkvæmt skrá, staðfestri af fjármálaráðherra	1 kg.	7	
55 — önnur	—	7	8
4. 30. kafli nr. 9 orðist svo:			
9 Þungspat, malað eða þvegið	1 kg.	1	8
5. Orðin „ólitaður og óimpregneraður“ í niðurlagi aths. við 48. kafla falli niður.			
6. 52. kafli nr. 39 orðist svo:			
39 Bakpokar, fatapokar, vaðsekkir, ferðatöskur, kistur, hattaöskjur, hylki um hljóðfæri, skotfæri, skotvopn, fiskistengur o. þ. h. vörur ót. a.	1 kg.	7	50
7. 54. kafli nr. 6 orðist svo:			
6 — — stígvél	—	20	8
8. 72. kafli nr. 31 orðist svo:			
31 Kúlu- og keflalegur	1 kg.	2	2
9. 73. kafli nr. 18 orðist svo:			
18 — jarðstrengur (kabel) og sæstrengur	1 kg.	7	10

II. Við 2. gr. Í stað orðanna „Til ársloka 1940“ í stafl. m. komi: Til ársloka 1943.
III. Við 3. gr. Staflið c. skal orða svo:
c. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af sýrum til votheysgerðar, efnum til varnar gegn kartöflusýki og Höjbergsvökva til fiturannsókna á mjólk, sem áburðareinkasala ríkisins flytur inn.
IV. Við 18. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
Meðan samningur sá, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, er í gildi, skulu vörur þær, sem taldar eru í 17. lið 48. kafla tollskrárinnar, og vefnaðarvara, sem fellur undir 35. lið 50. kafla skrárinnar og yfirdregin er með kátsjúk eða öðru þesskonar efni, tollast með 20 aura vörumagnstolli og 15% verðtolli.
V. Aftan við frumv. komi svo hljóðandi

ákvæði um stundarsakir:

a. Frá gildistöku laga þessara og til loka næsta reglulegs Alþingis skal fjármálaráðuneytinu heimilt að endurgreiða iðnaðarmanni eða iðjurekanda aðflutningsgjald eða hluta aðflutningsgjalds af efnivöru, sem hann á fullnægjandi hátt sannar fyrir ráðuneytinu, að hann hafi notað til iðnaðarframleiðslu sinnar, og hann sannar á sama hátt að beri hærra aðflutningsgjald að tiltölu en tilsvarandi unnin iðnaðarvara af erlendum uppruna, sem flutt er hingað til lands.
b. Fjármálaráðherra skal heimilt að láta innheimta aðflutningsgjöld í janúarmánuði 1940 á sama hátt og eftir sömu lögum og reglum og þau gjöld voru innheimt eftir á árinu 1939.

Alþingi, 15. des. 1939.

Sveinbj. Högnason, form. Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr., frsm. Sigurður Kristjánsson.
Steingr. Steinþórsson. Stefán Stefánsson.

Nd. 461. Nefndarálit

um frv. til l. um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.
Einn nefndarmanna (EmJ) var ekki á fundi þegar frv. var afgreitt.

Alþingi, 14. des. 1939.

Bjarni Ásgeirsson, form. Steingr. Steinþórsson, fundaskr., frsm. Pétur Ottesen.
Jón Pálmason.

Nd. 462. Frumvarp til berklavarnalaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 146, með þessari breytingu:
1. málsgr. 13. gr. hljóðar svo:
Ekki má vista barn til fósturs eða langdvalar á heimili, nema borið sé undir héraðslækni (heilsuverndarstöð) og ekki sé ástæða til að ætla, að smitandi berklaveiki sé á heimilinu.

Ed. 463. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Håkonsen, Gustav Ragnar, vélstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Hammer, Sigvard Antoni Andreason, verkamaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
3. Haraldsen, Gottfred, húsgagnabólstrari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
4. Kaaber, Ludvig Emil, bankastjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
5. Lüders, Georg Oluf Emil Liedarzick, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
6. Sövik, Oskar, rafveitustjóri á Blönduósi, fæddur í Noregi.

Nd. 464. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 105 23. júní 1936 [Iðja og iðnaður].

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dyravörðum og öðrum umsjónarmönnum við ríkisstofnanir er og heimilt að vinna algenga iðnaðarvinnu til viðhalds slíkum stofnunum undir eftirliti húsameistara ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 465. Frumvarp til almennra hegningarlaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 43, með þessum breytingum:

108. gr. hljóðar svo:

Hver, sem hefir í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt.

236. gr. hljóðar svo:

Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

237. gr. hljóðar svo:

Ef maður bregður manni brigzlum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt.

Ed. 466. Breytingartillaga

við frv. til laga um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

Frá allsherjarnefnd.

Við 42. gr. Á eftir greininni komi

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin skal, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, skipa þriggja manna nefnd, er hafi með höndum framkvæmdir og ráðstafanir til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, undir yfirstjórn ráðherra.

Nefndin skal gera tillögur um og hafa með höndum, eftir nánari fyrirmælum ráðherra:

1. Ráðstöfun á fé því, sem veitt er í fjárlögum til framleiðslubóta og atvinnuaukningar í erfiðu árferði. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um, hversu miklu fé bæjar- og sveitarfélög skuli verja af sinni hálfu á móti ríkissjóðsframlagi til framleiðslubóta og atvinnuaukningar í bæjar- eða sveitarfélaginu. Fé þessu skal einkum varið til garðræktar, hagnýtingar fiskúrgangs til áburðar, þaratekju, framræslu lands, fyrirhleðslu, lendingarbóta, eldiviðarvinnslu, smíði smábáta, byggingu húsa úr innlendu efni, svo sem vikri og torfi, vegagerða og annara hagnýtra framkvæmda og til þess að stuðla að því, að atvinnulausu fólki sé komið til starfa við framleiðsluvinnu.
2. Framkvæmdir og ráðstafanir í framfærslumálum í samráði við eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna.

   Skal nefndin einkum hafa eftirlit með framkvæmdum bæjar- og sveitarfélaga í framfærslu- og fátækramálum, og þá alveg sérstaklega vaka yfir því, að sveitar- og bæjarstjórnir notfæri sér alla möguleika til þess að koma mönnum til starfs í stað þess að veita þeim framfæri án vinnu, allt í samræmi við nánari fyrirmæli laga þessara.

   Ráðherra er heimilt að fela nefnd þessari að gera þær ráðstafanir í þessu skyni, sem sveitar- og bæjarfélögum er heimilað að gera samkvæmt lögum þessum.

   Rétt er ráðherra að fela nefnd þessari vald til fullnaðarúrskurða um ágreiningsmál, er ræðir um í 21. gr. laga þessara.

Ráðherra ákveður laun nefndarinnar og lætur henni í té nauðsynlega aðstoð við skrifstofustörf. Búnaðarfélag Íslands skal veita nefndinni hjálp við útvegun vinnu í sveitum landsins.

Ed. 467. Nefndarálit

um frv. til laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allýtarlega og haft til hliðsjónar, meðal annars, umsögn lagadeildar Háskóla Íslands um frv. Getur nefndin fallizt á, að nauðsyn sé á breyttri skipan þeirra mála, er frv. fjallar um, vegna hins öra vaxtar Reykjavíkur og þar af leiðandi stórum aukinna starfa við þessi embætti. Sérstaklega virðist meðferð lögreglu- og sakamála hér í bænum orðin svo umsvifamikið starf, að það sé fullkomið verk fyrir einn mann, þó hann hafi ekki öðrum störfum að gegna.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að ákjósanlegt hefði verið, að ákæruvaldið og dómsvaldið hefði verið aðskilið um leið og ný skipting embættanna fór fram, á líkan hátt

og gert er ráð fyrir í frv. um meðferð opinberra mála, er nú liggur fyrir Alþingi. En þar sem óvíst er, hvenær það frv. nær fram að ganga, meðal annars vegna hins mikla kostnaðar fyrir ríkissjóð, sem framkvæmd þess, ef að lögum yrði, hefir í för með sér, þykir ekki ráðlegt að fresta þeim umbótum lengur, sem í frv. felast. Fyrir því hefir nefndin orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, er hér greinir og varða skiptingu á störfum milli embættanna.

Þannig virðist eðlilegt, að meðferð barnsfaðernismála verði falin sakadómara, því að enda þótt mál þessi séu í eðli sínu einkamál, fer rannsókn þeirra fram mjög að hætti opinberra mála. Einnig sýnist rétt, að sami embættismaður, sem á að fara með og dæma slík mál, hafi einnig með höndum uppkvaðningu meðlagsúrskurða.

Samkv. frv. er tollstjóra ætlað að hafa með höndum skrásetningu skipa, en þar sem lögmaður annast þinglestur allra eigna- og veðskjala varðandi skip, þykir hagkvæmara, að sami embættismaður hafi afgreiðslu hvorstveggja, og er því lagt til, að lögmanni verði falin skrásetning skipa eftirleiðis.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðunum „önnur en" komi: barnsfaðernismál og.
   b. Á eftir orðunum „setu í óskiptu búi" komi: mælingu og skrásetningu skipa.
   c. Orðin „og uppkvaðning meðlagsúrskurða" falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Sakadómari fer með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhússins.
3. Við 5. gr. Orðin „mælingu og skráningu skipa" falli niður.

Alþingi, 15. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Gíslason, frsm.

Ed. 468. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 15. des. 1939.

Páll Hermannsson, form.	Árni Jónsson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.

Ed. 469. Lög

um mótak.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.).

Samhljóða þskj. 360.

Nd. 470. Lög

um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.).

Samhljóða þskj. 328.

Ed. 471. Frumvarp til laga

um brúasjóð.

Flm.: Páll Hermannsson, Ingvar Pálmason, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Innheimta skal eins eyris aðflutningsgjald af hverjum benzínlítra, sem til landsins er fluttur, umfram aðflutningsgjald það af benzíni, sem nú er innheimt.

Um innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu ákvæði og um innheimtu aðflutningsgjalds af benzíni samkv. lögum nr. 84 6. júlí 1932, sbr. lög nr. 34 19. júní 1933 og reglugerð nr. 75 4. júlí 1933.

2. gr.

Aðflutningsgjald það, sem innheimt er samkvæmt lögum þessum, skal lagt í sérstakan sjóð undir umsjón ríkisstjórnarinnar, og skulu reikningsskil sjóðsins fylgja ríkisreikningi og endurskoðast með honum.

Sjóður þessi nefnist brúasjóður.

3. gr.

Úr brúasjóði skal veita fé í fjárlögum til brúargerða, og sé fjárveitingum úr honum fyrir komið í sérstakri grein fjárlaga. Fé úr sjóðnum sé eingöngu veitt til brúargerða, er hafa svo mikinn kostnað í för með sér, að ókleift teljist að veita fé til þeirra af venjulegum tekjum ríkissjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1936 var byggð brú yfir Skjálfandafljót, er kostaði rúmar 100 þús. krónur. Síðan hefir ekki þótt fært að ráðast í svo kostnaðarsöm brúasmíði. Ekki er líklegt, að stórbrýr verði reistar hér meðan Evrópustríðið geisar, bæði vegna þess, að nægilegt annað verkefni verður fyrir fé ríkissjóðs, og af hinu, að byggingarefni verður óefað rándýrt. Enginn veit, hvenær stríðinu lýkur, og eigi heldur hitt, hvernig til hagar um þess háttar framkvæmdir fyrstu árin á eftir. En komið gæti það fyrir, að heill tugur ára yrði á milli þess, að stærri vatnsföll væru brúuð.

Þetta er of langur tími, þegar þess er gætt, hversu mörg stórvötn eru enn óbrúuð, sum er skera sundur akfæra þjóðvegi, svo sem Jökulsá á Fjöllum, en önnur blómlegar og fjölbyggðar sveitir.

Á árunum 1933—1936 voru brýr byggðar og vegir lagðir fyrir innlent lánsfé, er ríkissjóður hefir síðan afborgað. Þá þótti sýnt, að árleg geta ríkissjóðs nægði ekki fyrir nauðsynlegustu framkvæmdum af þessu tægi, og yrði því að hrinda þeim áfram með lánsfé og jafna kostnaðinum á fleiri ár, með því að borga lán þessi niður smám saman. Sá stóri galli er á þessari aðferð, að með henni er etinn upp fyrirfram nokkur hluti af árlegu vega- og brúafé ríkissjóðs.

Í frv. þessu er lagt til, að farin verði sú leið, að draga saman nokkra fjárupphæð árlega, er svo yrði tiltæk þegar fært þætti að hefjast handa á ný, að stríðinu loknu, um smíði stærri brúa.

Gera má ráð fyrir, að eins eyris viðbótartollur á hvern lítra af innfluttu benzíni mundi nema 70—80 þúsundum króna árlega.

Nánar í framsögu.

Nd. 472. Nefndarálit

um frv. til laga um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. 11. tölul. Liðurinn orðist svo:
   11) eftirlit með matvælum og öðrum neyzluvörum (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, reglugerð nr. 17 22. febr. 1939 og aðrar reglugerðir samkvæmt þeim lögum). Hér undir heyra meðal annars mjólkurstöðvar, mjólkursölustaðir, brauðgerðarhús, fisksala, sláturhús, kjötbúðir o. s. frv. Skal sérstaklega kveðið á um verksvið heilbrigðisnefndar til fullnægingar ákvæðum nefndra laga og reglugerða.
2. Við sömu gr. 19. tölul. Liðurinn orðist svo:
   19) starfsreglur fyrir heilbrigðisfulltrúa.
3. Við 6. gr. Í stað „eftir tillögum heilbrigðisnefndar“ komi: að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar.

Alþingi, 13. des. 1939.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr., frsm. Sveinbjörn Högnason.
Garðar Þorsteinsson. Thor Thors.

Nd. 473. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 23. júní 1936 [Iðja og iðnaður].

Frá Pálma Hannessyni.

Við 1. gr. Fyrir „til viðhalds slíkum stofnunum“ kemur: til viðhalds húsum og munum slíkra stofnana.

Nd. 474. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr., a-lið 1. mgr. Á eftir orðunum „fyrir hvern mánuð“ orðist niðurlag málsgreinarinnar svo: að undanskildum júní- og desembermánuði, upphæð, er nægi til fullnaðargreiðslu á útsvarinu á 7 mánuðum, miðað við jafnar greiðslur mánaðarlega.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   3. málsgr. 29. gr. laganna fellur úr gildi hinn 1. október 1940.

Ed. 475. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 9. gr. Greinin falli niður.
2. Við 21. gr. 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
   Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær að dómi læknis, er skyldur að fara í viðunanlega vist eða í atvinnu, jafnt utan sem innan framfærsluhéraðs hans, sem sveitarstjórn útvegar og honum er ekki um megn og greidd er með venjulegu kaupgjaldi á þeim stað eða sem verkalýðsfélag á staðnum hefir ákveðið, meðan hann er ekki fær um án framfærslustyrks að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Taka ber tillit til fjölskyldustærðar og tekjuþarfar styrkþurfa, þá horfið er að slíkri ráðstöfun.

Ed. 476. Breytingartillaga

við frv. til l. um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 31. gr. Upphaf meginmálsgreinarinnar orðist þannig:
Nú hefir styrkþega verið ráðstafað o. s. frv.

Ed. 477. Breytingartillögur

við breytingartill. á þingskj. 466 [Framfærslulög].

Frá Ingvari Pálmasyni.

1. Framan við meginmál tillögunnar komi: I.
2. Á eftir meginmáli tillögunnar komi nýr liður (II.), svo hljóðandi:
   Heimilt er ráðherra að ákveða, að árin 1940 megi verja allt að 100 þúsund krónum af tekjum jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga til þess að greiða fram úr fjárhagsvandræðum illa stæðra bæjarfélaga, hreppsfélaga og læknishéraða, og ákveður ráðherra hverju sinni, hvernig hjálp þeirri skuli hagað og hversu mikil hún skuli vera til bæjarfélags, hreppsfélags eða læknishéraðs, sem slíkrar hjálpar er þörf.

Ed. 478. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 105 23. júní 1936 [Iðja og iðnaður].

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dyravörðum og öðrum umsjónarmönnum við ríkisstofnanir er og heimilt að vinna algenga iðnaðarvinnu til viðhalds húsum og munum slíkra stofnana, undir eftirliti húsameistara ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 479. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar allt árið. Þó er atvinnumálaráðherra heimilt, er sérstaklega stendur á, að veita þessum skipum leyfi til þessara veiða frá 1. sept. til ársloka. Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði.

2. gr.

Í 8. gr. laganna, á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta" bætist: lengd dráttarlína.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 480. Nefndarálit

um frv. til laga um eyðingu svartbaks og hrafns.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Undirritaður meiri hl. nefndarinnar leggur með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. (GÞ og SvbH) munu skila sérstöku nál.

Alþingi, 15. des. 1939.

Bergur Jónsson, form., frsm.	Vilm. Jónsson, fundaskr.	Thor Thors.

Nd. 481. Nefndarálit

um frv. til laga um eyðingu svartbaks og hrafns.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Við höfum ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum okkar um samþykkt frumvarps þess, sem hér liggur fyrir. Við lítum svo á, að fé hins opinbera sé betur varið, á þessum tímum, til annars en þess að eyða fuglalífi landsins og veita stórfé til verðlauna í því skyni.

Þá hyggjum vér, að mörgum búanda yrði það ærið hættulegt, og máske kostnaðarsamt, að bera skylda til, samkv. ákvæðum 4. gr., að eyða eggjum viðkomandi fuglategunda, að viðlögðum 50—300 kr. sektum fyrir hvert brot.

Önnur ákvæði eru einnig varhugaverð og mun verða bent á þau í framsögu.

Alþingi, 15. des. 1939.

Sveinbjörn Högnason, frsm.	Garðar Þorsteinsson.

Nd. 482. Frumvarp til laga

um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Enginn má reka tilbúning á vörutegund, sem gjald ber af að greiða samkvæmt lögum þessum, nema hann hafi áður fengið til þess leyfisbréf hjá tollyfirvaldi, þar sem framleiðslan fer fram.

Fyrir leyfisbréfið skal gjalda 100 kr. til bæjar- eða sveitarsjóðs.

Fjármálaráðuneytinu skal heimilt að setja um það ákvæði í reglugerð, hvaða skilyrðum skuli fullnægja áður en slíkt leyfisbréf megi látá í té.

2. gr.

Af vörum, sem búnar eru til hér á landi og taldar eru í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða innlent tollvörugjald eftir því, sem segir í skránni.

1. kafli.

Sykurvörur og lakkrís.

Gjaldskrár nr.	Vörutegund	Gjaldeining	Vörumagnsgjald Aurar
1	Marzipan, sykrað	1 kg	210
2	Brjóstsykur	—	210
3	Munngúm (tyggigúmmí)	—	210
4	Töggur (karamellur)	—	210
5	Sykraðir ávextir	—	210
6	Önnur sætindi	—	210
7	Lakkrís og lakkrísvörur	—	70

2. kafli.

Kakaóvörur.

1	Hreint súkkulaði allskonar, svo sem suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og súkkulaðihúð	1 kg	105
2	Átsúkkulaði allskonar, svo sem súkkulaðihúðað munngæti (kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marzipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði og möndlusúkkulaði	—	210
3	Kókosbollur	—	210
4	„Negrakossar“	—	210
5	Rjómalengjur	—	210

3. kafli.

Kaffibætir og kaffilíki.

1	Kaffibætir	1 kg	60
2	Kaffilíki allskonar	—	60

4. kafli.

Drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.

1	Gosdrykkir allskonar	1 l	15
2	Maltöl	—	10
3	Annað öl	—	20
4	Óáfeng vín	—	105

Gjaldskrár nr.	Vörutegund	Gjaldeining	Vörumagnsgjald Aurar
5	Aldinsöft	1 l	70
6	Límonaðisöft	—	70
7	Litað sykurvatn með kjörnum	—	70
8	Aðrir slíkir drykkir og vökvar	—	70

5. kafli.

Tóbaksvörur.

1	Vindlar	1 kg	1100
2	Vindlingar	—	1500

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur séu gjaldskyldar eftir lögum þessum, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

3. gr.

Vörumagnsgjald það, sem um ræðir í 2. gr., skal greiða eftir magni varanna án umbúða. Af vörum þessum skal reikna ¾ úr tolleiningu og þar yfir sem heila, ¼ allt að ¾ hálfa, en minna broti skal sleppt.

4. gr.

Vörugerðarmaður skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi tollyfirvalds áður en varan er látin burt, seld eða send til umboðssölu.

Fjármálaráðuneytið skal endurgreiða gjald, sem greitt hefir verið samkvæmt lögum þessum af vörum, sem fluttar hafa verið til útlanda til sölu þar, ef útflutningur varanna fer eftir reglum tolllaga um endursending vara og útflutningsskýrslur og skjöl þau, sem þeim eiga að fylgja, bera það með sér, að vörurnar séu sendar til útlanda til sölu þar.

5. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar verða eftir lögum þessum, er vörugerðarmaður lætur þær af hendi, skulu vera að veði fyrir gjaldinu, sektum og málskostnaði. Séu skil ekki gerð, getur tollyfirvald selt þær birgðir af tilbúinni gjaldskyldri vöru, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi, sektum og málskostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má tollyfirvald krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til gjaldskyldrar vöru eða efnis í hana, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi, sektum og málskostnaði í öðrum eignum gjaldanda.

6. gr.

Fjármálaráðherra setur reglugerð um vörugerðina, um húsrúm og útbúnað, þar sem vörugerðin fer fram, um geymslu á hráefnum og tilbúnum óafhentum vörum, um gerð og merking umbúða, um afhending og sölu varanna, um allt bókhald vörugerðar og hverjum viðurlögum það sæti, ef bækur eru ekki færðar eins og fyrir er mælt, eða ef þær eru eyðilagðar, um eftirlit til tryggingar gjaldheimtunni og annað það, er þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtuna.

Ennfremur má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir, svo og um missi leyfisbréfs til vörugerðar og hvernig framfylgja skuli slíkri leyfissviptingu. Heimta má vottorð, útbúið á þann hátt, er getur í 155. gr. hegningarlaganna, um framtal vöru.

7. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum.

Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því að hafa sagt rangt til um vörugerð sína, hráefni, birgðir, hversu mikið hann hefir látið af hendi, eða hann hefir selt af

birgðum í heimildarleysi án þess að gjaldið sé greitt, og varðar það þá minnst 100 kr. sekt, og auk þess ber að greiða þrefalda upphæð gjalds þess, sem reynt hefir verið að draga undan. Nú verður eigi sannað, hve há sú upphæð hefir verið, og skal þá ákveða hið þrefalda gjald eftir málavöxtum.

8. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, eða gegn reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal gera reikning eftir reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50 31. maí 1927, lög nr. 70 28. des. 1934, lög nr. 127 31. des. 1935 og lög nr. 27 13. júní 1937.

Leyfisbréf til vörugerðar, er gefin hafa verið út samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 483. Frumvarp til laga

um jöfnunarsjóð aflahluta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í bæjar- eða sveitarfélagi, þar sem útgerð skipa er rekin á hlutaskiptagrundvelli, (þ. e. skipshöfnin tekur kaup sitt í hluta af afla), skal stofna jöfnunarsjóð aflahluta, ef meiri hluti þeirra manna eða fyrirtækja, sem gera út skip með hlutarráðningu á þeim stað, og meiri hluti sjómanna á þeim skipum gera samþykkt þar um.

Nú hefir jöfnunarsjóður aflahluta verið stofnaður, og skal þá greiða til sjóðsins 1% af óskiptum afla hvers íslenzks veiðiskips, sem gert er út með hlutarráðningu í viðkomandi kaupstað eða hreppi, miðað við verðmæti aflans í óverkuðu ástandi, eftir að sameiginlegur kostnaður hefir verið dreginn frá. Útgerðarmaður stendur skil á gjaldinu, og skoðast það sem geymslufé eftir að skipti hafa farið fram. Fé þetta innheimtir bæjarfógeti eða hreppstjóri, og hefir gjaldið lögtaksrétt. Gjaldið skal sent sjóðsstjórninni að loknum skiptum eftir hverja vertíð.

2. gr.

Ríkissjóður leggur jöfnunarsjóði til fyrsta ár eftir stofnun hans jafnháa fjárhæð og tekjur sjóðsins voru af aflahlutum það ár. Eftir það leggur ríkissjóður sjóðnum fjárhæð, sem jafngildir tekjum hans af aflahlutum frá byrjun, deildum með tölu ára frá stofnun hans.

3. gr.

Þeir útgerðarmenn og sjómenn, sem geta stofnað jöfnunarsjóð aflahluta samkvæmt 1. gr., geta með sérstökum samþykktum ákveðið hærra iðgjald til sjóðsins en það, sem ákveðið er í 1. gr., og aflað sjóðnum annara tekna. Framlag ríkissjóðs til sjóðsins miðast þó alltaf við 1% af afla samkv. ákvæðum 1. gr., sbr. 2. gr.

4. gr.

Sjóðnum skal varið þannig:

Þegar hlutir á veiðiskipi verða ekki yfir 66% af meðalhlut skipsins 5 síðustu ár, miðað við úthaldstíma, skulu hlutir bættir upp eftir eftirfarandi reglum, meðan fé sjóðsins endist, sbr. þó síðustu málsgrein þessarar greinar:

Hafi aflahlutur orðið 60—66% af meðalhlut 5 síðustu ára, skal hann bættur úr jöfnunarsjóði með 30% af því, sem á vantar meðalhlut. Hafi aflahlutur orðið lægri en 60% af meðalhlut, hækkar uppbótin við hvern hundraðshluta, sem aflahluturinn lækkar, um 1% af því, sem á vantaði meðalhlut, þar til uppbótin er orðin 50%, sem er hámark uppbótar.

Hafi skip gengið til veiða skemur en 5 ár, þegar til uppbótar kemur, skal þó miða við meðalhlut þess, hafi það gengið tvö ár eða lengur. Ella skal miða við meðalhlut sambærilegra skipa í sömu eða næstu veiðistöð.

Við úthlutun úr sjóðnum til hlutauppbóta má aldrei ganga nær honum en það, að úthlutað sé 80% af þáverandi eignum hans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn.

Fiskveiðasjóður Íslands annast daglegar framkvæmdir og reikningshald sjóðsins, fyrir þóknun, er stjórnum sjóðanna kemur saman um.

6. gr.

Stjórn jöfnunarsjóðs geymir fé hans, og skal það ávallt geymt í banka.

7. gr.

Í reglugerð fyrir jöfnunarsjóð aflahluta má setja ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, eins og nauðsynlegt þykir, þótt ekki sé sérstaklega ráð fyrir þeim gert í lögum þessum, þó svo, að þau fari ekki í bág við nein ákvæði laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 484. Breytingartillaga

við frv. til l. um friðun Eldeyjar.

Frá flutningsmönnum frumvarpsins.

1. Við 2. gr. Á eftir 2. gr. frv. kemur ný grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:
   Greiða skal bætur þeim, er leigurétt hefir á eynni, svo að hann verði skaðlaus af. Náist ekki samningar um bæturnar, skal um þær fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.
2. Greinatalan breytist samkv. framansögðu.

Ed. 485. Frumvarp til laga

um friðun Eldeyjar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað er að ganga á Eldey án leyfis ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Eigi má granda fuglum né eggjum á Eldey, jarðvegi né neinu því, er þýðingu hefir fyrir fuglalíf, né heldur má nokkrum öðrum hlutum spilla þar eða ræna.

3. gr.

Greiða skal bætur þeim, er leigurétt hefir á eynni, svo að hann verði skaðlaus af. Náist ekki samningar um bæturnar, skal um þær fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum, 500—5000 kr.
Brot gegn ákvæðum 2. gr. varða sektum, 100—10000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 486. Breytingartillögur

við frv. til laga um héraðsskóla.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Við 13. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo látandi:
   Þegar ríkissjóður greiðir héraðsskóla stofnstyrk, má aðeins verja því fé til húsabóta og annara umbóta á skólasetrinu, í samráði við kennslumálaráðherra og með eftirliti húsameistara ríkisins.
2. Á eftir 14. gr. komi tvær nýjar greinar, svo látandi:
   a. (15. gr.) Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 14. júní 1929, um héraðsskóla.
   b. (16. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi.
3. Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætast tvær nýjar málsgreinar, svo látandi:
   Ríkisstjórnin felur þriggja manna nefnd að meta til peningaverðs allar eignir héraðsskólanna eins og þær eru nú. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af kennslumálaráðherra, annar af fjármálaráðherra og hinn þriðji af húsameistara ríkisins.
   Heimilt er skólanefnd að lengja fyrir eitt ár í senn sumarleyfi einstakra skólastjóra og kennara fram yfir þann tíma, sem ákveðinn er í 7. gr. Ákvæði þetta gildir til 1. okt. 1943.

Ed. 487. Nefndarálit

um frv. til íþróttalaga.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir yfirfarið frumvarpið og jafnframt ýms bréf og skilríki, sem málið snerta, meðal annars sameiginlegar tillögur stjórnar Í. S. Í. og nefndar þeirrar, er undirbjó frumvarpið. Bera skjöl þessi með sér, að fengið er fullt samkomulag milli þeirra, er að málinu standa, um framgang þess á þessu þingi. Leggur nefndin því einhuga til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 20. gr. Fyrir orðin „ef í hlut eiga kennarar, sem fengnir eru til þjálfunar“ í síðasta málsl. gr. kemur: ef í hlut eiga menn, sem fengnir eru til þjálfunar.

2. Við 23. gr. Næstsíðasti málsl. gr. orðist svo: Undanþegnir íþróttanámi í kennaraskólanum skulu þeir karlmenn, sem sýna með læknisvottorði, að þeir geti ekki stundað það nám. Konur, sem þess æskja skriflega, skulu ennfremur undanþegnar íþróttanámi.
3. Við 24. gr. Síðari málsl. fyrri málsgr. orðist svo:
Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.) er æðsti aðili um frjálsa íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu og kemur fram erlendis af Íslands hálfu í íþróttamálum, nema að því leyti, sem ríkið kann að gera það sjálft.

Alþingi, 16. des. 1939.

Jónas Jónsson, form.	Árni Jónsson, fundaskr., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 488. Frumvarp til laga

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.
Í Reykjavík skulu vera lögmannsembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.
Lögmaður fer með dómsmál, önnur en barnsfaðernismál og opinber mál, skiptamál, fógetagerðir, uppboð, þinglýsingar, skráning firma, samvinnufélaga og hlutafélaga, notarialgerðir, yfirfjárráð, borgaralega hjónavígslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af lögmanni, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu búi, mælingu og skrásetningu skipa, úrskurðun fátækramála og alþingiskosningar.

3. gr.
Sakadómari fer með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhússins.

4. gr.
Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn, samanber þó 3. gr., strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

5. gr.
Tollstjóri hefir forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til tryggingarstofnunar ríkisins, þ. á m. slysatryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

6. gr.
Ráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglur um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

7. gr.

Verzlunarstaðurinn Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

8. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða, skil á innheimtufé og innheimtulaun af uppboðsandvirði.

9. gr.

Lögmaður, sakadómari, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 krónur, en launin hækka eftir annað, fjórða og sjötta ár í þessari röð um 300 krónur, 300 krónur og 400 krónur, upp í 9000 krónur.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, er embættunum fylgja, og hundraðsgjöld eða önnur innheimtulaun, sem ákveðin eru í lögum, skulu renna til eigenda innheimtufjárins. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

10. gr.

Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma sérstök störf, eftir því sem fyrir verður mælt í launalögum eða fé veitt til í fjárlögum. Embættismenn þessir og fulltrúar þeirra skulu skyldir að takast á hendur setudómarastörf án annarar endurgreiðslu en útlagðs ferðakostnaðar, enda haldi þeir launum sínum á meðan á setudómarastörfum þessum stendur.

11. gr.

Lög nr. 67 frá 7. maí 1928, um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, eru úr gildi felld.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Ed. 489. Lög

um afnám laga nr. 43 7. maí 1928, um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá.

(Afgreidd frá Ed. 16. des.).

Samhljóða þskj. 112.

Ed. 490. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 477 [Framfærslulög].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 2. tölul. Á eftir „bæjarfélaga“ bætist: sýslufélaga.

Ed. 491. Breytingartillögur

við frv. til laga um héraðsskóla.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 3. gr.
   a. Aftan við 2. málsl. 1. málsgr. komi: Heimilt er þó að víkja frá þessari reglu, ef sérstaklega stendur á að dómi skólanefndar og skólastjóra.

b. Í stað tveggja síðustu málsliða 1. málsgr., er falli niður, komi: Um þátttöku nemenda í innanhússtörfum við skólana skal ákveða í reglugerð.

2. Við 9. gr.
   a. Orðin „húsagerð og“ í 2. málsgr. falli niður.
   b. Í stað orðanna „geti staðið fyrir ... sveitum landsins.“ í sömu málsgr. komi: geti smíðað innanstokksmuni fyrir heimili í sveitum landsins.

Nd. 492. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 frá 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr.
   a. Orðin „2. og 4. lið i“ í c-lið greinarinnar falli burt.
   b. Í stað „uppeldisstyrk“ í síðustu málsgr. greinarinnar komi: styrkjum.
2. Á eftir 3. gr. koma tvær greinar, er verða 4. og 5. gr., svo hljóðandi:
   a. (4. gr.) Tvær síðari málsgreinar 22. gr. laganna falla burt.
   b. (5. gr.) Breytingar þessar, svo og breytingar sömu laga frá 12. júní 1939 skulu felldar inn í meginmál laganna.

Ed. 493. Nefndarálit

um frv. til laga um hafnargerð í Stykkishólmi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og borið það saman við gildandi hafnarlög, og er hún sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1939.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Bj. Snæbjörnsson.

Ed. 494. Frumvarp til laga

um breyting á lögum um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Heimilt er hreppsnefnd með samþykki sýslunefndar og bæjarstjórn með samþykki ráðherra að ákveða gjalddaga og innheimtu á útsvörum sem hér segir:

a. Frá byrjun næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið er sérhver kaupgreiðandi, sem hefir fasta starfsmenn í þjónustu sinni, hvort sem kaup þeirra greiðist vikulega, mánaðarlega eða á annan hátt, skyldur til að halda eftir af kaupinu fyrir hvern mánuð, að undanskildum júní- og desembermánuði, upphæð, er nægi til fullnaðargreiðslu á útsvarinu á 7 mánuðum, miðað við jafnar greiðslur mánaðarlega.

Vilji bæjarstjórn eða hreppsnefnd haga innheimtunni eins og að framan segir, er þeim skylt að senda hverjum kaupgreiðanda, í tæka tíð eftir niðurjöfnun útsvara, tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem hann hefir í þjónustu sinni, og krefjast þess, að hann haldi eftir áskildri upphæð af kaupinu.

Ber bæjarstjórn eða hreppsnefnd að láta kaupgreiðanda í té tvíritaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glöggt, að um útsvarsgreiðslu sé að ræða. Kaupgreiðanda er skylt að láta útsvarsgreiðanda slíka kvittun í té í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila um leið og hann afhendir útsvarsgreiðslurnar til bæjar- eða hreppssjóðs.

b. Nú hefir kaupgreiðandi í þjónustu sinni daglaunafólk, farmenn, fiskimenn, ákvæðisvinnufólk eða annað starfsfólk, sem ekki er á föstu árskaupi eða mánaðarkaupi, og skal hann þá skyldur til, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd tilkynnir honum, eftir sömu reglum og í a-lið segir, að halda eftir við hverja útborgun sem útsvarshluta allt að 10% af kaupi útsvarsgreiðanda. Ekki má krefja útsvarshluta af manni, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans, að dómi framfærslunefndar. Ekki er skylt að halda eftir útsvarshluta af minni útborgunarupphæð en 40 kr., enda líði þá minnst vika á milli útborgana.

Geri menn út til fiskjar í félagi upp á hlut, eða stundi aðra atvinnu í félagi með sama greiðslufyrirkomulagi, ber formanni fyrirtækisins að halda eftir vegna útsvarsgreiðslu allt að 10% af fé því, sem hver útsvarsgreiðandi ber úr býtum.

Nú tekur fiskimaður aflahlut að launum og selur hann öðrum, og færist þá ofangreind skylda yfir á kaupanda aflahlutar.

Ákvæðið gildir þar til kaupþiggjandi eða hlutarmaður hefir lokið útsvarsgreiðslu sinni, enda þótt komið sé nýtt gjaldár, en heimilt er að innheimta hjá honum eftirstöðvar útsvarsins með lögtaki eða á annan hátt, þegar sýnt er, að fullnaðarskil fást ekki á þennan hátt fyrir gjaldárslok. Sé heimildargrein þessi notuð, má ekki reikna dráttarvexti af útsvörum þeim, er undir hana heyra, á því gjaldári, sem útsvörin eru á lögð.

c. Upphæðum þeim, sem innheimtast samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, heldur kaupgreiðandi sérgreindum sem geymslufé og stendur skil á þeim til bæjar- eða sveitarsjóðs a. m. k. mánaðarlega. Formaður fyrirtækis hlutarmanna stendur bæjar- eða sveitarsjóði skil á útsvarsgreiðslum þeirra, þegar útborganir hluta fara fram.

Nú ber svo til, að útsvarsgreiðandi hefir verið krafinn af kaupgreiðanda, einum eða fleirum, um hærri upphæð en útsvar hans nam á gjaldárinu, og er bæjarsjóði eða sveitarsjóði þá skylt að endurnýja þá upphæð til viðkomandi útsvarsgreiðanda eða heimilis hans, ekki síðar en viku eftir að bæjar- og sveitarsjóði barst hún.

Útsvarsgreiðandi á í þessum tilfellum aldrei kröfu á kaupgreiðanda um endurgreiðslu, en bæjar- eða sveitarsjóði er jafnan skylt að endurgreiða útsvarsgreiðanda, án tillits til, hvort kaupgreiðandi hefir staðið í skilum eða ekki. Hið sama gildir, ef útsvarsgreiðandi hefir kært útsvar sitt og fengið það lækkað.

d. Verzlanir, iðnfyrirtæki, skráð útgerðarfélög og önnur sambærileg útsvarsskyld fyrirtæki, hvort sem er einstakra manna eign eða félaga, skulu greiða útsvör sín mánaðarlega, og fellur fyrsta mánaðargreiðsla í gjalddaga 1. dag næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið. Hin mánaðarlega greiðsluupphæð reiknast út á þann hátt, að deila mánaðarfjölda þeim, sem eftir er af gjaldárinu, þegar niðurjöfnun er lokið, í útsvarsupphæðina.

Vanræki kaupgreiðandi eða formaður skil samkv. a-, b- og c-lið þessarar greinar, má taka upphæðir þær, er honum ber að sjá um greiðslu á, lögtaki hjá honum sjálfum.

2. gr.

3. málsgr. 29. gr. laganna fellur úr gildi hinn 1. október 1940.

3. gr.

Í stað orðsins „gestarétti“ í síðustu málsgr. 29. gr. laganna komi: bæjarþingi eða aukarétti.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 495. Frumvarp til laga

um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist: Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnum.

2. gr.

Síðasta málsgr. 7. gr. laganna („Nú vill framfærslumaður taka á heimili sitt .... á heimili framfærslumanns.“) fellur niður.

3. gr.

Í stað „atvinnumálaráðherra“ í 8. gr. laganna kemur: ráðherra.

4. gr.

Á eftir orðunum „meðlag barna með foreldrum“ í 9. gr. laganna kemur: kjörbarna með kjörforeldrum.

5. gr.

Úr síðari málsl. 1. málsgr. 12. gr. laganna falla niður orðin: „og greiðir almenn gjöld“.

6. gr.

13. gr. laganna skal orða svo:

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flytur í, þegar er hann hefir tekið sér þar lögheimili, nema öðruvísi sé fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annari sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annari slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Meðan hann dvelur þar á hann framfærslurétt í þeirri sveit, er hann átti framfærslurétt í, er slík dvöl hans hófst, en öðlast framfærslurétt í heimilissveit sinni að dvölinni lokinni, er hann hefir komizt af styrklaust í 2 ár óslitið. Sá, er dvalið hefir í skóla, öðlast þó þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er hann tekur sér lögheimili í að skólavistinni lokinni.

7. gr.

Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Nú flyzt milli sveita maður, er þegið hefir framfærslustyrk á síðustu 2 árum áður en hann flutti, og skal hann þá halda óbreyttri sveitfesti, þar til hann hefir komizt af styrklaust í 2 ár óslitið í hinni nýju heimilissveit.

8. gr.

a. Í stað „heimilissveit“ á 4 stöðum í 14. gr. laganna kemur: framfærslusveit.
b. Í stað „lögheimili“ í 2. málsgr. sömu lagagr. kemur: framfærslurétt.

9. gr.

a. Aftan við fyrri málsgr. 15. gr. laganna bætist: og lögskyldur framfærslumaður sé ekki fær um að ala önn fyrir barninu meðgjafarlaust.

b. Á eftir orðunum „meiri meðgjafar en meðalmeðlags“ í síðari málsgr. sömu lagagreinar kemur: og foreldri er ekki fært um að ala önn fyrir barni án meðgjafar.

10. gr.

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú er dönskum ríkisborgara veittur framfærslustyrkur hér á landi, og skal ríkissjóður þá endurgreiða dvalarsveit hans að fullu allan þann styrk, er honum er veittur, ef hann hefir dvalið þar skemur en eitt ár, en að 7/10 hlutum, ef hann hefir dvalið þar eitt ár eða lengur.

11. gr.

21. gr. laganna skal orða svo:

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis, og skal þá endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Kostnaður við heimflutning frá útlöndum greiðist sömuleiðis úr ríkissjóði fyrir þann styrkþega og skyldulið hans, sem ofangreindir umboðsmenn annast, ef kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt greiddur.

12. gr.

Í stað „atvinnumálaráðherra“ í niðurlagi 23. gr. laganna kemur: ráðherra.

13. gr.

Í stað orðsins „ekkjan“ í niðurlagi 24. gr. laganna kemur: barnið.

14. gr.

Aftan við 25. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Framfærslusveit sú, er maður ekkjunnar átti er hann andaðist, skal endurgreiða heimilissveit hennar meðlögin, ef hún krefst úrskurðar um meðlagsgreiðslu innan 2 ára frá andláti mannsins. Komi krafa hennar síðar fram, skal sú sveit endurgreiða meðlögin, er ekkjan átti framfærslurétt í er hún fyrst krafðist úrskurðarins.

15. gr.

26. gr. laganna fellur niður.

16. gr.

a. Á eftir orðinu „hlutfallskosningu“ í 2. málsgr. 29. gr. laganna kemur: Jafnmargir skulu kosnir til vara.

b. Næstsíðasta málsgr. sömu lagagr. orðist svo:

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil annara fastra nefnda bæjarstjórnar.

17. gr.

Í stað orðanna „sé lagður þeim á heimili þeirra“ í 1. málsl. 39. gr. laganna kemur: sé veittur þeim.

18. gr.

Síðasta málsgr. 41. gr. laganna orðist svo:

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra, nema um stundarsakir sé vegna atvinnusóknar. Um ágreining út af ákvörðun sveitarstjórnar í þessu efni fer á sama hátt og fyrir er mælt í 21. gr.

19. gr.

Aftan við 2. málsgr. 48. gr. laganna bætist: Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn, ef hún krefst, kaup eða aflahlut framfærsluþurfa, sem hún telur ekki kunna með fé að fara. Leitað getur framfærsluþurfi

úrskurðar lögreglustjóra, ef hann telur sig misrétti beittan, og má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefir greitt framfærsluþurfa eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

20. gr.

Á eftir 48. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Heimilt er framfærslunefndum og hreppsnefndum að fá hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum styrkþega og vinnuskýrslum hjá vinnumiðlunarskrifstofum, er þær telja þörf á. Einnig er bönkum og sparisjóðum skylt að gefa framfærslunefndum og hreppsnefndum upplýsingar um viðskipti styrkþega og þeirra, sem framfærsluskyldir eru við þá.

Þeim upplýsingum, sem þannig eru fengnar, skal haldið leyndum, nema talið verði um að ræða misferli af hálfu styrkþega eða framfærsluskyldra.

21. gr.

50. gr. laganna skal orða svo:

Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara, hvert sem er innanlands, í viðunanlega vist, eða til atvinnurekstrar við viðunanleg skilyrði, eða vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um, án sveitarstyrks, að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þó hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra framfærslusveitar, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til. Úrskurði lögreglustjóra má skjóta til ráðherra.

Á sama hátt getur framfærslusveit styrkþega látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga með barni hans skilgetnu eða óskilgetnu, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá, eða látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og við skylduvinnu á vinnuhæli ríkisins, og ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af fangelsisvistinni.

22. gr.

Á eftir 54. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Nú er manni veittur framfærslustyrkur utan þeirrar sveitar, er hann á framfærslurétt í, og skal framfærslusveit hans þá endurgreiða styrkinn að ⅔ hlutum, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í þessum lögum. Þó skulu greiðslur eftir yfirvaldsúrskurði endurgreiðast að fullu.

Ríkissjóður ábyrgist þessar endurgreiðslur.

23. gr.

Aftan við 55. gr. laganna bætist: og ábyrgist ríkissjóður greiðsluna.

24. gr.

Á eftir 55. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og greinatala breytist samkvæmt því):

Kröfur um endurgreiðslu á framfærslustyrk, sem eitt sveitarfélag á á hendur

öðru, skal gera innan 6 vikna frá styrkveitingu, ella fellur endurkröfurétturinn niður.

25. gr.

Í stað tveggja síðustu málsgreina 58. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú hefir dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns greitt úrskurðað barnsmeðlag samkvæmt ákvæðum þessara laga og sifjalaga, og skal þá framfærslusveit sú, er barnsfaðir á, er meðlagið féll í gjalddaga, skyld að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk veittan barnsföður.

Hafi dvalarsveit barnsmóður eigi fengið meðlag endurgreitt fyrir þá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað barnsföður, eða hann hefir komizt undan lagaaðförum, er þeirri sveit heimilt, er hann kemur síðar fram, að ganga að þeim framfærsluhéruðum, er hann kann að hafa átt meðan ekki náðist til hans.

26. gr.

59. gr. laganna skal orða svo:

Skylt er barnsföður að endurgreiða meðlag með barni sínu — skilgetnu eða óskilgetnu — framfærslusveit sinni eða þeirri sveit, er greitt hefir það fyrir hann til dvalarsveitar barnsins, móður þess eða annars framfærslumanns, sé hann þess umkominn að dómi sveitarstjórnar.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn samkvæmt kröfu hennar kaup eða aflahlut manna þeirra, er um ræðir í 1. málsgr., til lúkningar úrskurðuðum meðlögum.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á meðlagsskuldinni, allt að þeirri upphæð, er hann hefir greitt barnsföður, eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

27. gr.

Í stað „heimilissveit“ í 60. gr. laganna kemur: framfærslusveit.

28. gr.

Í stað „heimilissveitar“ í 61. gr. laganna kemur: framfærslusveitar.

29. gr.

62. gr. laganna skal orða svo:

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið samkv. meðlagsúrskurði, eða býr ógift með karlmanni, er telja verður fyrirvinnu heimilisins, og fellur þá sjálfkrafa úr gildi réttur hennar til að krefjast meðlagsgreiðslna af heimilissveit sinni, ef stjúpfaðir barnsins eða sá maður, er móðirin býr með, á 5000 króna skuldlausa eign eða greiðir tekjuskatt, annars skal framfærslusveit barnsföður endurgreiða meðlagið. Sé barnsfaðirinn dáinn, skal fara um greiðslu meðlagsins sem segir í 61. gr., svo fremi stjúpfaðirinn eða sá maður, er móðirin býr með, er framfærsluþurfi.

30. gr.

Í stað orðanna „að krefjast endurgreiðslu“ í upphafi 63. gr. laganna komi: að krefja styrkþega endurgreiðslu.

31. gr.

65. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir styrkþega verið ráðstafað af framfærslunefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað, og vinnur hann sér þá eigi sveit í hinu nýja héraði fyrr en í fyrsta lagi að 6 árum liðnum. Ber þeirri sveit, er ráðstafaði honum til dvalar, að kosta framfærslu hans fyrstu 4 árin, ef með þarf, hvort sem hann þarf árlegan styrk

eða ekki, og eftirleiðis þangað til hann hefir komizt af tvö ár óslitið án framfærslustyrks.

Dvalarsveit er skylt að greiða innflytjandanum nauðsynlegan styrk, ef hann óskar þess fremur en að hafa bein skipti við framfærsluhérað sitt, en skylt er framfærsluhéraði að endurgreiða þann styrk að fullu. Ber ríkissjóður ábyrgð á skilvísri endurgreiðslu styrksins til dvalarsveitarinnar.

32. gr.

Upphaf 66. gr. laganna orðist svo:

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 2 ár eru liðin frá því að hann fluttist til þess framfærsluhéraðs, er hann á heima í, án þess um ráðstöfun samkv. 65. gr. sé að ræða, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann, ef ástæða er til, rannsaka eftirfarandi atriði:

33. gr.

67. gr. laganna skal orða svo:

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 65. gr., skal þeirri sveit, er hann flutti úr, skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk meðan hann dvelur þar.

Sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komizt hjá því að biðja um framfærsluhjálp fyrstu tvö árin.

34. gr.

68. gr. laganna skal orða svo:

Nú verður sveitarstjórn uppvís að því, að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags, og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 65. gr., og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit mannsins.

35. gr.

a. Í stað orðanna „1. marz“ í fyrri málsgr. 69. gr. laganna kemur: 1. júní.
b. Í stað „atvinnumálaráðuneytisins“ í sömu lagagr. kemur: ráðuneytisins.

36. gr.

a. Í stað „15. júnímánaðar“ í 70. gr. laganna kemur: 15. júlímánaðar.
b. Í stað „atvinnumálaráðuneytinu“ í sömu lagagr. kemur: ráðuneytinu.
c. Í stað orðanna „tollstjóranum í Reykjavík“ í sömu lagagr. kemur: skattstjóranum í Reykjavík.

37. gr.

Í stað „atvinnumálaráðuneytið“ í 72. gr. laganna kemur: ráðuneytið.

38. gr.

73. gr. laganna skal orða svo:

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærslukostnaðar í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, þannig, að hvert sveitarfélag greiðir meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki að frádregnum 10% og fær endurgreidda ⅔ hluta þess, sem umfram er. Minni upphæð en 100 krónur greiðist þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

Hrökkvi tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga ekki til þess að endurgreiða fátækrajöfnunarfé, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar, þar til full endurgreiðsla er fengin samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

39. gr.

74. gr. laganna skal orða svo:

Nú eru skýrslur þær, er um getur í 69. og 70. gr., eigi komnar til ráðuneytisins á þeim tíma, sem þar er tiltekinn, og skal þá með símskeyti eða á annan fulltryggan hátt tilkynna hreppsnefndum, bæjarstjórnum og embættismönnum þeim, sem þar eru tilgreindir, að skýrslur þeirra skuli afhendast fyrir nánar tiltekinn dag.

Nú verður misbrestur á því, að skýrslur komi þrátt fyrir tilkynningu samkvæmt 1. málsgr., og skal þá við útreikning nota tilsvarandi skýrslu síðastliðins árs, en hreppar þeir og kaupstaðir, sem vanrækslu hafa sýnt, missa rétt til endurgreiðslu fyrir það ár, þó þeir ættu tilkall til hennar samkvæmt útreikningi.

40. gr.

a. Í stað „Atvinnumálaráðuneytið“ í upphafi 75. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.
b. Í stað „1. júlí“ í sömu lagagr. kemur: 1. ágúst.

41. gr.

Í stað „Atvinnumálaráðuneytið“ í upphafi 76. gr. laganna kemur: Ráðuneytið.

42. gr.

Næst á eftir 79. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.
b. Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál framfærslulaga, nr. 135 frá 1935, lagfæra og samræma allar tilvitnanir og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Ríkisstjórnin skal, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, skipa þriggja manna nefnd, er hafi með höndum framkvæmdir og ráðstafanir til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, undir yfirstjórn ráðherra.

Nefndin skal gera tillögur um og hafa með höndum, eftir nánari fyrirmælum ráðherra:

1. Ráðstöfun á fé því, sem veitt er í fjárlögum til framleiðslubóta og atvinnuaukningar í erfiðu árferði. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um, hversu miklu fé bæjar- og sveitarfélög skuli verja af sinni hálfu á móti ríkissjóðsframlagi til framleiðslubóta og atvinnuaukningar í bæjar- eða sveitarfélaginu. Fé þessu skal einkum varið til garðræktar, hagnýtingar fiskúrgangs til áburðar, þaratekju, framræslu lands, fyrirhleðslu, lendingarbóta, eldiviðarvinnslu, smíði smábáta, byggingu húsa úr innlendu efni, svo sem vikri og torfi, vegagerða og annara hagnýtra framkvæmda og til þess að stuðla að því, að atvinnulausu fólki sé komið til starfa við framleiðsluvinnu.
2. Framkvæmdir og ráðstafanir í framfærslumálum í samráði við eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna.

Skal nefndin einkum hafa eftirlit með framkvæmdum bæjar- og sveitarfélaga í framfærslu- og fátækramálum, og þá alveg sérstaklega vaka yfir því, að sveitar- og bæjarstjórnir notfæri sér alla möguleika til þess að koma mönnum til starfs í stað þess að veita þeim framfæri án vinnu, allt í samræmi við nánari fyrirmæli laga þessara.

Ráðherra er heimilt að fela nefnd þessari að gera þær ráðstafanir í þessu skyni, sem sveitar- og bæjarfélögum er heimilað að gera samkvæmt lögum þessum.

Rétt er ráðherra að fela nefnd þessari vald til fullnaðarúrskurða um ágreiningsmál, er ræðir um í 21. gr. laga þessara.

Ráðherra ákveður laun nefndarinnar og lætur henni í té nauðsynlega aðstoð við skrifstofustörf. Búnaðarfélag Íslands skal veita nefndinni hjálp við útvegun vinnu í sveitum landsins.

II. Heimilt er ráðherra að ákveða, að árið 1940 megi verja allt að 100 þúsund krónum af tekjum jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga til þess að greiða fram úr fjárhagsvandræðum illa stæðra bæjarfélaga, hreppsfélaga og læknishéraða, og ákveður ráðherra hverju sinni, hvernig hjálp þeirri skuli hagað og hversu mikil hún skuli vera til bæjarfélags, hreppsfélags, sýslufélags eða læknishéraðs, sem slíkrar hjálpar er þörf.

Sþ. 496. Tillaga til þingsályktunar

um uppbót á verði síldar til sjómanna og útvegsmanna.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú þegar séu gerðar ráðstafanir til þess, að sjómenn og útgerðarmenn fái verðuppbót á saltsíld og bræðslusíld, sem svarar til verðhækkunar þeirrar, sem orðið hefir á síld og síldarafurðum frá því að síldarverð var ákveðið síðastliðið sumar.

Greinargerð.

Öllum þeim, er síldveiðar stunduðu síðastl. sumar, er kunnugt um hina miklu hækkun, sem orðið hefir á saltsíld og síldarafurðum eftir að Evrópustyrjöldin brauzt út. Öll þessi hækkun hefir runnið til síldarverksmiðjueigenda og síldarkaupmanna, en sjómenn og útvegsmenn, sem ekki selja þessar vörur úr landi, hafa ekki fengið neina hækkun né uppbót enn sem komið er. Ríkisstjórnin hefir að sjálfsögðu vald til þess að fyrirskipa stjórn síldarverksmiðja ríkisins að bæta upp síldarverðið til viðskiptavina verksmiðjanna.

Hvað viðkemur verðuppbót á saltsíld, verða saltendur síldar að fá leyfi til þess starfs hjá síldarútflutningsnefnd. Viðkomandi stjórnarvöld ættu því að hafa tök á, að sjómenn og útvegsmenn fengju leiðrétting sinna mála, að þeir einir fengju söltunar- og útflutningsleyfi síldar næsta sumar og haust, sem innt hafa af hendi réttláta verðuppbót til sinna viðskiptamanna.

Tillaga þessi til þingsályktunar er flutt samkvæmt fjölda áskorana frá sjómönnum og útvegsmönnum, sem að vonum eru óánægðir með síldarverðið. Eins og aðrir launþegar í landinu eru þessir menn grátt leiknir af völdum gengisfalls og stríðsdýrtíðar og eiga margir mjög örðugt með að fæða og klæða fjölskyldur sínar, á sama tíma, sem ríkið og örfáir einstaklingar raka að sér stórgróða af sömu ástæðum.

Nd. 497. Breytingartillaga

við frv. til l. um jöfnunarsjóð aflahluta.

Frá Bergi Jónssyni.

Á eftir 8. gr. frv. komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Ákvæði laga þessara koma til framkvæmda þegar fé hefir verið veitt til sjóðsins í fjárlögum, samkvæmt ákvæðum 2. gr.

Ed. 498. Breytingartillaga

við frv. til laga um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

2. málsliður 2. málsgreinar 9. gr. orðist svo: Allar aukatekjur, sem embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð.

Nd. 499. Frumvarp til laga

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera lögmannsembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Lögmaður fer með dómsmál, önnur en barnsfaðernismál og opinber mál, skiptamál, fógetagerðir, uppboð, þinglýsingar, skráning firma, samvinnufélaga og hlutafélaga, notarialgerðir, yfirfjárráð, borgaralega hjónavígslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af lögmanni, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu búi, mælingu og skrásetningu skipa, úrskurðun fátækramála og alþingiskosningar.

3. gr.

Sakadómari fer með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhússins.

4. gr.

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn, samanber þó 3. gr., strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

5. gr.

Tollstjóri hefir forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til tryggingarstofnunar ríkisins, þ. á. m. slysatryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

6. gr.

Ráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglugerð um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

7. gr.

Verzlunarstaðurinn Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

8. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða, skil á innheimtufé og innheimtulaun af uppboðsandvirði.

9. gr.

Lögmaður, sakadómari, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 krónur, en launin hækka eftir annað, fjórða og sjötta ár í þessari röð um 300 krónur, 300 krónur og 400 krónur, upp í 9000 krónur.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, sem embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

10. gr.

Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma sérstök störf, eftir því sem fyrir verður mælt í launalögum eða fé veitt til í fjárlögum. Embættismenn þessir og fulltrúar þeirra skulu skyldir að takast á hendur setudómarastörf án annarar endurgreiðslu en útlagðs ferðakostnaðar, enda haldi þeir launum sínum á meðan á setudómarastörfum þessum stendur.

11. gr.

Lög nr. 67 frá 7. maí 1928, um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, eru úr gildi felld.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Nd. 500. Breytingartillaga

við frumv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Í stað orðanna „1. sept. til ársloka“ komi: 1. okt. til 30. nóv.

Nd. 501. Frumvarp til laga

um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 280, með þeim breytingum, er felast í brtt. á þskj. 460 (I.—V.).

Nd. 502. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 frá 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er framkvæmdanefnd að fyrirskipa, samkvæmt óskum sveitarstjórnar eða upprekstrarfélags, breyting á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til heftingar útbreiðslu veikinnar.

Breytingar þessar skulu bornar undir stjórnir nærliggjandi sveitar- eða upprekstrarfélaga áður en þær eru fyrirskipaðar.

Breytingar þessar teljast ekki brot á fjallskilareglugerðum.

2. gr.

Aftan við síðari málsgr. 18. gr. laganna bætist: Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að fella niður tíu aura gjaldið í þeim hreppum, sem garnaveikin (Johnesveikin) hefir valdið tjóni.

3. gr.

a. Í stað orðanna „í árslok 1937“ í 1. tölul. 19. gr. laganna komi: í ársbyrjun árið áður en styrkurinn er veittur.
b. Í stað orðanna „Til sýslu- og hreppavega“ í upphafi 2. tölul. sömu lagagr. komi: Til vega.
c. Aftan við sömu lagagrein bætist:

Nú hefir mæðiveiki gengið í einhverju héraði og er komin á það stig, að ráðlegt telst að dómi framkvæmdanefndar, að fjárstofninum sé komið upp að nýju, og er henni þá heimilt, af fjárframlögum þeim, sem ákveðin eru í fjárlögum samkvæmt grein þessari, að styrkja þá fjáreigendur á mæðiveikisvæðunum, sem misst hafa fé sitt af völdum veikinnar, til þess að koma sér upp nýjum fjárstofni.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar, reglur þær, sem styrkjum þessum er úthlutað eftir.

4. gr.

Tvær síðari málsgreinar 22. gr. laganna falla burt.

5. gr.

Breytingar þessar, svo og breytingar sömu laga frá 12. júní 1939 skulu felldar inn í meginmál laganna.

Nd. 503. Breytingartillaga

við frv. til laga um eyðingu svartbaks og hrafns.

Frá Bergi Jónssyni og Sigurði Kristjánssyni.

Við 4. gr. Á eftir orðunum í 1. mgr. „er hann ræður yfir“ komi: ef þess er kostur.

Nd. 504. Breytingartillaga

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Aftan við ákvæði um stundarsakir bætist nýr stafl.:

c. Meðan almennt eru greidd hækkuð farmgjöld vegna ófriðarins, skal fjármálaráðherra heimilt að láta, eftir því sem við verður komið, draga frá almennum farmgjöldum frá erlendri höfn til Íslands svo háa hundraðshluta, sem nemur almennri hækkun farmgjalda vegna ófriðarins.

Nd.

505. Frumvarp til laga

um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heilbrigðisnefnd skal vera í hverjum kaupstað, svo og í hverju kauptúni með yfir 500 íbúum. Á öðrum stöðum, hvort sem er í kauptúni eða sveit, skal vera heilbrigðisnefnd, ef hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður, eða ef ráðherra mælir svo fyrir.

Umdæmi heilbrigðisnefndar skal aldrei vera meira en eitt sveitarfélag.

2. gr.

Í kaupstöðum er heilbrigðisnefnd skipuð 3 eða 5 mönnum. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina, og er lögreglustjóri formaður hennar. Aðrir nefndarmenn eru kosnir af bæjarstjórn, og skal að minnsta kosti einn þeirra eiga sæti í bæjarstjórninni (í Reykjavík í bæjarráði).

Ef heilbrigðisnefnd í kaupstað er skipuð 5 mönnum, skal einn nefndarmanna vera verkfræðingur í þjónustu kaupstaðarins, sérfróður um heilbrigðitækni, ef völ er á slíkum manni.

Utan kaupstaða er heilbrigðisnefnd skipuð 3 mönnum, og á sama hátt og í kaupstöðum, nema hreppstjóri kemur í stað lögreglustjóra, ef hann er ekki búsettur í umdæmi nefndarinnar, og ef eins er ástatt um héraðslækni, skipar hreppsnefnd nefndarmann í hans stað eftir tillögum hans.

Þar, sem héraðslæknir á ekki sæti í heilbrigðisnefnd, er honum engu síður heimilt að sitja fundi nefndarinnar, og hefir hann þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Skal tilkynna héraðslækni í tækan tíma stund, stað og dagskrá hvers nefndarfundar. Sama gildir um fund í bæjar- eða sveitarstjórnum, þegar til umræðu eru mál varðandi heilbrigðissamþykkt eða önnur heilbrigðismál.

3. gr.

Heilbrigðisnefndir beita sér fyrir því, að settar séu heilbrigðissamþykktir fyrir umdæmi þeirra og að þær séu endurskoðaðar svo oft sem ástæða er til.

Í heilbrigðissamþykkt skulu vera almenn ákvæði um:

1) til hvers umdæmis samþykktin nái, og ef ekki er ætlazt til, að öllum ákvæðum samþykktarinnar sé beitt alstaðar í umdæminu, hver hluti umdæmisins sé undanskilinn og hverjum ákvæðum,
2) skipun, valdsvið og starfstilhögun heilbrigðisnefndar,
3) hreinlæti og þrifnað á lóðum og lendum, svo sem á götum, torgum, opnum eða umgirtum svæðum, fjörum, hafnarbökkum, túnum, görðum og lóðum kringum hús, hvort sem eru opinber eign eða einstakra manna. Síðan skal ákveða, hverjar heilbrigðisreglur skuli gilda um
4) vatn og frárennsli,
5) sorphirðing, salerni og þess háttar,
6) húsakynni fólks, hvort sem eru til íbúðar eða atvinnurekstrar, enda sé gætt samræmis við byggingarsamþykkt, ef fyrir er,
7) gripahús, svo og meðferð og gæzlu húsdýra, þar með taldir hundar (sbr. lög nr. 18 22. maí 1890 og lög nr. 8 4. júní 1924),
8) vinnustöðvar úti og inni (sbr. lög nr. 24 7. maí 1928 og reglugerðir samkvæmt þeim lögum), og mega heyra hér undir útgerðar-, fiski- og síldarverkunarstöðvar, skipaafgreiðslustöðvar, hverskonar verksmiðjur, verbúðir og verkamannaskýli vinnustofur iðnaðarmanna, skrifstofur og afgreiðslustofur, verzlunarbúðir o. s. frv.,

9) skóla og kennslustaði í samræmi við gildandi reglur um læknisefirlit með skólum og kennslustöðum,
10) kirkjur og hverskonar almenn samkomuhús,
11) eftirlit með matvælum og öðrum neyzluvörum (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, reglugerð nr. 17 22. febr. 1939 og aðrar reglugerðir samkvæmt þeim lögum). Hér undir heyra meðal annars mjólkurstöðvar, mjólkursölustaðir, brauðgerðarhús, fisksala, sláturhús, kjötbúðir o. s. frv. Skal sérstaklega kveðið á um verksvið heilbrigðisnefndar til fullnægingar ákvæðum nefndra laga og reglugerða.
Þá skal kveðið á um
12) verksvið heilbrigðisnefndar að því leyti sem henni ber að aðstoða yfirvöld við sóttvarnir (sbr. lög nr. 66 19. júní 1933 og reglugerðir samkvæmt þeim lögum).
Í heilbrigðissamþykkt má ennfremur ákveða, hverjar heilbrigðisreglur skuli gilda um
13) almenn gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði (sbr. lög nr. 21 15. júní 1926),
14) almenn baðhús, þvottahús, rakarastofur, hárgreiðslustofur og hverskonar snyrtingarstofur,
15) íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhús, sundlaugar og þess háttar,
16) kirkjugarða (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932) og bálstofur (sbr. lög nr. 41 3. nóv. 1915),
17) sjúkrahús, barnahæli, elliheimili og tilsvarandi heilbrigðisstofnanir (sbr. lög nr. 30 19. júní 1933) og lækningastofur,
18) báta og skip, sem gerð eru út frá umdæmi því, er samþykktin nær til (sbr. lög nr. 58 14. júní 1929), hvort heldur er til veiða, vöruflutninga eða fólksflutninga, svo og bifreiða (sbr. lög nr. 70 8. sept. 1931) og tilsvarandi flutningatæki.
Ef heilbrigðisfulltrúi er ráðinn (sbr. 6. gr.), skal í heilbrigðissamþykkt setja
19) starfsreglur fyrir heilbrigðisfulltrúa.
Heilbrigðissamþykkt skal ljúka með því að greina
20) viðurlög við brotum gegn samþykktinni (sbr. 8. gr.).

Nú þykir ástæða til að kveða á um atriði í heilbrigðissamþykkt, er eigi verður heimfært undir neinn tölulið þessarar greinar, og skal þá engu síður heimilt að taka ákvæðið upp í samþykktina, ef það er samhærilegt við þau ákvæði, sem hér eru fyrirskipuð eða heimiluð.

Ákvæði heilbrigðissamþykktar skulu ætíð vera í sem fyllstu samræmi við ákvæði í sérstökum lögum eða reglugerðum um sama efni, og aldrei vægari en þau.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd semur með aðstoð héraðslæknis og lögreglustjóra frumvarp að heilbrigðissamþykkt eða frumvarp til breytinga á heilbrigðissamþykkt, ef um það er að ræða, og leggur fyrir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Þegar bæjarstjórn (hreppsnefnd) hefir samþykkt frumvarpið, afgreiðir hún það til ráðherra, er staðfestir það eða synjar því staðfestingar eftir tillögum landlæknis. Nú er frumvarpi synjað staðfestingar, og endursendir þá ráðherra frumvarpið til bæjarstjórnar (hreppsnefndar) með leiðbeiningum um, hverjar breytingar þurfi að gera á frumvarpinu til þess að það geti öðlazt staðfestingu.

Staðfestar heilbrigðissamþykktir skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir skulu sjá um, að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðissamþykkta, svo og ákvæðum í sérstökum lögum, sem heilbrigðisnefndum er falið að annast um framkvæmdir á.

Fyrirskipanir sínar og áminningar varðandi framkvæmd heilbrigðissamþykktar birtir heilbrigðisnefnd á þann hátt, sem tíðkast er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað, sem í hlut á.

6. gr.

Í hverjum kaupstað skal bæjarstjórn ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, héraðslæknis og lögreglustjóra, og tekur hann laun úr bæjarsjóði. Heilbrigðisfulltrúinn annast, undir eftirliti héraðslæknis, alla daglega eftirlitsstarfsemi fyrir hönd heilbrigðisnefndar, og hefir til þess ákveðinn starfstíma daglega, eftir nánari fyrirmælum í erindisbréfi.

Utan kaupstaða getur hreppsnefnd og ráðið heilbrigðisfulltrúa, ef heilbrigðisnefnd telur það æskilegt. Að öðrum kosti annast þar héraðslæknar (eða fulltrúar þeirra í heilbrigðisnefnd, sbr. 2. gr.) eftirlitsstarfsemina með aðstoð annara nefndarmanna.

7. gr.

Bæjarstjórn (hreppsnefnd) skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hverskonar ráðstafanir eða framkvæmdir, er varða heilbrigðismál á einn eða annan hátt.

8. gr.

Fyrir brot gegn staðfestri heilbrigðissamþykkt eða vanrækslu á að hlýða í tækan tíma fyrirskipunum heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykktinni má í henni ákveða sektir, allt að 1000 krónum, er renni í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

Ef nokkur vanrækir að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefir fyrirskipað samkvæmt heilbrigðissamþykkt, er nefndinni og heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjar- eða sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda, ef þörf gerist, með lögtaki.

9. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn heilbrigðissamþykktum, skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Jafnframt því, sem lög þessi öðlast gildi, falla úr gildi lög nr. 64 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög.

Nd. 506. Frumvarp til laga

um héraðsskóla.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Héraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, Reykjum í Hrútafirði, Varmahlíð í Skagafirði, Laugum í Reykjadal, Laugarvatni í Árnessýslu og Reykholti í Borgarfirði. Skólar þessir eru sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og réttindi þessara laga, nema samþykki stofnenda komi til.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að veita skólunum í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu og Varmahlíð í Skagafirði um 5 ára skeið réttindi héraðsskóla, þó að námstíminn þar verði styttri á hverju ári en í lögum þessum segir, vegna erfiðleika á því að sjá þessum skólum fyrir nægilegum húsakosti.

Ákvæði þessara laga skulu, að því er snertir skipulag kennslunnar, einnig ná til Eiðaskóla.

2. gr.

Héraðsskólar skulu veita æskumönnum landsins fjölbreytta fræðslu á þjóðlegum grundvelli. Þeir skulu miða starf sitt við að búa nemendur undir athafnalíf við íslenzk lífskjör, með vinnukennslu, bóknámi og íþróttum. Auk þess skulu héraðs-

skólarnir á sumrin starfrækja eða láta starfrækja gistihús fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og leitast við að hafa allan aðbúnað svo fullkominn, sem samræma má fjárhagslegu öryggi stofnananna. Þar, sem því verður við komið, skal héraðsskólunum séð fyrir nægilegu landrými til að geta haft með höndum margvíslega ræktun og fjölbreyttan landbúnað.

3. gr.

Héraðsskólar skulu vera samskólar pilta og stúlkna. Nemendur, sem ríkið greiðir fyrir kennslugjald, mega ekki vera yngri en svo, að stúlkur verði 16 ára, en piltar 17 ára fyrri námsveturinn í skólunum. Heimilt er þó að víkja frá þessari reglu, ef sérstaklega stendur á að dómi skólanefndar og skólastjóra. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær og ekki fleiri en þrjár. Námið skiptist í verklega kennslu, bóknám og íþróttir. Jafnskjótt og því verður við komið, vegna húsrúms til vinnukennslu og nauðsynlegra áhalda, skal verklega námið vera 12 stundir á viku að minnsta kosti og miðast við að gera vinnulagna pilta búhaga og æfa stúlkur við öll venjuleg heimilisstörf kvenna. Bæði piltar og stúlkur skulu halda hreinu skólahúsinu, vinnustofum skólans og heimavistum. Ennfremur annast nemendur alla framreiðslu við máltíðir og þvott á borðbúnaði skólans.

Í bóklegum fræðum skal leggja megináherzlu á kennslu móðurmálsins og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju. Þá skal kenna Íslandssögu og mannkynssögu, með yfirliti um stjórnarhætti landsins og meginstefnur í þjóðskipulagi hinna áhrifamestu þjóða, en í landafræði yfirlit um álfur og lönd, en þó einkum um Ísland. Í náttúrufræði skal kenna um heimsbygginguna og þróunarfræðina. Ennfremur einfaldan reikning, létta bókfærslu og söng. Í íþróttum skal leggja áherzlu á þær greinar líkamsmenntunar, sem bæði eru heilsusamlegar og auðveldast að æfa hér á landi. Erlend tungumál má ekki kenna í héraðsskólunum öðrum nemendum en þeim, sem staðizt hafa sérstakt próf í íslenzkum fræðum, eftir reglum, sem fræðslumálastjórnin setur.

Leggja skal stund á, að allir nemendur í héraðsskólunum hafi daglega nokkra útivist.

4. gr.

Námstími í aðaldeildum héraðsskóla er 6 mánuðir ár hvert og kennslustundir hvers nemanda eigi færri en 6 daglega að meðaltali. Próf skulu haldin í lok hvers skólaárs. Prófdómarar skulu tilnefndir af fræðslumálastjórninni.

5. gr.

Fimm manna skólanefnd hefir á hendi stjórn og umsjón hvers héraðsskóla, undir yfirumsjón fræðslumálastjórnar. Félög stofnenda, ábyrgðarmanna og sýslunefndir, sem lagt hafa stofnfé til skólanna, skulu kjósa fjóra af skólanefndarmönnum, en fimmta manninn skipar fræðslumálastjórnin, og skal hann vera formaður. Skólanefndarmenn skulu kosnir og skipaðir til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn eftir lögum þessum fyrir sumarmál 1940. Nánari fyrirmæli um kosningu í skólanefnd skulu sett af kennslumálaráðherra.

6. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, og skal hann ráðinn með eins árs uppsagnarfresti. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning og uppsögn skólastjóra.
2. Að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en til ráðningar þarf samþykki skólanefndar. Skólanefnd má segja upp kennara með 6 mánaða fyrirvara, en leita skal hún áður álits skólastjóra.
3. Að ákveða laun skólastjóra og kennara.
4. Að hafa á hendi yfirstjórn á fjármálum skólans.

5. Að gera með skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, sem fræðslumálastjórn samþykkir.
6. Að sjá um samningu skýrslu um kennslu og próf.
7. Að ákveða um önnur efni, er skólann varða, í samráði við skólastjóra.

7. gr.

Skólastjóri og kennarar héraðsskóla eru fastir starfsmenn skólans árlangt, með 4 vikna sumarleyfi. Skólastjóri hefir yfirumsjón með öllum rekstri skólans og alls atvinnurekstrar á skólajörðinni. Honum ber að hafa eftirlit með gistihúshaldi á sumrin, og alveg sérstaklega, að gætt sé hirðusemi og góðrar reglu bæði utan húss og innan. Kennurum skólans ber að styðja skólastjóra í orði og verki við að halda hreinlæti og góðri reglu á skólaheimilinu. Skólanefnd ákveður árlega, í samráði við skólastjóra, hverskonar störf kennaralið skólans skuli inna af hendi við andlega eða líkamlega vinnu hvert vor og sumar, þegar kennsla fer ekki fram í skólanum.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 krónur í árlegan rekstrarkostnað til hvers héraðsskóla fyrir 15 fyrstu reglulega nemendur skólans, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því. Hver nemandi greiðir 60 króna kennslugjald vetrarlangt og auk þess þóknun til skólans fyrir húsnæði og ljós, 45 krónur. Þegar verklegt nám er hafið í héraðsskóla eftir fyrirmælum þessara laga, leggur ríkissjóður fram 25 kr. vegna hvers nemanda í efni til kennslunnar, og eignast skólinn og skólabúið þá hluti, sem þannig eru gerðir. Nemendur, sem skara fram úr í verklegu námi, mega smíða hluti fyrir sig síðustu þrjá mánuði seinni eða síðasta skólavetrar, en verða að leggja sér til efni sjálfir.

9. gr.

Nú eru haldin námskeið við héraðsskóla í bóklegum efnum, búnaði, smíðum, hússtjórn eða íþróttum, eigi skemur en 3 vikur og standi kennsla eigi skemur en 6 stundir daglega, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 kr. fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda greiði hann fyrir sama tíma að minnsta kosti 2 krónur.

Þar, sem því verður við komið, skal starfrækja kennslubú í sambandi við héraðsskóla og halda námskeið í jarðyrkju og góðri meðferð búpenings. Sömuleiðis skal koma á fót við héraðsskólana svo fullkomnu sérnámi í húsagerð og smíði einfaldra húsgagna, að nemendur, sem þar hafa stundað nám, geti staðið fyrir að reisa venjulegar byggingar og smíða innanstokksmuni fyrir heimili í sveitum landsins.

10. gr.

Ríkisstyrk, kennslugjöldum og húsaleigu skal verja til greiðslu kennslu, kennsluáhalda og til viðhalds á byggingum og munum skólans.

11. gr.

Nú fækkar nemendum í héraðsskóla um þriðjung eða meira vegna ósjálfráðra atvika, sem eru þó ekki þess eðlis, að ástæða sé til að leggja skólann niður, og má þá í tvö ár greiða skólanum styrk úr ríkissjóði eftir mati fræðslumálastjórnar, allt að meðaltali þriggja síðustu ára áður en fækkunin byrjaði.

12. gr.

Reikningar hvers héraðsskóla skulu endurskoðaðir árlega af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af skólanefnd, en hinn af fræðslumálastjórn, báðir til þriggja ára í senn. Birta skal árlega skýrslu um rekstur og störf hvers héraðsskóla, undirritaða af endurskoðendum.

13. gr.

Stofnkostnaður héraðsskóla, þar með talinn kostnaður vegna kaupa eða leigu á jarðnæði skólans og byggingar til rekstrar skólans, skal greiddur að ¾ úr ríkissjóði, en að ¼ hluta af stofnendum í héraði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum eða Alþingi heimilar, að ríkissjóður taki að sér af stofnskuldum skólanna, eftir að lög þessi eru komin í gildi.

Þegar ríkissjóður greiðir héraðsskóla stofnstyrk, má aðeins verja því fé til húsabóta og annara umbóta á skólasetrinu, í samráði við kennslumálaráðherra og með eftirliti húsameistara ríkisins.

14. gr.

Í reglugerð hvers héraðsskóla skal ákveða ýtarlega um kennsluefni og allt fyrirkomulag kennslunnar. Þar skal ennfremur ákveðið um aga nemenda og ástæður til brottrekstrar, svo og um verkefni, skyldur og réttindi skólastjóra og kennara.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 14. júní 1929, um héraðsskóla.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerðir héraðsskóla skulu endurskoðaðar á árinu 1940 og færðar til samræmis ákvæðum laga þessara. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. júlí og reglugerðirnar hafa hlotið samþykki fræðslumálastjórnar fyrir 1. september.

Ríkisstjórnin felur þriggja manna nefnd að meta til peningaverðs allar eignir héraðsskólanna eins og þær eru nú. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af kennslumálaráðherra, annar af fjármálaráðherra og hinn þriðji af húsameistara ríkisins.

Heimilt er skólanefnd að lengja fyrir eitt ár í senn sumarleyfi einstakra skólastjóra og kennara fram yfir þann tíma, sem ákveðinn er í 7. gr. Ákvæði þetta gildir til 1. okt. 1943.

Ed. 507. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Jónasi Jónssyni, Þorst. Þorsteinssyni og Bernh. Stefánssyni.

Við 3. gr. 3. málsgr. Í stað orðanna „við lagning akvega og malbikun þjóðvega“ komi: við lagning akvega og þjóðvega.

Nd. 508. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 frá 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „laganna“ í upphafi greinarinnar kemur: laga nr. 45 1938.
2. Við 2. gr. Í stað „laganna“ í upphafi gr. kemur: sömu laga.

3. Við 3. gr. Í stað „laganna“ í upphafi gr. kemur: sömu laga.
4. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:
   5. gr. laga nr. 39 1939 skal orða svo:
   22. gr. laganna orðist svo:
   Nú hefir framkvæmdanefnd fengið skýrslu um tjón bænda af völdum mæðiveikinnar, og skal hún þá skipta því fé, er fjárlög ákveða, í hlutfalli við þann tekjumissi, er þeir hafa orðið fyrir af völdum veikinnar, enda sé jafnframt höfð hliðsjón af afkomumöguleikum þeirra að öðru leyti. Þannig skal þeim, er vegna mikils framfærsluþunga eða annara orsaka hafa sérstaklega erfiðar ástæður, veittur hlutfallslega hærri styrkur en öðrum, en heimilt er að lækka eða fella niður styrk til þeirra, sem að áliti framkvæmdanefndar eru svo vel efnum búnir, að þeir geta komið upp nýjum bústofni án aðstoðar.
5. Á eftir 4. gr. kemur ný gr., sem verður 5. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
6. Við 5. gr. (sem verður 6. gr.). Greinina skal orða svo:
   Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og meginmál 1.—4. gr. laga nr. 39 1939 inn í lög nr. 45 1938 og gefa þau út svo breytt.
7. Fyrirsögn frv. skal orða svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni, og á lögum nr. 39 1939, um breyting á sömu lögum.

Nd. 509. Breytingartillaga

við frumv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni og Jóni Ívarssyni.

Við 10. gr. Síðari málsl. 4. málsgr. orðist svo: Þó að greitt sé flutningsgjald, sem er hærra eða lægra en hið algenga flutningsgjald, eða þó að greiddur sé annar sendingarkostnaður, sem er hærri eða lægri en algengur sendingarkostnaður, skal allt að einu hið algenga flutningsgjald, eða annar algengur sendingarkostnaður, lagt til grundvallar við ákvörðun verðtolls. Með algengu flutningsgjaldi og sendingarkostnaði er átt við það, sem algengt er að greiða af vörum til Reykjavíkur á hverjum tíma.

Nd. 510. Breytingartillögur

við frumv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Jóni Ívarssyni.

I. Við 1. gr.	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. 10. kafli nr. 1 orðist svo:			
1 Hveiti			8
2. 11. kafli nr. 1 orðist svo:			
1 — úr hveiti			8
3. 11. kafli nr. 8 orðist svo:			
8 — úr hveiti			8
4. 25. kafli nr. 17 orðist svo:			
17 Sement	100 kg.	60	

	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verðtollur %
5. 40. kafli nr. 1—3 og 5—7 orðist svo:			
1 — — plankar og bitar, ót. a.	1 fet³	10	2
2 — — borð, óunnin	—	10	2
3 — — borð, hefluð og plægð	—	10	2
5 — — símastaurar og raflagnastaurar	—	10	2
6 — — girðingastaurar	—	10	
7 — — staurar, tré og spírur, ót. a.	—	10	2

II. Aftan við ákvæði um stundarsakir kemur nýr liður:

c. Frá því lög þessi koma til framkvæmda og þangað til annað verður ákveðið skal innheimta verðtollinn með 20% frádrætti.

Ed. 511. Almenn hegningarlög.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.).

Samhljóða þskj. 465 (sbr. 43).

Ed. 512. Lög

um sölu á hálfum Víðidal inn af Langavatnsdal.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.).

Samhljóða þskj. 371.

Nd. 513. Lög

um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.).

Samhljóða þskj. 391.

Ed. 514. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja spildu úr landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Við 1. gr. Síðari hluti greinarinnar, á eftir orðunum „30 ha. að stærð", orðist svo: enda taki það ekki til þess lands, sem nú er innan Vatnaskógsgirðingarinnar. Andvirði hins selda lands verði varið til túnbóta á prestssetursjörðinni Saurbæ, og njóta þær jarðabætur, sem fyrir andvirði hins selda lands eru gerðar, ekki styrks samkvæmt lögum nr. 101 23. júní 1936 (jarðræktarlögum).

Alþingi, 19. des. 1939.

Páll Zóphóníasson, form., frsm.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 515. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 487 [Íþróttalög].

Frá Árna Jónssyni.

Við 3. Fyrir orðin „sem ríkið kann að gera það sjálft“ kemur: sem ríkisstjórnin kann að velja til þess fulltrúa sjálf.

Ed. 516. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

Við 1. gr., a-lið 1. málsgr. Í stað „7 mánuðum“ komi: 10 mánuðum.

Ed. 517. Frumvarp til íþróttalaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI
Um stjórn íþróttamála.

1. gr.

Í lögum þessum merkja íþróttir hverskonar líkamsæfingar, er stefna að því að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp.

2. gr.

Fræðslumálastjórnin hefir yfirumsjón allra íþróttamála að því leyti, er ríkið lætur þau til sín taka. Til aðstoðar fræðslumálastjórninni um stjórn og framkvæmd íþróttamála er íþróttafulltrúi og íþróttanefnd.

3. gr.

Íþróttafulltrúi skal hafa alhliða þekkingu um íþróttamál og auk þess þekkingu á sviði almennra uppeldismála, enda starfar hann í sambandi við fræðslumálastjórn, eftir nánari ákvæðum, sem kennslumálaráðherra setur. Hann skal ráðinn af fræðslumálastjórn til þriggja ára í senn, að fengnum tillögum íþróttanefndar, og greiðast laun hans úr ríkissjóði.

Íþróttafulltrúi skal hafa á hendi þessi störf:

1. Að hafa umsjón með íþróttastarfsemi í skólum.
2. Að vinna að útbreiðslu og eflingu íþrótta í landinu.
3. Að gera tillögur um framkvæmdir til eflingar íþróttum og hafa eftirlit með slíkum framkvæmdum.
4. Að veita íþróttafélögum og einstaklingum leiðbeiningar og aðstoð um íþróttamál.
5. Að safna skýrslum um íþróttastarfsemi í landinu.
6. Að gera tillögur um úthlutun fjár úr íþróttasjóði.
7. Annað það, sem honum er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Ráðherra setur íþróttafulltrúa erindisbréf.

4. gr.

Íþróttanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Kennslumálaráðherra skipar íþróttanefnd, og skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tillögum stjórnar íþróttasambands Íslands, en annar samkvæmt tillögum stjórnar ungmennafélags Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Íþróttanefndin er skipuð til þriggja ára í senn. Nefndarmenn allir skulu vera búsettir í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Íþróttanefnd tekur eigi laun fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði. Kostnað við sérfræðilega aðstoð skal þó greiða úr íþróttasjóði.

Íþróttanefnd stjórnar íþróttasjóði og úthlutar fé úr honum eftir fyrirmælum laga þessara. Að öðru leyti skal nefndin hafa á hendi þessi störf:

1. Að vinna að eflingu íþróttamála, og getur hún gert tillögur um allt, sem að þeim lýtur.
2. Að vinna ásamt íþróttafulltrúa að því að koma skipulagi á íþróttamál í landinu.
3. Annað það, sem henni er falið í lögum þessum, eða verður falið með reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Íþróttafulltrúi á sæti á fundum íþróttanefndar, en á þar eigi atkvæðisrétt nema hann sé skipaður í nefndina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd.

II. KAFLI
Um íþróttasjóð.

5. gr.

Stofna skal sjóð til eflingar íþróttum í landinu, og nefnist hann íþróttasjóður. Alþingi veitir sjóðnum árlega fé til ráðstöfunar, eða sér honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt.

6. gr.

Styrkveitingar úr íþróttasjóði skulu miða að því að bæta skilyrði til íþróttaiðkana, og skal áherzla lögð á, að þær komi að sem almennustum notum.

Styrki má veita til:

1. Hverskonar mannvirkja og tækja, sem miða að bættum skilyrðum til íþróttaiðkana, einkum efniskaupa og aðstoðar kunnáttumanna.
2. Til íþróttaskóla og námskeiða.
3. Til útbreiðslu íþrótta og aukinnar íþróttamenntunar.

Eigi má veita styrki til venjulegra íþróttamóta né einstakra kappleika eða til verðlaunagripa, til rekstrarkostnaðar félaga eða til fastrar íþróttakennslu í almennum skólum, né ferðalaga íþróttafélaga.

7. gr.

Þessir aðilar geta notið styrks úr íþróttasjóði:

1. Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.), Ungmennafélag Íslands (U. M. F. Í.), svo og félög og félagasambönd innan vébanda þeirra.
2. Bæjar-, sveitar- eða sýslufélög og skólar.
3. Samtök þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölul. þessarar greinar, svo sem íþróttasamtök slík, er ræðir um í 25. gr. laga þessara.

8. gr.

Umsóknir um styrki úr íþróttasjóði skulu sendar íþróttanefnd samkvæmt reglum, er hún setur.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka tillit til þess:

1. Hve mikið framlag umsækjanda er í vinnu og fé.
2. Hve almenna þýðingu úthlutunin geti haft.

3. Hve heilbrigðisgildi framkvæmdar þeirrar, er styrks nýtur, er mikið.
4. Að stuðningurinn dreifist með tímanum sem jafnast um landið eftir fólksfjölda.
5. Að hve miklu leyti félögin standi undir rekstrarkostnaði sínum með iðgjöldum félagsmanna.

Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennra afnota, eftir því, sem við verður komið, en eigi má nota þau til neins þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþrótta.

9. gr.

Setja skal reglugerð um mannvirki þau, er styrks hafa notið eða njóta úr íþróttasjóði, og skal hún staðfest af fræðslumálastjórninni. Í reglugerð skulu vera ákvæði um stjórn mannvirkis, viðhald og notkun.

10. gr.

Nú vill einhver þeirra aðila, sem taldir eru í 7. gr., koma upp íþróttamannvirki og fá til þess styrk úr íþróttasjóði, og skal hann þá leita samþykkis íþróttanefndar um gerð mannvirkis og stað. Skylt er íþróttanefnd að láta aðilum ókeypis í té uppdrætti og aðrar leiðbeiningar um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa.

III. KAFLI
Um íþróttir í skólum.

11. gr.

Í öllum skólum landsins skulu íþróttir iðkaðar eftir því, sem mælt er fyrir í lögum þessum, eða reglugerðum, er ráðherra setur samkvæmt þeim.

12. gr.

Barnaskólum í kaupstöðum eða kauptúnum með 400 íbúum eða fleiri, svo og öllum æðri skólum, skal séð fyrir hæfu húsnæði með heitu og köldu baði og nauðsynlegum áhöldum til fimleikakennslu, og er hvorttveggja háð úrskurði íþróttafulltrúa. Í barnaskólum í sveitum og kauptúnum með færri en 400 íbúum skal temja nemendum þær fimleikaæfingar, sem við verður komið í húsnæði skólanna, enda sé eigi völ á öðru húsnæði betra. Allir fastir barnaskólar og æðri skólar skulu hafa til umráða hæfilegt landsvæði eða leikvang til þess að iðka knattleiki og útiíþróttir.

13. gr.

Öll börn á landinu skulu læra sund, nema þau séu óhæf til þess, að dómi skólalæknis. Höfuðáherzlu skal leggja á að kenna bringu- og baksund og helztu aðferðir við björgunarsund og endurlífgun úr drukknunarástandi. Skal hver nemandi hafa lokið þessu námi fyrir 14 ára aldur og hafa leyst af hendi ákveðnar raunir í sundi og björgun, samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur.

Þar, sem sundlaugar eru svo nærri skólum, að sundiðkunum verði við komið samhliða öðru námi, skal ætla þeim tíma á stundaskrá skólanna. Að öðrum kosti skal kenna sund með námskeiðum, og skal hver nemandi eiga kost á hálfs mánaðar kennslu a. m. k. Þar, sem sækja skal langt til slíkra sundnámskeiða, skal ríkissjóður taka þátt í ferðakostnaði nemenda, eftir reglum, sem fræðslumálastjórn setur. Í öðrum skólum en barnaskólum skulu nemendur iðka sund, nema þeir teljist til þess óhæfir, að dómi skólalæknis, enda eigi þeir kost á sundkennslu og aðgang að sundlaug. Að loknu námi í skólanum skulu nemendur leysa af hendi prófraunir, er miðaðar séu við aldur þeirra og þroska. Fræðslumálastjórn setur nánari ákvæði um prófraunir þessar.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að veita skólahéruðum undanþágu frá sundskyldu skólabarna fyrstu fimm árin frá því, er lög þessi öðlast gildi, þar sem nauðsyn krefur.

14. gr.

Í öllum skólum skal leggja áherzlu á það, að nemendur fái tækifæri til að stunda útiíþróttir, eftir því sem fært þykir og staðhættir eru til. Ennfremur skulu piltar í öllum skólum eiga kost á tilsögn í íslenzkri glímu. Skal sú kennsla fara fram samkvæmt glímureglum Í. S. Í. á hverjum tíma.

15. gr.

Nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis eru eigi færir um að taka þátt í hinum almennu íþróttaiðkunum skólanna, skal séð fyrir líkamsæfingum við þeirra hæfi, eftir því sem fært þykir. Fræðslumálastjórn setur að öðru leyti, eftir tillögum íþróttafulltrúa og íþróttanefndar, ákvæði um tilhögun og stundafjölda fimleikakennslu og annara íþróttaiðkana í skólum.

16. gr.

Skólanemendum er óheimilt að stunda íþróttaæfingar í félögum utan skólanna þann tíma árs, sem skólar starfa, nema með leyfi skólastjóra.

17. gr.

Í öllum barnaskólum og öðrum almennum skólum skal fara fram kennsla í heilsufræði. Leggja skal sérstaka áherzlu á fræðslu um heilsuvernd, gildi íþrótta og skaðsemi eiturnautna.

18. gr.

Háskólastúdentar skulu eiga kost á íþróttakennslu og íþróttaiðkunum, eftir nánari ákvæðum, sem ráðherra setur.

19. gr.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að láta gera íþróttamerki fyrir skóla, samkvæmt reglugerð, er kennslumálaráðuneytið setur um þau efni. Merkin skulu allir skólanemendur eiga kost á að fá fyrir lágt verð, er þeir hafa unnið tilskilið afrek og náð tilskilinni leikni.

IV. KAFLI

Um íþróttakennslu.

20. gr.

Enginn getur öðlazt réttindi sem sérkennari í íþróttum, né rekið íþróttakennslu sem atvinnu, nema hann hafi lokið íþróttakennaraprófi hér á landi eða öðlazt réttindi sem íþróttakennari áður en lög þessi tóku gildi.

Próf þetta skal taka í uppeldisfræði, kennslufræði og kennslu, íslenzku, líkamsfræði, leikfimi, sundi, íslenzkri glímu og þeim einmenningsíþróttum, sem tilskildar kunna að verða í reglugerð, sem ráðherra setur um prófið. Þeir einir hafa rétt til að ganga undir kennarapróf í íþróttum, sem stundað hafa nám við íslenzkan eða erlendan íþróttakennaraskóla minnst 9 mánuði og kynnzt kennslu í skólum og íþróttafélögum. Heimilt er fræðslumálastjórn að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef í hlut eiga menn, sem fengnir eru til þjálfunar um stundarsakir í einstökum íþróttagreinum, enda samþykki stjórn íþróttakennarafélags Íslands ráðningu þeirra.

21. gr.

Kennarar kennaraskólans í uppeldis- og kennslufræði og íslenzku skulu annast próf í þessum greinum við íþróttakennaranapróf, og prófdómarar og kröfur skulu vera sömu við það og almennt kennarapróf.

Fræðslumálastjórn skipar prófdómendur í íþróttum.

22. gr.

Við héraðsskóla, einn eða fleiri, skal halda uppi sérdeildum til íþróttakennslu, og skulu nemendur, sem til þess þykja fallnir að dómi skólastjóra, eiga kost á að stunda þar nám eftir eins vetrar dvöl í héraðsskóla eða öðrum skóla jafngildum. Í íþróttadeildum þessum skal nemendum kennt að leiðbeina öðrum um íþróttaiðkanir, svo að þeir verði færir um leiðbeiningar í íþróttaiðkunum í heimahögum sínum. Nám í deildum þessum veitir að öðru leyti engin kennararéttindi.

23. gr.

Í kennaraskólanum skulu fimleikar og aðrar íþróttir vera skyldunámsgreinar, og skal kennslan vera bæði bókleg og verkleg. Íþróttakennsla skal jafnan vera ein grein kennaraprófs, og skal miða prófið við það, að kennarar verði færir um að veita tilsögn í íþróttum í barnaskólum og íþróttafélögum, þar sem ekki er völ á sérkennara. Undanþegnir íþróttanámi í kennaraskólanum skulu þeir karlmenn, sem sýna með læknisvottorði, að þeir geti ekki stundað það nám. Konur, sem þess æskja skriflega, skulu ennfremur undanþegnar íþróttanámi. Fræðslumálastjórn setur með reglugerð nánari ákvæði um þær íþróttagreinar, sem stunda skal, tilhögun kennslu og kröfur við próf.

V. KAFLI

Um frjálsa íþróttastarfsemi.

24. gr.

Íþróttastarfsemi utan skólanna er falin frjálsu framtaki landsmanna, og fer fram í félögum og sem einstaklingsstarf, með þeim stuðningi, sem veittur er samkvæmt lögum þessum. Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.) er æðsti aðili um frjálsa íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu og kemur fram erlendis af Íslands hálfu í íþróttamálum, nema að því leyti, sem ríkisstjórnin kann að velja til þess fulltrúa sjálf.

Öll opinber íþróttakeppni skal fara fram samkvæmt reglum, sem Í. S. Í. setur, enda séu þær ætíð í samræmi við alþjóðaíþróttareglur. Þó getur íþróttanefnd mælt svo fyrir, að enginn megi taka þátt í keppni í tilteknum íþróttagreinum, nema læknir hafi áður skoðað hann.

25. gr.

Skipta skal landinu niður í íþróttahéruð eftir legu og aðstöðu til samvinnu um íþróttaiðkanir. Íþróttanefnd annast skiptingu þessa í samráði við stjórnir Í. S. Í. og U. M. F. Í. Íþróttanefnd og íþróttafulltrúi skulu vinna að því, að allir aðilar um íþróttamál í íþróttahéraði hverju bindist samtökum um hagsmuni sína. Meðan aðilar þessir hafa eigi myndað slík samtök, skal íþróttanefnd skipa þriggja manna stjórnarnefnd í héraði hverju. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Í. S. Í. og annar samkvæmt tilnefningu stjórnar U. M. F. Í. og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu fræðslumálastjórnar. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður er umboðsmaður íþróttanefndar og íþróttafulltrúa í héraði sínu. Eigi þiggur hann laun fyrir það starf. Þá er héraðssamtök íþróttaaðila hafa myndazt, tekur stjórn þeirra við starfi nefndarinnar.

26. gr.

Til þess að félög séu viðurkennd til styrkveitinga samkvæmt lögum þessum, verða þau að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Inntaka manna í þau sé ekki bundin skilyrðum um trúar- eða stjórnmálaskoðanir.
2. Allir félagsmenn séu skyldir að greiða iðgjöld í sjóði félaganna.

3. Félögin séu í Í. S. Í. eða U. M. F. Í., greiði þeim tilskilin gjöld, sendi árlegar fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul.
4. Félögin hafi lækniseftirlit með íþróttamönnum sínum, eftir því sem við verður komið.

VI. KAFLI
Ýms ákvæði.

27. gr.

Skylt er bæjar-, sveitar- og sýslufélögum að leggja til endurgjaldslaust hentug lönd og lóðir undir íþróttamannvirki, sem styrkt eru úr íþróttasjóði, eða íþróttanefnd viðurkennir. Heimilt er að taka land til þessa eignarnámi, ef þörf krefur.

28. gr.

Ef félag eða skóli, sem fengið hefir styrk úr ríkissjóði eða íþróttasjóði til mannvirkja eða íþróttatækja, leggst niður, skulu þessar eignir þess renna til íþróttasjóðs, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum eða reglugerðum. Íþróttanefnd sér um, að þær komi að notum til íþróttaiðkana á þeim stað, sem þær eru, eftir því sem ástæður leyfa.

29. gr.

Viðurkenndir skólar og íþróttafélög skulu hafa forgangsrétt að notkun íþróttamannvirkja og tækja, sem þegar eru til í landinu, eða byggð kunna að verða, að því leyti, sem eigendur nota þau ekki til íþróttaiðkana, enda sé greitt fyrir það sanngjarnt verð.

30. gr.

Ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á lögum þessum eða framkvæmdum þeirra, skal skjóta til úrskurðar íþróttanefndar, nema svo sé vaxinn, að hann heyri undir dómstóla.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 24 23. júní 1932, um próf leikfimi- og íþróttakennara, reglugerð nr. 79 11. júlí 1934, um sama efni, svo og önnur ákvæði eldri laga og reglugerða, er brjóta í bága við þau.

Til þess að koma upp mannvirkjum eða fá ráð á fasteignum, sem lög þessi mæla fyrir um, skal veittur fimm ára frestur frá gildistöku þeirra.

Ed. 518. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Innan íslenzkrar landhelgi skulu veiðar með dragnótum bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 1. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar allt árið. Þó er atvinnumálaráðherra heimilt, er sérstaklega stendur á, að veita þessum skipum leyfi til þessara veiða frá 1. okt. til 30. nóv. Heimilt er sýslunefnd eða bæjarstjórn, með samþykkt, er birta skal í Lögbirtingablaðinu, að banna með öllu dragnótaveiðar innan afmarkaðra löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði.

2. gr.

Í 8. gr. laganna, á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta", bætist: lengd dráttarlína.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 519. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks og hrafns.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Næstu tvö ár (24 almanaksmánuði) eftir gildistöku laga þessara skal greiða eina krónu fyrir dráp hvers svartbaks (veiðibjöllu) og hvers hrafns.

Sá, er drepið hefir vargfugla þá, er hér greinir, skal sanna það fyrir hreppstjóra, sýslumanni eða bæjarfógeta, vilji hann hljóta laun fyrir samkv. ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir laun þau, er 1. gr. ákveður. En sýsla og hreppur, sem vargfuglar þessir eru drepnir í, skulu greiða ríkissjóði: sýslan 25% og hreppurinn 20% af launum. Auk þess skulu þeir, er æðardúnstekjur hafa, greiða ríkissjóði 50 aura fyrir hvert hreinsað kg. af æðardún, er þeim fellur næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Sá, sem eyða vill svartbak eða hröfnum með skotum, má gera það hvar sem er. Þó má það ekki gera á friðlýstum varplöndum né í nánd þeim, né heldur á friðlýstum höfnum, nema leyft sé af þeim, er þar á að ráða.

4. gr.

Skylt er hverjum búanda að eyða eggjum svartbaks og hrafns á ábýlislandi sínu og öðrum þeim löndum, er hann ræður yfir, ef þess er kostur. Vanræksla þessarar skyldu varðar sektum, 50—300 kr. Sektir renna í sjóð sveitar þeirrar, er hlut á að máli.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er frestað framkvæmd laga nr. 66 23. júní 1936.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Ed. 520. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 402.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

4. liður orðist svo:

Á árinu 1940 má ekki greiða meira en allt að 100000 kr. til fiskimálasjóðs samkv. 13. gr. tölul. 1 laga nr. 75 31. des. 1937.

Ed. 521. Lög

um breyting á vegalögum, nr. 101 frá 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 366.

Ed. 522. Lög

um gjald af innlendum tollvörutegundum.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.).

Samhljóða þskj. 482.

Sþ. 523. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1938.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1938, eru veittar kr. 89481.14 samkv. 2.—6. gr. þessara laga.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. A. er veitt:

1. Kostnaður við viðgerð á lögreglustöðinni, Pósthússtr. 3, Reykjavík	kr.	5758.55	
2. Kostnaður við byggingu fangahúss á Sauðárkróki	—	1984.80	
			kr. 7743.35

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til bókasafns á Sauðárkróki			— 500.00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1. Kostnaður við athugun á fjárhag bæjarfélaga og útgerðarmanna á Austurlandi	kr.	1129.00	
2. Kreppuhjálp til Austfjarða	—	52000.00	
			— 53129.00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

1. Til sjúkrasjóðs verkamannafél. á Þingeyri	kr.	300.00	
2. Til sjúkrasjóðs hjúkrunarfél. í Ólafsvík	—	300.00	
			— 600.00

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1. Kostnaður vegna heimsóknar krónprinshjónanna	kr.	23508.79	
2. Greiðsla vegna ofviðristjóns á Haganesvík	—	4000.00	
			— 27508.79
		Samtals	kr. 89481.14

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um 2. gr.

1. Hér er um að ræða eftirstöðvar af kostnaði við að breyta húsakynnum í Pósthússtræti 3 í húsnæði fyrir lögregluna.

2. Nauðsyn var á að byggja fangahús á Sauðárkróki, og er fjárhæð þessi helmingur byggingarkostnaðar, en hreppsfélagið lagði helming á móti.

Um 3. gr.

Fé þetta var greitt eftir tillögu fjárveitinganefndar, en láðst mun hafa að taka þessa fjárhæð upp í frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1938, þótt til þess hafi verið ætlazt, að fjárveiting yrði ákveðin í fjárlögum þess árs.

Um 4. gr.

1. Ríkisstjórnin réði Benedikt Guttormsson, kaupfélagsstjóra, til að athuga fjárhag sjómanna og útvegsmanna á Austfjörðum og úthluta styrktarfé til þeirra. Er nefnd fjárhæð þóknun til hans og kostnaður hans vegna þessa starfa.

2. Vegna misheppnaðrar vertíðar var sjómönnum á Austfjörðum, sem stundað hafa fiskveiðar á stærri vélbátum á síðustu vertíð og ráðnir hafa verið upp á hlut í afla, veittur styrkur að fjárhæð allt að kr. 50.00 fyrir hvern mann, sem þeir höfðu á framfæri sínu. Sami styrkur var veittur landverkamönnum, sem fastráðnir höfðu verið við bátana með sömu kjörum og sjómenn, þ. e. upp á hlut í afla, og útgerðarmönnum, sem vinna sjálfir að útgerðinni.

Um 5. gr.

1. Fjárhæð þessi er veitt í fjárlögum fyrir árið 1937, en hún var ekki hafin úr ríkissjóði áður en reikningsárið 1937 var liðið. Þótti því rétt að ávísa henni, þegar hennar var vitjað, gegn væntanlegri aukafjárveitingu.

2. Sama er um þessa greiðslu að segja.

Um 6. gr.

1. Ekki varð ráð fyrir þessum kostnaði gert í fjárlögum fyrir árið 1938, en heimsókn krónprinshjónanna var sumarið 1938.

2. Um þessa greiðslu er sama að segja, sem um greiðslur samkv. 5. gr.

Nd. 524. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar á l. nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og borið það saman við gildandi lög um þetta efni. Telur nefndin þessa aukningu á ákvæðum laga um lögreglu til bóta, enda nauðsynlegt, að jafnan sé öruggt, að ríkisvaldinu og borgurunum sé búin hin fyllsta vernd. Nefndin leggur því til, að frv. sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. des. 1939.

Bergur Jónsson,	Thor Thors,	Vilm. Jónsson,
form.	frsm.	fundaskr.
Garðar Þorsteinsson.	Sveinbjörn Högnason.	

Ed. 525. Nefndarálit

um frv. til berklavarnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og greinargerð þess, eftir því sem kostur hefir verið á, á þeim stutta tíma, er hún hefir haft það til meðferðar.

Þær breytingar, sem með frv. eru gerðar á gildandi berklavarnalögum, eru að mjög miklu leyti aðeins lögfesting á því, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsyn bar til að taka upp og hefir verið framkvæmt hin síðari ár. Þau nýmæli, sem fram eru borin í frv., telur nefndin að stefni í rétta átt og mælir með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. Magnús Gíslason.

Nd. 526. Breytingartillögur

við frv. til l. um almennan vinnuskóla ríkisins.

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

1. Við 11. gr. Síðasti málsliður („Auk þess ... staðið.“) orðist svo: Um kaup þeirra skal fara eftir samningum við verklýðsfélag á staðnum, eða ef ekkert félag er þar, þá á næsta stað, sem verklýðsfélag er á.
2. Við 12. gr. Í stað „18 ára“ í 1. tölulið komi: 17 ára.
3. Við 14. gr. Síðari málsgr. falli niður.
4. Við 15. gr. Síðari málsl. („Ef verk ... vinnur“) falli niður.

Nd. 527. Nefndarálit

um frv. til póstlaga.

Frá samgöngumálanefnd.

Frumvarp þetta, sem komið er frá hv. Ed., hefir samgöngumálanefnd athugað og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. des. 1939.

Helgi Jónasson, form. Gísli Sveinsson, frsm. Vilm. Jónsson, fundaskr.

Skúli Guðmundsson. Eiríkur Einarsson.

Ed. 528. Nefndarálit

um frumv. til laga um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. des. 1939.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Erl. Þorsteinsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 529. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

I. Á undan 1. gr. frv. koma tvær nýjar greinar, er verða 1. og 2. gr., svo hljóðandi:
1. (1. gr.) a. Upphaf 1. gr. laga nr. 100 11. júní 1938 orðist svo:
Þegar meistarar í iðnaði taka nemanda o. s. frv.
b) Á eftir 1. málsgr. sömu lagagr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Ekki geta einstök félög ákveðið með samþykktum sínum, hverjir meistarar taka nemendur til kennslu, og óheimilt er að torvelda á nokkurn hátt framkvæmd námssamnings, sem gerður er og staðfestur samkvæmt lögum þessum.
c) Upphaf 3. málsgr. sömu lagagr. orðist svo:
Árlega skulu iðnaðarfulltrúar leita álits o. s. frv.
2. (2. gr.) Upphaf 2. málsl. 5. gr. laganna orðist svo:
Hvenær sem er á því tímabili hafa bæði o. s. frv.

II. Við 1. gr. frv., sem verður 3. gr. Í stað „laga nr. 100 11. júní 1938“ kemur: laganna.

III. Á eftir þeirri gr. kemur ný gr., sem verður 4. gr., svo hljóðandi:
Við 10. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Aldrei má meistari hafa fleiri nemendur að vinnu en fullgilda iðnaðarmenn.

IV. Við 2. gr. frv., sem verður 5. gr. Í stað „sömu laga“ kemur: laganna.

Alþingi, 19. des. 1939.

Emil Jónsson, form., frsm. Gísli Sveinsson, fundaskr. Bjarni Ásgeirsson.
Sigurður Kristjánsson. Pálmi Hannesson.

Ed. 530. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 23. júní 1936 (Iðja og iðnaður).

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. des. 1939.

Erl. Þorsteinsson, form. Bj. Snæbjörnsson, fundaskr. Páll Hermannsson, frsm.

Ed. 531. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað „1. okt.“ í 3. efnismálslið kemur: 15. sept.

Ed. 532. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja spildu úr landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eiganda og ábúanda jarðarinnar Þórisstaða í Svínadal, eftir mati dómkvaddra manna, spildu úr landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, á svonefndum Kúvallareyrum, allt að 30 ha. að stærð, enda taki það ekki til þess lands, sem nú er innan Vatnaskógargirðingarinnar. Andvirði hins selda lands verði varið til túnbóta á prestssetursjörðinni Saurbæ, og njóta þær jarðabætur, sem fyrir andvirði hins selda lands eru gerðar, ekki styrks samkvæmt lögum nr. 101 23. júní 1936 (jarðræktarlögum).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 533. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1940.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1940.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1940.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1940.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1940.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1940.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1940 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1940.
8. Á árinu 1940 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1940 lækkar framlag ríkissjóðs til byggingar- og landsnámssjóðs, sbr. 3. gr. laga nr. 76 11. júní 1938, um 75000 kr.
10. Á árinu 1940 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði. Þó skulu 2000 kr. renna til prestakallasjóðs á árinu.
11. Á árinu 1940 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
12. Á árinu 1940 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, samanber lög nr. 32 1931, en 62000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.

13. Á árinu 1940 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
14. Á árinu 1940 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 4½‰ úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1940 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólanum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.
16. Á árinu 1940 leggur ríkissjóður fram 25000 kr. til verkafærakaupasjóðs.
17. Á árinu 1940 má ekki greiða meira en allt að 100000 kr. til fiskimálasjóðs samkv. 13. gr. tölul. 1 laga nr. 75 31. des. 1937.
18. Heimild sú til að greiða vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánum til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., sem veitt er samkv. 4. gr. l. nr. 79 frá 19. júní 1933, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 91 frá 3. maí 1935, skal úr gildi felld fyrir árið 1940. Þó skal ríkissjóður greiða til ræktunarsjóðs 1% af jarðræktarbréfum þeim, sem eru í eigu annara en Búnaðarbanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Ed. 534. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. des. 1939.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Bjarni Snæbjörnsson.

Ed. 535. Lög

um breyting á lögum um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 494.

Ed. 536. Lög

um hafnargerð í Stykkishólmi.

(Afgreidd frá Ed. 20. des.).

Samhljóða þskj. 380.

Sþ. 537. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1937.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. des. 1939.

Jónas Jónsson, formaður.	Emil Jónsson, fundaskrifari.	Helgi Jónasson, frsm.
Bjarni Bjarnason.	Pétur Ottesen.	Bernh. Stefánsson.
Jón Pálmason.	Sig. E. Hlíðar.	Þorst. Þorsteinsson.

Nd. 538. Nefndarálit

um frv. til laga um héraðsskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir yfirfarið gaumgæfilega frv. til laga um héraðsskóla og leggur öll til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem skráðar eru hér á eftir. Tveir nefndarmanna (GSv og PHalld) áskilja sér ennfremur rétt til þess að bera fram eða fylgja brtt. við 13. gr. frv.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Á eftir „á sumrin“ í 3. málsl. komi: að jafnaði.
2. Við 3. gr.
   a. Fyrir „skulu vera“ í 1. málsl. 1. málsgr. komi: eru.
   b. Á eftir „fyrri“ í 2. málsl. sömu málsgr. komi: eða fyrsta.
   c. Fyrir „verklega kennslu“ í 5. málsl. komi: verknám.
   d. Fyrir „meginstefnur“ í 2. málsl. 2. málsgr. komi: meginatriði.
   e. Fyrir „hina áhrifamestu“ í sama málsl. komi: merkustu.
   f. Fyrir „íslenzkum fræðum“ í síðasta málsl. sömu málsgr. komi: íslenzku í þessum skólum.
3. Við 6. gr. 2. liður orðist svo:
   Að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en að öðru leyti fer um ráðning þeirra og uppsögn, er hlítir 6 mánaða fyrirvara, eftir sömu reglum og um skólastjóra.
4. Við 7. gr. Síðasti málsl. orðist svo:
   Skólanefnd semur við kennara, í samráði við skólastjóra, hverskonar störf þeir skuli inna af hendi við andlega eða líkamlega vinnu hvert vor og sumar, þegar kennsla fer ekki fram í skólanum.
5. Við 9. gr. Síðari málsl. síðustu málsgr. orðist svo:
   Sömuleiðis skal koma á fót við héraðsskóla svo fullkomnu sérnámi í húsagerð og smíði einfaldra húsgagna, að nemendur, sem þar hafa stundað nám, geti reist venjulegar byggingar og smíðað innanstokksmuni fyrir heimili í sveitum.
6. Við 15. gr. Við greinina bætist: og breytingar, er á þeim lögum hafa verið gerðar.

7. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Síðari málsl. 2. málsgr. falli burt.
   b. 3. málsgr. orðist svo:
      Ákveða má í reglugerð, að skólanefnd skuli heimilt að undanþiggja kennara, að nokkru eða öllu leyti, störfum fyrir skólann utan reglulegs kennslutíma.

Alþingi, 20. des. 1939.

Bjarni Bjarnason, form., frsm. Pálmi Hannesson, fundaskr. Gísli Sveinsson.
Ásg. Ásgeirsson. Pétur Halldórsson.

Nd. 539. Nefndarálit

um frv. til l. um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

Frá fjárhagsnefnd.

Í október í haust setti ríkisstjórnin bráðabirgðalög um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, þar sem óhjákvæmilegt var að tryggja skipshafnir á íslenzkum skipum gegn slysum af völdum ófriðarins, en rétt þótti, að trygging þessi væri á innlendum höndum.

Bráðabirgðalögin voru síðan í frumvarpsformi lögð fyrir efri deild. Voru þar gerðar nokkrar breytingar á frv.

Fjárhagsnefnd Nd. hefir nú yfirfarið frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. des. 1939.

Sveinbjörn Högnason, form. Ásg. Ásgeirsson, fundaskr. Steingr. Steinþórsson, frsm.
St. Stefánsson. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 540. Breytingartillögur

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

I. Við 1. gr.	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. 25. kafli nr. 17 orðist svo:			
17 Sement	100 kg.	55	2
2. Á eftir tölul. 10 í 45. kafla kemur nýr liður:			
11 Landabréf af Íslandi, þar með talin sjókort	tollfrjáls		
3. Á eftir tölul. 7 í 66. kafla kemur nýr liður:			
8 Hettur á mjólkurflöskur og efni í þær	1 kg.	1	2
4. Í stað „allskonar“ í 71. kafla nr. 24 kemur: ót. a.			
5. 72. kafli nr. 33 orðist svo:			
33 Akkerisvindur, lóðarvindur, togvindur og aðrar skipavindur (spil), svo og stýrisvélar og hlutar til þessara tækja	1 kg.	2	2
6. 76. kafli nr. 4 orðist svo:			
4 — herpinótabátar með eða án véla	—	—	2

II. Við 3. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo:
Skylt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af sykri og kryddi, sem notað er við verkun síldar til útflutnings, aðflutningsgjöld af sykri, sem notaður er við verkun hrogna til útflutnings, svo og af kryddvörum og umbúðum, sem notað er við niðursuðu matvæla til útflutnings.

III. Við 10. gr. Aftan við 5. málsgr. komi: Þá skal og heimilt að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

Nd. 541. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga.

Frá Steingrími Steinþórssyni.

Við 1. gr. 12. tölulið (Búfjárrækt).
Fyrir „62000 kr.“ kemur: 68000 kr.

Ed. 542. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vill meiri hlutinn annaðhvort fella frv. með öllu (SÁÓ) eða gera allverulegar breytingar á því (IngP).

Minni hlutinn telur hinsvegar nauðsyn á að skipa þessum málum með lögum, á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv., ef ekki fæst samkomulag á annan hátt, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Nánar í framsögu.

Alþingi, 20. des. 1939.

Magnús Gíslason.

Nd. 543. Breytingartillögur

við frv. til l. um héraðsskóla.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 3. gr. Í 1. málsl. komi á undan „samskólar“: að jafnaði.
2. Við 3. gr. 2. málsgr. Síðasti málsl. („Erlend tungumál ... setur“) falli niður.
3. Við 7. gr. Síðasti málsl. („Skólanefnd ... skólanum“) falli niður.
4. Við 9. gr.
   a. Orðin „húsagerð og“ falli niður.
   b. Í stað orðanna „geti ... sveitum landsins“ komi: geti smíðað innanstokksmuni fyrir heimili í sveitum landsins.

Ed. # 544. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá allsherjarnefnd.

Á öndverðum síðari hluta þingsins flutti nefndin mál þetta eftir beiðni félagsmálaráðherra, án þess að fram hefði farið af nefndarinnar hálfu nákvæm athugun á efni þess. Við umræðu mætti það nokkrum andmælum, er varð þess valdandi, að nefndin taldi nauðsynlegt að leita umsagnar ýmsra bókaútgáfufélaga og menningarstofnana um frumvarpið, og þá einkum þeirra, er gefa út bækur þýddar af erlendum málum, svo og ríkisútvarpsins. Til nefndarinnar bárust svör frá sjö aðilum af 9, er leitað var til. Voru sex þeirra andvíg því, að frv. yrði lögfest, en aðeins eitt þeirra var frv. meðmælt. Frá tveimur barst ekkert svar.

Auk þessa fékk nefndin í hendur frá utanríkismáladeild forsætisráðuneytisins bréf frá Jóni Krabbe, trúnaðarmanni Íslands í utanríkismálum, til ráðuneytisins ásamt skýrslu frá fundi, sem haldinn var í Stokkhólmi dagana 30. og 31. maí 1938 af fulltrúum allra Norðurlandanna, þar á meðal Jóni Krabbe sem fulltrúa Íslands. Var fundarefnið að undirbúa samvinnu um endurskoðun gildandi laga um rétt rithöfunda og listamanna. Á fundinum var sú skoðun almennt ríkjandi, að æskilegt væri, að Ísland frestaði löggjöf um þessi mál eitt til tvö ár, þar til séð yrði, hver niðurstaða fengist af samvinnu allra Norðurlandanna, og Ísland frestaði þar með að ganga í Bernarsambandið.

Nefndin er því þeirrar skoðunar, að ekki sé rétt að hraða löggjöf um þetta efni fyrr en séð verður, hvaða úrslit það fær á Norðurlöndum um endurskoðun laganna. Einnig ber að taka tillit til innlendra bókaforlaga og menningarstofnana, sem telja það vafasaman ávinning að ganga í Bernarsambandið eins og sakir standa, og sum þeirra telja, að það muni torvelda útgáfu erlendra bóka, þýddra á íslenzka tungu.

Af ástæðum, sem að ofan greinir, telur nefndin ekki rétt, að málið verði afgreitt á þessu þingi, og leggur til, að því verði vísað til hæstv. ríkisstjórnar til frekari athugunar.

Alþingi, 21. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	Magnús Gíslason.

Fylgiskjal I.

FÉLAG ÍSLENZKRA PRENTSMIÐJUEIGENDA

Reykjavík, 14. nóvember 1939.

Út af ósk háttv. allsherjarnefndar Ed. um umsögn félags vors um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, vill stjórn félags íslenzkra prentsmiðjueigenda taka fram eftirfarandi:

Ef Ísland gerist meðlimur Bernarsambandsins, mun það íþyngja mjög tilfinnanlega íslenzkri bókaútgáfu og í mörgum tilfellum gera ókleift að koma út á íslenzku bókum úr heimsbókmenntunum, sem æskilegt er, að þjóðin fái að kynnast á sínu eigin máli; bókamarkaðurinn íslenzki er svo takmarkaður, að verðhækkun sú, er hlýtur að leiða af greiðslum til erlendra rithöfunda og útgáfufyrirtækja fyrir þýðingarrétt, mun gereyðileggja afkomumöguleika útgefenda erlendra rita í íslenzkri þýðingu. Þetta mun svo í annan stað hafa þau áhrif á atvinnu allra þeirra, er við bókaútgáfu starfa, að hún hlýtur að dragast saman að miklum mun, til tjóns fyrir þjóðfélagið í heild og alla andlega menningu þjóðarinnar, og jafnvel mun

þetta hér innanlands óbeint bitna á þeim, er þessi lagabreyting á að vera til hagsbóta fyrir, íslenzkum rithöfundum og listamönnum, því að óhætt mun að fullyrða, að útgáfa erlendra rita á íslenzku gerir nú bókaútgefendum mögulegt að greiða Íslendingum eftir atvikum sómasamlega fyrir verk þeirra.

Telur stjórn F. Í. P. því ekki rétt, að frumvarp þetta verði afgreitt frá Alþingi.

F. h. Félags íslenzkra prentsmiðjueigenda
Gunnar Einarsson. H. Helgason.

Fylgiskjal II.

HIÐ ÍSLENZKA PRENTARAFÉLAG

15. nóvember 1939.

Allsherjarnefnd efri deildar Alþingis hefir með bréfi, dags. 14. þ. m., beiðzt umsagnar félags vors um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 13 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt. Hefir stjórn félagsins því athugað frumvarp þetta og leyfir sér að mæla með því, að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst.

Fyrir stjórn Hins íslenzka prentarafélags

Magnús H. Jónsson, formaður. Guðm. Halldórsson, ritari.

Fylgiskjal III.

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA h/f

Reykjavík, 15. nóv. 1939.

Allsherjarnefnd Efri deildar Alþingis.
Háttvirtu nefndarmenn.

Ég vil leyfa mér fyrir hönd Ísafoldarprentsmiðju h/f að þakka yður þá miklu hugulsemi, er þér sýnið útgáfustarfsemi prentsmiðjunnar með því að gefa mér kost á að láta í ljós álit mitt á frumvarpi því til breytingar á lögum nr. 13 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, er nú liggur fyrir þinginu.

Í fyrsta lagi vil ég skírskota til rökstuðnings þess, er felst í samþykkt stjórnar Félags íslenzkra prentsmiðjueigenda, er gerð var út af þessu máli og send háttvirtri nefnd.

Í öðru lagi vil ég benda á, að ég hefi ekki orðið þess var né heyrt þess getið, að það, að Ísland hefir ekki verið þátttakandi í Bernarsambandinu, hafi hingað til verið þröskuldur á vegi íslenzkra rithöfunda, skálda eða listamanna, fyrir birtingu verka þeirra erlendis. Ekki munu heldur hafa verið mikil brögð að því, að þeir Íslendingar, sem eitthvað hefir birzt eftir á erlendum vettvangi, hafi verið sviptir möguleikum til þóknunar fyrir verk sín af þessum ástæðum.

Í þriðja lagi tel ég algerða fjarstæðu að ætlast til þess, að Íslendingar fái þóknun fyrir verk sín erlendis vegna þátttöku Íslands í Bernarsambandinu, en geri þó jafnframt ráð fyrir því, að þeir geti hagnýtt sér verk annara endurgjaldslaust.

Menn verða að hafa það hugfast, að erlendis er það algengast, að stór útgáfufyrirtæki hafa með höndum alla verzlunarlega umsjón með verkum höfundanna. Þangað verður að snúa sér með beiðnir um þýðingarrétt og birtingu ritanna. Þessir menn líta á málið frá verzlunarsjónarmiði fyrst og fremst, og sumir (t. d. í næstu nágrannalöndunum) telja það jafnvel til tjóns fyrir sig, að bókin sé þýdd

á íslenzku, það rýrir markaðsvon þeirra til sölu bókarinnar á frummálinu. Geti aftur á móti íslenzkir útflytjendur andlegra afurða sannað, að verk þeirra sé hagnýtt erlendis án þess að þeir fái greiðslu fyrir af þessum ástæðum, væri þjóðfélaginu margfalt betra að bæta þeim skaðann í hverju einstöku tilfelli heldur en leggja þá fjötra á menningu þjóðarinnar, sem þátttaka Íslands í Bernarsambandinu myndi verða.

Hinsvegar má telja líklegt, að takmörkun á útgáfu erlendra rita í íslenzkri þýðingu myndi auka hér að mun sölu á erlendum bókum. Og þótt deila megi um val á þeim bókum, sem þýddar hafa verið, verður hinu ekki neitað, að fremur mætti það teljast afturfararmerki, að þurfa að fullnægja lestrarþörf Íslendinga næstum einvörðungu með lestri þeirra bóka, sem mest hafa selzt í bókaverzlunum undanfarið — og það á erlendu máli.

Mér sýnist því, að í þessu máli hafi Íslendingar alla áhættuna, en hagnaðarvonin sé hverfandi.

Væri því æskilegast, að frumvarp þetta yrði ekki afgreitt frá þinginu.

Virðingarfyllst,
p. p. Ísafoldarprentsmiðja h/f
Gunnar Einarsson.

Fylgiskjal IV.

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS

Reykjavík, 15. nóv. 1939.

Að fengnu bréfi háttv. allsherjarnefndar, dags. í gær, hefi ég lesið Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, og hefi ég ekkert að athuga við greinar frumvarpsins. En með því að gagnger endurskoðun á lögunum um rithöfundarétt hefir verið í undirbúningi og nokkuð hefir þegar verið að henni unnið, virðist mér íhugunarvert, hvort ekki ætti að ljúka þeirri endurskoðun áður en Ísland sækir um inngöngu í Bernarsambandið.

Virðingarfyllst
Guðm. Finnbogason,
p. t. forseti Bókmenntafélagsins.

Fylgiskjal V.

ÍSLENZKA BÓKSALAFÉLAGIÐ

Reykjavík, 20. nóv. 1939.

Út af bréfi háttvirtrar allsherjarnefndar efri deildar Alþingis, dags. 14. þ. m., gerði Íslenzka Bóksalafélagið svofellda ályktun á fundi sínum í dag:

„Þar sem þátttaka Íslands í Bernarsambandinu mundi torvelda mjög íslenzka bókaútgáfu, treystist Íslenzka Bóksalafélagið ekki til að mæla með frumvarpi til laga á þingskjali 276.“

Virðingarfyllst
Pétur Halldórsson,
p. t. formaður.

Fylgiskjal VI.

ÚTVARPSRÁÐIÐ

Reykjavík, 21. nóv. 1939.

Í tilefni af frumv. til l. um breyting á l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, sem háttvirt allsherjarnefnd efri deildar hefir sent útvarpsráði til umsagnar, vill útvarpsráðið taka þetta fram:

1. Ef Ísland gerðist aðili að Bernarsambandinu, mundi það baka ríkisútvarpinu fyrst og fremst fjárútlát til erlendra tónskálda og rithöfunda.

2. Engar upplýsingar eru í greinargerð frumvarpsins, sem gera mögulegt að áætla, hve miklu þessi fjárútlát gætu numið.

3. Um íslenzka rithöfunda hefir ríkisútvarpið um allmörg undanfarin ár gætt þess eftir föngum að láta ekki aðra en þá sjálfa fá tækifæri til að flytja verk þeirra í útvarpið, eða láta þá ráðstafa flutningnum.

4. Ríkisútvarpið hefir tjáð sig reiðubúið til þess að taka upp umræður við bandalag íslenzkra listamanna um heildargreiðslu fyrir afnot af verkum íslenzkra höfunda. Hinsvegar mun útvarpsráð ekki sjá fært að gera samninga né skapa fordæmi um frekari rétt höfunda en ákveðinn er í landslögum, sem um þetta kunna að gilda hverju sinni.

5. Útvarpsráði virðist, að í greinargerð frumvarpsins komi fram talsvert einhliða sjónarmið af hálfu íslenzkra höfunda og að algerlega skorti fyllri vitneskju um það, hvað íslenzkir höfundar mundu vinna við breytinguna, hvaða baga þeir raunverulega hafa af því ástandi, sem er, og hinsvegar, hver útgjöld og hömlur gæti af því leitt, að Ísland gengi í Bernarsambandið.

6. Um það, hver menningarskylda hvíli á Íslendingum að ganga í Bernarsambandið, má benda á, að jafnvel stórveldi eru utan þess, svo sem Rússland og Bandaríki Norður-Ameríku.

Virðingarfyllst
Jón Eyþórsson,
formaður.

Fylgiskjal VII.

Reykjavík, 9. desember 1939.

Með bréfi, dags. 14. fyrra mánaðar, hefir háttvirt nefndin óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, að því leyti, er tekur til Hins íslenzka þjóðvinafélags. Undanfarið hefir félagið öðruhverju gefið út erlend rit í þýðingu. Hefir þá venjulega verið samið við höfundana og greitt gjald fyrir þýðinguna, ef þess hefir verið óskað. Að því leyti mundi samþykkt frumvarpsins lítil áhrif hafa á starfsemi félagsins.

En félagið ráðgerir nú að auka til mikilla muna útgáfustarfsemi sína og gefa einkum út þýdd úrvalsrit, auk hinna föstu félagsbóka. Yrði þá vitanlega sá kostnaður, er leitt gæti af greiðslu til rithöfunda samkvæmt samþykktum Bernarsambandsins, orðinn tilfinnanlegur fyrir félagið og jafnvel ráðið úrslitum um útgáfu bóka.

Virðingarfyllst,
f. h. Hins ísl. þjóðvinafélags.
Pálmi Hannesson.

Sþ. 545. Tillaga til þingsályktunar

um verzlunarrekstur ríkisins.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Magnús Jónsson, Erl. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram rannsókn á því, hvort ekki sé tiltækilegt að sameina verzlunarrekstur ríkisins í eina heild, með það fyrir augum, að sem mestum sparnaði verði við komið í rekstrinum, og leggja álit sitt og tillögur fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Efni þessarar þingsályktunartillögu er fram komið í brtt. við frv. til l. um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands, á þskj. 435, 2. tölul. Þykir réttara að bera þetta fram í þáltill.

Ed. 546. Nefndarálit

um frv. til laga um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og rætt það við ríkisstjórnina. Hefir þótt réttara, að ýmis ákvæði frumvarps þessa, sem snerta ákveðna lagabálka, verði borin fram sem breytingar á þeim lögum. Eru það ákvæði 1. greinar, sem allsherjarnefnd hefir nú borið fram í aðalatriðum sem breytingu við framfærslulögin, 5. gr., 8. gr., 9. gr. og 14. gr. stafl. b., svo og brtt. á þskj. 435, 1, sem nefndarmenn bera fram í sérstökum frumvörpum. Þá er brtt. 2 á sama þskj., sem nefndinni þykir réttara að bera fram í þingsályktunarformi.

Af þeim greinum, sem eftir eru, hefir orðið samkomulag um að mæla með, að 6. gr., 7. gr. og 10. gr. verði samþykktar með breytingum, en 11. gr., 17. gr. og 19. gr. verði samþykktar óbreyttar. Aðrar greinar frv. leggur nefndin til, að falli niður, sem sé 2. gr., 3., 4., 12., 13., 14. stafl. a, 15., 16. og 18. gr.

Einstakir nefndarmenn hafa þó óbundnar hendur um einstök atriði frumvarpsins.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði afgreitt með svolátandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin fellur niður.
2. Við 2. gr. Greinin fellur niður.
3. Við 3. gr. Greinin fellur niður.
4. Við 4. gr. Greinin fellur niður.
5. Við 5. gr. Greinin fellur niður.
6. Við 6. gr. Greinina skal orða svo:
   Fresta skal framkvæmd 1.—6. gr. l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins, en gjald það, sem innheimt er samkvæmt 7. gr., skal renna í ríkissjóð. Heimilt er ríkisstjórninni að verja svipaðri fjárhæð úr ríkissjóði til að bæta aðbúð á gististöðum og auka hreinlæti á ferðamannaleiðum.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Handbært fé ríkisstofnana, sem að lögum eiga að greiða allan tekjuafgang í ríkissjóð, að frádregnum launum fastra starfsmanna, skal mánaðarlega greitt til ríkisféhirðis.
   Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða, að enga fasta starfsmenn megi ráða við ríkisstofnanir, þar með taldir bankar, nema að undangengnu samkeppnisprófi. Ríkisstjórnin setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þessi próf.
8. Við 8. gr. Greinin fellur niður.
9. Við 9. gr. Greinin fellur niður.
10. 10. gr. Greinina skal orða svo:
    Í byrjun hvers fjárhagsárs skal öllum forráðamönnum ríkisfyrirtækja og starfsgreina ríkissjóðs látin af hlutaðeigandi ráðuneyti í té skrá yfir starfsmenn þá, sem honum er heimilað að hafa í sinni þjónustu og hve mikil laun heimilt er að greiða hverjum starfsmanni fyrir sig.

Óheimilt er forstöðumanni ríkisstofnunar að ráða nokkurn til starfs, sem ekki er gert ráð fyrir í starfsmannaskrá ríkisins, annars en venjulegrar daglaunavinnu, nema með samþykki ráðherra. Svo skal og óheimilt að greiða nokkrum starfsmanni stofnunarinnar nokkuð fyrir störf í þágu hennar umfram það, er greinir í launaskrá, hvort sem um er að ræða aukaþóknun, hreina launaviðbót eða greiðslu fyrir aukavinnu, eða breyta launakjörum á annan hátt, nema með samþykki ráðherra.

11. Við 12. gr. Greinin fellur niður.
12. Við 13. gr. Greinin fellur niður.
13. Við 14. gr. Greinin fellur niður.
14. Við 15. gr. Greinin fellur niður.
15. Við 16. gr. Greinin fellur niður.
16. Við 18. gr. Greinin fellur niður.
17. Við fyrirsögn frv. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
Frumvarp til laga um nokkrar bráðabirgðaráðstafanir.

Alþingi, 16. des. 1939.

Bernh. Stefánsson.
form., frsm.

Erl. Þorsteinsson, fundaskr., með fyrirv.

Magnús Jónsson.

Nd. 547. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 10. lið. Liðurinn orðist svo:
Á árinu 1940 skal frestað framkvæmd 5. gr. laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði. Þó skulu á árinu renna 3000 kr. í prestakallasjóði.

Nd. 548. Frumvarp til laga

um héraðsskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Héraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, Reykjum í Hrútafirði, Varmahlíð í Skagafirði, Laugum í Reykjadal, Laugarvatni í Árnessýslu og Reykholti í Borgarfirði. Skólar þessir eru sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og réttindi þessara laga, nema samþykki stofnenda komi til.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að veita skólunum í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu og Varmahlíð í Skagafirði um 5 ára skeið réttindi héraðsskóla, þó að námstíminn þar verði styttri á hverju ári en í lögum þessum segir, vegna erfiðleika á því að sjá þessum skólum fyrir nægilegum húsakosti.

Ákvæði þessara laga skulu, að því er snertir skipulag kennslunnar, einnig ná til Eiðaskóla.

2. gr.

Héraðsskólar skulu veita æskumönnum landsins fjölbreytta fræðslu á þjóðlegum grundvelli. Þeir skulu miða starf sitt við að búa nemendur undir athafnalíf við

íslenzk lífskjör, með vinnukennslu, bóknámi og íþróttum. Auk þess skulu héraðsskólarnir á sumrin að jafnaði starfrækja eða láta starfrækja gistihús fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og leitast við að hafa allan aðbúnað svo fullkominn, sem samræma má fjárhagslegu öryggi stofnananna. Þar, sem því verður við komið, skal héraðsskólunum séð fyrir nægilegu landrými til að geta haft með höndum margvíslega ræktun og fjölbreyttan landbúnað.

3. gr.

Héraðsskólar eru samskólar pilta og stúlkna. Nemendur, sem ríkið greiðir fyrir kennslugjald, mega ekki vera yngri en svo, að stúlkur verði 16 ára, en piltar 17 ára fyrri eða fyrsta námsveturinn í skólunum. Heimilt er þó að víkja frá þessari reglu, ef sérstaklega stendur á að dómi skólanefndar og skólastjóra. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær og ekki fleiri en þrjár. Námið skiptist í verknám, bóknám og íþróttir. Jafnskjótt og því verður við komið, vegna húsrúms til vinnukennslu og nauðsynlegra áhalda, skal verklega námið vera 12 stundir á viku að minnsta kosti og miðast við að gera vinnulagna pilta búhaga og æfa stúlkur við öll venjuleg heimilisstörf kvenna. Bæði piltar og stúlkur skulu halda hreinu skólahúsinu, vinnustofum skólans og heimavistum. Ennfremur annast nemendur alla framreiðslu við máltíðir og þvott á borðbúnaði skólans.

Í bóklegum fræðum skal leggja megináherzlu á kennslu móðurmálsins og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju. Þá skal kenna Íslandssögu og mannkynssögu, með yfirliti um stjórnarhætti landsins og meginatriði í þjóðskipulagi merkustu þjóða, en í landafræði yfirlit um álfur og lönd, en þó einkum um Ísland. Í náttúrufræði skal kenna um heimsbygginguna og þróunarfræðina. Ennfremur einfaldan reikning, létta bókfærslu og söng. Í íþróttum skal leggja áherzlu á þær greinar líkamsmenntunar, sem bæði eru heilsusamlegar og auðveldast að æfa hér á landi. Erlend tungumál má ekki kenna í héraðsskólunum öðrum nemendum en þeim, sem staðizt hafa sérstakt próf í íslenzku í þessum skólum, eftir reglum, sem fræðslumálastjórnin setur.

Leggja skal stund á, að allir nemendur í héraðsskólunum hafi daglega nokkra útivist.

4. gr.

Námstími í aðaldeildum héraðsskóla er 6 mánuðir ár hvert og kennslustundir hvers nemanda eigi færri en 6 daglega að meðaltali. Próf skulu haldin í lok hvers skólaárs. Prófdómarar skulu tilnefndir af fræðslumálastjórninni.

5. gr.

Fimm manna skólanefnd hefir á hendi stjórn og umsjón hvers héraðsskóla, undir yfirumsjón fræðslumálastjórnar. Félög stofnenda, ábyrgðarmanna og sýslunefndir, sem lagt hafa stofnfé til skólanna, skulu kjósa fjóra af skólanefndarmönnum, en fimmta manninn skipar fræðslumálastjórnin, og skal hann vera formaður. Skólanefndarmenn skulu kosnir og skipaðir til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn eftir lögum þessum fyrir sumarmál 1940. Nánari fyrirmæli um kosningu í skólanefnd skulu sett af kennslumálaráðherra.

6. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, og skal hann ráðinn með eins árs uppsagnarfresti. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning og uppsögn skólastjóra.
2. Að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en að öðru leyti fer um ráðning þeirra og uppsögn, er hlítir 6 mánaða fyrirvara, eftir sömu reglum og um skólastjóra.
3. Að ákveða laun skólastjóra og kennara.
4. Að hafa á hendi yfirstjórn á fjármálum skólans.

5. Að gera með skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, sem fræðslumálastjórn samþykkir.
6. Að sjá um samningu skýrslu um kennslu og próf.
7. Að ákveða um önnur efni, er skólann varða, í samráði við skólastjóra.

7. gr.

Skólastjóri og kennarar héraðsskóla eru fastir starfsmenn skólans árlangt, með 4 vikna sumarleyfi. Skólastjóri hefir yfirumsjón með öllum rekstri skólans og alls atvinnurekstrar á skólajörðinni. Honum ber að hafa eftirlit með gistihúshaldi á sumrin, og alveg sérstaklega, að gætt sé hirðusemi og góðrar reglu bæði utan húss og innan. Kennurum skólans ber að styðja skólastjóra í orði og verki við að halda hreinlæti og góðri reglu á skólaheimilinu. Skólanefnd semur við kennara, í samráði við skólastjóra, hverskonar störf þeir skuli inna af hendi við andlega eða líkamlega vinnu hvert vor og sumar, þegar kennsla fer ekki fram í skólanum.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 krónur í árlegan rekstrarkostnað til hvers héraðsskóla fyrir 15 fyrstu reglulega nemendur skólans, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því. Hver nemandi greiðir 60 króna kennslugjald vetrarlangt og auk þess þóknun til skólans fyrir húsnæði og ljós, 45 krónur. Þegar verklegt nám er hafið í héraðsskóla eftir fyrirmælum þessara laga, leggur ríkissjóður fram 25 kr. vegna hvers nemanda í efni til kennslunnar, og eignast skólinn og skólabúið þá hluti, sem þannig eru gerðir. Nemendur, sem skara fram úr í verklegu námi, mega smíða hluti fyrir sig síðustu þrjá mánuði seinni eða síðasta skólavetrar, en verða að leggja sér til efni sjálfir.

9. gr.

Nú eru haldin námskeið við héraðsskóla í bóklegum efnum, búnaði, smíðum, hússtjórn eða íþróttum, eigi skemur en 3 vikur og standi kennsla eigi skemur en 6 stundir daglega, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 kr. fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda greiði hann fyrir sama tíma að minnsta kosti 2 krónur.

Þar, sem því verður við komið, skal starfrækja kennslubú í sambandi við héraðsskóla og halda námskeið í jarðyrkju og góðri meðferð búpenings. Sömuleiðis skal koma á fót við héraðsskóla svo fullkomnu sérnámi í húsagerð og smíði einfaldra húsgagna, að nemendur, sem þar hafa stundað nám, geti reist venjulegar byggingar og smíðað innanstokksmuni fyrir heimili í sveitum.

10. gr.

Ríkisstyrk, kennslugjöldum og húsaleigu skal verja til greiðslu kennslu, kennsluáhalda og til viðhalds á byggingum og munum skólans.

11. gr.

Nú fækkar nemendum í héraðsskóla um þriðjung eða meira vegna ósjálfráðra atvika, sem eru þó ekki þess eðlis, að ástæða sé til að leggja skólann niður, og má þá í tvö ár greiða skólanum styrk úr ríkissjóði eftir mati fræðslumálastjórnar, allt að meðaltali þriggja síðustu ára áður en fækkunin byrjaði.

12. gr.

Reikningar hvers héraðsskóla skulu endurskoðaðir árlega af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af skólanefnd, en hinn af fræðslumálastjórn, báðir til þriggja ára í senn. Birta skal árlega skýrslu um rekstur og störf hvers héraðsskóla, undirritaða af endurskoðendum.

13. gr.

Stofnkostnaður héraðsskóla, þar með talinn kostnaður vegna kaupa eða leigu á jarðnæði skólans og byggingar til rekstrar skólans, skal greiddur að ¾ úr ríkissjóði, en að ¼ hluta af stofnendum í héraði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum eða Alþingi heimilar, að ríkissjóður taki að sér af stofnskuldum skólanna, eftir að lög þessi eru komin í gildi.

Þegar ríkissjóður greiðir héraðsskóla stofnstyrk, má aðeins verja því fé til húsabóta og annara umbóta á skólasetrinu, í samráði við kennslumálaráðherra og með eftirliti húsameistara ríkisins.

14. gr.

Í reglugerð hvers héraðsskóla skal ákveða ýtarlega um kennsluefni og allt fyrirkomulag kennslunnar. Þar skal ennfremur ákveðið um aga nemenda og ástæður til brottrekstrar, svo og um verkefni, skyldur og réttindi skólastjóra og kennara.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 14. júní 1929, um héraðsskóla, og breytingar, er á þeim lögum hafa verið gerðar.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerðir héraðsskóla skulu endurskoðaðar á árinu 1940 og færðar til samræmis ákvæðum laga þessara. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. júlí og reglugerðirnar hafa hlotið samþykki fræðslumálastjórnar fyrir 1. september.

Ríkisstjórnin felur þriggja manna nefnd að meta til peningaverðs allar eignir héraðsskólanna eins og þær eru nú.

Ákveða má í reglugerð, að skólanefnd skuli heimilt að undanþiggja kennara, að nokkru eða öllu leyti, störfum fyrir skólann utan reglulegs kennslutíma.

Nd. 549. Breytingartillaga

við frv. til laga um héraðsskóla.

Frá Pétri Halldórssyni og Gísla Sveinssyni.

Við 13. gr. Fyrir orðin „að ¾“ komi: að hálfu — og fyrir orðin „að ¼ hluta“ komi: að hálfu.

Nd. 550. Breytingartillaga

við frv. til laga um héraðsskóla.

Frá Helga Jónassyni, Sveinbirni Högnasyni og Gísla Sveinssyni.

Við 1. gr. Fyrir orðin „og Reykholti í Borgarfirði“ komi: Reykholti í Borgarfirði og á hentugum stað innan Rangár- og Skaftárþinga.

Nd. # 551. Frumvarp til laga

um húsnæði.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

1. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera starfandi 5 manna húsnæðisnefnd, sem sé skipuð þannig, að félag leigjenda á staðnum kýs 2 menn í nefndina. en félag húseigenda á staðnum kýs 2 aðra menn, en formaður nefndarinnar skal kosinn af bæjarstjórn. Skulu allir leigjendur og húseigendur hafa rétt til inngöngu í hvorn félagsskapinn og jafnrétti þar. Sé enginn félagsskapur annarshvors aðila til á staðnum, skal fjölmennasta verklýðsfélag staðarins framkvæma hlutverk leigjendafélags, en fjölmennasta félag atvinnurekenda hlutverk húseigendafélags.

Leigjandi telst samkvæmt lögum þessum hver sá, sem sýnt getur gildandi samning um leigu á húsnæði, en húseigandi hver þinglesinn eigandi fasteignar, sem seld er á leigu til íbúðar að nokkru eða öllu leyti. Það er borgaraleg skylda að taka við skipun eða kosningu í nefnd þessa, og skulu nefndarmenn fá þóknun fyrir starf sitt úr hlutaðeigandi bæjarsjóði, eftir ákvörðun bæjarstjórnar. Allur kostnaður við nefndina skal greiðast úr bæjarsjóði.

2. gr.

Húsaleiga má eigi vera hærri en hún var samkvæmt gildandi samningi 14. maí 1939. Þó má í einstökum tilfellum hækka húsaleigu einstakra íbúða, ef það er samhljóða álit allra nefndarmanna, að hún sé lægri en húsaleiga almennt í sama bæ, svo og ef íbúð er endurbætt, svo að húsnæðisnefnd telji réttmætt, að leigan verði hækkuð vegna þess. Einnig má hækka húsaleigu um það, sem opinber gjöld á húsum hækka eftir 14. maí 1939.

Húsnæðisnefnd er eftir kröfu leigjenda heimilt að lækka gildandi húsaleigu, ef leigan þykir óhæfilega há, og þarf ekki nema einfaldan meiri hluta í nefndinni til að gera um slíkt lögfulla samþykkt. Ennfremur er húsnæðisnefnd heimilt og skylt að lækka húsaleigu á hvaða leiguíbúð sem er, sem er of há í samanburði við venjulega húsaleigu í bænum.

Húsnæðisnefnd skal meta leigu allra íbúa þeirra húsa, er eigi hafa verið leigð fyrir 14. maí 1939, en síðan hafa verið eða verða teknar til íbúðar.

3. gr.

Eigi er heimilt að segja leigjanda upp húsnæði meðan hann heldur gildandi samninga, nema húseiganda sé þess brýn þörf til eigin íbúðar, enda hafi hann eignazt hið leigða hús fyrir 14. maí 1939. Þörf eiganda til leigðrar íbúðar verður því aðeins tekin til greina, að húseigandi og fjölskylda hans hafi áður til eigin afnota eigi stærra húsnæði en nemur 10 gólfflatarmetrum í íbúðarherbergjum fyrir hvern þann, er til fjölskyldunnar telst og íbúðar nýtur á hennar vegum.

Verði ágreiningur um þessi efni milli leigjenda og húseigenda, skal þeim ágreiningi vísað til húsnæðisnefndar. Úrskurði húsnæðisnefndar má síðan skjóta til dómstólanna, en úrskurðinum skal þó hlíta unz dómur er fallinn.

4. gr.

Bannað er að taka leiguíbúðir eða eigin íbúðir til annarar notkunar, nema heilbrigðisnefnd telji þær óleigufærar. Einnig er bannað að rífa leiguíbúðir eða eigin íbúðir. Húsnæðisnefnd getur þó, þegar sérstakar ástæður þykja, leyft að rífa íbúðarhús, ef eigandi setur tryggingu fyrir jafnmiklu nýbyggðu húsnæði.

5. gr.

Húseigendum er skylt að bjóða til leigu allt leigufært húsnæði, sem þeir nota eigi til eigin íbúðar.

6. gr.

Meðan ekki verða sett sérstök leiguákvæði um húsaleigusamninga, skal húsnæðisnefnd láta gera sérstök eyðublöð, er notuð séu við allar samningagerðir um húsnæði til íbúðar, og eru engir slíkir leigusamningar gildir, nema staðfestir séu af húsnæðisnefnd.

7. gr.

Ef samið hefir verið um hærri leigu en húsnæðisnefnd telur réttmætt, skal sá samningur ógildur að því er upphæð leigunnar snertir frá því er málið var lagt undir úrskurð húsnæðisnefndar. Ef leigan hefir verið greidd fyrirfram, skal draga muninn á samningsleigunni og leigunni samkvæmt úrskurði húsnæðisnefndar frá leigu þeirri, er síðar skal greidd. Ef leiga hefir verið greidd fyrirfram fyrir allt leigutímabilið, skal sá munur afturkræfur.

8. gr.

Bæjarstjórnum skal heimilt að taka til sinna umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en þetta er gert, skal þó fara úrskurður húsnæðisnefndar um, hvort íbúðin skuli tekin, og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um. Úrskurður húsnæðisnefndar er fullnaðarúrskurður.

Með sömu skilyrðum skal bæjarstjórnum heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

9. gr.

Húseigendum eða forráðamönnum leiguíbúða er eigi heimilt að segja eignalausum og atvinnulausum leigjendum upp húsnæði, þótt þeir geti eigi greitt umsamda húsaleigu, nema húsnæðisnefnd hafi áður úrskurðað, að húseigandi og leigjandi eigi ekki tilkall til greiðslufrests á áhvílandi lánum og vöxtum, sem á húseigninni hvíla samkv. 10. gr.

10. gr.

Húseigendur, sem vegna úrskurðar húsnæðisnefndar geta eigi krafið leigjendur sína um húsaleigu, og eru ekki svo efnum búnir, að þeir hafi önnur úrræði til að standa skil á þessum greiðslum, enda afkomu þeirra stefnt í hættu með missi húseignarinnar, eða vegna atvinnuleysis sjálfra þeirra geta ekki greitt umsamda vexti og afborganir, skulu vera undanþegnir greiðslu afborgana og vaxta af lánum, sem hvíla á hinu leigða húsi í hlutfalli við verð íbúðarinnar. Greiðslufrestur þessi skal gilda þar til húseiganda hefir að opinberri tilhlutun verið bætt það tjón, er hann hefir beðið af greiðslufalli leigunnar, og sjálfur fengið atvinnu.

11. gr.

Til þess að standast kostnað af framkvæmd þessara laga heimilast bæjarstjórnum að leggja stóríbúðarskatt á íbúðir, sem að fasteignamati eru yfir 20000 kr. Skattur þessi skal vera stighækkandi og tillit sé tekið til íbúðafjölda. Reglugerð, er bæjarstjórn semur um þessa skattálagningu, skal staðfesta af ráðherra. Tekjur af þessum skatti skulu renna í bæjarsjóð.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 5000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum. Sektir skulu renna í bæjarsjóð.

Með mál út af lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að hindra það, að óeðlileg verðhækkun verði á húsaleigu sökum styrjaldarinnar í Norðurálfu og áhrifa hennar hér á landi. Ennfremur á með því að koma í veg fyrir, að hægt sé að reka leigjendur út úr íbúðum, ef þeir vegna atvinnuleysis geta ekki staðið í skilum. Þá er og að því stefnt að hindra, að fátækir húseigendur þurfi að missa húseignir sínar vegna atvinnuleysis sjálfs sín eða leigjenda sinna.

Bæjarstjórnum er með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, gert að skyldu að greiða húsaleigu fyrir þá, sem vegna atvinnuleysis geta ekki gert það sjálfir, og skal sú greiðsla ekki skoðast sem fátækrastyrkur. Til þess að standa straum af útgjöldum þessum er bæjarstjórnum heimilað að leggja á sérstakan stóríbúðaskatt.

Með tilliti til hins síversnandi útlits um afkomu alþýðunnar eru lög þau, sem hér er lagt til að sett verði, sérstaklega nauðsynleg.

Nánar í framsögu.

Ed. 552. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Í stað 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skipar þriggja manna fiskimálanefnd eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn, og skulu jafnframt skipaðir jafnmargir varamenn eftir tilnefningu sömu aðila. Nefndarmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nærri, að þeir geti auðveldlega sótt þar fundi.

Nefndin getur, með samþykki atvinnumálaráðherra, ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.

Þóknun nefndarmanna skal ákveðin af ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Greinargerð.

Efni frv. þessa er fram komið í brtt. á þskj. 435, tölul. 1. Þykir réttara að bera till. þessa fram í sérstöku frv.

Ed. 553. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný gr., er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, er nefnist náttúrurannsóknarnefnd, til þriggja ára í senn, eftir tilnefningu þriggja stærstu flokka Alþingis.

Nefnd þessi skal hafa á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og þess hluta rannsóknarstofu Háskóla Íslands, sem hefir með höndum rannsóknir í þágu atvinnuveganna og framkvæmd matvælarannsóknanna.

2. gr.

2. málsl. 8. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðist þannig:

Forstjóri skal hafa með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar undir yfirstjórn náttúrurannsóknarnefndar, og skal hann í samráði við hana og hina deildarstjórana samræma störf deildanna á þann hátt, sem fyrir er mælt í reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum náttúrurannsóknarnefndar.

3. gr.

9., 10. og 11. gr. laganna verða 10., 11. og 12. gr.

4. gr.

Í stað 12. og 13. gr. laganna komi ný 13. gr., er orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum náttúrurannsóknarnefndar, laun starfsmanna stofnunarinnar, þeirra sem um ræðir í 3.—5. gr., þangað til þau verða tiltekin í launalögum. Hann skipar einnig fyrir um það, í samráði við nefndina, hversu margt annað starfsfólk skuli starfa við stofnunina og hver laun þess skuli vera.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Greinargerð.

Efni frv. þessa er fram komið í 5. gr. í frv. til l. um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands. Þykir réttara að bera þessa till. frv. fram sem frv. um breytingar á viðeigandi lögum.

Ed. 554. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við bráðabirgðaákvæði laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Meðan núverandi ófriður í Norðurálfu varir, skal kennslumálaráðherra heimilt að sameina fámenn skólahverfi um einn og sama kennara, þar sem því verður við komið. Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða, að fjölga skuli kennslustundum í íslenzku, taka upp og auka vinnu- og íþróttakennslu, en minnka að sama skapi kennslu í öðrum bóklegum fræðigreinum.

Heimilt er ráðherra að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara mála í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Efni þessa frv. er fram komið í frv. til l. um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands, 14. gr. b. Þykir réttara að bera fram sérstakt frv. um þetta efni.

Ed. 555. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra. Skal honum falið að annast daglega stjórn og fjárreiður útvarpsins, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð, er ráðherra setur.

Ráðherra er heimilt að gera fréttastofu útvarpsins að sérstakri deild, undir stjórn útvarpsráðs. Ennfremur er ráðherra heimilt að semja við blöð lýðræðisflokkanna um þátttöku í starfrækslu fréttastofunnar, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð, er ráðherra setur.

Ráðherra ræður starfsmenn útvarpsins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs. Laun starfsfólks útvarpsins skulu, þar til launalög eru sett, ákveðin af kennslumálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Greinargerð.

Efni frv. þessa er áður fram komið í 8. gr. frv. til laga um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands o. fl. Þykir réttara að bera það fram í sérstöku lagafrv.

Nd. 556. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

Frá allsherjarnefnd.

Aðalefni þessa frv. felst í 2. gr. þess, þar sem ákveðið er, að loka skuli einhverri eða öllum áfengisútsölum þeim, sem ríkið starfrækir nú, ef einfaldur meiri hluti kjósenda óskar þess við almenna atkvæðagreiðslu í viðkomandi kaupstað.

Nefndarmenn töldu, vegna fyrri umræðna um þessi mál, að vera kynni, að þetta aðalákvæði frv. kæmi í bága við gildandi milliríkjasamninga. En til þess að ganga fyllilega úr skugga um þetta skrifaði n. utanríkismáladeild stjórnarráðsins þ. 24. f. m. svo hljóðandi bréf:

„Hér með sendum vér yður frumvarp til laga um breyting á áfengislögum, nr. 39 9. jan. 1935, með ósk um upplýsingar um það, hvort ákvæði frumvarps þessa, einkum 2. gr., kunni að koma í bága við milliríkjasamninga.

Svar óskast sem fyrst.

Virðingarfyllst.

F. h. allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Bergur Jónsson. Vilm. Jónsson.“

Nefndinni barst svo hljóðandi svar, dags. 28. f. m.:

„Ráðuneytið hefir móttekið bréf háttvirtrar allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 24. þ. m., þar sem óskað er upplýsinga um það, hvort ákvæði meðfylgjandi frumvarps til laga um breyting á áfengislögum, nr. 35 9. janúar 1935, kunni að koma í bága við milliríkjasamninga.

Út af þessu vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi:

Þeir milliríkjasamningar, sem helzt koma til greina í þessu sambandi, eru samningur sá milli Íslands og Portúgals, er felst í bréfaskiptum ríkisstjórna beggja landanna frá 9. apríl og 9. maí 1923, sbr. auglýsingu nr. 62 30. des. 1924 í A-deild Stjórnartíðindanna, og samningurinn milli Íslands og Spánar frá 23. júlí 1923, birtur í A-deild Stjórnartíðindanna með auglýsingu nr. 63 30. des. 1924.

Samkvæmt samningum þessum, sem báðir eru enn í gildi (sbr. viðskiptasamkomulagið milli Íslands og Spánar frá 1934, 7. liður erindanna, birt í A-deild Stjórnartíðindanna með auglýsingu nr. 66 12. des. 1934), nýtur Ísland ýmissa hlunninda að því er snertir tolla í þessum löndum, þar á meðal ber sérstaklega að nefna, að íslenzkur saltfiskur nýtur beztukjarameðferðar að því er tolla snertir í báðum löndunum. Til þess að ná þessum samningum, varð Ísland að skuldbinda sig til þess að undanþiggja innflutning á spönskum og portugölskum vínum, sem ekki er í meira en 21% af vínanda, frá aðflutningsbanninu á áfengi samkvæmt lögum nr. 91 14. nóv. 1917, og var þessi undanþága gerð með lögum nr. 3 4. apríl 1923. Í 3. gr. hinna síðastnefndu laga var svo fyrir mælt, að ákvæði, sem sett kynnu að verða til varnar misbrúkun við sölu og veitingu þessara vína, megi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vínanna frá ákvæðum aðflutningsbannslaganna. Ennfremur segir svo í samningnum milli Íslands og Spánar frá 23. júlí 1923, 2. gr., að Ísland njóti beztukjarameðferðar að því er snertir toll á fiski, „gegn því að Ísland veiti vínum frá Spáni, sem ekki innihalda meira en 21% af vínanda (alkohol), undanþágu frá ákvæðum íslenzkra laga frá 14. nóv. 1917 um bann gegn innflutningi áfengra drykkja, og gegn því að Ísland ekki með reglugerð um misbrúkun vína setji ákvæði, sem koma í bága við undanþágu spánskra vína frá ákvæðum nefndra laga."

Í 1. mgr. 2. gr. frv. um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935, segir, að „í þeim kaupstöðum, þar sem nú eru áfengisútsölur, skal, þegar meiri hluti bæjarstjórnar eða ¼ hluti kjósenda í hlutaðeigandi kaupstað krefst þess, fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í kaupstaðnum um það, hvort útsölunni skuli haldið áfram. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður þá úrslitum". Frumvarp þetta felur því í sér ákvæði, sem eru í ósamræmi við samninginn við Portúgal og virðist brot á samningnum við Spán, samanber framansagt, að því er tekur til vína, sem ekki innihalda meira en 21% af vínanda, með því að í því felast möguleikar til þess að koma algerlega í veg fyrir sölu og væntanlega þá einnig innflutning á þessum vínum.

Stefán Jóh. Stefánsson."

Þar sem í framangreindu bréfi, sem er undirritað af ráðherra þeim, sem fer með utanríkismál, er beinlínis staðhæft, að aðalefni frv. ýmist „sé í ósamræmi við gildandi milliríkjasamninga eða virðist brot á þeim," treystir n. sér ekki til að mæla með samþykkt þess án þess að samningum þessum hafi áður verið sagt upp, og leggur því til, að frv. verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem upplýst er af utanríkismáladeild stjórnarráðsins, að aðalefni þessa frv. sé ýmist í ósamræmi við gildandi milliríkjasamninga eða virðist brot á þeim, telur deildin eigi tilhlýðilegt að samþykkja það að svo stöddu og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. des. 1939.

Bergur Jónsson, form.	Thor Thors, frsm.	Vilmundur Jónsson, fundaskr.
Garðar Þorsteinsson.	Sveinbjörn Högnason.	

Nd. 557. Íþróttalög.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.).

Samhljóða þskj. 517.

Ed. 558. Lög

um breyting á lögum nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.).

Samhljóða þskj. 518.

Ed. 559. Nefndarálit

um frv. til laga um hlutarútgerðarfélög.

Frá 1. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Einn nefndarmanna (SÁÓ) vill fella frv. Annar (BSn) telur sig ekki geta fylgt frv. nema með allverulegum breytingum, en undirritaður telur lögfesting frv. nauðsynlega til tryggingar heilbrigðum rekstri sjávarútvegsins og leggur eindregið til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. des. 1939.

Ingvar Pálmason,
form.

Ed. 560. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Flm.: Jónas Jónsson.

Á eftir 3. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):
Þegar komin er í framkvæmd stækkun sú á síldarverksmiðjunni á Raufarhöfn, sem lög þessi heimila, skal verksmiðjustjórnin láta efnalitla, duglega nemendur úr lærdómsdeildum menntaskólanna og háskólanum sitja fyrir um allt að ¾ hlutum þeirrar aukningar á almennri vinnu í verksmiðjunni, er af stækkun hennar leiðir.

Nd. 561. Breytingartillögur

við frv. til laga um héraðsskóla.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr. Í síðasta málsl. 2. málsgr. komi fyrir „má ekki“: skal eigi.
2. Við 7. gr. Á eftir orðinu „semur“ í upphafi síðasta málsl. komi: um.
3. Við 9. gr. Fyrir orðin í síðasta málsl. síðari málsgr. „sem þar hafa stundað nám“ komi: sem því sérnámi hafa lokið.

Nd. 562. Breytingartillaga

við frv. til laga um héraðsskóla.

Frá Finni Jónssyni, Thor Thors og Bergi Jónssyni.

Við 3. gr. 2. málsgr. Síðasti málsliður orðist svo: Erlend tungumál skal kenna í héraðsskólum eftir reglum, sem fræðslumálastjórnin setur.

Nd. 563. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 550 [Héraðsskólar].

Frá Thor Thors.

Aftan við till. bætist: og Snæfellsness.

Nd. 564. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 550 [Héraðsskólar].

Frá Bergi Jónssyni.

Á eftir „Borgarfirði“ komi: Reykhólum í Barðastrandarsýslu.

Ed. 565. Frumvarp til laga

um héraðsskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Héraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, Reykjum í Hrútafirði, Varmahlíð í Skagafirði, Laugum í Reykjadal, Laugarvatni í Árnessýslu, Reykholti í Borgarfirði og á hentugum stað innan Rangár- og Skaftárþinga. Skólar þessir eru sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og réttindi þessara laga, nema samþykki stofnenda komi til.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að veita skólunum í Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu og Varmahlíð í Skagafirði um 5 ára skeið réttindi héraðsskóla, þó að námstíminn þar verði styttri á hverju ári en í lögum þessum segir, vegna erfiðleika á því að sjá þessum skólum fyrir nægilegum húsakosti.

Ákvæði þessara laga skulu, að því er snertir skipulag kennslunnar, einnig ná til Eiðaskóla.

2. gr.

Héraðsskólar skulu veita æskumönnum landsins fjölbreytta fræðslu á þjóðlegum grundvelli. Þeir skulu miða starf sitt við að búa nemendur undir athafnalíf við íslenzk lífskjör, með vinnukennslu, bóknámi og íþróttum. Auk þess skulu héraðsskólarnir á sumrin að jafnaði starfrækja eða láta starfrækja gistihús fyrir innlenda og erlenda ferðamenn og leitast við að hafa allan aðbúnað svo fullkominn, sem samræma má fjárhagslegu öryggi stofnananna. Þar, sem því verður við komið, skal héraðsskólunum séð fyrir nægilegu landrými til að geta haft með höndum margvíslega ræktun og fjölbreyttan landbúnað.

3. gr.

Héraðsskólar eru samskólar pilta og stúlkna. Nemendur, sem ríkið greiðir fyrir kennslugjald, mega ekki vera yngri en svo, að stúlkur verði 16 ára, en piltar 17 ára fyrri eða fyrsta námsveturinn í skólanum. Heimilt er þó að víkja frá þessari reglu, ef sérstaklega stendur á að dómi skólanefndar og skólastjóra. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær og ekki fleiri en þrjár. Námið skiptist í verknám, bóknám og íþróttir. Jafnskjótt og því verður við komið, vegna húsrúms til vinnukennslu og nauðsynlegra áhalda, skal verklega námið vera 12 stundir á viku að minnsta kosti og miðast við að gera vinnulagna pilta búhaga og æfa stúlkur við öll venjuleg heimilisstörf kvenna. Bæði piltar og stúlkur skulu halda hreinu skólahúsinu, vinnustofum skólans og heimavistum. Ennfremur annast nemendur alla framreiðslu við máltíðir og þvott á borðbúnaði skólans.

Í bóklegum fræðum skal leggja megináherzlu á kennslu móðurmálsins og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju. Þá skal kenna Íslandssögu og mannkynssögu, með yfirliti um stjórnarhætti landsins og meginatriði í þjóðskipulagi merkustu þjóða, en í landafræði yfirlit um álfur og lönd, en þó einkum um Ísland. Í náttúrufræði skal kenna um heimsbygginguna og þróunarfræðina. Ennfremur einfaldan reikning, létta bókfærslu og söng. Í íþróttum skal leggja áherzlu á þær greinar líkamsmenntunar, sem bæði eru heilsusamlegar og auðveldast að æfa hér á landi. Erlend tungumál skal eigi kenna í héraðsskólunum öðrum nemendum en þeim, sem staðizt hafa sérstakt próf í íslenzku í þessum skólum, eftir reglum, sem fræðslumálastjórnin setur.

Leggja skal stund á, að allir nemendur í héraðsskólunum hafi daglega nokkra útivist.

4. gr.

Námstími í aðaldeildum héraðsskóla er 6 mánuðir ár hvert og kennslustundir hvers nemanda eigi færri en 6 daglega að meðaltali. Próf skulu haldin í lok hvers skólaárs. Prófdómarar skulu tilnefndir af fræðslumálastjórninni.

5. gr.

Fimm manna skólanefnd hefir á hendi stjórn og umsjón hvers héraðsskóla, undir yfirumsjón fræðslumálastjórnar. Félög stofnenda, ábyrgðarmanna og sýslunefndir, sem lagt hafa stofnfé til skólanna, skulu kjósa fjóra af skólanefndarmönnum, en fimmta manninn skipar fræðslumálastjórnin, og skal hann vera formaður. Skólanefndarmenn skulu kosnir og skipaðir til þriggja ára í senn, í fyrsta sinn eftir lögum þessum fyrir sumarmál 1940. Nánari fyrirmæli um kosningu í skólanefnd skulu sett af kennslumálaráðherra.

6. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, og skal hann ráðinn með eins árs uppsagnarfresti. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning og uppsögn skólastjóra.
2. Að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en að öðru leyti fer um ráðning þeirra og uppsögn, er hlítir 6 mánaða fyrirvara, eftir sömu reglum og um skólastjóra.
3. Að ákveða laun skólastjóra og kennara.
4. Að hafa á hendi yfirstjórn á fjármálum skólans.
5. Að gera með skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, sem fræðslumálastjórn samþykkir.
6. Að sjá um samningu skýrslu um kennslu og próf.
7. Að ákveða um önnur efni, er skólann varða, í samráði við skólastjóra.

7. gr.

Skólastjóri og kennarar héraðsskóla eru fastir starfsmenn skólans árlangt, með 4 vikna sumarleyfi. Skólastjóri hefir yfirumsjón með öllum rekstri skólans og alls

atvinnurekstrar á skólajörðinni. Honum ber að hafa eftirlit með gistihúshaldi á sumrin, og alveg sérstaklega, að gætt sé hirðusemi og góðrar reglu bæði utan húss og innan. Kennurum skólans ber að styðja skólastjóra í orði og verki við að halda hreinlæti og góðri reglu á skólaheimilinu. Skólanefnd semur um við kennara í samráði við skólastjóra, hverskonar störf þeir skuli inna af hendi við andlega eða líkamlega vinnu hvert vor og sumar, þegar kennsla fer ekki fram í skólanum.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 krónur í árlegan rekstrarkostnað til hvers héraðsskóla fyrir 15 fyrstu reglulega nemendur skólans, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því. Hver nemandi greiðir 60 króna kennslugjald vetrarlangt og auk þess þóknun til skólans fyrir húsnæði og ljós, 45 krónur. Þegar verklegt nám er hafið í héraðsskóla eftir fyrirmælum þessara laga, leggur ríkissjóður fram 25 kr. vegna hvers nemanda í efni til kennslunnar, og eignast skólinn og skólabúið þá hluti, sem þannig eru gerðir. Nemendur, sem skara fram úr í verklegu námi, mega smíða hluti fyrir sig síðustu þrjá mánuði seinni eða síðasta skólavetrar, en verða að leggja sér til efni sjálfir.

9. gr.

Nú eru haldin námskeið við héraðsskóla í bóklegum efnum, búnaði, smíðum, hússtjórn eða íþróttum, eigi skemur en 3 vikur og standi kennsla eigi skemur en 6 stundir daglega, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 kr. fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda greiði hann fyrir sama tíma að minnsta kosti 2 krónur.

Þar sem því verður við komið, skal starfrækja kennslubú í sambandi við héraðsskóla og halda námskeið í jarðyrkju og góðri meðferð búpenings. Sömuleiðis skal koma á fót við héraðsskóla svo fullkomnu sérnámi í húsagerð og smíði einfaldra húsgagna, að nemendur, sem því sérnámi hafa lokið, geti reist venjulegar byggingar og smíðað innanstokksmuni fyrir heimili í sveitum.

10. gr.

Ríkisstyrk, kennslugjöldum og húsaleigu skal verja til greiðslu kennslu, kennsluáhalda og til viðhalds á byggingum og munum skólans.

11. gr.

Nú fækkar nemendum í héraðsskóla um þriðjung eða meira vegna ósjálfráðra atvika, sem eru þó ekki þess eðlis, að ástæða sé til að leggja skólann niður, og má þá í tvö ár greiða skólanum styrk úr ríkissjóði eftir mati fræðslumálastjóranar, allt að meðaltali þriggja síðustu ára áður en fækkunin byrjaði.

12. gr.

Reikningar hvers héraðsskóla skulu endurskoðaðir árlega af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af skólanefnd, en hinn af fræðslumálastjórn, báðir til þriggja ára í senn. Birta skal árlega skýrslu um rekstur og störf hvers héraðsskóla, undirritaða af endurskoðendum.

13. gr.

Stofnkostnaður héraðsskóla, þar með talinn kostnaður vegna kaupa eða leigu á jarðnæði skólans og byggingar til rekstrar skólans, skal greiddur að ¾ úr ríkissjóði, en að ¼ hluta af stofnendum í héraði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum eða Alþingi heimilar, að ríkissjóður taki að sér af stofnskuldum skólanna, eftir að lög þessi eru komin í gildi.

Þegar ríkissjóður greiðir héraðsskóla stofnstyrk, má aðeins verja því fé til húsabóta og annara umbóta á skólasetrinu, í samráði við kennslumálaráðherra og með eftirliti húsameistara ríkisins.

14. gr.

5. Ef skilyrðin eru rofin að dómi toll- eða lögreglustjórnar, megi þær taka ökutækin þegar í stað úr umferð og annaðhvort taka aðflutningsgjöldin af tryggingarfénu, eða, ef samband eigenda ökutækja, sem fjármálaráðuneytið hefir tekið gilt, hefir ábyrgzt greiðslu aðflutningsgjaldanna, skylda það til að greiða aðflutningsgjöldin þegar í stað, eða flytja eða láta flytja út ökutækin á ábyrgð eigenda þeirra og taka útflutningskostnaðinn og annan útlagðan kostnað hins opinbera vegna ökutækjanna af tryggingarfénu, eða ef samband eigenda ökutækja, sem fjármálaráðuneytið hefir tekið gilt, hefir ábyrgzt greiðslu aðflutningsgjaldanna, skylda það til að greiða þegar í stað allan útflutningskostnað og allan útlagðan kostnað hins opinbera vegna ökutækjanna.

c. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af sýrum til votheysgerðar, efnum til varnar gegn sjúkdómum í nytjajurtum, svo og Höjbergsvökva til fiturannsókna á mjólk, sem áburðarsala ríkisins flytur inn.

4. gr.

Nú eru munir sendir til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, gyllingar, silfrunar eða annarar aðvinnslu, og þeir breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning munanna er fullnægt þeim skilyrðum, sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgreinar, og skal þá greiða af aðvinnslukostnaðinum, að viðbættum sendingarkostnaðinum báðar leiðir, þann hundraðshluta í verðtoll, sem samskonar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni, þó ekki lægri verðtoll en 15%. Ef samskonar erlendar aðfluttar vörur bera aðeins vörumagnstoll, skal greiða af mununum 15% af fyrnefndum kostnaði, að viðbættum

sendingarkostnaði báðar leiðir. Undanþága sú, sem felst í þessum ákvæðum, er þó þeim skilyrðum bundin, að mununum sé framvísað fyrir tollstarfsmanni áður en þeir eru fluttir til útlanda, tollstarfsmaður þessi gefi vottorð um það, að munum þessum hafi verið framvísað fyrir honum og hann hafi skráð á vottorðið lýsingu á mununum og að vottorð þetta sé lagt fram fyrir þann tollstarfsmann, sem annast tollmeðferð munanna við innflutning.

Ef hinsvegar munir þeir, sem sendir eru til útlanda til aðvinnslu, breyta svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, skal greiða af þeim aðflutningsgjöld eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

Fyrirmæli þessarar greinar taka ekki til íslenzkra skipa eða báta, sem viðgerð fer fram á erlendis.

II. KAPITULI

Reglur um notkun tollskrárinnar.

A.

Samblandaðar og samsettar vörur.

5. gr.

Þegar vara er úr efnum, sem hvert út af fyrir sig gætu valdið því, að vara yrði tolluð með fleirum en einum hætti, skal tollun hennar, nema sérstaklega sé mælt fyrir á annan veg, fara eftir því, hvaða efni tollyfirvaldið telur að einkenni mest eðli hennar og notkun. Ef tollyfirvaldið telur, að úr þessu verði ekki fyllilega skorið, skal varan tolluð á þann hátt, sem tollur verður hæstur.

6. gr.

Af ósamsettum hlutum samsettra vara skal greiða sömu aðflutningsgjöld og af vörunni samsettri, nema sérstaklega sé mælt fyrir á annan veg.

B.

Vörumagnstollun.

7. gr.

Vörumagnstoll skal ákveða eftir þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal sleppt.

Nú eru saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, þó ekki hærri en kr. 0,20 af tolleiningu, og skal þá greiða af öllum vörunum þann vörumagnstoll, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan vörumagnstoll.

Af póstbögglum, sem til landsins flytjast, skal aldrei greiða minna en 1 kr. í vörumagnstoll af hverjum böggli. Lágmarksgjald af vörum, aðfluttum á annan hátt, skal vera kr. 0.50.

8. gr.

Af vörum þeim, sem yzt til hægri í öðrum dálki tollskrárinnar eru merktar með stóru enni (N), skal greiða vörumagnstoll eftir magni varanna án umbúða. Af vörum þessum skal reikna ¾ úr tolleiningu og þar yfir sem heila, ¼ allt að ¾ hálfa, en minna broti skal sleppt.

9. gr.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um það, hvernig reikna skuli vörumagnstoll af vörum, sem tollast eftir rúmmáli.

C.
Verðtollun.

10. gr.

Verðmæti vöru til verðtollsákvörðunar er yfirleitt verð hennar í útflutningslandinu, að viðbættu, ef það er þá ekki innifalið í verðinu:

a. Útflutningsgjaldi, ef það hvílir á vöru,
b. verðmæti innri og ytri umbúða,
c. flutningsgjaldi og öðrum sendingarkostnaði, s. s. vátryggingu, flutningsmiðlunargjöldum o. þ. h., sem fellur á vöru þar til hún er affermd á ákvörðunarstað.

Verð vörunnar í útflutningslandinu og kostnaður sá, sem talinn er undir a., b. og c, kallast einu nafni tollverð vöru.

Sérreglur gilda um greiðslu verðtolls af vörum þeim, sem um ræðir í 18. gr., þó ekki lengur en samningur sá, sem þar um ræðir, er í gildi.

Nú er vara seld undir almennu heildsöluverði á samskonar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sala fór fram, og skal þá greiða verðtoll af hinu almenna útflutningsverði. Þó að greitt sé flutningsgjald, sem er undir almennu flutningsgjaldi, eða þó að greiddur sé annar sendingarkostnaður, sem er undir almennum sendingarkostnaði, skal allt að einu hið almenna flutningsgjald eða annar almennur sendingarkostnaður talinn í því tollverði, sem greiða skal af.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er hægt hefði verið að afferma hana, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefir valdið, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka. Þá skal og heimilt að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, eða vegna þess að skip affermir á fleiri höfnum en einni, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

Greiða skal verðtoll af afslætti og öðrum frádrætti, sem kaupanda aðfluttrar vöru er veittur. Fjármálaráðuneytið getur þó með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi gert undantekning frá þessu ákvæði, ef um er að ræða afslátt eða annan frádrátt, sem almennt er veittur í verzlunarviðskiptum af vissu tagi.

Nú er vara seld til síðari afhendingar á tilteknum tíma, og skal þá greiða verðtollinn af því verði, sem á þeim tíma, sem kaup eru gerð, er hið almenna verð til afhendingar á hinum tiltekna tíma. Ef vara er ekki endanlega seld hingað til lands, skal greiða verðtollinn af verðinu á þeim stað og tíma, sem varan er send, en verð þetta má þó ekki vera lægra en almennt heildsöluverð á samskonar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á hinum tiltekna stað og tíma. Síðastnefnd regla gildir um vörur, sem innfluttar eru til útibúa eða umboðsaðila fyrir útlend fyrirtæki og aðra aðila í útlöndum, og skiptir ekki máli, hvort umboðsaðilarnir koma fram í nafni umbjóðanda síns eða í eigin nafni. Ef í verðum þeim, sem um ræðir í þessari málsgrein, er ekki innifalinn kostnaður sá, sem talinn er undir a, b og c í 1. málsgr. þessarar greinar, sbr. reglurnar í síðari hluta 4. málsgr., skal hann jafnan talinn með í þeim tollverðum, sem greiða skal af.

Ef ekki fást fullnægjandi gögn um verð vöru, skal verðtollur greiddur af verði, sem svarar til söluverðs samskonar vöru eða vöru af svipuðu tagi, með umbúðum, en án tolls, frá heildsala til smásala hér á landi á þeim tíma, sem vara fer til tollmeðferðar. Verði slíkt verð ekki ákveðið, eða ef vara er að mun skemmd, skal verð vöru til verðtollsákvörðunar ákveðið með matsgerð á kostnað viðtakanda, en að öðru leyti fari um matsgerð þessa eftir ákvæðum 1. mgr. 14. gr. að því leyti, sem við á. Þetta, sem hér er sagt, gildir þó ekki um vörur, sem ekki verða að dómi tollyfirvalds taldar venjulegar verzlunarvörur, en slíkar vörur skulu metnar af tollstarfsmönnum.

11. gr.

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess í erlendri mynt, og skal þá því eða þeim hluta þess við verðtollsákvörðun breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi, sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi á komudegi farartækisins, sem vöruna flytur, til þeirrar tollhafnar, þar sem tollurinn á að greiðast. Bönkum og útibúum þeirra er skylt að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar um gengi, er þeir æskja. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á téðri mynt eða ekki næst vitneskja um það, og skal þá farið eftir gengi póstávísana, útfarinna héðan. Póststarfsmenn skulu skyldir til að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar um póstávísanagengi, er þeir æskja. Ef ekkert slíkt póstávísanagengi er skráð, skal breyta tollverði eftir því gengi, sem fjármálaráðuneytið ákveður.

12. gr.

Ef verð vara, sem greiða ber af mismunandi háan verðtoll, er tilgreint í einni fjárhæð, skal greiða af öllum vörunum þann verðtollshundraðshluta, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan verðtoll.

13. gr.

Í aðflutningsskýrslum þeim, sem viðtakendur skulu afhenda tollstarfsmönnum áður en vörur eru teknar til tollmeðferðar, skal tilgreindur sá dagur, sem sala hinna aðfluttu vara fór fram.

Þá skulu viðtakendur skyldir til að afhenda til tollmeðferðar samrit af sölureikningi yfir hina aðfluttu vöru. Reikningseintak þetta, sem tollstofnunin heldur eftir, skal vera dagsett og undirritað af seljanda eða þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefir rétt til að rita firma hans. Reikningur þessi skal skýrt og greinilega tilgreina nöfn þeirra vörutegunda, sem hann ræðir um, verð og nettóþunga hverrar vörutegundar, hvernig vara er seld, hvenær sala fór fram, greiðsluskilmála og önnur söluskilyrði, svo og í hvaða mynt er reiknað, tegund, merki og númer umbúða, eða merki og númer á vörunni, ef hún er umbúðalaus, stykkjatölu og þunga þeirra með umbúðum. Allir töluliðir reikningsins skulu lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.

Viðtakendur aðfluttra vara, sem ekki eru endanlega seldar hingað til lands eða sendar til útibúa eða umboðsaðila fyrir útlend fyrirtæki eða aðra aðila í útlöndum, skulu afhenda til tollmeðferðar samrit af vörureikningi yfir vörurnar, og skal reikningseintak þetta, sem tollstofnunin heldur eftir, tilgreina eftir því, sem við á, sömu atriði og sölureikningur yfir aðrar aðfluttar vörur. Á reikningseintak þetta skal auk þess vera skráð undirrituð yfirlýsing þess, sem sendir vöruna til útibús síns, umboðsaðila eða annars erindreka, um það, að verð það, sem tilgreint sé á vörureikningnum, sé ekki lægra en almennt heildsöluverð á samskonar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem vara er send.

Viðtakendur eru skyldir til að leggja fyrir tollstarfsmenn farmskírteini, fylgibréf, flutningsskírteini, vátryggingarskírteini, reikning yfir kostnað af umbúðum, flutningsmiðlunarreikning o. fl. þess háttar skjöl um vöruna til staðfestingar því, að tollverð sé rétt tilgreint, enda séu gjöld þau og kostnaður, sem skjöl þessi tilgreina, ekki innifalinn í upphæð sölu- eða vörureikninganna eða þeirra sérstaklega getið á þeim.

Í skýrslum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, skal vera yfirlýsing viðtakanda um það, að þeir sölu- eða vörureikningar, sem hann hefir afhent með skýrslunni, eigi við vöru þá, sem skýrslan ræðir um, að reikningarnir og önnur framlögð skjöl séu rétt og tilgreini, hvað varan kostar hingað komin í tilgreindri mynt, að frá upphæðum þessum sé ekki dreginn afsláttur fyrir borgun út í hönd eða annar sérstakur afsláttur eða annar frádráttur, sem ekki sé tilgreindur á skjölunum, og að honum sé ekki kunnugt um það, að verð það, sem tilgreint sé á sölu- eða vörureikningunum, sé lægra en almennt heildsöluverð á tilsvarandi magni af sams-

konar vörum eða vörum af svipuðu tagi á þeim stað og tíma, sem sala fór fram, eða ef vara er ekki endanlega seld hingað, á þeim stað og tíma, sem vara var send. Ef hið almenna heildsöluverð er hærra en hið tilgreinda verð, skal viðtakandi gefa yfirlýsingu um hið hærra verð eftir beztu vitund. Sama gildir, ef hann brestur upplýsingar um verðið. Hafi verið gefinn afsláttur fyrir borgun út í hönd eða annar sérstakur afsláttur eða annar frádráttur, sem framlögð skjöl bera ekki með sér, skal geta þess í aðflutningsskýrslunni og tilgreina upphæð hans.

Tollstarfsmönnum er heimilt, hvort sem er við tollun vöru eða síðar, að ganga úr skugga um það, hvort þeir, sem fá verðtollsskyldar vörur frá útlöndum, leggja fram rétt gögn um tollverð þeirra vara, með því að athuga verzlunarbækur hlutaðeigenda, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að dómi tollstarfsmannanna geta veitt upplýsingar um þau atriði, sem nefnd voru.

14. gr.

Nú telja tollstarfsmenn við tollmeðferð vöru, að verð það, sem tilgreint er í aðflutningsskýrslu og staðfest er með framlögðum skjölum, sé ekki í samræmi við það verð, sem eftir fyrirmælum 10. gr. á að greiða verðtoll af, og skulu þeir þá leiðrétta verðið samkvæmt þeim ákvæðum eða, ef ósamræmið stafar ekki af misskilningi á reglum 10. gr., hækka verðið að því skapi, sem þeir telja rétt. Ef viðtakandi telur sig ekki geta sætt sig við hið hækkaða verð, eða ef viðtakandi vöru, sem tollyfirvald hefir ekki talið venjulega verzlunarvöru og metið samkvæmt fyrirmælum síðustu málsgr. 10. gr., er óánægður með það verð, sem tollstarfsmaður hefir sett á þessar vörur, geta viðtakendur gert kröfu um mat á vörunni, en gera skal skriflega kröfu um slíkt mat til tollyfirvalds áður en það afhendir eða samþykkir að afhenda megi viðtakanda vöruna. Eftir að fram er komin krafa um mat skal tollyfirvald gera ráðstafanir til að mat verði framkvæmt, en það skal gera einn eða fleiri sérfróðir, ef við verður komið, og óvilhallir dómkvaddir menn, og skal hann eða þeir tilkynna viðtakanda og tollyfirvaldi, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Matsmenn skulu ákveða verðið eftir fyrirmælum 10. gr., eftir því, sem við verður komið, og skal greiða verðtollinn af matsverðinu. Viðtakandi skal greiða matskostnað, ef matsverð verður hærra en verð það, sem hann gaf upp, en ella ríkissjóður. Ákvæði 29. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit skulu gilda eftir því, sem við á, um matskostnað.

Ef það kemur í ljós við tollun eða síðar, að aðflutningsskýrsla eða þau skjöl, sem viðtakandi hefir lagt fram til staðfestingar því verði, sem tilgreint er í aðflutningsskýrslunni, eru röng, skal tollstarfsmönnum heimilt, ef þeir telja sér ekki fært að ákveða verð vöru til verðtollsákvörðunar, að fá það ákveðið með matsgerð á kostnað viðtakanda, og skulu ákvæði 1. mgr. gilda um mat þetta og matskostnað, eftir því, sem við á.

15. gr.

Nú gerir viðtakandi það sennilegt, að hann hafi ekki fengið þau gögn, sem um ræðir í 13. gr., eða ef þau teljast ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því, að hann greiði gjald fyrir tollskoðun og setji þá trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjaldanna, sem tollyfirvaldið heimtar, og að viðtakandi afhendi þau gögn, sem vantar, eða þau gögn, sem misfellur voru á, leiðrétt, innan hæfilegs tíma, sem tollyfirvaldið til tekur, en ef vanefndir verða á því, varðar það viðtakanda sektum, enda ákveður tollyfirvaldið þá, hve mikil aðflutningsgjöld skuli greiða af vörunni.

16. gr.

Ef viðtakandi vöru leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn þau, sem um ræðir í 13. gr., eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki þau atriði, sem fyrirskipuð eru í nefndri grein, skal greiða verðtoll af því tollverði, sem ákveðið hefir verið, með 25% viðauka við það.

Ákvæðum 1. mgr. skal þó ekki beita, ef tollyfirvald telur, að ekki sé um venjulega verzlunarvöru að ræða, eða ef vörur eru að mun skemmdar. Ennfremur er tollyfirvaldi heimilt, ef alveg sérstaklega stendur á, að sleppa framangreindum 25% viðauka.

17. gr.

Ef gefin er röng aðflutningsskýrsla um verð vöru, varðar það allt að fimmtánfaldri þeirri fjárhæð, sem höfð hefir verið eða hafa hefði mátt af ríkissjóði vegna hinnar röngu skýrslu.

Leggi viðtakandi hinsvegar fram röng gögn til staðfestingar því verði, sem upp er gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða hlaut að vita að voru röng, skal hann auk viðurlaga 1. mgr. sæta sektum, allt að 20000 kr., eða fangelsi, ef sakir eru miklar, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í 1. og 2. málsgr., má svipta þann, sem verður sekur um þar nefnd brot, leyfi til verzlunar um tiltekinn tíma, eða æfilangt, ef brot er margítrekað.

III. KAPITULI

Sérákvæði um nokkrar vörur.

18. gr.

Í stað þeirra aðflutningsgjalda, sem greiða skal af eftirtöldum vörum eftir 1. gr., skal, meðan samningur sá, sem birtur er með auglýsingu nr. 106 29. júní 1933, um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Sameinaða konungsríkisins Stórabretlands og Norður-Írlands, er í gildi, greiða af vörum þessum aðflutningsgjöld eins og hér segir:

Nr.	Vara	Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
1	Steinkol	100 kg	20	
2	Silkivefnaður úr gervisilki	1 kg	18	10
3	Karlmannafataefni úr ull	—	18	15
4	Kjólaefni kvenna úr baðmull	—	18	10
5	Segldúkur	—	2	
6	Tvisttau og rifti úr baðmull	—	18	10
7	Fóðurefni o. fl. úr baðmull	—	18	10
8	Gluggatjaldaefni úr baðmull	—	18	10
9	Léreft úr hör og hampi	—	18	10
10	Umbúðastrigi (Hessian)	—	2	
11	Gólfdúkur (Linoleum)	—	2	
12	Sokkar úr gervisilki	—	18	10
13	Sokkar aðrir en úr silki eða gervisilki	—	18	15
14	Nærföt önnur en úr silki eða gervisilki	—	18	15
15	Regnkápur	—	18	15
16	Línfatnaður	—	18	15
17	Tómir pokar	—	2	
18	Enskar húfur	—	18	15
19	Galvanhúðaðar járnplötur	—	2	
20	Vírstrengir	—	2	

Verðmæti ofannefndra vara til verðtollsákvörðunar er verð þeirra kominna um borð í farartæki, sem flytur þær hingað til lands.

Um vörur þessar gilda að öðru leyti ákvæði laga þessara eftir því, sem við á.

Það skal þó sérstaklega tekið fram, að við ákvörðun verðtolls af vörum þessum, þegar eins stendur á og um ræðir í fyrri hluta síðustu málsgreinar 10. gr., skal draga frá almenna verðinu frá heildsala til smásala, auk tolls, almennt flutningsgjald og almennt vátryggingargjald.

Meðan samningur sá, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, er í gildi, skulu vörur þær, sem taldar eru í 17. lið 48. kafla tollskrárinnar, og vefnaðarvara, sem fellur undir 35. lið 50. kafla skrárinnar og yfirdregin er með kátsjúk eða öðru þesskonar efni, tollast með 20 aura vörumagnstolli og 15% verðtolli.

IV. KAPITULI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Aðflutningsgjöld þau, sem greiða ber samkvæmt tollskránni, skal einnig greiða af vörum, sem innfluttar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, en aðflutningsgjöld hafa ekki verið greidd af er lög þessi öðlast gildi.

20. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvernig tolla skuli vöru, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi og er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

Þegar leitað er úrskurðar þess, sem um ræðir í 1. mgr., skulu fylgja erindinu til ráðuneytisins öll þau skjöl, sem skipta máli um tollun vöru, s. s. sölureikningur eða annar vörureikningur og önnur þau skjöl, sem um ræðir í 4. mgr. 13. gr. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni, en verði því ekki við komið, skal senda nákvæma teikning eða lýsing á vöru þeirri, sem ágreiningur er um.

21. gr.

Nú kemur upp deila um það, hvað skuli telja almennt verð vöru, almennt flutningsgjald eða annan almennan kostnað, sem fellur á vörur, og skal þá fjármálaráðherra eiga fullnaðarúrskurð um það mál.

22. gr.

Ákvæði laga nr. 53 16. nóv. 1907, um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest, skulu aðeins taka til vara þeirra, sem greiða ber af vörumagnstoll eftir magni án umbúða.

23. gr.

Á fyrstu höfn, sem aðkomuskip eða annað aðkomufarartæki tekur hér á landi, skal rannsaka skipsforðann eða slíkan forða í öðrum farartækjum og ákveða síðan hvað teljast skuli leyfilegur og hæfilegur forði. Fyrir rannsókn þessa skulu skipstjórar greiða tollyfirvaldinu eða umboðsmanni þess 10 kr.

24. gr.

Við tollskoðun er tolleftirlitinu heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörunum án endurgjalds.

25. gr.

Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verzlunarhagi einstakra manna eða fyrirtækja, þar með talin hverskonar vitneskja, sem ráða má af samritum af sölu- eða vörureikningum, sem tollstofnanir halda eftir.

26. gr.

Þau tollyfirvöld, sem hingað til hafa fengið 2% innheimtulaun af verðtolli, haldi þeim sem áður. Póstmönnum ber 4% af aðflutningsgjöldum, sem þeir innheimta.

27. gr.

Innflutningsgjöld þau, sem um ræðir í lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., og lögum um breyting á þeim lögum, skulu halda gildi sínu. Þá halda gildi sínu gjöld samkvæmt reglugerðarákvæðum, settum með heimild í niðurlagi 7. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Tolllög fyrir Ísland, nr. 54 11. júlí 1911.

Lög nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. laga nr. 54 11. júlí 1911.

Lög nr. 37 13. júní 1937, um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

Lög nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

Lög nr. 4 3. apríl 1928, um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

Lög nr. 130 31. desember 1935, um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll.

Lög nr. 83 19. júní 1933, um sérákvæði um verðtoll.

Lög nr. 40 8. september 1931, um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

2. gr. laga nr. 70 28. desember 1934, um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

1. málsgr. 3. gr. laga nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

2. gr. laga nr. 52 8. september 1931, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Lög nr. 125 31. desember 1935, um breyting á lögum nr. 52 8. september 1931, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Lög nr. 5 9. jan. 1935, um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp, og lög um breyting á þeim lögum, nr. 62 31. desember 1937.

2. mgr. 26. gr. laga nr. 63 31. desember 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

Loks eru úr gildi numin öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Ákvæði um stundarsakir.

a. Frá gildistöku laga þessara og til loka næsta reglulegs Alþingis skal fjármálaráðuneytinu heimilt að endurgreiða iðnaðarmanni eða iðjurekanda aðflutningsgjald eða hluta aðflutningsgjalds af efnivöru, sem hann á fullnægjandi hátt sannar fyrir ráðuneytinu, að hann hafi notað til iðnaðarframleiðslu sinnar, og hann sannar á sama hátt að beri hærra aðflutningsgjald að tiltölu en tilsvarandi unnin iðnaðarvara af erlendum uppruna, sem flutt er hingað til lands.

b. Fjármálaráðherra skal heimilt að láta innheimta aðflutningsgjöld í janúarmánuði 1940 á sama hátt og eftir sömu lögum og reglum og þau gjöld voru innheimt eftir á árinu 1939.

c. Meðan almennt eru greidd hækkuð farmgjöld vegna ófriðarins, skal fjármálaráðherra heimilt að láta, eftir því sem við verður komið, draga frá almennum farmgjöldum frá erlendri höfn til Íslands svo háa hundraðshluta, sem nemur almennri hækkun farmgjalda vegna ófriðarins.

Sþ. **584. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1940.

Frá fjárveitinganefnd.

Óvissan um útflutningsverzlun og afkomu atvinnuveganna veldur því, að fjárveitinganefnd hefir dregið eins lengi og unnt var að taka lokaákvarðanir um ýms þýðingarmikil atriði fjárlaganna, þó að viðhorf nefndarinnar hafi verið óbreytt um meginstefnuna. Þegar Alþingi kom saman í haust, lágu mörg af skipum Eimskipafélagsins í höfnum hér við land, og sum komu nálega vörulaus heim frá Englandi eftir langa bið eftir leyfi fyrir útflutningsvörum. Utan þings, og að nokkru leyti innan þings, voru menn farnir að gera ráð fyrir alveg óvenjulegum og mjög tilfinnanlegum samdrætti í útflutningsverzluninni, og þá um leið á tekjum ríkissjóðs. Mönnum var þá þegar ljóst, að siglingateppa myndi undir öllum kringumstæðum gera byggingarefni svo dýrt meðan stríðið stæði, að hin venjulega atvinna við húsabyggingar í landinu, og þá alveg sérstaklega í Reykjavík, myndi falla að mestu leyti niður og fjöldi manna missa sumaratvinnu, sem þeir hafa haft á undanförnum árum.

Fjárveitinganefnd leitaðist við að marka í þessu efni hina eðlilegu leið, og gerði það í nánu samráði við ríkisstjórnina. Það var leitazt við að finna leiðir til að draga úr útgjöldum, þar sem því varð við komið undir hinum breyttu kringumstæðum. Erlendir togarar verða sýnilega lítið við landið, meðan stríðið varir. Nefndin benti á leið til nýskipunar í því efni, þar sem gert er ráð fyrir 400 þús. kr. sparnaði frá útgjöldum yfirstandandi árs. Aðra álíka upphæð á að spara á framlögum til fiskimálasjóðs. Það var jafnvel lagt til og samþykkt að fella niður að miklu leyti hið árlega framlag til byggingar- og landnámssjóðs í byggðum landsins, og um leið og lokið er við verkamannabústaði í Reykjavík, sem nú eru í smíðum, hlýtur sama regla að gilda um þær byggingar.

Nefndin leitaðist fyrir á ýmsan hátt um skilyrði til að draga úr tilkostnaði við ríkisreksturinn, m. a. með því að gera ráð fyrir lengri vinnudegi, í átt við það, sem tíðkast við dagleg framleiðslustörf. En það kom í ljós, að engin veruleg samúð var með slíkum breytingum að svo komnu máli. Miklu fremur tóku að heyrast raddir um nýjar kröfur, um hækkuð útgjöld á hendur framleiðslunni. Utan af landi, úr byggðum og bæjum, komu háværar óskir um stórfelld framlög til margskonar þarfa, svo að skipti milljónum króna. Frá sumum stöðum komu í einu margar og stórar fjárbeiðnir um ný framlög úr ríkissjóði. Þjóðin var sýnilega ekki farin að gera sér grein fyrir nokkrum verulegum afkomuerfiðleikum. Þessar háværu kröfur til ríkissjóðs hafa byggzt á því, að þegar nokkuð leið fram á þingtímann, breyttist a. m. k. í bili viðhorfið um útflutningsverzlunina. Það tókst að fá leyfi til að flytja nokkuð af vörum til Pýzkalands og selja þær með góðu verði. Sama má segja um sumar þær vörur, sem seldar hafa verið til Englands. Tekjuaukinn fyrir framleiðsluna af þessari verzlun var þó á borði minni en í orði, vegna þess hve farmgjöld og stríðsvátrygging höfðu hækkað eftir að styrjöldin hófst. Dýrtíðin fór að hafa sýnileg áhrif á útgjöld við ríkisreksturinn. Gjöld til sjúkrahúsanna einna saman virðast nú verða 200 þúsund kr. meiri en í fyrra, og ef til vill hærri. Þessar vonir um betri afkomu hafa komið fram á margan hátt. Þannig hefir önnur deildin samþykkt umræðulítið frv. um nýtt prófessorsembætti við háskólann, án þess bráð þörf sé á starfinu, en hin deildin tekið mjög vinsamlega í að bæta óákveðinni upphæð úr ríkisjóði ofan á 700 þús. kr. til jöfnunarsjóðs, til að greiða vanskil milli sveitarfélaga fyrir þurfalinga.

Það getur vel verið, að næsta ár verði sæmilegt, eða jafnvel mjög gott fyrir atvinnuvegina. En það getur líka orðið mjög erfitt ár, með óvenjulegum örðugleikum, ef stórlega dregur úr útflutningsverzluninni. En það getur líka orðið allgott

fyrir suma landsmenn og mjög slæmt fyrir aðra, og þetta er ekki ósennilegasta tilgátan. Þá verður það alveg sérstaklega hlutverk þings og stjórnar að jafna metin um afkomuna innanlands.

Fjárveitinganefnd hefir fyrir sitt leyti leitazt við að benda á þær leiðir til sparnaðar, sem telja mátti framkvæmanlegar, eins og viðhorf þings og þjóðar er um þessar mundir. Nú er ráðgert að nota hið mikla vinnuafl manna, sem eru á opinberu framfæri, en ekki hafa viðfangsefni heima fyrir, með því að veita þeim vinnuskilyrði annarstaðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að leggja niður svokallaða atvinnubót við óarðbæra vinnu, en auka að sama skapi framleiðsluvinnuna.

Nefndin hefir ritað ríkisstjórninni bréf um að gera nú þegar þá breytingu á ríkisbúunum á Vífilsstöðum og Kleppi, að þau verði framvegis rekin sem kennslubú, þar sem ungir menn nemi fyrirmyndar vinnubrögð við ræktun og skepnuhirðingu.

Fjárveitinganefnd byggir tillögur sínar á því, að þjóðin muni beina sem mestu af vinnuorku sinni að sjálfri framleiðslunni, hvar sem því verður við komið. Til að styðja þá stefnu hefir nefndin mælt með, að sett yrðu kælitæki í Súðina og hún notuð að allmiklu leyti til flutninga með nýjar framleiðsluvörur til útlanda. Á sama hátt hefir nefndin gert ráðstafanir til að Þór og Skaftfellingur hverfi að framleiðslustörfum, en vitaskipið Hermóður annist flutninga til Skaftfellinga ásamt flutningi fyrir vitamálastjórnina. En að því leyti sem framleiðslan ekki tekur á móti vinnuaflinu, leggur nefndin til, að því sé alveg sérstaklega beitt við framkvæmdir þar, sem minnst erlent efni þarf við verkin, svo sem við vegagerð, lendingarbætur og framræslu lands. Nefndin hyggur, að með þessari stefnu hafi hún bent á þá leið, sem mest er í samræmi við skoðun ábyrgra manna í landinu.

En ef svo fer, að útlitið breytist til verulegra muna til hins verra, mun Alþingi væntanlega gefa ríkisstjórninni heimild til að draga úr ráðgerðum vinnuframkvæmdum eftir ákveðnu hlutfalli, sem gangi jafnt yfir alla. En ef meira þrengir að, verður ríkisstjórnin hvort sem er að kalla þingið saman, til að starfa að þeim bjargráðum, sem upp yrði að taka, ef stórlega dregur úr útflutningi á næstunni. Það er ekki hægt að gera fjárlög fyrir hallærisástand, nema þing og þjóð finni, að hallæri sé komið í landinu.

Undanfarnar vikur hafa þeir sjómenn, sem starfa að því að veiða fisk, sem fluttur er til útlanda ísvarinn eða frystur, haft sæmilega afkomu. Aftur á móti lítur mjög illa út með framleiðslu á Spánarfiski. Í Hafnarfirði t. d. að taka kemur glögglega fram mismunurinn í þessu efni. Á undanförnum árum hafa togararnir, sem til eru í bænum, flutt afla sinn þangað, fiskurinn hefir verið verkaður fyrir Suðurlandamarkað, og Hafnfirðingar fengið í sinn hlut fyrir fiskverkun í landi allt að hálfa milljón króna árlega. Nú er búizt við, að togararnir flytji afla sinn nýjan til útlanda, ef þess er nokkur kostur. Við það myndast í þessum bæ stórfellt atvinnuleysi um bjargræðistímann. Í þessum eina bæ hafa auk þess 70 fjölskyldufeður haft vinnu við húsabyggingar heima og annarstaðar á undanförnum árum. Sú vinna hlýtur, eins og áður er sagt, að mestu leyti að falla niður meðan stendur á styrjöldinni. Þó að Hafnarfjörður hafi nokkuð sérstaka aðstöðu í þessum efnum, þarf ekki að leiða neinum getum að því, hver áhrif það hefir á afkomu manna víða um land, í kaupstöðum og kauptúnum, ef neyðarástand ríkir um markaðinn í Suðurlöndum. Það verður ekki komizt hjá að láta þessar staðreyndir móta meðferð fjárlaganna undir núverandi kringumstæðum.

Það er samkomulag ríkisstjórnar og fjárveitinganefndar, að símalagningar og brúargerðir muni svo að segja verða að hætta um stund, vegna dýrleika hins erlenda efnis, aðeins greidd fyrirfram gerð verk, og lokið við smáframkvæmdir frá fyrra ári. Sama er að segja um stóra vita, þó að lögð verði áherzla á að reisa nokkra smávita, sem smíða má að mestu leyti innanlands. Húsabyggingar bæði í kaupstöðum og sveitum falla að mestu leyti niður. Þá eru eftir, sem viðfangsefni

fyrir það vinnuafl, sem ekki kemst að sjálfri framleiðslunni, eins og fyrr er sagt, nýbygging vega, vegaviðhaldið, lendingabætur og framræsla.

Vegagerðirnar eru þrennskonar: Vegaviðhaldið, hinir dreifðu smávegir úti um land, þar sem fólkið á staðnum hefir fengið vinnu og nokkra tekjubót vor og haust. Að því leyti, sem sveitamenn starfa að þessum síðarnefndu vegum, verður að framkvæma þá vinnu fyrir og eftir slátt, til að dreifa ekki áhuga manna frá framleiðslunni. Þá koma í þriðja lagi hinir stærri vegir og meiri háttar framkvæmdir, sem nú verða að vera verkefni þeirra manna úr bæjunum, sem áður hafa unnið að slíkum störfum eða tapa möguleikum við hin venjulegu framleiðslustörf sín sökum afleiðinga stríðsins. Þessari vinnu, sem ætluð er bæjarmönnum og skólapiltum, verður að haga á þá leið, að hún nái yfir vor- og sumarmánuðina.

Nefndin leggur áherzlu á, að ríkisstjórnin láti beita ákvæðisvinnuskipulaginu alstaðar þar, sem því verður við komið við almennar framkvæmdir, og að til grundvallar við ákvörðun dagsverksins sé byggt á afkasti dugandi meðalmanna við vinnu. Til að sanna, svo að ekki verði um deilt, þýðingu ákvæðisvinnunnar, lætur nefndin fylgja þessu áliti skýrslu um margra ára reynslu húsameistara ríkisins. Sýnir hún, að ákvæðisvinnan við ýmiskonar byggingar hefir sparað ríkissjóði stórmiklar fjárhæðir.

Nefndin hefir tekið það ráð, að rýmka í tillögum sínum nokkuð um framkvæmdir í vegamálum, að mestu í samræmi við tillögur vegamálastjóra. Hún hefir auk þess talið rétt að vinna skipulega að því að fylla í tilfinnanlegar eyður í þjóðvegakerfinu á aðalvegum milli landshluta. Á þann hátt má á nokkrum árum fullgera aðalleiðir, leiðina framan við Hafnarfjall, yfir Kerlingarskarð, í Suðurdölum, milli Lækjamóts og Sveinsstaða, í Öxnadal, við Eyjafjörð og Austurlandsleiðina milli Grímsstaða og Jökuldals.

Sú venja hefir haldizt á undanförnum árum, að mun hærra kaup hefir verið goldið verkamönnum, sem störfuðu að vegagerð suður hjá Krísuvík, heldur en við aðra vegi. Nefndin er mótfallin því, að nokkurt slíkt ósamræmi eigi sér stað við landsjóðsvinnu úti um byggðir landsins.

Þá hefir sá siður verið upp tekinn á nokkrum stöðum við opinbera vinnu í sveitum, að vinna ekki nema nokkurn hluta laugardagsins, þó að greitt sé fullt kaup fyrir þann dag, og auk þess að flytja verkamennina í bifreiðum á landsins kostnað, án þess að þau ferðalög væru viðkomandi vinnunni. Fólk í sveit, sem vinnur fullkomna erfiðisvinnu laugardagana, eins og aðra daga, finnur enga eðlilega skýringu á þessum hlunnindum hjá ríkissjóði, og þessi nýbreytni á þátt í að skapa óánægju hjá mörgu fólki, sem annars vill og getur unnið að framleiðslu í sveit. Ef haldið er áfram flutningum í bifreiðum á landsins kostnað um helgar á sumu því fólki, sem starfar að nauðsynlegri vinnu, eru ekki mörg skref yfir í það ástand, að sjómenn vilji, að fiskiflotanum sé siglt í höfn síðari hluta laugardags, svo að yfirmenn og hásetar geti tekið sér hvíld í kaupstöðunum yfir sunnudaginn. Dýrleiki á benzíni mun væntanlega, með fleiri orsökum, leiða til þess, að sunnudagsflutningar á landsins kostnað falli niður.

Nefndin hefir gert nokkrar nýjar tillögur um vegamálin. Á allmörgum stöðum hefir hún hækkað lítilsháttar frá frv. stjórnarinnar, og þá oftast í samræmi við tillögur vegamálastjóra. Sumstaðar höfðu vegir, sem unnið hefir verið að á undanförnum árum, verið felldir niður, og bætti nefndin nokkrum við, þar sem hún sá sér það fært.

Fé það, sem komið hefir inn vegna benzínskattsins, hefir verið að nokkru leyti lagt í asfalt- og steinsteypuvegi nærri Reykjavík. Þessi vegagerð verður nú óframkvæmanleg í bili vegna dýrleika hins erlenda efnis. Auk þess verður Reykjavík allvel sett með atvinnu í sumar vegna hitaveitunnar, þar sem búizt er við, að 500 menn eða jafnvel fleiri vinni að staðaldri að því verki. Um Hafnarfjörð má aftur búast við meiri erfiðleikum, eins og fyrr er fram tekið. Nefndin vill þess

vegna leggja til, að 100 þús. kr. verði teknar af þeirri hálfu milljón, sem verja á til almennrar atvinnuaukningar í landinu, og það fé notað í veginn frá Hafnarfirði til Krísuvíkur. Gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin láti menn úr Hafnarfirði, einkum þá, sem verið hafa við byggingar eða fiskverkun, njóta að minnsta kosti helmings af þessari vinnu, en Reykvíkinga, sem líkt stendur á fyrir, hafa hinn hlutann. Er þá séð fyrir, að ekki minnkar þessi vinna fyrir Reykvíkinga og Hafnfirðinga, þó að malbikun hætti um sinn.

Fjárveitinganefnd mun ekki gera tillögur um að ráðstafa umræddri fjárhæð, nema að þessu eina leyti, og af ástæðum, sem að framan eru greindar. Bjargráðanefndin hefir því óbundnar hendur að öðru leyti að því er snertir umrætt framlag ríkissjóðs, að ráðstafa því til hagsbóta og atvinnuaukningar, hvar sem er á landinu.

Hafnfirðingar telja sér mikla nauðsyn, ekki einungis að geta unnið til verulegra muna að vegagerð þeirri, sem hér ræðir um, heldur alveg sérstaklega, að veguinn komist til Krísuvíkur, svo að bæjarbúar geti tekið þar lönd til framræslu og ræktunar, þar sem þessi kaupstaður hefir lítið annað viðunanlegt land, svo að fólk í bænum geti hafið þá ræktun, sem því er nauðsynleg til stuðnings og uppfyllingar annari atvinnu.

Vegamálastjóri leggur áherzlu á að bæta veginn milli Sogsfossanna og Þingvalla, og verður tillagið til hans með framlagi Reykjavíkur um 20 þús. kr.

Ferðir með bifreiðum eru nú sumarlangt, bæði eftir föstum áætlunum og á annan hátt, vestur um land, norður og til Austurlands. Á þeim vegum eru víða tilfinnanlegar eyður, sem lítið hefir verið hægt að sinna á undanförnum árum. Nefndin leggur til, að nú sé hafizt handa að fylla í þessar eyður. Hin fyrsta er milli Akraness og Borgarfjarðarbrautar á aðalleið norður og vestur. Önnur eyðan er á Kerlingarskarði. Hin þriðja í Suðurdölum. Hin fjórða í miðri Húnavatnssýslu milli Lækjamóts og Sveinsstaða. Í Öxnadal er oft nálega ófært eftir eyrum meðfram ánni, og er þá stundum helzta úrræðið að aka yfir tún að Varmavaðshólum. Út frá Akureyri liggur höfuðvegur í Svarfaðardal meðfram firðinum að vestan og frá Akureyri báðum megin Eyjafjarðarár, en austan fjarðarins, milli Akureyrar og Grenivíkur, er eyða alveg á nokkrum km., og má það teljast óviðunandi í svo fjölbyggðu héraði, þar sem verzlun öll og viðskipti hníga til Akureyrar. Þá leggja Austfirðingar mikla áherzlu á að búa undir að stytta leiðina milli Reyðarfjarðar og Akureyrar um ca. 90 km. með því að fá brú á Jökulsá austur frá Reykjahlíð. Hafa forráðamenn Austfirðinga með mikilli framsýni beitt sér fyrir að bæta veginn frá Reykjahlíð austur að Jökulsá, að væntanlegu brúarstæði. Nú er gert ráð fyrir af hálfu nefndarinnar að auka nokkuð framlagið til að bæta akveginn frá Hólsfjöllum að Skjöldólfsstöðum.

Eins og sjá má af þessu yfirliti, er hér lögð stund á að nota vinnuafl, sem ekki verður bundið í framleiðslunni, til að tryggja vegasambandið á langlínunni frá Reykjavík, til Vesturlands og alla leið austur á Fljótsdalshérað.

Eftir að lokið var vegi yfir Holtavörðuheiði ákvað ríkisstjórnin að leggja megináherzluna á veginn yfir Vatnsskarð. Með framlaginu, sem unnið verður fyrir í sumar, verður lokið við akveg upp yfir brekkuna ofan við Bólstaðarhlíð. Þó að fjárhæðin í þann veg sé allhá, mun taka mörg ár að fullgera veginn austur að Víðimýri.

Fjárveitinganefnd hefir fengið eindregnar áskoranir um að reyna að flýta því, að hinar mannmörgu síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði og Raufarhöfn fái akvegasamband við önnur héruð. Er þetta ómótmælanleg nauðsyn til að geta daglega flutt nauðsynlegar vörur til almennra nota á þessum stöðum, og ennfremur til að halda ekki hinum mikla mannfjölda meiri hluta sumars einangruðum frá grasi og gróðri. Er þetta því tilfinnanlegra, þar sem mikið af því fólki, sem starfar að síldariðjunni, eru unglingar á mótunaraldrinum. Ef notað er það framlag, sem nú er á fjárlögum, þyrfti ekki að bæta við nema 20 þús. kr. til að tengja

akvegasambandið milli Raufarhafnar yfir Melrakkasléttu norðanverða við þéttbýlið í Presthólahreppi vestanverðum, Axarfjörð og Kelduhverfi. Munu þessar sveitir þá geta birgt síldarfólk í landi og hina mörgu sjómenn, sem flytja síldina til Raufarhafnar, að nauðsynlegum landbúnaðarvörum, en eins og nú er komið málum, er ekki sýnilegt, ef veglaust er að verksmiðjunni, hversu tekst að flytja þangað nauðsynleg matvæli handa svo miklum fjölda aðkomumanna sem þar mun dvelja sumarlangt.

Á Siglufirði er talið, að alls dvelji um 12 þúsund manns um síldveiðitímann. Er bæði Siglfirðingum og Skagfirðingum hið mesta áhugamál að geta lokið við veginn yfir Siglufjarðarskarð og bætt veginn yfir láglendið í Fljótum vestan við skarðið, svo að þar verði örugg bifreiðaleið meðan iðjan er mest á Siglufirði að sumrinu til. Þá myndi vera hægt að draga að allskonar landbúnaðarvörur úr öllum Skagafirði daglega og oft á dag allt sumarið. Færi óneitanlega vel á því að brjóta niður þann skilvegg, sem aðskilur mannflestu iðnaðarstöð landsins, eins og Siglufjörður er á sumrin, og eitt hið frjósamasta ræktarland, láglendið í Skagafirði.

Á undanförnum árum hefir verið unnið að því, að leggja akveg yfir Siglufjarðarskarð. Hafa Siglfirðingar lagt fram allmikla sjálfboðavinnu í því skyni, auk nokkurs framlags úr ríkissjóði. Er akvegurinn nú kominn nokkuð hátt upp eftir hlíðinni ofan við Siglufjarðarkaupstað. Fyrir hina miklu síldariðju á Siglufirði og Raufarhöfn er hin mesta nauðsyn að koma báðum þessum mannmörgu stöðum sumarlangt í öruggt akvegasamband við nærliggjandi ræktunarhéruð og vegakerfi landsins alls. Ef síldarverksmiðjurnar legðu fram vaxtalaust lán 200 þús. kr. til tíu ára, væri hægt að opna leiðina til beggja þessara staða. Til að koma á akvegasambandi við Raufarhöfn þarf 20 þús. kr., og eftir því, sem vegamálastjóri hefir tjáð nefndinni, myndi fyrir 180 þús. kr. vera hægt að fullgera akveginn frá Siglufirði yfir Siglufjarðarskarð og niður hlíðina að vestan yfir erfiðustu kaflana.

Ef hnigið væri að þessu ráði, myndi nefndin mæla með að nota um 25 þús. kr. af benzínskatti og öðrum framlögum til að bæta veginn yfir Fljótin í átt að Siglufjarðarskarði. Væri flutt í þann veg 15 þús. kr., sem nú eru á fjárlagafrv. til Siglufjarðarskarðs, og 10 þús. kr. aukið við. En ef ekki er fallizt á, að verksmiðjurnar greiði fyrir, að Siglufjörður fái akvegasamband, ætlast nefndin til, að unnið verði á Siglufjarðarskarði fyrir 15 þús. kr., en í Fljótum fyrir 10 þús. kr. Auk þess vill nefndin leggja til að heimila vegamálastjórninni að flytja þær 4000 kr., sem ráðgert er að nota í sumar í veginn hjá Silfrastöðum í Blönduhlíð, í Fljótaveginn, ef það þykir henta betur.

Nefndin mælir með við atvinnumálaráðuneytið að koma því til vegar, að fastráðnir verkamenn við ríkisverksmiðjurnar á Siglufirði og Raufarhöfn verði látnir vinna að umræddri vegagerð, þegar dagar falla úr, einn eða fleiri, svo að ekki er síld til að vinna í verksmiðjunum.

Nefndin liggur til, að Súgandafirði verði veittar 8 þús. kr. til að ljúka við það, sem nú hefir verið byrjað á af hafnargarðinum, og telur vitamálastjóri, að sú fjárhæð muni nægja til þess, með framlagi Súgfirðinga. Á Dalvík var í fyrrasumar lagt í undirbúningskostnað og byrjun á hafnarmannvirkjum rúmlega 100 þús. kr. Ríkið er fyrir sitt leyti í nokkurri skuld og ábyrgð fyrir lánum vegna Dalvíkur. Nefndin leggur til, að ríkið veiti 18 þús. kr. til þessa verks í ár. En um slík mannvirki mun ríkisstjórn og Alþingi vafalaust athuga á næsta ári, hversu ráða má fram úr þeim málum.

Nefndin leggur til, að áfram verði haldið á nokkrum stöðum ýmsum kostnaðarlitlum lendingarbótum, og gerir auk þess ráð fyrir, að hinn nýi bjargráðasjóður muni verða þar til verulegs stuðnings. Á tveim stöðum hefir nefndin viljað mæla með ákveðnum lendingarbótum, þar sem um er að ræða tvær þýðingarmiklar vélbátastöðvar. Annarsvegar styrk til bryggju í Keflavík, sem verði eign hreppsins, hinsvegar til að lengja skjólgarðinn og bryggju í Þorlákshöfn.

Keflavík er ein af hinum stóru veiðistöðvum á landinu, sem fengið hafa lítinn

stuðning til að bæta lendingarskilyrði sín. Er þar þó einn hinn mesti vélbátafloti á landinu og mikil sjósókn. Nú biðja Keflvíkingar um nokkurn styrk til að koma upp afgreiðslubryggja í varinu innan við þann skjólgarð, sem kominn er. Myndi slík bryggja flýta stórlega fyrir uppskipun úr bátum í Keflavík og á þann hátt efla og greiða fyrir framleiðslunni.

Þorlákshöfn er eini staðurinn á allri suðurströnd Íslands frá Hornafirði og vestur að Reykjanesi, þar sem unnt er að gera lendingarbót, sem kemur að verulegu gagni. Þorlákshöfn er nú héraðseign manna á suðurláglendinu. Hefir kaupfélag Árnesinga staðið þar fyrir framkvæmdum. Á undanförnum árum hefir verið unnið að því með styrk úr ríkissjóði, að bæta þessa lendingu og gera þar byrjun að skjólgarði. Hefir verið komið þar upp góðum heimavistum fyrir sjómenn, lýsisbræðslu, og nú er verið að ljúka þar beinamjölsverksmiðju. Árnessýsla leggur fram árlega fé úr sýslusjóði í veginn af Suðurlandsbraut 5 km. niður að Þorlákshöfn. Bátum fjölgar stöðugt í Þorlákshöfn, og þangað munu leita bátar frá Eyrarbakka, Stokkseyri og frá býlunum austan við þessi kauptún, ef skyndilega brimar. Þorlákshöfn hefir verið þrautalending Sunnlendinga frá ómunatíð, og hún verður það meir og meir eftir því sem unnt er að bæta skilyrðin. Nú liggja þiljubátarnir á höfninni, en meðan enginn skjólgarður er kominn hafa þeir örðuga aðstöðu. Einhver mesti annmarkinn þar er að geta ekki landað fiskinn, nema með því að setja aflann í smábáta úti á höfn. Tilgangurinn með þeirri umbót, sem Sunnlendingar vilja gera í Þorlákshöfn í sumar, er að lengja skjólgarðinn ca. 30 metra og fá afgreiðslubryggju fyrir bátaflotann innan við. Vex því í einu öryggi á legunni og greiðist fyrir framleiðslunni.

Það, sem einkennir lendingarbæturnar í Þorlákshöfn, er, að þar er verið að skapa atvinnu og framleiðsluaukningu fyrir menn úr öllum byggðum Suðurlands, á þeim tíma, sem ekki er unnt að sinna jarðræktinni. Jafnframt verður öryggi sjómannanna stórlega aukið. Áhuginn fyrir umbót Þorlákshafnar er almennur um allt Suðurland. Það er ef til vill sökum hins almenna áhuga í héraðinu að framlag héraðsbúa í þessum lendingarbótum er stöðugt greitt af framleiðslunni sjálfri, án þess að stofna til skulda, eins og tíðkast því miður víða annarstaðar.

Bryggjugerðin í Keflavík og lendingarbæturnar í Þorlákshöfn eru hliðstæð fyrirtæki. Hvorttveggja má kallast ódýrt og miðar beint að aukningu á framleiðslunni við þá tegund útvegs, sem virðist henta þjóðinni vel undir núverandi atvinnuskilyrðum.

Fyrirhleðsla við Markarfljót er nú á góðum vegi. Stjórnin hafði hið sama framlag og áður, 50 þús. kr. Er það langmest vinna, og kemur þess vegna að góðu haldi, þegar ekki er unnið að byggingum. Vegamálastjóri telur mikla nauðsyn, að öryggi sé í fjárveitingunum og hefði þótt máli skipta, að fjárveitingin hefði verið bundin til nokkurra ára, eins og tíðkast við hafnargerðir. En þó að það sé ekki gert, er nefndin á þeirri skoðun, að vegamálastjóri og ríkisstjórnin verði að geta hagað verkinu á þann hátt, að gert sé ráð fyrir stöðugu áframhaldi. Getur á þeim stað verið hættulegt að verða að stöðva vinnu skyndilega af því fjárveiting er þrotin það ár. Kom að því nú í haust sem leið, að ríkisstjórnin lét, með samþykki fjárveitinganefndar, vinna lítið eitt fram yfir fjárveitingu, til þess að áin gæti ekki grandað síðustu fyrirhleðslunni, sem annars hefði endað í miðjum farvegi.

Eins og aftur er vikið að í þessu nefndaráliti, verður að gera ráð fyrir atvinnuaukningu í allstórum stíl, vegna þess að svo mjög hlýtur að draga úr byggingarvinnu, símalagningum, brúargerðum, vitabyggingum og einstökum greinum framleiðslunnar. Úr þessu verður að bæta með ýmiskonar vinnu, sem nú má framkvæma, þrátt fyrir styrjaldarástandið. Hitaveitan í Reykjavík er stærst af þessum framkvæmdum. Þá kemur vegurinn hjá Krísuvík, Vatnsskarðsvegur, fyrirhleðsla hjá Markarfljóti og lendingarbætur í Þorlákshöfn, auk vegaviðhaldsins. Nefndin gerir ráð fyrir, að við öll þessi mannvirki muni menn úr kaupstöðum og kauptúnum fá verulega vinnuaukningu. Þar sem framleiðslan er í viðunandi lagi í sveitunum, mun mega teljast sanngjarnt, að þeir menn, sem hafa aðstöðu til ræktunar og heimaframleiðslu, víki að

einhverju leyti úr vegi, meir en tíðkazt hefir, fyrir mönnum í bæjum, sem misst hafa atvinnu sína af völdum styrjaldarinnar. Er þess vænzt, að ríkisstjórninni takist að jafna metin í þeim efnum, og að allri sanngjarnri málamiðlun verði því vel tekið.

Ef til þess kemur, að gert yrði sérstakt átak til að koma síldarverksmiðjum ríkisins í vegasamband á þann hátt, sem bent er hér á, myndi vel við eiga, að vinnunni væri skipt jafnt milli verkfærra manna á Siglufirði, ef þeir hafa þess þörf, en annars sætu fjölskyldufeður úr öðrum kaupstöðum og kauptúnum að þeirri vinnu, en hinn helmingur vinnunnar gengi til duglegra og reglusamra námsmanna, sem vantar vinnu yfir sumarmánuðina. Á þennan hátt mætti nú í sumar greiða götu margra námsmanna, sem annars eiga örðugt með að halda áfram námi sínu.

Nefndin hefir ráðgert nokkra nýbreytni að því er snertir útvarpið. Má þar fyrst telja tillögu þá, sem nefndin hefir borið fram í frumvarpi vegna styrjaldarinnar, þar sem reynt er að búa svo um hnútana, að koma megi upp öflugri íslenzkri fréttastofu, þar sem blöðin geti verið aðilar, en fyrirtækið þó undir yfirumsjón útvarpsráðs.

Þá hefir nefndin lagt allmikla vinnu í að styðja útvarpið og tónlistarskáld vor með því að gera tillögu til ríkisstjórnarinnar um að láta hljómlistarsjóð Guðjóns Sigurðssonar úrsmiðs taka til starfa. Hafði gefandinn hugsað sér, að fyrir vexti af sjóði hans yrði komið á fót hljómsveit, er spilaði á vissum tíma fyrir almenning á gildaskála eða á annan hátt í Reykjavík. Nú er vitaskuld fjarstæða að láta þennan sjóð starfa öðruvísi en í útvarpinu, og mætti teljast eðlilegt, að sérfræðingar tónlistarskólans störfuðu þar fyrir alla landsmenn. Hefir ríkisstjórnin og trúnaðarmenn gefanda mál þetta með höndum, og má vænta, að sjóðurinn taki til starfa á næsta ári.

Nefndin leggur til, að 15 þús. kr. megi verja næsta ár til hljómlistar í útvarpinu, og kæmi auk þess stuðningur frá sjóði Guðjóns Sigurðssonar, ef hann tæki til starfa á þann hátt, að láta alla landsmenn verða aðnjótandi þeirrar hljómlistar, er hann kostar. Í útvarpsefni telur nefndin hæfilegt að verja 60 þús. kr. Vill nefndin benda á, auk sparnaðar í mannahaldi, sem vel mun geta komið til greina, að rétt þykir að felld sé niður hljómlist eftir kl. 10 að kvöldi um helgar og fyrir hádegi á sunnudögum. Er því meiri ástæða til að spara í þessu efni, þar sem sumir lampar útvarpsins kosta um 50 þús. kr. hver og lítið um varahluti. Þykir rétt að reyna ekki, meðan styrjöldin stendur, um of á svo dýrmæt tæki.

Nefndin leggur til, að kennslumálaráðherra hafi, í sambandi við útvarpið, leyfi til að veita litla fjárhæð til málfegrunar. Er tilætlun nefndarinnar, að kennslumálaráðherra velji hæfan mann eða menn til að velja úr hinum fegursta framburði á Íslandi, og skapa úr því fullkomið framburðarkerfi, sem landsmenn læra síðan með kennslu í útvarpinu. Í stórum og ríkum löndum eru þjóðleikhúsin sá staður, þar sem tungan á að vera töluð bezt og með mestum hreinleik. Hér mun útvarpið hinn rétti staður til að kenna góða meðferð málsins. Hefir útvarpið lítt haft aðstöðu til umbóta í þeim efnum, en hér er ráðgerð lítil byrjun að miklu verki.

Það hefir orðið að samkomulagi milli sóknarnefndarinnar á Akureyri og ríkisstjórnarinnar, að ríkið skyldi afhenda Akureyringum kirkjuna og greiða söfnuðinum sem nokkurskonar álag 30 þús. kr. Gamla kirkjan, sem ríkið átti, stóð á óhentugum stað í bænum. Hún var langtum of lítil, gömul og svo köld, að söfnuðurinn taldi sig alls ekki geta unað við hana lengur. Hefir söfnuðurinn nú byrjað á kirkjubyggingu á hæðinni ofan við miðjan bæinn, og er húsið orðið fokhelt. Kirkjubyggingarmálið er almennt áhugamál allra flokka á Akureyri. Við nákvæma lögfræðilega athugun kom í ljós, að ekki varð komizt hjá fyrir ríkið að styðja Akureyri til að koma upp nýrri kirkju. En á hinn bóginn er aðstaða Akureyrarkirkju gagnvart ríkinu svo sérstæð, að þessi lausn myndar ekki fordæmi viðvíkjandi öðrum kirkjum á landinu.

Nefndin hefir á fyrri hluta þingsins ritað stjórninni bréf um Litla-Hraun og rekstur þess. Hefir ríkisstjórnin síðan látið gera ýmsar umbætur á skipulagi vinnuhælisins. Eitt af því, sem mjög hefir gert erfitt fyrir um rekstrarafkomuna, er sú venja, að menn, sem fengið hafa dóma, hafa leitazt við að ljúka veru sinni af á Litla-Hrauni að vetrinum. Hefir hælið þá verið yfirfyllt, en lítið um verkefni, en

á sumrin hafa fangarnir verið tiltölulega fáir. Forstöðumaður hælisins leggur nú mikla stund á að koma svo fyrir búskap stofnunarinnar, að framleiðslan af íslenzkum vörum nægi sem allra mest fyrir hælið og þarfir þess. Nefndin mælir eindregið með, að ríkisstjórnin láti fullnægja dómum jafnskjótt og þeir eru dæmdir, og hætti undanþágum eins og þeim, sem nú hafa verið nefndar. Nefndin telur það höfuðatriði, að föngunum sé haldið að nýtilegri vinnu heima fyrir eða fjær hælinu, ef þar er vinnuþörf og aðstaða til að nýta vinnu fanganna með góðum árangri. Sú fjárhæð, sem í fjárlögunum er tilgreind við kostnað til að vinna fyrir ríkið, er til að standast útgjöld við verk, sem eru unnin til almenningsgagns annarstaðar en í landi vinnuhælisins.

Forstöðumaðurinn á Litla-Hrauni hefir tjáð nefndinni, að hælinu væri mikil þörf á að eignast helming jarðarinnar Stóra-Hrauns. Hælið á nú helming þeirrar jarðar, en landi hennar er skipt í smáskákir, og leigir núverandi ábúandi þær út ýmsum mönnum, þar á meðal úr öðrum sveitum. Það er mjög óheppilegt fyrir vinnuhælið, að fangarnir eigi að vinna sín daglegu störf í svo miklu nábýli við óviðkomandi menn, eins og hlýtur að eiga sér stað, meðan hælið hefir ekki umráð yfir öllu landi Stóra-Hrauns. Þessi hluti jarðarinnar mun vera til sölu, og er þess vænzt, að ríkisstjórnin láti rannsaka möguleika fyrir þeim kaupum og leggi tillögu í því efni fyrir næsta Alþingi.

Um flesta útgjaldaliði fjárlaganna mun framsögumaður skýra nánar viðhorf nefndarinnar. Áætlun um tekjubálkinn mun nefndin leggja fram nokkru fyrir 3. umræðu. Enn eru nokkur frumvörp, sem hafa mikla þýðingu fyrir tekjur ríkisins, svo sem tollskráin, og vaxtaskatturinn ekki enn orðinn að lögum. Engu að síður eru þær útgjaldahækkanir, sem nefndin leggur til, byggðar bæði á þeirri niðurfærslu, sem gerð var við 2. umr., og á mati nefndarinnar á tekjuvonum ríkissjóðs, miðað við núverandi verzlunarástand.

Útgjöldin vegna fjársýkinnar og nokkrir aðrir liðir eru ekki enn teknir með í áætlun fjárlaganna. Verður þeim liðum og nokkrum fleiri bætt við fyrir 3. umræðu. En nefndin hefir viljað koma þessu áliti út fyrir jól, til þess að aðrir þingmenn geti haft tíma til að athuga breytingartillögurnar fyrir 3. umræðu.

Tveir nefndarmenn taka fram, að þeir hafi sérstöðu í vissum málum. Emil Jónsson viðvíkjandi Suðurlandsveginum, og Pétur Ottesen viðvíkjandi fjáröflun til vegarins yfir Siglufjarðarskarð.

Alþingi, 22. des. 1939.

Jónas Jónsson, form.	Bjarni Bjarnason, frsm.	Emil Jónsson, fundaskr.
Sig. E. Hlíðar.	Helgi Jónasson.	Pétur Ottesen.
Bernh. Stefánsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Jón Pálmason, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Skrá yfir tilboð í ýms verk nokkurra bygginga, er teiknistofa húsameistara ríkisins hefir gert útboð um undanfarin ár.

Í fyrsta dálki er árið, sem útboðið var gert, í öðrum dálki er tilboðafjöldi í hvert einstakt verk, í þriðja dálki er lægsta tilboðsupphæð, í fjórða dálki er hæsta tilboðsupphæð og í fimmta dálki það, sem útboðið ræðir um.

Yfirleitt hefir lægsta tilboði verið tekið.

„Byggingin“ í fimmta dálki merkir venjulegast húsið sjálft án allra röralagna.

Breyting á Landssímastöðinni í Rvík.

1921	6	tilboð	29500	til	32280	kr. Breyting.
	6	—	4031	—	4115	— Hitalögn.

	6	—	596	—	659	—	Skolplögn.
	6	—	550	—	568	—	Raflögn.
	3	—	1250	—	1367	—	Útidyr.
	5	—	1400	—	1797	—	Girðing.

Símastöð í Hafnarfirði.

	5	tilboð	41600	til	57000	kr.	Byggingin.
1925	2	—	2850	—	3450	—	Hitalögn.
1931	5	—	7900	—	11600	—	Viðbygging.

Eiðaskóli.

1921	4	tilboð	4.00	til	4.20	kr.	Sandur pr. tdr.
	5	—	2.00	—	3.00	—	Möl pr. tdr.
1925	3	—	2374	—	4136	—	Timbur.
1926	2	—	0.02½	—	0.04	—	Flutningur pr. kg.
	3	—	12400	—	13584	—	Hiti og hreinl.t.

Hvanneyrarskóli.

1922	3	tilboð	11100	til	13228	kr.	Rafstöð.
1924	3	—	785	—	1180	—	Ytrigluggar.
1927	3	—	5580	—	7800	—	Hitalögn.

Gagnfræðaskólinn á Akureyri.

1922	3	tilboð	11.75	til	12.05	kr.	Línóleum pr. m²
	3	—	0.60	—	0.67	—	Bárujárn pr. kg.
	3	—	0.78	—	1.17	—	Þakpappi pr. m².

Dómkirkjan í Reykjavík.

	5	tilboð	2900	til	3775	kr.	Raflögn.
1924	3	—	1050	—	1250	—	Utanmálun.
1929	4	—	5480	—	8700	—	Innanmálun.
1932	3	—	1200	—	1596	—	Bekkjamálun.
1933	7	—	2570	—	3400	—	Girðing.
1934	2	—	1200	—	1480	—	Utanmálun.

Landsbankinn í Reykjavík.

1922	2	tilboð	165000	til	255000	kr.	Skrokkurinn.
1923	3	—	1450	—	3800	—	Teakhurðir.
	9	—	9.75	—	12.78	—	Línóleum pr. m².
	4	—	2737	—	6600	—	Járnhandrið.
	3	—	3900	—	5500	—	Girðingar o. fl.
	5	—	7455	—	18800	—	Málun.
	11	—	1015	—	2350	—	Trésmíði.
1924	3	—	4900	—	6700	—	Diskmilligerð.

Sjúkrahús á Ísafirði.

	6	tilboð	140350	til	201426	kr.	Byggingin.
	4	—	7745	—	11850	—	Hurðir og gluggar.
	4	—	5688	—	7340	—	Hellur.
	2	—	11495	—	12650	—	Timbur.
	3	—	14.25	—	15.45	—	Sement pr. tdr.

Geðveikrahælið á Kleppi.

1925	2	tilboð	2550	til	2950	kr.	Ofnhlífar.
1926	5	—	87300	—	210000	—	Steypa ofan kjall.

1926	6	tilboð	5280	til	7568	kr.	Gluggar og dyr.
	3	—	70500	—	83800	—	Innanhúðun.
	2	—	6500	—	6750	—	Raflögn.
	4	—	29550	—	42900	—	Hitalögn.
1927	4	—	1649	—	2100	—	Karmar
	11	—	1180	—	1675	—	Skammbitaloft
	3	—	6485	—	6550	—	Rafmagnslyfta
1928	6	—	8316	—	10436	—	Línóleum
	9	—	2150	—	3470	—	Línóleumlím
	5	—	13800	—	27240	—	Málun
	5	—	4850	—	7690	—	Hurðir og listar
	5	—	18900	—	25594	—	Húsgögn
	3	—	970	—	1178	—	Járnhandrið
	5	—	17350	—	20860	—	Hreinlætistæki
	2	—	3800	—	5000	—	Járna hurðir o. fl.
1929	3	—	600	—	1200	—	Tréhandrið
	5	—	1484	—	2157	—	Gufusuðuáhöld
	2	—	0.28½	—	0.30	—	Filtpappi pr. m.²
1930	6	—	48500	—	78700	—	Fjós og hlaða
	3	—	400	—	580	—	Málun
1933	9	—	500	—	1280	—	Málun

Landspítalinn.

1925	5	tilboð	4.00	til	15.00	kr.	Kurla grjót pr. m.³
	3	—	4.75	—	7.00	—	Gröftur pr. m.³
1926	5	—	850	—	2750	—	Grjótflutningur
	7	—	20	—	34	—	Sprenging pr. m.³
	13	—	1.50	—	4.00	—	Harpa sand pr. m.³
	5	—	194700	—	265700	—	Steypuverk
	2	—	2500	—	3650	—	Skolpveita
	5	—	11500	—	17500	—	Raflögn
	3	—	8	—	9	—	Sandbíll
	2	—	0.30	—	0.32	—	Sementsakstur tdr.
	2	—	15860	—	17950	—	Þakskífa
1927	9	—	10500	—	17370	—	Gluggar og dyr
	8	—	1680	—	2700	—	Gler
	8	—	7250	—	11500	—	Setja í glugga
	2	—	28000	—	29500	—	Utanhúðun
	3	—	680	—	1175	—	Þakrennur
	4	—	119000	—	158000	—	Innanhúðun
1928	3	—	9450	—	14500	—	Hurðakarmar
	5	—	76540	—	98800	—	Hiti og hreinlæti
	8	—	8500	—	43680	—	Lóðarlögun
1929	2	—	10290	—	11800	—	Hellulögn
	6	—	12475	—	14000	—	Hellur
	3	—	11760	—	17723	—	Eldhúsvélar
	3	—	760	—	1118	—	Hurðalistar
	2	—	11742	—	11773	—	Hurðaefni
	5	—	11400	—	14300	—	Innanstokksmunir
	2	—	2795	—	2900	—	Gangadyr
	3	—	340	—	360	—	Hliðgrindur
	4	—	0.34½	—	0.52	—	Flókapappi pr. m.²
	4	—	5.23	—	5.60	—	Línóleum A.
	4	—	6.26	—	6.85	—	Línóleum Extra

1929	3	tilboð	3500	til	3590	kr.	Kælivélar.
	6	—	850	—	1475	—	Járnhandrið
	7	—	450	—	1430	—	Setja í dyr
	7	—	1.50	—	4.00	—	Setja í sólbekki
	7	—	0.40	—	1.10	—	Setja í gólflista m.
	2	—	2090	—	2267	—	Innigler
1930	6	—	35800	—	70915	—	Málun
	3	—	1.90	—	1.95	—	Dúklagning m.²
	4	—	3940	—	6591	—	Lampar
	11	—	57000	—	72500	—	Þvottahúsið
	2	—	4100	—	5500	—	Raflögn
	5	—	3593	—	3955	—	Hiti og hreinl.

Kristneshæli.

1926	6	tilboð	234600	til	285000	kr.	Byggingin
	2	—	9000	—	12320	—	Gluggar og dyr
1927	2	—	2800	—	2995	—	Raflögn
	4	—	15600	—	20500	—	Rafstöð
	3	—	7500	—	11200	—	Húsgögn
	2	—	7890	—	14300	—	Þvottavélar
	5	—	57	—	65	—	Rúmstæði
1937	5	—	26000	—	32850	—	Starfsfólkshús

Daufdumbraskólinn í Reykjavík.

1926	11	tilboð	39000	til	68300	kr.	Byggingin
1927	5	—	2900	—	4500	—	Girðing
	4	—	1250	—	2200	—	Lóðarlögun
	4	—	6360	—	7458	—	Hitalögn
	4	—	1987	—	2850	—	Gluggar og dyr
	9	—	320	—	1555	—	Húsgögn

Hólaskóli.

	4	tilboð	8.75	til	12.00	kr.	Sement tdr.
	4	—	3381	—	3816	—	Timbur
	4	—	23500	—	37800	—	Vinna
	3	—	3080	—	3380	—	Dyr og gluggar
	4	—	4890	—	5950	—	Hitalögn
	3	—	1549	—	2640	—	Marmari

Siglufjarðarspítali.

	10	tilboð	45800	til	89000	kr.	Byggingin.
	4	—	7800	—	11600	—	Hitalögn

Menntaskólinn í Reykjavík.

	2	tilboð	10100	til	11645	kr.	Hitalögn
1928	4	—	5.90	—	6.50	—	Dúkar pr. m.²
	3	—	2230	—	2440	—	Málun
	6	—	2540	—	4250	—	Utanmálun
	3	—	4070	—	4440	—	Hiti í Íthaka
1930	4	—	19.50	—	27.50	—	Stólar í Íthaka

Laugarvatnsskóli.

1928	6	tilboð	40500	til	79700	kr.	Byggingin.
	3	—	9650	—	10868	—	Hiti og hreinl.
1929	2	—	4800	—	5581	—	Gluggar og dyr.

Brúarlandsskóli.

1928	2	tilboð	33500	til	40800	kr.	Byggingin öll.

Þjóðleikhúsið.

	12	tilboð	1.20	til	6.00	kr.	Gröftur m^3.
1930	9	—	148000	—	268000	—	Kjallarasteypa.
	2	—	1200	—	3000	—	Raflögn í kjallara.
	2	—	7860	—	13890	—	Járnbitar í kjallara
1931	4	—	231000	—	338000	—	Steypa ofan kjallara.
	5	—	2996	—	4407	—	Járnbitar í 2. h.
1932	35	—	7435	—	47284	—	Gluggar.
	6	—	1508	—	2390	—	Gler.
	6	—	6800	—	7500	—	Járnbitar í 3. h.
	4	—	6900	—	19800	—	Járnsperrur.
1934	8	—	6300	—	8950	—	Útidyr.

Norðfjarðarskóli.

1929	7	tilboð	98000	til	181500	kr.	Byggingin.
1930	5	—	2000	—	3800	—	Gluggar.
	5	—	13500	—	16950	—	Hiti og hreinlætistæki

Arnarhváll.

1929	12	tilboð	129500	til	199000	kr.	Byggingin.
	4	—	20400	—	23750	—	Hiti og hreinlætistæki.
1930	7	—	3480	—	11500	—	Tréverk.
	3	—	6.25	—	6.40	—	Línóleum m^2.
	2	—	0.41	—	0.56	—	Flókapappi m^2.
	2	—	24700	—	31500	—	Lausaþil.

Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.

1929	7	tilboð	63900	til	147000	kr.	Byggingin.
	4	—	5740	—	6050	—	Hiti og hreinlætistæki.
	3	—	3636	—	4600	—	Gluggar og dyr.

Reykholtsskóli.

1930	3	tilboð	480	til	512	kr.	Karmar.
	2	—	450	—	590	—	Útidyr.
	6	—	14200	—	18600	—	Hiti og hreinlætistæki.
1931	3	—	3400	—	4735	—	Gluggar.
	3	—	1326	—	1615	—	Gúmmí.

Reykjatangaskóli.

1930	2	tilboð	2570	til	2900	kr.	Gluggar.

Sjúkraskýli í Búðardal.

	7	tilboð	7000	til	18500	kr.	Vinna
	4	—	1350	—	1460	—	Gluggar og dyr.

Landssímastöðin í Reykjavík.

	7	tilboð	257000	til	340000	kr.	Skrokkurinn.
	4	—	5250	—	6499	—	Gluggar.
	6	—	30230	—	36150	—	Hiti og hreinlætistæki
	5	—	2.45	—	4.95	—	Moldarakstur m^3.
	2	—	8.21	—	9.20	—	Línóleum m^2

	3	—	0.41	—	0.51	—	Filtpappi m².
1931	4	—	9000	—	16000	—	Innveggir
	11	—	1600	—	2880	—	Málun
	4	—	570	—	835	—	Áfellur
	3	—	2367	—	3007	—	Hurðir
	8	—	10045	—	21380	—	Skilrúm
1932	3	—	3650	—	4500	—	Húsagarður

Núpsskóli.

1931	11	tilboð	7800	til	19200	kr.	Vinna.
	3	—	525	—	700	—	Gluggar og dyr.
1932	4	—	424	—	516	—	Skólaborð.

Rannsóknarstofa háskólans.

1933	15	tilboð	63800	til	87000	kr.	Byggingin.
1934	4	—	10450	—	12440	—	Hiti og hreinl.t.
	10	—	8920	—	15800	—	Innanstokksmunir.
	3	—	2180	—	3225	—	Húsgögn, laus.

Viðtökustöð í Gufunesi.

	12	tilboð	20900	til	54500	kr.	Byggingin.
	6	—	4160	—	5980	—	Hiti og hreinl.t.

Sendistöð á Vatnsendahæð.

	8	tilboð	42800	til	81500	kr.	Byggingin.

Laugalandsskóli.

1935	3	tilboð	8300	til	11530	kr.	Hiti og hreinl.t.

Flensborgarskóli.

	7	tilboð	159000	til	210000	kr.	Byggingin.

Atvinnudeild háskólans.

1936	25	tilboð	105000	til	170000	kr.	Byggingin.
	8	—	20000	—	27250	—	Hiti og hreinl.t.
	9	—	3050	—	6370	—	Raflögn.
	17	—	8239	—	9300	—	Málun.
	8	—	13300	—	30500	—	Innanstokksmunir.
	3	—	19.75	—	26.20	—	Gluggajárn, sett.

Háskólinn.

	2	tilboð	1111	til	1174	kr.	Skolprör.
	2	—	880	—	975	—	Leggja skolprör.
	21	—	54000	—	122000	—	Kjallarasteypa.
1937	3	—	3000	—	4200	—	Raflögn í kj.
	3	—	9945	—	14600	—	Raflögn ofan kj.
	10	—	180000	—	274000	—	Steypa ofan kj.
	4	—	31370	—	43250	—	Trégluggar.
	29	—	60335	—	586610	—	Málmgluggar.
	11	—	3500	—	8500	—	Setja í glugga.
	9	—	2431	—	5538	—	Gler.
	4	—	12600	—	19500	—	Þak.
	2	—	3800	—	7500	—	Gluggarammar.
	6	—	35580	—	38855	—	Utanhúðun.
	3	—	3.20	—	4.30	—	Vikurplötur m².
1938	6	—	65300	—	67751	—	Hitalögn.

1938	3 tilboð	13.50	til	27.50	kr.	Gluggaventlar st.
1939	3 —	1025	—	1596	—	Hornjárn.
	2 —	5.55	—	6.75	—	Veggventlar st.
	3 —	28120	—	39050	—	Innanstokksmunir.
	2 —	63000	—	85000	—	Hátíðasalsþiljur
	3 —	10478	—	12700	—	Lestrarsalsþiljur
	4 —	10775	—	16200	—	Lestrarsalshúsgögn
	5 —	2945	—	4400	—	Húsgögn
	3 —	3370	—	3640	—	Húsgögn
	4 —	11250	—	29200	—	Húsgögn.
	4 —	3100	—	3650	—	Húsgögn
	3 —	170	—	180	—	Stólar í hátíðas.st.

Siglufjarðarprestssetur.

6 tilboð	22900	til	29500	kr.	Byggingin öll

Ráðherrahúsgögn.

7 tilboð	6050	til	7250	kr.	Húsgögn

Saurbæjarprestssetur.

7 tilboð	19500	til	25500	kr.	Byggingin

Reykjavík, 30. nóv. 1939.

Guðjón Samúelsson.

Til formanns fjárveitinganefndar Alþingis.

Ed. 585. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir haldið stuttan fund um málið, og kom þá strax í ljós, að einn nefndarm. (SÁÓ) er því algerlega mótfallinn og mun leggja til, að frv. verði fellt. Meiri hl. hefir athugað efni frv. þessa undir meðferð annars máls (frv. á þskj. 398, sbr. brtt. á þskj. 414), og þar sem það nú er komið í það form, sem við á, getur meiri hl. fallizt á þá breytingu, sem með því er farið fram á að gera á lögunum um fiskimálanefnd, og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. des. 1939.

Ingvar Pálmason, form., frsm. Bj. Snæbjörnsson.

Ed. 586. Breytingartillaga

við frv. til laga um héraðsskóla.

Frá Árna Jónssyni.

Við 13. gr. Fyrir orðin „að ¾“ komi: að ⅗ — og fyrir orðin „að ¼ hluta“ komi: að ⅖ hlutum.

Sþ. # 587. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1940.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	13. Liðurinn orðist svo: Útflutningsgjald	460000
2.	—	3. —	A. Sundurliðun 2. I. (Landssíminn. Tekjur). Fyrir „2430000“ kemur	2700000
3.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. II. b. (Starfræksla landssímanna):	
			a. Við 6. (Áhaldahúsið). Fyrir „20000“ kemur	25000
			b. — 7. (Ritsímastöðin á Akureyri). Fyrir „67000“ kemur	69000
			c. — 12. (Símastöðin á Siglufirði). Fyrir „41000“ kemur	45000
			d. — 13. (Til annara símstöðva). Fyrir „140000“ kemur	155000
4.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. II. c. (Eyðublöð og prentkostnaður). Fyrir „60000“ kemur	66000
5.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. II. d. (Viðbót og viðhald stöðvanna). Fyrir „70000“ kemur	85000
6.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. II. f. (Viðhald landssímanna). Fyrir „240000“ kemur	300000
7.	—	3. —	A. Sundurliðun. II. h. (Til kennslu handa símamönnum). Fyrir „2000“ kemur	3000
8.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. II. i. (Alþjóðaskrifstofan í Bern). Fyrir „3000“ kemur	4000
9.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. II. l. (Burðargjald). Fyrir „6000“ kemur	8000
10.	—	3. —	A. 2. Eignabreytingar. Út. I. (L. M. Ericson o. fl.). Fyrir „170000“ kemur	219000
11.	—	3. —	A. 2. Eignabreyt. Út. IV. Nýr liður: Til nýrra símalína	20000
12.	—	3. —	A. Sundurliðun. 3. II. (Áfengisverzlunin. Útsvar). Fyrir „70000“ kemur	82000
13.	—	3. —	Sundurliðun. 4. II. (Tóbakseinkasala. Annar kostnaður). Fyrir „62280“ kemur	70000
14.	—	3. —	A. Sundurliðun. 5. (Gjöld ríkisútvarps).	
			a. Starfsmannalaun. Fyrir „110200“ kemur	113000
			b. Útvarpsefni. Fyrir „83000“ kemur	60000
			c. Á eftir 2. lið koma 2 nýir liðir:	
			1. Til hljóðfærasláttar	15000
			2. Til málfegrunar eftir fyrirmælum kennslumálastj. ..	1000
			d. Skrifstofukostnaður. Fyrir „57000“ kemur	55000
			e. Húsaleiga, ljós og hiti. Fyrir „32000“ kemur	45000
			f. Óviss gjöld. Fyrir „15000“ kemur	10000
			g. Vextir. Fyrir „30000“ kemur	37500
15.	—	3. —	A. Sundurliðun 7. II. l. (Landssmiðjan. Laun). Fyrir „30000“ kemur	22900
16.	—	3. —	A. Sundurliðun. 8. II. 1. (Bifreiðaeinkasala. Laun). Fyrir „18900“ kemur	18400
17.	—	3. —	A. Sundurliðun. 9. (Raftækjaeinkasala). Liðurinn fellur niður.	
18.	—	10. —	I. 3. a. (Stjórnarráðið. Laun).	
			a. Atvinnumálaráðuneytið. Fyrir „37000“ kemur	27000

		b. Dómsmálaráðuneytið. Fyrir „31700“ kemur	31500
		c. Fjármálaráðuneytið. Fyrir „49500“ kemur	44230
		d. Utanríkismál. Fyrir „19800“ kemur	18200
		e. Nýir liðir:	
		1. Félagsmálaráðuneytið	14000
		2. Viðskiptamálaráðuneytið	15850
		f. Aðrir starfsmenn. Fyrir „13000“ kemur	15650
19.	Við 10. gr.	I. 3. b. (Stjórnarráðið. Annar kostnaður). Fyrir „45000“ kemur	55000
20.	— 10. —	I. 4. a. (Ríkisféhirzla og bókhald. Laun). Fyrir „33350“ kemur	32550
21.	— 10. —	I. 5. (Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga). Fyrir „4000“ kemur	5000
22.	— 10. —	I. 6. b. (Til pappírs og prentunar). Fyrir „20000“ kemur	24000
23.	— 10. —	I. 6. c. (Sendingar með póstum). Fyrir „2000“ kemur	3000
24.	— 10. —	II. 3. (Hagstofan. Pappír og prentun). Fyrir „17000“ kemur	20000
25.	— 10. —	II. 5. (Hagstofan. Húsaleiga, ljós og hiti). Fyrir „6500“ kemur	8000
26.	— 11. —	A. 1. b. (Hæstiréttur. Annar kostnaður). Fyrir „18000“ kemur	20000
27.	— 11. —	A. 4. b. (Skrifstofukostn. lögmanns. Húsaleiga o. s. frv.). Fyrir „5500“ kemur	6000
28.	— 11. —	A. 5. (Skrifstofukostnaður tollstjóra):	
		a. Laun og aðstoð. Fyrir „115210“ kemur	115810
		b. Húsaleiga, ljós, hiti. Fyrir „8400“ kemur	10000
29.	— 11. —	A. 6. (Skrifstofukostnaður lögreglustjóra):	
		a. Laun. Fyrir „39000“ kemur	38700
		b. Ljós, hiti, ræsting. Fyrir „12200“ kemur	14000
30.	— 11. —	A. 7. a. 1. (Toll- og löggæzla. Laun og aðstoð). Fyrir „78600“ kemur	76600
31.	— 11. —	A. 8. a. (Bifreiðaeftirlit. Laun). Fyrir „16000“ kemur	14000
32.	— 11. —	A. 9. (Lögreglan í Reykjavík). Fyrir „50000“ kemur	80000
33.	— 11. —	A. 12 (Hegningarhúsið í Reykjavík). Fyrir „15000“ kemur	17000
34.	— 11. —	A. 13. a. (Vinnuhælið á Litla Hrauni. Rekstrarhalli). Fyrir „60000“ kemur	58000
35.	— 11. —	A. 13. Nýr tölul.: Til byggingar fangahúsa samkvæmt l. nr. 29 1. febr. 1936 ..	3000
36.	— 11. —	A. 14. (Sakamálakostnaður og lögreglumála). Fyrir „70000“ kemur	65000
37.	— 11. —	A. 16. (Setu- og varadómarar). Fyrir „10000“ kemur	8000
38.	— 11. —	A. 17. a. (Löggildingarstofan. Laun). Fyrir „18000“ kemur	17500
39.	— 11. —	B. 1. a. (Burðareyrir undir embættisbréf). Fyrir „55000“ kemur	65000
40.	— 11. —	B. 1. b. (Embættisskeyti). Fyrir „85000“ kemur	105000

41. Við 11. gr. B. 5. (Ríkisskattanefnd). Liðurinn orðist svo:
Til ríkisskattanefndar 14000
Nefndarmenn fái 10 kr. fyrir hvern fund.
42. — 11. — B. 6. (Eyðublöð, bókband, auglýsingar).
Fyrir „40000“ kemur 45000
43. — 12. — 1. (Laun). Liðurinn orðist svo:
Laun 225300
Þar af persónuleg launauppbót til landlæknis 600 kr.
44. — 12. — 6. Liðurinn fellur niður.
Aths. við 7. lið breytist samkvæmt því.
45. — 12. — 9. (Landsspítalinn):
a. Laun. Fyrir „162000“ kemur 168000
b. Matvæli. Fyrir „126000“ kemur 164000
c. Lyf- og sáraumbúðir. Fyrir „25000“ kemur 37500
d. Ljós og eldsneyti. Fyrir „27000“ kemur 35000
e. Þvottur og hreinlætisvara. Fyrir „47000“ kemur 51700
f. Fatnaður og vefnaðarvara. Fyrir „13000“ kemur 18500
46. — 12. — 9. A. (Landsspítali. Frádráttur).
a. Daggjöld sjúklinga. Fyrir „332000“ kemur 387000
b. Skurðstofugjald. Liðinn skal orða svo:
Fæðingarstofugjald o. fl. 6000
47. — 12. — 10. (Holdsveikraspítalinn):
a. Matvæli. Fyrir „12500“ kemur 16500
b. Lyf og umbúðir. Fyrir „1700“ kemur 2550
c. Ljós og eldsneyti. Fyrir „15000“ kemur 22500
d. Þvottur og hreinlætisvara. Fyrir „1200“ kemur 1800
e. Fatnaður. Fyrir „1000“ kemur 1500
48. — 12. — 11. I. (Gamli Kleppur):
a. Matvæli. Fyrir „45200“ kemur 58700
b. Lyf og umbúðir. Fyrir „1400“ kemur 2100
c. Ljós og hiti. Fyrir „13000“ kemur 22500
d. Þvottur og hreinlætisvara. Fyrir „5200“ kemur 5700
e. Fatnaður. Fyrir „3000“ kemur 4500
49. — 12. — 11. II. (Nýi Kleppur):
a. Laun. Fyrir „65000“ kemur 68000
b. Matvæli. Fyrir „81000“ kemur 105000
c. Lyf og umbúðir. Fyrir „12000“ kemur 18000
d. Ljós og eldsneyti. Fyrir „24000“ kemur 38000
e. Þvottur og hreinlætisvara. Fyrir „12500“ kemur 13700
f. Fatnaður. Fyrir „10000“ kemur 15000
50. — 12. — 12. (Vífilsstaðahæli):
a. Matvæli. Fyrir „154000“ kemur 200000
b. Lyf og hjúkrunargögn. Fyrir „12000“ kemur 18000
c. Ljós og eldsneyti. Fyrir „42000“ kemur 60000
d. Þvottur og hreinlætisvara. Fyrir „25000“ kemur 27500
e. Fatnaður. Fyrir „6000“ kemur 9000
51. — 12. — 13. (Kristneshæli):
a. Fæði. Fyrir „50000“ kemur 65000
b. Lyf og hjúkrunargögn. Fyrir „5000“ kemur 7500
c. Þvottur og hreinlætisvara. Fyrir „4500“ kemur 5000
d. Fatnaður. Fyrir „3000“ kemur 4500
52. — 12. — 14. a. Nýr liður:
Til Akureyrarspítala 15000

53. Við 13. gr. A. II. (Þjóðvegir).

a. (Til nýrra akvega):

1.	Kjósarvegur. Fyrir „4000“ kemur	5000
2.	Hafnarfjallsvegur. Fyrir „5000“ kemur	8000
3.	Við 2. nýr liður:	
	Hálsasveitarvegur	3500
4.	Álftaneshreppsvegur. Fyrir „7500“ kemur	9000
5.	Við 3. Nýr liður:	
	Hraunhreppsvegur	3000
6.	Við 4. Nýir liðir:	
	a. Hellissandsvegur	4000
	b. Ólafsvíkurvegur	6000
7.	Við 5. nýr liður:	
	Skógarstrandarvegur	2000
8.	Við 6. Nýr liður:	
	Laxárdalsvegur	3000
9.	Saurbæjarvegur. Fyrir „3000“ kemur	4000
10.	Geiradals- og Reykhólasveitarvegur.	
	Fyrir „2500“ kemur	4000
11.	Barðastrandarvegur. Fyrir „3000“ kemur	6000
12.	Patreksfjarðarvegur til Bíldudals. Fyrir „5000“ kemur	7000
13.	Botnsheiðarvegur. Fyrir „5000“ kemur	8000
14.	Við 12. Nýir liðir:	
	a. Núpsvegur	2000
	b. Haukadalsvegur	2000
15.	Við 13. Liðurinn orðist svo:	
	Bolungavíkurvegur og Hnífsdalsvegur	8000
16.	Vestur-Húnavatnssýsluvegur. Fyrir „4000“ kemur	6000
17.	Vesturhópsvegur. Fyrir „2500“ kemur	3500
18.	Við 24. Nýr liður:	
	Skagastrandarvegur	3000
19.	Ólafsfjarðarvegur. Fyrir „3500“ kemur	6000
20.	Kinnarbraut. Fyrir „3500“ kemur	6000
21.	Kópaskersvegur. Fyrir „3000“ kemur	5000
22.	Raufarhafnarvegur. Fyrir „4000“ kemur	5000
23.	Brekknaheiðarvegur. Fyrir „3500“ kemur	5000
24.	Við 37. Nýr liður:	
	Jökulsárhlíðarvegur	2000
25.	Úthéraðsvegur. Fyrir „6000“ kemur	7000
26.	Geithellnahreppsvegur. Fyrir „2000“ kemur	4000
27.	Inn-Nesjavegur. Fyrir „1500“ kemur	2500
28.	Mýravegur. Fyrir „3000“ kemur	3500
29.	Öræfavegur. Fyrir „2000“ kemur	2500
30.	Við 52. Nýr liður:	
	Síðuvegur	6000
31.	Eyjafjallavegur. Fyrir „5000“ kemur	6000
32.	Við 54. Nýir liðir:	
	a. Inn-Fljótshlíðarvegur	2000
	b. Hvolhreppsvegur	6000
33.	Landvegur. Fyrir „4000“ kemur	7000
34.	Hrunamannahreppsvegur. Fyrir „7000“ kemur	8000
35.	Gnúpverjahreppsvegur. Fyrir „3000“ kemur	4000

b. (Til þjóðvega af benzínskatti).

1. Til malbikunar á Elliðaárvegi. Liðurinn fellur niður.

2. Til Hafnarfjarðarvegar. Liðurinn fellur niður.
3. Við 2. Nýir liðir:
   a. Hafnarfjallsvegur 12000
   b. Stykkishólmsvegur 8000
   c. Vesturlandsvegur 6000
   d. Húnvetningabraut 7000
   e. Fljótavegur 6500
   f. Svalbarðsstrandarvegur 8000
4. Austurlandsvegur. Fyrir „10000“ kemur 22000
5. Vopnafjarðarvegur til Möðrudals. Fyrir „5000“ kemur 8000
6. Öxnadalsvegur. Fyrir „6000“ kemur 14000

54. Við 13. gr. A. VIII.—IX. Liðirnir verða einn liður, svo hljóðandi:
Til ferjuhalds, eftir úthlutun vegamálastjóra 2850

55. — 13. — A. XII. (Til fyrrv. vegaverkstjóra).
Fyrir „1300“ kemur 1500

56. — 13. — B. 1. c. (Skaftfellingur). Liðurinn orðast svo:
Til vöruflutninga í Skaftafellssýslu 10000

57. — 13. — C. III. (Rekstrarkostnaður vitanna).
Fyrir „165000“ kemur 180000

58. — 13. — C. VIII. 5. (Hafnargerð á Sauðárkróki).
Fyrir „6. fjárveiting af 11“ kemur: 6. greiðsla af 12.

59. — 13. — C. VIII. 6. Liðurinn orðist svo:
Vestmannaeyjahöfn, til dýpkunar og uppfyllingar 30000
enda verði ríkissjóði gefinn kostur á að taka dýpkunarskipið á leigu, ef þess verður óskað.

60. — 13. — C. VIII. 7. Nýir liðir:
   a. Dalvík 18000
   b. Suðureyri 8000

61. — 13. — C. IX. 3. (Bryggjugerð á Hvammstanga).
Fyrir „9200“ kemur 3300

62. — 13. — C. IX. 7. (Bryggjugerð á Kópaskeri).
Orðin „(síðari greiðsla)“ fellur niður.

63. — 13. — C. IX. 8. Nýir liðir:
   a. Til bryggjugerðar í Keflavík 15000
   enda sé bryggjan eign hreppsins
   b. Til bryggjugerðar í Ólafsfirði 5000
   c. Til bryggjugerðar á Arngerðareyri 1000
   d. Til bryggjugerðar í Grímsey 1000
   e. Til bryggjugerðar á Stafnesi 1000
   f. Til bryggjugerðar í Borgarfirði eystra 1000
   g. Blöndóssbryggja 8000

64. — 13. — C. X.
   a. „Til Gerðavarar“ o. s. frv. verður 1. liður.
   b. Nýir liðir:
      1. Til bryggjugerðar í Vogavík 5000
      2. Til bryggjugerðar á Unaósi 3500
      3. Til bryggjugerðar í Grunnavík, fyrri greiðsla 2500
      4. Til bryggjugerðar í Salthólmavík 1000
   c. Nýr rómv. liður:
      Til hafnargerðar í Þorlákshöfn, gegn jafnmiklu framlagi annarstaðar að 25000

65. — 13. — D.
   a. Við liðinn kemur aths.:
      Þar af til Flugfélags Akureyrar 10000 kr.

b. Nýr liður:
Til flugskýlis í Hornafirði, þó ekki yfir ⅔ kostnaðar, enda sé skýlið byggt eftir fyrirsögn flugmálaráðunauts 4000

66. Við 14. gr. A. a. 1. Nýr liður:
Húsaleigustyrkur 3000

67. — 14. — A. b. 6. (Utanferðir presta).
Fyrir „2400“ kemur 1500

68. — 14. — A. b. 9. Nýr liður:
Til Akureyrarkirkju 30000

69. — 14. — B. I. q. Nýr liður:
Til dr. Símonar Jóh. Ágústssonar, til að flytja fyrirlestra í uppeldisfræði og sálarfræði við háskólann 2000

70. — 14. — B. X. 1. c. 6. Nýr liður:
Til byggingar kennarabústaða 8000

71. — 14. — B. XIV. 4. (Barnaskólabyggingar utan kaupstaða).
Fyrir „25000“ kemur 45000

72. — 14. — B. XIV. 5. (Til fyrrverandi barnakennara).
Fyrir „2600“ kemur 3600

73. — 14. — B. XV. 5. (Unglingafræðsla utan kaupstaða).
Fyrir „22000“ kemur 30000

74. — 14. — B. XVI. 4. (Húsmæðrafræðsla Árnýjar Filippusdóttur).
Fyrir „2000“ kemur 2500

75. — 14. — B. XIX. 4. Nýir liðir:
a. Til sundlaugar í Varmahlíð 4000
b. Til sundlaugar í Hafnarfirði 4000
c. Til sundlaugar á Siglufirði 4000
d. Til sundlaugar á Akureyri 4000
e. Til sundlaugar á Ísafirði 2000

76. — 14. — B. XXIV. (Menningar- og fræðslusamband alþýðu).
Fyrir „2000“ kemur 5000

77. — 14. — B. XXVIII. Nýr liður:
Til Axels Helgasonar, til að gera upphleypt kort af Íslandi 1200

78. — 14. — B. XXIX. Orðið „lokagreiðsla“ fellur niður.

79. — 15. — 1. d. Nýr liður:
Til Þorsteins Konráðssonar 400

80. — 15. — 10. (Héraðsbókasafn Suðurlands).
Fyrir „1000“ kemur 1200

81. — 15. — 13. (Lesstofa Sjómannafélags Reykjavíkur).
Fyrir „1000“ kemur 1500

82. — 15. — (Sýslubókasöfn).
Fyrir „3000“ kemur 4500

83. — 15. — 17. Nýr liður:
Til bókasafns í Flatey 200

84. — 15. — 25. Liðurinn orðist svo:
Til fornritaútgáfunnar:
a. Til útgáfu á Íslendingasögum 4000
b. Til útgáfu á Heimskringlu 4000

85. — 15. — 26. Nýr liður:
Til dr. Jóns Helgasonar fyrrv. biskups, til að gefa út æfisögu Tómasar Sæmundssonar 1200

86. — 15. — 35. Nýr liður:
Til Ágústs Sigurðssonar, til að skipuleggja og stjórna námsflokkum 1500

87. Við 15. gr. 36. Liðurinn orðist svo:
Til Sigurðar Skúlasonar, til aðstoðar við kennslu námsflokka, eftir fyrirlagi fræðslumálastjóra 1500
88. — 15. — 43. b. Nýr liður:
Til hitaleiðslu í safnahúsið 900
89. — 16. — 1. Liðurinn orðist svo:
Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar 500000
Þar af kr. 100000 til Suðurlandsbrautar til atvinnuaukningar fyrir Hafnfirðinga og Reykvíkinga.
90. — 16. — 7. b. (Verkfærakaupasjóður).
Fyrir „60000“ kemur 25000
91. — 16. — 9. a. (Byggingar- og landnámssjóður).
Fyrir „200000“ kemur 125000
92. — 16. — 10. Nýr liður:
Til Ræktunarsjóðs, vaxtagreiðsla af jarðræktarbréfum .. 26500
93. — 16. — 15. Nýr liður:
Til áveitufélags Ölfusinga, styrkur til að nota skurðgröfu við framræslu í Ölfusforum samkvæmt V. kafla jarðræktarlaga 4000
94. — 16. — 16. Nýr liður:
Til fyrirhleðslu við Kaldaklifsá undan Austur-Eyjafjöllum (endurveiting) 2500
95. — 16. — 17. a. Liðurinn orðist svo:
Laun handa 6 dýralæknum 21800
96. — 16. — 17. Nýir liðir:
a. Til Guðbrands Hlíðar, til dýralækninganáms 1200
b. Til Páls Pálssonar, til dýralækninganáms 1200
c. Til Stefáns Björnssonar, til mjólkurfræðináms 1200
97. — 16. — 23. Nýr liður:
Til Nikulásar Friðrikssonar, vegna utanfarar til að kynna sér rafmagnshitun 1000
enda leggi Reykjavíkurbær jafnmikið á móti.
98. — 16. — 28. Nýr liður:
Til að ljúka við klakstöð ríkisins að Brúum við Laxá .. 1500
99. — 16. — 29. (Til loðdýraræktar). Liðurinn orðist svo:
Til loðdýraræktar samkv. l. nr. 38 1937 14000
100. — 16. — 30. Nýr liður:
Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum 5000
101. — 16. — 36. Nýr liður:
Til Matthildar Halldórsdóttur, Garði, til þess að greiða fyrir og útbreiða notkun íslenzkra jurtalitunarefna 1200
102. — 16. — 52. (Landssamband bænda). Liðurinn fellur niður.
103. — 16. — 62. b. Liðurinn orðist svo:
Skrifstofukostnaður 18000
104. — 16. — 65. Liðurinn orðist svo:
Til mjólkurbúa og smjörsamlaga 30000
105. — 16. — 68. (Fiskveiðasjóður Íslands).
a. Fyrir „60000“ kemur 30000
b. Aftan við liðinn kemur aths.:
Verði horfið að því ráði, að ríkissjóður taki lán handa sjóðnum á árinu, fellur framlagið niður.
106. — 16. — 71. (Ferðaskrifstofa ríkisins). Liðurinn fellur niður.
107. — 16. — 72. (Verðlagsnefnd).
Fyrir „25000“ kemur 45000

108. Við 17. gr. 28. Nýr liður:
Til hælisins á Sólheimum, byggingarstyrkur 3000
109. — 17. — 31. Nýr liður:
Til gamalmennahælis á Akranesi 500
110. — 18. — II. a. 10. (Jón Jónsson).
Fyrir „500“ kemur 800
111. — 18. — II. a. 13. (Ólafur Thorlacius).
Fyrir „600“ kemur 1000
112. — 18. — II. a. 10. Nýr liður:
Jónas Kristjánsson 1000
113. — 18. — II. a. 17. Nýr liður:
Steingrímur Matthíasson 1000
114. — 18. — II. b. Nýr liður á undan 1.:
Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja 500
115. — 18. — II. b. 2. Nýr liður:
Anna Jónsdóttir læknisekkja 500
116. — 18. — II. b. 11. Nýr liður:
Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja 500
117. — 18. — II. b. 19. Liðurinn orðist svo:
Margrét Lárusdóttir læknisekkja 600
auk 100 kr. með barni hennar í ómegð
118. — 18. — II. c. 10. Nýr liður:
Jón Norðfjörð Jóhannesson 460
119. — 18. — II. c. 15. Nýr liður:
Runólfur Magnús Jónsson 430
120. — 18. — II. d. 6. Nýr liður:
Björg Jónasdóttir frá Eskifirði 300
121. — 18. — II. d. 30. Nýr liður:
Ragnheiður Jónsdóttir 300
122. — 18. — II. f. 2. Nýr liður:
Ásgerður Bjarnadóttir 200
123. — 18. — II. f. 12. Nýir liðir:
a. Guðmundur Bergsson 800
b. Guðmundur Einarsson póstur 300
124. — 18. — II. f. 14. (Guðmundur Ólafsson).
Fyrir „300“ kemur 500
125. — 18. — II. f. 23. Nýr liður:
Jóhann B. Jensson póstur 300
126. — 18. — II. f. 24. Nýr liður:
Magnús Einarsson póstur 300
127. — 18. — II. f. 29. Nýir liðir:
a. Sigríður Sigurðardóttir póstsekkja 200
b. Sigurjón Sumarliðason póstur 500
128. — 18. — II. f. 31. Nýr liður:
Stefán Þorvaldsson póstur 400
129. — 18. — II. h. Nýr liður á undan 1.:
Anna Pálsdóttir 400
130. — 18. — II. h. 2. Nýr liður:
Gíslína Kvaran 600
131. — 18. — II. h. 9. Nýir liðir:
a. Sigurlaug G. Gröndal 400
b. Valborg Einarsson 600
c. Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar 600

132. Við 18. gr. II. i. 11. Nýr liður:
Ásta Þorvaldsdóttir 300
133. — 18. — II. i. 14. Nýr liður:
Bjarni Magnússon fangavörður 200
134. — 18. — II. i. 18. Nýr liður:
Eiríkur Eiríksson fyrrv. fiskimatsmaður 300
135. — 18. — II. i. 22. Nýr liður:
Gróa Dalhoff 500
136. — 18. — II. i. 24. Nýr liður:
Guðfinna Þórðardóttir vitavarðarekkja 300
137. — 18. — II. i. 25. Nýr liður:
Guðlaug Jónsdóttir ljósmóðir 200
138. — 18. — II. i. 27. Nýr liður:
Guðmundur Davíðsson 1500
139. — 18. — II. i. 29. Nýr liður:
Guðmundur A. Guðmundsson fyrrv. fiskimatsm. 200
140. — 18. — II. i. 30. Nýr liður:
Guðmundur Ólafsson fyrrv. fiskimatsmaður 300
141. — 18. — II. i. 49. Nýr liður:
Ingibjörg Frímannsdóttir ljósmóðir 200
142. — 18. — II. i. 53. Nýr liður:
Jóhannes Guðmundsson fyrrv. fiskimatsmaður 300
143. — 18. — II. i. 54. (Jóhannes Jörundsson).
Fyrir „300“ kemur 500
144. — 18. — II. i. 58. Nýr liður:
Jóney Guðmundsdóttir 400
145. — 18. — II. i. 68. Nýr liður:
Kristmann Tómasson fyrrv. yfirfiskimatsmaður 400
146. — 18. — II. i. 85. (Ólafur Ísleifsson).
Fyrir „600“ kemur 1000
147. — 18. — II. i. 92. Nýr liður:
Ragnheiður Ásmundsdóttir, ljósmóðir 200
148. — 18. — II. i. 94. Nýr liður:
Runólfur Magnússon fyrrv. fiskimatsmaður 300
149. — 18. — II. i. 97. Nýr liður:
Sigríður Jónsdóttir ljósmóðir 200
150. — 18. — II. i. 101. Nýir liðir:
a. Sigurður Jóakimsson fyrrv. fiskimatsmaður 300
b. Sigurður Jónasson fyrrv. fiskimatsmaður 300
151. — 18. — II. i. 104. Nýir liðir:
a. Stefanía Hannesdóttir ljósmóðir 200
b. Steinunn Bjarnadóttir ljósmóðir 200
152. — 18. — II. i. 106. (Tómas Gunnarsson).
Fyrir „200“ kemur 300
153. — 18. — II. i. 109. Nýr liður:
Þorkell Þorláksson fyrrv. stjórnarráðsritari 600
154. — 18. — II. i. 110.
a. Liðurinn fellur niður.
b. Nýr liður:
Þórunn Ingvarsdóttir, ljósmóðir 200
155. — 18. — II. i. 111. Nýr liður:
Þuríður Einarsdóttir ljósmóðir 200

156. Við 20. gr. Út. I. 2.
a. (Landssíminn). Fyrir „170000“ kemur 219000
b. (Ríkisútvarpið). Fyrir „75000“ kemur 93800
c. Nýr liður:
Skipaútgerð ríkisins (vegna Esju) 178000

157. — 22. — IV. Nýr liður:
Að endurgreiða úr lífeyrissjóðum embættismanna og barnakennara án vaxta iðgjöld Ásgeirs Ásgeirssonar, Jóhannesar úr Kötlum, Magnúsar Ástmarssonar, Ingólfs Ástmarssonar, Steinþórs Einarssonar, Ingibjargar Guðmundsdóttur, Elínborgar Guðbrandsdóttur og Friðþóru Stefánsdóttur.

158. — 22. — XI. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir Búnaðarfélag Íslands allt að 25 þús. kr. til kaupa á verkstæðishúsi Valgerðar Helgadóttur, ekkju Bjarna Runólfssonar í Hólmi í Landbroti, ásamt rafmagnsiðnarvélum og áhöldum, enda sé trygging fyrir því, að verkstæðið verði rekið með svipuðum hætti og áður var, með því að leigja það þar til hæfum manni eða mönnum. Ábyrgðin er því skilyrði bundin, að Búnaðarfélag Íslands sæti tilboði ekkjunnar um, að hún afhendi félaginu jörðina til eignar.

159. — 22. — XIV. Nýr liður:
Að láta þá leigu, sem Akureyrarbæ verður gert að greiða fyrir vatnsorku í Laxá næstu 4 ár, renna í sameiginlegan stofnkostnað við rafveitu frá Laxá til býlanna í Grenjaðarstaða- og Múlahverfi, og verður eign ríkissjóðs í rafveitunni í hlutfalli við framlagið.

160. — 22. — XV. Nýr liður:
Að veita allt að 30 þús. kr. til öldubrjóts í Hafnarfirði, að því tilskildu, að Hafnarfjarðarbær geti fyrir sitt leyti lagt fram fé til verksins og að til verksins þurfi ekki að kaupa að ráði erlent efni meðan á stríðinu stendur.

161. — 23. —
a. Orðin „og að greiða Birni Kristjánssyni ... eftir sömu reglu“ í niðurlagi 1. málsgr. falli niður.
b. Ný málsgr. á eftir 4. málsgr.:
Stjórn sama banka er heimilt að greiða frú Ólafíu Bjarnadóttur, ekkju Þórðar Sveinssonar aðalbókara, 1000 kr.

Ed. 588. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað skírteini þau, er fylgja umsóknum þeirra útlendinga, sem sækja um ríkisborgararétt og teknir eru upp í frv., og hefir ekki fundið annað athugavert en að engar upplýsingar liggja fyrir um dvöl Oskar Sövik, rafveitustjóra á Blönduósi, hér á landi árin 1930—1933, en hann kveðst hafa unnið við rafveitur víðsvegar um landið þann tíma. Þannig vantar vottorð um dvalarstaði hans, vottorð um, að hann hafi ekki þegið framfærslustyrk, sem og hegningarvottorð.

En þó að þetta væri allt í lagi, skortir samt sem áður 5—6 mánuði upp á lögfullan dvalartíma hans í landinu. Ákvæðum laganna er því ekki fullnægt að því

er þennan mann snertir, og getur því nefndin ekki mælt með því, að honum verði veittur ríkisborgararéttur í þetta sinn.

Að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt.

BREYTINGARTILLAGA.

Frvgr. orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Håkonsen, Gustav Ragnar, vélstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Hammer, Sigvard Antoni Andreasson, verkamaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
3. Haraldsen, Gottfred, húsgagnabólstrari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
4. Kaaber, Ludvig Emil, bankastjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
5. Lüders, Georg Oluf Emil Liedarzick, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

Alþingi, 22. des. 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskrifari.	Magnús Gíslason, frsm.

Sþ. 589. Tillaga til þingsályktunar

um verðjöfnun á kjöti fyrir árið 1939.

Flm.: Pétur Ottesen, Sveinbjörn Högnason, Bjarni Bjarnason, Helgi Jónasson, Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Ásgeirsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún noti heimild í lögum nr. 10 4. apríl 1939 til þess að breyta verðjöfnunarákvæðum laga nr. 2 9. jan. 1935 þannig, að verðjöfnun, sem eigi nái skemmra en verðjöfnun undanfarinna ára, fáist fyrir árið 1939 milli útflutts kjöts og kjöts, sem selt er á innlendum markaði.

Nd. 590. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

a) Upphaf 1. gr. laga nr. 100 11. júní 1938 orðist svo:
Þegar meistarar í iðnaði taka nemanda o. s. frv.

b) Á eftir 1. málsgr. sömu lagagr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Ekki geta einstök félög ákveðið með samþykktum sínum, hverjir meistarar taka nemendur til kennslu, og óheimilt er að torvelda á nokkurn hátt framkvæmd námssamnings, sem gerður er og staðfestur samkvæmt lögum þessum.

c) Upphaf 3. málsgr. sömu lagagr. orðist svo:
Árlega skulu iðnaðarfulltrúar leita álits o. s. frv.

2. gr.

Upphaf 2. málsl. 5. gr. laganna orðist svo:
Hvenær sem er á því tímabili hafa bæði o. s. frv.

3. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nemanda er óheimilt að vera félagi í sveinafélagi og er sveinafélögum bannað að hafa nemendur sem félaga sína.

4. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Aldrei má meistari hafa fleiri nemendur að vinnu en fullgilda iðnaðarmenn.

5. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sömu hegningu skulu stjórnendur sveinafélaga sæta, þegar brotið er gegn ákvæðum 7. gr., og fer eins um sektarfé.

Ed. 591. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 560 [Síldarverksmiðja á Raufarhöfn o. fl.].

Frá atvinnumálaráðherra.

Niðurlag tillögunnar orðist þannig: sitja fyrir um allt að helmingi þeirrar aukningar á vinnu í verksmiðjunni, er af stækkun hennar leiðir.

Nd. 592. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka við síldarverksmiðju þá, sem heimilað var með lögum nr. 10 13. janúar 1938 að reisa á Raufarhöfn, þannig að hún geti unnið úr um 5000 málum síldar á sólarhring.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um 2500 mál síldar á sólarhring, auk þeirra 2400 mála, sem heimilað var að auka við verksmiðjurnar með téðum lögum.

2. gr.

Til þeirrar aukningar síldarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í téðum lögum og í 1. gr. þessara laga, heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni milljón og sjö hundruð þúsundum króna, eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri, til viðbótar þeirri einni og hálfri milljón króna, sem heimilað var að taka að láni með 2. gr. téðra laga.

3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinna stækkuðu verksmiðja fer að öðru leyti eftir lögum um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Þegar komin er í framkvæmd stækkun sú á síldarverksmiðjunni á Raufarhöfn, sem lög þessi heimila, skal verksmiðjustjórnin láta efnalitla, duglega nemendur úr lærdómsdeildum menntaskólanna og háskólanum sitja fyrir um allt að helmingi þeirrar aukningar á vinnu í verksmiðjunni, er af stækkun hennar leiðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 593. Breytingartillaga

við frv. til l. um nokkrar bráðabirgðaráðstafanir.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 2. gr. Síðari málsgrein falli niður.

Ed. 594. Breytingartillaga

við frumv. til l. um nokkrar bráðabirgðaráðstafanir.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
Lækka skal afnotagjald útvarpsnotenda niður í 20 krónur.

Nd. 595. Frumvarp til laga

um nokkrar bráðabirgðaráðstafanir.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Fresta skal framkvæmd 1.—6. gr. l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins, en gjald það, sem innheimt er samkvæmt 7. gr., skal renna í ríkissjóð. Heimilt er ríkisstjórninni að verja svipaðri fjárhæð úr ríkissjóði til að bæta aðbúð á gististöðum og auka hreinlæti á ferðamannaleiðum.

2. gr.

Handbært fé ríkisstofnana, sem að lögum eiga að greiða allan tekjuafgang í ríkissjóð, að frádregnum launum fastra starfsmanna, skal mánaðarlega greitt til ríkisféhirðis.

Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða, að enga fasta starfsmenn megi ráða við ríkisstofnanir, þar með taldir bankar, nema að undangengnu samkeppnisprófi. Ríkisstjórnin setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þessi próf.

3. gr.

Í byrjun hvers fjárhagsárs skal öllum forráðamönnum ríkisfyrirtækja og starfsgreina ríkissjóðs látin af hlutaðeigandi ráðuneyti í té skrá yfir starfsmenn þá, sem

honum er heimilað að hafa í sinni þjónustu og hve mikil laun heimilt er að greiða hverjum starfsmanni fyrir sig.

Óheimilt er forstöðumanni ríkisstofnunar að ráða nokkurn til starfs, sem ekki er gert ráð fyrir í starfsmannaskrá ríkisins, annars en venjulegrar daglaunavinnu, nema með samþykki ráðherra. Svo skal og óheimilt að greiða nokkrum starfsmanni stofnunarinnar nokkuð fyrir störf í þágu hennar umfram það, er greinir í launaskrá, hvort sem um er að ræða aukaþóknun, hreina launaviðbót eða greiðslu fyrir aukavinnu, eða breyta launakjörum á annan hátt, nema með samþykki ráðherra.

4. gr.

Fresta skal að prenta umræðupart þingtíðindanna fyrir árið 1940.

5. gr.

Lækka skal afnotagjald þeirra útvarpsnotenda, sem ekki hafa straumtæki, niður í 20 krónur.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 596. Nefndarálit

um frv. til laga um brúasjóð.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Um mál þetta er ágreiningur í nefndinni. Undirritaður minni hluti mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 23. des. 1939.

Bernh. Stefánsson.

Ed. 597. Nefndarálit

um frv. til laga um stríðsslysatryggingu sjómanna.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Á fundi þeim, sem málið var tekið til endanlegrar afgreiðslu, var einn nefndarmanna (MJ) fjarstaddur, og hefir því óbundnar hendur um málið.

Nefndin hefir haft frv. þetta til meðferðar á nokkrum fundum, og einnig sent það til stjórnar „Stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna“ til umsagnar. Svar hennar er prentað með sem fskj. Meiri hluti nefndarinnar mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 23. des. 1939.

Bernh. Stefánsson, form., með fyrirv.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr., frsm.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 13. desember 1939.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Sem svar við bréfi yðar, dags. 8. des., viljum vér taka þetta fram:

1. Samkvæmt bráðabirgðalögum frá 27. okt. 1939 um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna má félagið ekki taka að sér í eigin áhættu meira en 225000 kr. dánartryggingu á einu og sama skipi í hverri ferð. Samkvæmt frumvarpi um stríðstryggingu sjómanna getur áhættan á togurum farið upp í 252000 kr. á togara, og þyrfti þá að endurtryggja það, sem umfram yrði, ef hámarksákvæði bráðabirgðalaganna verður ekki breytt. En stjórn félagsins telur heppilegast, að ekki þurfi að endurtryggja skipshafnir á togurum.
2. Ef haldið er fast við þann grundvöll, sem byggt var á við stofnun félagsins, þyrfti að hækka áhættufé um ca. 100000 kr. til þess að félagið geti tekið allt að 252000 kr. á skipi í eigin áhættu. Einnig mætti komast hjá því að rýra öryggi félagsins frá því, sem verið hefir, með því að lækka hámarksdánartryggingu sjómanna úr kr. 21000, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, niður í kr. 19000.

Einn af stjórnendur félagsins, Jón Blöndal, vill þó taka það sérstaklega fram, að áhættufé sé að hans dómi svo ríflegt, að hagur félagsins sé fyllilega tryggður, þó að það taki í einstökum tilfellum allt að 252000 kr. í eigin áhættu, og gerir hann grein fyrir þeirri skoðun sinni í sérstöku fylgiskjali.

Virðingarfyllst.

Brynj. Stefánsson. Jón Blöndal. Ásgeir Þorsteinsson.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 13. desember 1939.

Þegar nefnd sú, sem undirbjó frumvarp til laga um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, gerði áætlun um, hversu mikið áhættufé þyrfti að tryggja félaginu, var byggt á eftirfarandi grundvelli:

1. Gengið var út frá því, að slysahættan væri 1%, með öðrum orðum, að nettóiðgjöld félagsins þyrftu að meðaltali að vera 1% af tryggingarupphæðinni. Iðgjöldin hafa hinsvegar, síðan félagið tók til starfa, verið hvergi nærri svo há. (Brúttó)-iðgjöldin fyrir togarana (bæði til Englands og Þýzkalands) hafa verið ½%; fyrir flutningaskipin til Ameríku 3/10%, til Englands 9/10%. Iðgjöld þessi hafa verið miðuð við það, sem erlend vátryggingafélög hafa tekið á sama tíma, og hefir slysahættan því yfirleitt verið metin allmikið lægri en gert var ráð fyrir í upphafi, þegar gerð var áætlun um áhættufé.
2. Ef gengið er út frá 1% slysahættu, er áhættufé ca. 4 μ („meðalfeilar"), þegar miðað er við 225000 kr. sem hámarkstryggingu.

   Hækki hámarkið upp í 250000 kr., er áhættufé hinsvegar ca. 3,5 μ. Útreikninga þessa hefir gert Kr. Guðm. Guðmundsson tryggingarfræðingur.

   Hinsvegar er það fræðilega viðurkennt, að líkurnar til þess, að áhættufé þurfi að vera meira en 3 μ, eru hverfandi litlar (2,7‰), og ennþá minni eru þær, ef miðað er við 3,5 μ (0,46‰).

Þegar tekið er tillit til þess hvorstveggja, að slysahættan, sem miðað var við í áætlun nefndarinnar, er talsvert mikið hærri en hún hingað til hefir verið metin á erlendum markaði, og þess að nefndin miðaði áhættufé við 4μ, verður ekki annað sagt en að hin upphaflega áætlun um áhættufé hafi verið svo varleg, að hag félagsins sé ekki teflt í neina tvísýnu, þó frumvarpið um stríðsslysatryggingu sjómanna yrði samþykkt óbreytt og félagið taki dánartryggingu þá, sem þar er gert ráð fyrir, á eigin ábyrgð.

Jón Blöndal.

Nd. **598. Tillaga til þingsályktunar**

um betrunarhús og vinnuhæli.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til rækilegrar athugunar möguleika á því, að reist verði í náinni framtíð betrunarhús og vinnuhæli fyrir fanga á hagkvæmum stað, miðað við hvorttveggja, að verkefni til útivinnu séu þar nóg fyrir hendi og að fangabústaður þessi verði eigi nær frjálsra manna heimkynnum en svo, að slík stofnun fái notið sín til hæfilegrar einangrunar. Jafnframt er ríkisstjórninni falið að athuga, til hverra annara nota húsakynni núverandi vinnuhælis á Litla-Hrauni henti, er þar að kemur, og þá helzt í þágu hins opinbera, t. d. sem fávitahæli eða til annarar líknarstarfsemi.

Greinargerð.

Þegar vinnuhælinu var ákveðinn staður á Litla-Hrauni, munu flestir hafa verið sammála um, að skilyrði voru þar öðru nær en góð fyrir slíka stofnun. Fjölmenn kauptún sitt til hvorrar handar, þjóðvegurinn svo að kalla um hlaðið, aðstaðan til útivinnu fyrir fangana að mörgu leyti óhentug, þar sem landareign vinnuhælisins er þannig háttað, að lönd næstu jarða liggja í geirum og spildum að og inn á milli Litla-Hraunslandareignar. Af framanskráðu má sjá, að á Litla-Hrauni er mjög torvelt að einangra svo vinnustöðvar fanganna frá umferð og starfssviði hins þéttbýla umhverfis sem þörf er á og vafalaust mun ætlazt til, ef vinnuhælisvistin á að svara tilgangi sínum. Það hefir og iðulega farið svo, að fangar og frjálsir menn utan hælisins hafa gengið að störfum samhliða, svo að varla hefir mátt á milli greina. Auk þess má og geta þess, að vinnuhælisföngum hefir verið fengin vegavinna sem starfsflokki við þjóðvegargerð, og hefir það þá orðið á kostnað annara, er skort hefir atvinnu, og verður slíkt eigi talið viðeigandi. Þess skal ennfremur getið, að öll skerðing á landareignum nábýlisjarða, Litla-Hrauni og vinnuhælinu til aukins starfssviðs, er mjög varúðarverð, vegna þeirrar þarfar, sem kauptúnunum er á því landi til framtíðarnota.

Þess ber að geta, að þrátt fyrir hina miklu annmarka, sem á því eru, að vinnuhælið verði til frambúðar á Litla-Hrauni, er fullgild réttlæting fyrir því, að þar var byrjað, fyrir hendi. Vinnuhælishúsið var þá reist fyrir nokkru, ætlað til allt annara hluta (sjúkravistar), en þeir, sem að því stóðu, gáfust upp, m. a. af fjárhagsörðugleikum, og var því tekið til þessarar hagnýtingar, svo að byggingin gæti þó orðið til einhverra nota.

Tillaga sú, sem hér er flutt, miðast við það hvorttveggja, að ríkisstjórnin ákveði svo fljótt sem verða má afskekktan og hentugan stað fyrir vinnuhælið, með nógu landrými og verkefnum, og láti samkvæmt því reisa þar vinnuhæli, og svo hitt, að húsakynnin á Litla-Hrauni verði hagnýtt til einhvers þess, sem þörf er á, eins og minnzt er á í tillögunni.

Það er sameiginleg þörf fanganna á vinnuhælinu og almennings, að hér sé stefnt að þeirri breytingu, sem tillagan fjallar um.

Ed. 599. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við bráðabirgðaákvæði laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Meðan núverandi ófriður í Norðurálfu varir, skal kennslumálaráðherra heimilt, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, að sameina fámenn skólahverfi um einn og sama kennara, þar sem því verður við komið. Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða, að fjölga skuli kennslustundum í íslenzku, taka upp og auka vinnu- og íþróttakennslu, en minnka að sama skapi kennslu í öðrum bóklegum fræðigreinum.

Heimilt er ráðherra að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara mála í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 600. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og fellst á það aðalefni þess, að láta línuveiðaskip og vélbáta njóta svipaðrar undanþágu og togaraútgerðarfyrirtækjum er veitt með lögum nr. 93 1938. Á hinn bóginn er orðalag 1. gr. þannig nú, að næst sýnist liggja, að bátarnir skuli aðeins vera undanþegnir skatti af því, sem lagt er í varasjóð samkv. 2. málsgrein 1. greinar. Að vísu getur verið, að þessi fyrirtæki gætu hagað ráðstöfunum sínum þannig, að þau gætu á þennan hátt unnið upp eldra tap (sbr. 1. málsgr. 1. greinar), en sé á annað borð ætlazt til þess, að þau njóti hér sömu skattívilnunar og togaraútgerðarfyrirtæki, virðist réttast að segja það ótvírætt. Ber því nefndin fram breytingartillögu um það.

Þá getur nefndin ekki fallizt á það ákvæði 2. greinar, sem sett var inn í frv. við meðferð þess í Nd. um takmarkanir á kaupgjaldi við þessi fyrirtæki, og álítur, að slíkt verði að vera á valdi fyrirtækjanna sjálfra og þeirra annara, sem þar geta beitt áhrifum. Sé um stórfyrirtæki að ræða, getur þeim einmitt verið sérstök nauðsyn á völdum manni til forstöðu, þegar þau komast í fjárhagserfiðleika, og væri þá fjarri sanni að girða fyrir það með lögum.

Loks vill nefndin gera þá breyting á lögum nr. 93 1938, að ákvæði síðara málsl. 2. gr. nái eftir sem áður aðeins til togaraútgerðarfyrirtækja, því að ógerlegt er að banna öllum bæjar- og sveitarfélögum á landinu að leggja hærri útsvör en 1938 á alla bátaútgerð.

Samkvæmt þessu ber nefndin fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Síðari efnismálsgr. orðast svo:
   Ákvæði greinar þessarar ná einnig til íslenzkra útgerðarfyrirtækja línuskipa og vélbáta á árunum 1939—1942.

2. Við 2. gr. Greinin orðast svo:
Síðari málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Verði heimild þessi ekki notuð, má þó ekki leggja hærra útsvar á útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa en sömu fyrirtæki báru árið 1938.

Alþingi, 23. des. 1939.

Bernh. Stefánsson, form., með fyrirvara.	Erl. Þorsteinsson, fundaskr., með fyrirvara.	Magnús Jónsson, frsm.

Nd. 601. Breytingartillaga

við frv. til l. um nokkrar bráðabirgðaráðstafanir.

Frá Finni Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: og til kynningarstarfsemi út á við í þágu viðskiptanna.

Nd. 602. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá Finni Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: og auk þess einn mann eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn mann eftir tilnefningu Útgerðarmannasambands Íslands

Sþ. 603. Fjáraukalög

fyrir árið 1937.

(Afgreidd frá Sþ. 23. des.).

Samhljóða þskj. 268.

Nd. 604. Lög

um breytingar á lögum nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn.

(Afgreidd frá Nd. 23. des.).

Samhljóða þskj. 455.

Ed. 605. Lög

um héraðsskóla.

(Afgreidd frá Ed. 23. des.).

Samhljóða þskj. 565.

Ed. 606. Lög

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1937.

(Afgreidd frá Ed. 23. des.).

Samhljóða þskj. 267.

Ed. 607. Lög

um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

(Afgreidd frá Ed. 23. des.).

Samhljóða þskj. 505.

Nd. 608. Lög

um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

(Afgreidd frá Nd. 29. des.).

Samhljóða þskj. 440.

Sþ. 609. Skýrslur

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A.

Skýrsla um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 1. jan. 1937 til 31. des. 1938.

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1937:			
a) Bankavaxtabréf	kr.	1000.00	
b) Veðskuldabréf	—	14650.00	
c) Bankainnstæða	—	5704.52	kr. 21354.52
2. Vextir:			
a) Af bankavaxtabréfum	kr.	90.00	
b) — veðskuldabréfum	—	1478.32	
c) — bankainnstæðu o. fl.	—	528.29	— 2096.61
			Kr. 23451.13

Gjöld:

1. Auglýsingakostnaður			kr. 106.00
2. Greidd verðlaun			— 1800.00
3. Eignir í árslok 1938:			
a) Bankavaxtabréf	kr.	1000.00	
b) Veðskuldabréf	—	13950.00	
c) Ríkisskuldabréf	—	5000.00	
d) Bankainnstæða	—	1595.13	— 21545.13
			Kr. 23451.13

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. des. 1939.

Friðg. Bjarnarson.

B.

Skýrsla frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Hinn 31. desember 1937 gaf nefndin út auglýsingu um, að þeir, er til verðlauna hygðu, skyldu hafa sent nefndinni ritgerðir sínar fyrir lok ársins 1938.

Nefndin móttók allmikið rit um Njáls-sögu eftir herra þjóðskjalavörð Barða Guðmundsson, og samþykkti hún að veita honum þann hluta af vöxtum sjóðsins, er til veitingar kom að þessu sinni, enda voru nefndinni ekki afhent nein önnur rit til verðlauna, né umsóknir um styrkveitingar. Var þessi ákvörðun tilkynnt stjórnarráðinu, og er Alþingi skýrt frá henni hér með.

Reykjavík, 23. desember 1939.

Matthías Þórðarson. Þorkell Jóhannesson. Þórður Eyjólfsson.

Til Alþingis.

Ed. 610. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Á eftir fjórða málslið fyrri málsgr. 34. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Kjörtímabil nefndarmanna skal miðað við 6 almanaksár.

2. gr.

Tvo fyrstu málsliði fyrri málsgr. 38. gr. laganna skal orða svo:

Landsbankanefndin heldur aðalfund sinn einu sinni á ári, svo fljótt sem við verður komið þegar reikningar bankans eru fullgerðir. Boðar forseti nefndarinnar til fundarins með nægum fyrirvara.

3. gr.

Fyrsta málslið fyrri málsgr. 39. gr. laganna skal orða svo:

Á aðalfundi nefndarinnar árið eftir að ný kosning hefir farið fram í nefndina samkv. 34. gr. kýs nefndin sér forseta til aðalfundar 2 árum síðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1934, fellur niður 31. des. 1939.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1936, fellur niður 31. des. 1941.

Umboð þeirra landsbankanefndarmanna og varamanna, er kosnir voru á Alþingi 1938, fellur niður 31. des. 1943.

Á þingi því, er samþykkir þessi lög, fer fram kosning 5 landsbankanefndarmanna og jafnmargra varamanna fyrir árabilið frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1945.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni forseta landsbankanefndar, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Ákvæði frv. þessa miða að því að ráða bót á ruglingi þeim og vandkvæðum, sem komið hafa í ljós við framkvæmd ákvæða landsbankalaganna um kosningu landsbankanefndar og um aðalfund nefndarinnar.

Eins og lögin mæla fyrir, hefir annaðhvert ár frá setningu þeirra farið fram kosning ⅓ hluta nefndarmanna til 6 ára, en ekki ætíð á sama tíma árs. Árið 1928 var kosið í apríl, 1930 í febrúar og 1932, 1936 og 1938 í marz. Á þinginu 1934, sem háð var að haustinu, fór hinsvegar ekki fram kosning í nefndina fyrr en í desember. Kjörtími nefndarþriðjunganna gengur því mjög á misvíxl, ef hann skal telja eftir laganna hljóðan 6 ár, og kemur slíkt misræmi í bága við ætlun löggjafans, en frá þessum ákvæðum hefir ekki verið gengið nógu vel í byrjun. Lagt er til, að úr þessu verði bætt með því að miða kjörtímabil nefndarmanna framvegis við heil almanaksár.

Eitt af verkefnum aðalfundar er að úrskurða reikninga bankans, og er því eðlilegast að haga fundartímanum eftir því, hvenær reikningarnir eru fullgerðir, en ekki miða hann við ákveðinn tíma frá setningu Alþingis, eins og gert er í lögunum, enda getur þingtíminn orðið breytilegur.

Þá þykir og rétt að fella burt fyrirmæli laganna um, að aðalfund skuli boða með mánaðar fyrirvara, og kveða aðeins svo á, að það skuli gert með nægum fyrirvara. Reynslan hefir sýnt, að fundarboð svo löngu fyrirfram vilja gleymast, en á hinn bóginn óþarft að fyrirskipa svo langan frest, með því að gera má ráð fyrir, að allur þorri nefndarmanna verði framvegis sem hingað til búsettur í Reykjavík eða nærlendis.

Nd. 611. Breytingartillaga

við frv. til laga um hitaveitu Reykjavíkur.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 18. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú ábyrgist ríkissjóður lán vegna hitaveitu samkv. ákvæðum þessarar greinar, og skal þá hitaveita Reykjavíkur greiða ríkinu árlega þóknun, sem nemur ½ af hundraði af ábyrgðarupphæðinni á hverjum tíma. Fé þessu skal verja til lánveitinga til rafvirkjunar og hitaveituframkvæmda annarstaðar á landinu, eftir reglum, sem um það verða settar.

Nd. 612. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Frá Finni Jónssyni.

1. Við 4. gr. Greinin fellur niður.
2. 5. gr. verður 4. gr.

Sþ. **613. Nefndarálit**

um styrk til flóabátaferða.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja þingdeilda hafa að þessu sinni eins og áður haldið sameiginlega fundi um flóabátaferðirnar og úthlutun styrks til þeirra. Í síðustu fjárlögum er fjárhæð þessi ákveðin 80200 kr., en af fyrirliggjandi knýjandi ástæðum leggja nefndirnar til, að hún hækki nú alls upp í 87900 kr. Upplýsinga um þessar ferðir og farkosti hefir verið aflað hjá forstjóra skipaútgerðar ríkisins, sem einnig hefir komið á fund hjá nefndunum. Hefir hann og látið þess getið, að búast mætti við því, þótt ríkisstyrkur hækkaði nokkuð til þessara ferða — sem væri óhjákvæmilegt —, að flutningsgjöld yrðu einnig hækkuð víðast eða hvarvetna, vegna yfirstandandi erfiðleika og aukins og vaxandi tilkostnaðar.

Áður en grein verður gerð fyrir tillögum nefndanna um ráðstafanir þessara ferða og flutninga og úthlutun styrks til þeirra, hverra á sínu svæði, skal þetta tekið fram:

Samgöngumálanefndirnar hafa ávallt talið það eðlilegast, að þær hefðu meiri afskipti af strandferðunum öllum en verið hefir á síðkastið, eða síðan ríkið tók að reka þær, en um hríð hafa í samgöngum á sjó flóabátaferðirnar verið þeirra aðalverkefni. — Meðal flóabáta má þó telja samgöngurnar fyrir suðurströndinni, sem undanfarið hafa staðið undir sérstökum lið í fjárlögunum, sem sé styrkur til m/b „Skaftfellingur". Hafa nefndirnar einnig jafnan látið þennan lið til sín taka. Síðari árin hefir verið um það rætt, að hve miklu leyti Skaftafellssýsla gæti minnkað við sig flutninga á sjó, eftir því sem samgöngur yrðu greiðari á landi, og hefir það mál verið tekið sérstaklega fyrir að þessu sinni, aðallega í samgmn. Nd. Telja hlutaðeigendur, að til þess gæti komið, að fastar flutningaferðir á sjó mættu jafnvel leggjast niður að því er Vestur-Skaftafellssýslu snertir, þegar brýr væru komnar á nokkur vötn austan Mýrdalssands, sem reyndar eru í brúarlögum (svo sem Geirlandsá með Stjórn, Eldvatn og Djúpá), og vegum að öðru leyti haldið í sæmilegu horfi. Mætti gera ráð fyrir, að þessar framkvæmdir yrðu á næstunni. En þá yrði á sérstakan hátt að sjá fyrir flutningum til Öræfa (í Austur-Skaftafellssýslu). — Til reynslu og bráðabirgða næsta ár (1940) hefir nú verið ákvarðað milli samgöngumálanefnda og fjárveitinganefndar að leysa „Skaftfelling" af hólmi, og að vitaskipið „Hermóður", sem er á vegum hins opinbera, annist alla flutninga, þá, er hinn fyrrnefndi bátur hefir haft á þessu svæði, svo að bæði öruggt og fullnægjandi mætti heita, fyrir allmiklu minni styrk en áður hefir verið ætlaður þessum ferðum. Leiðir að sjálfsögðu af því það tvennt, að fjárveitingavaldið verður að sjá þessum ferðum farboða framvegis, meðan nauðsyn krefur, og að félag það, sem stendur að bátnum „Skaftfellingi" fær frjálsar hendur til þess að ráðstafa honum, með sölu eða á annan hátt, svo sem nú mun vera tækifæri til. Mætti í því sambandi jafnvel benda á, að aðrir staðir á landinu gætu þurft á slíku skipi að halda til flutninga, sem eru gróðavænlegri en á hér umræddri leið við brimströnd suðurlandsins.

Þegar um er að ræða flóabátasamgöngurnar, sem er annar flokkur strandferðanna hér við land, hafa samgöngumálanefndirnar ávallt leitazt við að taka sem fyllst tillit til þessa þrenns: a) **að** bæta úr þörfinni þar, sem hún er mest, og að þessar ferðir gætu komið að sem beztum notum og jöfnustum á ýmsum kjálkum landsins; b) **að** hinn veitti styrkur nægði til þess að fullnægja þessu og yfirleitt til þess að halda uppi þessum flutningum með viðunanlegum hætti; og c) **að** farkostir þeir, sem til þessara ferða hafa fengizt, gætu annazt þær á forsvaranlegan hátt. Er því ekki að leyna, að hið síðastnefnda hefir verið erfiðast viðfangs, enda í reyndinni minnst á valdi nefndanna að ganga úr skugga um það. Hefir það því orðið að vera hlutverk ríkisstjórn-

arinnar með skipaútgerð ríkisins að sjá um þetta, eftir því sem kostur hefir verið á. En hér þarf meiri átaka við en hingað til hafa verið framkvæmd, og gildir þetta fyrst og fremst vesturhluta landsins. Ef vel ætti að vera, þyrfti tvö fullnægjandi flóaskip til þessara flutninga, annað við Vestfirði (á það svæði aðallega, sem „Djúpbáturinn" svo nefndi hefir annazt), og hitt til þess að halda uppi ferðum og flutningum á og við Breiðafjörð, eða sem gæti með öðrum orðum tekið að sér hlutverk það, sem „Laxfoss" (Borgarnesbátur) að nokkru leyti, og Stykkishólmsbátur, Flateyjarbátur og smærri bátar þar að öllu leyti nú eiga að rækja samkvæmt skilyrðum þeim, sem styrkjum til þeirra hafa fylgt. — Með lögum nr. 13 1935 var h/f Skallagrími í Borgarnesi gert að skyldu — gegn ábyrgð og hlutafjártillagi ríkissjóðs — að halda uppi ferðum til Breiðafjarðar, ásamt Faxaflóaferðunum, sem með skipi félagsins, Laxfoss, eðlilega hefir verið aðalatriðið. Til Breiðafjarðarferðanna, sem reyndar hefir verið óánægja með á báða bóga, hefir félagið nokkurn styrk úr ríkissjóði, og má víst telja, að af styrk Borgarnesbátsins (sem verið hefir 15000 kr.) hafi 5000 kr. verið veittar í þessum notum. Nú fékk Flateyjarbátur 7000 kr., Stykkishólmsbátur 3200 kr. og smábátar á Breiðafirði samtals 700 kr. samkv. úthlutun samgöngumálanefnda á f. á., sem verður alls til Breiðafjarðarferða 15900 kr. Þótt nú útgerð Borgarnesbátsins vilji langhelzt losna við þessa kvöð um Breiðafjarðarferðirnar, þá verður samt ekki kleift að verða við því, meðan önnur haldkvæm skipun er ekki á þessum samgöngum gerð; en styrkur til Faxaflóaferða (annar en styrkur til Akranesbáts, er heldur sér með sömu skilyrðum og áður) verður að þessu sinni ekki tekinn með í þessu áliti og tillögum, heldur er lagt á vald póststjórnar að semja við stjórn h/f Skallagríms vegna póstflutninga. Hér verður aðeins gert ráð fyrir 5000—6000 kr. styrk til Breiðafjarðarferða Laxfoss eða annars skips, eftir því er um semdist á vegum ríkisstjórnar eða skipaútgerðar ríkisins. Svo verður og ætlað, ef ekki verður um annað að gera en semja við sömu aðila (báta) og áður, til Flateyjarbáts 8500 kr., Stykkishólmsbáts 4000 kr. og til annara nauðsynlegra bátaferða og flutninga um 1500 kr. (en þar voru undanfarið tilnefndir m. a. Langeyjarnesbátur með 400 kr. og Gilsfjarðarbátur með 300 kr. og ekki talið fullnægjandi; einkanlega hafa Gilsfirðingar og Skógstrendingar þótzt illa settir). Alls er til Breiðafjarðarsamgangna áætlað nú, sbr. skrána hér á eftir, 20000 kr., og er það fært í eina upphæð með því fororði, sem nú hefir verið tekið fram um skiptingu milli téðra báta, og um skylduferðir „Laxfoss", ef ekki verður kleift að gera aðra ráðstöfun fyrir heildina. Að öðru leyti mætti gera ráð fyrir, þar sem nú ekki vinnst tími til frekari aðgerða, að Alþingi gæti seinna í vetur, eða fyrir vorið, gert framhaldsákvörðun hér að lútandi, í samráði við ríkisstjórn og aðra hlutaðeigendur, en til þess tíma verður að fela skipaútgerð ríkisins að undirbúa þetta mál allt, eftir því sem kleift er, svo sem með athugun um skipakost o. fl.

Á öllum aðalleiðum hefir orðið að hækka þessa styrki nokkuð, og eru rök til þess áður greind; sýnir sjálf úthlutunin þetta. En aðalfyrirkomulagið helzt að mestu óbreytt og væntanlega með sömu bátum (á Norður- og Austurlandi o. s. frv.). Nauðsyn hefir þótt til bera að greiða nokkru betur en áður fyrir flutningum á fjörðum austanlands, og er til þess ætlaður nú lítilsháttar styrkur. Einnig er lítil upphæð ætluð, til reynslu mætti segja, en eftir umsóknum, sem árlega hafa legið fyrir, til flutninga milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar, á líkan hátt og verið hefir við Rangársand.

Þess má geta, að erindi lágu fyrir nefndunum um styrki nokkra til fjarðaferjuhalds, bæði við Ísafjörð vestra (Reykjanes) og á Hrútafirði í Strandasýslu. Var því vísað til fjárveitinganefndar og mun hún taka þetta til greina í sínum tillögum.

Loks skal það skýrt tekið fram, að ætlazt er til, að öll sömu almenn skilyrði gildi um styrkveitingar til flóabátaferða og áður hafa þeim fylgt, sbr. nefndarálit 1938, hvort sem er gagnvart skipaútgerð ríkisins og skilum til hennar, eða að því er snertir póstflutninga (og að því leyti sem ekki verður sérstaklega um þá samið af hálfu póststjórnar).

Samkvæmt framanskráðu og með tilvísun til þess, sem þar er sérstaklega tekið fram um einstakar ferðir og svæði, leggja nefndirnar til, að flóabátastyrknum fyrir 1940 verði skipt sem hér segir:

Djúpbátur	25000 kr.
Skagafjarðarbátur (til Siglufjarðar)	6500 —
Norðurlandsbátur (Eyjafj.—Siglufj.)	16500 —
Hornafjarðar—Austfjarðabátur	9000 —
Fjarðabátar:	
a. Við Loðmundarfjörð	500 —
b. Sunnan Seyðisfjarðar	1200 —
Suðurlandsskip	4000 —
Til flutninga á og við Breiðafjörð, sbr. skýringar hér að framan	20000 —
Akranesbátur (með sama skilyrði og áður)	1500 —
Til bátaferða innan Austur-Skaftafellssýslu (þar af 800 kr. til Öræfinga)	1500 —
Til flutninga milli Vestmannaeyja og suðurstrandarinnar:	
a. Rangársandsbátur	700 —
b. Stokkseyrarbátur	1000 —
Mýrabátur (á Faxaflóa)	500 —

Alþingi, 23. des. 1939.

Helgi Jónasson, form. Nd.-nefndar. Páll Hermannsson, form. Ed.-nefndar. Gísli Sveinsson, frsm.

Vilm. Jónsson, fundaskr. Nd.-nefndar. Árni Jónsson, fundaskr. Ed.-nefndar, með fyrirvara.

Páll Zóphóníasson, með fyrirvara. Eiríkur Einarsson. Skúli Guðmundsson.

Ed. 614. Frumvarp til laga

um viðauka við lög um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ef nokkur fjárhæð úr varasjóði er síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða varið til annars en að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins eða stofnkostnaði þess, telst sú fjárhæð til skattskyldra tekna þess á því ári.

Ákvæði greinar þessarar ná einnig til íslenzkra útgerðarfyrirtækja línuskipa og vélbáta á árunum 1939—1942.

2. gr.

Síðari málsl. 2. gr. laganna orðast svo: Verði heimild þessi ekki notuð, má þó ekki leggja hærra útsvar á útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa en sömu fyrirtæki báru árið 1938.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 93 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni:

Lög um skattgreiðslu íslenzkra útgerðarfyrirtækja.

Nd. 615. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefir haft frv. til meðferðar og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. des. 1939.

Bjarni Bjarnason, form. Pálmi Hannesson, fundaskr. Gísli Sveinsson, frsm.
Ásgeir Ásgeirsson. Pétur Halldórsson.

Nd. 616. Frumvarp til laga

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera lögmannsembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja dómaraskilyrðum samkv. 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936. Undanþágu má þó veita frá framangreindum skilyrðum að því er lögreglustjóra snertir, enda séu þá sett sérstök skilyrði fyrir veitingu þess embættis með konunglegri tilskipun.

2. gr.

Lögmaður fer með dómsmál, önnur en barnsfaðernismál og opinber mál, skiptamál, fógetagerðir, uppboð, þinglýsingar, skráning firma, samvinnufélaga og hlutafélaga, notarialgerðir, yfirfjárráð, borgaralega hjónavígslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af lögmanni, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu búi, mælingu og skrásetningu skipa, úrskurðun fátækramála og alþingiskosningar.

3. gr.

Sakadómari fer með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhússins.

4. gr.

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn, samanber þó 3. gr., strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

5. gr.

Tollstjóri hefir forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til tryggingarstofnunar ríkisins, þ. á m. slysatryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

6. gr.

Ráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglugerð um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

7. gr.

Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

8. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða, skil á innheimtufé og innheimtulaun af uppboðsandvirði.

9. gr.

Lögmaður, sakadómari, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 krónur, en launin hækka eftir annað, fjórða og sjötta ár í þessari röð um 300 krónur, 300 krónur og 400 krónur, upp í 9000 krónur.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, sem embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

10. gr.

Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma sérstök störf, eftir því sem nauðsyn krefur.

11. gr.

Lög nr. 67 frá 7. maí 1928, um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, eru úr gildi felld.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Nd. 617. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, og telur hún rétt, að það nái fram að ganga með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir „náttúrurannsóknarnefnd“ komi: rannsóknanefnd ríkisins.
   b. Aftan við síðari málsgr. gr. komi tveir nýir málsliðir, svo hljóðandi: Nefndin ákveður rannsóknarefni stofnana þessara í samráði við forstjóra þeirra og deildarstjóra, en skylt er henni að leita áður álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og annara landssambanda atvinnugreina. Gæta skal þess að samræma störf þessara stofnana og einstakra deilda þeirra, eftir því sem fært er.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað 2. málsl. 8. gr. laganna, sem verður 9. gr., kemur: Forstjóri skal hafa með höndum stjórn á daglegum störfum og rekstri stofnunarinnar undir yfir-

stjórn rannsóknanefndar. Að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra með reglugerð fyrirmæli um starfstilhögun og starfsskiptingu stofnunarinnar.

3. Við 4. gr. Fyrir „náttúrurannsóknarnefndar“ komi: rannsóknanefndar ríkisins.

Alþingi, 27. des. 1939.

Bjarni Bjarnason, form. Pálmi Hannesson, fundaskr., frsm. Pétur Halldórsson.
Ásgeir Ásgeirsson. Gísli Sveinsson.

Nd. 618. Lög

um hitaveitu Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Nd. 27. des.).

Samhljóða þskj. 354.

Sþ. 619. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1940 og við brtt. á þskj. 587.

I. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 8. gr. (Borðfé konungs).
Fyrir „75000“ kemur 30000
Til vara 60000

II. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
1. Við 11. gr. A. 7. b. 1. (Laun við toll- og löggæzlu utan Rvíkur).
Fyrir „48000“ kemur 12000
2. Við 11. gr. A. 7. b. 2. (Annar kostn.).
Fyrir „22000“ kemur 18000

III. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 11. gr. A. 11. (Landhelgisgæzla).
Fyrir „400000“ kemur 600000

IV. Frá *Bergi Jónssyni, Finni Jónssyni* og *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 13. gr. A. II. c. 9. Nýr liður:
Til Þorskafjarðarvegar 10000

V. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 13. gr. A. III. (Brúargerðir).
Liðinn skal orða svo:
Til brúargerða 50000
Þar af til brúar yfir Jökulsá á Brú 20 þús. kr.

VI. Frá *Skúla Guðmundssyni.*
Við 13. gr. B. 1. b. Liðinn skal orða svo:
Eimskipafélags Íslands 82000
enda haldi félagið uppi siglingum í sama horfi sem áður og með eigi minni skipastól, ef efnahagur þess leyfir. Ennfremur greiði félagið allan aukakostnað, sem af því leiðir, að vörur, sem skip þess flytja frá útlöndum, þurfa að affermast til umhleðslu á öðrum höfnum en endanlegum ákvörðunarstöðum, svo framarlega sem félagið hefir haldið uppi siglingum til þeirra staða á undanförnum árum.

VII. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 13. gr. B. 2 (Flóabátaferðir).
Fyrir „80200“ kemur 87900

VIII. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
1. Við 13. gr. C. II. (Laun vitavarða).
Fyrir „34000“ kemur 40000
2. Við 13. gr. C. III. (Rekstrarkostn. vitanna).
Fyrir „165000“ kemur 200000
3. Við 13. gr. C. IV. (Viðhald og endurbætur).
Fyrir „20000“ kemur 30000

IX. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 7. Nýr liður:
Í Borgarnesi, til lengingar hafskipabryggju 16000

X. Frá *Sigurði Kristjánssyni* og *Vilmundi Jónssyni.*
Við 13. gr. C. IX. 6. Nýr liður:
Til bryggju á Reykjanesi (síðasta greiðsla) 2000

XI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 13. gr. C. XI. Nýr (rómv.) liður:
Til endurbóta á innsiglingu Vestmannaeyjahafnar 20000
Til vara 15000

XII. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 14. gr. B. I. a. (Laun við háskólann).
Fyrir „99000“ kemur 120000

XIII. Frá *Pétri Halldórssyni, Vilmundi Jónssyni, Gísla Sveinssyni, Finni Jónssyni* og *Thor Thors.*
Við 14. gr. B. I. u. (Háskólinn). Nýr stafliður:
Til kennaraíbúða 20000

XIV. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 14. gr. B. II. a. (Stúdentar erlendis).
Fyrir „19200“ kemur 25000

XV. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 14. gr. B. III. (Viðskiptaháskóli).
Liðurinn fellur niður.

XVI. Frá *Vilmundi Jónssyni* og *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 2. b. (Stofnkostn. héraðsskóla).
Við liðinn bætist aths.:
Þar af til Reykjanesskóla 15000 kr.
Til vara: 10000 kr.

XVII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni, Garðari Þorsteinssyni, Bergi Jónssyni, Gísla Sveinssyni, Vilmundi Jónssyni, Magnúsi Jónssyni* og *Pálma Hannessyni.*
Við 14. gr. B. XXIX. (Stúdentagarður).
Fyrir „5500“ kemur 10000

XVIII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 15. gr. 14. Nýr liður:
Til sjómannalesstofu K. F. U. M. í Vestmannaeyjum 500

XIX. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 15. gr. 38. (Félag „Vökumanna“).
Liðurinn fellur niður.

XX. Frá *Jóhanni Jósefssyni, Pálma Hannessyni, Steingrími Steinþórssyni, Vilmundi Jónssyni, Helga Jónassyni, Sveinbirni Högnasyni* og *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 15. gr. 38. Nýr liður:
Til dr. Jóns Dúasonar, vegna útgáfu rita hans 3000

XXI. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 39. Nýr liður:
Til Magnúsar Ásgeirssonar skálds, byggingarstyrkur 1000

XXII. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Einari Olgeirssyni* og *Ísleifi Högnasyni.*
Við 16. gr. 1. (Atvinnubætur).
Fyrir „500000“ kemur 750000

XXIII. Frá *landbúnaðarráðherra.*
Við 16. gr. 10. (Jarðakaupasjóður).
Fyrir „20000“ kemur 85000

XXIV. Frá *Bergi Jónssyni.*
Við 16. gr. 30. Nýr liður:
Til ræktunarvegar í Flatey á Breiðafirði 1000

XXV. Frá *Sveinbirni Högnasyni* og *Gísla Sveinssyni.*
Við 16. gr. 37. Nýr liður:
Til Einars Sverrissonar í Kaldrananesi, til vélaverkstæðis 3000
Til vara 2000

XXVI. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við brtt. 587, 105. a. (Við 16. gr. 68. Fiskveiðasj. Íslands).
Fyrir „30000“ kemur 75000

XXVII. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 16. gr. 73. (Skömmtunarskrifstofa ríkisins).
Fyrir „85000“ kemur 12000

XXVIII. Frá *Skúla Guðmundssyni.*
Við 17. gr. 18. Nýr liður:
Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins Ægis í Þverárhreppi 150

XXIX. Frá *Pálma Hannessyni* og *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 17. gr. 28. Nýr liður:
Til sjúkrasamlags Sauðárkróks 600

XXX. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. f. 21. (Jón í Galtarholti).
Fyrir „300.00“ kemur 600.00
Til vara 500.00

XXXI. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. f. 27. Nýr liður:
Ragnheiður Straumfjörð 400.00
Til vara 300.00

XXXII. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 18. gr. II. g. Nýr stafliður (h.):
Skáld og listamenn:
Guðmundur Friðjónsson 2400

XXXIII. Frá *Pálma Hannessyni.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að greiða Páli Sveinssyni yfirkennara full laun, ef hann lætur af embætti á árinu, enda vinni hann að því að fullgera hina frakknesk-íslenzku orðabók sína.

XXXIV. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Eiriki Einarssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að greiða Áburðarsölu ríkisins allt að 100000 kr. styrk úr ríkissjóði vegna verðhækkunar á tilbúnum áburði á árunum 1939 og 1940, samkvæmt nánari ráðstöfun landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

XXXV. Frá *Páli Hermannssyni* og *Páli Zóphóníassyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að greiða Magnúsi bónda Þorsteinssyni í Húsavík í Borgarfirði eystra 1500 kr. styrk vegna fokskaða 5. marz 1938.

XXXVI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, til varnar gegn landbroti á Vestmannaeyjajörðum og uppblæstri gróðurs á Heimaey, og verja til þess nokkrum hluta af tekjum umboðsins. (Endurheimild).

XXXVII. Frá *landbúnaðarráðherra.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að kaupa Kaldaðarnestorfuna í Árnessýslu, ef aðgengilegir samningar takast um verð og greiðsluskilmála. (Endurheimild).

Nd. 620. Breytingartillögur

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. Á eftir 18. lið komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

a. Fresta skal framkvæmd 1.—6. gr. l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins, en gjald það, sem innheimt er samkvæmt 7. gr., skal renna í ríkissjóð. Heimilt er ríkisstjórninni að verja svipaðri fjárhæð úr ríkissjóði til að bæta aðbúð á gististöðum og auka hreinlæti á ferðamannaleiðum.
b. Fresta skal að prenta umræðupart þingtíðindanna fyrir árið 1940.

Nd. 621. Nefndarálit

um frv. til laga um nokkrar bráðabirgðaráðstafanir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið að öllu leyti sammála um afgreiðslu málsins. Allir nefndarmenn hafa orðið ásáttir um að flytja nokkur atriði frumvarpsins sem breytingartillögur við frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga. Er þar um að ræða efni 1. og 4. gr. frumvarpsins. Um hinar 4. greinarnar hefir nefndin klofnað, og leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. 1. gr. falli niður.
2. 4. gr. falli niður.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
Frv. til laga um greiðslu á tekjum ríkisstofnana til ríkissjóðs o. fl.

Greinatalan breytist samkv. því. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um breytingartillögur, sem fram kunna að koma við einstakar greinar frumvarpsins.

Alþingi, 28. des. 1939.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. — Ásgeir Ásgeirsson, fundaskr., með fyrirvara. — Steingr. Steinþórsson.

Stefán Stefánsson.

Nd. 622. Nefndarálit

um frv. til l. um nokkrar bráðabirgðaráðstafanir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég hefi ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu málsins. Legg ég til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 28. des. 1939.

Sigurður Kristjánsson.

Nd. 623. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þskj. 620 (Bráðabirgðabreyting nokkurra laga).

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (SK).

Við 1. gr. Síðari málsliður 1. töluliðs falli niður.

Nd. 624. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við 2. málsgr. 4. gr. bætist: og lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Alþingi, 28. des. 1939.

Sveinbjörn Högnason, form. Sigurður Kristjánsson, frsm. Ásg. Ásgeirsson, fundaskr.
Steingr. Steinþórsson. Stefán Stefánsson.

Nd. 625. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Frá Bergi Jónssyni, Sigurði E. Hlíðar, Sigurði Kristjánssyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 4. gr. Í stað orðanna „allt að helmingi“ komi: allt að þriðjungi.

Nd. 626. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Tveir nefndarmanna, Bergur Jónsson og Finnur Jónsson, eru mótfallnir frv., en undirritaðir leggja til, að það verði samþykkt. Þó áskilur SkG sér rétt til að flytja brtt. við frv. um kosningu formanns.

Alþingi, 28. des. 1939.

Sigurður Kristjánsson, frsm. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Sig. E. Hlíðar.

Nd. 627. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Nefndin kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Nd. 628. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Undirritaður meiri hl. telur réttlátt og sanngjarnt að gera þá lagabreytingu, sem frv. fer fram á, og getur yfirleitt tekið undir rök þau, sem fram eru færð í greinargerð frv. Mælir meiri hl. því með því, að frv. verði samþykkt, en minni hl. (GÞ) mun skila sérstöku nál.

Alþingi, 23. des. 1939.

Bergur Jónsson, form., frsm. Vilm. Jónsson, fundaskr. Sveinbjörn Högnason.
Thor Thors.

Nd. 629. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Við undirritaðir teljum starfsvið fiskimálanefndar svo víðtækt og nauðsynlegt, að eigi sé rétt eins og ástatt er um fisksöluna og sjávarútveginn að fækka nefndarmönnum. Leggjum við því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Neðri deild Alþingis telur útlitið um sölu á saltfiski og sjávarafurðum yfirleitt enn eigi svo glæsilegt, að rétt sé að rýra starf fiskimálanefndar með því að fækka nefndarmönnum, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. des. 1939.

Finnur Jónsson, form., frsm. Bergur Jónsson.

Nd. 630. Breytingartillaga

við frumvarp til l. um breyt. á l. nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Frá Finni Jónssyni.

Við 4. gr. Á eftir „verksmiðjustjórnin láta" komi: utanhéraðsverkamenn þar á meðal.

Ed. 631. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Håkonsen, Gustav Ragnar, vélstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Hammer, Sigvard Antoni Andreassen, verkamaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
3. Haraldsen, Godtfred, húsgagnabólstrari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
4. Kaaber, Ludvig Emil, bankastjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
5. Lüders, George Oluf Emil Liedarzick, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

Nd. 632. Nefndarálit

um frv. til laga um innheimtu tekju- og eignarskatts af vaxtafé.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti fjárhagsnefndar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. a.-liður fellur niður.
2. Við 6. gr. 2. málsgr. greinarinnar fellur niður.
3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
   Frv. til laga um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé verðbréfa og skuldabréfa.

Alþingi, 28. des. 1939.

Sveinbjörn Högnason, form., frsm. Ásg. Ásgeirsson, fundaskr. Steingr. Steinþórsson. Stefán Stefánsson, með fyrirvara.

Nd. 633. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný gr., er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, er nefnist rannsóknanefnd ríkisins, til þriggja ára í senn, eftir tilnefningu þriggja stærstu flokka Alþingis.

Nefnd þessi skal hafa á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og þess hluta rannsóknarstofu Háskóla Íslands, sem hefir með höndum rannsóknir í þágu atvinnuveganna og framkvæmd matvælarannsóknanna. Nefndin ákveður rannsóknarefni stofnana þessara í samráði við forstjóra þeirra og deildarstjóra, en skylt er henni að leita áður álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og annara landssambanda atvinnugreina. Gæta skal þess að samræma störf þessara stofnana og einstakra deilda þeirra, eftir því sem fært er.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 8. gr. laganna, sem verður 9. gr., kemur: Forstjóri skal hafa með höndum stjórn á daglegum störfum og rekstri stofnunarinnar undir yfirstjórn rannsóknanefndar. Að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra með reglugerð fyrirmæli um starfstilhögun og starfsskiptingu stofnunarinnar.

3. gr.

9., 10. og 11. gr. laganna verða 10., 11. og 12. gr.

4. gr.

Í stað 12. og 13. gr. laganna komi ný 13. gr., er orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum rannsóknanefndar ríkisins, laun starfsmanna stofnunarinnar, þeirra sem um ræðir í 3.—5. gr., þangað til þau verða tiltekin í launalögum. Hann skipar einnig fyrir um það, í samráði við nefndina, hversu margt annað starfsfólk skuli starfa við stofnunina og hver laun þess skuli vera.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.

Nd. 634. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, sem komið er frá hv. Ed., og mælir með því, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við ákvæði til bráðabirgða:

2. og 3. málsl. 2. liðs orðist svo:

Skal nefndin einkum hafa eftirlit með framkvæmdum bæjar- og sveitarfélaga í framfærslu- og fátækramálum, og þá alveg sérstaklega vaka yfir því, að sveitar- og bæjarstjórnir notfæri sér alla möguleika til þess að koma mönnum til starfs í stað þess að veita þeim framfæri án vinnu, allt í samræmi við nánari fyrirmæli laga þess-

ara, og er ráðherra heimilt að fela nefnd þessari að gera þær ráðstafanir í síðastnefndu skyni, sem sveitar- og bæjarfélögum er heimilað að gera samkvæmt lögum þessum.

Alþingi, 28. des. 1939.

Bergur Jónsson, form. Vilm. Jónsson, fundaskr. Thor Thors, frsm.
Sveinbjörn Högnason. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 635. Breytingartillaga

við frumv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Jóni Pálmasyni, Pétri Ottesen og Helga Jónassyni.

Við 1. gr. Á eftir 18. lið komi nýr liður:
Framkvæmd laga nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, er frestað til ársloka 1940, og fellur niður frá 1. jan. 1940 umboð ráða þeirra, sem um ræðir í lögum þessum.

Sþ. 636. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1940 og við brtt. á þskj. 587.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr. 2. (Tekju- og eignarskattur). Fyrir „1720000“ kemur	1600000
2.	—	2. — 3. (Hátekjuskattur). Fyrir „220000“ kemur	200000
3.	—	2. — 5. (Aukatekjur). Fyrir „665000“ kemur	600000
4.	—	2. — 7. (Vitagjald). Fyrir „490000“ kemur	390000
5.	—	2. — 9. (Stimpilgjald). Fyrir „585000“ kemur	500000
6.	—	brtt. 587,1. (Við 2. gr. 13. Útflutningsgjald). Fyrir „460000“ kemur	650000
7.	—	2. gr. 14. (Áfengistollur). Fyrir „1200000“ kemur	1000000
8.	—	2. — 15. (Tóbakstollur). Fyrir „1500000“ kemur	1300000
9.	—	2. — 16.—18. (Kaffi- og sykurtollur, Annað aðflutningsgjald, og Vörutollur). Liðirnir verða einn liður, svo hljóðandi: Vörumagnstollur	2500000
10.	—	2. — 19.—20. (Verðtollur. Gjald af innfluttum vörum). Liðirnir verða einn liður, svo hljóðandi: Verðtollur	4000000
11.	—	2. — 21. (Gjald af innlendum tollvörum). Fyrir „500000“ kemur	400000

12. Við 3. gr. A. Sundurliðun 3. I. (Tekjur áfengisverzlunar).
Fyrir „1700000“ kemur 2016000
13. — 3. — A. Sundurliðun 4. I. (Tekjur tóbakseinkasölu).
Fyrir „815000“ kemur 885000
14. — 12. — 14. b. (Vaxtagreiðslur vegna læknisbústaða).
Liðinn skal orða svo:
Til greiðslu vaxta af skuldum vegna læknisbústaða, í Reykhólahéraði 1200 kr., í Ögurhéraði, Dalahéraði og Hesteyrarhéraði 900 kr. til hvers 3900
15. — brtt. 587, 53. a. b. a. Við 13. gr. A. II. a. 4. (Hellissandsvegur).
Fyrir „4000“ kemur 5000
16. — 13. gr. A. II. a. 38. Nýr liður:
Hróarstunguvegur 2500
17. — 13. — A. II. a. 42. Nýr liður:
Fjarðarheiðarvegur 7000
18. — 13. — A. II. a. 52. (Skaftártunguvegur).
Fyrir „3500“ kemur 5000
19. — 13. — A. II. a. 53. (Mýrdalsvegur).
Fyrir „4000“ kemur 8000
20. — brtt. 587, 70. (Við 14. gr. B. X. 1. c. 6.).
Till. orðist svo:
Við 14. gr. B. X. 2. c. 5. Til byggingar kennarabústaða .. 8000
21. — 14. — B. XV. 1. c. 5. (Sundlaug á Eiðum).
Fyrir „12500“ kemur 7500
22. — 14. — B. XV. 2. b. Nýr liður:
Til Snorragarðs í Reykholti 20000
23. — 14. — B. XVI. 4. Nýr liður:
Til rafveitu á Hallormsstað 5000
24. — 16. — 17. b. (Dýralækningar).
Fyrir „4500“ kemur 2550
25. — brtt. 587, 100. Við 16. gr. 30. Nýr liður: Ræktunarvegur í Vestmannaeyjum).
Liðinn skal orða svo:
Til ræktunarvega:
a. Í Vestmannaeyjum 5000
b. – Flatey á Breiðafirði 1000
Verkin séu unnin undir eftirliti vegamálastjóra.
26. — 16. gr. 71. Nýr liður:
Til rannsókna og varna gegn útbreiðslu garnaveikinnar 160000
27. — 18. — II. a. 18. Nýr liður:
Þórður Sveinsson yfirlæknir 2000
28. — 18. — II. b. 18. Nýr liður:
Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis, 600 kr., auk 100 kr. með kjörbarni hennar í ómegð 700
Brtt. 587, 117 er jafnframt tekin aftur.
29. — 18. — II. d. 15. (Guðrún Pétursdóttir).
Liðurinn fellur niður.
30. — 18. — II. d. 25. (Kirstín Pétursdóttir).
Fyrir „300“ kemur 600
31. — 20. — Út I. 1. b. (Dönsk lán).
Fyrir „58897“ kemur 199860
32. — 20. — Út 1. c. (Ensk lán).
Fyrir „522740“ kemur 614780

33. Við 22. gr. XI. Nýr liður:
Að ábyrgjast gagnvart Landsbanka Íslands fyrir Útvegsbanka Íslands h/f kr. 4792092,85, sem er skuld Útvegsbankans við Landsbankann 1. jan. 1939.

34. — 22. — XIII. Nýr liður:
Að kaupa síldarbræðsluverksmiðjuna á Húsavík eins og hún var um áramótin 1938 og 1939, ef viðunandi samningar takast um verð og greiðsluskilmála, að dómi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins.

35. — 22. — XV. Nýr liður:
Að lækka útgjöld ríkissjóðs, sem eru ekki bundin í öðrum lögum en fjárlögum, eftir jöfnum hlutföllum um allt að 20%, ef ríkisstjórnin telur sýnilegt, að áhrif styrjaldarinnar verði þess valdandi, að tekjur ríkissjóðs lækki verulega.

36. — 22. — XV. Nýr liður:
Að verja allt að 45 þús. kr. til að fullgera, í samráði við leikhússtjórn, viðunanlega, eldtrausta geymslusali í þjóðleikhúsinu vegna þjóðminjasafnsins.

37. — 23. — Ný málsgrein:
Stjórn síldarverksmiðja ríkisins er heimilt að lána ríkissjóði 200000 kr. af handbæru fé verksmiðjanna, vaxtalaust til 10 ára, en með jöfnum afborgunum á ári, til þess að fullgera veginn yfir Siglufjarðarskarð og Raufarhafnarveg. Að vinnunni við veginn yfir Siglufjarðarskarð skulu Siglfirðingar sitja fyrir að hálfu leyti, móti mönnum úr öðrum kaupstöðum og kauptúnum, þar með taldir reglusamir og duglegir námsmenn, sem vantar atvinnu.

Sþ. 637. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1940 og við brtt. á þskj. 587 og 619.

I. Frá *Thor Thors.*
Við brtt. 587, 53. a. 6. a. (Við 13. gr. A. II. a. Hellissandsvegur).
Fyrir „4000“ kemur 6000

II. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 35. (Raufarhafnarvegur).
a. Fyrir „4000“ kemur 10000
Til vara 7500
b. Nýr liður:
Þistilfjarðar- og Öxarfjarðarheiðarvegur 10000
Til vara 8000
Til þrautavara 7500

III. Frá *Pálma Hannessyni* og *Steingrimi Steinþórssyni.*
Við brtt. 619, VII. (Við 13. gr. B. 2. Flóabátaferðir).
Framlagið hækki um 1000 kr.
[Hækkunin ætluð til viðbótar styrk til Skagafjarðarbáts].

IV. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 7. (Hafnargerð á Þórshöfn).
Orðið „lokagreiðsla“ falli burt.

V. Frá *Thor Thors.*
Við brtt. 587, 63 (Við 13. gr. C. IX. Bryggjugerðir). Nýir liðir á eftir g.:
h. Til bryggjugerðar á Hellissandi 6000
i. Til bryggjugerðar í Grafarnesi (endurveiting) 3000

VI. Frá *Eiriki Einarssyni.*
Við 13. gr. C. X. Nýir töluliðir:
a. Til lendingarbóta á Stokkseyri 2500
b. Til hafnarbóta á Eyrarbakka 2500

VII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 14. gr. B. X. 2. c. 5 (Hvanneyrarskóli). Nýr liður:
Til þess að reisa í skólagarðinum brjóstlíkan af Hirti Snorrasyni 1500

VIII. Frá *Einari Árnasyni.*
Við 14. gr. B. XVI. 4. Nýr liður:
Til húsmæðraskólans á Laugalandi, eftirstöðvar byggingarstyrks, fyrri greiðsla af tveimur 3500

IX. Frá *Thor Thors.*
Við brtt. 587, 75 (Við 14. gr. B. XIX). Nýr liður á eftir e.:
f. Til sundlaugar á Hellissandi 2000

X. Frá *Thor Thors* og *Pálma Hannessyni.*
Við 15. gr. 30. Nýr liður:
Til Lárusar Pálssonar, til framhaldsnáms í leiklist og leikstjórn 1500

XI. Frá *Magnúsi Gíslasyni, Vilmundi Jónssyni* og *Pétri Halldórssyni.*
Við 15. gr. 39. (Skáldastyrkur og listamanna).
Í stað orðanna „eftir ákvörðun menntamálaráðs" kemur: sem úthlutað sé af 7 manna nefnd, kosinni hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi.

XII. Frá *Sigurði Kristjánssyni, Sigurjóni Á. Ólafssyni* og *Bergi Jónssyni.*
Við 15. gr. 40. Nýr liður:
Til sjóminjasafns 5000
Til vara 3500

XIII. Frá *Steingrími Steinþórssyni.*
Við 16. gr. 8. (Búfjárrækt).
Fyrir „62000" kemur 68000

XIV. Frá *Páli Zóphóníassyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 9. Nýr töluliður:
Til Ræktunarsjóðs Íslands, vangoldið framlag fyrir árin 1938 og 1939 51424

XV. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við 16. gr. 14. c. Nýr stafliður:
Til vegarbóta í Ásbyrgi 800

XVI. Frá *Magnúsi Jónssyni, Sigurjóni Á. Ólafssyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 18. gr. II. e. 20. Nýr liður:
Samúel Eggertsson 250

XVII. *Frá Magnúsi Jónssyni.*
Við brtt. 587, 153 (Við 18. gr. II. i. 109. Þorkell Þorláksson).
Fyrir „600" kemur 1000

XVIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Eiriki Einarssyni.*
Við brtt. 619, XXXIV. (Við 22. gr. Nýr liður á eftir V. Tilbúinn áburður).
Aftan við till. bætist:
Til vara um fjárhæðina: Í stað „100000 kr." kemur: 70000 kr.

XIX. Frá *Thor Thors, Einari Árnasyni* og *Finni Jónssyni.*
Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að leggja fram 50000 krónur, gegn jöfnu framlagi frá öðrum, til þátttöku í heimssýningunni í New York 1940.

Sþ. 638. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1938.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmaður (JPálm) skrifar þó undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 28. des. 1939.

Jónas Jónsson, form.	Emil Jónsson, fundaskr.	Helgi Jónasson, frsm.
Bernh. Stefánsson.	Bjarni Bjarnason.	Þorst. Þorsteinsson.
Sig. E. Hlíðar.	Jón Pálmason, með fyrirvara.	Pétur Ottesen.

Sþ. 639. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1940 og við brtt. á þskj. 587 og 636.

I. Frá *Jóni Ívarssyni.*
Við brtt. 587, 54. (Við 13. gr. A. VIII.—IX. Ferjuhald).
Liðinn skal orða svo:
Til ferjuhalds, eftir úthlutun vegamálastjóra 3100
Þar af til bifreiðaferju á Hornafirði 250 kr.

II. Frá *Bergi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. f. 22. Nýr liður:
Kristján Albert Bjarnason póstur 300

III. Frá *Jóni Ívarssyni.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að verja eftirgjaldi af lóðum og löndum í Hafnarkauptúni til varnar landbroti á ræktunarlöndum kauptúnsbúa. Verkið sé gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands og eftir fyrirsögn þess.

IV. Frá *Finni Jónssyni* og *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við brtt. 636, 37. (Við 23. gr.).
Málsgreinin orðist svo: Stjórn síldarverksmiðja ríkisins heimilast að greiða útgerðarmönnum, er seldu ríkisverksmiðjunum síld með föstu verði síðastl. sumar, af handbæru fé verksmiðjanna kr. 1.50 í uppbót á hvert mál síldar, enda fái skipverjar þeir, er á skipum þessum voru, hluta úr uppbót þessari í samræmi við ráðningarkjör sín.

Ed. 640. Breytingartillögur

við frv. til laga um hlutarútgerðarfélög.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Erlendur Þorsteinsson.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „ef 5 menn“ komi: ef 10 menn.
   b. Á eftir orðunum „sveitarstjórnar til félagsstofnunar“ komi: svo og að fengnu samþykki verklýðsfélags á félagssvæðinu,

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Stjórn Búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnaðarbankans, og dýrtíðaruppbót að auk.

Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr., og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

Stjórn samábyrgðar Íslands heimilast að greiða frú Elísabetu Gunnarsson, ekkju Jóns Gunnarssonar, 1000 króna lífeyri.

Stjórninni er heimilt að greiða Sigurði Hjálmarssyni stýrimanni 600 kr., og færist fjárhæðin á rekstrarreikning skipaútgerðar ríkisins.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1939 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 659. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Við 5. gr. Greinina skal orða svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 660. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný gr., er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, er nefnist rannsóknanefnd ríkisins, til þriggja ára í senn, eftir tilnefningu þriggja stærstu flokka Alþingis.

Nefnd þessi skal hafa á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og þess hluta rannsóknarstofu Háskóla Íslands, sem hefir með höndum rannsóknir í þágu atvinnuveganna og framkvæmd matvælarannsóknanna. Nefndin ákveður rannsóknarefni stofnana þessara í samráði við forstjóra þeirra og deildarstjóra, en skylt er henni að leita áður álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og annara landssambanda atvinnugreina. Gæta skal þess að samræma störf þessara stofnana og einstakra deilda þeirra, eftir því sem fært er.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 8. gr. laganna, sem verður 9. gr., kemur: Forstjóri skal hafa með höndum stjórn á daglegum störfum og rekstri stofnunarinnar undir yfirstjórn rannsóknanefndar. Að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra með reglugerð fyrirmæli um starfstilhögun og starfsskiptingu stofnunarinnar.

3. gr.

9., 10. og 11. gr. laganna verða 10., 11. og 12. gr.

4. gr.

Í stað 12. og 13. gr. laganna komi ný 13. gr., er orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum rannsóknanefndar ríkisins, laun starfsmanna stofnunarinnar, þeirra sem um ræðir í 3.—5. gr., þangað til þau verða tiltekin í launalögum. Hann skipar einnig fyrir um það, í samráði við nefndina, hversu margt annað starfsfólk skuli starfa við stofnunina og hver laun þess skuli vera.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 661. Lög

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 2. jan.).

Samhljóða þskj. 631.

Ed. 662. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Meginmál greinarinnar að orðunum: „Félagssvæði má“ o. s. frv. orðist svo:

Stéttarfélag launþega skal opið öllum launþegum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eftir nánar ákveðnum reglum í samþykktum félagsins,

enda mega ekki felast í þeim neinar tálmanir fyrir því, að menn geti orðið félagsmenn, ef þeir skuldbinda sig til að hlíta samþykktum félagsins varðandi kaup og kjör og fyrirmælum þess um vinnustöðvanir. Mönnum, sem ekki eru í hlutaðeigandi starfsgrein, skal því aðeins heimil vera í stéttarfélagi starfsgreinarinnar, að samþykki löglegs félagsfundar með ⅔ greiddra atkvæða komi til, enda séu þeir ekki atvinnurekendur, og ekki hafa þeir atkvæðisrétt um mál, sem varða kaup og kjör félagsmanna. Stéttarsambönd skulu vera opin öllum stéttarfélögum í þeim starfsgreinum, sem þau ná yfir.

2. Við 2. gr. Greinin falli niður.

Ed. 663. Breytingartillaga

við frv. til laga um hlutarútgerðarfélög.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Við 2. gr.

Í stað orðanna „5 menn eða fleiri“ komi: að minnsta kosti 5 menn utan kaupstaða, en 10 menn í kaupstöðum.

Nd. 664. Þingsályktun

um betrunarhús og vinnuhæli.

(Afgreidd frá Nd. 2. jan.).

Samhljóða þskj. 598.

Nd. 665. Breytingartillaga

við frv. til laga um innheimtu tekju- og eignarskatts af vaxtafé.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Á eftir 10. gr. kemur ný grein, sem verður 11. gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 666. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þskj. 635.

Frá Jóni Pálmasyni.

Fyrir orðin „niður frá 1. jan. 1940“ komi: þegar niður.

Nd. 667. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 668. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þús. kr. á ári næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1940.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1940.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1940.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1940.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1940.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1940.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1940 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1940.
8. Á árinu 1940 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1940 lækkar framlag ríkissjóðs til byggingar- og landnámssjóðs, sbr. 3. gr. laga nr. 76 11. júní 1938, um 75000 kr.
10. Á árinu 1940 skal frestað framkvæmd 5. gr. laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði. Þó skulu á árinu renna 3000 kr. í prestakallasjóði.
11. Á árinu 1940 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
12. Á árinu 1940 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, samanber lög nr. 32 1931, en 68000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
13. Á árinu 1940 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
14. Á árinu 1940 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 4½‰ úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
15. Árið 1940 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólanum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum, vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.
16. Á árinu 1940 leggur ríkissjóður fram 25000 kr. til verkfærakaupasjóðs.
17. Á árinu 1940 má ekki greiða meira en allt að 100000 kr. til fiskimálasjóðs samkv. 13. gr. tölul. 1 laga nr. 75 31. des. 1937.
18. Heimild sú til að greiða vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, stofnlánum til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., sem veitt er samkv. 4. gr. l. nr. 79 frá 19. júní 1933, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 91 frá 3. maí 1935, skal úr gildi felld fyrir árið 1940. Þó skal ríkissjóður greiða til ræktunarsjóðs 1% af jarðræktarbréfum þeim, sem eru í eigu annara en Búnaðarbanka Íslands.
19. Fresta skal framkvæmd 1.—6. gr. l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins, en gjald það, sem innheimt er samkvæmt 7. gr., skal renna í ríkissjóð. Heimilt er ríkisstjórninni að verja svipaðri fjárhæð úr ríkissjóði til að bæta aðbúð á gististöðum og auka hreinlæti á ferðamannaleiðum.

20. Framkvæmd laga nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, er frestað til ársloka 1940, og fellur þegar niður umboð ráða þeirra, sem um ræðir í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 669. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka við síldarverksmiðju þá, sem heimilað var með lögum nr. 10 13. janúar 1938 að reisa á Raufarhöfn, þannig að hún geti unnið úr um 5000 málum síldar á sólarhring.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa vélar og gera nauðsynlegar breytingar á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, þannig að afköst þeirra aukist um 2500 mál síldar á sólarhring, auk þeirra 2400 mála, sem heimilað var að auka við verksmiðjurnar með téðum lögum.

2. gr.

Til þeirrar aukningar síldarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í téðum lögum og í 1. gr. þessara laga, heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að einni milljón og sjö hundruð þúsundum króna, eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri, til viðbótar þeirri einni og hálfri milljón króna, sem heimilað var að taka að láni með 2. gr. téðra laga.

3. gr.

Um stofnun og starfrækslu hinna stækkuðu verksmiðja fer að öðru leyti eftir lögum um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Þegar komin er í framkvæmd stækkun sú á síldarverksmiðjunni á Raufarhöfn, sem lög þessi heimila, skal verksmiðjustjórnin láta efnalitla, duglega nemendur úr lærdómsdeildum menntaskólanna og háskólanum sitja fyrir um allt að þriðjungi þeirrar aukningar á vinnu í verksmiðjunni, er af stækkun hennar leiðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 670. Nefndarálit

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 2. jan. 1940.

Erl. Þorsteinsson, form.	Bj. Snæbjörnsson, fundaskr., frsm.	Páll Hermannsson.

Ed. 671. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun laga um atvinnu við siglingar.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson, Þorst. Þorsteinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lögum um atvinnu við siglingar, nr. 104 23. júní 1936, með tilliti til þess, hvort fært þyki að fækka skipstjórnar- og vélamönnum á hérlendum skipum og á annan hátt lækka útgerðarkostnað skipanna. Er þess vænzt, að tillögur um þessi atriði verði lagðar fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Í frv. því, er við flutningsmenn þessarar tillögu fluttum ásamt þingm. Suður-Þingeyinga um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands o. fl., var í 2. gr. sett ákvæði um takmörkun mannafla á íslenzkum skipum. Þegar svo það varð ofan á að láta frv. það koma fram sem fleiri sjálfstæð frumvörp og þingsál., urðu þau ákvæði eftir, en við teljum fyllstu þörf á, að athugun fari fram í ofannefnda átt og að ekki sé á því sviði frekar en annarstaðar eytt fé um nauðsyn fram eða haft fleira fólk í hættu en brýn þörf er á, en slíkt virðist eiga sér stað á skipum þeim, er nú ganga landa á milli. Ekki virðist og síður ástæða til, ef fært þætti, að draga úr kostnaði við fiskveiðar landsmanna.

Nd. 672. Lög

um viðauka við og breyting á lögum um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938.

(Afgreidd frá Nd. 2. jan.).

Samhljóða þskj. 614.

Nd. 673. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Á eftir 1. gr. frv. komi ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

2. gr. laganna skal orða svo:

1. Skipa skal þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu hæstaréttar, og sé hann formaður, en hina tvo eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendafélags Íslands, og nefnist hún kauplagsnefnd.

2. Kostnaður við nefndina, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

3. Nefnd þessi skal, með aðstoð Hagstofu Íslands, gera yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar frá 1. nóvember 1939, miðað við meðalverðlag mánuðina jan.—marz 1939, eftir grundvallarreglum, sem nefndin setur.

4. Við þennan útreikning skal sleppt broti úr stigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í heilt stig.

5. Kaupgjald þeirra, sem um ræðir í 3. gr., skal breytast frá 1. jan. 1940 að telja og síðan 1. apríl, 1. júlí og 1. okt. sama ár, miðað eftir á við meðalverðlag í nóv.—des. 1939, jan.—marz, apríl—júní og júlí—sept. 1940, samkvæmt eftirfarandi reglum:

6. Fyrir hvert stig, sem vísitala kauplagsnefndar hækkar frá grundvellin-

um jan.—marz 1939 (= 100), skal kaupgjald hækka um 0,5% af kaupinu, ef hækkun vísitölunnar nemur 5 stigum eða meira, en minna en 10 stigum, en fyrir hvert stig, sem vísitalan hækkar þar fram yfir, skal kaupgjald hækka þannig:

1. flokkur 0,8% af kaupi, sem nemur kr. 1,50 eða minna á klukkustund,
2. flokkur 0,7% af kaupi, sem nemur frá kr. 1,51—2,00 á klukkustund, og
3. flokkur 0,55% af kaupi, sem nemur kr. 2,01 eða meira á klukkustund.

7. Kaupgjaldshækkun samkvæmt framansögðu skal þó aldrei nema minna samtals en:

Í 1. flokki ¾% af kaupgjaldinu fyrir hvert stig vísitölunnar fram yfir 100,
í 2. flokki ⅔% og
í 3. flokki ½%.

8. Eftirvinnu-, nætur- og helgidagakaup skal bæta upp með sama hundraðshluta og venjulegt dagkaup þeirra manna, er fyrir því vinna.

9. Þegar vísitala kauplagsnefndar fer lækkandi, skal reikna uppbót á kaupgjald eftir vísitölunni samkvæmt framangreindum reglum frá og með byrjun næsta ársfjórðungs, og koma þá ekki til greina ákvæði 7. málsgr. þessarar greinar um lágmark uppbótar.

10. Við ákvörðun kaups eftir reglum þessum skal sleppt broti úr eyri, ef það nær ekki hálfum, en annars hækkað í heilan eyri.

11. Kaupgjald í hærra flokki skal þó aldrei verða lægra en það, sem greitt er í lægra flokki.

12. Kaupgjald það, er ákveðið hefir verið samkvæmt framansögðu, skal gilda sem samningur til 1. jan. 1941. Gildir þetta jafnt, þó að í samningum séu ákvæði um kaupgjaldsbreytingar vegna hækkunar eða lækkunar á framfærslukostnaði eða gengi. Vilji annarhvor aðili hafa kaupgjald ósamningsbundið frá 1. jan. 1941, skal hann hafa sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara, en eftir þann tíma verður uppsagnarfrestur þrír mánuðir.

13. Heimilt er, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiða sjómönnum á ófriðartímum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu. Áhættuþóknun þessi tekur ekki hækkunum eða lækkunum samkvæmt lögum þessum.

14. Félagsdómur sker úr ágreiningi um kaupgreiðslur samkvæmt þessari grein og 2. málsgr. 3. greinar.

2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Á eftir 2. gr. frumvarpsins bætast nýjar greinar:

a. (3. gr.). 3. gr. laganna skal orða svo:

Kaupgjaldsákvæði 2. greinar ná til verkamanna, sjómanna, verksmiðjufólks og iðnaðarmanna, sem taka kaup samkvæmt samningum milli stéttarfélaga og vinnuveitenda eða kauptöxtum, sem stéttarfélög hafa sett og giltu fyrir gildistöku laga þessara.

Verði ný stéttarfélög stofnuð þar, sem stéttarfélag var fyrir, skulu félagar þeirra hafa sama kaup sem áður hefir gilt í þeirri starfsgrein á sama stað, og tekur kaupið síðan breytingum samkv. 2. gr. Nú hefir ekki áður verið stéttarfélag í starfsgrein hins nýja félags, og skal þá leggja hið upphaflega samnings- eða kauptaxtakaup félagsins til grundvallar við útreikning á kaupgjaldsbreytingum samkv. 2. gr.

Nú er kaup greitt að nokkru eða öllu leyti með hlunnindum, svo sem fæði, húsnæði, aflaverðlaunum, þjórfé, ágóðahluta o. þ. u. l., eða verk eru unnin í ákvæðisvinnu, og skal þá taka upp sérstaka samninga um, hvernig kaupgreiðslur til þeirra manna verði samræmdar ákvæðum þessara laga um kaupgjaldsbreytingar. Náist ekki samkomulag milli aðila um þessa samræmingu, skal slíkur ágreiningur úrskurðaður af kauplagsnefnd, ásamt einum fulltrúa frá hvorum málsaðila, sem þeir tilnefna sjálfir, og ræður afl atkvæða.

Þegar kaup er ákveðið fyrir dag, viku, mánuð eða ár, skal kauplagsnefnd úrskurða ágreining, sem rísa kann um það, hvernig kaupið breytist í samræmi við breytingar á tímakaupi samkv. 2. gr.

Kaupákvarðanir samkv. 3. og 4. málsgr. þessarar greinar teljast ganga í gildi fyrsta dag þess mánaðar, þegar úrskurðar er beiðzt.

b. (4. gr.). Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, er verður 4. grein, svo hljóðandi:

Á árinu 1940 er óheimilt að hækka kaupgjald í landinu meira en svarar til þeirrar hækkunar, sem ákveðin er í 2. gr. laga þessara.

Samningsbundnar greiðslur frá sjúkrasamlögum fyrir unnin störf skulu óbreyttar meðan núgildandi samningar standa, þrátt fyrir það, þótt ákvæði séu í samningunum um breytingar vegna hækkunar eða lækkunar á framfærslukostnaði eða gengi. Samningum þessum má segja upp með þriggja mánaða uppsagnarfresti, þó að lengri frestur hafi verið ákveðinn.

c. (5. gr.). 4. gr. laganna verður 5. gr.

d. (6. gr.). 5. gr. laganna fellur niður.

4. Á eftir 3. gr. frumv. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 10 4. apríl 1939 og gefa þau út svo breytt.

Greinatala frv. breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

Nd. 674. Tillaga til þingsályktunar

um launa- og kaupgjaldsmál.

Flutningsm.: Skúli Guðmundsson, Bergur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Helgi Jónasson, Sveinbjörn Högnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa fyrir næsta þing tillögur um reglur fyrir útreikningi á verðbreytingum á íslenzkum framleiðsluvörum, sem hafa mætti á hverjum tíma til hliðsjónar við ákvarðanir um laun embættis- og starfsmanna ríkisins og annað kaupgjald í landinu.

Greinargerð.

Að undanförnu hefir oft verið rætt og ritað um nauðsyn þess, að miða laun starfsmanna ríkisins og önnur starfslaun í landinu m. a. við afkomu framleiðendanna, en hinsvegar hefir ekki enn verið fundinn grundvöllur til að byggja á útreikninga á verðbreytingum á íslenzkum framleiðsluvörum, sem nota mætti í þessu skyni. Er því hér lagt til, að ríkisstjórnin láti gera tillögur um reglur fyrir slíkum útreikningi fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nd. 675. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 24. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skylt er sveitarstjórn að svara slíkri kröfu innan 6 mánaða frá því að henni barst tilkynning um styrkveitingu, ella fellur niður réttur hennar til mótmæla gegn réttmæti skuldarinnar.

2. Við 42. gr. a. Liðinn skal orða svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **676. Starfsmannaskrá ríkisins 1940.**

(Samin af fjárveitinganefnd.)

3. gr. fjárlaga.

1. Póstmál.

	Laun alls	
Póstmálaskrifstofan:		
Póst- og símamálastjóri (½ laun)	kr.	5800
Póstritari	—	4923
Póstfulltrúar (3)	—	12634
Póstafgreiðslumaður	—	3500
Póstaðstoðarmaður	—	2250
Aukamaður	—	4500
Pósthúsið í Reykjavík:		
Póstmeistari	—	6200
Póstfulltrúar (6) (1 + mistaln.)	—	25656
Póstafgreiðslumenn (15) (1 + fæðispen. ca. kr. 800)	—	50920
Aukamenn (2)	—	5600
Bréfberar (11)	—	41600
Bílstjóri	—	4500
Húsvörður (+ húsn., ljós og hiti)	—	4150
Samtals	kr.	172233

2. Landssíminn.

Aðalskrifstofan:		
Póst- og símamálastjóri (½ laun)	kr.	5800
Fulltrúi	—	6527
Aðalgjaldkeri, + mistaln.	—	6590
Símaverkfræðingar (3), (yfirverkfr. + 3000 kr. hjá útvarpinu)	—	17517
Teiknari	—	4860
Eftirlitsmaður	—	4860
Bókari	—	6000
1. fl. skrifarar (3)	—	15870
2. fl. skrifarar (3)	—	8762
Sendisveinn	—	1200
Landssímastöðin í Reykjavík og Hafnarfirði:		
Ritsímastjóri (þar af húsaleiga 2500)	—	7100
Innheimtugjaldkeri, + mistaln.	—	6610
1. fl. skrifarar (4)	—	17750
Varðstjórar (3)	—	13946
Símritarar (í Hafnarfirði + ljós og hiti) (7)	—	41805
Kvensímritarar (2)	—	6520
Afgreiðsluvarðstjórar (4)	—	14076
Aðstoðarmenn (5)	—	14033
Talsímakonur (23)	—	66493
Sendisveinar (8)	—	9225
Loftskeytastöðin í Reykjavík:		
Loftskeytastöðvarstjóri (skrifstofustj.) + húsn., ljós og hiti	—	6525
Símritarar (4)	—	24639
Aðstoðarstúlka	—	2555
Stuttbylgjustöðin:		
Stöðvarverðir (2) + húsnæði, ljós og hiti	—	8880
Talbrúarvörður	—	4260

	Laun alls
Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði:	
Bæjarsímastjóri	kr. 7615
Verkstjórar (3)	— 19290
Aðstoðarverkstjórar (2)	— 11700
1. fl. símvirkjar (5)	— 24910
1. fl. línumenn (2)	— 9720
2. fl. símvirkjar (4)	— 16980
2. fl. línumaður	— 4290
3. fl. símvirkjar (8)	— 19140
3. fl. línumaður	— 3990
Nemar (2)	— 4800
Snikkari	— 4200
Næturvörður	— 4730
Gjaldkeri	— 4418
1. fl. skrifarar (2)	— 7966
2. fl. skrifarar (3)	— 9444
Talsímakonur (4)	— 12089
Innheimtumenn (2)	— 4500
Áhaldahúsið:	
Efnisvörður	— 5030
Aðstoðarmenn (2)	— 8460
Bifreiðarstjóri	— 4200
Akureyri:	
Umdæmisstjóri + húsnæði, ljós og hiti	— 5415
Varðstjórar (2)	— 9786
Talsímakonur (12)	— 32009
3. fl. línumaður	— 3500
Næturvörður	— 2660
Sendisveinar (2)	— 1440
Seyðisfjörður:	
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti, + 1650 kr. frá póstsjóði	— 3360
Varðstjórar (3)	— 14654
Símritarar (5)	— 19579
Kvensímritarar (2)	— 6574
Talsímakonur (4)	— 11148
Sendisveinar (2)	— 1800
Ísafjörður:	
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti	— 4690
Símritarar (3)	— 11723
Kvensímritari	— 3255
Talsímakonur (2)	— 6514
Sendisveinar (2)	— 2160
Borðeyri:	
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti	— 4720
Talsímakonur (4)	— 10137
Vestmannaeyjar:	
Stöðvarstjóri, + húsnæði, ljós og hiti	— 5445
Símritarar (2)	— 9050
Talsímakonur (3)	— 6736
Sendisveinar (2)	— 1680
Siglufjörður:	
Umdæmisstjóri, + húsnæði, ljós og hiti	— 4690
Símritari	— 3970
Kvensímritari	— 3257

	Laun alls
Talsímakonur (5)	kr. 13952
Sendisveinar (2)	— 1680
Samtals	kr. 715459

Starfsmannaskrá pósts og síma er óbreytt frá árinu 1939, en þess vænzt, að stjórnin láti endurskoða launakjör í þessum stofnunum fyrst á árinu 1940.

3. Áfengisverzlun ríkisins.

Forstjóri	kr.	9000
Fulltrúi	—	6000
Gjaldkeri, þar í mistalningarfé	—	6000
Aðalverkstjóri	—	6000
Fulltrúi lyfjadeildar	—	9000
Erl. bréfritari	—	5500
Afgreiðslumenn (2)	—	9600
Aðalbókari	—	4800
Skrifstofustúlka	—	3000
Aðstoðarverkstjórar (2)	—	9600
Aftappari	—	4200
Bílstjórar (2)	—	7800
Afgreiðslumenn (2)	—	8000
Aðrir starfsmenn, karlar og konur	—	55900
Samtals	kr.	144400

4. Tóbakseinkasala ríkisins.

Forstjóri	kr.	10000
Skrifstofustjóri	—	7000
Birgðavörður	—	5400
Gjaldkeri	—	5200
Sölumaður	—	5000
Bókari	—	5200
Afgreiðslumenn (3)	—	12000
Bifreiðarstjóri	—	3900
Birgðabókari	—	3600
Innheimtumaður	—	3600
Aðst. afgrm. á lager	—	2760
— bókari (stúlka)	—	2760
Vélritari (stúlka)	—	2760
Aðst. birgðabókari (stúlka)	—	2460
Símastúlka	—	2400
Sendisveinn	—	1500
Sendisveinn	—	1200
Samtals	kr.	76740

5. Ríkisútvarpið.

Yfirstjórn:			
Útvarpsráð (5)	kr.	6000	
Útvarpsstjóri	—	9000	
			kr. 15000
Aðalskrifstofa:			
Skrifstofustjóri og gjaldkeri	kr.	6600	
Bókarar (2)	—	8500	
Ritari	—	3600	

		Laun alls
Vélritari	kr. 2700	
Innheimtumaður	— 1500	
Ráðunautur	— 3000	
Fulltrúi útvarpsráðs	— 5400	kr. 31300
Hljómplötusafn:		
Gæzlumaður	kr. 3600	
Aðstoðarmaður	— 2700	— 6300
Fréttastofan:		
Fréttastjóri innlendra frétta	kr. 4500	
Fréttaritari	— 4000	
Aðstoðarmaður	— 2700	
— að hálfu	— 1200	
Fréttastjóri erlendra frétta	— 4500	
Fréttaritari	— 4000	
Aðstoðarmenn við fréttaritun og vélritun	— 3000	— 23900
Útvarpssalur:		
Þulur	kr. 3900	
Aðstoðarþulur	— 1800	— 5700
Magnarasalur:		
Magnaraverðir (2)	kr. 9000	— 9000
Verkfræðingur (½)		— 3000
Útvarpsstöðin:		
Stöðvarstjóri, auk húsn. ljóss og hita	kr. 4500	
Aðstoðarmaður, auk húsn. ljóss og hita	— 3300	
Varðstjóri að Eiðum, auk ljóss og hita	— 4000	— 11800
Til fréttaritara innlendra og útlendra frétta og aðstoð		— 8000
	Samtals	kr. 113000
Viðgerðarstofan:		
Forstöðumaður		kr. 6600
Viðtækjaverzlunin:		
Forstjóri		kr. 9000
Bókari og gjaldkeri		— 6000
Sölumaður		— 5000
Skrifstofumenn (2)		— 7400
Viðgerðarmaður		— 4800
— nemi		— 2100
Hleðslumaður rafgeyma		— 3000
Afgreiðslumaður		— 3720
	Samtals	kr. 40020

6. Ríkisprentsmiðjan.

Forstjóri	kr. 9000
Gjaldkeri og fulltrúi	— 6300
Bókari	— 5400
Afgreiðslumenn (2)	— 7300
Skrifstofustúlka	— 2700
Sendimaður	— 1500
Aðstoð	— 2800
Samtals	kr. 35000

7. Landssmiðjan.

	Laun alls
Forstjóri	kr. 8400
Aðalbókari	— 6000
Gjaldkeri	— 4800
Aðstoðarbókari	— 2700
Aðstoð	— 1000
Samtals	kr. 22900

8. Bifreiðaeinkasalan.

Skrifstofumaður	kr. 5400
Afgreiðslumaður	— 4200
Viðgerðarmenn (2)	— 7800
Samtals	kr. 18400

9. gr. fjárlaga.

Alþingi.

Fastir starfsmenn:

Skrifstofustjóri (þar af húsaleigustyrkur 2400 kr.)	kr. 7400
Fulltrúi	— 6600
Aðstoðarmaður	— 6000
Húsvörður	— 3000
Samtals	kr. 23000

10. gr. fjárlaga.

I. 3. Stjórnarráðið.

Atvinnumálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (þar af 1200 fyrir vörzlu sjóða)	kr. 7200
Fulltrúar (2) 6750, 6150	— 12900
Aðstoðarmaður	— 4100
Ritarar (2)	— 7800
Samtals	kr. 32000

Dómsmálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (þar af 1200 fyrir vörzlu sjóða)	kr. 7200
Fulltrúar (2) 6300 og 6000	— 12300
Aðstoðarmenn (2) 5100 og 5400	— 10500
Ritari	— 2700
Samtals	kr. 32700

Fjármálaráðuneytið:

Skrifstofustjóri (þar af fyrir umsjá landsverzl. 1200)	kr. 7200
Fulltrúar (3) 5580, 5000 og 4950	— 15530
Aðstoðarmenn (4)	— 15600
Ritari	— 2500
Endurskoðandi (½ laun)	— 3400
Samtals	kr. 44230

Félagsmálaráðuneytið:

Fulltrúi	kr. 5000
Eftirlitsmaður	— 6000
Ritari	— 3000
Samtals	kr. 14000

		Laun alls
Viðskiptamálaráðuneytið:		
Skrifstofustjóri	kr.	7200
Fulltrúi	—	6150
Ritari	—	2500
Samtals	kr.	15850
Skrifstofa utanríkismála:		
Skrifstofustjóri (þar af fyrir störf hjá forsætisráðherra 1200)	kr.	7200
Fulltrúi	—	5400
Aðstoðarmaður	—	3800
Ritari	—	1800
Samtals	kr.	18200
Aðrir starfsmenn:		
Aðstoðarmaður ráðherra	kr.	5150
Símastúlka	—	1800
Dyravörður (auk húsn., ljóss og hita)	—	2700
Aðstoðardyravörður	—	3000
Sendisveinar (2)	—	3000
Samtals	kr.	15650
I. 4. Ríkisféhirzla og bókhald.		
Ríkisbókari	kr.	6000
Fulltrúi ríkisbókara	—	5000
Ríkisféhirðir (þar af mistalningarfé 2000)	—	7950
Fulltrúar (2)	—	8100
Ritarar (2)	—	5500
Samtals	kr.	32550
II. Hagstofan.		
Hagstofustjóri	kr.	6000
Fulltrúi	—	4950
Aðstoðarmenn (3)	—	13700
Ritarar I. fl. (2)	—	6700
Ritarar II. fl. (3)	—	7520
Aðstoð	—	2000
Samtals	kr.	40870
III. Utanríkismál.		
1. **Sendiráð í Khöfn:**		
Sendiherra	kr.	12500
Sendisveitarritari	—	4500
Fulltrúi	—	7500
Ritari	—	3400
Samtals	kr.	27900
2. Fulltrúi í Osló (laun og kostnaður)	—	16200
Samtals	kr.	44100

11. gr. fjárlaga:

A.

1. Hæstiréttur:	Laun alls
Dómstjóri	kr. 10000
Dómarar (2)	— 16000
Ritari	— 6000
Samtals	kr. 32000

2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna o. fl.

Lögmaður, lögreglustjóri og tollstjóri í Reykjavík (3)	kr. 27000
Bæjarfógeti	— 5600
Sýslumenn og bæjarfógetar (8)	— 41600
Sýslumenn og bæjarfógetar (5)	— 25000
Sýslumenn (3)	— 14850
Sýslumaður	— 4746
Bæjarfógeti	— 4152
Lögreglustjórar (4)	— 10000
Samtals	kr. 132948

4. Skrifstofa lögmanns:

Fulltrúar (4)	kr. 22000
Gjaldkeri	— 2400
Ritarar (2)	— 5400
Aukaaðstoð	— 5800
Samtals	kr. 35600

5. Skrifstofa tollstjóra:

Fulltrúi	kr. 6600
Gjaldkeri	— 6000
Tollritarar (9)	— 44300
Ritarar (3)	— 9600
Innheimtumenn (7)	— 30910
Lögtaksfulltrúi	— 5400
Aukaaðstoð (tímakaup kr. 1.50)	— 13000
Samtals	kr. 115810

6. Skrifstofa lögreglustjóra:

Fulltrúar (2)	kr. 13200
Gjaldkeri	— 5700
Aðstoðarmenn (2)	— 9000
Ritarar (4)	— 10800
Samtals	kr. 38700

7. Starfsmenn toll- og löggæzlu:

a. **Reykjavík:**

Yfirtollvörður	kr. 5400
Varðstjórar (2)	— 8400
Tollþjónar (14)	— 58800
Aðstoð (tímakaup kr. 1.60)	— 4000
Samtals	kr. 76600

b. Utan Reykjavíkur:		Laun alls
Tollgæzlumenn (14)	kr.	48000
Löggæzlumenn á vegum	—	5400
Samtals	kr.	53400

8. Bifreiðaeftirlitið:

Bifreiðaskoðunarmenn (2)	kr.	10000
Aðstoð	—	4000
Samtals	kr.	14000

12. Hegningarhúsið í Reykjavík:

Fangavörður (þar af húsaleigustyrkur 2400)	kr.	5400
Aðstoðarmaður (auk fæðis og húsnæðis)	—	2400
Samtals	kr.	7800

13. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:

Forstöðumaður (auk húsnæðis)	kr.	5100
Verkstjóri og gæzlumaður (auk fæðis)	—	3000
Matreiðslumaður (auk fæðis)	—	3000
Samtals	kr.	11100

17. Löggildingarstofan:

Forstöðumaður	kr.	5600
Aðstoðarmaður	—	4100
Verkstæðismaður	—	3900
Eftirlitsmaður	—	3900
Samtals	kr.	17500

B.

4. Skattstofa Reykjavíkur:

Skattstjóri (hluti ríkissjóðs)	kr.	5650
Fulltrúi	—	6000
Önnur starfslaun	—	32500
Samtals	kr.	44150

12. gr. fjárlaga.

1. Laun lækna:

Landlæknir	kr.	6600
Héraðslæknir á Akureyri	—	6000
Héraðslæknir í Reykjavík	—	5250
Héraðslæknar (14)	—	69300
Héraðslæknir	—	4746
Héraðslæknar (12)	—	55200
Héraðslæknar (4)	—	17069
Héraðslæknar (6)	—	24220
Héraðslæknar (4)	—	15685
Héraðslæknar (5)	—	17500
Héraðslæknir	—	3125
Samtals	kr.	224695

Skrifstofa ríkisspítalanna:	Laun alls
Formaður stjórnarnefndar (landlæknir)	kr. 2550
Stjórnarnefndarmenn (4)	— 1000
Framkvæmdarstjóri	— 7500
Bókari og gjaldkeri (2)	— 9200
Skrifstofustúlkur (2)	— 4200
Samtals	kr. 24450

9. Landsspítalinn:	
Yfirlæknar (3)	kr. 22800
Aðstoðarlæknar (3)	— 13800
Kandidatar (3)	— 6900
Aðrir læknar (2)	— 5000
Yfirhjúkrunarkona	— 2700
Deildarhjúkrunarkonur (3)	— 5760
Aðstoðarhjúkrunarkonur (9)	— 12600
Hjúkrunarnemar (26)	— 13080
Nuddkona	— 2400
Rannsóknakona	— 2400
Kennslukona	— 1250
Röntgenkonur (6)	— 11940
Ráðskona	— 2400
Aðstoðarráðskona	— 1200
Yfirljósmóðir	— 2400
Aðstoðarljósmæður (3)	— 3360
Vélamaður	— 3300
Umsjónarmaður	— 4320
Vinnustúlkur (23)	— 17250
Til rannsóknarstofu háskólans	— 1200
Vorhreingerningar	— 3000
Laun vegna sumarleyfa og veikindaforfalla	— 8900
Húsaleiga starfsmanna	— 10500
Samtals	kr. 158460

Ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskólinn:	
Kennari	kr. 1500
Ljósmæður (3)	— 900
Samtals	kr. 2400

Þvottahús landsspítalans:	
Þvottaráðskona	kr. 2400
Aðstoðarráðskona	— 1200
Saumakonur (4)	— 4710
Þvottastúlkur (12)	— 13320
Þvottamaður	— 3000
Kyndari	— 3000
Daglauna- og helgidagavinna	— 1000
Laun vegna sumarleyfa og veikindaforfalla	— 2500
Húsaleiga starfsmanna	— 1080
Samtals	kr. 32210

10. Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi:	Laun alls
Yfirlæknir	kr. 3600
Yfirhjúkrunarkona	— 2400
Ráðskona	— 1500
Kyndari	— 2520
Þvottakona	— 900
Vökukona	— 960
Vinnustúlkur (5)	— 3375
Prestur	— 700
Laun vegna sumarleyfa og veikindaforfalla	— 1200
Samtals	kr. 17155

11. I. Kleppsspítalinn (gamli):	
Aðstoðarlæknir	kr. 3600
Deildarhjúkrunarkona	— 1800
Aðstoðarhjúkrunarkona	— 1500
Hjúkrunarmaður	— 1740
Vökukona	— 960
Ráðskona (að hálfu)	— 900
Þvottaráðskona	— 1080
Véla- og viðgerðarmaður	— 3000
Bifreiðarstjóri (að hálfu)	— 1260
Vinnustúlkur (7)	— 5250
Laun vegna sumarleyfa og veikindaforfalla	— 2100
Vorhreingerningar	— 500
Samtals	kr. 23690

11. II. Kleppsspítalinn (nýi):	
Yfirlæknir	kr. 5000
Kandidat	— 3000
Læknanemar (2)	— 1800
Yfirhjúkrunarkona	— 2400
Deildarhjúkrunarkonur (4)	— 6600
Aðstoðarhjúkrunarkonur (6)	— 8340
Hjúkrunarmenn (4)	— 6420
Vökukonur (4)	— 3840
Ráðskona (að hálfu)	— 900
Þvottaráðskona	— 1080
Saumakona (verkstýra)	— 1080
Vélamaður	— 3300
Bifreiðarstjóri (að hálfu)	— 1260
Vinnustúlkur (15)	— 11250
Laun vegna sumarleyfa og veikindaforfalla	— 6000
Vorhreingerningar	— 500
Húsaleiga starfsmanna	— 900
Samtals	kr. 63670

12. Vífilsstaðahælið:	
Yfirlæknir	kr. 5000
Aðstoðarlæknir	— 5000
II. aðstoðarlæknir	— 3600
Háls-, nef- og eyrnalæknir	— 800
Yfirhjúkrunarkona	— 2400

		Laun alls
Deildarhjúkrunarkonur (4)	—	7320
Aðstoðarhjúkrunarkonur (4)	kr.	5820
Hjúkrunarnemar (5)	—	2160
Ráðskona	—	2400
Aðstoðarráðskona	—	1200
Sauma- og þvottakonur (2)	—	2040
Vinnustúlkur (22)	—	16500
Vinnumenn (3)	—	4860
Bifreiðarstjóri	—	2560
Smiður	—	2400
Kyndari	—	2820
Laun vegna sumarleyfa og veikindaforfalla	—	6600
Vorhreingerningar	—	2000
Samtals	kr.	75480

13. gr. fjárlaga.

A. Vegamál:

Vegamálastjóri	kr.	7200
Skrifstofustjóri	—	6750
Aðstoðarverkfræðingur	—	5910
Verkfræðingar (3)	—	16480
Mælingamaður	—	5900
Landmælingamaður	—	4200
Gjaldkeri	—	3300
Ritarar (2)	—	4800
Samtals	kr.	54540

B. I. a. Skipaútgerð ríkisins:

Framkvæmdarstjóri	kr.	11160
Skrifstofustjóri	—	6600
Bókari	—	5000
Gjaldkeri	—	5000
Innkaupamaður	—	5000
Ritarar (2)	—	5600
Verkstjórar (2)	—	9300
Samtals	kr.	47660

C. I.—II. Vitamál:

Vitamálastjóri	kr.	7200
Vitaverkfræðingur	—	5900
Hafnarverkfræðingur	—	5900
Aðstoðarverkfræðingar (3)	—	16130
Gjaldkeri og bókari	—	3600
Efnisvörður	—	4560
Kafari	—	3825
Ritari	—	3000
Vélritari	—	2400
Vitaverðir (54)	—	32000
Samtals	kr.	84515

14. gr. fjárlaga.

A.

Þjóðkirkjan:

		Laun alls
Biskup	kr.	7000
Prestur (laun og embættiskostnaður)	—	7000
Prestar (2) — — —	—	11900
Prestur — — —	—	5813
Prestar (4) — — —	—	23000
Prestur — — —	—	5700
Prestar (2) — — —	—	10150
Prestar (2) — — —	—	9950
Prestur — — —	—	4875
Prestar (34) — — —	—	142800
Prestar (57) — — —	—	228000
Samtals	kr.	456188

B.

I. Háskólinn.

Prófessorar (9)	kr.	60000
Prófessorar (3)	—	16500
Prófessor	—	5000
Dósent	—	4950
Aukakennarar (4)	—	8400
Ritari (auk húsn., ljóss og hita)	—	4000
Samtals	kr.	98850

IV. Fræðslumálaskrifstofan.

Fræðslumálastjóri	kr.	7000
Fulltrúi	—	5400
Ritarar (2)	—	6000
Samtals	kr.	18400

V. Menntaskólinn í Reykjavík.

Rektor (auk þess risnufé 2000 og húsaleigustyrk 3000)	kr.	5000
Yfirkennarar (3)	—	17250
Kennarar (3)	—	17250
Kennarar (2)	—	10990
Kennarar (3)	—	14015
Kennarar (að ⅔)	—	3420
Dyravörður (auk húsnæðis, ljóss og hita)	—	1875
Samtals	kr.	69800

VI. Menntaskólinn á Akureyri.

Skólameistari (auk þess risnufé 2000 kr., húsn., ljós og hiti)	kr.	5000
Kennarar (2)	—	11500
Kennarar (3)	—	16490
Kennarar (3)	—	15400
Kennari	—	4670
Samtals	kr.	53060

VII. Kennaraskólinn.

	Laun alls
Skólastjóri (auk húsnæðis, ljóss og hita)	kr. 4746
Kennarar (2)	— 10416
Kennari	— 5346
Aukakennari	— 4100
Aukakennari (að ⅓)	— 1584
Samtals	kr. 26192

VIII. Stýrimannaskólinn.

Skólastjóri (húsaleigustyrkur 3000)	kr. 4600
Kennarar (2)	— 10500
Dyravörður (að ⅓)	— 600
Samtals	kr. 15700

IX. Vélstjóraskólinn:

Skólastjóri (húsaleigustyrkur 3000)	kr. 4600
Kennarar (2) 5100 og 4290	— 9390
Dyravörður (að ⅔)	— 1200
Samtals	kr. 15190

X. Bændakennsla:

1. Hólaskóli:

Skólastjóri (bústjórnarlaun 2500, húsnæði, ljós og hiti)	kr. 3000
Kennarar (2)	— 8200
Samtals	kr. 11200

2. Hvanneyrarskóli:

Skólastjóri (bústjórnarlaun 2500, húsnæði, ljós og hiti)	kr. 3000
Kennarar (2)	— 7500
Samtals	kr. 10500

3. Garðyrkjuskólinn:

Skólastjóri (húsnæði, ljós og hiti)	kr. 4000
Kennarar (2)	— 6300
Samtals	kr. 10300

XIV. Barnakennarar.

Í Reykjavík (99)	kr. 192424
Í öðrum kaupstöðum (70)	— 148457
Í föstum skólum utan kaupstaða (130)	— 231449
Í heimavistarskólum (18)	— 36520
Í farskólum	— 78200
Samtals	kr. 687050

XV. Eiðaskóli:

Skólastjóri (húsnæði, ljós og hiti)	kr. 4200
Kennarar (2) 2500 og 2750	— 5250
Samtals	kr. 9450

XVII. Málleysingjaskólinn:	Laun alls
Skólastjóri (húsnæði, ljós og hiti)	kr. 3500
Kennslukonur (3)	— 8437
Samtals	kr. 11937

15. gr. fjárlaga.

1. Landsbókasafnið.

Landsbókavörður	kr. 6000
Bókavörður	— 4600
Bókavörður	— 4500
Aðstoðarbókaverðir (2)	— 8800
Dyravörður í safnahúsi	— 1875
Samtals	kr. 25775

2. Þjóðskjalasafnið.

Þjóðskjalavörður	kr. 5500
Aðstoðarskjalavörður	— 4036
Samtals	kr. 9536

3. Þjóðminjasafnið.

Þjóðminjavörður	kr. 5500
Samtals	kr. 5500

45. Friðun Þingvalla.

Umsjónarmaður (auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita)	kr. 4200
Samtals	kr. 4200

16. gr. fjárlaga.

2. Búnaðarfélag Íslands.

Stjórnarnefnd (3)	kr. 1500
Búnaðarmálastjóri	— 6000
Ráðunautar (6)	— 29250
Aðstoðarmaður	— 4620
Ritari	— 4600
Samtals	kr. 45970

5. Sandgræðslan.

Sandgræðslumaður	kr. 3600
Samtals	kr. 3600

15. Skógræktin.

Skógræktarstjóri	kr. 5240
Skógarverðir (2)	— 3000
Skógarvörður (þar af húsaleigustyrkur 600)	— 2100
Samtals	kr. 10340

18. Dýralæknar.

Dýralæknar (3)	kr. 12110
Dýralæknir	— 3500
Dýralæknar (2)	— 6250
Samtals	kr. 21860

21. Rannsóknarstofnun atvinnuveganna:

		Laun alls
Iðnaðardeild:		
Forstjóri (+ fyrir forstöðu stofnunarinnar 1000)	kr. 7200	
Matvælasérfræðingur	— 6000	
Efnafræðingur	— 5600	
Gerlafræðingur	— 5400	
Starfsstúlkur (3)	— 5400	kr. 29600
Landbúnaðardeild:		
Sérfræðingur í jarðvegsrannsóknum	kr. 4800	
Sérfræðingur í jurtasjúkdómum	— 4800	
Aðstoð	— 1800	— 11400
Fiskideild:		
Deildarstjóri (fiskifræðingur)	kr. 7200	
Aðstoðarmaður (fiskifræðingur)	— 5400	
Hjálparmaður	— 4200	
Aðstoð við vatnarannsóknir	— 2400	
Starfsstúlkur (2)	— 3600	— 22800
Matvælaeftirlit:		
Sérfræðingur (læknir)	kr. 5000	
Mjólkurfræðingur	— 4200	
Skrifstofustúlka	— 2400	— 11600
Sameiginlegir starfsmenn:		
Umsjónarmaður	kr. 3600	
Skrifstofustúlka	— 3000	— 6600
	Samtals	kr. 82000

22. Rannsóknarstofa háskólans:

Forstöðumaður	kr. 7700
Aðstoðarlæknir	— 7200
Annað starfsfólk (10)	— 32100
Samtals	kr. 47000

23. Veðurstofan.

Forstöðumaður (þar af húsaleigustyrkur 900)	kr. 6900
Fulltrúi	— 7000
Veðurfræðingar (2)	— 9460
Loftskeytamenn (2)	— 7000
Vélritari	— 1800
Aukavinna	— 3000
Samtals	kr. 35160

24. Rafmagnseftirlit.

Forstöðumaður	kr. 5830
Skoðunarmaður	— 4200
Skrifstofumaður	— 3000
Samtals	kr. 13030

27. Fiskifélagið.

	Laun alls
Forseti	kr. 7200
Stjórnarnefnd (2)	— 1000
Skrifstofustjóri	— 6400
Vélfræðingur	— 6000
Fiskiðnfræðingur	— 6000
Aðstoðarmaður fiskiðnfræðings	— 1200
Skrifstofustúlka	— 2700
Erindrekar (4)	— 8000
Samtals	kr. 38500

32. Laun yfirmatsmanna.

Fiskimatsstjóri	kr. 8000
Fiskimatsmaður í Reykjavík	— 5000
Fiskimatsmenn (3)	— 13800
Fiskimatsmaður	— 3800
Ullarmatsformaður	— 1000
Ullarmatsmenn (4)	— 2300
Kjötmatsmenn (4)	— 2875
Lýsismatsmaður	— 2400
Samtals	kr. 39175

33. Skipaskoðun.

Skipaskoðunarstjóri	kr. 6000
Fulltrúi	— 4800
Skrifstofumaður	— 3000
Skipaskráningarmaður	— 1800
Samtals	kr. 15600

63. Húsameistari ríkisins.

Húsameistari (þar af persónuleg uppbót 2400)	kr. 8400
Fulltrúi	— 5900
Aðstoðarmenn (2)	— 10400
Samtals	kr. 24700

Skipulagsnefnd.

Skrifstofustjóri	kr. 5200

17. gr. fjárlaga.

1. Berklavarnir:

Berklayfirlæknir	kr. 10000
Skrifstofustúlka	— 2400
Aukalaun	— 2000
Samtals	kr. 14400

5. Tryggingarstofnun ríkisins.

Tryggingaráð (3)	kr. 18400
Forstjóri	— 10000

		Laun alls
Yfirlæknir (½ laun)	kr.	6000
Endurskoðandi	—	2700
Deildarstjórar (2)	—	12000
Gjaldkeri	—	5000
Fulltrúi	—	5400
Bókarar (2)	—	9000
Starfsstúlkur (5)	—	10800
Innheimtumaður	—	2700
Sendisveinn	—	1200
Samtals	kr.	83200

Stofnanir, sem ekki eru í fjárlögum:

Gjaldeyrisnefnd:

Formaður	kr.	10000
Nefndarmenn (4)	—	16800
Skrifstofustjóri	—	7600
Bókari	—	5100
Skrifstofumenn (8)	—	35100
Vélritarar (4)	—	9000
Símastúlka	—	2100
Samtals	kr.	85700

Kjötverðlagsnefnd:

Formaður	kr.	4800
Nefndarmenn (4)	—	3000
Skrifstofumaður	—	2400
Samtals	kr.	10200

Fiskimálanefnd:

Formaður	kr.	3600
Nefndarmenn (6)	—	14400
Skrifstofustjóri	—	10800
Bókari	—	6000
Gjaldkeri	—	5400
Skrifstofustúlka	—	2700
Verkstjóri í hraðfrystihúsi	—	5100
Vélamaður	—	4500
Samtals	kr.	52500

Síldarútvegsnefnd:

Formaður	kr.	3500
Nefndarmenn (4)	—	10500
Skrifstofustjóri	—	6000
Bókari	—	3600
Starfsmenn ½ árið (3)	—	7800
Samtals	kr.	31400

Síldarverksmiðjur ríkisins:

Stjórnarnefnd (5)	kr.	21500
Framkvæmdastjóri	—	12000
a. Á Siglufirði:		
Skrifstofustjóri	kr.	8000
Vélstjóri (húsnæði, ljós og hiti)	—	4500

			Laun alls
Yfirvélstjóri	kr.	6500	
Vélstjóri	—	6000	
Vélsmiður	—	4500	
Rafvirki	—	4000	
Lýsismaður	—	3600	
Skrifstofumaður	—	4200	
Skrifstofustúlkur (2)	—	5400	kr. 46700
b. Á Sólbakka:			
Verkstjóri (húsnæði, ljós og hiti)	kr.	4800	
Vélstjóri (húsnæði, ljós og hiti)	—	4800	— 9600
c. Á Raufarhöfn:			
Vélstjóri (húsnæði, ljós og hiti)			— 3000
		Samtals	kr. 92800

Brunabótafélag Íslands:

Forstjóri	kr.	7200
Skrifstofustjóri	—	6000
Gjaldkeri	—	5400
Bókari	—	4800
Ritari	—	3300
Vélritarar (2)	—	6300
Samtals	kr.	33000

Nd. 677. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Ólafi Thors.

1. málsgr. 4. gr. orðist svo:

Með því að innheimta á árinu 1940 með 12% viðauka alla skatta og önnur gjöld, sem greiða ber í ríkissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. laga þessara. Viðauki sá, sem samkvæmt þessu ákvæði verður innheimtur af tekju- og eignarskatti og skattaukanum samkvæmt 2. gr. laga þessara, skal renna til bæjar- eða sýslusjóða þar sem skatturinn er á lagður.

Nd. 678. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 673 (Gengisskráning).

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1., 9. tölul. orðist svo:

Þegar vísitala kauplagsnefndar fer lækkandi, skal reikna uppbót á kaupgjald eftir vísitölunni samkvæmt framangreindum reglum frá og með byrjun næsta ársfjórðungs. Þegar vísatalan er komin niður í 105 reiknast engin kaupuppbót.

Ed. 679. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni og Erl. Þorsteinssyni.

Við 4. gr. Greinin falli burt.

Nd. 680. Frumvarp til laga

um hlutarútgerðarfélög.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Markmið hlutarútgerðarfélaga er að reka fiskveiðar á hlutaskiptagrundvelli og annast í sambandi við þær innkaup á vörum, hagnýtingu afla, sölu hans o. fl.

2. gr.

Nú vilja menn stofna hlutarútgerðarfélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef að minnsta kosti 5 menn utan kaupstaða, en 10 menn í kaupstöðum, verða ásáttir um stofnun slíks félags og bindast samtökum um að gerast meðlimir þess, skulu þeir, að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar til félagsstofnunarinnar, setja félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar ríkisstjórnarinnar á þeim.

Breytingar á samþykktum hlutarútgerðarfélags ná því aðeins gildi, að ríkisstjórnin staðfesti þær.

3. gr.

Félagar hlutarútgerðarfélags geta þeir einir orðið, sem ráðast hjá félaginu, á skip þess eða í landi. Með samþykki lögmæts félagsfundar má auk þess taka inn í félagið menn, sem styrkja vilja það með þátttöku sinni, þótt eigi séu þeir ráðnir starfsmenn félagsins.

Óheimilt er að ráða fasta starfsmenn hjá félaginu í landi eða skipverja á skip þess, nema þeir um leið gerist félagar og undirriti yfirlýsingu um, að þeir hlýði lögum félagsins eins og þau eru á hverjum tíma. Undantekningu má þó gera frá þessu að því er snertir ráðningu skipverja í forföllum annara, ef brýn nauðsyn krefur.

Inngangseyrir sé 10 krónur frá hverjum félagsmanni, er renni í varasjóð.

4. gr.

Sérhver meðlimur hlutarútgerðarfélags ber takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins, að upphæð 300 krónur.

Félagsmaður, er fer úr félaginu, eða bú þess, sem deyr, ber ábyrgð samkvæmt þessari grein á skuldbindingum félagsins, er á því hvíldu, er hann gekk úr, þó eigi lengur en tvö ár frá næstu áramótum eftir úrgöngu, nema risið hafi mál út af skuld, er stofnuð var á meðan hann var í því, er biði úrskurðar dómstólanna.

5. gr.

Í hlutarútgerðarfélagi skulu skipverjar og aðrir fastir starfsmenn ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla, og skal hlutur vera full greiðsla fyrir vinnu þeirra. Fyrirkomulag hlutaskiptanna skal ákveðið í samþykktum félagsins. Veiðarfæra- og beitukostnaður, kol, olía og salt greiðist af óskiptum afla.

6. gr.

Í varasjóð hlutarútgerðarfélags greiðist árlega 1% af óskiptum ársafla. Í varasjóð skal greiða árlegan tekjuafgang félagsins, og skulu ársvextir lagðir við höfuðstólinn. Tekjuhalli, sem verða kann hjá hlutarútgerðarfélagi, greiðist úr varasjóði.

Fé varasjóðs má nota sem veltufé í þarfir félagsins.

7. gr.

Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skal vera ákvæði um tryggingarsjóð, er hafi það markmið að tryggja félagsmönnum, sem vinna hjá félaginu, lágmarkstekjur, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem félagið setur. Skal sú reglugerð samþykkt af bæjar- eða sveitarstjórn, þar sem félagið á heima, og staðfest af ríkisstjórninni. Tekjur sjóðsins skulu vera þær, er hér segir:

1. Árlegt gjald, 1% af óskiptum ársafla félagsins, miðað við verð afla upp úr skipi.
2. Árlegt tillag frá hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi, er nemi jafnhárri upphæð og gjald samkvæmt tölulið 1 verður árlega.

Heimilt er að ákveða, að tillög í sjóðinn skuli vera hærri en að framan greinir, ef þurfa þykir, enda sé það samþykkt af hlutarútgerðarfélaginu og viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn.

Tryggingarsjóður skal ávaxtaður í banka eða annari tryggri peningastofnun, og skulu vextir af honum lagðir við höfuðstólinn um hver áramót.

Hlutarútgerðarfélag eða stjórn þess getur ekki ráðstafað innstæðu tryggingarsjóðs, og óheimilt er að skerða sjóðinn til lúkningar skuldum félagsins, en hætti félagið störfum, skal sjóðurinn ávaxtaður áfram á nafni hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, sem getur notað innstæðu hans til að greiða tillög í tryggingarsjóði annara hlutarútgerðarfélaga, sem þar starfa.

8. gr.

Fjárreiðum hvers einstaks skips hlutarútgerðarfélags skal haldið aðgreindum í bókum félagsins.

9. gr.

Félagsfundur hefir æðsta vald í málefnum hlutarútgerðarfélags. Einn aðalfund skal halda árlega, og aukafundi þegar félagsstjórn telur þess þörf. Ennfremur er félagsstjórn skylt að boða til aukafundar, ef ¼ félagsmanna krefst þess skriflega og greinir fundarefni. Dagskrá skal jafnan greina í fundarboði.

Atkvæðisrétt á félagsfundum hafa allir meðlimir félagsins. Félagsfundir eru lögmætir, ef helmingur félagsmanna er mættur. Sé fundur ekki lögmætur sökum fámennis, skal boða til nýs fundar, og er hann þá lögmætur án tillits til þess, hve margir eru mættir. Á fundum ræður meiri hluti atkvæða úrslitum mála, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félaganna. Til funda sé boðað með minnst viku fyrirvara.

10. gr.

Á aðalfundi skal kjósa stjórn og endurskoðendur og varamenn þeirra, sem allir séu félagsmenn. Í samþykktum félags skal ákveða tölu stjórnarnefndarmanna og kjörtíma þeirra. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Stjórnarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur stjórnenda er á fundi, og ræður afl atkvæða úrslitum mála, en séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Stjórnin fer með málefni félagsins milli funda, samkvæmt lögum þessum og samþykktum félagsins, og bera stjórnendur ábyrgð fyrir aðalfundi, einn fyrir alla og allir fyrir einn, nema sá, er látið hefir bóka ágreiningsatkvæði í gerðabók félagsins.

Endurskoðendur skulu sannprófa, að reikningum félagsins beri saman við bækur þess, enda hafa þeir aðgang að öllum bókum og skjölum á hvaða tíma sem er, og er stjórninni skylt að veita þeim þær upplýsingar, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd starfsins. Ennfremur er það skylda endurskoðenda að hafa eftirlit með

starfrækslu félagsins yfirleitt. Nú verða þeir varir við misfellur, er þeir álíta, að félaginu stafi hætta af, og skulu þeir þá hlutast til um, að bót verði á ráðin svo fljótt sem þörf krefur, en takist það eigi, skulu þeir kveðja til fundar í félaginu og bera málið þar upp til úrlausnar. Endurskoðendur bera ábyrgð fyrir aðalfundi.

Á aðalfundi skal árlega leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir næstliðið reikningsár og taka ákvörðun um þá. Nú fellir fundurinn tillögu um að samþykkja reikningana, og getur hann þá ákveðið, að yfirskoðun skuli fara fram, eftir þeim reglum, sem fundurinn setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal að nýju boða til fundar, sem tekur fullnaðarákvörðun um reikningana.

11. gr.

Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skulu ákveðin skilyrði fyrir úrgöngu úr félaginu og tilgreindar ástæður, er heimili brottrekstur félagsmanns.

12. gr.

Hlutarútgerðarfélag, sem er löglega stofnað, skal skrásett samkvæmt lögum þessum, og getur það þá fyrst öðlazt réttindi á hendur mönnum með samningi og aðrir á hendur því. Skrásetningu annast lögreglustjóri, þar sem félagið hefir heimilisfang. Atvinnumálaráðherra setur ákvæði um, hvernig skrásetningu skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar. Félag skal tilkynnt til skrásetningar innan mánaðar frá stofnun þess. Í tilkynningu skal greina þessi atriði:

1. Heiti félags, heimili og varnarþing.
2. Dagsetning félagssamþykkta.
3. Full nöfn, stöðu og heimili stjórnenda og framkvæmdarstjóra.
4. Hver heimild hafi til að skuldbinda félagið með samningum og hvernig undirskrift sé hagað.
5. Hvernig boða skuli félagsmönnum fundi og birta þeim fundarályktanir eða önnur málefni, er þá varða.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félagsins í 2 eintökum og lögboðin gjöld. Sé um útibú að ræða, skal það einnig tilkynnt. Ef samþykktum félags er breytt, eða breyting verður að öðru leyti á því, sem tilkynnt hefir verið til skrásetningar, skal tilkynna lögreglustjóra breytinguna innan mánaðar.

Nú vantar í tilkynningu greinargerð um einhver þau atriði, sem skylt er að geta, eða henni er áfátt að öðru leyti, og skal lögreglustjóri birta það tilkynnanda svo fljótt sem kostur er á, en fresta skrásetningu unz úr er bætt. Rétt er tilkynnanda að bera málið undir atvinnumálaráðherra eða leita úrlausnar dómstóla.

Tilkynningu til skrásetningar skal lögreglustjóri tafarlaust birta í Lögbirtingablaðinu á kostnað tilkynnanda.

13. gr.

Hlutarútgerðarfélagi skal slíta, ef ályktun um það er samþykkt á 2 lögmætum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna. Skilanefnd, kosin af félagsfundi, fer með mál félagsins meðan á félagsslitum stendur. Skilanefnd kemur í stað stjórnar félagsins og hefir samskonar vald, skyldur og ábyrgð. Meðan skilanefnd stjórnar félagi gilda reglur laga þessara um félagsfundi, reikningsskil og endurskoðun. Félagsslit skal tilkynna lögreglustjóra, og skal hann þá afmá skrásetningu félagsins.

Sömu aðilar, sem ráða félagsslitum, geta stöðvað þau á hvaða stigi sem er, fengið félagsbúið aftur afhent sér í hendur og haldið áfram starfsemi félagsins að nýju, en þar að lútandi ályktun skal vera samþykkt með sama hætti og hin upphaflega ályktun um félagsslitin.

14. gr.

Gjöld fyrir störf þau, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð og eru þau, sem hér segir:

a. Fyrir skrásetningu félags, sem eigi hefir verið skrásett áður, 30 krónur.
b. Fyrir skrásetningu útibús 20 krónur.
c. Fyrir skrásetningu breytingar eða viðauka við eldri skrásetningu 15 krónur.
d. Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum.

15. gr.

Hlutarútgerðarfélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu undanþegin greiðslu tekjuskatts til ríkisins af því fé, sem þau leggja í tryggingar- og varasjóði.

16. gr.

Hlutarútgerðarfélög, sem stofnuð verða samkvæmt lögum þessum, skulu vera undir eftirliti ríkisstjórnarinnar, sem getur falið fiskveiðasjóði framkvæmd þess.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 681. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Meginmál greinarinnar skal orða svo:

Lögfræðingar þeir, sem stundað hafa málflutning fyrir héraðsdómi sjálfstætt eða sem fulltrúar hæstaréttarmálaflutningsmanna, áður en lög nr. 85 frá 23. júní 1936 öðluðust gildi, skulu hafa rétt til að flytja mál fyrir héraðsdómi fyrst um sinn, en lokið skulu þeir hafa rauninni fyrir 1. jan. 1942.

Nd. 682. Varatillaga

við brtt. á þskj. 681 [Meðferð einkamála í héraði].

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Til vara:

Við 1. gr. Síðari málsliður falli burt.

Nd. 683. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 677 [Bráðabirgðatekjuöflun].

Frá Sveinbirni Högnasyni og Skúla Guðmundssyni.

Aftan við tillgr. bætist:

Greiðsla á þessu fé til bæjarsjóðanna er því skilyrði bundin, að viðkomandi bæjarstjórnir leggi fram um hver áramót, almenningi til sýnis, sundurliðaða skýrslu um ógreidd útsvör og önnur gjöld til bæjarfélaganna frá liðnum árum.

Nd. 684. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 673 [Gengisskráning og ráðstafanir í því sambandi].

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 3. Á eftir b-lið kemur nýr stafliður:
   c. (4. gr.) Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða í reglugerð verðlagsuppbót á laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, svo og ríkisstofnana.
2. Á eftir d-lið kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:
   (7. gr.) 6. gr. laganna fellur niður.
   Greinatala frumvarpsins og ákvörðun lagagreinanna breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Nd. 685. Lög

um breyting á lögum nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 3. jan.).

Samhljóða þskj. 610.

Nd. 686. Lög

um breyting á lögum nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 3. jan.).

Samhljóða þskj. 660.

Ed. 687. Lög

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Afgreidd frá Ed. 3. jan.).

Samhljóða þskj. 668.

Ed. 688. Lög

um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

(Afgreidd frá Ed. 3. jan.).

Samhljóða þskj. 669.

Nd. 689. Lög

um breyting á lögum nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Afgreidd frá Nd. 3. jan.).

Samhljóða þskj. 287.

Nd. 690. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 673 [Gengisskráning].

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 1, 12. lið: Í stað orðanna „1. jan. 1941“ á tveim stöðum komi: 1. júní 1940.

Nd. 691. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 684 [Gengisskráning].

Frá Jóni Pálmasyni.

Aftan við 1. lið tillögunnar bætist:

Þó skal verðlagsuppbót aðeins ná til þeirra starfsmanna, sem hafa lægri laun en 5000 kr. á ári, að meðtöldum greiðslum fyrir sérstök verk, yfirvinnu og öðrum launabótum frá ríkinu eða stofnunum þess.

Verðlagsuppbót sé aldrei hærri en svo, að árslaun að henni meðtalinni verði 5000 kr.

Nd. 692. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 673 [Gengisskráning].

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 3. b. Fyrir orðið „kaupgjald“ í fyrri efnismálsgr. komi: launagreiðslur.

Nd. 693. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 673 [Gengisskráning].

Frá Einari Olgeirssyni og Ísleifi Högnasyni.

Við 3. b. bætist á eftir 1. málsgr. svo hljóðandi málsliður: Þó má eigi hækka kaup þeirra manna, sem þegar hafa 10000 kr. eða meira í árslaun.

Nd. 694. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 10 4. apríl 1939 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef gengi sterlingspunds gagnvart dollar breytist, þannig að færri dollarar verði í sterlingspundi en 4.15, skal sölugengi erlends gjaldeyris þó ákveðast þannig, að sölugengi dollars verði kr. $\frac{27.00}{4.15}$ og annars erlends gjaldeyris í samræmi við það.

2. gr.

2. gr. laganna skal orða svo:

1. Skipa skal þriggja manna nefnd, einn eftir tilnefningu hæstaréttar, og sé hann formaður, en hina tvo eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendafélags Íslands, og nefnist hún kauplagsnefnd.

2. Kostnaður við nefndina, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

3. Nefnd þessi skal, með aðstoð Hagstofu Íslands, gera yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar frá 1. nóvember 1939, miðað við meðalverðlag mánuðina jan.—marz 1939, eftir grundvallarreglum, sem nefndin setur.

4. Við þennan útreikning skal sleppt broti úr stigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í heilt stig.

5. Kaupgjald þeirra, sem um ræðir í 3. gr., skal breytast frá 1. jan. 1940 að telja og síðan 1. apríl, 1. júlí og 1. okt. sama ár, miðað eftir á við meðalverðlag í nóv.—des. 1939, jan.—marz, apríl—júní og júlí—sept. 1940, samkvæmt eftirfarandi reglum.

6. Fyrir hvert stig, sem vísitala kauplagsnefndar hækkar frá grundvellinum jan.—marz 1939 (= 100), skal kaupgjald hækka um 0,5% af kaupinu, ef hækkun vísitölunnar nemur 5 stigum eða meira, en minna en 10 stigum, en fyrir hvert stig, sem vísitalan hækkar þar fram yfir, skal kaupgjald hækka þannig:

1. flokkur 0,8% af kaupi, sem nemur kr. 1,50 eða minna á klukkustund,
2. flokkur 0,7% af kaupi, sem nemur frá kr. 1,51—2,00 á klukkustund, og
3. flokkur 0,55% af kaupi, sem nemur kr. 2,01 eða meira á klukkustund.

7. Kaupgjaldshækkun samkvæmt framansögðu skal þó aldrei nema minna samtals en:

Í 1. flokki ¾% af kaupgjaldinu fyrir hvert stig vísitölunnar fram yfir 100,
í 2. flokki ⅔% og
í 3. flokki ½%.

8. Eftirvinnu-, nætur- og helgidagakaup skal bæta upp með sama hundraðshluta og venjulegt dagkaup þeirra manna, er fyrir því vinna.

9. Þegar vísitala kauplagsnefndar fer lækkandi, skal reikna uppbót á kaupgjald eftir vísitölunni samkvæmt framangreindum reglum frá og með byrjun næsta ársfjórðungs. Þegar vísitalan er komin niður í 105, reiknast engin kaupuppbót.

10. Við ákvörðun kaups eftir reglum þessum skal sleppt broti úr eyri, ef það nær ekki hálfum, en annars hækkað í heilan eyri.

11. Kaupgjald í hærra flokki skal þó aldrei verða lægra en það, sem greitt er í lægra flokki.

12. Kaupgjald það, er ákveðið hefir verið samkvæmt framansögðu, skal gilda sem samningur til 1. jan. 1941. Gildir þetta jafnt, þó að í samningum séu ákvæði um kaupgjaldsbreytingar vegna hækkunar eða lækkunar á framfærslukostnaði eða gengi. Vilji annarhvor aðili hafa kaupgjald ósamningsbundið frá 1. jan. 1941, skal hann hafa sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara, en eftir þann tíma verður uppsagnarfrestur þrír mánuðir.

13. Heimilt er, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiða sjómönnum á ófriðartímum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu. Áhættuþóknun þessi tekur ekki hækkunum eða lækkunum samkvæmt lögum þessum.

14. Félagsdómur sker úr ágreiningi um kaupgreiðslur samkvæmt þessari grein og 2. málsgr. 3. greinar.

3. gr.

3. gr. laganna skal orða svo:

Kaupgjaldsákvæði 2. greinar ná til verkamanna, sjómanna, verksmiðjufólks og iðnaðarmanna, sem taka kaup samkvæmt samningum milli stéttarfélaga og

vinnuveitenda eða kauptöxtum, sem stéttarfélög hafa sett og giltu fyrir gildistöku laga þessara.

Verði ný stéttarfélög stofnuð þar, sem stéttarfélag var fyrir, skulu félagar þeirra hafa sama kaup sem áður hefir gilt í þeirri starfsgrein á sama stað, og tekur kaupið síðan breytingum samkv. 2. gr. Nú hefir ekki áður verið stéttarfélag í starfsgrein hins nýja félags, og skal þá leggja hið upphaflega samnings- eða kauptaxtakaup félagsins til grundvallar við útreikning á kaupgjaldsbreytingum samkv. 2. gr.

Nú er kaup greitt að nokkru eða öllu leyti með hlunnindum, svo sem fæði, húsnæði, aflaverðlaunum, þjórfé, ágóðahluta o. þ. u. l., eða verk eru unnin í ákvæðisvinnu, og skal þá taka upp sérstaka samninga um, hvernig kaupgreiðslur til þeirra manna verði samræmdar ákvæðum þessara laga um kaupgjaldsbreytingar. Náist ekki samkomulag milli aðila um þessa samræmingu, skal slíkur ágreiningur úrskurðaður af kauplagsnefnd, ásamt einum fulltrúa frá hvorum málsaðila, sem þeir tilnefna sjálfir, og ræður afl atkvæða.

Þegar kaup er ákveðið fyrir dag, viku, mánuð eða ár, skal kauplagsnefnd úrskurða ágreining, sem rísa kann um það, hvernig kaupið breytist í samræmi við breytingar á tímakaupi samkv. 2. gr.

Kaupákvarðanir samkv. 3. og 4. málsgr. þessarar greinar teljast ganga í gildi fyrsta dag þess mánaðar, þegar úrskurðar er beiðzt.

4. gr.

Á eftir 3. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, er verða 4. og 5. grein, svo hljóðandi:

a. Á árinu 1940 er óheimilt að hækka launagreiðslur í landinu meira en svarar til þeirrar hækkunar, sem ákveðin er í 2. gr. laga þessara.

Samningsbundnar greiðslur frá sjúkrasamlögum fyrir unnin störf skulu óbreyttar meðan núgildandi samningar standa, þrátt fyrir það, þótt ákvæði séu í samningunum um breytingar vegna hækkunar eða lækkunar á framfærslukostnaði eða gengi. Samningum þessum má segja upp með þriggja mánaða uppsagnarfresti, þó að lengri frestur hafi verið ákveðinn.

b. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða í reglugerð verðlagsuppbót á laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, svo og ríkisstofnana.

5. gr.

Síðasta málsgr. 4. gr. laganna, sem verður 6. gr., fellur niður.

6. gr.

5. gr. laganna fellur niður.

7. gr.

6. gr. laganna fellur niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

9. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 10 4. apríl 1939 og gefa þau út svo breytt.

Nd. 695. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 4. gr. Á eftir 1. málsgr. a-liðar bætist við svo hljóðandi málsliður: Þó má ekki hækka laun þeirra manna, sem hafa 15000 kr. og þar yfir í árslaun, að meðtöldum greiðslum fyrir öll aukastörf, er þeir hafa með höndum.
2. Við 4. gr. b-lið bætist svo hljóðandi málsliður: Þó skal verðlagsuppbót aðeins ná til þeirra starfsmanna, sem hafa lægri laun en 8000 kr. á ári, að meðtöldum greiðslum fyrir sérstök verk, yfirvinnu og öðrum launabótum frá ríkinu og stofnunum þess. Verðlagsuppbót sé aldrei hærri en svo, að árslaun að henni meðtalinni verði 8000 kr.
3. Á eftir 3. gr. bætist inn ný grein, svo hljóðandi:
   Útlánsvexti í bönkum og öðrum lánsstofnunum má ekki hækka til 1. jan. 1941.

Ed. 696. Lög

um viðauka við og breyting á lögum nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám.

(Afgreidd frá Ed. 3. jan.).

Samhljóða þskj. 590.

Nd. 697. Lög

um breyting á lögum nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna.

(Afgreidd frá Nd. 3. jan.).

Samhljóða þskj. 599.

Nd. 698. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 677 [Jöfnunarsjóður].

Frá Pétri Ottesen.

Fyrir „sýslusjóða“ í tillgr. komi: sveitarsjóða.

Nd. 699. Breytingartillögur

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

1. Niðurlag 6. málsgr. 2. gr., frá orðunum „en hinn hlutinn skal renna“, orðist svo: í fiskveiðasjóð.
2. 5. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 700. Frumvarp til laga

um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til þess að standast útgjöld ríkisins 1940 og til þess að greiða tillag til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er ríkisstjórninni heimilt að afla tekna á þann hátt, er greinir hér á eftir.

2. gr.

Með því að leggja á tekjuskatt á árinu 1940 eftir þeim skattstiga, sem hér fer á eftir, í stað þess skattstiga, sem greinir í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignarskatt:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af			skattsk. tekjum		greiðast			af			og			af afg.
—	2000	3000	—	—	—	30	—	—	2000	—	—	5	—	—
—	3000	4000	—	—	—	80	—	—	3000	—	—	7,5	—	—
—	4000	5000	—	—	—	155	—	—	4000	—	—	10	—	—
—	5000	6000	—	—	—	255	—	—	5000	—	—	15	—	—
—	6000	7000	—	—	—	405	—	—	6000	—	—	20	—	—
—	7000	8000	—	—	—	605	—	—	7000	—	—	30	—	—
—	8000	9000	—	—	—	905	—	—	8000	—	—	31	—	—
—	9000	10000	—	—	—	1215	—	—	9000	—	—	31,5	—	—
—	10000	11000	—	—	—	1530	—	—	10000	—	—	32	—	—
—	11000	12000	—	—	—	1850	—	—	11000	—	—	33	—	—
—	12000	13000	—	—	—	2180	—	—	12000	—	—	34	—	—
—	13000	14000	—	—	—	2520	—	—	13000	—	—	35	—	—
—	14000	15000	—	—	—	2870	—	—	14000	—	—	36	—	—
—	15000	16000	—	—	—	3230	—	—	15000	—	—	37	—	—
—	16000	18000	—	—	—	3600	—	—	16000	—	—	38	—	—
—	18000	20000	—	—	—	4360	—	—	18000	—	—	39	—	—
—	20000	22000	—	—	—	5140	—	—	20000	—	—	40	—	—
—	22000	24000	—	—	—	5940	—	—	22000	—	—	41	—	—
—	24000	26000	—	—	—	6760	—	—	24000	—	—	42	—	—
—	26000	28000	—	—	—	7600	—	—	26000	—	—	43	—	—
—	28000 og þar yfir		—	—	—	8460	—	—	28000	—	—	44	—	—

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. sömu laga og skattgjald erlendra félaga.

Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, er um ræðir í 3. gr. b-lið laga nr. 6 9. jan. 1935, greiðist 10%, ef skattskyldar tekjur þeirra nema 7000 kr. eða þar yfir.

Sá skattauki, sem lagður kann að verða á 6000 kr. skattskyldar tekjur eða þar yfir samkvæmt þessum lögum, skiptist í tvo jafna hluta, og skal öðrum hlutanum varið til þess, sem talið er í 1. gr., en hinn hlutinn skal renna til fiskimálasjóðs, og skal honum varið til þess að lána sjómönnum og verkamönnum, sem gerast þátttakendur í félagi til togarakaupa samkvæmt 14. gr. laga nr. 75 frá 31. des. 1937, ⅓—½ af tilskildu framlagi þeirra, gegn tryggingum, er fiskimálanefnd tekur gildar, og gangi sjómenn og verkamenn í Reykjavík fyrir um fyrsta skip, sem þannig verður keypt. Verði þessi hluti skattaukans ekki notaður að fullu samkvæmt framanrituðu, rennur afgangurinn til byggingarsjóðs samkvæmt lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamanna-

bústaði, í hlutfalli við skattauka þann, er innheimtur hefir verið í hverju bæjar- eða sveitarfélagi.

3. gr.

Með því að innheimta á árinu 1940 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932.

Að öðru leyti gilda ákvæði nefndra laga 6. júlí 1932 um innheimtu og endurgreiðslu innflutningsgjalds af benzíni samkv. 1. mgr. þessarar greinar.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins af benzíni frá því, sem það var eftir nefndum lögum frá 1932, skal varið til að greiða kostnað við lagning akvega og malbikun þjóðvega eftir því, sem ákveðið er í fjárlögum.

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr þeirri upphæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar suðurlandsbrautar á árinu 1941.

4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1940 með 12% viðauka alla skatta og önnur gjöld, sem greiða ber í ríkissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. laga þessara. Viðauki sá, sem samkvæmt þessu ákvæði verður innheimtur af tekju- og eignarskatti og skattaukanum samkvæmt 2. gr. laga þessara, skal renna til bæjar- eða sýslusjóða þar sem skatturinn er á lagður.

Undanþegin viðaukagjaldi samkv. 1. mgr. þessarar greinar eru útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63 23. jan. 1935, gjöld samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935 og tollar samkvæmt lögum um tollskrá og lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu viðaukagjaldsins samkvæmt þessari grein, svo og um skil á því í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 701. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

2. gr. laganna skal orða svo:

Skipa skal fimm manna nefnd, einn eftir tilnefningu hæstaréttar, og sé hann formaður, einn eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annan eftir tilnefningu Landssambands stéttarfélaganna og tvo eftir tilnefningu Vinnuveitendafélags Íslands. Nefnd þessi skal gera yfirlit yfir framfærslukostnað í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar frá ársbyrjun 1939, eftir grundvallarreglum, sem nefndin setur að fengnum tillögum Hagstofu Íslands. Komi í ljós, að meðaltalsframfærslukostnaður í Reykjavík á mánuði, eftir marzmánuð 1939, hafi hækkað miðað við meðalframfærslukostnað mánuðina janúar—marz 1939, skal gildandi kaupgjald verkafólks og sjómanna hækka frá byrjun næsta mánaðar, sem nemur þeirri hækkun á framfærslukostnaði, sem orðið hefir. Gildir það kaup sem samningur milli atvinnurekenda og stéttarfélaga, nema annaðhvor aðili vilji hafa annað kaupgjald. Skal hann þá tilkynna það innan mánaðar frá gildistöku þessara laga,

ella gildir það sem samningur til þess tíma, sem ákveðinn hefir verið um samningstímalok í hlutaðeigandi vinnusamningum eða viðurkenndum töxtum, og með sömu reglum um uppsagnarfresti og síðara áframhald, er þar greinir. Séu engir samningar eða taxtar fyrir hendi, né séu sérstaklega þar um gerðir, skal samningstímabil þetta teljast eitt ár frá 1. janúar að telja, og framlengist um eitt ár í senn, nema sagt sé upp með eins mánaðar fyrirvara. Kaupgjald fastráðinna manna, sem hafa minna en 450 króna kaup á mánuði, eða sem svarar 5400 króna árstekjum, í Reykjavík og tilsvarandi lægra annarstaðar á landinu, skal hækka eftir sömu reglum og kaupgjald verkafólks og sjómanna samkvæmt þessari grein. — Ríkisstjórnin setur sérstakar reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Við ákvörðun kaups samkvæmt þessari grein skal sleppt broti úr eyri, ef það nær ekki hálfum, en annars hækka í heilan eyri.

Kostnaður við nefnd þessa, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, greiðist úr ríkissjóði, eftir ákvörðun ráðherra.

2. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

3. gr. laganna skal orða svo:

Heimilt er, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að greiða sjómönnum á ófriðartímum sérstaka stríðsáhættuþóknun og kaupa handa þeim sérstaka stríðstryggingu. Áhættuþóknun þessi tekur ekki hækkunum eða lækkunum samkvæmt lögum þessum.

3. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:

Á eftir 3. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Ríkisstjórninni er heimilt að hækka meðalmeðlög af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum, eins og þau eru ákveðin með auglýsingu atvinnumálaráðuneytisins frá 27. okt. 1937, í samræmi við aukinn framfærslukostnað á tímabilinu frá gildistöku þessara laga til 14. maí 1940.

b. Slysa- og dánarbætur, ellilaun og örorkubætur samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, nr. 74 31. des. 1937, skulu hækka hlutfallslega við aukinn framfærslukostnað frá 1. jan. 1940, samkvæmt 2. gr. þessara laga.

c. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða í reglugerð verðlagsuppbót á laun þeirra embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, svo og starfsmanna ríkisstofnana, sem ekki falla undir ákvæði 2. gr., enda fari laun þessara manna ekki fram úr 8000 kr.

Ed. 702. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 4. gr. Við a-lið greinarinnar bætist: Þó má ekki hækka laun þeirra manna, sem hafa 10000 kr. og þar yfir í árstekjur.

Ed. 703. Lög

um breyting á lögum nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

(Afgreidd frá Ed. 4. jan.).

Samhljóða þskj. 694.

Nd. 704. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd o. s. frv.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 705. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skipar þriggja manna fiskimálanefnd eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna.

Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn, og skulu jafnframt skipaðir jafnmargir varamenn eftir tilnefningu sömu aðila. Nefndarmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nærri, að þeir geti auðveldlega sótt þar fundi.

Nefndin kýs sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Nefndin getur, með samþykki atvinnumálaráðherra, ráðið sér fulltrúa til að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.

Þóknun nefndarmanna skal ákveðin af ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 706. Breytingartillögur

við frv. til laga um hlutarútgerðarfélög.

Frá Finni Jónssyni.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Í hlutarútgerðarfélagi séu skipverjar ráðnir gegn ákveðnum hluta úr afla, og sé hlutur greiðsla fyrir vinnu þeirra, þó aldrei lægri en gildandi samningar milli útgerðarmanna og sjómannafélags á staðnum ákveður, eða taxti sjómannafélags, ef samningur er ekki til.
2. Við 7. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skal vera ákvæði um tryggingarsjóð, er verja skal til þess að tryggja sjómönnum, sem vinna hjá félaginu, lágmarkstekjur samkv. 5. gr.
3. Við 9. gr. Á eftir næstsíðasta málsl. 2. málsgr. komi: og má enginn félagsmanna fara með nema eitt atkvæði.

Nd. 707. Lög

um hlutarútgerðarfélög.

(Afgreidd frá Nd. 4. jan.).

Samhljóða þskj. 680.

Nd. 708. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 650 [Framfærslulög].

Frá Jóni Pálmasyni og Jóni Ívarssyni.

Brtt. orðist svo:

Síðari málsgr. 38. gr. orðist þannig:

Hrökkvi tekjur jöfnunarsjóðs ekki til þess að endurgreiða framfærslukostnað samkvæmt reglum þeim, sem settar eru hér að framan, skal lækka endurgreiðslurnar að jöfnum hlutföllum.

Ed. 709. Frumvarp til laga

um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 495, með þessum breytingum:

24. gr. hljóðar svo:

Á eftir 55. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og greinatala breytist samkvæmt því):

Kröfur um endurgreiðslu á framfærslustyrk, sem eitt sveitarfélag á á hendur öðru, skal gera innan 6 vikna frá styrkveitingu, ella fellur endurkröfurétturinn niður.

Skylt er sveitarstjórn að svara slíkri kröfu innan 6 mánaða frá því að henni barst tilkynning um styrkveitingu, ella fellur niður réttur hennar til mótmæla gegn réttmæti skuldarinnar.

31. gr. hljóðar svo:

65. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir styrkþega verið ráðstafað af framfærslunefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað, og vinnur hann sér þá eigi sveit í hinu nýja héraði fyrr en í fyrsta lagi að 6 árum liðnum. Ber þeirri sveit, er ráðstafaði honum til dvalar, að kosta framfærslu hans fyrstu 4 árin, ef með þarf, hvort sem hann þarf árlegan styrk eða ekki, og eftirleiðis þangað til hann hefir komizt af tvö ár óslitið án framfærslustyrks.

42. gr. hljóðar svo:

Næst á eftir 79. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. Lög þessi öðlast þegar gildi.

b. Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál framfærslulaga, nr. 135 frá 1935, lagfæra og samræma allar tilvitnanir og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

I. Ríkisstjórnin skal, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, skipa þriggja manna nefnd, er hafi með höndum framkvæmdir og ráðstafanir til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, undir yfirstjórn ráðherra.

Nefndin skal gera tillögur um og hafa með höndum, eftir nánari fyrirmælum ráðherra:

1. Ráðstöfun á fé því, sem veitt er í fjárlögum til framleiðslubóta og atvinnuaukningar í erfiðu árferði. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um, hversu miklu fé bæjar- og sveitarfélög skuli verja af sinni hálfu á móti ríkissjóðsframlagi til framleiðslubóta og atvinnuaukningar í bæjar- eða sveitarfélaginu. Fé þessu skal einkum varið til garðræktar, hagnýtingar fiskúrgangs til áburð-

ar, þaratekju, framræslu lands, fyrirhleðslu, lendingarbóta, eldiviðarvinnslu, smíði smábáta, byggingar húsa úr innlendu efni, svo sem vikri og torfi, vegagerða og annara hagnýtra framkvæmda og til þess að stuðla að því, að atvinnulausu fólki sé komið til starfa við framleiðsluvinnu.

2. Framkvæmdir og ráðstafanir í framfærslumálum í samráði við eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna.

Skal nefndin einkum hafa eftirlit með framkvæmdum bæjar- og sveitarfélaga í framfærslu- og fátækramálum, og þá alveg sérstaklega vaka yfir því, að sveitar- og bæjarstjórnir notfæri sér alla möguleika að koma mönnum til starfs í stað þess að veita þeim framfæri án vinnu, allt í samræmi við nánari fyrirmæli laga þessara, og er ráðherra heimilt að fela nefnd þessari að gera þær ráðstafanir í síðastnefndu skyni, sem sveitar- og bæjarfélögum er heimilað að gera samkvæmt lögum þessum.

Rétt er ráðherra að fela nefnd þessari vald til fullnaðarúrskurða um ágreiningsmál, er ræðir um í 21. gr. laga þessara.

Ráðherra ákveður laun nefndarinnar og lætur henni í té nauðsynlega aðstoð við skrifstofustörf. Búnaðarfélag Íslands skal veita nefndinni hjálp við útvegun vinnu í sveitum landsins.

II. Heimilt er ráðherra að ákveða, að árið 1940 megi verja allt að 100 þúsund krónum af tekjum jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga til þess að greiða fram úr fjárhagsvandræðum illa stæðra bæjarfélaga, hreppsfélaga, sýslufélaga og læknishéraða, og ákveður ráðherra hverju sinni, hvernig hjálp þeirri skuli hagað og hversu mikil hún skuli vera til bæjarfélags, hreppsfélags, sýslufélags eða læknishéraðs, sem slíkrar hjálpar er þörf.

Nd. 710. Frumvarp til laga

um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé verðbréfa og skuldabréfa.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Frá 1. janúar 1940 skal tekju- og eignarskattur af vaxtaeignum og tekjum af þeim samkvæmt 2. gr. innheimtur á þann hátt, sem lög þessi ákveða, og kallast sá hluti skattsins, sem þannig er innheimtur, vaxtaskattur.

2. gr.

Til vaxtafjár samkvæmt lögum þessum telst:

a. Opinber verðbréf. Teljast þar til bankavaxtabréf, ríkisskuldabréf, skuldabréf bæjar- og sveitarsjóða og stofnana þeirra, og önnur slík verðbréf, útgefin af opinberum stofnunum eða fyrirtækjum.

b. Skuldabréf, víxlar og aðrar fjárkröfur, sem tryggðar eru með veði í fasteign að einhverju eða öllu leyti, eða með tryggingarbréfi í fasteign.

Um ákvörðun vaxtatekna af ofangreindum eignum fer eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt.

3. gr.

Ákvæði þessara laga ná ekki til vaxtaeigna eða vaxtatekna þeirra aðilja, sem eru undanþegnir slíkri skattskyldu samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, og heldur eigi til þeirra vaxtaeigna, þar sem vaxtagreiðandi er erlendis heimilisfastur.

Stofnanir og félög, sem hafa gefið út opinber verðbréf, er um ræðir í 2. gr. b-lið, skulu halda skrá um þann hluta slíkra verðbréfa, sem er í eigu skattfrjálsra aðilja á hverjum tíma, enda tilkynni þeir hlutaðeigandi stofnunum um verðbréfaeign sína,

ella eru þeir eigi undanþegnir skattgreiðslu. Skal afrit af þeirri skrá afhent hlutaðeigandi skattanefnd (skattstjóra).

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um það, hverra sannana skuli krefjast fyrir því, að um skattfrjálst vaxtafé sé að ræða.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita einstökum stofnunum og félögum undanþágu að einhverju eða öllu leyti frá því að haga skattgreiðslum sínum samkvæmt þessum lögum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Vaxtaskattur skal nema 25% af hinni skattskyldu vaxtahæð.

5. gr.

Gjalddagi vaxtaskatts af öllum vaxtabréfum er gjalddagi vaxta, eða þegar endanlegt vaxtauppgjör fer fram. Skattskyldar vaxtatekjur skal reikna frá síðasta gjalddaga skattsins, og í fyrsta sinn frá þeim tíma, sem síðasti gjalddagi hefði verið, ef lögin hefðu verið í gildi.

6. gr.

Vaxtagreiðandi skal halda eftir vaxtaskatti, sbr. þó síðustu málsgrein. Gildir þetta jafnt um allar lánsstofnanir og stofnanir, sem hafa gefið út opinber verðbréf, og útgefendur eða skuldara einstakra veðskuldabréfa eða umboðsmenn þeirra. Skal vaxtagreiðandi standa skil á skattinum af verðbréfum og skuldabréfum, sbr. a- og b-lið 2. greinar, til viðkomandi skattheimtumanns samkvæmt 7. gr. innan eins mánaðar frá gjalddaga skattsins, og skal hann láta fylgja greinargerð um, hvernig skatturinn er reiknaður. Vaxtagreiðandi afhendir móttakanda vaxta kvittun fyrir skattgreiðslunni.

Vanræki vaxtagreiðandi að halda eftir vaxtaskatti, skal krefja vaxtamóttakanda um skattupphæðina, en vaxtagreiðandi er þó jafnframt ábyrgur fyrir skattinum, þar til hann er að fullu greiddur.

Lánsstofnanir, sem hafa á hendi innheimtu afborgana og vaxta af skuldabréfum þeirra aðilja, sem skattskyldir eru, skulu halda eftir og standa skil á vaxtaskatti af umræddum bréfum í stað skuldunauta.

7. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta vaxtaskatt samkvæmt fyrirmælum 6. gr. Fylgir skattinum lögtaksréttur.

8. gr.

Kvittanir fyrir greiðslu vaxtaskatts hjá hverjum einstökum gjaldanda skulu afhentar þeim í tvíriti. Skulu skattgreiðendur láta kvittanasamritin fylgja skattframtölum sínum til skattanefndar (skattstjóra).

Skattanefndir — í Reykjavík skattstjóri — skulu, jafnhliða skattskrá, gera skrá yfir alla þá gjaldendur, sem eftir skattframtölunum fyrir undanfarið ár hafa haft vaxtatekjur samkvæmt 2. gr. þessara laga, og vaxtaskattgreiðslu þeirra samkvæmt framlögðum kvittunum, enda séu tekjurnar framtaldar. Þessi vaxtaskattskrá afhendist innheimtumanni tekju- og eignarskatts áður en innheimta hans er hafin, og vaxtaskattgreiðslur samkvæmt henni dragast frá þeim tekju- og eignarskatti, sem innheimta ber samkvæmt skattskrá. Nemi vaxtaskattsfjárhæð gjaldanda samkvæmt ofangreindu meiru en honum hefir verið gert að greiða í tekju- og eignarskatt, skal sá mismunur endurgreiddur.

9. gr.

Eftirlit með greiðslu vaxtaskatts hafa skattanefndir (skattstjóri). Skulu innheimtumenn láta skattanefndum í té skrá um greiðslu vaxtaskatts undanfarið ár, og skulu skránni fylgja greinargerðir skattgreiðenda, stofnana og annara gjaldenda.

Um rannsóknar- og úrskurðarvald skattanefnda samkvæmt þessum lögum, kærur, kæruúrskurðun og viðurlög gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, sbr. þó bráðabirgðaákvæði hér á eftir.

10. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga og eftirlit með þeim.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Á tveimur fyrstu árum eftir að lög þessi öðlast gildi skal eigi beita refsiákvæðum 47. gr. og 48. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt að því er snertir vaxtatekjur og vaxtaeignir, er greiða ber skatt af samkvæmt lögum þessum. Vaxtaskatt af undandregnum eignum eða tekjum er þó eigi heimilt að draga frá skattskyldum tekjum, þegar skattur er á lagður.

Nd. 711. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd o. fl.

Frá Emil Jónssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein svo hljóðandi, er verði 2. gr.:
   Í mjólkursölunefnd (sbr. lög nr. 1 1935) skulu fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, eiga sæti 3 menn skipaðir af landbúnaðarráðherra, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna.
2. Fyrirsögn frv. orðist þannig:
   Frv. til l. um fækkun manna í fiskimálanefnd og mjólkursölunefnd.

Nd. 712. Breytingartillaga

við frv. til l. um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 2. gr. b-liður falli burt.
2. Við 6. gr.
   a) Orðin „og útgefendur ... umboðsmenn þeirra“ falli burt.
   b) Síðasta málsgr. falli burt.
   c) Eftir síðustu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Ríkissjóður greiðir vaxtamóttakanda sömu vexti af mótteknum vaxtaskatti og vaxtamóttakandi fær af verðbréfinu.

Ed. 713. Tillaga til þingsályktunar

um launa- og kaupgjaldsmál.

(Eftir eina umr. í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa fyrir næsta þing tillögur um reglur fyrir útreikningi á verðbreytingum á íslenzkum framleiðsluvörum.

Ed. **714. Lög**

um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Ed. 4. jan.).

Samhljóða þskj. 700.

Ed. **715. Lög**

um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 frá 31. des. 1935.

(Afgreidd frá Ed. 4. jan.).

Samhljóða þskj. 709 (sbr. 495).

Sþ. **716. Fjáraukalög**

fyrir árið 1938.

(Afgreidd frá Sþ. 4. jan.).

Samhljóða þskj. 523.

Ed. **717. Lög**

um breyting á lögum nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 4. jan.).

Samhljóða þskj. 705.

Sþ. **718. Þingsályktun**

um verzlunarrekstur ríkisins.

(Afgreidd frá Sþ. 4. jan.).

Samhljóða þskj. 545.

Ed. **719. Breytingartillaga**

við frv. til l. um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé verðbréfa og skuldabréfa.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Framan við bráðabirgðaákvæðið bætist:

Ríkisstjórninni heimilast að undanþiggja eigendur bankavaxtabréfa Landsbankans undan lögum þessum, unz Landsbanki Íslands hefir hafið kaup á bankavaxtabréfum sínum að nýju.

Sþ. 720. Nefndaskipun.

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Jónas Jónsson, formaður,
Pétur Ottesen, varaformaður,
Helgi Jónasson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Bernharð Stefánsson,
Bjarni Bjarnason,
Jón Pálmason,
Haraldur Guðmundsson, fundaskrifari,[1]
Jakob Möller.[2]

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1940 (1,[3] n. 389 og 584 (frh.nál.)).
   Frsm.: Bjarni Bjarnason.
2. Till. til þál. um niðurfelling á aðflutningsgjöldum af efni til rafvirkjunar í Vík í Mýrdal (84).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Till. til þál. um ríkisábyrgð á láni fyrir Sauðárkrókshrepp (169, n. 242).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
4. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1937 (268, n. 537).
   Frsm.: Helgi Jónasson.
5. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1938 (523, n. 638).
   Frsm.: Helgi Jónasson.

Nefndin flutti:

1. Till. til þál. um að selja eða leigja gæzluskipið Þór og vitabátinn Hermóð og um að byggja nýjan varðbát (212).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
2. Till. til þál. um stuðning við Eimskipafélag Íslands, ef það byggir vöruflutningaskip hentugt til Ameríkuferða (213).
   Frsm.: Jónas Jónsson.

2. Allsherjarnefnd:

Einar Árnason, formaður,
Thor Thors,
Jörundur Brynjólfsson,
Þorsteinn Briem,
Finnur Jónsson,
Páll Zóphóníasson,
Magnús Jónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

Till. til þál. um fasteignaveðslán veðdeildar Landsbanka Íslands (333).
Nefndarálit kom ekki.

1) Í fjarveru hans á síðari hluta þings tók sæti hans í nefndinni Emil Jónsson.
2) Í hans stað tók sæti í nefndinni á síðari hluta þings Sigurður E. Hlíðar.
3) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n) hlutu. Sama er um mál, er nefndirnar flytja.

Fastanefndir Sþ.: Utanríkismála-, kjörbréfa- og þingfararkaupsnefndir. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

3. Utanríkismálanefnd:
Jónas Jónsson, formaður,
Ólafur Thors, varaformaður,
Bjarni Ásgeirsson,
Jóhann Jósefsson,
Ásgeir Ásgeirsson, fundaskrifari,
Bergur Jónsson,
Garðar Þorsteinsson.

4. Kjörbréfanefnd:
Einar Árnason, formaður,
Gísli Sveinsson, fundaskrifari,
Bergur Jónsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Vilmundur Jónsson.

Nefndin rannsakaði kjörbréf þm. A.-Sk., Jóns Ívarssonar, og lét uppi um það munnlegt álit.

5. Þingfararkaupsnefnd:
Bergur Jónsson,
Sigurður Kristjánsson, fundaskrifari,
Finnur Jónsson,
Páll Zóphóníasson, formaður,
Sigurður E. Hlíðar.

B.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:
Bernharð Stefánsson, formaður,
Magnús Jónsson,
Erlendur Þorsteinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (2, n. 39).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
2. Frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga (3, n. 41).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Frv. til l. um sparisjóði (21).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um eftirlit með bönkum og sparisjóðum (22).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (4, n. 419).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
6. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1940 með viðauka (5, n. 52).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
7. Frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um verðtolla (55, n. 228).
   Frsm.: Erlendur Þorsteinsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 11. marz 1930 [Útvegsbankinn] (260, n. 274).
   Frsm.: Erlendur Þorsteinsson.
9. Frv. til l. um hitaveitu Reykjavíkur (263, n. 332).
   Frsm.: Magnús Jónsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags- og samgöngumálanefndir.

10. Frv. til l. um, að stríðsáhættuþóknun sjómanna skuli vera undanþegin skatti (270).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til l. um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna (307, n. 393).
    Frsm.: Erlendur Þorsteinsson.
12. Frv. til l. um stríðsslysatryggingu sjómanna (300, n. 597 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Erlendur Þorsteinsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
13. Frv. til l. um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands o. fl. (398, n. 546).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
14. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1937 (267, n. 453).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
15. Frv. til l. um viðauka við l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938 (426, n. 600).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
16. Frv. til l. um brúasjóð (471, n. 596 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Bernharð Stefánsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um tollskrá o. fl. (24).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
2. Frv. til l. um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts af vaxtafé (159).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
3. Frv. til l. um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun (289).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
4. Frv. til l. um gjald af innlendum tollvörutegundum (327).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit (328).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands (553).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna (554).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins (555).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (552).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

2. Samgöngumálanefnd:
Páll Hermannsson, formaður,
Árni Jónsson, fundaskrifari,
Páll Zóphóníasson.

Til hennar vísað:

1. Till. til þál. um samgöngur við Austfirði (47).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til póstlaga (308, n. 427).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
3. Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 frá 19. júní 1933 (366, n. 468).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.

Fastanefndir Ed.: Samgöngumála-, landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 613 (frsm.: Gísli Sveinsson).

3. Landbúnaðarnefnd:

Páll Zóphóníasson, formaður,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Erlendur Þorsteinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (6, n. 42).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
2. Frv. til l. um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Höfðahóla o. fl. (77, n. 157).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
3. Frv. til l. um dýralækna (38, n. 117).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
4. Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 101 23. júní 1936 (118).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um heimild til að taka eignarnámi eða leigunámi nýbýlið Varmahlíð í Skagafirði (127, n. 183).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður (143, n. 226).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni (225, n. 231).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
8. Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýmingu hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni (206, n. 233).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
9. Frv. til l. um afnám l. nr. 43 7. maí 1928, um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá (112, n. 428).
   Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
10. Frv. til l. um sölu á hálfum Viðidal inn af Langavatnsdal (371, n. 457).
    Frsm.: Þorsteinn Þorsteinsson.
11. Frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933 (391, n. 458).
    Frsm.: Erlendur Þorsteinsson.
12. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja spildu úr landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd (403, n. 514).
    Frsm.: Páll Zóphóníasson.
13. Frv. til l. um friðun hreindýra og eftirlit með þeim (318, n. 528).
    Frsm.: Páll Zóphóníasson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt (62).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
2. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti (132).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Ingvar Pálmason, formaður,
Jóhann Jósefsson,[1]
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.

1) Í fjarveru hans framan af fyrri hluta þings og á síðari hluta þings tók sæti hans í nefndinni Bjarni Snæbjörnsson.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um ostrurækt (57, n. 94).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
2. Frv. til l. um breyt. á 14. gr. l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins (58, n. 200).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi (73).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um síldartunnur (88, n. 109).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
5. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda (85, n. 108).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
6. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði (76, n. 189).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
7. Frv. til l. um breytingar á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (181, n. 201).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi (317, n. 412).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
9. Frv. til l. um hlutarútgerðarfélög (337, n. 559 (1. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Ingvar Pálmason.
   Nefndarálit komu ekki frá öðrum minni hlutum.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands (319, n. 404).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
11. Frv. til l. um hafnargerð í Stykkishólmi (380, n. 493).
    Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði (424, n. 534).
    Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
13. Frv. til l. um jöfnunarsjóð aflahluta (483).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (552, n. 578 (minni hl.) og 585 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
    Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.

5. Iðnaðarnefnd:

Erlendur Þorsteinsson, formaður,
Bjarni Snæbjörnsson, fundaskrifari,
Páll Hermannsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um rafveitur ríkisins (80).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki (182, n. 227).
   Frsm.: Páll Hermannsson.

Fastanefndir Ed.: Iðnaðar-, menntamála- og allsherjarnefndir.

3. Frv. til l. um mótak (360, n. 421).
   Frsm.: Bjarni Snæbjörnsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 23. júní 1936 [Iðja og iðnaður] (478, n. 530).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
5. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám (590, n. 670).
   Frsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

6. Menntamálanefnd:
Jónas Jónsson, formaður,
Árni Jónsson, fundaskrifari.
Sigurjón Á. Ólafsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur] (20, n. 36).
   Frsm.: Árni Jónsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins (81, n. 93).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
3. Frv. til l. um stofnun prófessorsembættis í uppeldisfræði og barnasálarfræði í heimspekideild Háskóla Íslands (330).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um héraðsskóla (382, n. 443).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
5. Frv. til íþróttalaga (401, n. 487).
   Frsm.: Árni Jónsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands (553, n. 581).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna (554, n. 580).
   Frsm.: Árni Jónsson.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins (555, n. 579).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

7. Allsherjarnefnd:
Sigurjón Á. Ólafsson, formaður,
Magnús Gíslason,
Ingvar Pálmason, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909 (26, n. 59).
   Frsm.: Magnús Gíslason.
2. Frv. til l. um lögreglustjóra í Hrísey (49, n. 176 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
3. Frv. til l. um sérstaka dómþinghá í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu (53).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör (68, n. 137).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (113).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna (136, n. 177).
   Frsm.: Magnús Gíslason.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd.

7. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (163, n. 188).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
8. Frv. til l. um breyt. á l. um útsvör, nr. 106 23. júní 1936 (172, n. 376).
   Frsm.: Magnús Gíslason.
9. Frv. til l. um hækkun meðalmeðgjafar og tryggingarbóta vegna gengisfalls íslenzkrar krónu (204).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt (276, n. 544).
    Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
